

Mynd á kápu er úr Konungsbók Grágásar (GKS 1157 fol), bl. 55rb, og sýnir bókstafinn S við upphaf Festapáttar. Ljósmynd: Jóhanna Ólafsdóttir.

Útlit: Sverrir Tómasson — Kristinn Gunnarsson

GRIPLA

Ráðgjafar

BERGLJÓT S. KRISTJÁNSDÓTTIR • ROBERT COOK • DAVÍÐ ERLINGSSON
EINAR G. PÉTURSSON • GÍSLI SIGURÐSSON • JÜRIG GLAUSER • GUÐRÚN
ÁSA GRÍMSDÓTTIR • GUÐRÚN NORDAL • KARL G. JOHANSSON • JÓNAS
KRISTJÁNSSON • MARIANNE KALINKE • MARGRÉT EGGERTSDÓTTIR •
KJARTAN OTTOSSON • ÓLAFUR HALLDÓRSSON • SIGURGEIR
STEINGRÍMSSON • STEFÁN KARLSSON • TORFI H.
TULINIUS • VÉSTEINN ÓLASON • ANDREW WAWN

Gripla er alþjóðlegur vettvangur fyrir rannsóknir á sviði íslenskra og norrænna fræða. Birtar eru útgáfur á stuttum textum, greinar og ritgerðir og stuttar fræðilegar athugasemdir. Greinar skulu að jafnaði skrifaðar á íslensku en einnig eru birtar greinar á öðrum norrænum málum, ensku, þýsku og frönsku. Leiðbeiningar um frágang handrita og skammstafanaskrá er að finna í 10. bindi (1998) á bls. 269–278 en þær má einnig nálgast hjá ritstjórum. Allt efni sem birtast á er lesið yfir af sérfræðingum. Fyrstu gerð efnis þarf aðeins að skila í handriti en þegar samþykkt hefur verið að birta það og það telst frágengið af hálfu höfundar þarf bæði að skila því í lokahandriti og á tölvudisklingi. Upplýsingar um ritvinnsluforrit og leturgerð skulu fylgja. Greinum og útgáfum (öðrum en stuttum athugasemdum o.þ.h.) skal fylgja útdráttur á öðru máli. Hverju bindi *Gripla* fylgir handritaskrá. Nafnaskrá og skrá um upphöf kvæða og vísna munu framvegis birtast í fimmta hverju bindi. Höfundar skulu gera þessar skrár í íslenski stafrófsröð, skýra hvert nafn eftir því sem tók eru á og láta fylgja með á tölvudisklingi. Höfundar fá 25 sérprent af greinum sínum án endurgjalds.

GRIPLA

RITSTJÓRAR

GUÐVARÐUR MÁR GUNNLAUGSSON • SVANHILDUR
ÓSKARSDÓTTIR • SVERRIR TÓMASSON

XIII



REYKJAVÍK

STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR Á ÍSLANDI

2002

STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR Á ÍSLANDI
RIT 58

Prófarkalestur og skrár
HÖFUNDAR OG RITSTJÓRAR

© Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi 2002
Öll réttindi áskilin

Setning
HÖFUNDAR OG RITSTJÓRAR

Umbrot
HÁSKÓLAÚTGÁFAN / KRISTINN GUNNARSSON

Filmuvinna, prentun og bókband
GUTENBERG

Prentþjónusta og dreifing
HÁSKÓLAÚTGÁFAN


Meginmál þessarar bókar er sett með 10 punkta Times lettri á 12,8 punkta fæti
og bókin er prentuð á 115 gr. Partner Offset pappír

PRINTED IN ICELAND

ISSN 1018-5011
ISBN 9979-819-82-0

EFNI

Gunnar Karlsson: Aðgreining löggjafarvalds og dómssvalds í íslenska þjóðveldinu	7
Kristján Árnason: Ferhend hrynjandi í fornyrðislagi og ljóðahætti	33
Sigríður Baldursdóttir: Hugmyndaheimur Vopnfirðinga sögu. Byggingarlag sagna frá Austfjörðum	61
Robert Cook: On Translating Sagas	107
Kristján Jóhann Jónsson: Abraham, Njáll og Byron	147
Katrín Axelsdóttir: Neitanir, eddukvæði og rúnarista	163
Haraldur Bernharðsson: Skrifandi bændur og íslensk málsaga. Vangaveltur um málþróun og málheimildir	175
Sverrir Tómasson: Er nýja textafræðin ný? Pankar um gamla fræðigrein	199
Már Jónsson: Fyrstu línur á blaðsíðum skinnhandrita: Fyrir ofan eða neðan efsta strik?	217
Aðalgeir Kristjánsson: Tímaritið Ísland	231
MÁLSTOFA:	
Um Úlfhams sögu. Andmælaræður og svör	
Ræða Jürgs Glauser	243
Ræða Svanhildar Óskarsdóttur	257
Svör Aðalheiðar Guðmundsdóttur	272
Vésteinn Ólason: Nýtt rit um Kringlu	301
SAMTÍNINGUR:	
<i>Saga heilagrar Önnu</i> . Handritaskrá inngangs	309
<i>The Icelandic Homily Book</i> . Errata	311
Vésteinn Ólason: Preben Meulengracht Sørensen dr. phil. 1. 3. 1940 – 21. 12. 2001	313
<i>Handrit</i>	319



GUNNAR KARLSSON

AÐGREINING LÖGGJAFARVALDS OG DÓMSVALDS Í ÍSLENSKA ÞJÓÐVELDINU

1. Inngangur

KENNINGIN um nauðsyn þess að þrískipta ríkisvaldinu í löggjafarvald, framkvæmdavald og dómvald er jafnan rakin til franska stjórnspekingisins Charles de Montesquieu, til bókar hans *L'Esprit des lois*, sem kom út árið 1746. Markmið hans og allra þeirra sem hafa lagt áherslu á aðskilnað dómvalds frá öðrum þáttum ríkisvaldsins, var að skapa einstaklingunum réttaröryggi. „Ef dómvaldið væri sameinað löggjafarvaldinu“, segir Montesquieu,¹

væri líf og frelsi þegnanna varnarlaust fyrir geðþóttastjórn, því að dómariinn væri þá löggjafi. Væri það sameinað framkvæmdavaldinu gæti dómariinn beitt ofbeldi og kúgun.

Langt er síðan menn tóku eftir því að Íslendingar virtust hafa skilið á milli löggjafarvalds og dómvalds í stjórnskipun sinni að fornu, meðan hvergi annars staðar fundust samfélög þar sem þessir valdþættir voru aðgreindir. Lög-rétta annaðist löggjafarhlutverkið meðan vorþingsdómar í héruðum og fjórðungs-dómar og fimmtardómur á Alþingi dæmdu í málum manna. Þannig leit út eins og stjórnskipun Íslendinga hefði verið þroskaðri en nokkurrar annarrar þjóðar samtímans, enda talaði Vilhjálmur Finsen til dæmis um „den primitive, mindre fuldkomne Character, som viser sig i den norske Ordning“.² Ólafur Lárússon sagði stoltur að skipulag Alþingis hefði verið³

í mörgum efnum ólíkt þeirri tilhögun, er tíðkaðist þá á þingum annara

¹ *Great Books of the Western World* XXXVIII (1952), 70 (The Spirit of Laws, Book XI:6). Þýðing mín úr ensku.

² Vilhjálmur Finsen (1873), 206 nm.

³ Ólafur Lárússon (1929), 25–26. — Endurpr. Ólafur Lárússon (1958), 77–78.

skyldra þjóða. Þau afbrigði eru verk Íslendinga sjálfra, árangur af pólitískri hugsun þeirra. Í því efni er það einna eptirtektarverðast, hve glöggst Íslendingar aðgreindu löggjafarvald þingsins frá dómssvaldi þess.

Þá má vitna til fyrsta bindis Íslendinga sögu Jóns Jóhannessonar:⁴ „Skilnaður löggjafarvalds og dómssvalds er eitt hið merkasta atriði í löggjöf Íslendinga á þjóðveldisöld.“

Í þessu ljósi séð lítur það út eins og afturhvarf til frumstæðara kerfis þegar norskir stjórnskipunarreglur voru teknar upp hér eftir lok þjóðveldisins. Löggjafarsamkomu Íslendinga, lögréttunni, var þá breytt í dómstól, þó án þess að hún hætti alveg að skipta sér af löggjafarmálum, og hvers konar samþykktir hennar voru kallaðar dómur, bæði lög eins og svokallaður Þíngsdómur 1490 og refsíðomar yfir einstökum mönnum. Þegar Jón Jóhannesson sagði frá þessu í öðru bindi Íslendinga sögu sinnar hnykkti hann á því sem hann hafði nefnt í fyrra bindinu og sagði:⁵

Á þjóðveldisöld var dómssvald og löggjafarvald greint að hér á landi. Var það einsdæmi í sögunni þangað til nú á síðustu öldum. Eftir norskum hætti voru þessi tvö valdsvið eigi aðgreind í Járnsíðu og Jónsbók. Lögmenn og lögrétta fóru bæði með æðsta dómssvald og æðsta löggjafarvald innan lands. Af sömu ástæðu voru alþingissamþykktir oft í dómssformi.

Þetta var sú Íslandssaga sem mín kynslóð tók í arf. Og samkvæmt henni var aðgreining löggjafarvalds og dómssvalds langt í frá eina heimssögulega afrekið sem Íslendingar höfðu unnið á víkingaöld og miðöldum. Þeir höfðu líka uppgötvað fulltrúalýðræðið með frjálsu sambandi goða og þingmanna þeirra, fundið Ameríku og skrifað óviðjafnanlegar heimsbókmenntir. Það voru ekki bara hástemmdir þjóðrembumenn sem höfðu skrifað þessa sögu. Íslendinga saga Jóns Jóhannessonar, sem var talin geyma nánast allan sannleika um sögu þjóðveldistímans framan af háskólaárum mínum á sjöunda áratug 20. aldar, er afar sannfærandi bók. Þar er sagt nákvæmlega frá heimildargrundvellingum undir flestu sem er haldið fram, fyllstu varfærni virðist gætt í ályktunum og hvergi brotist út í hástemmdum lofsyrðum. Engu að síður má vísa á öll meginatriði þessarar söguskoðunar þar.⁶

⁴ Jón Jóhannesson (1956–58) I, 85.

⁵ Jón Jóhannesson (1956–58) II, 41–42.

⁶ Jón Jóhannesson (1956–58) I, 80, 117.

Á áratugunum eftir seinni heimsstyrjöld varð afskaplega erfitt að trúa þessari sögu. Þjóðarafrek og þar með afreksþjóðir fóru mikið úr tísku eftir fasismann, heimsstyrjöldina og frelsisbaráttu nýlendnanna í þriðja heiminum. Sjálfsmat okkar Íslendinga var jafnvel sérstaklega lágt á þessum tímum, enda höfðum við ekki unnið nein afrek í baráttunni við fasismann. Strax á sjöunda áratug 20. aldar var þjóðernissinnaða Íslandssagan orðin úrelt í augum akademískra fræðimanna. Í eintak mitt af fyrra bindi *Íslendinga sögu* Jóns Jóhannessonar hef ég krotað athugasemd við setninguna sem er birt hér að framan um skilnað löggjafarvalds og dómsvalds í íslenska þjóðveldinu: „Þetta er næsta hæpið. Ríkishugmyndirnar eru allt aðrar en við þekkjum (MMár).“ Hér er vísað í Magnús Málárusson sem tók við miðaldasögukennslunni í íslenskum fræðum á háskólaárum mínum og hefur líklega farið yfir þetta efni veturinn 1967–68 með bók Jóns að námsefni.

Við þessar aðstæður vildu sumir leggja þjóðarsöguna niður; þeir afneituðu því að íslenskt samfélag ætti sér einhverja sögu og vildu í staðinn segja sér-sögur einstakra samfélagshópa, sögur einstakra tímасkeiða eða atburðarása.⁷ Aðrir tóku til við að fletta upp á nýtt heimildum gömlu, þjóðernissinnuðu Íslandssögunnar og reyna að afhelga hana með því að greina í sundur hverju við mættum trúa af henni og hverju ekki. Þessi grein er framlag til þess verks. Ég ætla að leitast við að svara spurningunni: eigum við virkilega að trúa því að Íslendingar hafi aðgreint löggjafarvald og dómsvald öldum áður en aðrar þjóðir og síðan týnt þeirri uppfinningu vegna þess að þjóðin tók yfir sig frumstæðara norskt stjórnerfi?

2. Voru valdsviðin raunverulega aðgreind?

Þegar endurskoða skal rótgrónar skoðanir í sögu er nauðsynlegt að leitast við að velta við hverjum steini upp á nýtt og gá hvort eitthvað leynist undir honum annað en það sem gömlu karlamir sáu þar. Oft reynist það ekki vera, og því er óhjákvæmilegt í verki af þessu tagi að endurtaka nokkuð af sjálfisögðum hlutum og vitna til frumheimilda sem segja löngu þekktar sögur. Hér skal því byrjað á að kanna hvort Grágás mælir skýrt fyrir um aðgreiningu löggjafarvalds og dómsvalds. Með því er sjónum ekki beint að elsta stigi stjórnskipunar Ís-

⁷ Þetta viðhorf birtist skýrast í áformum um að leggja sögulegt samhengi fyrir róða í kennslu sögulegs efnis í grunnskólum og byggja í stað þess á almennu félagslegu samhengi. — Sbr. Gunnar Karlsson (1992), 29–35, 46–47, 56–58.

lendinga, heldur því elsta sem verulegar heimildir eru um, en gera má ráð fyrir að Grágás birti einna helst löggjöf sem var í gildi á 11. og 12. öld.⁸

Í Grágás eru skýr og alþekkt ákvæði um að 39 goðar, ásamt níu mönnum sem goðar í fjórðungum Austfirðinga, Sunnlendinga og Vestfirðinga tilnefndu, tóku ákvarðanir í lögréttu á Alþingi.⁹

Það eru tólf menn úr fjórðungi hverjum er lögréttusetu eigu, og lög-sögumaður umfram, svo að þar skulu ráða lögum og lofum. Þeir skulu allir sitja á miðpalli, og þar eigu biskupar vorir rúm.

Þeir menn tólf eigu lögréttusetu úr Norðlendingafjórðungi er fara með goðorð þau tólf er þar voru þá höfð er þeir áttu þing fjögur, en goðar þrír í hverju þingi. En í öllum fjórðungum öðrum þá eigu menn þeir níu lögréttusetu úr fjórðungi hverjum, er fara með goðorð full og forn, þau er þá voru þrjú í vorþingi hverju, er þing voru þrjú í fjórðungi hverjum, þeirra þriggja, enda skulu þeir allir hafa með sér mann einn úr þingi hverju hinu forna, svo að þó eignist tólf menn lögréttusetu úr fjórðungi hverjum.

Ljóst virðist liggja fyrir að ákvarðanir lögréttu, þær sem Grágás kallar að „ráða lögum og lofum“, hafi verið af þrennu tagi: (1) að samþykkja ný lög eða gera nýmæli, eins og það var kallað; (2) að rétta lög með því að skera úr lög-málsprætum og (3) veita lof eða leyfi. Öll þessi hlutverk eru nefnd í eftirfarandi orðum í Lögréttuþætti Grágásar:¹⁰

Þar skulu menn rétta lög sín og gera nýmæli ef vilja. Þar skal beiða mönnum sýknuleyfa allra og sáttaleyfa þeirra allra er einkalofs skal að beiða og margra lofa annarra, svo sem tínt er í lögum.

Að gera nýmæli er að semja og samþykkja ný lög. Um það getur ekki verið neinn vafi. Rök fyrir því eru til dæmis að víða í Grágásarhandritinu Staðarhólsbók (AM 334 fol) er orðið „nýmæli“ skrifað út á spássú við ákveðin laga-ákvæði.¹¹ Um nýmæli er líka ákvæði sem hefur villst inn í Kristinna laga þátt í Konungsbók Grágásar (GKS 1157 fol). Þar segir:¹²

⁸ *Grágás* III (1883), xxxii–xxxv (Forerindring Vilhjálms Finsen). — Heusler (1911), 226–27. — Finnur Jónsson (1923), 900. — Foote (1987), 58–64.

⁹ *Grágás* (1992), 461 (Lögréttuþáttur). — Sbr. *Grágás* Ia (1852), 211 (117. kap.).

¹⁰ *Grágás* (1992), 462 (Lögréttuþáttur). — Sbr. *Grágás* Ia (1852), 212 (117. kap.).

¹¹ *Grágás* II (1879), 11, 34, 48, 51–53, 55–56, 58–59, 61, 68, 84, 90, 96 og áfram.

¹² *Grágás* (1992), 35 (39. kap.). — Sbr. *Grágás* Ia (1852), 37 (19. kap.).

Lög öll skulu vera sögð upp á þrimur sumrum. Skal þá lögsögumaður af hendi bjóða lögsöguna. Nýmæli ekki skal vera lengur ráðið en þrjú sumur og skal að Lögbergi hið fyrsta sumar upp segja á vorþingum helguðum eða leiðum. Laus eru öll nýmæli ef eigi verða upp sögð hið þriðja hvert sumar.

Lof eða leyfi, öðru nafni alþingislof,¹³ voru af tveimur megingerðum. Annars vegar voru undanþágur til að víkja frá lögum í einstökum tilfellum: til að marka fé sitt alstýfingarmarki, til að hafa hrepp með færri en 20 bændum, til að flytja vorþing og sameina vorþingsumdæmi,¹⁴ svo að eitthvað sé nefnt. Hins vegar voru leyfi til einstaklinga að settast eftir að maður hafði unnið öðrum meiri háttar misgerð. Á mannvíg og meiri háttar sár mátti þannig ekki settast nema með alþingislofi.¹⁵ Nú á tímum mundu undanþágur af þessu tagi teljast á sviði framkvæmdavalds. Leyfi til að víkja frá lögum í einstökum tilfellum veitir ráðherra með heimild í lögum. Sakaruppgjöf eða náðun getur þjóðhöfðingi veitt að tillögu ráðherra. Alþingislof skipta því ekki máli þegar kannað er hvort lögrétta hafi blandað löggjafarvaldi saman við dómssvald.

Í Lögréttuþætti Grágásar er mælt fyrir um aðferð lögrétta við að skera úr lög málsprætum.¹⁶

Nú þræta menn um lögmál, og má þá ryðja lögrétta til ef eigi skera skrár úr. En svo skal að því fara, að beiða með votta goða alla að Lögbergi, og lögsögumann, að þeir gangi í lögrétta og í setur sínar að greiða lögmál þetta svo sem héðan frá skal vera. ...

Á lengur er goðar koma í setur sínar, þá skal hver þeirra skipa manni á pall fyrir sig en öðrum manni á hinn ysta pall á bak sér til umráða. Síðan skulu þeir menn, er þar eigust mál við, tína lögmál það er þá skilur á og segja til þess hvað í deilir með þeim. Þá eigu menn síðan að meta mál þeirra til þess er þeir hafa ráðinn hug sinn um það mál, og spyrja síðan alla lögréttumenn, þá er á miðpalli sitja, að skýra það hvað

¹³ *Grágás* (1992), 240 (Vígslóði, 39. kap.), 448 (Baugatal, 1. kap.). — Sbr. *Grágás* II (1879), 341 (301. kap.). — *Grágás* Ia (1852), 194 (113. kap.).

¹⁴ *Grágás* (1992), 172, 180 (Um fjárleigur, 23. og 41. kap.), 421 (Þingskapabáttur, 40. kap.). — Sbr. *Grágás* II (1879), 236, 249 (199. og 217. kap.). — *Grágás* Ia (1852), 107–08 (59. kap.); Ib (1852), 160, 171 (225. og 234. kap.).

¹⁵ *Grágás* (1992), 240 (Vígslóði 39. kap.). — Sbr. *Grágás* Ia (1852), 174 (98. kap.). — *Grágás* II (1879), 341 (301. kap.).

¹⁶ *Grágás* (1992), 463–64. — Sbr. *Grágás* Ia (1852), 213–14 (117. kap.).

hver þeirra vill lög um það mál. Síðan skal hver goði segja hvað lögin mun kalla og með hvorum hverfa að því máli, og skal afl ráða, en ef þeir eru jafnmargir lögréttumenn hvorirtveggju, er sitt kalla lög hvorir vera, þá skulu þeir hafa sitt mál er lögsögumaður er í liði með. En ef aðrir eru fleiri, þá skulu þeir ráða ...

Sigurður Línadal hefur fært sannfærandi rök að því að það að rétta lög og skera úr lögmálsþrætum sé sama verkið. Hann telur að réttur germanskra þjóða á elsta stigi sem menn þekkja hafi í grundvallaratriðum verið venjuréttur. Að rétta lög er þá að færa lögin í upphaflegt horf, að gera þau réttari ef þau hafa sveigt af leið, þótt auðvitað hafi menn í rauninni oft verið að búa til nýja réttarreglu. Í Grágás sé gert ráð fyrir að réttingu laga beri þannig að að menn þræti um hvað séu rétt lög um eitthvert tiltekið atriði og lögrétta skeri úr um það á þann hátt sem hér var sagt.¹⁷

Við finnum þannig ekki í Grágás nein ákvæði um að lögrétta fari með dómssvald í venjulegum skilningi þess orðs. Um dómstörf dómanna, fjórðungsdoma, fimmtardóms og vorþingsdóma, eru hins vegar að minnsta kosti einar 40 blaðsíður í Grágás, og þar er deginum ljósara að málið snýst um dóma í málum einstaklinga gegn einstaklingum, eða það sem við köllum dóma í einkamálum nú á tímum.¹⁸ Að vísu var vorþingsdómum heimilað að setja sér þingsköp, „hvervetna þess er þeir taka eigi af alþingismáli, en þeir eigu kost að auka er þeir vilja“.¹⁹ Þetta hefur verið skilið þannig að þeir yrðu að halda sig innan þeirra marka sem Alþingi hefði sett; „naar de blot ikke tage noget bort af Althingsreglerne ...“ þýddi Vilhjálmur Finsen.²⁰ Þannig skilið er þetta hliðstætt því sem nú er gert þegar aðili sem hefur ekki löggjafarvald fær heimild löggjafa til að setja reglugerð eða vinnureglur um ákveðin atriði. Og jafnvel þótt þetta væri skilið svo að það merkti: „að svo miklu leyti sem þeir fylgja ekki Alþingisreglum“, þá væri óverulegt löggjafarvald fólgið í því.

Í sögum held ég að óhætt sé að fullyrða að hvergi sé gert ráð fyrir annarri skipan en þeirri sem Grágás lýsir; þar segir aldrei frá því að lögrétta dæmi í málum manna eða dómstólar setji lög. Í Grettis sögu er einu sinni talað um lögrétta á Hegranesþingi í Skagafirði.²¹ En það skýrist auðveldlega með því að

¹⁷ Sigurður Línadal (1984), 124–28, 136–38.

¹⁸ Grágás (1992), 371–404, 413–22 (Þingskapabáttur, 1.–28. og 37.–40. kap.). — Sbr. Grágás Ia (1852), 38–83, 96–108 (20.–47. og 56.–59. kap.).

¹⁹ Grágás (1992), 415 (Þingskapabáttur, 38. kap.). — Sbr. Grágás Ia (1852), 98–99 (57. kap.).

²⁰ Grágás Ia. *Oversættelse* I (1870), 97 (57. kap.).

²¹ *Íslensk fornrit* VII (1936), 229–30 (72. kap.).

sagan var örugglega ekki skrifuð fyrr en eftir lok þjóðveldis, þegar orðið lögretta var komið inn í mál Íslendinga í annarri merkingu en það hafði á þjóðveldisöld.

Sögurnar andmæla þannig ekki vitnisburði Grágásar. Ég hef ekki nákvæmt yfirlit yfir að hve miklu leyti þær staðfesta hann, hvort við læsum þessa skýru aðgreiningu löggjafarvalds og dómsvalds út úr Íslendingasögum og Sturlungu ef lögbókin væri ekki til. En það stendur jafnfast að vitnisburður Grágásar verður ekki hrakinn. Við verðum að gera ráð fyrir að á einhverju tímabili, líklega í meginatriðum frá 11. öld til 13. aldar, hafi raunveruleikinn verið eitt-hvað svipaður því sem þar er mælt fyrir um.

Aftur á móti eru ekki allir sammála mér um að Grágás lýsi hreinni aðgreiningu löggjafarvalds og dómsvalds milli lögréttu og dómstóla. Sigurður Líndal er einn af þeim sem hafa lagt fram drýgstan skerf til afhelgunar Íslandssögunnar, og hann hefur nýlega véfengt kenninguna um aðgreiningu löggjafarvalds og dómsvalds í þjóðveldinu. Hann bendir á að það hlutverk lögréttu þjóðveldistímans að skera úr lögmálsþrætum sé hlutverk dómstóla á okkar tímum. Ef menn vilja vita hvað sé rétt og löglegt um einhvern ákveðinn flokk tilvika, þá höfða menn mál fyrir dómstólum og kalla það prófmál ef dómurinn á að skapa reglu um fleiri tilvik. Þess vegna, segir Sigurður,²²

liggur miklu nær að segja að löggjafarvaldið eigi sér hliðstæðu í því hlutverki lögréttu að gera nýmæli, en dómsvaldið í því hlutverki hennar að rétta lög.

Þetta er auðvitað hárrétt ef aðeins er gengið út frá þeirri skiptingu valdsins milli stofnana sem tíðkast hjá okkur nú. En ef við hugsum fremur um hvað sé rökrétt að kalla löggjafarvald og hvað dómsvald, þá lítur málið öðruvísi út. Að skera úr um hvað eigi að teljast lög, ef engin lagaregla finnst sem tilvikið eigi við, er óneitanlega löggjafarstarf í eðli sínu, enda skapar það rétt til frambúðar, því að úrskurðurinn myndar fordæmi. Þannig væri rökréttast út frá kenningunni um skiptingu ríkisvaldsins að dómstóll sem fyndi ekki lög til að úrskurða um ágreiningsefni sneri sér til löggjafarþingsins og spyrði hvernig það vildi hafa lög um efnið. — Ég segi rökréttast en ekki hentugast eða endilega réttlátast. — Þetta var líka skoðun Vilhjálms Finsen, sem ræddi málið rækilega og benti í því sambandi á að það væri hagkvæmt nú ef hægt væri að biðja löggjafarþingið að úrskurða um lögmálsþrætur með því að samþykkja ný lög um

²² Sigurður Líndal (1992), 177.

viðkomandi atriði.²³ Þannig er alls ekki hægt að segja að það hlutverk lögréttu að rétta lög ónýti kenninguna um aðgreiningu löggjafarvalds og dómssvalds í íslenska þjóðveldinu. Þvert á móti höfðu þjóðveldisaldarmenn hreinni og rökréttari aðgreiningu löggjafarsamkomu og dómstóla en við höfum nú á dögum.

Lagarétting er annars ekkert meginatriði hér. Jafnvel þótt fallist væri á skoðun Sigurðar Líndal um þetta tiltekna atriði, þá verður því ekki haggð að kjarni löggjafarvaldsins, að gera nýmæli, var í höndum annarrar stofnunar en kjarni dómssvaldsins, að fella dóma í ágreiningsmálum einstaklinga á grundvelli laga.

3. Dómskerfi Gulapingslaga

Varla getur farið hjá því að réttur Íslendinga sé upprunninn í Gulapingslögum í Noregi, eins og Ari ber vitni um í Íslendingabók:²⁴

En þá es Ísland vas víða byggt orðit, þá hafði maðr austrænn fyrst lög út hingat ýr Norvegi, sá es Ulfljótr hét; svá sagði Teitr oss; ok váru Ulfljótslög kǫlluð; ... en þau váru flest sett at því sem þá váru Golaþingslög eða ráð Þorleifs ens spaka Hǫrða-Kárasonar váru til, hvar við skyldi auka eða af nema eða annan veg setja.

Í Hauksbókartexta Landnámu og fleiri ritum er þessi frásögn nokkru nákvæmari, og kemur þar ótvírætt fram að Úlfljótur hafi verið gerður út til Noregs til að sækja Íslendingum lög.²⁵

Eins og Sigurður Líndal hefur sýnt fram á eru vandkvæði á að taka þessa heimild bókstaflega. Frásögnin kemur illa heim við þá almennu skoðun að réttur germanskra þjóða fyrir ritöld hafi verið venjuréttur fremur en ákveðinn bálkur af texta. Óhugsandi er að landnemar Íslands hafi flust til landsins án þess að taka strax með sér einhverjar réttarreglur. Þá þykir sagan um Úlfljót minna nokkuð mikið á lærðar frásagnir af höfundum laga með þjóðum, allt frá Móse til Núma Rómakonungs.²⁶ Einnig þykir munurinn á Gulapingslögum, eins og þau eru varðveitt í handritum, og Grágás Íslendinga svo mikill að

²³ Vilhjálmur Finsen (1873), 169–70, 180–88, 200.

²⁴ *Íslensk fornrit I* (1968), 6–7 (2. kap.).

²⁵ *Íslensk fornrit I* (1968), 313 (H268), sbr. 312 nm.

²⁶ Sigurður Líndal (1969), 6–8, 22.

mönnum hefur þótt efamál að norskur réttur gæti verið fyrirmynd hins íslenska.²⁷ Ekki hefur þó verið bent á nein lög sem séu líkari hinum íslensku en Gulapingslög, og sterk rök þyrfti til að halda því fram að Íslendingar hafi tekið með sér réttarreglur annars staðar að en úr vesturhéruðum Noregs, þar sem Gulapingslög giltu, einkum af því að þeir tóku tungumál sitt sannanlega með sér þaðan. Hér verður því einkum leitað til Gulapingslaga um samانبurð við íslenskan rétt. Helsti munurinn á stjórnskipun Norðmanna og Íslendinga á sögulegum tíma var auðvitað sá að Norðmenn bjuggu við konungsvald en Íslendingar ekki. Hér verður leitast við að sniðganga þann mun eins og kostur er og þau áhrif sem hann hefur á löggjafarvaldið.

Í Gulapingslögum koma fyrir stofnanir með nöfnunum *lögrétta* og *dómr*. Óljóst er hvernig lögréttur voru skipaðar þar eða annars staðar í Noregi fyrr en í landslögum Magnúsar konungs lagabætis seint á 13. öld, en samkvæmt þeim voru þær 36 manna samkomur nefndra bænda á hverju lögþingi, og þeir dæmdu í málum manna með lögmanni. Fræðimenn hefur lengi greint á um hvernig lögréttur voru skipulagðar fyrir þann tíma, hvort 36 manna lögréttur eru gamlar eða allir bændur sem voru nefndir til þingferðar sátu í lögréttu, um 400 talsins og síðar 246 í Gulapingslögum.²⁸ Að lögréttur hafi upphaflega haft löggjafarvald má ráða af heitinu, einkum þegar tekið er mið af því hvað *rétta lög* merkir í Grágás. Líka kemur fram í heimildum að samþykki lögréttu þurfti til að lög öðluðust gildi; jafnvel kristinréttur var samþykktur á lögþingi á dögum Ólafs konungs helga.²⁹

Það er ríkjandi skoðun, og hefur verið lengi, að lögþing norrænna manna hafi upphaflega verið *alþing* í bókstaflegum skilningi, sem öllum vopnfærum karlmönnum, að minnsta kosti af ákveðinni lágmarksstöðu, bar að sækja. Slíkum þingum lýsir rómverski höfundurinn Tacitus meðal Germana um 100 e. Kr.³⁰ Síðan hafa menn talið, að minnsta kosti síðan norskri sagnfræðingurinn Absalon Taranger skrifaði um það árið 1924, að það hafi verið fundið upp í Noregi á dögum Hákonar konungs Aðalsteinsfóstra (um 935–um 960) að nefna einungis ákveðinn fjölda þingsóknarmanna frá hverju byggðarlagi. Í elstu gerð Gulapingslaga (Ólafstexta) er gert ráð fyrir um það bil 400 nefndarmönnum, en frá Sunnmæri máttu raunar mæta eins margir og vildu, þannig að fjöldinn var ekki fast ákvarðaður. En með þessu þykjast Norðmenn

²⁷ Ólafur Lárusson (1958), 120 („Grágás“). — Sigurður Línal (1969), 9.

²⁸ Bøe (1965), 178–80.

²⁹ Bøe (1965), 182.

³⁰ Tacitus (2001), 68–69 (11. kap.).

hafa hvorki meira né minna en uppgötvað fulltrúapingið. Taranger heldur því fram að „nordmændene ... bygget en repræsentativ lagtingsforfatning, som ingen germanske folk har maken til ...“, og það „maa betegnes som en i den germanske retshistorie enestaaende legislativ bedrift“.³¹ Íslendingar eru þannig ekki einir Norðurlandþjóða um að þykjast hafa uppgötvað stjórnarhætti lýðræðissamfélagsins á víkingaöld.

Stofnunin *dómr* í elstu norskum lögum er aftur á móti sex eða tólf manna dómsnefnd, jafnmargir menn nefndir af hvorum málsaðila. Þessi stofnun virðist hafa verið ótengd þingum. En ef annar aðillinn vildi ekki hlíta dómi fór málið til dóms á þingi. Síðan er óljóst hver þróun þessara einkadóma varð, hvort þeir gengu inn í þingin eða þingin tóku við hlutverki þeirra og dómarnir hurfu sem sérstakar stofnanir.³²

Á vissan hátt má líta á það sem tímaskekkju að tala um norskan rétt á víkingaöld og hámiðöldum af því að Noregur var þá enn að minnsta kosti þrjú lagaumdæmi með þrennum ólíkum lögum. Því er rétt að skoða texta Gulapingslaga eldri sjálfan og athuga hvað þar er að finna um dóma, dómstörf og lögréttu. Af þeim eru varðveittir tveir aðaltextar, annar kenndur við Ólaf konung helga (1015–28), hinn við Magnús konung Erlendsson (1163–84), en á þeim er einkum munur í kristindómsbálki, sem skiptir okkur ekki máli hér. Lengi hefur verið talið að texti laganna hafi upphaflega verið skráður á síðari hluta 11. aldar.³³ En síðasti útgefandi þeirra, Magnus Rindal, gefur í skyn að það kunni eins að hafa gerst á fyrri hluta aldarinnar.³⁴ Varðveitt handrit eru miklu yngri, elstu brotin frá síðari hluta 12. aldar eða um 1200.³⁵

Lítið er um heimildir sem gætu gefið hugmynd um Gulapingslög fyrir daga varðveittra lagatexta. Fyrst eru þau nefnd í Íslendingabók Ara, þar sem segir að Úlfjótur hafi sótt þangað fyrirmynd íslenskra laga, væntanlega á þriðja tug tíundu aldar. Gagnstætt því segir í sögum Noregskonunga að Hákon konungur Aðalsteinsfóstri hafi sett Gulapingslög,³⁶ og var það tilefni Absalons

³¹ Taranger (1924), 1–38 (tilv. á bls. 36 og 38). — Að þessi túlkun á þróuninni sé enn í gildi í megindráttum, þótt aðdáunarorðin séu horfin, sýnir Jón Viðar Sigurðsson (1999), 75.

³² Halvorsen (1958), 215–17. — Andersen (1977), 248, 258–60.

³³ Knudsen (1960), 559–61.

³⁴ *Den eldre Gulatingslova* (1994), 12 (sbr. 5).

³⁵ *Den eldre Gulatingslova* (1994), 12–22.

³⁶ *Íslensk fornrit XXIX* (1985), 8–9 (Ágrip, 5. kap., þar að vísu með óljósu viðbótinni: „er verit hafði forðum“). — *Íslensk fornrit XXVI* (1941), 163 (Heimskringla I. Hákonar saga góða, 11. kap.).

Taranger til að eigna honum uppfinningu fulltrúaþinga. Þá er í Egils sögu sagt frá málarekstri söguhetjunnar á Guláþingi um miðja tíundu öld og lýst þar 36 manna nefndardómi.³⁷

En þar er dómrinn var settr, var vøllr sléttr ok settar niðr heslistengr í vøllinn í hring, en loðð um útan snæri umhverfis; váru þat kòlluð vé-bønd; en fyrir innan í hringinum sátu dómendr, tólf ór Firðafylki ok tólf ór Sygnafylki, tólf ór Hørdafylki; þær þrennar tylftir manna skyldu þar dæma um mál manna.

Ef það er rétt, sem margir telja, að Snorri Sturluson hafi skrifað Egils sögu má kallast líklegt að hann hafi vitað hvernig dómstörf fóru fram í Noregi um sína daga og tekið mið af því í sögunni. Vitnisburður sögunnar gæti því hugsanlega skipt máli um það hvort 36 manna lögréttur voru til fyrir daga landslaga Magnúsar lagabætis. Aftur á móti væri það nokkuð mikið traust á sagnageymd í Borgarfirðinum að halda að þar hefði varðveist munnlega í sex kynslóðir óbrengruð lýsing á þessari stofnun. Guláþingslagatextinn er því heimild um stjórnskipun í lagaumdæminu á elsta stigi sem unnt er að komast að.

Í Guláþingslögum eldri eru rækileg ákvæði um dóm utan þinga, nefndan af málsaðilum. Þar er kafli sem heitir „Um domfesto“, og þar segir:³⁸

Nu er þat því nefst. ef maðr a fe at manne þat er eigi vítu vattar. þa fcal stefna hanom heím til kvoðu. oc kveðía han fíar þeff er han a at han-om. hínn fcal annattveggia fefsta fe. ... æða dom fetía a mote kvoðu hanf. nema han vili feckíafc a kvoðu hans. Nu fcal taca við domfesto hvergi maðr er byðr frialfra oc fulltiða. ef fa er eigi ínní er bioða fcal. Oc um allt er domr er boðenn ínnan acra gerðíf. þeðan leggiaft .v. netr til domf þeff er þeir fcolo eiga firi durum verianda. þann dom fcolo þeir fva hava nem / dan at hvarke fe a sunnu degí ne a meffo / degí. ellar er fokn hanf unyt. fu er han hafðe þa upp hafða. Nu fcal dom fetía firi durum verianda. en eigi a bak hufí. han fcal fetía dom fínn eigi nérr hufí. en fva at veriande mege fetía fínn dom milli dura oc domf hans. oc aca laffe viðar milli dóms oc dura.

Síðan er rakið hvernig málsaðilar ryðja hvor annars dóm, en ekki kemur ljóst

³⁷ *Íslenzk fornrit II* (1933), 154 (56. kap.).

³⁸ *Den eldre Gulatingslova* (1994), 57–58 (37. kap.).

fram hvernig þessir tveir dómar eiga að komast að niðurstöðu. En ef sakaraðili „vill eigi dóm festa“, eins og segir í lögnum, þá fer málið til þings:³⁹

En þeðan fcal haⁿn stefna hanom til þingf. oc leiða vatta sína a þingi. alla flíca fem a dome settum fkylldí. Nu vill haⁿn þa enn eigi reiða. þa fcolo þing / meⁿn døma hanom fkulld sína.

Víðar í lögnum er talað um vettvangsdóma fyrir durum verjanda.⁴⁰ Annars staðar er ekki talað um tvo dóma málsaðila, heldur einn dóm, þar sem aðilar nefna hvor sinn helminginn:⁴¹ „Híⁿn fcal setía halvan dom við haⁿn er mál a mote hanom.“ Líka kemur víðar fram að dæmt sé á þingi í málum sem ekki tekst að ljúka með vettvangsdómi, og á einum stað, í ákvæðum um óðalsbrigðamál, er mælt fyrir um feril dómsmála frá einu stigi til annars, allt til lög-rétu. Ef ekki tekst að ljúka málinu á vettvangi

þa fcal fókíande oc veríande leggía domfstemno at marca / mote þeirra a mellom. telía roftom oc fiorðongum oc fcapa til leiðar lengd. þar fem þeir fcolo dóm fetía. þat kalla meⁿn fcila dom.

Í vissum tilvikum átti að skjóta þessum dómi á fjórðungsþing. Ef dómsmenn urðu ekki ásáttir þar skyldi skjóta dómnum til fylkiþings.

þa er vel ef þeir verða aller a eín dóm fatter. En ef þeir verða eigi a fatter. þa vill annar fkiota dome sínum ilogretto. en annar vill una dome fylkif manna. þa fcal híⁿn af þingí ganga er fkiota vill. oc afla fer liðrs.⁴²

Í Gulatingslögum eldri er enginn eiginlegur þingskapaþáttur, þar sem sagt sé frá starfi þings eða þinga sem slíkra, og þetta mun vera eini staðurinn í lögnum þar sem kemur fram að lögrétta fari með dómsvald. Þó að það komi aðeins fram í sambandi við óðalsbrigðamál verður tæpast annað ályktað en að það sé rétt sem fræðimenn hafa jafnan haldið fram að lögrétta hafi starfað þar sem almennt æðsta dómstig.

³⁹ *Den eldre Gulatingslova* (1994), 59 (37. kap.).

⁴⁰ *Den eldre Gulatingslova* (1994), 146–47 (266. kap.).

⁴¹ *Den eldre Gulatingslova* (1994), 85 (86. kap.), sbr. 150–51 (269. kap.).

⁴² *Den eldre Gulatingslova* (1994), 147–48 (266. kap.).

4. Samanburður á dómskerfunum

Af því sem hér hefur komið fram má ráða að grundvallarmunur hafi verið á dómskerfinu í Gulapingslögum og á Íslandi. Þar var lægsta dómstigið heima á vettvangi, millistig á fjórðungsþingum og fylkisþingum, en hið æðsta í lög-réttu, væntanlega á Gulapingi sjálfu. Á Íslandi var lægsta dómstigið á vörþing-um, millistig í fjórðungsdómum á Alþingi og hið æðsta í fimmtardómi á Alþingi. Í rauninni kann munurinn þó ekki að hafa verið alveg svona mikill.

Á Íslandi þekktust líka dómur nefndir af málsaðilum og haldnir utan reglu-legra þinga, á eða nálægt vettvangi. Duradómur kemur að vísu ekki fyrir í Grágás og hvergi í íslenskum heimildum nema í Eyrbyggju. Þar gerði Þorbjörn Ormsson digri á Fróðá tilraun til að setja duradóm hjá grönnum sínum í Mávahlíð og nefndi sex menn í hann, en heimamenn hleyptu honum upp. Seinna var haldinn duradómur yfir sögufrægum afturgöngum á Fróðá. Þær nefndu þó ekki í hann, svo að getið sé, en dómurinn virðist hafa borið árangur, því að draugarnir hurfu um leið og dómsorð var kveðið upp yfir þeim.⁴³

Í Grágás er aftur á móti talað um afréttardóma, engidóma, héraðsdóma, hreppadóma og skuldadóma. Til greina kemur að telja sáttardóm eða sektar-dóm í þessum flokki líka, jafnvel féránsdóm.⁴⁴ Héraðsdómur getur sýnilega verið yfirhugtak engidóms⁴⁵ og annað hvort samheiti eða yfirhugtak hreppa-dóms.⁴⁶ Líklega mælir það hvergi á móti vitnisburði heimilda að líta á orðið héraðsdóm sem samheiti þessara dóma. Allir eru þeir haldnir einhvers staðar á eða nálægt vettvangi, utan helgaðra þinga, enda er orðið þingadómur notað sem andheiti þeirra, um dóm sem er haldinn á þingi.⁴⁷ Jafnan eru það máls-aðilar sem nefna í héraðsdóm, þrjá menn hvor, sex menn hvor eða sækjandi einn tólf, til dæmis ef mál er sótt gegn útlendingum eða ef hinn aðilinn neitar að nefna í dóminn.⁴⁸

Við sögur koma vettvangsdómar lítið, nema féránsdómar. Eina dæmið sem

⁴³ *Íslensk fornrit* IV (1935), 35–36, 151–52 (18. og 55. kap.).

⁴⁴ Í atriðisorðaskrá *Grágásar* (1992), 515–67, er vísað til þessara hugtaka allra í hvert skipti sem þau koma fyrir í textanum.

⁴⁵ *Grágás* (1992), 318 (Landabrigðisþáttur, 19. kap.). — Sbr. *Grágás* II (1879), 459–60 (406. kap.).

⁴⁶ *Grágás* (1992), 151–52 (Festaþáttur, 62. kap.), 185 (Um fjárleigur, 46. kap.). — Sbr. *Grágás* Ib (1852), 73 (167. kap.); II (1879), 255–56 (222. kap.).

⁴⁷ *Grágás* (1992), 565 (Atriðisorð).

⁴⁸ *Grágás* (1992), 164, 183, 189–90, 202 (Um fjárleigur, 9., 43., 52.–55. og 73. kap.), 316, 337 (Landabrigðisþáttur, 19. og 43. kap.). — Sbr. *Grágás* II (1879), 225–26, 252–53, 261–63, 281, 456–57, 489–90 (185., 219., 228.–231., 249., 406. og 430. kap.).

ég get bent á um annars konar vettvangsdóm er skuldadómur sem Kolbeinn ungi Arnórsson lét heyja eftir Sighvat Sturluson dauðan árið 1239, þegar hann lét dæma eignir Sighvats af örfum hans. Þessa dóms er getið tvisvar í Sturlungu, bæði í Íslendinga sögu og Þórðar sögu kakala, og virðist vera talin hæp-in aðgerð réttarfarslega.⁴⁹ Samt gengur ekki vel upp að gera ráð fyrir að Kolbeinn hafi gripið til úrelts lagaákvæðis til að réttlæta yfirgang sinn og héraðs-dómar hvergi verið til á Íslandi nema í gömlum lagatextum. Til þess eru þeir nefndir helst til víða í Grágás. Meðal annars er gert ráð fyrir hreppadómi í ákvæðum um verðlagseftirlit.⁵⁰ En talið hefur verið, og virðist sennilegt, að þessi ákvæði hafi ekki verið sett fyrir en á 13. öld.⁵¹ Í öðru lagaákvæði sem hefur verið talið frá því um 1200, um lögpundara og rangar álnir, er mælt fyrir um að mál skuli sótt fyrir héraðsdómi.⁵² Loks kemur héraðsdómur fyrir í svokallaðri skipan Sæmundar Ormssonar um almenning í Hornafirði frá því um 1245. Ef menn guldu ekki viðurlög við brotum gegn skipaninni átti að sækja þau mál í héraðsdómi.⁵³ Allt þetta sýnir að héraðsdómar voru til fram á 13. öld.

Að öðru leyti standa vettvangsdómarnir norsku auðvitað nærri því sem er kallað *gerð* á Íslandi. Það sést kannski best á hugtakinu *sáttardómur*. Hér hefur verið stungið upp á að telja sáttardóm til héraðsdóma, en Sigurður Líndal leit á orðið sem samheiti við *gerð*.⁵⁴

Það er þannig ekki nema í efri endann, í hlutverki lögréttunnar, sem verulegur munur verður á kerfinu í Gulapingslögum og á Íslandi. Taflan sýnir hvernig má stilla upp saman sem næst hliðstæðum stofnunum í þessum réttar-kerfum tveimur:

⁴⁹ *Sturlunga saga* (1946), I, 440 (Íslendinga saga, 140. kap.); II, 4 (Þórðar saga kakala, 2. kap.).

⁵⁰ *Grágás* (1992), 151 (Festapáttur, 62. kap.). — Sbr. *Grágás* Ib (1852), 73 (167. kap.).

⁵¹ Jón Jóhannesson (1956–58) I, 381. — Ákvæðin eru ekki í Staðarhólsbók, og ég er ekki sannfærður um að þetta hafi nokkurn tímann verið annað en tilraun til lagasetningar. En það skiptir ekki máli fyrir gildi þeirra sem heimildar um að hreppadómar hafi verið til á síðari hluta þjóðveldisaldar.

⁵² *Íslenzkt fornbréfasafn* I (1857–76), 311–14 (nr. 82). — Sbr. *Grágás* (1992), 189–90 (Um fjárleigur, 53. kap.). — *Grágás* Ib (1852), 250 (Tillæg IV, 64. kap.). — *Grágás* II (1879), 212 (Um fjárleigur, efnisyfirlit), 263 (230. kap.).

⁵³ *Íslenzkt fornbréfasafn* I (1857–76), 537 (nr. 137).

⁵⁴ Sigurður Líndal (1976), 230–31.

	Löggjafar-samkoma	Nefndardómar á þingum	Vettvangsdómar nefndir af málsaðilum
Noregur	l ö g r é t t a fjórðungsþing fylkisþing		dómar
Ísland	lögrétta	þingadómar	héraðsdómar gerðarmenn

Samanburður á löggjafar- og dómssvaldi í stjórnkerfum Gulapingslaga og Íslands.

5. Tilraun til þróunarsögu íslenska kerfisins

Ef gert er ráð fyrir að þau tvö kerfi sem taflan sýnir hafi þróast af einni rót má setja upp ólíka kosti. Þannig er hægt að hugsa sér að íslenska kerfið sé upprunalegt, en norska dómkerfið hafi breyst áður en við höfum heimildir um, lögréttunarnar tekið við dómsmálum einstaklinga til viðbótar við upphaflegt hlutverk sitt. Það kemur líklega fremur illa heim við það sem er vitað elst um þing germanskra manna; á þingunum sem Tacitus nefnir var þannig jöfnum höndum ráðgast um stórmál og höfðuð sakamál.⁵⁵ Við hljótum því fremur að gera ráð fyrir að kerfið hafi upphaflega verið eitthvað svipað því sem var í Noregi og sérstök þróun orðið á Íslandi, hvort sem hún varð af því að úlfjót- ar Íslendinga gleymdu dómssvaldi lögrétta á leið sinni yfir hafið eða það hlutverk var síðar tekið af henni og fært yfir til sérstakra dómstóla. Um það hafa fræðimenn raunar bollalagt áður og komist að ólíkum niðurstöðum, án þess að nokkur færði verulega sannfærandi rök fyrir máli sínu. Konrad Maurer taldi að lögréttan hefði verið skipuð bændum, nefndum af goðum, og farið með dómssvaldið áður en landinu var skipt í fjórðunga og fjórðungsdómar teknir upp.⁵⁶ Vilhjálmur Finsen hélt því aftur á móti fram að sérstakur dómstóll hefði

⁵⁵ Tacitus (2001), 68–70 (11.–12. kap.).

⁵⁶ Maurer (1852), 150–52. — Maurer (1882), 135–37. Þar er á einum stað villandi þýðing: „Það getur varla heldur verið neinn efi á því, að goðarnir hafi verið helztu mennirnir í nefnd þessari ...“ og því verður textinn ekki laus við mótsögn. — Maurer (1909), 353.

verið á Alþingi frá upphafi.⁵⁷ Eins og oftast var í ágreiningsefnum þeirra Maurers og Finsens hafa íslenskir fræðimenn að jafnaði fylgt Finsen.⁵⁸ Ég ætla mér ekki þá dul að komast að sannanlegri niðurstöðu um þetta efni eða um þróun stjórnkerfisins á Íslandi, en einfaldast finnst mér að hugsa sér hana eins og hér segir.

Í upphafi urðu til tvenns konar þing á Íslandi. Annars vegar voru héraðsþing sem þróuðust seinna í vorþing. Ekki þurfum við að gera ráð fyrir reglulegu kerfi slíkra þinga í upphafi, heldur þingi á stöku stað, eitthvað líkum því Kjalarnesþingi sem Ari segir að Þorsteinn Ingólfsson hafi haft, „ok höfðingjar þeir es at því hurfu“. Hins vegar var Alþing á Þingvelli, sett „at ráði Ulfljóts ok allra landsmanna“, eins og Ari segir, sjálfsagt nokkuð ónákvæmt.⁵⁹ Ekki er ástæða til að ætla annað en að þessi þing hafi hvorutveggja dæmt í málum manna og varla rök til að ætla annað en að dómsamkoman á Alþingi hafi getað kallast lögrétta, hvort sem hún hefur verið skipuð óbreyttum bændum, goðum, eða goðum og bændum sameiginlega, eins og var á Grágásartíma. Síðan verður sú breyting sem Ari segir frá á lögsögumannsárum Þórarins Ragabróður, 950–69, að landinu var skipt í fjórðunga og regluleg vorþingsumdæmi. Þá segir Ari: „En síðan váru sett fjórðungarþing.“⁶⁰ Flestir fræðimenn hafa gert ráð fyrir að um leið og þetta gerðist, eða litlu síðar, hafi fjórðungsdómarnir verið stofnaðir á Alþingi.⁶¹ En það segir Ari alls ekki.

Fjórðungsþing eru ekki nefnd í neinum stjórnskipunarákvæðum Grágásar en koma fyrir einu sinni í Staðarhólsbók, í Víglóða, þar sem segir frá sakatilbúningi:⁶²

Sakar þær allar sem verða með mönnum er rétt að sækja á alþingi.
Enda er rétt að sækja á héraðsþingum, hvort sem það er á fjórðunga-

⁵⁷ Vilhjálmur Finsen (1888), 90–97.

⁵⁸ Ólafur Lárússon (1929), 26. — Endurpr. Ólafur Lárússon (1958), 78 — Einar Arnórsson (1945), 72–73. — Jón Jóhannesson (1956–58) I, 85–86.

⁵⁹ *Íslensk fornrit* I, 8 (3. kap.).

⁶⁰ *Íslensk fornrit* I, 12 (5. kap.).

⁶¹ Maurer (1852), 162–63. — Maurer (1882), 146–47. — Ólafur Lárússon (1929), 26. — Endurpr. Ólafur Lárússon (1958), 78. — Einar Arnórsson (1945), 73–74. — Jón Jóhannesson (1956–58) I, 86. — Vilhjálmur Finsen hefur hér nokkra sérstöðu því að hann telur sennilegast að skipting gamla alþingisdómstólsins (sem hann reiknar með fyrir fjórðungaskiptingu) í fjóra fjórðungsdóma hafi orðið smám saman og óformlega, ef til vill ekki fyrr en undir stofnun fimmtardóms, sem hann tímasetur 1004. — Vilhjálmur Finsen (1888), 95.

⁶² *Grágás* (1992), 249 (Vígslóði, 66. kap.). — Sbr. *Grágás* II (1879), 356 (328. kap.). — *Grágás* III (1883), 606 (Ordregister).

þingum, þá er þau eru höfð og fjórðungsmenn allir eiga þar saman sóknir. Enda er rétt á vorþingum þeim öllum er aðiljar eru allir samþinga, og svo þeir menn allir er fyrir sökum eru hafðir.

Þetta reynist vera kjarni laganna sem Ari eignar Þórði Ólafssyni gelli, þegar hann lagði á ráð um fjórðungaskiptingu landsins. Áður voru það lög, segir Ari, „at vígsakar skyldi sækja á því þingi, es næst vas vettvangi“. Þess vegna hafði Þórður orðið að sækja brennumál Þorkels Blund-Ketilssonar suður í Borgarfjörð, þar sem Tungu-Oddur kom með ofbeldi í veg fyrir að dæmt yrði í því. Eftir það vakti Þórður máls á því á Lögbergi, „hvé illa mönnum gegndi at fara í ókunn þing at sækja of víg eða harma sína ...“. Í framhaldi af því var landinu skipt í fjórðunga og ákveðið að „skyldu þingunautar eiga hvar saksóknir saman ...“. ⁶³ Það kemur skemmtilega vel heim við þetta að sagt er frá því í Eyrbyggju að Þórður gellir hafi sett fjórðungsþing Vestfirðinga á Þórsnesi á Snæfellsnesi. ⁶⁴ Með því náði hann tilgangi sínum með fjórðungaskiptingarlögunum, að losna við að þurfa að sækja mál sín í önnur héruð, en lausnin hefur ekki verið eins heppileg fyrir Borgfirðinga.

Af fjórðungsþingum fer annars litlum sögum. Ólafur Lárússon hefur fjallað um alla heimildarstaði þar sem þau eru nefnd. Hann kannaði líka í Íslendingasögum dómsmál sem komu til héraðsþinga en ekki Alþingis, þegar sökunautar voru samfjórðungsmenn en ekki úr sama vorþingsumdæmi, og réði af því að fjórðungsþing hefðu verið haldin fram á 11. öld. En sjálfur viðurkenndi Ólafur, það sem varla þarf að taka fram lengur, að gildi þessara heimilda er afar ótraust. ⁶⁵ Ekki sé ég þó ástæðu til að efa þá ályktun Ólafs að fjórðungsþing hafi komist á. Því veldur einkum ein heimild sem hann ræðir. Í einu elsta landfræðiriti okkar, kirknatali Skálholtsbiskupsdæmis sem er eignað Páli biskupi Jónssyni og er þá frá því um 1200, segir að fjórðungsþingstaður fyrir Austfirðingafjórðung hafi verið í Lóni, fyrir Sunnlendingafjórðung undir Ármannsfelli (eða Mosfelli í sumum handritum) og fyrir Vestfirðingafjórðung á Þórsnesi. ⁶⁶ Um Norðlendingafjórðung segir ekkert hér, vegna þess að kirknatalið nær aðeins yfir Skálholtsbiskupsdæmi.

Það virðist vera afar óhentug ráðstöfun að stofna í einu lagi sérstök dóm-

⁶³ *Íslensk fornrit* I (1968), 12 (Íslendingabók, 5. kap.).

⁶⁴ *Íslensk fornrit* IV (1935), 18 (10. kap.).

⁶⁵ Ólafur Lárússon (1926), 4–17.

⁶⁶ *Íslenskt fornbréfasafn* XII (1923–32), 5, 8, 12 (nr. 1). — Sveinbjörn Rafnsson (1993), 94–95, 98–101, 114–16.

þing fyrir hvern landsfjórðung og dómstóla á Alþingi til þess að dæma í málum úr þessum sömu fjórðungum. Sennilegra er hitt, að fyrst hafi fjórðungsþingin verið stofnuð — þótt óþarft sé að gera ráð fyrir að þau hafi alls staðar verið haldin reglulega. Síðan hafi menn komist að þeirri niðurstöðu að það væri fyrirhafnarminna, og kannski öruggari vörn gegn ofríki héraðshöfðingja, að halda öll fjórðungsþingin á Þingvöllum um leið og Alþingi var haldið þar og breyta þeim þannig í deildir innan Alþingis. Hugmyndin getur vel hafa spröttið af því að fjórðungsþing Sunnlendinga var haldið undir Ármannsfelli, aðeins snertispöl frá þingstað Alþingis. Þetta hefur verið gert með formlegri lagabreytingu, enda eru rækileg ákvæði um fjórðungsdóma í þingskapaþætti Grágásar.⁶⁷ Það skýrir hve vandlega ákvæðum um fjórðungsþing hefur verið rutt út úr löggjöfinni, þannig að aðeins sér eina litla leif eftir þau í Staðarhólsbók.

Vonlaust er að reyna að komast að niðurstöðu um hvenær þessi breyting var gerð, en síðari tímamörk virðast vera við stofnun fimmtardóms, og hann segir Ari vera stofnaðan á lögsögumannsárum Skafta Þóroddssonar, fyrir 1030.⁶⁸ Varla er unnt að ganga framhjá því að nafnið *fimmtardómur* merki „hinn fimmti dómur“, þótt menn hafi raunar leitað annarra skýringa á því.⁶⁹ Þá hljóta fjórðungsdómar að vera eldri, ef það hefur ekki gerst samtímis að fjórðungsþingunum væri breytt í fjórðungsdóma og fimmtardómur stofnaður. Fjórðungsþing kunna því að hafa verið í lögum í allt að átta áratugi, frá 950 til 1030, ef við treystum tímatali Ara.

Hvernig sem þetta hefur gerst nákvæmlega, hefur flutningur fjórðungsþinganna inn á Alþingi orðið til þess að þar, og kannski á norrænu þingi yfirleitt, hafa í fyrsta skipti verið ólíkar stofnanir á sama þinginu. Þá hafa í fyrsta sinn skapast forsendur fyrir hlutverkaskiptingu milli stofnana á þingi, að lög-réttan héldi sig við að ráða lögum og lofum, en fjórðungsdómarnir dæmdu í málum milli einstaklinga. Það getur skýrt þá aðgreiningu löggjafarvalds og dómsvalds sem við finnum í löggjöf þjóðveldisins. Ekki þurfum við að gera ráð fyrir að lögrétta hafi dæmt í málum sem risu á milli manna úr tveimur

⁶⁷ *Grágás* (1992), 371–400 (Þingskapaþáttur, 1.–23. kap.). — *Grágás* Ia (1852), 38–77 (20.–42. kap.).

⁶⁸ *Íslensk fornrit* I (1968), 19 (Íslendingabók, 8. kap.). — Ég sé ekki gild rök fyrir því, sem oft er haldið fram, að fimmtardómur hafi verið stofnaður á fyrstu lögsögumannsárum Skafta, 1004 eða 1005, fremur en síðar. Einna helst virðist sú ályktun vera leif af tilraunum til að koma staðreyndum um stofnun dómsins heim og saman við frásögn Njálu af þessum atburðum, sem annars hefur löngu verið hafnað. — Bogi Th. Melsteð (1910), 428–29.

⁶⁹ Einar Arnórsson (1945), 94.

fjórðungum; í Grágás kemur glöggt fram að mál skyldu sótt í fjórðungsdómi varamaðila, hvaðan sem sækjandi kom:⁷⁰ „á hann [þ.e. sækjandi] að segja í þann dóm sök sína er sá goði er í fjórðungi, er í gegn gekk [þ.e. meðgekk] þingfesti hans“. Þetta sýnir að fjórðungsdómar á Alþingi dæmdu ekki aðeins í málum samfjórðungsmanna, heldur hverra sem var, enda kom það ekki í hlut fimmtardóms, þegar hann var stofnaður, að dæma í málum milli manna úr tveimur fjórðungum. Til hans komu einkum mál sem ekki tókst að ná samstöðu um í fjórðungsdómum eða mál sem spruttu upp í sjálfum málarekstrinum, svo sem um ljúgvíði, ljúgvitni og mútur.⁷¹

Unnt er að hugsa sér margar mótbáur gegn þessari túlkun. Í fyrsta lagi má segja að lítið verði úr þeim venjurétti sem réttarsögufraeðingar segja gjarnan að hafi ríkt meðal germanskra þjóða fyrir ritöld, ef gert er ráð fyrir að dómskerfinu hafi verið gerbreytt tvisvar milli upphafs Alþingis og stofnunar fimmtardóms. En ég held að við verðum óhjákvæmilega að gera ráð fyrir að venjuréttarhugmyndir hafi horfið á þessu sviði við flutning í nýtt land og stofnun stjórnkerfis á því. Menn vissu að Alþingi, vorþing og fjórðungsþing voru ekki reist á góðum og gömlum rétti. Því nutu þessar stofnanir ekki helgunar af venju, og mátti skáka þeim til eftir því sem virtist hentugast.

Í öðru lagi má spyrja hvers vegna Ari segi ekki frá svo merkri nýjung sem stofnun fjórðungsdóma á Alþingi, ef hann telji þá ekki innifalda í stjórnskipunarbreytingu Þórðar gellis. Því má svara á ýmsan hátt. Öllum getur yfirsést, jafnvel Ara fróða. Ef fimmtardómur var stofnaður um leið og fjórðungsdómar, og Ara fannst að lesendur sínir hlytu að vita það, þá má segja að stofnun fjórðungsdómanna kunnist að vera falin í setningu hans um Skafta Þóroddsson lög-sögumann:⁷² „Hann setti fimmtardómslög ...“ Loks má benda á að höfuðsmiður fjórðungsþinganna, Þórður gellir, var forfaðir Ara, og hann hafði komið þeim á til þess að geta sótt mál gegn utanhéraðsmönnum heima í heimkynnum sínum við Breiðafjörð. Kannski var afnám fjórðungsþinganna aumur blettur á heiðri ættarinnar.

Í þriðja lagi má andæfa kenningu minni með því að segja að stofnun fimmtardóms sýni að fjórðungsdómarnir þóttu ekki nægja sem handhafar dómsvalds. Það er óneitanlega dálítið mótsagnarkennt að gera ráð fyrir að aðgreining valdþátta milli lögréttu og fjórðungsdóma hafi orðið til sem handhæg

⁷⁰ Grágás (1992), 373 (Þingskapabáttur, 3. kap.). — Sbr. Grágás Ia (1852), 41 (22. kap.). — Grágás III (1883), 607 (Ordregister).

⁷¹ Grágás (1992), 400–01 (Þingskapabáttur, 25. kap.). — Grágás Ia (1852), 77–78 (44. kap.). — Grágás III (1883), 605 (Ordregister).

⁷² Íslenzk fornrit I (1968), 19 (Íslendingabók, 8. kap.).

verkaskipting, af því að hvorartveggja stofnanirnar voru á sama þingvelli á sama tíma, en svo hafi þótt þörf á að stofna fimmta dómstólinn til að dæma í málum sem fjórðungsdómarnir réðu ekki við. Hvers vegna fékk lögréttan þau mál ekki til meðferðar?

Ég veit það ekki nákvæmlega. En vel getur það hafa skipt máli að einhvers staðar á leiðinni milli Gulapingslaga og þess skipulags sem er lýst í Grágás varð gerbreying á íslensku lögréttunni. Norsku lögrétturarnar voru samkomur nefndra bænda, en á Alþingi Íslendinga sátu goðar á miðpalli lögréttu og réðu þar einir lögum og lofum, með litlum hópi uppbótarmanna fyrir minni fjórðungana, sem hafa væntanlega oft verið menn sem áttu hlut í goðorðum. Engin leið er að vita hvort þessi skipun var upprunaleg á Alþingi. Maurer taldi að goðar hefðu ekki sest í lögréttu fyrr en hún hafði látið af dómstörfum.⁷³ Absalon Taranger hélt að Alþingi Íslendinga hefði framan af verið al-þing, þangað til Íslendingar tóku það eftir Norðmönnum að nefna bændur í dóma, um leið og þeir skiptu landinu í fjórðunga og greindu á milli löggjafarvalds og dómvalds.⁷⁴ Einar Arnórsson taldi víst að goðarnir hefðu setið í lögréttu frá upphafi en var í vafa um hvort einhverjir fleiri hefðu átt sæti þar.⁷⁵ Óneitanlega kemur það best heim við það sem við vitum um lögréttu Gulapingslaga að halda, líkt og Maurer, að goðar hafi upphaflega nefnt bændur til setu í lögréttu en síðar sest þar sjálfir og tekið atkvæðisréttinn af bændunum.

Hvernig sem það var má telja líklegt að í upphafi 11. aldar, þegar menn tóku að ræða nauðsyn þess að stofna hinn fimmta dóm, hafi lögrétta verið orðin stofnun sem svipaði lítið til dómstóla eins og þeir gerðust á Íslandi og í Noregi. Jafnvel er hugsanlegt að það hafi verið talið starf óbreyttra bænda, ósamboðið goðorðsmönnum, að fella dóma í formlegum dómstólum. Þannig má skýra það að æðsti dómstóllinn varð sérstakur nefndardómur en ekki lögrétta sjálf.

6. Hvað felst í aðgreiningu valdsviðanna?

Það líkan af hugsanlegri þróun íslenska stjórnkerfisins á þjóðveldisöld sem er dregið upp hér á undan á að sýna það eitt að hugsanlegt er að löggjafarvaldið

⁷³ Maurer (1852), 151–52. — Maurer (1882), 135–37. Sbr. nmgr. 56 hér að framan.

⁷⁴ Taranger (1924), 15–17, 38.

⁷⁵ Einar Arnórsson (1945), 44.

og dómsvaldið hafi greinst í sundur á ólíkar stofnanir án þess að nokkur maður hefði slíka aðgreiningu beinlínis að markmiði, án þess að hún hefði nokkurn sérstakan pólitískan tilgang. Nú skal kannað hvað má ráða af heimildum um þetta aðgreinda stjórnkerfi, eftir að það var komið á, um markmið þess að skilja löggjafarvald og dómsvald að. Því aðeins getur aðgreiningin talist verulega merkileg nýjung að hún hafi átt sér pólitískan tilgang, eitthvað svipaðan þeim sem Montesquieu sá með því að greina þessa þætti ríkisvaldsins að.

Hve óháð var dómsvaldið löggjafarvaldinu? Goðar voru handhafar löggjafarvaldsins; þeir sátu á miðpalli lögréttu og réðu þar lögum og lofum, sagði í Grágás. Í dómunum sátu bændur, en þeir voru tilnefndir af þessum sömu goðum. Um fjórðungsdóma segir í Grágás:⁷⁶ „Skal goði hver nefna sinn þriðjungsmanntil í dóm nema hann hafi lögréttumanna lof til annars.“ Um fimmtar dóm segir:⁷⁷

Mann skal nefna í dóm þann fyrir goðorð hvert hið forna, níu menn úr fjórðungi hverjum. Goðar þeir er hin nýju goðorð hafa, þeir skulu nefna eina tylftina í dóminn. Þá verða fernar tylftirnar, og eru þá menn tólf úr fjórðungi hverjum með þeim ...

Loks er að nefna ákvæði um vorþing:⁷⁸ „Goðar skulu þar dóm nefna, og skal hver þeirra tólf menn nefna í dóm ...“ Handhafar löggjafarvaldsins, goðarnir, réðu því á vissan hátt yfir dómunum með því að ákveða hvaða bændur þeir nefndu í þá.

Nú verður auðvitað alltaf að velja dómara á einhvern hátt. Aðeins í kviðdómakerfi, þar sem tilviljun mun ráða vali dómara, og í Bandaríkjunum, þar sem dómara eru gjarnan kosnir í almennum kosningum, þekki ég til dómsvalds sem er óháð öðrum þáttum ríkisvaldsins og sækir umboð sitt beint til almennings. Hjá okkur eru dómara annað hvort skipaðir af forseta samkvæmt tilnefningu dómsmálaráðherra eða af dómsmálaráðherra sjálfum,⁷⁹ framkvæmdavaldsaðila, sem er aftur óbeint valinn af löggjafarþinginu í gegnum þingræðisreglu. Samt erum við von að segja að dómsvald okkar sé sjálfstætt og óháð löggjafarvaldi og framkvæmdavaldi.

Ef að er gáð er raunar mikill munur á sjálfstæði dómsvaldsins hjá okkur og

⁷⁶ *Grágás* (1992), 371 (Þingskapaþáttur, 1. kap.). — Sbr. *Grágás* Ia (1852), 38 (20. kap.).

⁷⁷ *Grágás* (1992), 400 (Þingskapaþáttur, 24. kap.). — Sbr. *Grágás* Ia (1852), 77 (43. kap.).

⁷⁸ *Grágás* (1992), 415 (Þingskapaþáttur, 38. kap.). — Sbr. *Grágás* Ia (1852), 98 (57. kap.).

⁷⁹ Lög um dómstóla 1998, nr. 15, 25. mars, 4. og 12. gr.

í þjóðveldinu. Dómarar okkar eru að vísu skipaðir af framkvæmdavaldinu, en leitast er við að tryggja að þeir séu óháðir þessu framkvæmdavaldi eftir að þeir hafa verið skipaðir. Í samfélagi okkar, sem notum ekki kviðdóma, eru dómara sérfræðingar sem hafa væntanlega fengið sérstaka þjálfun í að meta mála-vexti af hlutlægni og hafa sinn eigin starfsmetnað. Bæði hæstaréttardómarar og héraðsdómarar eru skipaðir ótímabundið,⁸⁰ og í stjórnarskrá okkar er sérstakt ákvæði til að tryggja sjálfstæði dómara.⁸¹

Þeim dómendum, sem ekki hafa að auk umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipun á dómstólana.

Engin hliðstæð lagaákvæði eru í Grágás, og hvergi kemur þar fram annað en að menn hafi verið nefndir til dómsetu einungis til eins þings í hvert skipti. Það er að vísu hvergi tekið beinlínis fram að dómnefna eigi aðeins við eitt þing, en engin ákvæði eru þar um margs konar úrlausnarefni sem mundu koma upp ef menn hefðu verið nefndir til að sitja lengur í dómi en á einu þingi, svo sem um forföll dómanda, vanrækslu hans að sækja þing eða aldursmörk. Bændur hljóta að hafa verið nefndir til dómsetu fyrir hvert þing fyrir sig. Ef goða líkaði ekki hvernig ákveðinn bóndi dæmdi þá gat hann forðast að nefna hann nokkru sinni í dóm aftur.

Aðra leið höfðu goðar til þess að stýra niðurstöðum dóma. Í mörgum tilvikum, kannski flestum, lítur út fyrir að valdið til að ráða dómsniðurstöðum hafi fremur verið í höndum kviðmanna en dómara. Kviður bar um hvort hann teldi mann sannan að sök eða ekki, og bæri kviður á mann eða af manni sök, þá er alls óvíst að dómara hafi haft mikið svigrúm til að ráða niðurstöðu dóms. Nú voru kviðir af tveimur gerðum, *búakviðir*, sem voru settir saman af nágrönnum sakbornings eða vettvangs, og *godakviðir* eða *tylfarkviðir*, sem goði nefndi í, sat í og stýrði sjálfur, venjulega goði sakbornings. Búakviður hefur sýnilega verið langtum algengari og ráðið niðurstöðum flestra dómsmála, en godakviður skorði úr um mál sérstakrar gerðar, þar sem síst var nokkur möguleiki á að komast að sannri niðurstöðu en þurfti þó úrskurð um.⁸² Ég sé því engar sérstakar líkur til að goðar hafi almennt ráðið niðurstöðum

⁸⁰ Lög um dómstóla 1998, nr. 15, 25. mars, 4. og 12. gr.

⁸¹ Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands 1944, nr. 33, 17. júní, 61. gr.

⁸² Gunnar Karlsson (2001), 229–42.

dóma í gegnum goðakviðina, en það eitt að goðakviður skuli hafa verið til í kerfinu sýnir að markmið löggjafans var ekki að skapa dómsvald sem væri óháð löggjafarvaldinu.

7. Niðurstaða

Kenningin um aðskilnað löggjafarvalds og dómvalds í íslenska þjóðveldinu virðist reist á traustum grunni heimilda. En ekkert bendir til að nein hugmynd um sjálfstæði dómvalds eða mannréttindi hafi vakað fyrir Íslendingum þegar þeir greindu í sundur lögrétta sína og dómstóla á Alþingi. Unnt er að skýra það með ástæðum sem snerta ekki sjálfstæði dómstóla, hvers vegna lögrétta og fjórðungsdómar komu upp hlið við hlið, og þá var stutt skref yfir í að skipta verkum með þessum stofnunum, þannig að dómarnir færu með öll dómstörfin.

Einfaldast virðist að gera ráð fyrir að fjórðungsþing hafi verið stofnuð um leið og landinu var skipt í fjórðunga, á síðari hluta tíundu aldar, eins og Ari segir. Þau hafi reynst óhentug, og þá hafi þeim verið breytt í fjórðungsdóma á Alþingi. Þar með voru komnar upp ólíkar stofnanir á sama þinginu, lögrétta og fjórðungsdómar, kannski í fyrsta sinn á norrænu þingi, og þá gat verkaskipting þeirra þróast án þess að nokkur maður hefði með henni sérstakt pólitískt markmið. Það kann svo að hafa hjálpað til að íslenska lögréttan varð samkoma fyrimanna en ekki óbreyttra bænda eins og í Noregi. Óvíst er að það hafi þótt samboðið goðorðsmönnum að dæma í formlegum dómstólum.

Það kemur heim við þessa túlkun að reglur Grágásar um skipun og starf dómstóla bera engin merki um viðleitni til að tryggja dómurum sjálfstæði gagnvart goðorðsmönnum. Bændur voru nefndir til dómsetu af goðum, sýnilega aðeins til eins þings í senn. Goðakviðir sýna einnig að það var ekki markmið löggjafans að dómstólar væru óháðir goðum.

Í greininni er sýnt fram á að löggjafarvald og dómvald voru vissulega aðgreind, en aðgreiningin er afhelguð með því að sýna að hún þarf ekki að bera merki um neinn sérstakan stjórnskipulegan frumleika eða þroska.

HEIMILDIR

- Andersen, Per Sveaas (1977): *Samlingen av Norge og kristningen av landet, 800–1130*. Universitetsforlaget, Bergen (*Handbok i Norges historie* II).
- Bogi Th. Melsteð (1910): *Íslendinga saga* II. Bókmentafjelag, Kaupmannahöfn.
- Bøe, Arne (1965): Lagting. Noreg og Færøyanø. *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder* X, 178–84.
- Den eldre Gulatingslova* (1994). Utgitt ved Bjørn Eithun, Magnus Rindal, Tor Ulset. Riksarkivet, Oslo (*Norrøne tekster* VI).
- Einar Arnórsson (1945): *Réttarsaga Alþingis*. Alþingissögufnd, Reykjavík (*Saga Alþingis* I).
- Finnur Jónsson (1923): *Den oldnorske og oldislandske Litteraturs Historie* II. Anden udgave. G.E.C. Gad, København.
- Foote, Peter (1987): Reflections on *Landabrigðisþáttur* and *Rekaþáttur* in Grágás. *Tradition og historieskrivning. Kilderne til Nordens ældste historie. Acta Jutlandica* LXIII:2. Humanistisk serie LXI, 53–64.
- Grágás [Ia–b]. *Íslændernes Lovbog i Fristatens Tid*, udgivet efter det kongelige Bibliotheks Haandskrift og oversat af Vilhjálmur Finsen. Første Del–Anden Del. Text I–II (1852). Det nordiske Literatur-Samfund, Kjøbenhavn.
- Grágás [Ia]. *Íslændernes Lovbog i Fristatens Tid*, udgivet efter det kongelige Bibliotheks Haandskrift og oversat af Vilhjálmur Finsen. Tredje Del. *Oversættelse* I (1870). Det nordiske Literatur-Samfund, Kjøbenhavn.
- Grágás [II] efter det Arnamagnæanske Haandskrift Nr. 334 fol., *Staðarhólsbók* (1879). Gyldendal, Kjøbenhavn.
- Grágás [III]. *Stykker, som findes i det Arnamagnæanske Haandskrift Nr. 351 fol., Skálholtsbók, og en Række andre Haandskrifter, tilligemed et Ordregister til Grágás ...* (1883). Gyldendal, Kjøbenhavn.
- Grágás. *Lagasafn Íslenska Þjóðveldisins* (1992). Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson, Möður Arnason sáu um útgáfuna. Mál og menning, Reykjavík.
- Great Books of the Western World*. Robert Maynard Hutchins, editor in chief. XXXVIII (1952). Encyclopædia Britannica, Chicago.
- Gunnar Karlsson (1992): *Að læra af sögu. Greinasafn um sögunám*. Sagnfræðistofnun, Reykjavík (*Ritsafn Sagnfræðistofnunar* XXX).
- Gunnar Karlsson (2001): *Búakviður og goðakviður. Líndæla. Sigurður Líndal sjötugur 2. júlí 2001* (Bókmenntafélag, Reykjavík), 229–42.
- Halvorsen, Eyvind Fjeld (1958): Dómr. *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder* III, 214–18.
- Heusler, Andreas (1911): *Das Strafrecht der Isländersagas*. Duncker & Humblot, Leipzig.
- Íslenzk fornrit I (1968). *Íslendingabók. Landnámabók*. Jakob Benediktsson gaf út. Fornritafélag, Reykjavík.
- Íslenzk fornrit II (1933). *Egils saga Skalla-Grímssonar*. Sigurður Nordal gaf út. Fornritafélag, Reykjavík.
- Íslenzk fornrit IV (1935). *Eyrbyggja saga*. Einar Ól. Sveinsson og Matthías Þórðarson gáfu út. Fornritafélag, Reykjavík.
- Íslenzk fornrit VII (1936). *Grettis saga Ásmundarsonar. Bandamanna saga. Odds þáttur Ófeigssonar*. Guðni Jónsson gaf út. Fornritafélag, Reykjavík.

- Íslensk fornrit XXVI* (1941). *Heimskringla* I. Bjarni Aðalbjarnarson gaf út. Fornritafélag, Reykjavík.
- Íslensk fornrit XXIX* (1985). *Ágrip af Nóregskonunga sögum. Fagrskinna – Nóregskonunga tal*. Bjarni Einarsson gaf út. Fornritafélag, Reykjavík.
- Íslenskt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn I* (1857–76). Bókmenntafélag, Kaupmannahöfn.
- Íslenskt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn XII* (1923–32). Bókmenntafélag, Reykjavík.
- Jón Jóhannesson (1956–58): *Íslendinga saga* I–II. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Jón Viðar Sigurðsson (1999): *Norsk historie 800–1300. Frå høvdingmakt til konge- og kyrkjemakt*. Det Norske Samlaget, Oslo.
- Knudsen, Trygve (1960): *Gulatingloven. Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder V*, 559–65.
- Lög um dómstóla 1998, nr. 15, 25. mars. *Lagasafn*. <http://www.althingi.is>.
- Maurer, Konrad (1852): *Die Entstehung des Isländischen Staats und seiner Verfassung*. Christian Kaiser, München (*Beiträge zur Rechtsgeschichte des Germanischen Nordens* I).
- Maurer, Konrad (1882): *Upphaf allsherjarríkis á Íslandi og stjórnarskipunar þess. Íslenskað af Sigurði Sigurðarsyni*. Bókmenntafélag, Reykjavík.
- Maurer, Konrad (1909): *Vorlesungen über Altnordische Rechtsgeschichte IV. Das Staatsrecht des isländischen Freistaates*. Aus dem Nachlass des Verfassers herausgegeben von der Gesellschaft der Wissenschaften in Kristiania. H. Deichert'sche Verlagsbuchhandlung Nachf., Leipzig.
- Ólafur Lárusson (1926): Nokkrar athugasemdir um fjórðungþingin. *Árbók Hins íslenska fornleifafjelags* 1925–1926, 4–17.
- Ólafur Lárusson (1929): Stjórnarskipun og lög lýðveldisins íslenska. *Tímarit Þjóðræknisfélags Íslendinga* XI, 11–34.
- Ólafur Lárusson (1958): *Lög og saga*. Lögfræðingafélag Íslands gaf út. Reykjavík, Hlaðbúð.
- Sigurður Líndal (1969): Sendiför Úlfhljóts. Ásamt nokkrum athugasemdum um landnám Ingólfs Arnarsonar. *Skírnir* CXLIII, 5–26.
- Sigurður Líndal (1976): Voldgift. Ísland. *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder* XX, 230–31.
- Sigurður Líndal (1984): Lög og lagasetning í íslenska þjóðveldinu. *Skírnir* CLVIII, 121–58.
- Sigurður Líndal (1992): Löggjafarvald og dómvald í íslenska þjóðveldinu. *Skírnir* CLXVI:1, 171–78.
- Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands 1944, nr. 33, 17. júní. *Lagasafn*. <http://www.althingi.is>.
- Sturlunga saga* (1946). Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn sáu um útgáfunna. I–II. Sturlunguútgáfan, Reykjavík.
- Sveinbjörn Rafnsson (1993): *Páll Jónsson Skálholtsbiskup. Nokkrar athuganir á sögu hans og kirkjustjórn*. Sagnfræðistofnun, Reykjavík (*Ritsafn Sagnfræðistofnunar* XXXIII).
- Tacitus, Cornelius (2001): *Germanía*. Íslensk þýðing eftir Pál Sveinsson með inngangi eftir Guðmund J. Guðmundsson. Bókmenntafélag, Reykjavík.

- Taranger, Absalon (1924): Alting og lagting. *Historisk tidsskrift [norsk]*. Femte Række V, 1–45.
- Vilhjálmur Finsen (1873): Om de islandske Love i Fristatstiden. I Anledning af Prof. Konrad Maurer's „Graagaas“ i *Allgemeine Encyclopädie der Wissenschaften und Künste*, 77de Bind, S. 1–188. *Aarbøger for nordisk Oldkyndighed og Historie* 1873, 101–250.
- Vilhjálmur Finsen (1888): *Om den oprindelige Ordning af nogle af den islandske Fristats Institutioner*. København (*Vidensk. Selsk. Skr.*, 6. Række, historisk og filosofisk Afd. II.1).

SUMMARY

During the prime of nationalism in Icelandic historiography, especially in the first half of the twentieth century, scholars stressed, rather proudly, the separation of legislative and judiciary power in the constitution of the medieval Icelandic commonwealth. Later it was doubted whether such a separation actually existed. In this article it is contended that it did, in the sense that legislation and judicial proceedings were vested in different institutions. The Law Council (*lögrétta*) was basically a legislative body, while the courts of the spring assemblies (*vorþingsdómar*), quarter courts (*fjórðungsdómar*) and Fifth Court (*fimmtardómur*) passed sentences in cases between individuals. On the other hand, the *goðar*, who alone made decisions in the Law Council, nominated the farmers who sat in the courts, and nothing was done to secure the independence of the judges against the legislators. Thus the separation of legislative and judiciary power does not seem to have had any of the political purpose which it has in a modern, democratic state.

It is suggested here that the separation came about at a definite stage in the development of the Icelandic constitution. In the second half of the tenth century quarter assemblies (*fjórðungshing*) were established in each quarter of the country. Some time later, at any rate before 1030, these assemblies were turned into quarter courts at the Althing at Þingvellir. Then, perhaps for the first time in the Norse world, different institutions operated simultaneously at the same assembly. This may have given occasion to a division of the tasks of the assembly between them.

Gunnar Karlsson
Sagnfræðiskor
Heimskpeideild Háskóla Íslands
Árnagarði við Suðurgötu
101 Reykjavík
gunnark@hi.is

KRISTJÁN ÁRNASON

FERHEND HRYNJANDI Í FORNYRÐISLAGI OG LJÓÐAHÆTTI

1. Inngangur

Það er þrálátt umhugsunarefni fræðimanna og annarra hvernig íslenskar fornbókmenntir þróuðust hér á hjara veraldar með þeim glæsibrag sem raun ber vitni. Mestrar frægðar nýtur vafalaust sagnalistin, en eddukvæðin og dróttkvæðin eru ekki síður merkileg. Þessari grein er ætlað að varpa bragfræðilegu ljósi á þessa gátu með því að rýna ögn í þann mun sem er á forníslenskum bragarháttum og vestgermönskum háttum af sama kyni.

Meginmunurinn á norrænu háttunum og þeim vestgermönsku er fólgin í vísna skiptingunni. Eddukvæðunum er eðlilegt að skipta í vísur. Þetta kemur greinilega fram í Konungsbók eddukvæða (GKS 2365 4to), þar sem vísna skilnin eru býsna reglulega táknuð með punkti í lok vísu og stórum staf í upphafi þeirrar næstu. Svona vísna skipting er hins vegar ekki í elsta vestgermanska kveðskapnum. Vilji menn dýpka skilning á muninum á norrænum og vestgermönskum kveðskap er því eðlilegt að huga að því hvaða grundvallaratriði skilur á milli vísna bundins kveðskapar og þess sem ekki er það.

Í rannsóknum á bragfræði hafa menn reynt að skerpa skilning á eðli bragformanna, m.a. með því að greina á milli þess sem tengja má beint við ein-kenni tungumálanna sem ort er á og þess sem rekja má til almennra, sem kalla mætti tónrænna (músíkalskra) þátta sem hafa áhrif á bragformin. Meðal þess sem menn hafa haldið fram í þessa veru (sbr. t.d. Attridge 1982, Hayes & McEachern 1998, Hayes 2000) er að sá fjórskipti taktur, sem fram kemur í ferhendum¹ kveðskap sé eðlilegur frá tónrænu sjónarmiði. Ferhendur þekkjast vítt um heiminn, ekki síst í alþýðukveðskap, og talið er að það megi rekja til þess hversu eðlilegt formið er.

¹ Ferhendan kalla ég kveðskap þar sem grunnhrynjandin byggist á fjórum línnum sem hver hefur fjögur ris. Línur sem hafa fjögur ris kalla ég ferkveðnar. Hin algenga ferskeytla hefur ferkveðnar forlínur og þríkveðnar síðlínur í vísuhelmingi. Þríkveðnar línur í ferkveðnum hætti kalla ég liðfellar, eins og síðar mun skýrt.

Í ljósi þessara hugmynda held ég því fram að meginmunurinn á eddukvæðum annars vegar og vestgermönskum kveðskap hins vegar sé að í eddukvæðunum skipi tónrænu þættirnir hærri sess, og hægt sé að greina þá sem ferhendur.

Úr því að edduhættirnir eru músíkalskari en þeir vestgermönsku má halda því fram, í anda Romans Jakobsons, að þeir hafi um leið verið ljóðrænni (lýrískari). En Jakobson telur að það sem hann kallar ljóðrænuhlutverk (lýríska fúnksjón) máls og tjáskipta eigi betur heima í bundnu máli (þ.e. því sem hlýðir tónrænum lögmálum í átt við það sem lauslega var lýst hér á undan), en að það sem flokkast sem frásögn (epík) sé betur tjáð í óbundnu máli. Tónræna og ljóðræna edduháttanna fer þá saman, og dróttkvæðin ganga hér auðvitað enn lengra.

2. Forngermanskir bragarhættir

Langfrægasta, og um leið áhrifamesta, greining á forngermönskum bragarháttum er kerfi Eduards Sievers, sem hann greinir frá í bók sinni *Altgermanische Metrik* frá 1893. Grunneiningar þessa kerfis eru stuttlinur með tveimur risum. Þessar stuttlinur flokkar Sievers í fimm gerðir, sem sýndar eru á einfaldan hátt í (1) með dæmum, annars vegar úr Bjólfskviðu og hins vegar úr eddukvæðum. Kerfi þetta hefur verið kallað „Fünftypensystem“ á þýsku, en í stuttu máli byggist það á því að gert er ráð fyrir að fjórar bragstöður (Glieder) séu í hverri stuttlinu. Einfaldasta uppfylling þessa bragforms var að mati Sievers að eitt atkvæði væri í hverri stöðu, og hver þessara staða gat verið sterk (ris, Hebung) eða veik (hnig, Senkung). Ef allir möguleikar um dreifingu risa væru nýttir, gæfi það 6 gerðir ($4! = 3 + 2 + 1$), en þar sem Sievers gerir ráð fyrir að ekki hafi mátt standa tveir sterkir liðir í lok línu, urðu gerðirnar einungis fimm.

(1) A S V S V
borgir þessar (Grípisspá 1,2)

geong in geardum (Beowulf 14a)
'ungur í görðum'

B V S V S
þeir er hǫrg ok hof (Völuspá 7,3)

him on bearme læg (Beowulf 40b)
 'honum á barmi lá'

C V S S V
 ok tól gørðo (Völuspá 7,8)

þone God sende (Beowulf 13b)
 'þann sem Guð sendi'

D S S V V
 auð smíðoðo (Völuspá 7,6)

heah Healfdene (Beowulf 57a)
 'háum Hálfani'

E S V V S
 ennlangan sal (Völundarkviða 16,4)

weorðmyndum þāh (Beowulf 8b)
 'heiðri þreifst'

Þótt jafnan sé vitnað til þessarar flokkunar Sievers og hún hafi haft gífurleg áhrif og sé af sumum enn tekin góð og gild (sbr. t.d. Gade 1995) hafa fræðimenn löngum vitað af ýmsum vandamálum sem henni fylgja. Til dæmis hafði Andreas Heusler (1956) talsvert aðrar hugmyndir um þessa hluti. Eins hefur Hoover (1985) haldið því fram að allt önnur lögmál ráði forminu á Bjólfskviðu en þau sem Sievers hélt fram, því lengd lína væri skilgreind út frá talningu atkvæða. Nýlega hefur Geoffrey Russom (1987, 1998) sett fram athyglisverða kenningu um form fornháttanna, sem gerir ráð fyrir að grundvallareiningar bragarins séu bragliðir, sem skilgreindir eru á grunni orðgerða eða áherslumynstra. Þessar ólíku kenningar verða ekki raktar hér frekar, en þær sýna að ýmis vandamál eru enn óleyst.

Kenning Sievers gerir, eins og áður sagði, ráð fyrir að grunneining forn-yrðislags og hinna eldri germönsku háttar hafi verið stuttlínan, en tvær stuttlínur voru aftur tengdar saman með stuðlasetningu og mynduðu hina svokölluðu langlínu (þ. Langzeile). Í útgáfum hefur sú hefð skapast að norrænn kveðskapur er prentaður þannig að hver stuttlína er sér, þannig að það verða átta línur á prenti í reglulegri forn-yrðislagsvísu, en vestgermanski kveð-

skapurinn er venjulega prentaður þannig að tvær stuttlínur sem stuðla eru látnar mynda eina langlínu. Slík útgáfuhefð hefur auðvitað ekkert sjálfstætt gildi sem vitnisburður um eðli bragarhátanna, og það virðist mega einu gilda hvort norrænn vísuhefningur (Völuspá 1,1–4) er prentaður eins og í (2a) eða (2b):

- (2) a Hlióðs bið ek allar
 <helgar> kindir,
 meiri ok minni,
 mögo Heimdalar;
- b Hlióðs bið ek allar <helgar> kindir,
 meiri ok minni, mögo Heimdalar;

Á sama hátt má einu gilda hvort upphaf Bjólfskviðu er prentað eins og í (3a) eða (3b):

- (3) a Hwæt! wē Gār-Dena
 in gēardagum
 þēod-cyninga
 þrym gefrūnon
 hū þā æðelingas
 ellen fremedon.
- b Hwæt! wē Gār-Dena in gēardagum
 þēod-cyninga þrym gefrūnon
 hū þā æðelingas ellen fremedon.
- ‘Hvað! vér Geir-Dana á gærdögum
 þjóðkonunga afrek frágum
 hversu öðlingar stórvirki frömdu’

Skyldleiki hátanna liggur í augum uppi, svo lætur nærri að tala megi um eitt og sama bragformið, eins og kerfi Sievers gerir raunar ráð fyrir. En það sem fyrst og fremst munar er vísnaSKIPULAGIÐ.

Þó er, óháð spurningum um prentun og vísnaSKIPTINGU, nokkur munur á eddukvæðunum og vestgermanska kveðskapnum hvað hrynjandi varðar. Og á þetta ekki síst við um þýsku kvæðin, Hildebrandslied og Heliand. Í hinu lág-

Þýska Heliand, sem er ort undir þessum gamla hætti þótt kristið sé, koma til dæmis fyrir stuttlínur (eða línuhelmingar) með þýsna löngum „upptakti“ sem svo hefur stundum verið kallaður:

- (4) (thuo hie erist thesa) uerold giscuop (Heliand 39b, sbr Braune 1994:152)
‘þegar hann fyrst þá veröld skóp’

Hér hefur það sem stendur í sviganum oft verið greint sem einhvers konar inn- gangur, og talinn standa fyrir utan hina eiginlegu hrynjandi línunnar. Ef horft er framhjá þessum inngangi er t.d. hægt að greina síðustu tvö orðin sem E- gerð (sbr. 1) að hætti Sievers, með fjórum liðum og tveimur áherslum.

- (5) S V V S
Uerold giscuop

Á sama hátt eru atkvæðin í stuttlinum eða línuhelmingum Hildibrandsljóðs oft með of mörgum atkvæðum til að passa vel inn í fjórliðakerfi Sievers:

- (6) Hiltibrant gimahalta (Hildebrandslied 45a, sbr Braune 1994:85)
‘Hildibrandur mælti’

Hér eru sjö atkvæði, sem er óþarflega mikið miðað við þá fjóra liði sem Sievers-kerfið gerir ráð fyrir.

Ofurlangar línur eru einnig algengar í Bjólfskviðu:

- (7) woroldäre forgeaf (Beowulf 17b) (6 atkvæði)
‘veraldarheiður veitti’

þær wæs mādma fela (Beowulf 36b) (6 atkvæði)
‘þar var meiðma fjöld’

þæt hit wearð ealgearo (Beowulf 77b) (6 atkvæði)
‘að það varð algjört (tilbúið)’

sē þe his wordes gewæld (Beowulf 79a) (7 atkvæði)
‘sá sem hans orðs vald ...’

Og til eru línur sem hafa allt að 10 atkvæðum:

- (8) þa gýt wæs hiera sib ætgædere (Beowulf 1164b)
 'þá enn var þeim friður á meðal'

Mæg þonne on þæm golde ongitan (Beowulf 1484a).
 'Mág þann á því gulli sjá'

En eins og sást í (1) líta sumar línur í Bjólfskviðu út eins og eins konar fyrirmyndir að fornyrðislagslínnum.

Sievers og þeir sem kenningum hans hafa fylgt grípa til ýmissa meðala til þess að fella ofurlangar línur, eins og þær sem nefndar hafa verið hér, inn í kerfið. Gert er ráð fyrir að undir vissum kringumstæðum geti tvö atkvæði komið í stað eins og borið klofið ris (resolution), og einnig hafa menn gert ráð fyrir að talsvert mörg atkvæði geti verið útafstæð ef svo má segja (extra-metrical), ekki síst sem eins konar forliðir eða upptaktar að reglulegum bragliðum, sbr. (4) hér að framan. En þetta vill ganga misvel og margir hafa viljað efast.

3. Fjórskiptur taktur í kveðskap

Eins og á var minnst hér að framan hafa bragfræðingar nútímans lagt sig eftir að rannsaka þá tónrænu þætti, sem hafa áhrif á og móta bragformin. Derek Attridge (1982) hefur t.d. lagt áherslu á að fjórskiptur taktur sem fram kemur í enskum þjóðvísum og barnagælum, eins og Mary had a little lamb sé eðlilegur, og einhvers konar ferskeytlur eru vel þekktar í enskri hefð, eins og eftirfarandi vísa eftir Samuel Johnson sýnir:

- (9) s s s s
 When the bonny blade carouses
 s s s s
 Pockets full, and spirits high,
 s s s s
 What are acres? What are houses?
 s s s s
 Only dirt, or wet, or dry.

(sbr. Attridge 1982:108)

Í nýlegri grein sem fjallar um enskan alþýðukveðskap taka Hayes og

McEachern (1997) í sama streng, og Hayes (2000) heldur áfram á sömu braut og nefnir til sögunnar þessa amerísku barnagælu:

- (10)
- | | | | |
|--|---|---|---|
| s | s | s | s |
| One little, two little, three little Indians, | | | |
| s | s | s | s |
| Four little, five little, six little Indians, | | | |
| s | s | s | s |
| Seven little, eight little, nine little Indians, | | | |
| s | s | s | s |
| Ten little Indian boys. Ø | | | |

Það er langt frá því að það sé tilviljun að þessi einfalda vísa hefur fjórar línur, og að í öllum línunum, nema þeirri síðustu eru fjögur ris, eins og sýnt er.

Enn má nefna það að í rússneskum stökum, svokölluðum *tsjastúshka*, er algengast að vísurnar séu ferhendar með fjórum áherslum í frumlínu og þrem eða fjórum í síðlínu, eins og í þessari vísu:

- (11)
- | | | | |
|----------------------------|---|---|---|
| s | s | s | s |
| Lútsjshe netú togo tsvetú, | | | |
| s | s | s | s |
| Kogda jablonja tsvetjot. | | | |
| s | s | s | s |
| Lútsjshe netú toj minúty, | | | |
| s | s | s | s |
| Kogda mílen'kíj pridjot. | | | |

Ég fegra blóm ei finn í lund
 en frjósamt laufgað eplatré
 og yndislegust er sú stund
 þá augna þinna skin ég sé.²

² Á vísuna benti mér Yelena Yershova. Hún er prentuð í *Rússkij fol' klor* (bls. 129). Þýðingin er frá ónafngreindum yfirlesara á vegum ritstjórnar *Griplu*. Og sá hagorði nafnleysingi býður raunar einnig upp á aðra þýðingu, ferhenda með þrem áherslum í síðlínu:

Ég fegra blóm ei líf í lund
 en laufgað eplatré
 og yndislegust er sú stund
 er augun þín ég sé.

- (13)
- | | | | | | | |
|--|--|---|--|---|--|---|
| s | | s | | s | | s |
| Hlióðs bið ek allar / <helgar> kindir, | | | | | | |
| s | | s | | s | | s |
| meiri ok minni, mogo Heimdalar; | | | | | | |
| s | | s | | s | | s |
| vildo at ek, Valföðr, / vel fyr telia | | | | | | |
| s | | s | | s | | s |
| forn spígl fira, / þau er fremst um man. | | | | | | |

Þessi uppsetning minnir talsvert á rímnaháttinn breiðhendu, sem hefur fjóra rétta tvíliði í hverri línu (en það er í raun sama hrynjandi og í hrynhendum hætti):

- (14)
- | | | | | | | |
|--------------------------------|--|---|--|---|--|---|
| s | | s | | s | | s |
| Ofar stend ég efstu grösum, | | | | | | |
| s | | s | | s | | s |
| allt hið græna land er horfið, | | | | | | |
| s | | s | | s | | s |
| hreggsins þjöl á hörðum snösum | | | | | | |
| s | | s | | s | | s |
| hefur gneypar myndir sorfið. | | | | | | |

(Jón Helgason, sbr. Óskar Ó. Halldórsson 1972:57)

Auðvitað eru þetta ekki sömu bragarhættirnir; stuðlasetningin fylgir ólíkum reglum og rím er notað í breiðhendunni, en ekki í fornryðislagi. En það sem við skulum sérstaklega huga að er að marktækur eðlismunur er á hrynjandinni í háttunum tveimur. Breiðhendan virðist á einhvern hátt taktfastari.⁴

Áður en við skoðum þessar reglur nánar er rétt að koma aðeins aftur að uppsetningunni og línuskiptingu á prenti. Í (13) eru skástrik í miðri línu, á mörkum stuttlína, og spyrja má hvort það sé ekki óþarfi. En þessi strik eru sett

⁴ Oft er sagt að hrynjandi fornryðislags sé óreglulegri eða lausari í reipunum en rímnahrynjand-in. En þegar að er gáð er það býsna óljós fullyrðing að segja að fornryðislag sé óreglulegt. Er fornryðislagið þá óreglulegt vegna þess að verið er að **brjóta** einhverjar **reglur** í fornryðislagi sem t.d. er fylgt í rímnaferskeytlu? Hvaða reglur eru það þá sem verið er að brjóta? Má brjóta hvaða reglur sem er? Svo virðist ekki vera, og þá verðum við að álykta sem svo að til séu reglur um það hvaða reglur má brjóta. En þá má enn spyrja eins og heimspekingur: Má þá brjóta reglurnar um það hvaða reglur má brjóta? Við sjáum að þetta leiðir til endileysu. Það leysir sem sé ekki vandann að segja að hátturinn sé óreglulegur. Við neyðumst til að viðurkenna að þarna eru reglur á ferðinni og vandinn er að finna þær.

með vilja og ekki er nein ástæða til að halda því fram að stuttlínurnar séu ómerkar sem einingar; þvert á móti er það beinlínis partur af ferhendulögmálinu, eins og komið hefur fram óbeint. Bragliðirnir mynda þör, og þörin mynda ferkveðnar línur (sbr. 12). Og það er ekkert sem bannar okkur að líta á stuttlínu fornryðislags sem næsta stofnhluta fyrir neðan línu, og í klassískri bragfræði er orðið *colon* notað um þetta. Og þessi skipting í hálfínur eða *cola* er í raun innbyggð í hefðbundna íslenskra bragfræði. Þetta gerist sjálfkrafa þegar menn skipa bragliðum í hákveður og lágkveður, þannig að fyrsta og þriðja kveða eru hákveður, en önnur og fjórða eru lágkveður. Verið er að búa til þör af bragliðum þar sem hákveða fer á undan og lágkveða á eftir. Og þá má vel segja sem svo að þar hákveðu og lágkveðu myndi hálfínu, sem auðvitað samsvarar þá stuttlínu í fornryðislagi.

Þessu til stuðnings má benda á að innrím eins og í hringhendu stendur jafnan í annarri kveðu og kallast stundum á við lokarím, og þá mætti auðvitað setja t.d. skáhenda vísu upp eins og hér er gert:

- (15) Glæstur múr
 og geysi trúr
 geymdi fljóðið hvíta;
 hér fyrir brann
 í brjósti hann
 brúði mátti ei líta.

(Sbr. Óskar Ó. Halldórsson 1972:62)

Með því að skrifa forlínuna í tvennu lagi kemur fram svipuð prentmynd og jafnan er á ljóðahætti, og það er auðvitað engin tilviljun, eins og nánar verður vikið að.⁵

Og svo tekið sé örlítið forskot á greinargerðina fyrir stöðu ljóðaháttar í þessu samhengi má sýna hvað gerist ef ljóðaháttarvísa er sett upp þannig að tvær fyrstu stuttlínurnar mynda eina línu:

⁵ Ónafngreindur yfirlesari, sem áður hefur komið við sögu, stingur upp á því að skáhenda geti verið runnin frá latneskum sekvenskveðskap, sem hefur endarím í lok stuttlína, eða rímar langsetis í langlínunum, eftir því hvemig á er lítið, sbr. Krosskvæði (23):

Krossi undir / um krankar stundir
Krists móðir stóð.
Niður um dýra / drottning skýra
rann drottins blóð.

- (16) s s s s
 Pegi þú, Frigg, þú ert Fiörgyns mæri
 s s s
 ok hefir æ vergiorm verit,
 s s s s
 er þú Véa ok Vilia léztu þér, Viðris kvæn,
 s s s
 báða í baðm um tekit.

(Lokasenna 26,1–3)

Þetta minnir mjög á uppsetningu venjulegrar ferskeytlu, sem hefur fjóra bragliði í forlínu og þrjá í síðlínu.

5. Um mismunandi hrynjandi

En víkjum nú nánar að muninum á hrynjandi rímnahátta og edduháttanna. Við höfum séð að það er marktækur munur á hrynjandi háttanna, og skal nú reynt að útskýra í hverju þetta liggur. Í stuttu máli sagt, liggur munurinn í því hvernig varpað er milli texta og brags, þ.e. hvernig hinu ferskeytta formi er fullnægt. Hrynjandi edduháttanna byggist á orðum, en rímnahrynjandi byggir á atkvæðum.

Allur háttbundinn kveðskapur hefur **form** og **texta**. Formið eru bragarhættirnir, svo sem sonnetta og ferskeytla, en textarnir eru sjálf kvæðin, eins og Ég bið að heilsa eða Enginn grætur Íslending. Bragfræðileg greining er fólgin í því að skilgreina formið og lýsa því hvernig því er fullnægt í hverju tilviki, hverjum texta, þ.e.a.s. kvæði eða vísu. Um þetta hefur þróast allmerkilegt kerfi kenninga, sem málvísindamenn hafa búið sér til. Hér skal einkum vitnað til þeirra Kristinar Hanson og Pauls Kiparskys, en þau hafa nýlega birt tvær greinar um þessi efni sem hafa má gagn af (sjá Hanson & Kiparsky 1996, 1997).

Samkvæmt kenningum Hansons og Kiparskys (1996) má greina hrynjandi bragarháttanna á einfaldan og skýran hátt með því að vísa til kosta (parameters) sem bragkerfum eru boðnir. Grundvallaratriði þessarar kenningar er (sbr. 1996:292) að reglur um bragarhætti séu skilgreindar í tveimur stigum. Annars vegar séu skilgreindar reglur um **formgerð** háttarins (structure), t.d. hversu margir bragliðir eru í hættinum, og hvort liðirnir eru hnígandi (trókfiskir eða daktýlskir, réttir, skv. íslenski bragfræðimálvenju) eða rísandi (jambískir eða

anapestískir, öfugir skv. íslenskri venju). Þessar skilgreiningar segja þá til um hvort bragarháttur er t.d. ferkveðinn og hnífgandi eins og ferskeytlan, eða fimkveðinn og rísandi eins og sonnettan.

Á hinn bóginn eru svo reglur um það sem kalla mætti **birtingu** (realization) formsins. Þetta eru reglurnar um það hvernig textar fullnægja forminu. Hér eru t.d. reglur um það hvers konar mállegar einingar geta staðið í hverri stöðu háttarins. T.d. er gert ráð fyrir að ólíkir bragarhættir hafi misjafnar reglur um stærð bragstöðunnar, þ.e. hvort hún miðast við dvöl (móru), **atkvæði**, áherslulið eða **orð**. (Ég feitletra hér tvo af þessum stofnliðum, en það eru einmitt þeir sem skýra muninn á rímnaháttum og edduháttum, eins og brátt mun sýnt. Hinar einingarnar skipta hér minna máli.) Önnur athyglisverð breytistærð sem Hanson og Kiparsky gera ráð fyrir snýst um það hvort skiptir máli sterk eða veik staða í bragnum. Þau gera ráð fyrir að hættirnir geti ýmist skilgreint takmarkanir sínar út frá hnigi, þ.e. veikri stöðu í bragnum, eða út frá risi, þ.e. sterkri stöðu. Í þessum anda gera þau ráð fyrir að hinn enski jambíski fimmlíðuháttur, eins og hjá Shakespeare, sem oft hljómar ómstríður í íslenskum eyrum, búi við birtingareglur þar sem veika staðan í braglínunni lúti strangari takmörkunum en sú sterka.⁶ Í síðasta lagi gera þau Hanson og Kiparsky ráð fyrir að bragarhættir geti valið milli þess hvers konar hljóðkerfiseiginleikar greina á milli sterkrar og veikrar einingar, hvort það er t.d. atkvæðahungi, áhersla (styrkur atkvæða), eða þá tónhæð.

Hér er stungið upp á því að það sem skilur á milli rímnaferskeytlunnar og fornryðislags séu einmitt mismunandi lögmál um birtingu bragformsins. Þessar reglur, sem mætti e.t.v. kalla bragstíl kveðskaparins, eru aðrar í fornryðislagi en í rímnaferskeytlunni. Það sem munar er í einfölduðu máli, að **rímurnar telja atkvæði og áherslur innan orða, en edduháttirnir telja orð og áherslur innan setninga.**

6. Atkvæðatalning og orðatalning

Í rímnaháttum er meginreglan sú að eitt atkvæði samsvari hverri bragstöðu. Það er t.d. föst regla í rímunum eftir hljóðdvalarbreytingu, að ris eru borin af einu áhersluatkvæði, og hnig eru líka langoftast bara eitt atkvæði. Í frumlínunum eru jafnan sjö atkvæði, og í síðlínunum sex, jafnmörg og bragstöðurnar. Þetta sést í vísunni alkunnu eftir Kristján Jónsson:

⁶ Fróðlegt gæti verið að huga að hrynjandinni hjá Hallgrími Péturssyni í þessu ljósi, en Passíu-sálmarnir eru oft býsna ómstríðir miðað við rímurnar, sbr. t.d. Atla Ingólfsson 1994:419–59.

- (17) Yfir kaldan eyðisand (7 atkv.)
einn um nótt ég sveima; (6 atkv.)

Frá þessu lögmáli er leyfð sú undantekning, að tvö áherslulétt atkvæði geta staðið í veikri stöðu inni í línu, án þess að trufla hrynjandina. Dæmi um þetta eru sýnd í (18):

- (18) nú á ég hvergi heima
þegar allt er komið í kring

En sjaldgæft virðist að þetta gerist tvisvar í línu, því þá fer hrynjandin að minna á þríliðahrynjandi, sem rímunum er ekki eiginleg.

Ekki er heldur eðlilegt að línur endi á þríkvæðum orðum, eins og ef vísan fræga endaði svona: *nú á ég hvergi heimili. Fyrir kemur að vísu að línur endi á þríkvæðum orðum sem ríma, og er þá talað um *þrírímað* eða *veggjað* (sbr. Helga Sigurðsson 1891:36). Dæmi um þetta er vísa eins og (19):

- (19) Rása taka *rymjandi*
rasta gotar spakir;
glóða vinur *glymjandi*
glaður á eptir sækir.

(Helgi Sigurðsson 1891:70)

Hér er það að athuga að þríkvæðu orðin *rymjandi* og *glymjandi* verða að bera tvö ris, þ.e. hafa áherslu á síðasta akvæðinu (sem hefur hrynræna aukaáherslu í nútímamáli) til að úr verði ferskeytla. Þetta má túlka svo sem rímum sé ekki eðlilegt að hafa þrílið í lok línu.

Það er sem sé almennt skilyrði fyrir því, í ferskeyttum hætti og flestum rímnaháttum, að tvö atkvæði standi í veikri stöðu í rímum, að áhersla sé báðum megin við þau. Það gengur hins vegar ágætlega í fornyrðislagi að láta línu endi á tveimur atkvæðum á eftir megináherslunni, eins og sést af línum eins og: *meiri ok minni, mögo Heimdalar*, sem sýnd var í (13).

Eins og fram kom hér á undan hefur hrynjandi edduháttu og og annarra forngermanskra háttu alla tíð valdið bragfræðingum miklum heilabrotum. Það eina sem menn eru sammála um er í raun og veru að í hverri langlínu séu fjögur ris (og þá tvö í hverri stuttlínu). En mörg þessara vandamála leysast, ef gert er ráð fyrir að birtingarreglur háttanna séu skilgreindar þannig að það séu **orð** sem fylla bragstöðurnar, og áherslan sem miðað er við er þá **setningar-**

áhersla.⁷ Það er sem sé setningahrynjandi sem byggt er á því afstæður styrkur orða ræðst af setningaráherslunni. Það sem bragurinn krefst er að fjögur ris verði mynduð, og þau eru rétt mynduð ef í textanum finnst fjögur orð sem geta borið þessi ris í krafti stöðu sinnar gagnvart reglum um setningaráherslu. Þetta hefur það auðvitað í för með sér að atkvæðafjöldi í fornyrðislagi er mun breytilegri en í rímnaferskeytlum og dróttkvæðum, eins og fram hefur komið.

Þar sem mismörg atkvæði lenda í veiku stöðunum, geta línur sem best endað á tveimur áherslulausum atkvæðum fyrir aftan lokarisið, eins og við sáum að verður í línunni: *meiri ok minni mögo Heimdalar*. Og einnig eru dæmi þess að sterku atkvæðin standi hlið við hlið án nokkurs veiks atkvæðis á milli:

(20) s s s s
ok í hǫll Hárs hána brendo, (Völuspá 21,5)

Hins vegar er ekki leyfilegt að hafa fleiri en fjögur sterk orð í hverri línu. Þannig er lína eins og þessi óleyfileg í fornyrðislagi, vegna þess að þar eru fimm sterk orð:

(21) s s s s s
*Hlióðs bið ek alla helga mögu Sigfóður

Í ferskeyttum rímnahætti er atkvæði hins vegar stærsta einingin sem rúmast í bragstöðu, og þess vegna verður línan í (19) ótæk sem ferskeytlúna við að einu atkvæði er ofaukið í lokin. (Frá þessu er sú undantekning sem minnst var á í 6. nmgr., að tvö áherslulftil atkvæði geta staðið í veikri stöðu inni í línu, og eins er leyfilegt að hafa eitt atkvæði sem forlið í upphafi línu.) Þess má geta að gera má ráð fyrir að dróttkvæður háttur og a.m.k. sumir aðrir skáldahættir hafi fylgt sömu reglu og rímurnar, og þá liggur kannski beint við að telja að rímnastíllinn eigi uppruna sinn í dróttkvæðum.

Góð dæmi til að bera saman hrynjandi rímnahátta og edduháttar eru línur eins og Völuspárlínan í (20): *ok í hǫll Hárs hána brendo*, og línan: *Ofar stend ég efstu grösom* úr breiðhendunni sem tilfærð er í (14). Báðar þessar línur hafa sjö atkvæði, en risin lenda á ólíkum stöðum. Varla kæmi til greina að skandera eddulínuna eins og gert er í (22a), en það væri regluleg atkvæðabundin greining í anda rímnanna, eins og sýnt er í (22b).

⁷ Um muninn á orðáherslu og setningaráherslu í nútímamáli má lesa í greinum mínum frá 1983 og 1985.

(22) a s s s s
 *|Ok í |høll Hárs | hána | brendo

 b s s s s
 |Ofar |stend ég |efstu |grösum

Bragsskilningurinn í (22a) er algerlega óviðeigandi í edduhátti, því risin koma á orð sem ekki geta borið setningaráherslu.⁸

Annað gott dæmi til að sýna muninn á vörpunarstíl edduháttar og rímnaháttar er það hvernig farið er með atkvæði sem fá það sem kalla má hrynræna aukaáherslu, þ.e. áherslu sem ekki á rætur í samsetningarlið, heldur ræðst af því að atkvæðið lendir á tilteknum stað í orðinu. Í nútímamáli er gjarna aukaáhersla á þriðja atkvæði orðmynda eins og *Íslending* og *einbúans*, en sú áhersla er af hrynrænum rótum, þ.e. stafar af því að í málinu ríkir tilhneiging til víxlhrynjandi (sbr. t.d. Kristján Árnason 1983, 1985). Í rímnastíl geta atkvæði sem hafa þessa hrynrænu áherslu sem best borið ris og tekið þátt í rími. Dæmi um þetta er þegar *-ing* í orðmyndum eins og *Íslending* ber ris og rímar eins og hjá Jónasi:

(23) s s s s
 Enginn grætur *Íslending*

Hér ber lokaatkvæðið ris og rímar á móti *kring* í línu sem kemur á eftir.

Mjög algengt er í seinni tíma kveðskap að þessi atkvæði fái áherslu og rími:

(24) Hæst af öllum kvalakveinum
 er krampagrátur *einbúans*.
 Míninganna mistilteinum
 myrkrið þrýsti að sálu *hans*.
 (Davíð Stefánsson 1943 I:138, Gamla höllin)

Þessi stíll er edduháttunum framandi og raunar eru ekki beinar heimildir um hrynræna aukaáherslu af þessu tagi í fornu máli. Þannig virðist harla ólíklegt að greina beri línurnar í (25) með áherslu á síðustu atkvæðunum: *framlundaða* og *upphiminn*.

⁸ Auðvitað er greiningin í (22a) brot gegn venjum um stuðlasetningu, því *Hárs* er látið standa í veikri stöðu, en hér er fyrst og fremst hugað að hrynjandinni.

- (25) a mundu fastna þér framlundaða
fóstro Heimis; ...

(Grípisspá 39,5–7)

- b iqrð fannz æva né upphiminn (Völuspá 3,5–6)

Menn hafa hins vegar gjarna gert ráð fyrir að aukaáhersla hafi verið á síðari liðum samsettra orða, að svo miklu leyti sem samsetningar voru gagnsæjar. Orð eins og *Alþingi* hafa því væntanlega getað haft aukaáherslu á síðara rótar- atkvæðinu. Í samræmi við þetta má gera ráð fyrir að samsetningarliðir nafns- ins *Gullveigu* hafi borið sitt risið hvor, jafnvel þótt ekkert atkvæði hafi staðið á milli þeirra í línunni:

- (26) s s s s
er Gull|veigo |geirom |studdu (Völuspá 21,3–4)

Á sama hátt má gera ráð fyrir að orðin *framlundaða* og *upphiminn* sem komu fyrir í (25) hafi borið tvö ris, sitt á hvorum samsetningarlið, eins og sýnt er í (27):

- (27) s s
|fram|lundaða
s s
|upp|himinn

Enn eitt dæmi um þessa hrynjandi er eftirfarandi:

- (28) s s s s
Þá gengo | regin | ql á | røk|stóla (Völuspá 23,1–2)

Þetta má túlka svo að áherslan sem miðað var við í fornyrðislagi hafi verið áhersla sem tengdist sjálfstæðu orði (þ.e. setningaráhersla), en að þessi áhersla hafi haldist í tiltölulega sjálfstæðum liðum í samsettum orðum, þannig að báðir samsetningarliðir gátu borið ris.⁹

Sé þetta allt saman borið að mælikvörðum Hansons og Kiparskys virðist sem sé mega gera ráð fyrir að í fornyrðislagi hafi hámarksstærð bragstöðunn-

⁹ Sbr. umræðu um hegðun samsettra orða í dróttkvæðum hjá Kristjáni Ámasyni 1991/2000: 71–77.

ar verið orð, og að hrynjandinn hafi byggst á setningaráherslu, en að í gagnsæjum samsettum orðum hafi aukaáhersla á síðari lið getað borið ris. Í rímnafer-skeytlu síðari tíma er hins vegar gengið út frá **atkvæði**, og að styrkurinn mið-ist við hrynrænt áherslumynstur, sem hefur það meðal annars í för með sér að aukaáhersla kemur fram á ójöfnun atkvæðum í orðmyndum eins og *Íslending* frekar en á síðari samsetningarlið.¹⁰

Það sem verður þá einna mest áberandi munur á rímnaferhendu og forn-yrðislagi er að hrynjandi þess síðarnefnda er, eins og menn hafa löngum vit-að, meira í ætt við lausamálshrynjandi, vegna þess að áherslurnar sem ráða eru líkari því þegar orð fá áherslu í setningum. Einnig verður atkvæðafjöldinn breytilegri vegna þess að atkvæðafjöldi orða er breytilegur, frá einu og upp í þrjú (og í sumum enn fleiri) atkvæði. Hrynjandi rímnaháttanna byggist á því að hvert atkvæði er sjálfstæð eining í hrynjandinni, hvort sem það er sterkt eða veikt í bragnum, taktslátturinn verður smágervari og atkvæðafjöldinn reglulegri. Það er hins vegar alls ekki nógu nákvæmt að segja að hrynjandi fornyrðislags sé óreglulegri en hrynjandi rímnaferskeytlu. Fornyrðislag er al-veg jafn háttbundið og reglulegt og rímnahattir, það lýtur bara öðrum lög-málum.¹¹

7. Ljóðaháttur sem liðfellt og stýft fornyrðislag

En víkjum nú að ljóðahætti, en það er gamalt umhugsunarefni hvernig skilja beri hrynjandi hans og skyldleika við fornyrðislagið. Venja er að prenta ljóðahátt í sex línum, þar sem síðasta línan í vísuhelmingi er lengri en hinar tvær, oft kölluð fulllína (Vollzeile á þýsku). En eins og bent var á hér að framan, má fullt eins skrifa vísuhelming í ljóðahætti sem tvær línur eins og hér sýnt:

¹⁰ Eins og Sveinn Yngvi Egilsson bendir á (1999:319–20) gerir Jónas Hallgrímsson hliðstæð-an greinarmun á rímna-hrynjandi og edduhrynjandi, þannig að hann lætur orðmyndir eins og *miðgarði* bera tvö ris hlið við hlið í fornyrðislagi, þótt hrynræn áhersla gildi í *Íslending*. Nánari rannsókn á hrynrænum mun eldri rímna, edduháttu og annarra háttu bíður betri tíma.

¹¹ Sérstakt einkenni á fornyrðislaginu, sem ekki verður gerð tilraun til að útskýra hér, er að leyfi-legt var að snúa við röðinni á sterkum og veikum lið, eins og í línunni í (28), þar sem orðin *þá gengu*, sem líklegt má telja að hafi verið áherslulítil mynda (eins og í Bjólfskviðu og Hildi-brandsljóði) eins konar forlið eða upptakt á undan risinu í *regin*, en um þetta gildir hið svo-nefnda Kuhns-lögmál (sbr. Kristján Árnason 2002), sem of flókið mál er að fara út í hér.

- (29) s s s s
 Þegi þú, Frigg, þú ert Fiörgyns mær
 s s s
 ok hefir æ vergiörn verit,

Og þá verður fulllínan að síðlínu gagnvart þessari einu frumlínu. Og síðlínan í (29) er greinanleg með þremur risum, líkt og þrikveðnar síðlínur í ferskeytlu.

Annað atriði sem skilur ljóðahátt frá fornyrðislagi er allsérkennilegt lög-mál, sem ræður því að fulllínurnar geta ekki endað hvernig sem er (sbr. Kristján Árnason 1991/2000:53, Bugge 1879 og Sievers 1893:84). Það var Sophus Bugge sem fyrstur benti á það á 19. öld að dæmigert niðurlag fulllínu í ljóða-hætti er eins og í (30a), þar sem orðin eru tvíkvæð með léttum atkvæðum, eða eins og í (30b), þar sem um er að ræða einkvæð orð.

- (30) a síns um freista *frama* (Hávamál 2,6)
 þótt til kynnis *komi* (Hávamál 30,3)
 skylit maðr þorð *þola* (Hávamál 40,3)
- b hvar skal sitia *siá?* (Hávamál 2,3)
 ok gialda giðf við *giðf* (Hávamál 42,3)
 órir gestr við *gest* (Hávamál 32,6)

Þ.e. línur ljóðaháttar enda á orðmyndum eins og *þola*, *giðf* og *gest*, en geta hins vegar ekki endað á orðum eins og *dæma* eða *randa*, sem hafa þung eða löng áhersluatkvæði. Þetta er því athyglisverðara að þessi þungu orð koma mjög gjarna í lok línu í fornyrðislagi, og svona þungt tvíkvætt orð er eina leyfilega niðurlag dróttkvæðrar línu.

Andreas Heusler, sem aðhylltist tónræna greiningu á öllum germönskum kveðskap, flokkaði þessa lokaliði ljóðaháttar sem sérstaka gerð bragtakta sem hann kallaði *stumpf*, þ.e. stýfða (e.t.v. 'kollótta') (sbr. Heusler 1969:700 o.áfr., 1956:146 o.áfr.).¹² Og eðlilegt er að flokka línulokin í (30) saman og tala í öllum tilfellum um stýfingu.

Til að menn átti sig á því hvað hér er á ferðinni er nauðsynlegt að skýra

¹² Heusler gerði ráð fyrir að taktur í edduháttum hefði fjögur slög, og að valfrelsi ríkti um hversu mörg slög væru fyllt með atkvæðum, og í stýfðum tóktum voru það bara fyrstu tvö slögin sem fengu „fyllingu“, annað hvort af einu áhersluatkvæði eða tveimur léttum. Hann gerði sem sé, eins og eðlilegt er, og margir hafa gert, ráð fyrir að ris gætu verið klofin þannig að tvö létt atkvæði jafngiltu einu þungu (sbr. t.d. Kristján Árnason 1991:56 o.áfr.).

stuttlega hljóðkerfislegt atriði og kerfismun milli formmáls og nútímamáls, sem hvarf með hljóðdvalarbreytingunni. Í fornu máli voru orð með stuttu rötarsérhljóði og einungis einu samhljóði á eftir ófær um að bera réttan tvílið ein og sér, t.d. í dróttkvæðum, heldur mynduðu þá tvö atkvæði í orðmyndum eins og *frama* einn áherslulið sem var hliðstæður einu þungu atkvæði. Þannig gátu atkvæðin tvö í *frama*, ef svo má segja, sameinast um að bera eitt ris, sem þá er kallað að hafi verið klofið. Í fornu máli voru atkvæði sem sé mismöng eða misþung. Líkt og í nútíma ensku, þýsku og sumum norrænum málum og mállýskum, t.d. dönsku, gátu tvö atkvæði sameinast undir einni áherslu, ef svo má segja. Dæmi um þetta í nútímanum eru t.d. enska orðið *silly* 'heimskur' og þýska orðinu *bitte* 'gjörðu svo vel'. Í fornu máli höfðu sem sé atkvæðin tvö í *frama* sömu „vig“ eða „þunga“ og eina atkvæðið í orðmyndum eins og *gest*, *gjof* og *sjá*. Það er því, eins og áður sagði, réttnefni að tala um línurnar í (30) sem stýfðar, eins og Heusler stakk upp á. Óstýfðar línur voru hins vegar þær sem enduðu á orðum eins og *dæma* og *randa* og þaðan af lengri orðum. En það merkilega er, að slíkt gerist mun síður í ljóðahætti en fornyrðislagi, svo ekki sé talað um dróttkvæðan hátt, þar sem þessi orð ein gátu staðið í línulok.

Stýfing (á alþjóðamáli *catalexis*) er alþekkt fyrirbrigði í kveðskap, og hér er íslenskur kveðskapur engin undantekning. Stýfingin er hluti af almennara lögmáli sem felst í því að brageiningum er sleppt í lok bragfræðilegra stofnhluta (svo sem lína, vísna eða vísuhelminga). En hægt er að gera ráð fyrir að stýfing eigi sér stað á tveimur stigum bragarháttá, ef svo má segja. Annars vegar er hægt að sleppa heilum braglið, og hins vegar er hægt að sleppa einni bragstöðu innan bragliðar. Hér má því gera greinarmun á *liðfalli* (e. *truncation*) sem er það að sleppa braglið og *stýfingu* (*catalexis*), sem er það að sleppa hnigi í braglið. Í hinum venjulega ferskeytta hætti endar forlína á stýfðum lið, en síðlínan er liðfelld og hefur bara þrjá bragliði:

- (31)
- | | | | |
|---------------------------|---|---|---|
| s | s | s | s |
| Yfir kaldan eyðisand ø | | | |
| s | s | s | s |
| einn um nótt ég sveima; Ø | | | |
| s | s | s | s |
| nú er horfið Norðurland ø | | | |
| s | s | s | s |
| nú á ég hvergi heima. Ø | | | |

(Kristján Jónsson)

Hér er liðfellingin táknuð með stóru \emptyset , en stýfingin er táknuð með litlu \emptyset . Líta má á þessa tömu liði ekki ósvipað þögnum í tónlist. Frumlínur enda á þöglu slagi, en síðlínur enda á þögglum braglið eða takti, eins og gefið er til kynna með því að setja s fyrir ofan \emptyset .

Þríkveðin síðlínan í ljóðahætti er bæði liðfelld og stýfð eins og hér er sýnt:

- (32) s s s s
 hvar skal sitia síá? \emptyset \emptyset

Hún er liðfelld þar sem hún hefur einum braglið færra en forlínan, en stýfingin felst í því að hniginu eða veiku stöðunni í síðasta bragliðnum er sleppt líka.

Og fróðlegt er að sjá, að hin síðari af tveimur stuttlínum ljóðaháttarins hefur, t.d. í Lokasenu, tilhneigingu til að enda á sama hátt og langlínan (sbr. Kristján Árnason 1991:55). Dæmigerður vísuhelmingur í ljóðahætti er þessi úr Skírnismálum, skrifaður hér á hefbundinn hátt:

- (33) Segðu þat, *hirðir*,
 er þú á haugi *sitr*
 ok varðar alla *vega*,
 (Skírnismál 11,1–3)

Við tökum sérstaklega eftir því að fyrsta stuttlínan endar á þungu tvíkvæðu orði, en hinar línurnar tvær á léttu tvíkvæðu orði eða einkvæðu orði, sem sé stúfi samkvæmt fornum reglum. Þetta verður skiljanlegt í ljósi þess, sem hér er stungið upp á, að stuttlínurnar tvær mynda einingu, og *hirðir* er þá inni í línu, eins og sjá má:

- (34) s s s s
 Segðu þat, *hirðir*, er þú á haugi *sitr*
 s s s
 ok varðar alla *vega*,

En eins og minnst var á eiga stýfing og liðfelling best við í niðurlagi bragfræðilegs stofnhluta.

Auk liðfellingar í síðlínu er sem sé stýfing í línulok einkenni ljóðaháttar, og það er þess vegna sem línurnar enda ekki á tvíkvæðu orði með þungt fyrra atkvæði. En það er hins vegar, eins og minnst var á, hið dæmigerða niðurlag

lína í fornyrðislagi að hafa þar þungt tvíkvætt orð. Línurnar hafa fjögur ris og eru hvorki liðfelldar né stýfðar:

- (35) Hlióðs bið ek *allar* <helgar> *kindir* (Völuspá 1,1–2)
Veit hón Heimdalar hlióð um *fólgit* (Völuspá 27,1)

Með því að líta á edduhætti sem eins konar ferhendur liggur skyldleiki ljóðaháttar og fornyrðislags í augum uppi. Einfalt mál er að **greina ljóðahátt sem fornyrðislag með liðfellda og stýfða síðlinu**. Þessu til viðbótar er langalgengast að frumlínan (síðari stuttlínan) sé stýfð:

- (36)
- | | | | |
|--------|------|-------|--------|
| s | s | s | s |
| Hrís | vex | ok | há |
| grasi | ø | | |
| s | s | s | s |
| Víðars | land | viði; | ø |
| | | ø | Ø |
| s | s | s | s |
| en | þar | møgr | of |
| læzk | af | mars | baki |
| ø | | | |
| s | s | s | s |
| frækn | at | hefna | føður. |
| ø | | ø | Ø |
- (Grímnismál 17)

Önnur dæmigerð ljóðaháttarvísa er sýnd í (37), þótt síðasta línan sé e.t.v. ekki sú einfaldasta.

- (37)
- | | | | |
|------|--------|--------|------|
| s | s | s | s |
| Inn | skal | ganga | / |
| Ægis | hallir | í, | ø |
| s | s | s | s |
| á | þat | sumbl | at |
| siá; | ø | Ø | |
| s | s | s | s |
| iqll | ok | áfo | færi |
| ek | ása | sonom, | ø |
| s | s | s | s |
| ok | blend | ek | þeim |
| svá | meini | miqð. | ø |
| ø | Ø | | |
- (Lokasenna 3)

Hagræðið að því að greina ljóðahátt með þessu móti liggur í augum uppi. Eyður ljóðaháttar eru hliðstæðar eyðum rímnahátta eins og ferskeytlu.

Eitt af þeim vandamálum sem eldri fræðimenn hafa átt erfitt með að leysa er það hversu mörg ris séu í síðlinu ljóðaháttarins. Menn hafa fært rök og til-

fært dæmi sitt á hvað til stuðnings því að þessi lína hafi átt að hafa þrjú ris eða fjögur (sbr. t.d. Hollander 1931, Jónas Kristjánsson 1988:36). Til stuðnings því að gera ráð fyrir tveimur risum hafa menn nefnt dæmi eins og í (38). En eins og sjá má er einfalt að segja að í slíkum tilvikum sé um að ræða tvöfalda liðfellingu:

- (38)
- | | | | |
|-------|-------|----------|----------------|
| s | s | s | s |
| Fróðr | sá | þykkiz | er fregna kann |
| s | s | s | s |
| ok | segja | it sama; | Ø Ø |
- (Hávamál 28,1–3)

Tvöföld liðfelling síðlínu kemur fyrir í rímum, eins og í dverghendu, sem sýnd er í (39):

- (39)
- | | | | |
|-------|------|--------|------------|
| s | s | s | s |
| Fáir | láni | fullu | mega |
| s | s | s | s |
| fagna | hér; | Ø | Ø |
| s | s | s | s |
| þeir | sem | hjarta | ánægt eiga |
| s | s | s | s |
| una | sér | Ø | Ø |
- (Helgi Sigurðsson, sbr. Óskar Ó. Halldórsson 1972:55)

Hér er hliðstæðan augljós og enn fundin einföld lausn á gamalli gátu.

8. Tónræna og lokun

Hér að framan hefur nokkuð verið lagt upp úr þeirri staðreynd að vísaskiptingin sé nýjung edduháttanna gagnvart vestgermönskum kveðskap. Það sem skiptir meginmáli í þessu sambandi er að vísur eiga sér reglulegt upphaf og endi, þær byrja og enda eða lokast, rétt eins og laglínur. Þetta má segja að sé hluti af tónrænu ferskeyttra háttanna og annars bundins kveðskapar.

Ög menn hafa veitt því athygli (sbr. t.d. Attridge 1982:87–8, Hayes & McEachern 1998, Hayes 2000) að tiltekin formeinkenni tengjast því hvernig vísur lokast eða enda. Við höfum séð að stýfðir liðir standa gjarna við lok línu,

miklu síður, eða jafnvel alls ekki, inni í línu. Þetta segir okkur að stýfing er einhvers konar merki um niðurlag eða lokun. Og það sama gildir um liðfellingingu. Það er þá ekki tilviljun að síðlínur hafa færri bragliði en frumlínur. Það að sleppa bragliði er eins konar stýfing og lokun.

Vísa sem byrjaði á þriggja rísa línu og færi síðan yfir í fjögurra rísa línur væri samkvæmt þessu óeðlileg, og hljómaði einkennilega. Og þetta virðist vera raunin, eins og sjá má með því að snúa út úr hinni ágætu vísu Hani, krummi, hundur, svín:

- (40) Hani, krummi, hundur, svín ø
 hestur, mús, tittlingur; Ø
 galar, krunkar, geltir, hrín ø
 gneggjar, tístir, syngur. Ø

Það hljómar vægast sagt sérkennilega að breyta fyrri partinum yfir í eitthvað sem líkist þessu:

- (41) Hani, krummi, hundur Ø
 hestur, mús, tittlingur, svín

Hinn þögli bragliður á mun betur við í lok línuparsins. Stýfing er sem sé merki um niðurlag og það er óeðlilegt að hafa þriggja rísa línu á undan fjögurra rísa línu. Annað merki um niðurlag er endurtekning. Síðustu orð línu eða vísu eru oft endurtekin, eins og í: *Pyrnigerðið hóf sig hátt, hóf sig hátt, hóf sig hátt*. Það hljómar mun undarlegar að segja: *Pyrnigerðið, þyrnigerðið, þyrnigerðið hóf sig hátt*. Vafalaust má finna fleiri svona hluti, og í tónlistinni eru margskonar einkenni notuð til að tákna niðurlag.¹³

Stýfing hefur ótvírætt niðurlagsgildi í kveðskap, og sama má segja um endurtekningu. En það er ekki þar með sagt að þessir hlutir séu það eina sem tákna niðurlag í kveðskap, eða að niðurlag verði ekki sett án þess að einhver sérstök merki komi til. Þannig virðist ekki vera marktækur munur á síðlínunum og frumlínum í fornryðislagi, en samt hafa þær upphaf og endi. En þá má auðvitað ekki gleyma því að endurtekning hrynjandinnar er rauði þráðurinn í hinu ferskeytta formi. Fyrst kemur tvíliður sem er endurtekinn (með ólíkum texta

¹³ Ástæða til að taka fram að ekki er óhugsandi að endurtekningu sé beitt annars staðar, jafnvel í upphafi línu, eins og t.d. hjá Hallgrími: *Upp, upp mín sál ...* Hér má hins vegar gera ráð fyrir að endurtekningin þjóni öðrum tilgangi, t.d. að leggja áherslu eða meiri tilfinningu í textann.

að sjálfsögðu), og svo er tvíliðaparið endurtekið, og þá er kominn vísuhelm-ingur, og svo er vísuhelm-ingurinn endurtekinn, og þá er kominn heil vísa. Og það sem að baki liggur er tónræna eða músíkalítet. Stílfærslan sem fylgir vísnaskiptingunni gengur bara skrefi lengra í ljóðahætti, og þá ætti hann kann-ski að vera að sama skapi ljóðrænni, og kannski er nafngiftin engin tilviljun.

9. Aðskilnaður ljóðrænu og frásagnar hjá norrænum mönnum

Meginatriðið í því sem hér er haldið fram er að edduhættirnir, fornyrðislag og ljóðaháttur, séu til komnir vegna þess að tónrænan sótti á. Sú tónræna sem þar er á ferðinni byggir á endurtekningu eða margföldun með tveimur, og stund-um er stýfingarmeðulum bætt við, þannig að út kemur symmetrískt form með upphaf og endi, sem á veigamikla þætti sameiginlega með ferskeytluformi rímnanna og tónlistarformum.

Hér í lokin skal ýjað að því að hægt sé að nota þessa niðurstöðu til að bæta skilning á bókmenntasögunni og þróun íslenskra fornbókmennta, þótt aðrir séu auðvitað betur til þess fallnir að fjalla um það en sá sem hér heldur á penna. Hin bókmenntasögulega hugmynd sem hér er varpað fram til umhugs-unar er að um leið og sagnaprósinn íslenski þróaðist hafi kveðskapurinn orð-ið músíkalskari; þetta tvennt hafi með öðrum orðum haldist í hendur.

Nauðsynlegt er í þessu sambandi að gera greinarmun á formi og hlutverki (fúnksjón) allra texta, eins og formgerðarsinnar og fúnksjónalistar hafa gert. Það á við um allar segðir og allan texta, að hægt er að skoða form þeirra ann-ars vegar og hlutverk hins vegar; segðir hafa margskonar hlutverk, þær geta verið fyrirskipanir, spurningar, óskir eða frásagnir. Og oft er tiltölulega einfalt samband milli forms og hlutverks. Þannig hafa íslenskar spurnarsetningar til-tekin formeinkenni, t.d. viðsnúning orðaraðar, og skipanir og frásagnir fylgja öðrum formúlum.¹⁴ Hlutverk texta eru af ýmsum toga, og Roman Jakobson hefur flokkað þau í ýmsa undirflokk, svo sem eftir því hvort tilgangurinn er að fræða, eða heilla þann sem talað er við. Í bókmenntum vill hann greina á milli þrenns konar hlutverka, milli lýrískrar, dramatískrar og epískrar fúnk-sjónar, en þessi aðgreindu hlutverk eru oft sögð samsvara hinum málfræðilegu formdeildum: fyrstu, annarri og þriðju persónu. Í grein sinni frá 1997 sem að-

¹⁴ Stundum er reyndar teygð á sambandinu milli forms og hlutverks, eins og þegar segðir eins og: *Viltu rétta mér saltið?*, sem að formi til er spurning er notuð sem ósk eða skipun, en þetta und-irstríkar í raun nauðsyn þess að skilja milli forms og hlutverks eins og hér er lýst.

ur er vitnað til hafa Hanson og Kiparsky (1997:20–21) áréttað þá hugmynd Jakobsons frá 1935, í ritgerð um prósa Pasternaks, að bundið mál sé hið eðlilega form ljóðrænuhlutverksins, þótt auðvitað sé hægt að skrifa ljóðrænan prósa og óháttbundin ljóð. Meginhugmyndin er að eðlilegra (og þá kannski ófrumlegra) sé að bundið mál gegni hinni ljóðrænu fúnksjón.

Ég ætla mér ekki þá dul að útlista hér hvað ljóðræna er, eða í hverju hún er fólgin nákvæmlega, en eitthvað hlýtur það að vera í áttina við það að sá sem talar lýsir tilfinningum sínum beint. Eins virðist ljóðrænan vera tímalaus eða kyrrstæð, í ætt við mynd; það er að minnsta kosti ekki algengt eða vænlegt til að skapa ljóðræna stemningu að setja hlutina í tímaröð með atburðarás og segja sem svo að *fyrst* hafi sólin sigið í hafið og *síðan* hafi kvöldroðinn lýst upp austurfjöllin. Það ríkir að því er virðist kyrrstaða og endurtekning í ljóðrænum texta.

Og sé hugað að því hvers vegna bundið mál á við ljóðrænu, er augljóst að það eru hinir tónrænu eða músíkölsku þættir bundna málsins sem eiga hlut að máli. (Gríska orðið *lyrik* er auðvitað leitt af nafni hljóðfærissins *lýra*.) Ég hef reynt að lýsa því hér að framan á hvern hátt edduhættimur orðu músíkalskari en hinn eldri, vestgermanski kveðskapur. Ef Jakobson hefur rétt fyrir sér ættu sem sé eddukvæðin að vera ljóðrænni en Bjólfskviða og Hildibrandsljóð. Og hér má auðvitað leiða hugann að dróttkvæðunum. Eins og Atli Ingólfsson hefur bent á í *Skírmisgrein* (1994) eru dróttkvæðar vísur afskaplega kyrrstæðar, eins og myndir, og þar eru á ferðinni lögmál sem minna á flókna tónlist. Dróttkvæðar vísur eru að sama skapi óepískar.

Til að forðast misskilning er rétt að taka fram að ekki er ástæða til að drekka bikarinn í botn og gera ráð fyrir að eddukvæðin séu bara ljóðræn, frekar en vestgermönsku kvæðin eru bara epísk að innihaldi, því allt blandast þetta. Hins vegar má spyrja hvort það tvennt haldist ekki einmitt í hendur, að kveðskapurinn varð músíkalskari og ljóðrænni á norðurslóðum, og listrænar lausamálsfrásagnir orðu til. Þróun norrænna bókmennta fól þá í sér, að skilið var á milli formanna sem sinntu hinu ljóðræna hlutverki og þeirra sem sinntu hinu epíska. Þetta hafi með öðrum orðum verið eðlileg þróun í átt til formfágunar samkvæmt þeim lögmálum sem Jakobson og fleiri hafa bent á. Þróun dróttkvæðs háttar sem væntanlega hefur átt sér stað samhliða því að edduhættimur fengu sitt norræna form, er auðvitað af sama meiddi. Og sagnatexti eða þáttur með vísu, sem skapar hið ljóðræna millispil í frásögninni, mótast þá með sama hætti. Vel má hugsa sér að þetta hafi þróast þannig að farið hafi saman (gjarna munnlegar) frásagnir af mönnum og málefnum, og vísur sem

ortar höfðu verið um það sem frá segir í lausamálinu (sbr. t.d. Joseph Harris 1997). Sjálf atburðarásin var rakin í lausu máli, en ljóðrænar stemningar fylgdu í formi vísu, og vel má vera að eddukvæðunum hafi fylgt lausamáls-textar. En vafalaust kom fleira til.

HEIMILDIR

- Atli Ingólfsson. 1994. Að syngja á íslensku. *Skírnir* 168:7–36, 419–59.
- Attridge, Derek. 1982. *The Rhythms of English Poetry*. Longman, London.
- Beowulf and the Fight at Finnsburg*. Fr. Klaeber útg. Third Edition. D. C. Heath, Boston, 1950.
- Braune, Wilhelm. 1994. *Althochdeutsches Lesebuch*. Zusammengestellt und mit Wörterbuch versehen. 17. Auflage bearbeitet von Ernst A. Ebbinghaus. Max Niemeyer Verlag, Tübingen.
- Bugge, Sophus. 1879. Nogle bidrag til det norrøne sprogs og den norrøne digtnings historie, hentede fra verslæren. *Beretning om forhandlingerne på det første nordiske filologmøde i København den 18.–21. juli 1876*, bls. 140–149. Útg. Ludv. F. A. Wimmer. København.
- Davíð Stefánsson frá Fagraskógi. 1943. *Kvæðasafn*. I. bindi. Svartar fjaðrir, Kvæði. Þorsteinn M. Jónsson, Akureyri.
- Eddadigte. I–III. [I: Völuspá, Hávamál, II: Gudedigte, III: Heltedigte. Første del.] Útg. Jón Helgason. *Nordisk filologi*. Tekster og lærebøger til universitetsbrug. A. Tekster. Ejnar Munksgaard, København, 1951–1968.
- Gade, Kari Ellen. 1995. *The Structure of Old Norse Dróttkvætt Poetry*. Cornell University Press, Ithaca.
- Hanson, Kristin & Paul Kiparsky. 1996. A Parametric Theory of Poetic Meter. *Language* 72:287–335.
- Hanson, Kristin, & Paul Kiparsky. 1997. The Nature of Verse and its Consequences for the Mixed Form. Joseph Harris og Karl Reichl (ritstj.): *Prosimetrum: Crosscultural Perspectives on Narrative in Verse and Prose*, 17–44. D. S. Brewer, Cambridge Mass.
- Harris, Joseph. 1997. The Prosimetrum of Icelandic Saga and Some Relatives. Joseph Harris og Karl Reichl (ritstj.): *Prosimetrum: Crosscultural Perspectives on Narrative in Verse and Prose*, bls. 131–63. D. S. Brewer, Cambridge Massachusetts.
- Hayes, Bruce 2000. Faithfulness and Componentiality in Metrics. Handrit, University of California, Los Angeles.
- Hayes, Bruce & Margaret McEachern. 1998. Quatrain form in English folk verse. *Language* 74:473–507.
- Helgi Guðmundsson. 1997. *Um haf innan*. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Helgi Sigurðsson, 1891. *Safn til bragfræði íslenskra rímna*. Reykjavík.
- Heusler, Andreas. 1969. Der Ljóðaháttur. Eine metrische Untersuchung. *Kleine Schriften II*, bls. 690–750. Walter de Gruyter, Berlin. [Líka í *Acta Germanica* I, 2: 89–174, 1889.]

- Heusler, Andreas. 1956. *Deutsche Versgeschichte*. I. Zweite unveränderte Auflage. Walter de Gruyter, Berlin.
- Hollander, Lee M. 1931. Hat die Vollzeile des Liodahátrr zwei oder drei Hebungen? *The Journal of English and Germanic Philology* 30:475–93.
- Hoover, David L. 1985. *A New Theory of Old English Metre*. Peter Lang, New York.
- Jakobson, Roman. 1935/1987a. Linguistics and Poetics. Krystyna Pomorska og Stephen Rudy (ritstj.): *Language in Literature*, bls. 62–94. Harvard University Press, Cambridge Massachusetts.
- Jakobson, Roman. 1935/1987b. Marginal notes on the Prose of the Poet Pasternak. Krystyna Pomorska og Stephen Rudy (ritstj.): *Language in Literature*, bls. 301–17. Harvard University Press, Cambridge Massachusetts.
- Jónas Kristjánsson. 1988. *Eddas and Sagas*. Iceland's Medieval Literature. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Konungsbók eddukvæða*. Codex Regius. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi Gl kgl. sml. 2365 4to. Vésteinn Ólason ritaði inngang. Guðvarður Már Gunnlaugsson ritstýrði textum. Íslensk miðaldahandrit. Manuscripta Islandica. III. Lögberg – Edda, miðlun og útgáfa, Reykjavík, 2001.
- Kristján Árnason. 1980. *Quantity in historical phonology: Icelandic and related cases*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Kristján Árnason. 1983. Áhersla og hrynjandi í íslenskum orðum. *Íslenskt mál* 5:53–80.
- Kristján Árnason. 1985. Icelandic word stress and metrical phonology. *Studia linguistica* 39:93–129.
- Kristján Árnason. 1991. *The Rhythms of Dróttkvætt and other Old Icelandic Metres*. Institute of Linguistics, University of Iceland, Reykjavík.
- Kristján Árnason. 2002. Kuhn's laws in Old Icelandic prose and poetry. *Journal of Germanic Linguistics* 14.3:201–241.
- Kristján Árnason. [Væntanlegt.] *Gegn oftrú á stuðlana. Skorrðæla*. Afmælisrit til heiðurs Sveini Skorra Höskuldssyni.
- Kristján Jónsson. 1986. *Ljódmæli*. Matthías Viðar Sæmundsson útg. Almenna bókafélagið hf., Reykjavík.
- Óskar Ó. Halldórsson. 1972. *Bragur og ljóðstíll*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Russom, Geoffrey. 1987. *Old English Meter and Linguistic Theory*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Russom, Geoffrey. 1998. *Beowulf and Old Germanic Metre*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Rússkij fol' klor*. V. An'kin tók saman. Moskva, 1985.
- Sievers, Eduard. 1893. *Altgermanische Metrik*. Halle.
- Sveinn Yngvi Egilsson. 1999. *Arfur og umbylting*. Hið íslenska bókmenntafélag – Reykjavíkurakademían, Reykjavík.

SUMMARY

The purpose of this paper is to shed a metrical light on the history of the Eddic forms of *fornyrðislag* and *ljóðaháttir* in relation to West Germanic alliterative verse. It starts by pointing out that the main difference between the Eddic poems on the one hand, and West Germanic alliterative poetry on the other, lies in the stanzaic structure of the former. The stanzaic division of the Eddic poems is clearly indicated e.g. in the Codex Regius by punctuation and the use of capital letters at the beginning of each new stanza. This structure is absent from the West Germanic texts, which obviously means that the search for understanding of the relation between the two Germanic sub-genres should start by investigating the development of the Nordic innovation of stanzaic structure.

Modern metrical investigation aims at clarifying the relation between metrical patterns and studying the interplay between characteristics that can be ascribed, on the one hand, to general musical principles, and on the other hand to the linguistic characteristics of the languages to which the texts belong. Among the results of these investigations is the finding that the quatrain form is among the most natural of metrical forms. This is so because of the simplicity of its 4x4 rhythm (quadruple time, cf. e.g. Attridge 1982, Hayes & McEachern 1998, Hayes 2000). Quatrains are widely known, and their ubiquity can be seen as a consequence of their naturalness.

In the light of these considerations, this paper maintains that the difference between the Eddic metres and its West Germanic cognates lies in the stanzaic structure and that the Eddic forms are quatrains, the *fornyrðislag* a basic one and the *ljóðaháttir* a catalectic and truncated one. Thus, like the later *rímur*, the Eddic forms, because of their 4x4 rhythm, became more musical than their West Germanic cognates. But the difference between the style of *rímur* and Eddic metres lies in the rules of realization. The Eddic rhythm demands four strong positions, just like the *rímur* quatrain, but the mapping conditions are different. The Eddic poems base their rhythm on sentence stress, referring to strong or weak words, whereas the rhythm of *rímur* is syllable based, defining its strength requirements on the basis of stress relations below the word level.

Since the Eddic metres are more musical than the West Germanic metres, reference to Roman Jakobson's idea that verse is more suited for the lyric function in literature and prose better suited for the epic function, would seem to suggest that the Eddic poems, being more verse-like in their structure, should be more lyrical in their function than e.g. *Beowulf* and *Hildebrandslied*. This is left as a thought for further study, and so is the connection between this development in the Eddic metres and the rise of skaldic poetry, with its very musical *dróttkvætt* as a basic form.

Kristján Árnason
 Íslenskuskor
 Heimspékideild Háskóla Íslands
 Árnagarði við Suðurgötu
 101 Reykjavík
 kristarn@hi.is

SIGRÍÐUR BALDURSDÓTTIR

HUGMYNDAHEIMUR VOPNFIRÐINGA SÖGU

Byggingarlag sagna frá Austfjörðum¹

1. Inngangur

VOPNFIRÐINGA SAGA er nær eingöngu varðveitt í pappírshandritum frá miðri 17. öld og fram til 1900. Það sem gerir rannsóknarsögu Vopnfirðinga sögu sérstaka er að auk pappírshandritanna er brot af henni til í skinnbókinni AM 162 C fol en það er talið vera frá fyrri helmingi 15. aldar (sbr. *Ordbog over det norrøne prosasprog*:407). Í skinnbókinni er eitt blað úr Vopnfirðinga sögu en það er bæði skert og illlæsilegt. Pappírshandrit sögunnar eru talin ættuð frá eftirriti skinnbókarinnar og það er eyða í þeim öllum sem nemur recto síðu skinnblaðsins en verso síðan kemur heim og saman við pappírshandritin. Þar að auki vantar hluta í öll handrit sögunnar næst á undan þar sem recto síða skinnblaðsins hefst, en þar hefur verið sagt frá vígi Brodd-Helga og fyrstu eftirmálum. Eyðan í Vopnfirðinga sögu og tilurð skinnblaðsins hefur leitt til þess að í rúma öld hefur rannsóknarsagan einkennst af viðleitni manna til að lesa í eyðuna.² Fyrir vikið er Vopnfirðinga saga ein þeirra sagna sem hefur fengið minni athygli fræðimanna sem 13. aldar bókmenntaverk en verðugt er. Menn hafa sífellt verið að bera Vopnfirðinga sögu saman við aðrar sögur en nær væri að meta söguna á eigin forsendum eins og hún er varðveitt. Í skrifum þeirra hefur sagan einatt fengið óþarflega hörð og ómakleg ummæli. Þeir láta þess oft getið að efnistökmum höfundar sé ábótavant og honum verði helst til lítið úr harmrænu efni sínu. Við umfjöllun sína hafa menn reynt að gera Vopnfirðinga sögu að hefðbundinni deilusögu og skrifa þá einkum um fyrri hlutann þar sem segir frá samskiptum Brodd-Helga og Geitis en þeir skrifa minna um samskipti Bjarna Brodd-Helgasonar og Þorkels Geitissonar í síðari hlutanum

¹ Grein þessi er unnin upp úr MA-ritgerð minni, Vopnfirðinga saga – tilurð og túlkun, sem var samin undir leiðsögn Ásdísar Egilsdóttur. Ég þakka Svanhildi Óskarsdóttur og Sverri Tómasyni fyrir þarfar ábendingar við samsetningu greinarinnar.

² Í MA-ritgerð minni geri ég ítarlega grein fyrir rannsóknarsögu skinnblaðsins og útgáfu Jóns Helgasonar (1975:1–97) á því.

eða sleppa honum alveg. Því hefur heildarhugsun sögunnar ekki verið gefinn sá gaumur sem verðugt er og þýðing síðari hluta sögunnar hefur gleymst. Þrátt fyrir eyðuna er sagan falleg og vel gerð að mörgu leyti og stendur vel fyrir sínu. Efni Vopnfirðinga sögu er sérlega harmþrungin því þar berast nánir vinir og ættmenni á banaspjót en sagan nýtur þess að mannlýsingar eru mjög vel gerðar. Vopnfirðinga saga er einnig heilsteypt í byggingu, efni hennar snýst um eina megindeilu, það er í góðu röklegu samhengi og útúrdúralaust.

Sterk höfundarvitund Vopnfirðinga sögu kemur fram í hliðstæðubyggingu sögunnar en samskipti Brodd-Helga og Geitis í fyrri hlutanum mynda hliðstæðu við samskipti Bjarna og Porkels sem taka deilur feðra sinna í arf. Á hinn bóginn er allt með öfugum formerkjum í síðari hluta sögunnar og þar er greinileg áherslan sem lögð er á að draga fram hvernig ungu mennirnir leysa sín mál með öðrum og friðsamari hætti en þeir eldri. Sýnt er hvernig Bjarni og Porkell ná að koma á jafnvægi í samfélaginu með því að sættast heilum sáttum.

Þessi sama vitund er fyrir hendi í Þorsteins sögu hvíta og Þorsteins þætti stangarhöggs en fræðimenn hafa vikið að sambandi sagnanna við Vopnfirðinga sögu. Afstaða höfundar kemur ekki síður fram í mannlýsingum frásagnanna sem kallast á með margvíslegum hætti. Það sjónarmið höfundar að fordæma ranga siðferðilega breytni kemur skýrt fram í frásögnunum þremur. Í þeim myndum sem brugðið er upp af athöfnum manna sést, þegar grannt er skoðað, að þar fer fram umræða um muninn sem er á heiðnum og kristnum lífsgildum. Höfundurinn tekur afstöðu með þeim sem breyta rétt en gegn þeim sem beita rangindum og sýna öðrum yfirgang.

2. Byggingarlag nokkurra sagna frá Austfjörðum

Meðal fræðimanna hefur það viðhorf verið ríkjandi að sögurnar frá Austfjörðum hafi nokkra sérstöðu miðað við sögur frá öðrum landshlutum. Í þeim koma margar sömu persónurnar fyrir og talin hefur verið þörf á að rannsaka betur tengslin á milli þeirra en gert hefur verið til þessa. Á þessu tómlæti er engin ein sérstök skýring en hægt er að koma með þá tilgátu að þar sem sögurnar eru að ýmsu leyti mjög sundurleitar þá hafi mönnum þótt lítt fýsilegt að rannsaka þær í heilu lagi. Þær eru flestar stuttar og nokkrar eru illa varðveittar. Ein þeirra, Hrafnkels saga, er tekin sem dæmi um fullkomnun bókmenntalegrar sköpunar meðan önnur, Vopnfirðinga saga, er talin illa skrifuð og sú þriðja, Fljótsdæla saga hefur lengst af verið álitin ýkjukennnd skróksaga.

Á tímum sagnaritunar höfðu Austfirðirnir einnig þá sérstöðu að þar voru menn ekki tengdir helstu hernaðarbandalögum, þar var minna um deilur en í öðrum landsfjórðungum og mestu valdaættirnar bjuggu á öðrum svæðum landsins. Á Austurlandi var lítið um mannmörg hérud og svæðið víða strjálbyggt. Dagleiðir á Þingvöll voru fleiri en frá öðrum hlutum landsins og líklegt að menn þaðan hafi ekki farið eins oft til Alþingis og þeir sem áttu skemmri veg að sækja. Austfirskir höfðingjar hafa því væntanlega haft minni áhrif á löggjöf landsins en menn úr öðrum fjórðungum landsins (Bogi Th. Melsteð 1910:219).

Skrif fræðimanna um frásögnina af Brandkrossa er gott dæmi um það hvernig vikið hefur verið að tengslum milli sagna frá Austfjörðum. Jón Jóhannesson segir að upphaf Brandkrossa þáttar bendi til þess að hann hafi verið saminn sem viðauki framan við Droplaugarsona sögu og segir hann vera sérstakt upphaf sögunnar (1950:v, lxxxii–lxxxvi). Grímur M. Helgason og Vésteinn Ólason eru á sama máli og telja þáttinn „saminn til að skeyta framan við Droplaugarsona sögu“ (1972:x). Sverrir Tómasson hefur leitt líkur að nán- um tengslum Fljótsdæla sögu og Hrafnkels sögu (1994:787–799) en fram til þessa hafa sögurnar verið álitnar svo ólíkar að þær gætu vart tilheyrnt sömu bókmenntagein.

Jafnframt álíta fræðimenn að samband sé á milli Þorsteins sögu hvíta og Vopnfirðinga sögu, en síðasti kafli Þorsteins sögu er nánast samhljóða fyrsta kafla Vopnfirðinga sögu. Áður fyrr töldu þeir að kaflinn væri viðauki eða inn- gangur skrifara sem hefði þekkt Vopnfirðinga sögu (Jakobsen 1902–03:x–xi, Finnur Jónsson 1923:507). Margt bendir á hinn bóginn til þess að tengslin milli sagnanna séu nánari og að þau gefi tilefni til að líta á Þorsteins sögu hvíta sem upphaf Vopnfirðinga sögu og að frásögnin af Þorsteini stangarhögg geti verið framhald af Vopnfirðinga sögu. Sögurnar þrjár, bindast saman efnislega þar sem þær fjalla allar um Þorstein hvíta og afkomendur hans. Hugmyndafræðilegt viðhorf sagnanna spyrðir þær einnig saman því að þær eru allar sögur tveggja kynslóða þar sem afstaða eldri kynslóðar til hefndarsíðferðis samfélagsins er önnur en hinnar yngri. Auk þess bendir sú staðreynd, að þeim er skipað saman í handrit, til þess að skrifarar hafi álitnið að þær tengdust.

2.1 Fljótsdæla saga – Hrafnkels saga

Fljótsdæla saga hefur um alllangt skeið verið talin það ung og öfgakennd að hún geti naumast átt samleið með öðrum Íslendingasögum og hefur Jón Jó-

hannesson (1950:xcix) af þeim sökum talið álitamál hvort sagan eigi að teljast til íslenskra fornrita:

Fljótsdæla saga er síðgotungur í þeirri bókmenntagrein, sem kölluð er Íslendinga sögur. Þegar hún var saman sett, hafði engin Íslendinga saga verið samin um langt skeið, svo að kunnugt sé.

Stefán Karlsson hefur lengi verið þeirrar skoðunar að Fljótsdæla saga sé mun eldri en talið hefur verið og hefur birt grein um rannsóknir sínar á aldri sögunnar. Í greininni hrekur Stefán rök nokkurra fræðimanna sem hafa álitnið að sagan væri með yngri sögum en allmikill ágreiningur hefur verið meðal þeirra um aldur hennar (1994:743–759). Það er niðurstaða Stefáns að Fljótsdæla saga sé ekki samin löngu seinna en allar Íslendingasögur. Hún sé varla yngri en frá 14. öld og jafnvel frá aldamótum 1300 (1994:754).

Sverrir Tómasson hefur skrifað um byggingu Hrafnkels sögu þar sem hann spyr hvort Hrafnkels saga geti ekki verið hluti af stærri heild og hvort þar sé ekki um að ræða samsteypuverk (1994:796),

Austfirðinga sögu, sem sagt hefur frá ævum ættmenna Hrafnkels í margar kynslóðir? Í einu handriti sögunnar, AM 551 c 4to, fylgir hin svokallaða Fljótsdæla saga strax á eftir Hrafnkels sögu.

Sverrir fjallar um evrópskt byggingarlag frásagna í grein sinni og bendir á að al-gengasta aðferð miðaldahöfunda hafi verið að skipta frásögn í tvennt en að þeir hafi jafnframt þekkt og notað fleiri aðferðir og vitnar í Eugène Vinaver.³ Sverrir telur að íslenskir fræðimenn hafi ekki gefið þessu byggingarlagi nægilegan gaum en Carol Clover hafi verið fyrst til að gera grein fyrir því í íslenskum miðaldabókmenntum og byggt rannsóknir sínar á skrifum Vinavers og Williams Rýd-ings. Að mati Sverris þjónar tvískipt bygging Hrafnkels sögu ákveðnum tilgangi höfundar. Hann bendir á tvískipta byggingu helgisagna og telur að það sama gildi um byggingarlag veraldlegra sagna og heldur því fram að með þekkingu á þessu byggingarlagi hefðu fræðimenn átt auðveldara með að skýra tengsl lengri og styttri gerðar Gísla sögu og sömuleiðis Njáls sögu sem menn álitu að skiptist í tvo hluta (1994:791–792). Það sama gildi um Hrafnkels sögu (1994:797–798):

³ Vinaver (1971:68–98) sá að tvískiptingin á ekki við um öll miðaldaverk og hann sýndi fram á í bók sinni *The Rise of Romance* að *amplificatio* á ekki eingöngu við um stíl heldur líka um byggingu. Þá er leitast við að þenja frásögnina út með því að auka við hana efni sem gjarna er endurtekið og stigmagnað (sjá 6. nmgr. á bls. 66).

sögunni er skipt í tvo helminga líkt og lífssögu á tvískiptri altarisbrík. Hún hefur líklegast verið til sjálfstæð, en á 14. öld hefur einhver sagna-meistari á Héraði viljað segja sögu sveitar sinnar alveg frá upphafi byggðar. Hann hefur því fellt Hrafnkels sögu inn í stærri heild, þar sem hún verður annar helmingur sveitarsögu, hinn er saga þeirra Helga og Gríms Droplaugarsona.

2.2 Vopnfirðinga saga

Mat nútímamanna á því hvernig góð skáldverk skuli byggð upp má rekja til kenninga sem Aristóteles setti fram í riti sínu *Um skáldskaparlistina*. Þótt menn hafi þekkt til Aristótelesar allt frá því að latnesk þýðing var gerð á ritinu þá var það ekki fyrr en á 16. öld, er ritið kom út með skýringum á Ítalíu, sem kenningar hans náðu verulegri fótfestu í bókmenntaheiminum (1976:56–61).

Þegar fræðimenn síðari tíma hefja rannsóknir á íslenskum fornþekkingum má sjá þess merki að þeir byggja gagnrýni sína iðulega á þessum sömu aristótélísku forsendum og hafa þeir oft bent á að Vopnfirðinga saga sé skrifuð af lítilli fimi og orðið tíðrætt um galla á byggingu sögunnar og frásagnarhætti.⁴ Á hinn bóginn þykja sögur því meiri listaverk sem þær eru einfaldari í byggingu, eru sagðar í rétttri tímaröð og atburðaröð þeirra á helst að vera bein og óslitin.

Vopnfirðinga saga er ein þeirra sagna sem fellur einkar vel að þeim hugmyndum sem William Ryding hefur sett fram um byggingu miðaldabókmennta.⁵ Ryding telur að finna megi þrjú megineinkenni á byggingu miðaldabókmennta. Í fyrsta lagi er það tvískiptingin sem einnig kallast samhverfu- eða hliðstæðubygging og naut mestrar hylli frá 11. öld og fram á hina 13. og er sögu þá skipt í tvo nokkurn veginn jafna hluta. Það er einkenni á hliðstæðubyggingunni að um er að ræða hliðstæður og andstæður í senn, söguhlutarnir tveir kallast á og veita hvor öðrum merkingarauka (1971:25–27, 69–81).

Í bók sinni *The Medieval Saga* segir Carol Clover að þessi bygging sjáist skýrt í ýmsum Íslendingasögum svo sem Hrafnkels sögu, Njáls sögu, Egils sögu, Grettis sögu og Heiðarvíga sögu (1982:19–24, 38–39, 45–49).

⁴ Um það má lesa hjá Finni Jónssyni 1923:510, Jóni Jóhannessyni 1950:xiv–xv og Jónasi Kristjánssyni 1988:247.

⁵ Í bókinni *Structure in Medieval Narrative* sýnir Ryding (1971:62–161) fram á samfellda þróun í innri gerð bókmennta. Hann rannsakar einkum franskar 12. og 13. aldar bókmenntir og telur að meginmarkmið miðaldahöfunda hafi verið að lengja sögur, að þenja út söguefni sem þeir þekktu fyrir, en ekki að semja nýjar frumlegar sögur.

Kolbrún Haraldsdóttir hefur fært rök fyrir því að ritstjóri Flateyjarbókar sé með hliðstæðubygginguna í huga þegar hann rýfur rétta tímaröð í verkinu með því að skjóta inn nokkrum stuttum þáttum milli hinna tveggja stóru sagna, Ólafs sögu Tryggvasonar og Ólafs sögu helga (1991:61–64).

Tvískipting er einkenni á byggingu Vopnfirðinga sögu en ásamt því að skiptast í tvo helminga er hún um leið saga tveggja kynslóða. Í fyrri hlutanum er sagt frá samskiptum Brodd-Helga og Geitis og lýkur þeim hluta með drápi Brodd-Helga. Þar á eftir fer síðan stuttur kafli þar sem segir frá eftirmálum eftir víg Brodd-Helga. Í síðari hlutanum er sagt frá sonum þeirra, Bjarna og Þorkatli, sem taka deilur feðra sinna í arf. Þeir eru ólíkir feðrum sínum, Brodd-Helgi er ofstopamaður en Bjarni sonur hans friðarsinni. Geitir er vitur maður og seinþreyttur til vandræða en Þorkell sonur hans reynir ítrekað að koma fram hefndum eftir föður sinn. Við umfjöllun um Vopnfirðinga sögu hafa fræðimenn yfirleitt fjallað meira um fyrri hluta sögunnar en lítið um söguna sem heild. Þar sem hlutarnir tveir eru hliðstæðir en andstæðir um leið þá dýpkar það heildarhugsun sögunnar að rannsaka síðari hlutann með skírskotun til atburðarásar fyrri hlutans.

Annað einkenni miðaldabókmennta er stigmögnun eða *amplificatio*.⁶ Svo virðist sem miðaldamönnum hafi ekki þótt það sérstakt lýti á sögum, á sama hátt og nútímamönnum, þótt frásagnareiningar væru endurteknaðar með nokkru tilbreytingarleysi. Þetta þjónaði fyrst og fremst þeirri tilhneigingu miðaldahöfundar að skýra nánar efnið sem þeir höfðu í höndunum, auka við það og gera það fyllra en um leið að magna áhrifamátt þess. Ryding greinir á milli tvenns konar stigmögnunar, efnislegrar stigmögnunar sem felst í því að auka inn efnisatriðum og stúllegrar stigmögnunar sem felst í því að segja sama hlutinn með fleiri orðum (1971:65–82).⁷

Efnislegrar stigmögnun er beitt í Vopnfirðinga sögu en þar koma í tvígang fyrir deilumál tveggja aðila sem virðast standa fyrir utan hina eiginlegu atburðarás. Í fyrra skiptið er sagt frá útistöðum Svarts og Skíða en í seinna skipt-

⁶ Í *Íslenskri stílfraði* er fjallað um stílbrogð sem eru komin frá fornri mælskufræði, þar er einn flokkur stílbragða sem nefnist „Upptalningar“ og innan hans er *amplificatio* skýrt svo: „Orðmögnun. Sama atriði ítrekað í endurtekningu með náskyldu orðalagi, oft í mun lengra máli“. Og náskyllt er „*commoratio*: Að leggja áherslu á tiltekið atriði með því að endurtaka það nokkrum sinnum með mismunandi orðum“ (Þorleifur Hauksson 1994:155).

⁷ Vinaver hefur einnig bent á þetta eins og nefnt var hér að framan. Matthew Driscoll hefur notað þetta til þess að skera úr um hvort tveggja handrita af Sigurðar sögu þögla sé eldra og kemst að þeirri niðurstöðu að bæði handritin séu runnin frá einu forriti. Hafi sitt hvorri aðferðinni verið beitt á handritin tvö sem fyrir liggja (1992:xcii–cxxxiii).

ið frá ágreiningi Þórðar og Þormóðar. Í báðum tilvikum er deiluefnið þekkt minni, þrætur um landsnyttjar; Svartur og Skíði deila um beit en Þórður og Þormóður um skógahögg og beit. Hér er augljóslega um það að ræða að frásagnareiningar eru endurteknar, þær eru hliðstæðar en mynda merkingarlegar andstæður um leið. Það varpar ljóma á Brodd-Helga í byrjun sögunnar þegar hann ryður Svarti úr vegi:⁸ „Varð Brodd-Helgi víðfrægur og lofaður mjög af alþýðu fyrir þetta þrekvirki er hann hafði unnið, jafn ungur sem hann var enn að aldri“ (1988). Afskipti Brodd-Helga af deilumálum Þórðar og Þormóðar eru með öðru móti, þar er hann sýndur sem ójafnaðarmaður og valdníðsla hans er undirstrikuð. Hann eyðileggur stefnu Þormóðar, drepur hann og fleiri af mönnum Geitis og vanvirðir líkin: „Geitis menn undu stórilla sínum hlut og við ekki annað verr en það að þeir náðu eigi að jarða frændur sína og ástmenn“ (1995). Hér bætir höfundurinn við efni sem er af sömu gerð og fyrir er í sögunni því ágreiningur Þórðar og Þormóðar myndar samsvörun við deilu Svarts og Skíða, þar er sama minnið endurtekið á stærri og áhrifameiri hátt. Tilgangur höfundarins er að knýja atburðarásina áfram, skapa spennu í frásögninni og magna áhrifamátt hennar.

Stíllegrri orðmögnum er beitt þegar sagt er frá því hversu ákaft er um vináttu Brodd-Helga og Geitis í þeim tilgangi að höfða til tilfinninga áheyrenda eða lesenda sem geta þá gert ráð fyrir að eitthvað búi undir:

Peir voru mjög jafngamlir, bræður og Brodd-Helgi, og var með þeim vinfengi mikið (1988).

Svo var vingott með þeim Brodd-Helga og Geiti að þeir áttu hvern leik saman og öll ráð og hittust nær hvern dag og fannst mönnum orð um hversu mikil vinátta með þeim var (1989).

Og sú er einmitt raunin því höfundur notar sömu tækni þegar hann lýsir óvináttu þeirra sem síðar þróast í fullan fjandskap: „og tók að fækkast með þeim“ (1991). „Tók þeirra vinfengi þá heldur að minnkast“ (1992). „og gerðist nú hin mesta óþykkja með þeim Brodd-Helga og Geiti“ (1993). „Eftir þetta óx mikil óþykkja með þeim Brodd-Helga og Geiti“ (1996).

Hartmut Röhn hefur rannsakað hvernig höfundar Íslendingasagna tjá

⁸ Allar beinar tilvitnanir í Vopnfirðinga sögu, Þorsteins sögu hvíta og Þorsteins þátt stangarhöggs hér á eftir eru í útgáfu Svarts á hvítu, *Íslendinga sögur og þættir* III, nema annað sé tekið fram og er blaðsíðatal í sviga við tilvitnun.

innri og ytri tíma á meðvitaðan hátt og hvernig mismunandi tímatilvísanir þjóna ákveðnu hlutverki í byggingu og merkingu frásagnar. Röhn telur að tímalýsingar í inngangsköflum einkennist annars vegar af tilvísunum til ákveðinna atburða eða persóna í ytri tíma og hins vegar af óljósum innri tíma, að inngangur hafi ekki skýra tímalega tengingu við aðalhluta sögu og að lokahluti sögu einkennist af óljósum innri tíma (Röhn 1976:29–32). Þessa sér stað í Vopnfirðinga sögu en innan sögunnar er mjög sterk tímavitund og sést greinilega hvernig gefið er til kynna á almennan hátt að tíminn líði áfram í inngangsköflum með því að sagt er: „Frá því er sagt einnhvern dag að Hofi“ (1987). „Í þann tíma er Þorsteinn bjó að Hofi og Brodd-Helgi óx upp með honum þá bjó sá maður ...“ (1988). „Eitthvert sumar er frá því sagt ...“ (1989). Tilgangurinn með þessum orðum er að gefa til kynna að það líður óskilgreindur tími innan frásagnarinnar. Röhn bendir á að tímatilvísanir verði nákvæmari þegar mikilvægir atburðir gerast en jafnframt að þá skiptist á knappar tímalýsingar sem tjá langan tíma en tíðindalausar og ítarlegar lýsingar þar sem greint er nákvæmar frá einstökum skrefum, þar eru samtöl persóna og tímaatviksorð áberandi innan frásagnarinnar. Röhn telur að andstæður í tímalýsingum séu notaðar mjög markvisst til að undirbúa mikilvæga atburði og gera þá merkingarbæra og það verði greinilegt þegar hápunktur innan frásagnar er í nánd (Röhn 1976:131–138). Í Vopnfirðinga sögu kemur þetta glögglega fram en þar skiptast á samþjappaðar lýsingar þar sem þekktar tímaformúlur eru notaðar í þessu skyni og sagt: „Og er nú kyrrt um hríð“ (1996). „Fara menn nú heim af þingi og var nú kyrrt um hríð“ (1997). Í lok 12. kafla er sagt: „Fer Geitir heim og er nú allt kyrrt um veturinn“ (1998). Hér er verið að segja frá því að veturinn líði tíðindalaus en einnig er skipt um svið því að 13. kafli hefst á orðunum: „Um vorið eftir ...“ (1998). Hins vegar sér þess stað hvernig frásögnin hægir á sér og verður ítarlegri þegar tíðinda er að vænta eða þau standa yfir. Þá er allt nákvæmara, dvalið við lýsingar og bætt við smáatriðum í þeim tilgangi að auka spennu og vekja áhuga áheyrenda. Frá því að Hrafn Austmaður⁹ kemur við sögu uns Þorleifur kristni kemur til baka eftir að hafa greitt erfingjum hans fjármuni líða tvö ár. Hrafn kemur um sumar, dvelur um veturinn og er þá drepinn. Um vorið tekur Þorleifur kristni fjárhlut hans og það sumar er Brodd-Helgi ókátur. Þá hefur liðið heilt ár. Síðan kemur Þorleifur kristni aftur sumarið þar á eftir þannig að tvö ár hafa liðið. Digur-Ketill og menn hans eru í tvær nætur hjá Þorleifi kristna. Í 9. kafla fer Geitir í

⁹ Hrafn er annar stýrimaður og félagi Þorleifs. Hann á gullhring og kistil sem menn telja fullan af gulli og silfri. Brodd-Helgi og Geitir hafa ágimd á eigum Hrafnis.

heimsókn og er meira en viku í ferðinni. Þorvarður læknir er sjö nætur í Krossavík að græða sár Þorkels. Stundum gerist eitthvað á hluta úr degi eða tekur heilan dag. Þegar Geitir og menn hans vilja freista þess að sækja lík fallinna félaga sinna heim að Hofi verða þeir að fara hægt og gætilega að öllu: „Þeir þæfast þannig við um daginn ...“ (1995). Hér lýsir orðavalið greinilega því sem fram fer, en í sögninni að *þæfa* felst dvöl eða töf. Hún hefur merkinguna ‘þjarka, deila, berjast lengi fyrir e-u, vinna linkulega’. Af sama toga er nafnorðið *þóf* (Ásgeir Blöndal Magnússon 1989:1184, 1210–1211).

Þriðja einkenni miðaldabókmennta samkvæmt Ryding er samþætting. Þá er átt við það þegar mörgum sögum fer fram samtímis og frásögnin vîkur stöðugt á milli sviða. Þannig geta í einni sögu verið mörg þemu eða margir söguþræðir í gangi í einu og hefur byggingu sagnanna verið líkt við mósaikmyndir eða ofið teppi þar sem mynstrið teygir sig í margar áttir. Af og til má sjá að atvik eða persónulýsingar kallast á milli frásagnarsviða og er hugmyndin sú að endurhljómurinn auki hin listrænu áhrif í sögunni. Stundum koma *efnisþræðirnir svo saman í lokin eins og þekkist í sakamálasögum*.

Samþætting sést í Vopnfirðinga sögu, einkanlega þar sem segir frá samskiptum Brodd-Helga við Höllu eiginkonu sína. Halla er í upphafi kynnt til sögu sem kona Brodd-Helga og systir Geitis. Þegar þeir Brodd-Helgi og Geitir hafa látið drepa Hrafn Austmann fer Þorleifur kristni, félagi hans, til Krossavîkur og sækir fjárhlut hans. Þá fléttar höfundurinn inn í frásögnina eftirfarandi vitneskju: „Halla var þar, Lýtingsdóttir, og skipti sér engu af“ (1990). Meira er ekki sagt en tilgangurinn er greinilega að skapa spennu í frásögninni. Halla kemur næst við sögu í 6. kafla þegar hún er orðin veik og Brodd-Helgi skilur við hana. Í lok 8. kafla er frásögnin annars vegar fleyguð með upplýsingum um að Þorkell Geitisson hafi farið utan og ekki verið viðriðinn deilur föður síns og Brodd-Helga. Hins vegar er því komið á framfæri að: „Vanmáttur Höllu Lýtingsdóttur í Krossavík gerðist mikill og hættilegur“ (1996). Þarna getur höfundurinn fléttað þessu inn í frásögnina því að hann hefur þegar greint frá veikindum hennar. Auk þess er af og til skotið inn vitneskju sem tengir saman þræði í frásögninni, einkum í síðari hlutanum, þar sem sagt er frá útkomu Þorkels Geitissonar eftir að Bjarni hefur vegið föður hans og síðar er Þorkell sendir eftir aðstoð Helga og Gríms Droplaugarsona þegar honum hefur mistekist í þrigang að koma fram hefndum á Bjarna.

Í Vopnfirðinga sögu má greina öll atriðin þrjú, tvískiptingu, stigmögnun og samþættingu, sem einkenna byggingu miðaldabókmennta. Þar er og á markvissan hátt unnið með innri tíma til að undirbúa atburði og ljá textanum merkingu.

2.3 Þorsteins saga hvíta

Ryding fjallar ekki um fornorrænar bókmenntir í bók sinni en það gerir Clover hins vegar í bókinni *The Medieval Saga* eins og áður var nefnt. Í stuttu máli má segja að hún finni skýrar hliðstæður í íslensku sögunum við þau atriði sem Ryding telur upp; tvískiptingu, stigmögnun og samþættingu. Þetta notar hún sem röksemd fyrir því að rekja megi rætur íslensku sagnanna til hinna frönsku sagna og söguljóða frá 12. og 13. öld. Sumir mundu fremur vilja halda því fram að allt væri þetta af einni og sömu rót en íslensku sögurnar ekki endilega runnar af þeim frönsku, þótt svo vilji til að Ryding fjalli fyrst og fremst um þær (Vésteinn Ólason 1984:178–179). Annað atriði sem íslenskir fræðimenn hafa verið tortryggir á er að hæpið er hvort frönsku sögurnar séu nógu gamlar til þess að áhrifin geti hafa borist hingað á svo skömmum tíma.

Margar athuganir Clover eru áhugaverðar og bendir hún meðal annars á þá hneigð miðaldahöfunda að semja stuttar forsögur að meginsögnum og nefnir dæmi um slíkt í Fóstbræðra sögu, Laxdæla sögu og Njáls sögu (1982:37–38).

Þessa sömu hneigð má greina í lokapáttum Íslendingasagna. Clover vitnar í Andersson sem rannsakaði 24 sögur og fann lokapætti í 21 þeirra, stuttar frásagnir sem standa utan við meginsöguna þar sem segir frá afdrifum aðalpersóna og dæmi um það eru í Fóstbræðra sögu og Hallfreðar sögu. Stundum er þar greint frá afdrifum aukapersóna; þannig segir í Gunnlaugs sögu frá Helgu fögru og í Njáls sögu greinir frá því hvað varð um Kára Sölmundarson (1982:39–40).

Það er greinilegt að þetta byggingarlag er fyrir hendi í sögunum frá Austfjörðum ekki síður en í öðrum Íslendingasögum. Hins vegar hafa þær sögur verið minna rannsakaðar en margar aðrar eins og nefnt var hér áður og handritavarðveisla þeirra er frekar slæm. Það er auðvelt að líta á Þorsteins sögu hvíta sem forsögu eða inngang að meginsögu sem er Vopnfirðinga saga og frásögnin af Þorsteini stangarhögg er á sama hátt nokkurs konar framhald þeirrar meginsögu, en þar er sagt frá afdrifum aðalpersónu sem meginsagan getur ekki um.

Clover hefur bent á að samþætting einkenni byggingu Þorsteins sögu hvíta. Hún nefnir sérstaklega 3. kafla sögunnar þar sem fimm persónur eru kynntar hver á eftir annarri. Þeim er lýst mjög stuttlega, greint er frá tengslum þeirra við Hofverja, þeim eru gefnar einkunnir sem segja meira en mörg orð en þeim er síðan haldið í tímabundinni frásagnarbið uns atburðarásin krefst þátttöku þeirra í framvindunni. Hópkynningar eru þannig eins og sérofinn jað-

ar í vef þar sem allir þræðir, stórir og smáir, eru jafnir og mynda uppistöðuna. Það er síðan í framvindu frásagnarinnar, eða í mynstri vefnaðarins, sem innbyrðis tengsl verða ljós og mynd þeirra skýrist. Þannig birtist Þorsteinn fagri sem hetja en Þorkell flettir reynist vera aukapersóna sem kemur aðeins stuttlega við sögu í lok frásagnarinnar. Hvernig farið er með hann sýnir áhrifamátt samþættingar í frásagnartækninni. Með því að kynna persónur fyrirfram getur höfundurinn hins vegar kallað þær til leiks hvenær sem er án frekari útskýringa. Þótt samþætting sé notuð á mismunandi hátt í frásögnum þá eru sviðsskiptingar áhrifamestar, og þær eru vel gerðar í Þorsteins sögu hvíta. Samþætting grundvallast á því að skipta um sjónarhorn en það hvort sviðsskiptingar eru hraðar eða hægar í sögum fer eftir því hvernig höfundinum tekst að láta frestun og spennu skiptast á í frásögninni á listrænan hátt (1982:67–70).

Fræðimenn hafa ekki verið margorðir um Þorsteins sögu hvíta. Í *Íslenskri bókmenntasögu* II er Þorsteins saga hvíta ekki nefnd á nafn (Vésteinn Ólason 1993:23–163). Í formála að útgáfu sögunnar frá 1972 telja útgefendur að höfundurinn hafi ætlað sér að endursemjja Vopnfirðinga sögu en gefist upp við það (Grímur M. Helgason og Vésteinn Ólason 1972:viii).

Jón Jóhannesson hefur ákveðnar hugmyndir um tilurð Þorsteins sögu. Í formála að útgáfu sögunnar í *Íslenskum fornritum* vitnar hann í Finn Jónsson og nefnir hvernig hann og aðrir fræðimenn hafi álitid síðasta kaflann vera viðauka skrifara því að það sé einungis án hans sem viðunandi endir fáist á sögunna. Jón hafnar þessari útskýringu en hann telur þó að höfundi takist fremur illa upp við að skrifa skipulega sögu. Hann segir meðal annars (1950:vi–vii):

Saga þessi er einkennilega saman sett. Hún hefst á frásögn af Þorsteini hvíta og er við hann kennd í lokin. En Þorsteinn hvíti er þó eigi aðalmaðurinn í meginhluta sögunnar, heldur Þorsteinn fagri. ... Mér hefir því komið til hugar, að höfundur Þorsteins sögu hafi eigi ætlað sér í upphafi að semja sérstaka sögu, heldur auka og endursemjja alla Vopnfirðinga sögu meira eða minna, ... Svipuð dæmi eru kunn úr öðrum áttum.

Á þennan hátt segir Jón Jóhannesson næstum allt sem segja þarf, einungis á annan hátt en Clover og Ryding. Hann nefnir að vísu ekki stigmögnun en hann talar um að höfundurinn hafi ætlað sér að „auka og endursemjja alla Vopnfirðinga sögu“ og bendir á samsvarandi dæmi í Gísla sögu og Droplaugarsona sögu. Síðari tíma fræðimenn hafa einmitt nefnt að lengri gerð Gísla sögu sé

amplificatio af styttri gerð sögunnar. Þeir hafa einnig bent á að frásögnin af Brandkrossa sé forsaga að Droplaugarsona sögu eins og nefnt var hér á undan.

Það er augljóst að höfundur Þorsteins sögu hvíta hefur haft þetta byggingarlag í huga þegar hann hóf verk sitt; hann hefur viljað skýra námsefnið, magna áhrifamátt þess. Tilraun höfundar til að útlista viðurnefni Brodd-Helga í Þorsteins sögu fellur nákvæmlega að slíkum skýringartilhneigingum. Þar talar höfundur um að heillavænlegra sé að hafa tvö nöfn og það hafi verið átrún-aður að þeir menn lifðu lengur sem hefðu tvö nöfn. Í Vopnfirðinga sögu er viðurnefni Brodd-Helga hins vegar einfaldlega útskýrt í fáum orðum eftir graðungabardagann og þar er sagt: „Af þessum atburði var hann kallaður Brodd-Helgi“ (1987). Það er greinilegt að höfundur Þorsteins sögu hvíta hefur talið þörf á að segja betur frá Þorsteini hvíta, afa Brodd-Helga, en gert er í Vopnfirðinga sögu. Orð höfundar í lok sögunnar gefa þann ásetning hans til kynna (2060):

Einn vetur lifði Þorsteinn hvíti síðan er þeir Þorsteinn fagri skildu og þótti hann verið hafa hið mesta mikilmenni ... Og lýkur hér sögu Þorsteins hins hvíta.

Þorsteins hvíta er aðeins getið lítillega í Vopnfirðinga sögu og Þorgils sonar hans og föður Brodd-Helga varla neitt.

Í Þorsteins sögu kemur hins vegar fram að Þorsteinn hvíti er drengur góður og allra manna vinsælastur. Sáttin sem Þorsteinn hvíti gerir við nafna sinn ber og göfugmennsku hans vitni. Á meðan manns er óhefnt er sæti hans autt en um það eru mörg dæmi í fornbókmenntum. Þar er frýja Hildigunnar í Njáls sögu alþekkt. Þegar Flosi kemur til hennar eftir að Njálssynir hafa vegið Höskuld mann hennar þá býður hún honum hásæti, en autt sæti er myndræn lýsing á því að einhvers sé saknað og minnir einnig á að skarð hefur verið rofið í ættina (Clover 1986:141–183). Hér undirstrikar Þorsteinn hvíti sáttina og raunar gott betur því hann lætur Þorstein fagra fylla í skarð sonar síns með því að taka hann sér í sonar stað. Hann hafnar einnig hefndarsíðferði samfélagsins með gjörðum sínum og launar illt með góðu. Í lýsingu Þorgils föður Brodd-Helga kemur fram að hann er skynsamur og hugrakkur maður sem fær-ist undan að taka þátt í stórræðum en gefst upp fyrir frýjuorðum hins grálynda og illgjarna Hrana. Það kemur aftur á móti fram í æskulýsingu Brodd-Helga að hann er til alls líklegur og virðist honum því illa í ætt skotið þegar mannlýsingar og breytni Þorsteins hvíta og Þorgils eru hafðar í huga. Með lýsingu Ein-

ars Þórissonar í Þorsteins sögu hvíta er á hinn bóginn hægt að skýra blendnina í skapgerð Brodd-Helga því óneitanlega er margt líkt með þeim frændum.

Einar Þórisson fær fremur vond ummæli þegar hann er kynntur til sögu: „Einar var vasklegur og eigi stór maður, hávaðamaður mikill og í meðallagi vinsæll“ (2053). Þessari kynningu er síðan fylgt eftir þegar Einar vill ganga til félags við Þorstein fagra sem hefur verið í förum nokkur sumur og orðið meiri maður af. Þorsteinn vill ekki neita bón Einars en honum segir þó „í meðallagi hugur um félag þeirra fyrir sakar óvinveitts skaplyndis Einars“ (2054). Hugboð Þorsteins er rétt því Einar reynist vera hinn versti níðingur og ójafnaðarmaður. Þegar Þorsteinn veikist í hafi þá er Einar upphafsmaður að því að hæðast að Þorsteini og lætur kveða níð um hann. Einar sinnir ekkert um félaga sinn sem liggur veikur allan veturinn. Þegar þeir skiptu fjárhlut sínum um vorið þá kaus Einar „en Þorsteinn skipti úr rúmi sínu“ (2055). Einar heldur til Íslands, segir ólíklegt að Þorsteinn komi aftur og svívirðir hann í allri frásögn. Hann kaupir síðan Austmann til að segja lát Þorsteins og klykkir út með því að segja að Þorsteinn hafi hlotið herfilegan dauðdaga í Noregi og nær loks af honum heitkonu hans með brögðum. Þótt frásagnareiningar séu ekki hinar sömu í Vopnfirðinga sögu þegar segir frá Brodd-Helga þá er ljóst að þeir frændur eiga margt sameiginlegt. Kynning Brodd-Helga til sögunnar er á sömu nótum og kynning Einars og því ljóst að það má búast við ýmsu misjöfnu frá þeim og það gengur eftir. Brodd-Helgi reynist síðan engu minni ójafnaðarmaður en frændi hans í framvindu Vopnfirðinga sögu.

Mörg atvik í Þorsteins sögu hvíta eru endurtekin í stærri og áhrifameiri mynd í Vopnfirðinga sögu. Sum atvik eru hliðstæð meðan önnur eru hliðstæð en með öfugum formerkjum.

Ingibjörg kona Þorsteins hvíta tekur sótt og deyr. Um þann atburð segir í Þorsteins sögu: „Þorsteini þótti þetta skaði mikill en hélt þó búi sínu sem áður“ (2053). Halla kona Brodd-Helga veikist einnig og deyr en framkoma Brodd-Helga við hana er napurleg. Hann skilur við hana en heldur eftir heimannum hennar þannig að hún fer slypp frá búinu og þegar hún er að dauða komin þá neitar hann henni um hinstu bón.

Þorsteinn hvíti býður Þorsteini fagra að koma til Hofs með allt sitt og hefur sá síðarnefndi samt verið valdur að dauða sonar hans. Bjarni Brodd-Helgason sendir lækni til að græða mein Þorkels Geitissonar og býður honum að koma til Hofs með allt sitt þrátt fyrir að Þorkell hafi í þrífang reynt að ráðast að honum.

Af dæmunum hér á undan má draga þá ályktun að það hafi ekki vakað

fyrir höfundu Þorsteins sögu hvíta að endursemjja alla Vopnfirðinga sögu heldur hafi hann ætlað sér að auka við það efni sem hann hafði í höndunum að hætti miðaldahöfunda. Tilgangur hans með Þorsteins sögu er miklu fremur sá að smíða nokkurs konar fordyri fyrir Vopnfirðinga sögu og til þess notar hann hliðstæðutækni. Með sögunni af Þorsteini hvíta varpar hann skýrara ljósi á menn og atburði sem Vopnfirðinga saga getur ekki um og þar er áhrifamest hvernig mannlýsingar og breytni Þorsteins hvíta, Þorgils sonar hans og Einaris Þórissonar geta útskýrt drætti í skapgerð Brodd-Helga og Bjarna sonar hans í Vopnfirðinga sögu.

2.4 Þorsteins þáttur stangarhöggs

Þorsteins þáttur stangarhöggs er merkileg frásögn sem fræðimenn hafa skoðað frá ólíkum sjónarhornum (sjá t.d. Andersson 1967:3–64 og Miller 1990:51–76). Þátturinn er frábrugðinn mörgum frásögnum af sama tagi að því leyti að sögusviðið er Ísland og þar er eingöngu fjallað um samskipti íslenskra manna. Því má vel segja að frásögnin sé nokkurs konar stutt Íslendingasaga. Hún hefst á kynningu persóna, síðan kemur upp misklíðarefni sem leiðir til deilna og mannvíga sem enda með fullum sáttum.¹⁰ Efni frásagnarinnar er merkilegt því þar mætast ólík viðhorf til hefnda og hefndarskyldu eins og í Þorsteins sögu hvíta. Þorsteinn hvíti, afi Brodd-Helga, er um margt líkur Þórarni, föður Þorsteins stangarhöggs, báðir eru þeir gamlir og sjónlausir, Þorsteinn hvíti hefur misst Þorgils son sinn og Þórarni er talin trú um að Þorsteinn sonur hans sé dauður. Viðbrögð þeirra eru hins vegar andstæð. Þegar Bjarni Brodd-Helgason segir Þórarni víg Þorsteins sonar hans og býður honum til Hofs og vill vera honum í sonar stað þá reynir Þórarni að höggva til hans úr rekkjunni því hann vill heldur missa son sinn en eiga ragan son.

Þegar Þorsteinn fagri kemur til Þorsteins hvíta og býður honum sjálfðæmi fyrir víg Þorgils sonar hans þá neitar Þorsteinn hvíti, því hann vill ekki bera son sinn í sjóði. Þorsteinn fagri lætur þá líf sitt í hans hendur með því að leggja fram höfuð sitt. Þorsteinn hvíti býður síðan nafna sínum til sín og þiggur hann það og er honum á allan hátt í sonar stað. Hér er augljóslega um hliðstæðar frásagnareiningar að ræða í lok beggja sagnanna en viðbrögð gömlu

¹⁰ Það skal tekið fram að sú sem þetta ritar sat nokkur námskeið hjá Bjarna Guðnasyni. Þar bar Þorsteins þátt stangarhöggs oft á góma og var frásögnin lesin og túlkuð í námskeiðinu Sagnaritun I. Margar hugmyndir að túlkun sem hér eru reifaðar komu þar fram.

mannanna eru andstæð. Þórarinn er fulltrúi gamalla viðhorfa þar sem hefndin er skilyrðislaus. Þorsteinn hvíti er á hinn bóginn maður sem afneitar hefndarsíðferði samfélagsins og launar illt með góðu.

Þorsteinn stangarhögg er kynntur til sögu sem mikill maður og öflugur og vel stilltur. Hann er sagður þriggja manna maki og gengur sú lýsing eftir þegar Bjarni telur sér fullgildið fyrir víg þriggja húskarla með trúnaði Þorsteins. Það er athyglisvert að í upphafi Þorsteins þáttar fer fram hestaat þar sem hestar Þorsteins og Þórðar, húskarla Bjarna frá Hofi, eigast við. Með hestaatinu er útskýrt hvernig Þorsteinn fær viðurnefnið stangarhögg til háðungar sér. Viðbrögð Þorsteins við högginu eru liður í mannlýsingu hans og kallast þessi bardagi á við graðungabardagann í upphafi Vopnfirðinga sögu þar sem Brodd-Helgi fær sitt viðurnefni. Hér er hins vegar allt með öfugum formerkjum því Þorsteinn er friðarsinni og göfugmenni og sannar það rækilega með athöfnum sínum í frásögninni.

Í upphafi Vopnfirðinga sögu segir frá því er sauðamaður kemur að rekkju Þorsteins hvíta, afa Brodd-Helga og segir honum frá hvarfi fjögurra geldinga. Hann biður sauðamanninn um að leyna því við Brodd-Helga að hvarfið muni vera af manna völdum en sauðamaðurinn svíkur það. Þorsteinn hvíti veit að Brodd-Helgi mun ekki láta þess óhefnt og það gengur eftir. En með þessum viðbrögðum sýnir Þorsteinn hvíti enn og aftur að hann vill forðast að stofna til deilna jafnvel þótt gert hafi verið á hluta hans. Þorsteini stangarhögg er svipað farið og nafna hans. Þegar Þórður hefur lostið hann með hestastafnum þannig að það sér á andliti hans þá biður hann nærstadda menn um að leyna Þórarin föður sinn þessu. Þeir hafa þetta hins vegar í flimtingum og það berst til Þórarins. Þorsteinn veit að faðir hans mun ekki láta þetta óátalið og það gengur eftir. Með viðbrögðum sínum við högginu sýnir Þorsteinn hins vegar að hann er friðarsinni sem vill forðast deilur þótt hann hafi verið órétti beittur.

Þorsteinn stangarhögg og Bjarni Brodd-Helgason eru fyrst og fremst sýndir sem táknmyndir þeirra sem vilja leysa deilur sínar með friðsamlegum hætti og hefur Bjarni sömu eiginleika hér og í Vopnfirðinga sögu. Auk þess hefur hann sama skaplyndi og Þorsteinn hvíti langafi hans og framkoma þeirra við mótstöðumenn er söm. Þeir Bjarni og Þorsteinn stangarhögg viðurkenna ekki hefndarsíðferði gamla tímans, en eru samt sífellt hvattir til hefnda af samfélagi sem krefst blóðhefndar.

Rannveig kona Bjarna eggjar hann til hefnda fyrir víg húskarla þeirra og vísar til almannaróms. Vettvangur þeirrar senu er hjónasængin þannig að hugmyndin um að hún bregði Bjarna um skort á karlmennsku er nærtæk, þótt hún

sé ekki sögð berum orðum. Í framhaldinu fer Bjarni af stað og þeir Þorsteinn ganga til einvígis sem þeim hefur verið att út í. Þeir eigast við, en sættast heilum sáttum með því að lofa göfugmennsku hvors annars og ná því að koma á jafnvægi á ný. Það er mjög auðvelt að líta á frásögnina af Þorsteini stangarhögg sem framhald af Vopnfirðinga sögu og að þar sé verið að áréttu enn frekar nauðsyn þess að leggja af mannhefndir. Hér segir einnig frá afdrifum Bjarna Brodd-Helgasonar sem Vopnfirðinga saga getur ekki um. Hann sýnir iðrun í Vopnfirðinga sögu og göfugmennsku í garð Þorkels Geitissonar. Hann hefur sömu eigindir og Þorsteinn hvíti, langafi hans, sem bauð Þorsteini fagra að flytja til Hofis og taka sæti Þorgils sonar síns. Þorsteinn stangarhögg fer með Bjarna til Hofis og fylgir honum til dauðadags. Hér er ennfremur ítrekað hversu vel Bjarna farnaðist, sagt að hann hafi haldið vel virðingu sinni, gerst trúmaður mikill, gengið suður og andast þar.

2.5 Tengsl Þorsteins sögu, Vopnfirðinga sögu og Þorsteins þáttar stangarhöggs

Allt frá því að sögurnar þrjár, Þorsteins saga hvíta, Vopnfirðinga saga og Þorsteins þáttur stangarhöggs voru gefnar út í fyrsta sinn, af Gunnlaugi Þórðarsyni árið 1848, hafa fræðimenn látið þær fylgjast að í útgáfum og hafa sumir útgefendur gert grein fyrir því í formálsorðum.¹¹ Það er einungis í útgáfu Valdimars Ásmundarsonar af Vopnfirðinga sögu sem frásagnir af Þorsteini hvíta og Þorsteini stangarhögg eru ekki gefnar út um leið og er þess þá getið sérstaklega (1898:iv). Því er ljóst að í þeim útgáfum Íslendingasagna þar sem á annað borð er gerð einhver tilraun til flokkunar hafa útgefendur litið svo á að sögurnar þrjár ættu saman.

Eitt er það svið sem oft hefur orðið útundan við rannsóknir á miðaldasögum en það er hvernig varðveislu þeirra er háttað í handritum sem fræðimenn fara eftir við útgáfur sínar. Flokkun útgefenda á sögunum á sér sjaldnast stoð í handritum þótt það sé ekki einhlítt. Við rannsókn á handritum má hins vegar oft álykta um viðhorf safnanda eða ritstjóra til efnisins og stundum má sjá

¹¹ Jakob Jakobsen lætur sögurnar fylgjast að og segir að þær eigi saman (1902–03:i). Hið sama gerir Guðni Jónsson er hann gefur út Austfirðinga sögur og segir í formála að sögurnar gerist allar á Austfjörðum eða segi frá fólki úr þeim landshluta. Hann telur að Þorsteins saga hvíta sé inngangur að Vopnfirðinga sögu sem sé „um atburðaröð framhald af Þorsteins sögu hvíta“ og að Þorsteins saga stangarhöggs sé framhald af Vopnfirðinga sögu (1947:vii–viii). Jón Jóhannesson segist flokka sögurnar eftir landfræðilegri röð (1950:v) og Grímur M. Helgason og Vésteinn Ólason ganga út frá sömu forsendum við útgáfu á sögunum (1972:vii).

að þeir hafa skipað saman sögum sem þeir telja skyldar eða tengdar af einhverjum ástæðum. Stundum má einnig sjá að ótrúlega ólíku efni hefur verið raðað saman í handrit. Þegar þannig er flokkað virðist líklegt að handrit hefur gegnt hlutverki einkabókasafns fyrir eiganda.

Í skinnhandritið AM 132 fol, Möðruvallabók sem er merkasta handrit Íslendingasagna og er talið skrifað um miðja 14. öld, hefur verið safnað saman ellefu Íslendingasögum. Við fyrstu sýn virðist sem sögunum sé raðað eftir landfræðilegri röð réttislaus frá suðri til austurs. Fremst er Njáls saga, síðan Egils saga, Finnboga saga, Bandamanna saga, Kormáks saga, Víga-Glúms saga og Droplaugarsona saga. Aftast fara fjórar sögur þar sem vikið er frá röðinni, Ölkofra saga, Hallfreðar saga, Laxdæla saga og Fóstbræðra saga (*KatAM* I:94–97). Það er hins vegar hægt að hugsa sér að ritstjórinn hafi einkum tekið mið af gæðum sagna og jafnvel aldri og því byrjað á Njáls sögu sem löngum var talin elst og merkilegust, þá Egils sögu sem menn vita nú að er eldri og ekki síður merkileg. Hugsanlegt er að þá hafi fjölmörg handritabrot frá elstu tímum verið til af þeim tveimur sögum rétt eins og nú og að ritstjórinn hafi vitað af því (Örnólfur Thorsson 1990:28–53). Sögurnar tvær eru um helmingur handritsins að blaðalengd og það gæti hafa ráðið því að ritstjórinn skipar þeim fremst. Hann gæti einnig hafa haft áhuga á sögum um miklar og sterkar hetjur og bætt þeim við ásamt því sem hann hafði við höndina hverju sinni.

Einnig má nefna skinnhandritið AM 152 fol, sem er sérlega glæsilegt handrit, en þar er talsvert ólíku efni raðað saman. Niðurröðun sagnanna er á þá leið að fremst fer Grettis saga en síðan koma fornaldarsögur og frumsamdar riddarasögur auk Þórðar sögu hreðu (*KatAM* I:105–106). Þarna má samt greina ákveðna hugsun í röðuninni og álykta að sá sem safnar telji þetta sams konar sögur. Þótt Grettis saga sé Íslendingasaga þá er hún með töluverðum fornaldarsagnablæ og Þórðar saga hreðu er um margt óvenjuleg Íslendingasaga.¹²

Af þessu má einnig draga þá ályktun að geymd sagna í handritum geti gefið til kynna að viðhorf fyrri tíðar manna til tiltekinnar sögu hafi verið annað en nútímamanna eða verið breytilegt eins og nú á dögum og þess vegna gæti verið ómaksins vert að kanna handritageymd Vopnfirðinga sögu í því ljósi.

Vopnfirðinga saga er, eins og nefnt var í upphafi, nær eingöngu varðveitt í pappírshandritum sem eru frá miðri 17. öld og allt fram til 1900 og munu þau

¹² Um ólík viðhorf til Grettis sögu og Þórðar sögu hreðu má m.a. lesa hjá Jóni Torfasyni 1990: 118, 122, 127–128, og Viðari Hreinssyni 1992:80, 95, 105.

vera rúmlega 50 talsins.¹³ Við rannsókn á handritaskrá mál sjá að Vopnfirðinga saga er þar nefnd fleiri nöfnum. Hún er ýmist kölluð Sagan af Brodd-Helga, Sögubáttur af Brodd-Helga, Báttur af Brodd-Helga eða Brodd-Helga þáttur. Þótt sögunni sé oft raðað með misleitu efni þá er samt hægt að greina ákveðna hneigð í flokkuninni, því að þegar líður á og handritin yngjast og færast nær í tíma þá ágerist að Vopnfirðinga sögu sé raðað í handrit með stuttum frásögnum sem ýmist kallast sögur eða þættir. Þessi nafngift sögunnar í handritaskrá ásamt eyðunni sem er í henni á vafalaust stóran þátt í því að síðari tíma fræðimenn skrifa oftast um samskipti Brodd-Helga og Geitis í fyrri hluta sögunnar en virðast iðulega „gleyma“ seinni hluta sögunnar við umfjöllun sína.

Í skinnbókinni AM 162 C fol er eitt blað úr frásögninni af Þorsteini stangarhögg varðveitt með blaði úr Vopnfirðinga sögu (*KatAM* I:122). Áðurnefnd skinnbók er óheil og af henni eru aðeins varðveitt sjö blöð með brotum úr fimm Íslendingasögum: Ljósvefninga sögu, Vopnfirðinga sögu, Droplaugarsona sögu, Finnboga sögu ramma og loks er frásögnin af Þorsteini stangarhögg. Það er einkum tvennt sem er athyglisvert við flokkunina sem kemur fram í þessu elsta handritsbroti sem varðveitt er af Vopnfirðinga sögu. Í fyrsta lagi koma ýmsar aðalpersónur þessara frásagna, að Finnboga sögu undanskilinni, fyrir í Vopnfirðinga sögu og í öðru lagi er merkilegt að frásagnarbrot af Þorsteini stangarhögg skuli vera með sögunni í skinnbókinni því það er sú frásögn sem oftast stendur með sögunni í öðrum handritum. Það er að vísu ekki hægt að vera með neinar getgátur um að Þorsteins saga hvíta hafi verið þar ásamt Vopnfirðinga sögu og sögunni af Þorsteini stangarhögg. Hins vegar hefur komið fram við rannsókn á handritaskrá að það er talsvert algennt að þessar þrjár sögur fylgist að í handritum.

Í handritaskrá Landsbókasafns kemur fram að pappírshandritið JS 434 4to er skrifað að hluta á 18. öld en að mestu á 19. öld með mörgum rithöndum (Páll Eggert Ólason 1918:574). Handritið er samsett og í því eru tvær sögur skrifaðar með eldri höndum en aðrar: Vopnfirðinga saga og Gunnars þáttur Þiðrandabana. Jón Jóhannesson telur að JS 434 4to hafi verið í höndum Árna Magnússonar og hafi áður verið í AM 551 4to (1950:xxx), en það getur aðeins átt við tvær áðurnefndar sögur, sem eru með tveimur höndum sem gætu verið eldri en frá 1730. Í þessu handriti eru margar sögur og þættir og þar er sögunum þremur raðað hverri á eftir annarri; Vopnfirðinga saga, með elstu rithönd-

¹³ Listi yfir handrit sem geyma Vopnfirðinga sögu er í viðauka í MA-ritgerð minni frá 1998. Listinn er frá Guðvarði Má Gunnlaugssyni.

inni, er tíunda sagan (fremst fer Gull-Þóris saga í tveimur uppskriftum). Næst á eftir henni er frásögn af Þorsteini stangarhögg og síðan saga af Þorsteini hvíta. Þær eru ritaðar með sömu rithönd í Skálholti, sú fyrri 11. janúar 1805 en hin síðari 14. janúar sama ár. Sagan af Þorsteini stangarhögg er í tveimur uppskriftum í handritinu og er hún 23. sagan af 28 titlum í síðari uppskriftinni.

Handritið AM 562 a 4to er frá 17. öld, hluti af stærra handriti sem kann að hafa haft Vopnfirðinga sögu. Handritið er leiðrétt af Árna Magnússyni og nú eru þar tvær uppskriftir af Þorsteins þætti stangarhöggs og Saga af Þorsteini hvíta. Fyrri uppskrift Þorsteins þáttar er skráð af Katli Jörundssyni og ber heitið: „Þáttu: ú: Vopn-þiðinga Sögu, | af Þorsteine Þövaains fine, i Sunnudal“ (*Kat AM I:714*).

Lbs 1489 4to er skráð af Jóni Jónssyni sýslumanni á Melum og síra Ólafi Sivertsen á árunum 1810–1814. Með hverri sögu er athugagrein eftir Björn M. Ólsen. Í þessu handriti eru sögurnar skráðar hver á eftir annari, fyrst Þorsteins saga hvíta, síðan Vopnfirðinga saga og loks saga Þorsteins Þórarinssonar stangarhöggs (Páll Eggert Ólason 1918:535–36).

Handritið Lbs 357 4to er skráð af tveimur rithöndum á árunum 1800–1813. Þar fara sögurnar þrjár saman í sömu röð og í Lbs 1489 4to (Páll Eggert Ólason 1918:219).

Hér hafa verið tilgreind dæmi um nokkur pappírshandrit þar sem sögurnar þrjár eru skráðar saman í handrit. Þær fara saman í fleiri handritum, en þau eru mjög ung og óvíst að þau hafi sjálfstætt textagildi. Ekki er víst að svo sé um handritin sem nefnd eru hér á undan en þau eru samt öll eldri en fyrsta útgáfa sagnanna frá 1848. Önnur handrit sem geyma sögurnar þrjár eru skráð eftir að fyrsta prentun sagnanna var gefin út þannig að flokkunin í þeim gæti verið fengin þaðan. Útgáfuhefð sagnanna á sér vísast nokkra stoð í handrita-varðveislu þeirra en það hefur greinilega verið viðhorf þeirra sem söfnuðu sögunum saman í handrit fyrir á öldum að sögurnar þrjár væru tengdar svo traustum böndum að rétt væri að skipa þeim saman.

3. Mannlýsingar

Við umfjöllun um mannlýsingar og hlutverk persóna í Íslendingasögum er algengt að menn minnst á hlutlægni mannlýsinga. Þar kemur einatt fram að Íslendingasögurnar hafi verið lofaðar fyrir raunsæi í mannlýsingum en staðreyndin er hins vegar sú

að í miklum þorra frásögubókmennta hafa fyrirfram mótaðar hugmyndir um manngerðir áhrif á persónusköpun og ráða miklu um hvernig við túlkum persónur. Af sjálfu leiðir einnig að persónusköpun getur aldrei verið óháð atburðarás. Í Íslendingasögum verður mjög augljóst, þegar að er gáð, að menn flokkast eftir þeim eiginleikum sem þeir þurfa á að halda til að gegna hlutverki sínu (Vésteinn Ólason 1993: 66).

Hér er lögð áhersla á að mannlýsingar Íslendingasagna verði með engu móti slitnar úr samhengi við söguefnið og tilgang söguritunar og kemur það fram með mjög skýrum hætti í mannlýsingum Þorsteins sögu hvíta, Vopnfirðinga sögu og frásögninni af Þorsteini stangarhögg.

Helstu persónur Íslendingasagna eru ýmist kynntar með formlegum hætti áður en segir frá atvikum sem þær tengjast eða þegar þær fara að taka þátt í viðburðarásinni. Mannlýsingar hefjast venjulega á því að ættir manna eru raktar og oft má ráða mikilvægi persóna og viðhorf höfundar til þeirra af því hversu ítarleg ættfærslan er (Vésteinn Ólason 1993:60–61, Þórir Óskarsson 1994:279). Í sögunum er íðulega lögð áhersla á að göfga ættstofn manna með því að rekja ættir þeirra til tiginna forfeðra. Því næst fylgir lýsing á útliti manna og líkamlegum burðum og að lokum er greint frá andlegum hæfileikum og lyndiseinkunn. Venjulega gengur þessi upphafskynning eftir þannig að strax er hægt að vita við hverju má búast af persónu þegar hún er kynnt til sögunnar. Þótt aðalpersónum Íslendingasagna sé oft lýst á þann veg að ein lyndiseinkunn virðist ríkjandi í skaphöfn þeirra þá eru þær þó ávallt samsettar af mörgum eiginleikum sem skapa dýpt í mannlýsinguna (Jónas Kristjánsson 1988:210). Þrátt fyrir einstaklingseinkenni sögupersóna eru mannlýsingar byggðar á fáum skýrt afmörkuðum manngerðum og er karlhetjum Íslendingasagna oft skipt í tvo aðalflokka. Það er mismunandi hvaða viðmiðum er beitt, en þau einkennast þó jafnan af andstæðum. Annars vegar er talað um gæfumenn sem oft eru bjartar og góðar hetjur. Það eru þeir menn sem eru ljósir yfirlitum, vel byggðir, drenglyndir og vinsælir. Þegar slíkir menn rata í raunir eða ógæfu virðist það einkum vera vegna ytri atvika, ávirðinga eða öfundar annarra. Andstæður þeirra eru menn sem oft eru ófriðir, ofsafengnir í lund og erfiðir viðureignar. Þeir eru dökkir yfirlitum, oftar en ekki hugrakkir, með afbrigðum orðhvatar og yfirleitt hinir mestu atgervismenn. Hins vegar eru þeir sjaldnast gæfumenn og ógæfan virðist búa í skapgerð þeirra sjálfra (Einar Ól. Sveinsson 1943:22–23, 1956:106–114,

1962:374–384, Ólafur Briem 1972:102–129, Vésteinn Ólason 1983:140, 1993:71–72).

Það er oft fastur liður í mannlýsingum að mönnum eru gefnar einkunnir sem gefa vísbendingar um innræti þeirra eða atgervi. Þar koma einnig fram andstæður. Ljósu hetjunni eru gefnar jákvæðar einkunnir; hún er sögð vinsæl, vinföst, kurteis, stillt í skapi og mild af fé. Dökka hetjan fær neikvæðari einkunnir sem gefa í skyn harðari lund; hún er ódæl, vægðarlaus, hávaðamaður, ofstopamaður og hörð við óvini. Annað viðmið er oft notað við mannlýsingar. Þá er talað um að menn séu drengskaparmenn eða göfugmenn og andstæður þeirra eru ójafnaðarmenn eða illmenn. Hér gildir vitaskuld hið sama og fyrr var nefnt, að skaphöfnin er samsett af mörgum eiginleikum, því það heyrir til undantekninga að söguhetjum sé lýst sem algóðum eða alvondum.

Ein tegund manna í Íslendingasögunum hefur verið nefnd hinir göfugu heiðingjar og lýst á þann hátt að þeir komi ávallt fram sem drengskaparmenn og göfugmenn. Þessir menn eru einatt góðir af sjálfum sér, þeir láta gott af sér leiða, eru óeingingjarnir og sýna öðrum mönnum góðgírni. Lars Lönnroth (1969:13–17) hefur skrifað um þessa manngerð og sýnt fram á að þeir aðhyllast kristna siðfræði í breytni sinni þótt þeir séu rammheiðnir. Í sögunum birtast þeir sem eins konar forverar eða boðberar kristni um leið og þeir halda sæmd sinni. Slíkar hetjur hafa þó aldrei komist í kynni við kristni heldur einkennist framganga þeirra af meðfæddri göfugmennsku og skynsemi. Þorsteinn hvíti í samnefndri frásögn er dæmi um slíkan mann, hann er sagður allra manna vinsælastur og hið mesta mikilmenni. Hann sýnir stillingu við fréttum af drápi sonar síns og neitar að úthella blóði til hefnda eftir hann, en stilling er samofin sæmdarhugmynd hinnar heiðnu hetju og bent hefur verið á að stillingin sé eitt aðaleinkenni hinna göfugu heiðingja. Þeir eru seinir til hefnda, brjóta ekki lög og leita ávallt friðsamlegra lausna.

Þorsteinn stangarhögg í samnefndri frásögn er maður sem ber svip af lýsingu hins göfuga heiðingja. Þorsteinn er friðarsinni og drengskaparmaður og þegar hann er lostinn með hestastaf í andlitið sýnir hann stillingu og biður menn um að leyna föður hans því til þess að koma í veg fyrir eftirmál. Það sama gildir um Bjarna Brodd-Helgason, hann sýnir iðrun og stuðlar að friði sem ungur maður en á efri árum tekur hann kristna trú.

Breytni drengskaparmanns getur þó haft slæmar afleiðingar eða verið vanhugsuð. Þorsteinn stangarhögg er göfugmenni og friðarsinni, en samt vegur hann þrjá húskarla vegna ríkjandi hefndarsíðferðis. Hann sannar síðan með drengskap sínum hvernig unnt er að halda sæmd sinni án mannvíga (Bjarni

Guðnason 1993:163, 1. nmgr.). Þorgils faðir Brodd-Helga er drengskaparmaður og ófús að eiga í átökum við menn en lætur samt undan þrýstingi og frýjuorðum illmennisins Hrana sem ávallt kemur illu til leiðar.

Á sama hátt geta ójafnaðarmenn vakið ríka samúð hjá lesendum þrátt fyrir niðingsverk sín. Oft stafar ógæfan af skapbrestum þeirra og er Brodd-Helgi Þorgilsson dæmi um slíkan mann. Hann er ójafnaðarmaður sem kemur illu til leiðar en samt er ótvíræð samúð með honum í Vopnfirðinga sögu.

Konum er yfirleitt ekki lýst jafn ítarlega og körlum í Íslendingasögum, þær eru færri en karlarnir og færri frá þeim sagt. En þrátt fyrir lítil hlutverk getur þátttaka þeirra í atburðarás skipt sköpum í sögu eins og sjá má af dæmi Höllu Lýtingsdóttur í Vopnfirðinga sögu. Trygglyndi hennar við bónda sinn er andstætt eiginleikum Þorgerðar silfru sem sér sæng sína upp reidda í bókstaflegri merkingu þegar Halla veikist. Jórunn kona Þorkels Geitissonar leggur hart að manni sínum að slá ekki á útrétta friðarhönd Bjarna Brodd-Helgasonar og stuðlar þar með mjög að friði. Rannveig kona Bjarna eggjar hann á hinn bóginn til einvígis við Þorstein stangarhögg og hið sama gerir Þorgerður silfra er hún eggjar Bjarna til að drepa Geiti fósra sinn. Þótt Helga Krakadóttir sé ekki gerandi í Þorsteins sögu hvíta þá er hún samt það hreyfiafl í sögunni sem allt snýst um.

Mannlýsingar í Íslendingasögum geta verið með ýmsu móti eins og hér hefur verið rakið. Í sumum sögum er mikið um útlitslýsingar aðalpersóna en svo er ekki í öðrum sögum, sem eru þrátt fyrir það listrænar í besta lagi. Í þeim sögum kallast mannlýsingar persóna á við þær tegundarmyndir sem nefndar voru hér á undan þótt það sé ekki sagt beinum orðum. Þá er lunderni persóna einkum lýst, þeim eru gefnar einkunnir en síðan lýsa þær sér sjálfar með breytni sinni í framvindu frásagnarinnar og er það einkennandi í Þorsteins sögu hvíta, Vopnfirðinga sögu og frásögninni af Þorsteini stangarhögg.

3.1 Mannlýsingar Brodd-Helga og Geitis

Í fyrstu skal athygli beint að mannlýsingu Brodd-Helga í upphafi sögunnar en hún er kjarnyrnt (1987):

Helgi var mikill maður og sterkur og bráðger, vænn og stórmannlegur, ekki málugur í barnæsku, ódæll og óvægur þegar á unga aldri. Hann var hugkvæmur og margbreytinn.

Hér er athyglisvert að bein útlitslýsing er ekki önnur en sú að hann er sagður mikill maður og sterkur. Þessi orð sem eru þau einu sem vísa beint til útlits gefa í sjálfu sér engar sérstakar vísbendingar um skapferli Brodd-Helga. Samt er kynning hans til sögunnar með þeim hætti að strax er ljóst að við ýmsu er að búast af honum. Þar kemur tvennt til, annars vegar einkunnirnar sem honum eru gefnar og hins vegar viðurnefni hans. Einkunnirnar bera svipmót hinnar dókkhærðu hetju og með því er lesandinn undirbúinn undir það sem koma skal og þar má greina stuðlaðar hliðstæður sem er þekkt stílbragð við mannlýsingar (Þórir Óskarsson 1994:280), en viðurnefnið ber merki innletrar frásagnarhefðar.

Því verður ekki haldið fram hér að meirihluti viðurnefna hafi borið með sér neikvæðar eigindir eins og viðurnefni Brodd-Helga ber vitni um eða verið smánar- eða háðsyrði eins og stangarhögg Þorsteins í samnefndri frásögn virðist vera. Það er aftur á móti hugsanlegt að hluti viðurnefna hafi orðið til vegna þess að menn báru sömu nöfn og að þau séu hugsuð til aðgreiningar. Mikill fjöldi viðurnefna í Íslendingabók og Landnámabók gæti stutt þá skýringu. Það getur hins vegar ekki verið meginskýring viðurnefna því þau virðast einatt tengjast eðliseigindum manna. Oftar en ekki staðfestast eðliseinkunnir sem viðurnefni gefa til kynna í því sem menn gera í sögunum. Þeir sanna viðurnefnin með athöfnum sínum, þau tengjast atburðum í lífi þeirra, loða við þá og eru til marks um einstaklingseinkenni þeirra. Er nokkuð fráleitt að hugsa sér að viðurnefni hafi orðið til með sama hætti á öllum tímum? Það eru sagðar sögur af mönnum sem skera sig úr fjöldanum á einhvern hátt, ýmist vegna útlits eða þess sem þeir gera. Í því sambandi má nefna að Bjarni Guðnason (1993:105–106) hefur bent á hversu næmt skyn höfundar Íslendingasagna báru á merkingu mannanafna. Hann telur að rannsakendur hafi ekki gefið því nægilegan gaum að mörg mannanöfn séu sniðin að skapgerð og hlutverki nafnbera og segir að athugun á mannanöfnum geti leitt til aukins skilnings á eðli sagnanna og markmiðum höfunda.

Í upphafi á Brodd-Helgi vináttu annars manns og það einkennir aðstæður hans í byrjun sögu. Nafnið hans, *Helgi* merkir 'helgur maður' og skyld orð merkja 'friðhelgi, friðlýst svæði, halda heilagt, friðlýsa'. Orðið *broddur* merkir hins vegar 'oddur, fleinn, spjót' (Ásgeir Blöndal Magnússon 1989:83, 317–318, Hermann Pálsson 1960:67–68, 97) og þannig verður sama eyðingarmerking fólgin í nafni hans og er í broddi graðungsins. Í framvindu frásagnarinnar er síðan sýnt hvernig Brodd-Helgi stendur undir þessu nafni með athöfnum sínum.

Geiti er frá upphafi lýst á allt annan hátt en Brodd-Helga. Útliti hans er ekki lýst og hann er ekki kynntur sérstaklega til sögunnar en hann er sagður „spekingur mikill“ (1989) og það gengur eftir. Þrátt fyrir mikla vináttu Brodd-Helga og Geitis þá er mannarnur þeirra fyrir hendi frá upphafi. Geitir fóstur son Brodd-Helga og viðurkennir með því að hann sé honum ótignari og í haustboði Egilssona er raðað eftir mannvirðingum, þar fer Brodd-Helgi fyrir þeim og situr innar sem sýnir að hann er meiri höfðingi en Geitir.¹⁴ Í frásögninni er Geiti einkum lýst með samanburði við Brodd-Helga. Þeir eru stöðugt sýndir sem andstæður þar sem Geitir stendur í skugga Brodd-Helga og verður að setta sig við ofríki hans. Um leið kemur vel fram að Geitir er viturri maður og framkoma hans einkennist af jafnvægi og íhygli meðan vanstilling er mest áberandi í fari Brodd-Helga.

Brodd-Helgi er ætíð upphafsmaður illinda og heilindum virðist ekki fyrir að fara í skapgerð hans. Þetta kemur strax fram í aðferðunum sem hann beitir þegar hann ætlar sér að ná fjárhlut Hrafn Austmanns frá Þorleifi. Þar lætur hann reyna á hvort Þorleifur sé ekki fákunnandi í lögum og reynir að véla hann. Hér er alveg ljóst að Brodd-Helgi hlýtur að hafa þá þekkingu á lögum sem hverjum goða er nauðsynleg til að geta farið með mál fyrir dómum (Meulengracht Sørensen 1993:110). Af hógværum svörum Þorleifs sem „kvaðst ætla að félagi mundi eiga að færa fé erfingjum“ (1990) má hins vegar sjá að hann þekkir lögin.¹⁵ Viðbrögð Brodd-Helga við svari Þorleifs lýsa vel ofstopa hans: „Eigi ætlum vér erindislaust að fara“ (1990). Við þessar aðstæður er Geitir sýndur sem andstæða Brodd-Helga því hyggindi hans forða þeim frá frekari vandræðum. Geitir er jafnframt hógvæ og varfærinn en ekki endilega betri maður. Þannig sést vel að Geitir er ekki gallalaus því hann sýnir jafnmikla ágirnd og undirferli og Brodd-Helgi þegar þeir láta drepa Hrafn Austmann til að ná fjármunum hans.

Í framvindu frásagnarinnar verður myndin sem höfundur dregur upp af Brodd-Helga sífellt dekkri þannig að ádeilan og andúðin á framferði hans verður augljós. Brodd-Helgi er ójafnaðarmaður sem ryður úr vegi öllu sem fyrir honum verður uns hann stendur uppi einn, ógæfan stafar af skapbrestum hans og það veldur falli hans að lokum. Á það hafa fræðimenn bent í skrifum sínum, meðal annarra Byock (1988:127–137) sem telur að Geiti takist að

¹⁴ Sbr. viðhorf sem koma fram í Heimskringlu I (*ÍF* XXVI:145) og einnig í Laxdæla sögu (*ÍF* V:75).

¹⁵ Þótt Grágás hafi ekki verið löggilt lögbók þá gefur hún hugmynd um hvernig þjóðfélagið átti að vera. Lagaákvæði Grágásar, Um erfðir útlendra manna (*Grágás*:54–55) styðja mál Þorleifs.

halda völdum sínum óskertum þótt hann virðist láta undan síga og eftir dauða Brodd-Helga gerist hann „á ný mikils virtur goði í héraðinu“ (1988:136).

Það er hugsanlega hægt að lesa söguna á þennan hátt ef hún er aðeins lesin til hálf eins og Byock gerir til að hún falli að kerfi hans. Hins vegar hafa áheyrendur á miðöldum getað ráðið í sögulokin og það geta lesendur einnig með því að skoða efni draumsins í 13. kafla. Draumurinn er fyrirboði þess sem á eftir að gerast síðar í sögunni og kallast táknmál hans skýrt á við texta sögunnar. Auk þess tengist draumurinn graðungabardaganum í upphafi sögunnar þannig að hann staðfestir vísunina til söguframvindunnar sem birtist í bardaganum. Í skrifum sínum um söguna hafa fræðimenn staldrað við graðungabardagann sem fylgir fast á eftir mannlýsingu Brodd-Helga. Áhugi þeirra hefur annars vegar beinst að því hversu mikil handvömm það sé að láta nafnlengingu Brodd-Helga koma fram í upphafi sögunnar áður en búið er að útskýra hvernig viðurnefni hans er tilkomið. Hins vegar hefur bardaginn sjálfur og það hvernig Helgi notar broddinn valdið fræðimönnum heilabrotum, þeir hafa leitað eftir skýringum og telja sig hafa fundið rittengsl við Trójumanna sögu þar sem fyrirmyndin sé greinilega fyrir hendi í frásögn af sveininum Alexander París sem bindur brodd í enni graðungs sem berst við aðkomugraðung (Jón Jóhannesson 1950:xv–xix, Sigurður Nordal 1938:liii).

Það hefur einnig vakið athygli að fræðimenn eru ekki á einu máli um að Trójumanna saga sé fyrirmynd Vopnfirðinga sögu því samsvarandi graðungabardagi í Trójumanna sögu er einungis þekktur í þeirri gerð sögunnar sem er í Hauksbók, kenndri við Hauk Erlendsson lögmann sem ritaði það mikla samsteypurit að stórum hluta. Við fyrstu sýn virðist liggja í augum uppi að fyrirmynd bardagans þar sem Helgi bindur brodd í enni graðungsins hljóti að vera úr Trójumanna sögu í Hauksbók (bls. 199). Það hefur á hinn bóginn komið í ljós að til eru aðrar frásagnir af Alexander París og áhuga hans á graðungabardögum og í þeim kemur hann fram sem réttlátur dómari sem dæmir um hvaða dýr sigrar og krýnir sigurvegarann með kórónu að loknum bardaga. Í þessum frásögnum sem eru til á nokkrum tungumálum eru hvorki lýsingar á því að Alexander París bindi brodd á graðung sinn né að hann vilji tryggja eigin dýri sigur í viðureign við önnur dýr. Það er einungis í Hauksbók sem broddurinn kemur fyrir og því beinast böndin að Hauki Erlendssyni sem virðist hafa þekkt frásögnina af Brodd-Helga, yfirfært hana á Alexander París og látið hann beita brögðum, en um leið hefur myndin af Alexander París sem réttlátum dómara tapast í íslensku sögunni (Jón Helgason 1976:192–194). Ef þessi skýring er rétt þá hefur Haukur Erlendsson heyrt söguna um Brodd-Helga og viðureign

hans við graðungana, hrifist af bragðvísi hans og ákveðið að snúa henni upp á Alexander París.

Fræðimenn hafa hins vegar ekki gaumgæft nægilega hvers vegna bardaginn kemur þarna strax á eftir lýsingu Brodd-Helga sem liður í mannlýsingu hans og þeir hafa ekki heldur lagt rækt við að túlka tengslin milli bardagans og draumsins. Þannig kallast nautin sem berjast í fyrsta kafla á við nautin sem birtast í draumi fóstrunnar í 13. kafla (sbr. Heller 1963:176). Senurnar tvær mynda frásagnarfræðilegan ramma um sögu Brodd-Helga. Báðar tengjast þær honum með beinum hætti, graðungabardaginn útskýrir táknað viðurnefnið en draumurinn boðar dauða hans og sonar hans. Hér er þó ekki allt sem sýnist því bæði þessi atvik hafa mun meiri þýðingu þegar rýnt er í dýpra merkingarlag textans og skal það nú útskýrt.

Í bardaganum er heimagraðungur og annar graðungur sem takast á. Þegar Helgi sér að þeirra graðungur er við það að bera lægri hlut sækir hann brodd og bindur á hann þannig að graðungnum gengur betur (1987):

Frá því er sagt einnhvern dag að Hofi er naut voru á stöðli að graðungur var á stöðlinum er þeir frændur áttu en annar graðungur kom á stöðulinn og stönguðust graðungarnir. En sveinninn Helgi var úti og sér að þeirra graðungur dugir verr og fer frá. Hann tekur mannbrodd einn og bindur í enni graðunginum og gengur þaðan frá þeirra graðungi betur. Af þessum atburði var hann kallaður Brodd-Helgi.

Bardaginn hefur margfalda merkingu í mannlýsingu Brodd-Helga. Ásamt því að útskýra viðurnefnið felur hann í sér beina vísun til framferðis Helga í sögunni. Hann myndar hliðstæðu við átök þeirra Geitis þar sem Brodd-Helgi hefur betur með ójöfnuði. Bardaginn er einnig lýsandi fyrir ofstopafull samskipti Brodd-Helga við aðra menn.

Sagt hefur verið að dýrafylgjur séu eins og skuggar eigenda sinna (Mundal 1974:38). Hver maður á sér eina fylgju sem getur komið fram við ákveðin tilfni og fylgjan hefur alltaf eiginleika eigandans. Þannig eru uxar gjarna fylgjur mikilla og sterkra höfðingja, minni dýr fylgja oftar friðsælum mönnum en refir geta verið fylgjur slægra manna svo dæmi séu nefnd. Í Vopnfirðinga sögu eru uxar fylgjur Brodd-Helga og Geitis og sona þeirra. Í Ljósvetninga sögu er uxi einnig fylgja Guðmundar ríka en Einar bróður hans dreymir að uxi komi í hvert hús að Möðruvöllum og að hann fari síðast til öndvegis og falli þar dauður niður. Það er venja Guðmundar ríka að ganga í hvert hús er hann kem-

ur heim til Möðruvalla og boðar draumurinn dauða hans á skýran hátt og gengur nákvæmlega eftir (*Íslendinga sögur og þættir* III:1692–93). Dýrafylgjur birtast mönnum í draumi jafnt sem vöku en dýrafylgja sem birtist þeim sem hún fylgir boðar ævinlega feigð viðkomandi. Ef það er annar en eigandinn sem sér fylgjuna gerist það venjulega í draumi. Dýrafylgjan og maðurinn sem hún tilheyrir eru eitt, hugsunin að baki er sú að fylgjan fari fyrir mannum í gegnum lífið og hún deyr ýmist um leið og hann eða rétt áður. Ef fylgja manns birtist dauð í draumi er merkingin augljós, eigandi fylgjunnar er bráðfeigur (Mundal 1974:38–40, 51–52, Turville-Petre 1972:29–51).

Mikilvægt er að athuga vel efni drauma við túlkun miðaldasagna. Trú á táknræna framsetningu drauma bendir til trúar á forlögin og sagt hefur verið að á Íslandi sé þessi trú svo sterk að hún sé hafin yfir trúarlegar skoðanir heiðinna og kristinna manna (Turville-Petre 1972:32). Draumar og tenging þeirra við söguefni mynda alltaf tvö merkingarsvið í frásögn. Þar samsvarar hvert einstakt atriði sér eins og í spegilmynd en tákngildið verður til í huga þess sem nemur. Talsvert hefur verið fjallað um túlkun drauma og fyrirboða í miðaldafrásögnum. Sagt hefur verið að draumar í Íslendingasögum séu einkum mikilvægir sem frásagnartæki í byggingu sagnanna. Það var trú manna að með draumum væri hægt að ráða í komandi tíma og þá skipti öllu máli að túlka drauma á réttan hátt (Guðrún Nordal 1990:222). Fóstra Brodd-Helga er slík persóna. Hann er vanur að fara á hennar fund áður en hann fer að heiman því hún er sögð framvís. Brodd-Helgi kemur til hennar að vanda en þá situr hún og grætur drauma sína því að hún veit hvað þeir merkja og hefur því ráðið drauminn rétt en Brodd-Helgi bregst reiður við orðum hennar (sbr. Helga Kress 1993:194). Túlkun fóstrunnar boðar dauða hans og Lýtings sonar hans sem er honum meira virði en Bjarni sem mun lifa af (1998–1999):

„Mig dreymdi það,“ segir hún, „að eg sá hér upp rísa að Hofi uxa bleikan, mikinn og skrautlegan, og bar hann hátt hornin og gekk hann á sandinn fram hjá Sunnudalsmynni. Enn sá eg fara naut utan eftir héraðinu, stór og eigi allfá, og gekk þar fyrir uxi rauðfleckóttur, ekki mikill né fagur, en allsterklegur var hann. Nautin stönguðu uxann til bana. Þá reis hér upp að Hofi rauður uxi og var beinlitur á hornunum og var allra nauta skrautlegastur. Sá stangaði rauðfleckóttu uxann til bana. Þá reis upp í Krossavík þjór nokkur og var sænautalitur á. Hann fór beljandi um allt héraðið og allar heiðarnar og leitaði ávallt hins rauða uxans enda vaknaði eg þá.“

Í draumnum eru uxar fylgjur aðalpersónanna og birta einkenni þeirra. Hér kallast táknmál draumsins mjög skýrt á við texta sögunnar. Bleiki uxinn sem er mikill og skrautlegur og ber hátt hornin er fylgja Brodd-Helga. Rauðfleckótti uxinn og nautahjörðin úr héraðinu eru fylgjur Geitis og þingmanna hans sem drepa Brodd-Helga. Rauði uxinn sem vex upp að Hofi er fylgja Bjarna sem drepur Geiti fóstura sinn og móðurbróður. Tarfurinn í Krossavík sem fer beljandi um allt er fylgja Þorkels sem gerir margar tilraunir til að sitja fyrir Bjarna.¹⁶

Ýmislegt fleira er merkilegt í táknmáli draumsins. Fram kemur að rauði uxinn á Hofi, fylgja Bjarna, er með beinlit á hornunum, en þeir sem láta skírast til kristni eru jafnan klæddir hvítu. Bjarni iðrast jafnskjótt og hann hefur vegið Geiti, hann á eftir að stuðla að sáttum þeirra Þorkels Geitissonar og í Þorsteins þætti stangarhöggs er sagt að hann hafi gerst trúmaður mikill og gengið suður. Tarfurinn í Krossavík, fylgja Þorkels, er sagður vera sænautalitur. Ólafur Halldórsson (1990:112–13) fer nokkrum orðum um apalgráan lit uxans Harra sem Ólafur pái átti. Hann segir að apalgráir hestar séu steingráir en apalgrár nautpeningur hafi verið grár og að sækýr hafi verið gráar að lit. Ólafur nefnir dæmi um ýmsar kynjaskepnr sem voru apalgráar og telur slíkar skepnr vera ættaðar úr öðrum heimi. Þannig má sjá móta fyrir nýjum sið í draumnum, sænautaliti tarfurinn sem fer beljandi um allt án árangurs fylgir heiðnum sið en rauði uxinn með beinhvítu hornin vísar til kristins siðar.

Draumurinn hefur margfalt hlutverk í byggingu sögunnar. Túlkun hans vísar á framhald hennar og gefur til kynna að Bjarni muni bregðast öðruvísi við en faðir hans. Auk þess má sjá viðbrögð Brodd-Helga við draumnum sem lið í mannlýsingu hans. Honum þykir minna til þess sonar síns koma sem reynist farsæll maður, því Bjarni verður föðurbetrungur.

¹⁶ Í öðrum Íslendingasögum eru fleiri dæmi um graðunga eða uxa sem eru fylgjur manna. Í Ljós-
vetninga sögu dreymir Eyjólf Guðmundsson fylgjur óvina sinna í líki nautaflokks en með
flokknun fara rauður uxi og mannygur griðungur. Í Harðar sögu tengist griðungur illsku og
fjölkyngi og Þórólfur bægifótur gengur aftur í líki griðungs og lætur ófriðlega í Eyrbyggja
sögu (*Íslendinga sögur og þættir I–III:1704–1705, 1281, 617–620*). Þessi dýr eru óvinveittar
skepnr sem ráðast að mönnum í sögunum. Auk þess má benda á að alþýðutrúin sem birtist í
þjóðsögum og ævintýrum sýnir glögg viðhorf manna til slíkra fyrirbæra. Þar kemur víða fram
að það er undir mynd fylgjunnar komið hvort hún er álitin góð eða ill og flestar dýrafylgjur
manna þyki illar nema þær sem eru í bjarndýrslíki, en þær eru oft fylgjur konunga (Jón Áma-
son 1954:343–344, Björn Teitsson 1975:23–34).

3.2 Samskipti Brodd-Helga við Höllu

Upphafsbardaginn og draumurinn mynda ramma um sögu Brodd-Helga og tengjast heildarbyggingu hennar. Innan rammans fellur síðan áfellisdomur höfundar. Það kemur vel fram þegar segir frá viðskilnaði Brodd-Helga við Höllu konu sína. Þar er gagnrýni höfundar á framferði hans áberandi en óheilindi hans koma skýrt í ljós er Halla veikist og biðst úr búi, því að þá segir Brodd-Helgi eitt við hana en gerir annað: „Eg þykist vel kvongaður og ætla eg að una þessu meðan okkart líf vinnst“ (1992). Þegar Halla biður um skilnaðinn er sagt: „En það var þá siðvenja að biðjast úr búi í þær mundir“ (1992).¹⁷ Í skrifum um stórlýndi og skörungsskap kvenna í öðrum Austfirðingasögum kemur á hinn bóginn fram hversu mikilvæg staða konu á heimili var til forna og að sæmd hennar var undir því komin að hún hugsaði vel um bú sitt. Þannig varð kona ætíð að bera höfuðið hátt og vera reiðubúin til að vera í forsvari fyrir öllu innan stokks ef hún vildi halda virðingu sinni (Guðrún Ingólfssdóttir 1992:124–134, 1994:267).

Í framhaldinu þykir framkoma Brodd-Helga við Höllu vítaverð. Hér verður trygglyndi Höllu einnig andstæða við framhleypni Þorgerðar silfru sem býður Brodd-Helga strax til sín og hann fastnar sér hana. Höllu þykir það bera of brátt að en samþykkir samt að vera áfram að Hofi og fer ekki fyrr en Þorgerður silfra kemur. Halla fer síðan slypp frá búinu og varpa samskipti þessi á allan hátt neikvæðu ljósi á Brodd-Helga. Viðurnefni Þorgerðar, *silfra*, bendir til þess að hún hafi verið skrautgjörn og borið silfurgrípi.¹⁸ Það sama á raunar við um Brodd-Helga; í sögunni er hann sagður skrautmenni mikið og það gæti verið ytri birting ágrindarinnar sem einkennir hann.

Veikindi Höllu eru alvarleg og líklegt að hún hafi haft sullaveiki.¹⁹ Það er

¹⁷ Jón Jóhannesson hefur bent á að þessi skýring eigi sér enga stoð (*ÍF* XI:36, 2. nmgr., sjá einnig Jochens 1995:59).

¹⁸ Jón Jóhannesson *ÍF* XI:36, 3. nmgr. Viðurnefnið *silfri* merkir m.a. 'silfurauðugur maður' (Ásgeir Blöndal Magnússon 1989:815).

¹⁹ Skúli V. Guðjónsson hefur skrifað um hörgulsjúkdóma og önnur mannamein í fornorrænum bókmenntum. Hann telur ekki öruggt að Halla hafi haft sullaveiki því vökvinn sem kemur úr meininu er tær en ekki gruggugur eins og hefði mátt vænta úr sulli. En frásögnin af því þegar Brodd-Helgi hleypir úr sullinum sýni að miðaldamenn kunnu ýmislegt fyrir sér í skurðlækningum þótt ekki sé getið um hvernig tæki þeir notuðu (1949:39, 51). Sigurður Samúelsson (1998:30–34) er ekki sammála þessu og telur einsætt að vökvásöfnun í kviði Höllu sé af völdum sullaveiki og kviðástungan sem Brodd-Helgi gerir sé „fyrsta ritaða heimildin í bókmenntum okkar um kviðarholsástungu vegna sullaveiki“ (1998:32).

Auk þess má sjá við athugun á orðinu *sullur* í orðabókum að þar kemur ekkert fram sem útilokar að sá sem er með sull hafi sullaveiki, þvert á móti bendir allt til að svo sé. Í *Íslenskri*

Halla sjálf sem greinir Brodd-Helga frá vanheilsu sinni: „Samfarar okkrar hafa lengi góðar verið en eg kenni mjög vanheilsu og mun þér verða skömm forvista fyrir þú þínu“ (1992). Þegar Brodd-Helgi hefur fastnað sér aðra konu og skilið við Höllu þá fer hún til Geitis bróður síns. Talsvert löngu síðar er sagt frá því að: „Vanmáttur Höllu Lýtingsdóttur í Krossavík gerðist mikill og hættilegur“ (1996). Þegar Halla er að dauða komin kallar hún á Brodd-Helga til sín og verður hann við því og fer til Krossavíkur. Brodd-Helgi lítur á mein Höllu: „og kvaðst honum þungt hugur um segja“ (1996). Hún biður hann síðan um að vera hjá sér yfir nóttina en hann neitar þeirri bön. Í íslensku fræðiriti frá 15. öld, AM 696 II 4to, kemur fram að miklu skipti hvernig brugðist var við sullaveiki. Slíkan sjúkdóm þurfti að meðhöndla með sérstakri gát og nauðsynlegt var að bregðast fljótt við því sullurinn var vandmeðfarinn. Þar er meðal annars lögð áhersla á að hinn sjúki haldi sér vakandi í sólarhring þegar veikin nær hámarki (*Alfræði íslensk* III:78–80). Halla gerir sér grein fyrir alvöru málsins, hún vill hafa Brodd-Helga hjá sér um nóttina en hann neitar því. Þegar hann síðan hleypir úr sullinum er athöfnin táknræn fyrir samskipti þeirra. Hann kreistir úr henni allan kraft og þar með lífið sjálft, hún verður máttlít og deyr síðan. Ljóst er af orðum hennar að Brodd-Helgi er dæmdur af höfundi fyrir að fara frá henni við þessar aðstæður: „Eigi þarf nú að biðja þig hérvistar. Þú munt nú mjög lokið hafa verkum og get eg að fæstir munu lúka við sínar konur svo sem þú munt við mig“ (1996). Þótt þau Brodd-Helgi og Halla hafi skilið að skiptum þá er ljóst af þessum orðum að hún lítur ennþá á sig sem konu hans og einnig af því að hún leitar ásjár hjá honum en ekki Geiti bróður sínum sem stendur henni næst eins og málum er háttað. Framkoma Brodd-Helga við Höllu er lítilmannleg og sýnir hann á mjög neikvæðan hátt.

3.3 Fall Brodd-Helga

Í formála að sögunni segir Jón Jóhannesson um höfund Vopnfirðinga sögu: „Hann er alveg hlutlaus í skiptum þeirra mága og frænda og lýsir þeim hverjum með sínum hætti“ (1950:xiv). Af þessum ummælum er hægt að verða nokkurs vísari um hlutlægan frásagnarhátt höfundar en andúð hans í garð

orðsifjabók merkir *sullur*: ‘vatnskýli; bólg; ígerð’ og er líklega skylt sögninni *svella*: ‘ólga; bólgna; þrúma; fá sull’ (Ásgeir Blöndal Magnússon 1989:986, 997). Í *Íslenskri orðabók* er ein skýring orðsins *sulls* merkt læknisfræði: ‘vökvafyllt blaðra sem sullabandormur veldur í hýslinum’ og þar hefur *sullur* einnig merkinguna ‘sullaveiki’ (bls. 995).

Brodd-Helga er á hinn bóginn áberandi. Það kemur bæði fram í beinum ummælum hans um Brodd-Helga og einnig því hvernig aðrar persónur sögunnar varpa ljósi á óheilindi hans. Áður hefur verið minnst á kynningu Brodd-Helga til sögunnar og einkunnirnar sem honum eru gefnar við það tilefni. Af þeim má ráða að Brodd-Helgi sé lítt árennilegur, hann hefur kolbítseinkenni, er „ekki málugur í barnæsku, ódæll og óvægur þegar á unga aldri“ (1987). Framkoma Brodd-Helga einkennist af ágirnd og það er áberandi hversu skýrt gallar hans eru dregnir fram. Þannig kemur tvöfeldni Brodd-Helga vel í ljós þegar Hrafn Austmaður hefur verið veginn að undirlagi hans og Geitis, en nærstaddir menn vita ekki hver vegandinn er. Þá segir í sögunni: „Helgi gekk út þegar og mælti illa fyrir verki því er þar var unnið“ (1990). Þessi sami mismunur orða og gerða kemur fram hjá honum þegar Halla veikist og biðst úr búi eins og lýst var hér á undan. Það má einnig sjá það sem lið í persónulýsingu Brodd-Helga að honum þykir lítið til þess sonar síns koma sem reynist betri maður en hann sjálfur.

Þá kemur löstur Brodd-Helga, ágirndin, fram með ýmsum hætti. Ættingi hans, Steinvör hofgyðja, leitar til hans með mál gegn Þorleifi kristna. Brodd-Helgi tekur málið að sér vegna ættarskyldu en kemur því síðan yfir á annan mann því hann veit að af málinu er engan fjárhagslegan ávinning að hafa. Hins vegar vill Brodd-Helgi gjarna fá fangstað á Þorleifi kristna fyrir að hafa komið fjármunum Hrafn Austmanns undan. Brodd-Helgi narrar því Ketil til vinfengis sem síðan reynist innihaldslaust af hans hendi. En samskipti þessi og viðskipti þeirra Ketils og Þorleifs kristna sem launar illt með góðu undirstrika neikvæða lýsingu Brodd-Helga sem alltaf svíkur vini sína og breytni hans er andstæð þeirra. Brodd-Helgi er upphafsmaður að ójafnaði þeirra Geitis og það er eins og hann ofgeri sífellt í öllum hlutum, hann er of ágjarn, of ofsafenginn og of hrokafullur. Ljóst er að Brodd-Helgi stendur höllum fæti þegar hann biður Guðmund ríka liðs á þingi eitt sumar. Guðmundur segist „eigi nenna að veita honum lið á hverju þingi og óvinsæla sig við aðra höfðingja en taka af honum engi gæði í móti“ (1996). Loks tekst Brodd-Helga að kaupa liðveislu af Guðmundi og hafa sitt mál í gegn með þeim stuðningi. En þegar Guðmundur ætlar að heimta umsamda fjárupphæð af Brodd-Helga þá neitar hann að borga og svíkur gefin fyrirheit eins og hann er vanur.

Þrátt fyrir þetta má einnig sjá ríka samúð með Brodd-Helga sem virðist smám saman vera að einangrast vegna skapbrestra sinna. Í ljósi þeirra aðstæðna sem hann hefur komið sér í er átakanlegt þegar hann reynir að vingast

við Þórarin Egilsson með því að bjóða honum til sín og gefa honum gjafir. Miðað við það sem á undan er gengið virðist allt benda til þess að Brodd-Helgi vilji í alvöru vingast við Þórarin og að hann geri það af heilindum.

Frá sjónarmiði þeirra fornu hugmynda sem liggja að baki gjafaskipta verður þetta atvik mjög þýðingarmikið. Það sem var gefið tengdist virðingu þess sem gaf og gjöfin sjálf skipti ekki mestu máli heldur sá sem gaf gjöf og hinn sem þáði hana. Hugmyndin um gjöfina er útskýrð þannig að hún sé ekki óvirk og dauð því henni fylgi hluti af gæfu og virðingu persónunnar sem gefur hana. Menn túlkuðu tengslin á milli hlutar og eiganda hans þannig að sérstakur hluti af persónuleika manns flyttist á hluti sem hann átti og ef hann gaf þá frá sér þá fylgdi allt með, einnig hluti af persónulegum eiginleikum eigandans. Gjöfinni fylgdi skuldbinding því „æ sér gjöf til gjalda“, en sá sem gaf gjöf var þó fyrst og fremst að yfirfæra ákveðinn ljóma af nafni sínu á þann sem tók við henni (Fichtner 1979:249–272, Gurevich 1968:126–138, Jón Viðar Sigurðsson 1992:205–215, Miller 1990:82, 1993:15–25).

Þórarinn Egilsson þiggur fyrst vist hjá Brodd-Helga en skiptir um skoðun og afbræður að fara til Geitis. Þegar Brodd-Helgi fréttir af þessum sinnaskiptum segir hann við Þórarin að hann vilji sýna „að eg hefi þér eigi með flærð heim boðið því að eg vil vera vandalaus af þótt þú farir þangað“ (1997). Í framhaldinu gefur hann Þórarni fimm stóðhross sem hann þiggur en skilar strax aftur að ráði Geitis. Þannig er gjöf Brodd-Helga hafnað og þar með öllu sem hann stendur fyrir. Brodd-Helgi stendur uppi einn og ósigur hans er algjör. Hann er ofstopamaðurinn sem sést ekki fyrir í ójafnaði sínum, ógæfan stafar af skapbrestum hans og það veldur falli hans að lokum.

Í framvindu frásagnarinnar hefur myndin sem höfundur dregur upp af Brodd-Helga orðið sífellt dekkri og ádeilan á framferði hans orðið augljósari. Um leið kemur fram ádeila á Geiti. Þótt hann sé friðsamur og seinþreyttur til vandræða þá er hann of aðgerðarlaus. Þegar Geitir er orðinn verulega aðþrengdur vegna ójafnaðar Brodd-Helga eru viðbrögð hans þau að hann leggur á flóttu með því að færa bústað sinn fjær, í Fagradal. Ljóst er að Geitir hefur látið Brodd-Helga vaða yfir sig og ganga um of á rétt sinn, því að hann aðhefst minna en sæmir manni í hans stöðu. Sem goði hefur Geitir skyldur við þingmenn sína sem hann rækir ekki og þeir sjá því ekki annað ráð en eggja hann til dáða. Þeir setja honum úrslitakosti og hóta að yfirgefa hann. Við það tilefni sakar Þórarinn Egilsson hann um kjarkleysi. Þótt Geitir virðist fara að öllu með gát þá er varfærni hans slík að hún jaðrar við ragmennsku, og með því að víkja sér stöðugt undan skyldum sínum sýnir hann hugleysi í athöfnum. Þrátt

fyrir að að Geitir sé augljóslega farinn að hugsa sinn gang með því að leita sér liðs þá eru tilburðir hans ekki markvissir og þessir veikleikar í fari hans stuðla ekki að friði í héraðinu.

Í framhaldi af orðræðu Þórarins er Geiti ljóst að hann verður að láta til skarar skrifa. Hann fer og tryggir sér liðsinni Guðmundar ríka en hittir síðan Ölvi spaka og á við hann samtali. Ölvir spyr „að Brodd-Helga vandlega“ (1998). Geitir virðist í fyrstu segja bæði kost og löst á Brodd-Helga; hann „lét vel yfir honum og kvað hann vera stórmenni mikið, óvæginn og ódælan og þó góðan dreng að mörgu lagi“ (1998). Af þessum orðum má þó sjá að hann dregur einkum fram jákvæðar hliðar Brodd-Helga og leggur áherslu á þær. Þetta svar sættir Ölvir sig ekki við og spyr þá beint út hvort Brodd-Helgi sé „eigi ójafnaðarmaður mikill?“ (1998). Þá svarar Geitir: „Það er helst á mér orðið um ójafnaðinn Helga að hann unni mér eigi að hafa himininn jafnan yfir höfði mér sem hann hefir sjálfur“ (1998). Hér vekur athygli notkun sagnarinnar í viðtengingarhætti nútíðar. Þetta hárfína blæbrigði í orðavali gerir svar Geitis mjög óákveðið. Ölvir spaki skilur hinn ógnvekjandi merkingarauka sem felst í orðum Geitis, því öllu háskalegri getur ójafnaðurinn varla orðið en að einn maður þoli öðrum ekki að hafa sama himin yfir höfði sér. Ölvir svarar því að bragði: „Skal honum þá allt þola?“ (1998). Lokaorð Geitis í samtalinu benda til þess að hann hafi orðið nokkurs vísari: „Svo hefir enn verið hér til“ (1998). Ölvir dregur orðin út úr Geiti og kemur vitinu fyrir hann. Hér staðfestist lyndiseinkunnin sem viðurnefni Ölvis gefur til kynna í því sem hann gerir. Það merkir ‘vitur eða framsýnn maður’ og hann sannar það. Á sama hátt er nafn Geitis áhugavert en það er skylt orðinu *geit* og ein merking þess er ‘skræfa eða ragmenni’.²⁰

Samtöl í Íslendingasögum eru afar mikilvæg. Fræðimenn telja að samtalslist sagnanna rísi hæst í stuttum og hnitmiðuðum tilsvörum sem sum hver hafa lífað á vörum þjóðarinnar öldum saman. Síðustu tilsvör þeirra Geitis og Ölvis spaka í samtalinu hér á undan eru af þessu tagi. Sagt hefur verið um mikilvægi samtala í Íslendingasögum, að þau

ljúka upp huga sögupersóna, sýna umfram allt hvað þær vilja, en einnig hvernig þær skilja sögu sína í ljósi fortíðarinnar og þann grun eða

²⁰ Um merkingu þessara orða, sjá Ásgeir Blöndal Magnússon 1989:238–39, 930 og Hermann Pálsson 1960:83. Auk þess er áhugaverð skýring á geitinni í bók Gertrude Jobses sem styður við hugmyndina um ragmennsku og hugleysi í athöfnum: „In heraldry emblematic of the warrior who wins a victory by diplomacy or policy rather than by physical valor“ 1962:665.

áætlun sem vísar fram í tímann ... Þau tjá afstöðu þeirra á ákveðnum augnablikum og tengja við söguna með því að vísa fram og aftur í tíma (Vésteinn Ólason 1993:55–56).

Þannig er samtal þeirra Geitis og Ölvis og það snertir því atburðarásina með beinum hætti. Hér verða hvörf í frásögninni, Geitir skilur nú að hann verður að drepa Brodd-Helga og í framhaldinu dregur til tíðinda.²¹

4. Kristin viðhorf

Sterk höfundarvitund Vopnfirðinga sögu kemur einkum fram í mannlýsingum höfundar en í þeim myndum sem hann bregður upp af athöfnum manna er siðferðileg ádeila greinileg. Höfundur hefur velpóknun á þeim persónum sem virða kristin lífsgildi og sýna rétta siðferðilega breytni en hann hefur að sama skapi andúð á heiðnu hefndarsíðferði og persónum sem lifa og breyta samkvæmt því farnast illa. Ef höfundurinn tekur afstöðu á þennan hátt er vitundin um formið sjálft til staðar og möguleika þess til að koma skoðunum sínum á framfæri.

Í Vopnfirðinga sögu er nokkuð um minni úr heilagra manna sögum sem bendir til þess að höfundurinn hafi þekkt til helgisagnahefðar, einkum píslarsagna. Í þeim er algengt að hinir vantrúðu sem kvelja kristna menn og píslarvotta fáí banvænan sjúkdóm, verði lostnir eldingu eða lendi í annarri óáran. Þeir hafa rangan málstað, þeir hafa brotið gegn Guði og þeim hefnist fyrir á sýnilegan hátt (*Heilagra manna sögur* I:15–22, 256–271). Sá kristni er á hinn bóginn ávallt óttalaus og tekur því sem að höndum ber með styrk trúarinnar að vopni (Ásdís Egilsdóttir 1996:93–100). Í síðari hluta Vopnfirðinga sögu verður kristin vitund og táknmál mjög greinilegt í sögunni. Raunar er kristin hugmyndafræði einnig sýnileg í fyrri hlutanum. Þar vekur einkum athygli hlutverk Þorleifs kristna og viðurnefni hans sem vísar til þess að hann hafi ját- að kristna trú. Þorleifur kristni er ráðvandur og góðgjarn maður sem breytir alltaf rétt og framkoma hans er andstæð framkomu þeirra sem hann á samskipti við. Þorleifur leggur talsvert á sig til að ná fjármunum félaga síns, Hrafns Austmanns, til að geta fært erfingjum hans þrátt fyrir að Brodd-Helgi geri allt til að koma í veg fyrir það og sé tilbúinn til að ráðast gegn honum. Þá er það Geitir sem mælir (1990):

²¹ Röhn (1976:131–138) hefur bent á vægi samtala og tímaatviksorða þegar hápunktur innan frásagnar er í nánd eins og nefnt var hér áður í kafla 2.2.

Ekki að ráði þykir mér þetta að veita þeim atsókn á smáskipum en vér vitum eigi nema komi á andviðri og reki þá upp og má þá enn það af gera sem sýnist.

Þorleifi kristna gengur allt að óskum, hann hefur réttan málstað og fær góðan byr.

Sem kristinn maður geldur Þorleifur ekki hof toll til heiðinnar hofgyðju. Steinvör hofgyðja leitar því til Brodd-Helga með málið, hann tekur við því en fær Ketil til að heimta hof tollinn af Þorleifi. Ketill stefnir Þorleifi sem vill ekki borga til hofa og segir: „Meir gengur mér það til en smálæti að mér þykir það allt illa komið er þar leggst til“ (1991–92). Þegar Ketill og menn hans hyggjast snúa heim úr stefnuförinni brestur á illviðri, það er sem náttúruöflin snúist gegn þeim sem hafa breytt ranglega og hefti förina, þeir verða að fara aftur til Þorleifs og sitja þar veðurfastir. Þorleifur tekur vel við þeim, hann launar illt með góðu og að lokum fer svo að Ketill lætur sök Þorleifs falla niður og þeir verða vinir. Við það tilefni sýnir Þorleifur stillingu, hann heitir á Krist féлага sinn og segir við Ketil: „Mikils þykir mér vert vinfengi þitt en ekki þykir mér undir hvor sekur fellur eða eigi. Heiti eg á þann féлага er mig lætur ekki slíkt varða“ (1992).

Það eru fleiri vísbendingar í sögunni um að þar fari fram umræða um muninn á heiðnum og kristnum mannskilningi en frásögnin af Þorleifi kristna. Þótt ekki sé getið um kristnitökuna eins og í mörgum öðrum sögum þá er augljóst að höfundurinn vill draga fram mismuninn sem er á heiðnum og kristnum lífs-gildum. Það er vitund í sögunni um ólíka greftrunarsíði, hræ Svarts er hulið og „[ú]tferð Hrafns var ger sæmileg að þeirri síðvenju sem þá var“ (1990). Þegar deila þingmanna Brodd-Helga og Geitis, Þórðar og Þormóðar, stendur yfir drepur Brodd-Helgi menn Þormóðar og um það er sagt (1995):

Helgi lét bera líkin í tóft eina og bera ofan á hrís. Geitis menn undu stórilla sínum hlut og við ekki annað verr en það að þeir náðu eigi að jarða frændur sína og ástmenn.

Þótt höfundurinn sé á yfirborðinu að segja deilusögu sem leiðir til mannvíga og hefnda þá er tilfinningin fyrir því sem er í húfi mjög óljós. Sú afstaða kemur ekki síst fram þegar segir frá Bjarna og Þorkatli sem taka deilur fedra sinna í arf. Þar er greinileg áherslan sem lögð er á að sýna hvernig ungu mennirnir leysa deilur sínar með öðrum og friðsamari hætti en þeir eldri og í þessum hluta frásagnarinnar verða kristin viðhorf ríkjandi. Þannig verða ákveðin

hvörf í frásögninni þegar Bjarni hefur vegið Geiti og er eins og honum sé hreint ekki sjálfrátt, en það er frýja Þorgerðar silfru sem veldur því. Geitir er bæði fóstri hans og móðurbróðir þannig að drápið er nánast föðurmorð. Rétt áður en Bjarni heggur Geiti er sena þar sem kemur vel í ljós hversu kært er með þeim og hann iðrast gjörða sinna jafnskjótt og hann hefur unnið ógæfuverkið. Í Elucidariusi sem var vinsælt kristilegt lærdómsrit og þýtt á norrænu á 12. öld er sagt að einn sé háttur til þess að syndir fyrirgefist: að ganga í iðran (*Þrjár þýðingar lærðar*:94). Þá er iðrunin nefnd í þýðingu á riti Alkvins, Um kostu og löstu, sem varðveitt er m.a. með Norsku hómiljubókinni í handriti frá fyrsta fjórðungi 13. aldar (AM 619 4to). Þar er kafli um það hvernig eigi að snúast frá syndum, en fyrirgefning synda fæst með sannri iðran og því að drýgja ekki sömu syndir í annað sinn (*Þrjár þýðingar lærðar*:132–139).

Bjarna Brodd-Helgasyni er í mörgum heimildum lýst á annan hátt en gert er í Vopnfirðinga sögu. Í Íslendingadrápu er hann sagður illskeyttur og að hann drepi flesta er ollu vígi föður hans (*Den norsk-islandske skjaldedigtning*:539–545). Í Landnámabók er hann kynntur sem „Víga-Bjarni“ (*ÍF* I: 290). Í Kristni sögu er sagt frá trúboðsför Friðreks biskups og Þorvaldar Koðránssonar til Íslands. Þar eru í upphafi nefndir stærstu höfðingjarnir í fjórðungum landsins, fyrir norðan, vestan og sunnan en fyrir austan eru meðal annarra: „Víga-Bjarni og Geitir“ (Kristni saga:5). Í Vopnfirðinga sögu er Bjarni á hinn bóginn aldrei nefndur Víga-Bjarni. Þar er hann fyrst og fremst sýndur sem friðarsinni og það er því greinilega ætlun höfundar að sýna hann öðruvísi en þessar heimildir greina frá honum.

Porkell Geitisson hefur ekki verið viðriðinn deilumar en er hann kemur til Íslands sendir Bjarni menn á hans fund og býður honum „sætt og sæmd og sjálfðæmi“ (2001). Þorkell þiggur ekki því hann hyggur á hefndir og gerir í framhaldinu þrjár árangurslausar tilraunir til að sitja fyrir Bjarna sem er varaður við. Loks sendir Þorkell eftir frændum sínum, Grími og Helga Droplaugarsonum í þeim tilgangi að „veita Bjarna heimsókn og sækja hann með eldi ef vér getum eigi með vopnum“ (2003). Ekkert verður af förinni því Þorkell tekur sótt og treystir sér ekki til farar vegna vanheilsu. Hér eru veikindi Þorkels, sem hvað eftir annað hefur reynt að fara að Bjarna, athyglisverð út frá alkunnu minni úr heilagra manna sögum um sýnilega birtingu syndarinnar. Þorkell sýnir af sér ranga breytni með framferði sínu og synd hans birtist í sjúkdómi sem leggst á hann.

Að loknu þinghaldi gista Þorkell og menn hans í Böðvarsdal hjá bónda nokkrum, Kára að nafni. Þegar Bjarni og menn hans fara framhjá bæ Kára

reyna þeir að dyljast og forðast átök með því að ganga í spor Þorkels og manna hans. Þá segir í sögunni: „Kári var úti er þeir gengu hjá garði og gerði ekki vart við og þótti mikill vandi með þeim frændum og vildi hann það ekki til sín taka láta“ (2004). Þessi skýring er merkileg því Kári er þingmaður Þorkels og hann hefur skipað honum að standa vörð meðan þeir sofa og láta vita ef hann verði var við mannaferðir en Kári hlýðir því ekki. Með þessu atviki kemur fram viðhorf höfundar sem lýsir í hug Kára og lætur hann fyrst og fremst bregðast við siðferðilegum vanda með afstöðu sinni; hann vill ekki eiga þátt í að frændur deili.

Þessi sama höfundarafstaða kemur fram eftir bardagann í Böðvarsdal en þá fer Bjarni til Glíru-Halla, segir honum fall sona hans og býður honum til sín. Af svörum Halla má ljóst vera að þar fer fram umræða um mismunandi gildi: „Mikill skaði þykir mér að sonum mínum en þó þykir mér betra að missa þeirra en það þeir bæru bleyðiorð sem sumir förunautar þínir“ (2006). Glíru-Halli er hér fulltrúi gamalla viðhorfa þar sem heiðið sæmdarsiðferði er æðst gilda og vill hann heldur eiga dauða syni en raga. Sama umræða um mun siðferðisgilda fer fram í frásögninni af Þorsteini stangarhögg en Þórarinn faðir Þorsteins hefur sömu afstöðu og Glíru-Halli. Þegar Þorsteinn segir föður sínum að hann ætli að heyja einvígi við Bjarna hvetur Þórarinn hann til að taka vopn sín og verjast og segir: „Þykir mér og betra að missa þín en eiga ragan son“ (2297).

Bjarni og menn hans gróa sára sinna eftir bardagann með hjálp Þorvarðar læknis en Bjarna verður einnig hugsað til Þorkels því hann vill honum alltaf vel þrátt fyrir að Þorkell hafi misgert við hann. Bjarni sýnir bróðurkærleik í samskiptum við Þorkel og sendir Þorvarð lækni til Krossavíkur til að græða sár hans. Þegar Þorvarður kemur til Krossavíkur er sagt: „Engi maður heilsaði Þorvarði“ (2006). Það er ljóst að Þorkell stendur frammi fyrir vali um tvo kosti sem báðir eru vondir. Hann getur rekið Þorvarð á brott og með því haldið fast við þverlyndi sitt, sæmd og hefndarsiðferði og dáið af sárum sínum. Á hinn bóginn á hann val um að þiggja þá hjálp sem honum býðst og þar með lífgjöf frá fjandmanni sínum því að það er Bjarni sem sendir Þorvarð. Þorkell velur seinni kostinn og er tekið fram í sögunni að Þorvarður dvelji í Krossavík í sjö daga og batnar Þorkatli dag frá degi. Þetta myndar hliðstæðu við sköpunartímann sem náði yfir sjö daga og verður um leið vísir að nýju upphafi milli þeirra frænda, Bjarna og Þorkels.

Í framhaldinu getur Þorkell ekki sinnt búi sínu vegna vanheilsu og horfir til vandræða af þeim sökum. Bjarni fréttir þetta og sendir boð til Þorkels um

aðstoð. Þorkell er tregur til en þá er það fyrir orð Jórunnar konu sinnar sem Þorkell ákveður að þiggja enn hjálp Bjarna: „Þú skalt ráða,“ segir Þorkell, „því að eg hefi oft reynt að þú ert bæði vitur og góðgjörmi“ (2007). Með þessum orðum Þorkels sést vel að ekkert er nýtt undir sólinni og má því segja að það sé bæði gömul saga og ný að þeim körlum farnist vel sem hlíta ráðum kvenna. Þegar Þorkell fer til Hofs og þeir Bjarni sættast heilum sáttum þá fara þau tólf saman en það er hin heilaga postulatala. Orðalagið við sáttgjörðina „þeir áttu tal með sér frændur“ (2007) vekur einnig athygli fyrir þær sakir að þar er ekki minnst á orðið vinfengi, en það er mjög notað í fyrri hluta Vopnfirðinga sögu í lýsingu á vináttu feðra þeirra, Brodd-Helga og Geitis. Þar er klifað á orðinu vinfengi þannig að svo virðist sem það sé stílbragð höfundar sem vill með því lýsa vináttu sem á eftir að snúast upp í andhverfu sína. Hér er allt með öðrum hætti, Bjarni og Þorkell sættast einfaldlega heilum sáttum sem báðir halda síðan.

Í lok Vopnfirðinga sögu vekur athygli að ætt Þorkels Geitissonar er rakin áfram til Þorláks biskups helga, Ragnheiðar systur hans og sona hennar. Ættir eru raktar til samtíðarmanna Páls biskups en á hans dögum hófst biskupsöguritunin sem kunnugt er og hann fékk ritaða um sig sérstaka sögu þar sem frændsemi þeirra Þorláks helga er gerð góð skil (Ásdís Egilsdóttir 1992:218–219). Hér hefur verið sýnt fram á að kristin vitund og viðhorf í Vopnfirðinga sögu eru meiri en svo að þau tengist eingöngu ritunartímanum og því styðja ættartölurnar í lokin við þá greiningu að tilgangur söguritunar sé einkum að koma á framfæri siðferðilegum boðskap í kristnum anda.

Í Vopnfirðinga sögu er ekki greint frá því hvað verður um Bjarna Brodd-Helgason en sagt er frá afdrifum hans í frásögninni af Þorsteini stangarhögg sem er framhald af Vopnfirðinga sögu. Þar hefur Bjarni alla sömu eiginleika og í sögunni, hann er fyrst og fremst sýndur sem friðarsinni og honum farnast vel. Sagt er um hann í lokin (2298):

Bjarni hélt vel virðingu sinni og var hann því vinsælli og betur stilltur sem hann var eldri og var allra manna þrautbestur og gerðist trúmaður mikill hinn síðasta hluta ævi sinnar. Bjarni fór utan og gekk suður og andaðist í þeirri ferð.

Loks er er lögð sérstök áhersla á að greina frá ættboganum sem kominn er frá Bjarna með Yngvildi dóttur hans sem giftist Þorsteini Síðu-Hallssyni en meðal afkomenda þeirra er nefndur Magnús Einarsson Skálholtsbiskup auk fleiri

merkra presta og ábóta. Þegar sagt er frá Þorsteini sem tengdasyni Bjarna er hægt að gera ráð fyrir að menn hafi þar með vitað um mægðir Bjarna við Jón helga Ögmundarson sem varð fyrsti biskup Hólastaðar, en Síðu-Hallur var langafi hans í móðurætt og tók hann fyrstur höfðingja á Íslandi kristna trú. Með ættartölunni í lok Þorsteins þáttar stangarhögg er sýnt fram á mægðir Bjarna Brodd-Helgasonar við helgan biskup en sama umræða fer fram með ættartölum í lok Vopnfirðinga sögu þegar skyldleiki Þorkels Geitissonar og Þorláks helga er rakinn.

5. Lokaorð

Vopnfirðinga saga virðist á yfirborði falla að ramma hefðbundinnar deilusögu þar sem sagt er frá mannvígum og hefndum, en ekki er allt sem sýnist í þeim efnum og margt annað blasir við þegar merkingarlög textans eru rannsökuð og sagan greind sem heild. Sterk höfundarvitund Vopnfirðinga sögu kemur fram í því að átökin sem fara af stað í fimmta kafla hafa verið undirbyggð frá byrjun. Um leið er greinilegt að það er mjög óljóst hvaða hagsmunir eru í húfi og því hlýtur lesandinn að velta því fyrir sér hvað vaki fyrir höfundi með frásögninni. Höfundarvitundin kemur einnig fram í mannlýsingum því að í þeim myndum sem höfundur bregður upp af athöfnum manna er andúð á rangri siðferðilegri breytni greinilega fyrir hendi. Ef höfundurinn tekur afstöðu á þennan hátt er vitundin um formið sjálft til staðar og möguleika þess til að koma ákveðnum skoðunum á framfæri. Hér hafa verið leiddar líkur að því að tilgangur höfundar með frásögninni sé fremur að koma ákveðnum siðabodskap á framfæri en að lýsa gangvirki deilna. Í sögunni er greinileg vitund um að vænlegra sé að nota aðrar leiðir en þær að láta vopnin tala og aflétta þar með hinni skilyrðislausu hefndarskyldu, en það er einkum bygging sögunnar, markviss framsetning innri tíma og mannlýsingar aðalpersóna sem styður þá greiningu á tilgangi söguritunar.

Hér hefur einnig verið fjallað um þá tilgátu að hægt sé að líta á Þorsteins sögu hvíta sem forsögu Vopnfirðinga sögu og frásögnina af Þorsteini stangarhögg sem framhald hennar eða nokkurs konar lokapátt. Sögurnar þrjár, bindast saman efnislega þar sem þær fjalla allar um Þorstein hvíta og afkomendur hans og kallast persónulýsingar í þessum þremur frásögnum á. Hugmyndafræðilegt viðhorf sagnanna tengir þær einnig saman því þær eru allar sögur tveggja kynslóða þar sem afstaða eldri kynslóðar til hefndarsíðferðis sam-

félagsins er önnur en hinnar yngri. Afstaða höfundar kemur einnig fram í byggingu sögunnar því að hann teflir fram hliðstæðum sem mynda hugmyndalegar og siðferðilegar andstæður sem kallast á í framvindu frásagnarinnar.

Ættartölurnar í lokin og kristin vitund sögunnar styrkja einnig þá túlkun að tilgangur söguritunar sé einkum að koma á framfæri siðferðilegum boðskap í kristnum anda og jafnframt að þar fari fram umræða um þýðingarleysi víga í samfélaginu. Í því sambandi er mikilvægt að draga fram að jafnvægið í Vopnfirðinga sögu raskast vegna ágirndar, sem er einn af átta höfuðlöstum (sbr. *Þrjár þýðingar lærðar*:151–153). Svo er einnig í frásögninni af Þorsteini stangarhögg, þar fara átök af stað vegna ofmetnaðar sem er fyrstur höfuðlasta og telst andlegur löstur. Kristin áhrif eru einnig sýnileg í mannlýsingum höfundar, sem tekur afstöðu með þeim sem breyta rétt en gegn þeim sem fremja misgjörðir. Einnig er ljóst að höfundur vill benda á að leiðin til manlegrar farsældar felist í að vera í sátt og vinfengi við náunga sinn fremur en því að herja á hann með vopnum. Náungakærleikur í kristnum anda er líklegur til að stuðla að vináttu milli manna og með því að bera ávallt fram sáttarorð er hægt að styrkja grundvöll varanlegrar vináttu og friðar á umbreytingartímum.

Í frásögnunum þremur, Þorsteins sögu hvíta, Vopnfirðinga sögu og frásögninni af Þorsteini stangarhögg fer greinilega fram umræða um mismunandi gildi og afstöðu sögupersóna til þeirra. Þegar mannlýsingar sagnanna þriggja eru athugaðar kemur sama afstaðan fram í þeim öllum. Þar kemur fram að góð siðferðileg breytni í orði og verki leiðir ávallt til vináttu og friðar en illvirki snúast í höndum þeirra sem beita þeim og bitna að lokum á þeim sjálfum.

HEIMILDIR

- Alfræði íslenzk* III. Kr. Kálund gaf út. STUAGNL 45. København, 1917–18.
- Andersson, Theodore M. 1967. *The Icelandic Family Saga. An Analytic Reading*. Harvard University Press, Cambridge.
- Aristóteles. 1976. *Um skáldskaparlistina*. Kristján Árnason þýddi. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Ásdís Egilsdóttir. 1992. Eru biskupasögur til? *Skáldskaparmál* 2:207–220.
- Ásdís Egilsdóttir. 1996. Kvendýrlingar og kvenímynd trúarlegra bókmennta á Íslandi. *Konur og kristmenn*. Þættir úr kristnisögu Íslands:91–116. Ritstj. Inga Huld Hákonardóttir. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Orðabók Háskólans, Reykjavík.
- Baetke, Walter. 1956. Vorwort des Herausgebers. Studien zur Vápnfirðinga Saga, bls. v–xiii. *Saga*. Untersuchungen zur nordischen Literatur- und Sprachgeschichte 1. Halle a. S.
- Benedikt Sveinsson (útg.). 1923. Vápnfirðinga saga. *Íslendinga sögur* 22. [2. útg.] Sigurður Kristjánsson, Reykjavík.
- Bjarni Guðnason. 1993. Túlkun Heiðarvígásögu. *Studia Islandica – Íslensk fræði* 50. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Björn Teitsson. 1975. Bjarnfeldir í máldögum. *Afmælisrit Björns Sigfússonar*, bls. 23–46. Ritstj. Björn Teitsson, Björn Þorsteinsson og Sverrir Tómasson. Sögufélag, Reykjavík.
- Bogi Th. Melsteð. 1910. *Íslendinga saga* II. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn.
- Byock, Jesse L. 1988. Valdatafl og vinfengi. *Skírnir* 162:127–137. Gunnar Eypórsson þýddi.
- Clover, Carol J. 1982. *The Medieval Saga*. Cornell University Press, Ithaca.
- Clover, Carol J. 1986. Hildigunnur's Lament. *Structure and Meaning in Old Norse Literature: New Approaches to Textual Analysis and Literary Criticism*, bls. 141–183. Ritstj. John Lindow, Lars Lönnroth og Gerd Wolfgang Weber. Odense University Press, Odense.
- Driscoll, Matthew James (útg.). 1992. *Sigurðar saga þögla*. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Rit 34. Reykjavík.
- Einar Ól. Sveinsson. 1943. *Á Njálsbúð*. Bók um mikið listaverk. Bókmenntafélagið, Reykjavík.
- Einar Ól. Sveinsson. 1956. *Við uppspretturarnar*. Helgafell, Reykjavík.
- Einar Ól. Sveinsson. 1962. *Íslenskar bókmenntir í fornöld* I. Almenna bókafélagið, [Reykjavík].
- Fichtner, Edward G. 1979. Gift Exchange and Initiation in the *Auðunar þáttur vestfirzka*. *Scandinavian Studies* 51:249–272.
- Finnur Jónsson. 1923. *Den oldnorske og oldislandske litteraturs historie*. 2. útg. endursk. 2. bindi. København.
- Grágás. Lagasafn íslenska þjóðveldisins. Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mördur Árnason sáu um útgáfuna. Mál og menning, Reykjavík, 1992.
- Grímur M. Helgason og Vésteinn Ólason (útg.). 1972. *Íslendinga sögur* 7. *Íslenskar fornsögur*. Skuggsjá, [Hafnarfirði].
- Guðbrandur Vigfússon. 1861. Um nokkrar Íslendingasögur. *Ný félagsrit* 21:118–127.

- Guðbrandur Vigfússon. 1879. Vápnfirðinga Saga. *An Icelandic Prose Reader*: 119–121, 375. Guðbrandur Vigfússon og F. York Powell gáfu út. Oxford.
- Guðni Jónsson (útg.). 1947. Austfirðinga sögur. *Íslendinga sögur* 10. Íslendingasagnaútgáfan, Reykjavík.
- Guðrún Ingólfsdóttir. 1992. Að utan: Um búandi konur í Íslendinga sögum. *Skáldskaparmál* 2:124–134.
- Guðrún Ingólfsdóttir. 1994. „En mér þykir illt að láta risnu mína“. Um virðingu kvenna og stöðu á heimili í Fljótsdæla sögu. *Sagnaþing helgað Jónasi Kristjánssyni sjötugum 10. apríl 1994*, bls. 257–268. Ritstj. Gísli Sigurðsson, Guðrún Kvaran og Sigurgeir Steingrímsson. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Guðrún Nordal. 1990. „Nú er hin skarpa skálmöld komin“. *Skáldskaparmál* 1:211–225.
- Gunnlaugur Þórðarson (útg.). 1848. Vápnfirðinga saga. *Nordiske Oldskrifter* 5. Nordiske Literatur-Samfund, Kjøbenhavn.
- Gurevich, Aaron Ya. 1968. Wealth and Gift-Bestowal among the Ancient Scandinavians. *Scandinavica* 7:126–38.
- Hauksbók*. [Eiríkur Jónsson og Finnur Jónsson gáfu út.] København, 1892–96.
- Heilagra manna sögur* I. C. R. Unger gaf út. Christiania, 1877.
- Helga Kress. 1993. *Máttugar meyar*. Íslensk fornþekkingarsaga. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Heller, Rolf. 1963. Studien zu Aufbau und Stil der Vápnfirðinga saga. *Arkiv för nordisk filologi* 78:170–189.
- Hermann Pálsson. 1960. *Íslensk mannanöfn*. Heimskringla, Reykjavík.
- ÍF I = Íslendingabók, Landnámabók. Jakob Benediktsson gaf út. *Íslensk fornrit* 1. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík, 1968.
- ÍF V = Laxdæla saga. Einar Ól. Sveinsson gaf út. *Íslensk fornrit* 5. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík, 1934.
- ÍF XI = Austfirðinga sögur. Jón Jóhannesson gaf út. *Íslensk fornrit* 11. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík, 1950.
- ÍF XXVI = Heimskringla I. Bjarni Aðalbjarnarson gaf út. *Íslensk fornrit* 26. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík, 1941.
- Íslendinga sögur og þættir I–III*. Útg. Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson. Svart á hvítu, Reykjavík, 1987.
- Íslensk orðabók handa skólum og almenningi*. Ritstjóri Árni Böðvarsson. Önnur útgáfa, aukin og bætt. Reykjavík, 1983.
- Jakobsen, Jakob (útg.). 1902–03. *Austfirðinga sögur*. STUAGNL 29. København.
- Jobes, Gertrude. 1962. *Dictionary of Mythology Folklore and Symbols* I. Scarecrow Press, New York.
- Jochens, Jenny. 1995. *Women in Old Norse Society*. Cornell University Press, Ithaca.
- Jón Árnason. 1954. *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* I. Safnað hefur Jón Árnason. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson önnuðust útgáfuna. Þjóðsaga, Reykjavík.
- Jón Helgason. 1975. Syv sagablaðe. *Opuscula* 5:1–97. *Bibliotheca Arnarnagæana* 31. København.
- Jón Helgason. 1976. Paris i Troja, Þorsteinn på Borg och Brodd-Helgi på Hof. *Nordiska studier i filologi och lingvistik*. Festskrift tillägnat Gösta Holm på 60-årsdagen den 8 juli 1976, bls. 192–4. Ritstj. Lars Svensson, Anne Marie Wieselgren, Åke Hansson. Studentlitteratur, Lund.

- Jón Jóhannesson. 1950. Formáli. Austfirðinga sögur. *Íslensk fornrit* 11:v-cxx. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Jón Viðar Sigurðsson. 1992. Friendship in the Icelandic Commonwealth. *From Sagas to Society. Comparative Approaches to Early Iceland*:205–215. Ritstj. Gísli Páls-son. Hisarlik Press, Enfield Lock.
- Jón Torfason. 1990. Góðar sögur eða vondar. Athugun á nokkrum frásagnareinkennum í Íslendinga sögum, einkum með hliðsjón af Þórðar sögu hreðu. *Skáldskaparmál* 1: 118–130.
- Jónas Kristjánsson. 1988. *Eddas and Sagas. Iceland's Medieval Literature*. Peter Foote þýddi. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- KatAM = Katalog over Den arnamagnæanske Håndskriftsamling I-II*. Udgivet af Kommissionen for Det arnamagnæanske Legat. København, 1889–1894.
- KatKB = Katalog over de oldnorsk-islandske håndskrifter i Det store kongelige Bibliotek og i Universitetsbiblioteket (udenfor den arnamagnæanske Samling) samt den arnamagnæanske Samlings Tilvækst 1894–99*. Udgivet af Kommissionen for Det arnamagnæanske Legat. København, 1900.
- Katalog öfer Kongl. Bibliotekets fornisländska och fornorska handskrifter II-III*. Utarbetad af Vilhelm Gödel. Stockholm, 1898–1899.
- KLNM = Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder fra vikingetid til reformationstid I-XXII*. København, 1956–1978.
- Kolbrún Haraldsdóttir. 1991. Ein lítil athugasemd um byggingu Flateyjarbókar. *Lygi-sögur sagðar Sverri Tómassyni fimmtugum 5. apríl 1991*, bls. 61–64. Ritstj. Gísli Sigurðsson og Örnólfur Thorsson. Reykjavík.
- Kristni saga. Pátr Þorvalds ens víðförla. Pátr Ísleifs biskups Gizurarsonar. Hungrvaka. Bernhard Kahle gaf út. *Altnordische Saga-Bibliothek* 11. Halle, 1905.
- Lönroth, Lars. 1969. The Noble Heathen. A Theme in the Sagas. *Scandinavian Studies* 41:1–29.
- Medieval Scandinavia. An Encyclopedia*. 1993. Ritstj. Phillip Pulsiano. Garland, New York / London.
- Meulengracht Sørensen, Preben. 1993. *Fortælling og ære*. Studier i islændingesagaerne. Aarhus Universitetsforlag, Århus.
- Miller, William Ian. 1990. *Bloodtaking and Peacemaking. Feud, Law, and Society in Saga Iceland*. University of Chicago Press, Chicago.
- Miller, William Ian. 1993. *Humiliation: and Other Essays on Honor, Social Discomfort, and Violence*. Cornell University Press, Ithaca.
- Mundal, Else. 1974. *Fylgjemotiva i norrøn litteratur*. Universitetsforlaget, Oslo.
- Den norsk-islandske skjaldedigtning* B. Finnur Jónsson bjó til prentunar. Kommissionen for Det arnamagnæanske legat. København / Kristiania, 1912.
- Ordbog over det norrøne prosasprog. Register*. Udgivet af Den arnamagnæanske kommission. København, 1989.
- Ólafur Briem. 1972. *Íslendinga sögur og nútíminn*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Ólafur Halldórsson. 1990. Horfið kúakyn. *Brunnur lifandi vatns*. Afmælisrit til heiðurs Pétri Mikkeli Jónassyni prófessor sjötugum 18. júní 1990, bls. 108–115. Ritstj. Guðmundur Eggertsson, Gunnar F. Guðmundsson, Ragnheiður Þorlákssdóttir og Svavar Sigmundsson. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Páll Eggert Ólason. 1918–37. *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins*. I–III. Reykjavík.
- Ryding, William W. 1971. *Structure in Medieval Narrative*. Mouton, Hague.

- Röhn, Hartmut. 1976. *Untersuchungen zur Zeitgestaltung und Komposition der Íslendingasögur*. Basel und Stuttgart.
- Sigríður Baldursdóttir. 1998. Vopnfirðinga saga – tilurð og túlkun. Óprentuð ritgerð til M.A.-prófs í íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands.
- Sigurður Nordal. 1938. Formáli. Borgfirðinga sögur. Sigurður Nordal gaf út. *Íslenzk fornrit 3:v-clv*. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Sigurður Samúelsson. 1998. *Sjúkdómar og dánarmein íslenskra fornanna*. Háskóla-útgáfan, Reykjavík.
- Skúli V. Guðjónsson. 1949. *Manneldi og heilsufar í fornöld*. Ólafur Geirsson þýddi. Ísafold, Reykjavík.
- Stefán Karlsson. 1994. Aldur Fljótsdæla sögu. *Sagnaþing helgað Jónasi Kristjánssyni sjötugum 10. apríl 1994*, bls. 743–759. Ritstj. Gísli Sigurðsson, Guðrún Kvaran og Sigurgeir Steingrímsson. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Sverrir Tómasson. 1994. Skorið í fornsögu. Pankar um byggingu Hrafnkels sögu. *Sagnaþing helgað Jónasi Kristjánssyni sjötugum 10. apríl 1994*, bls. 787–799. Ritstj. Gísli Sigurðsson, Guðrún Kvaran og Sigurgeir Steingrímsson. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Turville-Petre, Gabriel. 1972. Dreams in Icelandic tradition. *Nine Norse Studies 5:30–51*. [Fyrst prentað í *Folklore 69*, 1958.]
- Valdimar Ásmundarson. 1898. Formáli. Vápnfirðinga saga. *Íslendinga sögur 22:iii–iv*. Sigurður Kristjánsson, Reykjavík.
- Vápnfirðinga saga. Austfirðinga sögur. Jakob Jakobsen gaf út. STUAGNL 29. København, 1902–03.
- Vápnfirðinga saga. Valdimar Ásmundarson bjó til prentunar. *Íslendinga sögur 22*. Sigurður Kristjánsson, Reykjavík 1898.
- Vésteinn Ólason. 1983. Íslendingasögur. *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, bls. 135–141. Ritstj. Jakob Benediktsson. Mál og menning, Reykjavík.
- Vésteinn Ólason. 1984. Íslensk sagnalist – erlendir lærdómur. *Tímarit Máls og menningar 45:174–189*.
- Vésteinn Ólason. 1993. Íslendingasögur og þættir. *Íslensk bókmenntasaga II:23–163*. Ritstj. Vésteinn Ólason. Mál og menning, Reykjavík.
- Viðar Hreinsson. 1992. Hver er þessi Grettir? *Skáldskaparmál 2:77–106*.
- Vinaver, Eugène. 1971. *The Rise of Romance*. Oxford.
- Vopnfirðinga saga. Íslendinga sögur 7. Grímur M. Helgason og Vésteinn Ólason bjuggu til prentunar. *Íslenzkar fornsögur*. Skuggsjá, [Hafnarfirði], 1972.
- Walter, Ernst. 1956. Studien zur Vápnfirðinga Saga. *Saga*. Untersuchungen zur nordischen Literatur- und Sprachgeschichte 1. Halle a. S.
- Porleifur Hauksson. 1994. Stílbragðalisti. *Íslensk stílfraði*, bls. 153–165. Ritstj. Porleifur Hauksson. Mál og menning, Reykjavík.
- Pórir Óskarsson. 1994. Íslendingasögur. *Íslensk stílfraði*, bls. 273–293. Ritstj. Porleifur Hauksson. Mál og menning, Reykjavík.
- Þrjár þýðingar lærðar frá miðöldum*. Gunnar Ágúst Harðarson bjó til prentunar. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík, 1989.
- Örnólfur Thorsson. 1990. „Leitin að landinu fagra“. Hugleiðing um rannsóknir á íslenskum fornþekkingum. *Skáldskaparmál 1:28–53*.


SUMMARY

This article examines the structure and meaning of *Vopnfirðinga saga*, one of the lesser known *Íslendingasögur* and a work which deserves more attention than it has hitherto received. Previous discussion has tended to treat the saga as a traditional narrative of conflict, not least by concentrating on the relationship between Brodd-Helgi and Geitir in the first part of the saga, rather than on that between Bjarni Brodd-Helgason and Porkell Geitisson in the second part. As a result the saga has not been viewed as a unified and coherent whole.

Þorsteins saga hvíta can be read as a prelude to *Vopnfirðinga saga*, and *Þorsteins þáttur stangarhöggss* as a continuation of *Vopnfirðinga saga*. All three works deal with Þorsteinn hvíti and his ancestors, and each dramatises the tension between the elder generation's desire to seek blood revenge in the pursuit of disputes, and the younger generation's inclination to pursue less violent and more morally defensible methods of conflict resolution.

In its contrastive structure, characterisation of the principal protagonists, use of genealogies and handling of time, the saga seems designed to question the value and validity of unconditional vengeance in dispute resolution. The narrator seems more concerned to moralize than to celebrate conflict. The saga indicates that long-term human prosperity is best achieved by seeking peaceful accommodation rather than by resorting to arms. It suggests that the Christian spirit of 'loving thy neighbour as thyself' seems more likely than violence to secure stable friendships in society, thereby helping individuals to achieve their goals in an otherwise unstable world.

Sigríður Baldursdóttir
Þernunesi 3
210 Garðabær
ternunes@centrum.is



ROBERT COOK

ON TRANSLATING SAGAS¹

1. Introduction

IN 1961 THE *SAGA-BOOK* published Ian Maxwell's "On Translation – I" and a follow-up article by George Johnston called "On Translation – II." Johnston later published another article on the subject.² There have of course been other studies of saga translation,³ but none which deals quite so squarely and straightforwardly with the practical issues of fidelity and diction that I wish to continue discussing here.

We have all heard some of the clichés dealing with "the queer world of verbal transmigration,"⁴ like the Italian word-play "*traduttore* (translator) – *traditore* (traitor)," which stigmatizes the translator as inevitably a betrayer of the original text, or the witty though antifeminist remark that "une traduction est comme une femme: si elle est fidèle, elle n'est pas belle — et si elle est belle, elle n'est pas fidèle." The issue underlying both these clichés is fidelity, a matter on which I concur with Maxwell and Johnston in preferring "a literal rendering, as close an adherence as possible both to the words and

¹ A first version of this paper was presented at the December, 1996 meeting of the Modern Language Association in Washington, DC. It was expanded into a talk given at a *Njáls saga* symposium in Hvolsvöllur, August 25–26, 2001, sponsored by the Sigurður Nordal Institute and The Saga Centre in Hvolsvöllur. I am grateful to Úlfar Bragason for inviting me to take part, and to Fritz Heinemann and Andrew Wawn for perceptive comments on this version. I would like to dedicate this article to the memory of Hermann Pálsson, *traducteur extraordinaire*.

² *Saga-Book* 15, Part 4 (1961), 383–93 (Maxwell) and 394–402 (Johnston); Johnston, "Translating the Sagas into English." *BONIS 1972* (Copenhagen: The Royal Library, 1973): 7–16.

³ For example, "Randolph Quirk, Dasent, Morris, and Problems of Translation," *Saga-Book* 14, Parts 1–2 (1953–55): 64–77; J. N. Swannell, "William Morris as an Interpreter of Old Norse," *Saga-Book* 15, Part 4 (1961): 365–82; Keneva Kunz, *Retellers of Tales: An Evaluation of English Translations of Laxdæla saga*. *Studia Islandica* 51 (Reykjavík: Bókmenntafreðistofnun Háskóla Íslands, 1994).

⁴ Vladimir Nabokov, *Lectures on Russian Literature* (New York: Harcourt Brace Jovanovich, 1981): 315.

order of the original. The less a translator interferes the better" (Maxwell:390).

Maxwell was more concerned with words than with word order, and he is especially perceptive regarding the ease with which modern English idiom can distort thirteenth-century Icelandic: "very precocious" for *allbráðgorr* contains "a hint of ridicule or at least apprehension" not intended by the author; "Morris's 'very quick of growth' is awkward but nearer the mark" (387). Johnston's articles discuss many issues, however briefly: vocabulary, shifting tenses, word order, syntax and the verses. The present article will begin with a look at two nineteenth-century translators and then pass to the question of vocabulary, after which it will discuss the topics raised by Johnston, and further topics as well. My argument will be that literal translation must take into consideration a wide range of aspects of saga style, most of which are capable of being closely imitated in modern English.

Maxwell's article is a review of the translation of *Eyrbyggja saga* by Paul Schach and Lee M. Hollander (who translated the verses).⁵ Johnston's first article illustrates its points about close translation into modern English with citations from his version of *Gísla saga*, which was to appear in 1963.⁶ His later article goes over the same ground, with reference mainly to William Morris. The present article, which like Maxwell's will not deal with the thorny problem of the verses, is based on English translations of *Njáls saga*, of which there have been four to date:

- *The Story of Burnt Njal*, translated by George Webbe Dasent (Edinburgh: Edmonston and Douglas, 1861).
- *Njal's Saga*, translated by Carl F. Bayerschmidt and Lee M. Hollander (New York: The American-Scandinavian Foundation, 1955). Referred to below as "B-H."
- *Njal's Saga*, translated by Magnus Magnusson and Hermann Pálsson (London: Penguin Books, 1960). Revised version in *The Icelandic Sagas*, edited and introduced by Magnus Magnusson (London: The Folio Society, 1999), 493–753. The Penguin version is referred to below as "MM-HP." For completeness the 1999 Folio Society version is given when it differs, but the comments below refer to the 1960 Penguin version.

⁵ University of Nebraska Press, 1959.

⁶ *The Saga of Gisli*, translated from the Icelandic by George Johnston, with Notes and an Essay on the Saga of Gisli by Peter Foote (London: J. M. Dent & Sons Ltd., 1963).

- *Njal's Saga*, translated by Robert Cook. *The Complete Sagas of Icelanders*, vol. 3 (Reykjavík: Leifur Eiríksson Publishing, 1997):1–220. Revised for *Njal's Saga*, translated with Introduction and Notes by Robert Cook (London: Penguin Books, 2001). The passages cited below are from the Penguin version.

Translation is, to varying degrees, an exchange between different cultures. Jón Karl Helgason has pointed out that for Dasent “Icelandic medieval history was, in its very nature, like parts of early and even contemporary British history.”⁷ This is not the place to go into Jón Karl’s argument in detail, but he, like Andrew Wawn,⁸ shows how for Dasent and Victorian England the Germanic virtues of courage and loyalty and energy, so well exemplified in the Icelandic sagas, had been handed down to the English more than to other Germanic peoples, as part of their nineteenth-century role as leaders of the world community. For Dasent this cultural continuity, added to the linguistic proximity, made it natural to aim at close translation. Medieval Iceland was not, from his point of view, an alien culture, and it is interesting that he compared translation to the act of fostering a child:

It was a foster-father’s duty, in old times, to rear and cherish the child which he had taken from the arms of its natural parents, his superiors in rank. And so may this work, which the translator has taken from the house of Icelandic scholars, his masters in knowledge, and which he has reared and fostered so many years under an English roof, go forth and fight the battle of life for itself, and win fresh fame for those who gave it birth. (Preface, xx)

This metaphor minimizes the difference between cultures and languages: a foster-child, even though reared in another’s house, remains the same person.

It is instructive to compare Dasent’s style of close translation with that of the other famous nineteenth-century translator of sagas into English, William

⁷ *The Rewriting of Njál's saga. Translation, Politics and Icelandic Sagas*. Topics in Translation 16 (Clevedon: Multilingual Matters Ltd., 1999): 47.

⁸ *The Vikings and the Victorians. Inventing the Old North in Nineteenth-Century Britain* (Cambridge: Boydell and Brewer, 2000).

Morris.⁹ Morris did not translate *Njáls saga*, but in one of the journals of his trips to Iceland he made a translation from Ch. 78:¹⁰

Skarphedin and Hogni were abroad one evening by Gunnar's howe, on the south side thereof: the moonshine was bright but whiles the clouds drew over: them seemed the howe opened and Gunnar turned in the howe, and lay meeting the moon; and they thought they saw four lights burning in the howe, and no shadow cast from any: they saw that Gunnar was merry, and exceeding glad of countenance: and he sang a song so high that they had heard of it even had they been farther off.¹¹

George Webbe Dasent, *The Story of Burnt Njal*, p. 250:

Now those two, Skarphedinn and Hogni, were out of doors one evening by Gunnar's cairn on the south side. The moon and stars were shining clear and bright, but every now and then the clouds drove over them. Then all at once they thought they saw the cairn standing open, and lo! Gunnar had turned himself in the cairn and looked at the moon. They thought they saw four lights burning in the cairn, and none of them threw a shadow. They saw that Gunnar was merry, and he wore a joyful face. He sang a song, and so loud, that it might have been heard though they had been further off.

We see here a sharp contrast between the naturalness of Dasent's language and Morris's archaic obscurity: "abroad" (Morris) vs. "out of doors" (Dasent), "whiles" vs. "every now and then," "them seemed" (*þeim sýndisk*) vs. "they thought," "exceeding glad of countenance" vs. "he wore a joyful face," "they had" (for the more natural "could have") "heard of it" vs. "it might have been heard." Morris also preferred translation by cognates, sometimes sacrificing

⁹ E. R. Eddison, "Some Principles of Translation", appended to his translation of *Egil's Saga* (Cambridge: Cambridge University Press, 1930) has Dasent and Morris in mind when he writes: "Yet there are few good translators of sagas: perhaps only two good translators, and all the rest mostly bad" (p. 230).

¹⁰ *Þeir Skarphedinn ok Hogni váru úti eitt kveld fyrir sunnan haug Gunnars; tunglskin var hjart, en stundum dró fyrir. Þeim sýndisk haugrinn opinn, ok hafði Gunnarr snúizk í hauginum ok sá í móti tunglinu; þeir þóttusk fjögur ljós sjá brenna í hauginum, ok bar hvergi skugga á. Þeir sá, at Gunnarr var kátligr ok með gleðimóti miklu. Hann kvað vísu ok svá hátt, at þó mátti heyra gǫrla, þó at þeir væri firr. Íslenzk fornrit 12: 192-3.*

¹¹ William Morris, *Iceland Journals*. With an introduction by Magnus Magnusson and a foreword by Fiona MacCarthy (London: Mare's Nest, 1996): 38.

sense to etymology: “howe” (*haugr*) rather than “cairn,” “lay meeting the moon” (*sá í móti tunglinu*) rather than “looked at the moon,” “so high” (*svá hátt*) rather than “so loud.” As many readers have asserted, Morris’s use of expressions and terms which never had any place in the English language has made his translations, in spite of their closeness and accuracy, largely inaccessible — even in his own day. Dasent’s English, on the other hand, was the ordinary idiom of his day, apart from certain exceptions for which he begs indulgence: “busk” (from *at búa sik*) and “boun” (*búinn*). “These with ‘redes’ for counsels or plans are almost the only words in the translation which are not still in every-day use” (Preface, xvi).

The discussion of vocabulary in saga translations has often, especially in the nineteenth century, been concerned with words of Latin and French origin. Morris attempted not only to reject such words, but also to imitate the Icelandic words themselves, either through etymological translation (“howe” for *haugr*, even “flock” for *flokkr* when used for a group of men!) or through archaic English words. For Morris a *bóndi* is a “bonder,” and he studiously avoided that nasty French word “farmer.” Dasent, on the other hand, accepted the fact that French and Latin words were part and parcel of the English language, and he did not shrink from using them. This is the main difference between Morris and Dasent (and the reason that Morris seems, to many, quite unreadable). Maxwell finds Morris’s English archaisms “too many, too obtrusive, often too unconvincing” (p. 384), and yet argues that

we must put up with a few archaisms — when old gods and warrior kings and fate and fetches come into a story, it would be strange if an occasional ‘naught’, ‘thereby’, ‘behold’, or even ‘dwelled’ did not sneak past our pickets. (p. 385)

Johnston claims that Latin words “do not belong in the saga world,” and he “would rather avoid them, or at any rate keep their numbers down” (1961:400; cf. 1973:10). He claims to choose his vocabulary “from our conversational word stock” (1961:399) and to prefer “words that I can hear myself saying” (1973:11), and yet his translation of *Gísla saga* has phrases like “be wary for yourself” and the virtually incomprehensible “and now she has given me death’s word” (p. 28, for *en hon hefir nú gefit mér dauðaráð*).¹²

¹² See my review of Johnston’s *The Schemers and Víga-Glúm*, in *JEGP* 100 (January 2001): 83–87, for later instances of this style of translation.

I agree with Dasent that French and even Latin and Greek words have in the course of centuries become thoroughly naturalized in our everyday speech and are no less vigorous than native Germanic words. Only a kind of linguistic puritanism, stemming from an insular turn-back-the-tide-to-the-year-1000 mentality, would prefer "self-doom" to "self-judgement," or "scathe" to "injury," or "outlander" to "foreigner," or "be wary for yourself" to "be on your guard."¹³ (The avoidance of "guard" carries a special irony, in that the word is of Germanic origin, though transmitted to English through French.) And how are we to avoid words like "vengeance" and "avenge" and "discuss" and "agree" and "compensate?" (In the legal passages it is of course impossible to make do with native words, since our legal system derives from the French.)

Another problem with sticking to a Germanic vocabulary is the loss of shades of meaning and a consequent lack of precision. At the end of Ch. 8, the young boy who had mocked Hrut and then been forgiven with the gift of a gold ring, says (in my translation) "I shall always remember your decency" (*"þínum drengskap skal ek við bregða"*). Apart from the Latinate "decency," which I chose in preference to Dasent's "manliness" and B-H's and MM-HP's "noble-mindedness" (1999: "goodness"), I decided that the "foreign" word "remember" was better than the native "recall," since it suggests a permanent condition rather than an occasional burst of memory.

Apart from these matters of diction, Morris's translation is more faithful to the original than Dasent's, though both aimed at literalness. Dasent's passage begins with a "Now" of his own, as if to announce and call attention to a new event; "and lo!" is a similar interjection. He expands the simple *tunglskin var bjart* to two doublets: "The moon and stars were shining clear and bright," evocatively rhythmic but a departure from the original. Prefacing the plain statement that they thought they saw Gunnarr's mound open, Dasent adds "Then at once." We may well wonder whether these intensifying devices were necessary. Nonetheless, Dasent's translation of *Njáls saga* is far more literal, more true to the syntax and style of the original, than the two succeeding translations of that saga.

In the following I will say a bit more about word choice and then pass to a number of other topics, chiefly syntactic, which seem to me more important

¹³ The first three examples are taken from Karl Litzenberg, "The Diction of William Morris," *Arkiv för nordisk filologi* 53 (1937): 327-363, at 355 and 345. The fourth occurs (twice) on p. 16 of Johnston's *The Saga of Gislí*, for *vertu var um þik*.

than vocabulary in defining a translation style that is a "word-by-word" as well as "sense-by-sense" rendering of the Icelandic. My illustrations will all be from the four translations of *Njáls saga*, and it should be stated at once that the comparisons are not meant to be invidious. Each of the four translations is reliable and accurate, and each translator has been true to his own program: Dasent's was mentioned above; Bayerschmidt and Hollander preferred "the more natural idiom of today" as better suited to suggest the original than "the artificial and ponderous vehicles of earlier periods" (p. 14); similarly, Magnusson and Pálsson found fault with Dasent for his "deliberately archaic flavour, a too-literal rendering of the Icelandic style and syntax, that make it unnecessarily alien to the modern reader" (p. 33). They represent the post-war agenda of the Penguin Classics under the editorship of E. V. Rieu: to supply the general reader with a wide body of translations in

readable and attractive versions, ... shorn of the unnecessary difficulties and erudition, the archaic flavour and the foreign idiom that renders so many existing translations repellent to modern taste.¹⁴

The Penguin program included Rieu's prose versions of the Homeric epics, readable but unexciting, and Dorothy Sayers' quite non-literal *Divine Comedy*. In this same vein, Magnus Magnusson and Hermann Pálsson exploited their authority as native speakers of Icelandic and their excellent command of English to provide a smooth and readable version, trustworthy without being closely literal. Their aims and those of Bayerschmidt and Hollander are essentially the same, though the American team is slightly more conservative.

My own translation, some forty years on, attempts a return to Dasent-like literalness, by which I mean imitating the original in as many ways as possible. Like all translators, I am a product of my time. Just as period instruments have come to the fore in performances of early music (especially in the 1980s), and paintings are restored to their original colors, and old texts are edited faithfully according to one manuscript rather than presenting a modern editor's conflation of texts, I aim at an authentic re-creation of the original, insofar as modern English idiom and syntax allow.

It has been interesting, at the very latest stage in the preparation of this paper, to look at Magnus Magnusson's revision (1999) of the 1960 Penguin

¹⁴ E. V. Rieu's objectives for the series, taken from the *penguin uk*-website (<http://www.penguin.co.uk/>), July 9, 2002.

translation by himself and Hermann Pálsson. Countless changes have been made in the direction of the principles advocated in this paper, strengthening my conviction that fashions in translation, like fashions in ties or shoes, change with the times.

2. Limited vocabulary

According to the Concordance to the Family Sagas, the total number of words in *Njáls saga* is 98,938 (not counting proper nouns); the number of lexemes in the saga is 3,135.¹⁵ While the proportion of lexemes to vocabulary is above the average for the family sagas, it is remarkably low for sophisticated literature. Verbal sparsity, the frequent repetition of a comparatively small number of words — whether derived from or imitative of oral style — is a feature of saga style that the translator should respect.

Speeches, for example, are introduced by *segja*, *mæla*, *svara*, *spyrja* and occasionally *ræða* — and no other words. The translation should accordingly limit itself to “say,” “speak,” “answer,” “ask,” “talk” and “discuss,” and not introduce many of the other words available in English for introducing speech, like “retort,” “reply,” “claim,” “assert,” “respond,” “declare” and so forth.¹⁶ The modern reader may find that the verb *segja* is over-worked, and he may find it strange to see it used both for questions and for statements, but such is the style of the saga:

Pangbrandr þagði, meðan hon talaði, en talaði lengi eptir ok sneri því öllu, er hon hafði mælt, í villu. “Hefir þú heyrð þat,” **sagði** hon, “er Þórr bauð Kristi á hólum, ok treystisk hann eigi at berjask við Þór?” “Heyrt hefi ek þat,” **segir** Pangbrandr, “at Þórr væri ekki nema mold ok aska, þegar guð vildi eigi, at hann lifði.” “Veiztú,” **segir** hon, “hverr brotit hefir skip þitt?” “Hvat segir þú til?” **segir** hann. “Þat mun ek segja þér,” **segir** hon. (102.265)¹⁷

¹⁵ Handbook to *Íslendinga sögur. Orðstöðulykill og texti* (Reykjavík: Mál og menning, 1996): 19.

¹⁶ See Maxwell, 390: “if the text says *segir* there is no need to make it ‘retorted’ even if this word aptly characterizes the speech; for better or worse, saga-writers generally prefer to avoid this comment — and so distinguish themselves from the authors of novelettes”.

¹⁷ References are by chapter and page to *Brennu-Njáls saga*, ed. by Einar Ól. Sveinsson, Íslenzk fornrit 12 (Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1954).

It is possible — and I would argue, desirable — to imitate what Otto Springer called “the colorless monotony of the verbs,”¹⁸ and render all five occurrences of *segja* with a form of “say,” as Cook does; Dasent, less strict for the nonce, has “asks” on the fourth occurrence. B-H, on the other hand, use “asked” three times and “answered” twice. MM-HP have “asked ... said ... asked ... asked ... replied”. The effect is to turn the stark, simple language of the saga into “the more natural idiom of today,” but such variety gives an unnecessarily false impression of saga style.¹⁹

The vocabulary of *Njáls saga* is deliberately limited, and the simplest words are used over and over again. The literal translator will want to translate *sjá* consistently as “see,” avoiding such variations as “glimpse” or “observe” or “catch sight of” or “spy” (MM-HP translate *Skarphedinn sá þá* at 45.115 as “Skarphedin caught sight of them”). Verbs for travel are for the most part restricted to *fara* and *ganga* and *ríða* — again, the English equivalents should be limited. The battle scenes pose a particular temptation to translators who wish to liven up and “color” the narrative, even though the Icelandic uses a limited number of stock terms, like *hoggva* and *þrifa* and *snúask* and *reka* and *kasta* and *hlaupa* and *leggja til* and *renna* and *snara* and *klofna* and *brotna* and *falla*. Those are precisely the verbs used in the following passage from Ch. 77, cited in two contrasting translations:

At this point, Thorbrand Thorleiksson leapt up on to the wall and **slashed** through Gunnar’s bow-string. Gunnar seized his halberd two-handed, **whirled** round on Thorbrand, drove the halberd through him, and hurled (1999: threw) him off the wall. Thorbrand’s brother, Asbrand, leapt up; Gunnar lunged again with the halberd, and Asbrand thrust (1999: got) his shield in the way. The halberd went right through the shield and between the upper arm and forearm. Gunnar then twisted the halberd so violently that the shield split and both Asbrand’s arm-bones **were shattered**; and he, too, **toppled** from the wall. (MM-HP, 170; only changes to the verbs in the 1999 version are included here)

¹⁸ “The Style of the Old Icelandic Family Sagas,” *JEGP* 38 (1939): 107–128, at 114.

¹⁹ Although *mæla* seems to have more ponderous implications, whereas *segja* is more appropriate to everyday speech, the pattern is not consistent enough to suggest that *mæla* should be translated consistently as “speak” and *segja* as “say.” Njáll’s important speech about accepting Christianity, for example, is introduced with *sagði* (100.255).

At that moment Thorbrand Thorleiksson leaped up on the roof and **cut** through Gunnar's bow string. Gunnar grasped his halberd with both hands and **turned** quickly towards him and drove the halberd through him and flung him off the roof. Then Asbrand, Thorbrand's brother, leaped up; Gunnar thrust at him with the halberd, and Asbrand brought his shield to meet it. The halberd went through the shield and between the upper arm and forearm. Gunnar twisted the halberd so that the shield split and both his arm-bones **broke**, and Asbrand **fell** off the roof. (Cook, 127)

The contrast between "slashed" and "cut," between "whirled" and "turned," between "were shattered" and "broke" and between "toppled" and "fell" indicates how MM-HP have spiced the scene with herbs that are more tangy than those in the original. I have not made a count of the number of different words used in *Njáls saga* and in the MM-HP translation, but I am willing to bet my copy of Roget's *Thesaurus* that the list used by these Icelandic translators far exceeds the 3,135 lexemes used by the thirteenth-century Icelander who composed the saga.

3. Consistency

A related principle is to use the same English word for the same Icelandic word in all occurrences, or as much as possible. Dasent does this with great care, and I attempt the same. The editorial team for the Leifur Eiríksson project, which resulted in the publication of *The Complete Sagas of Icelanders* in 1997, prepared lengthy lists of key terms, in fields ranging from law to ship-building, together with standardized English equivalents such as "follower" (*hirðmaðr*) and "hayfield" (*tún*) and "godi" (*goði*). Whether in a large-scale project involving forty sagas, or in translating a single saga, consistency seems desirable. Key concepts like *sæmd* and *virðing* and *drengskapur*, and of course legal terminology, should be translated consistently. This, however, is not always possible: I found that the context required some variation in the four occurrences of *drengskapur*, for example: I used "decency" in Chs. 8 and 9, "manhood" in Ch. 91, and "generosity" in Ch. 123.

The Leifur Eiríksson list did not include "little" words like *kasta*, for example, but according to my principle this word should be consistently translated as "throw" — I therefore regret that in the above passage I had Gunnarr

“fling” Þorbrandr off the roof rather than straightforwardly “throw” him. This principle also applies to combinations like *góðar gjafir*, which appears approximately fourteen times (depending on the manuscript). Dasent consistently translates this as “good gifts,” and so do I. B-H translate variously as “good gifts,” “fine gifts,” “splendid gifts,” “goodly presents” and “fine presents.” MM-HP translate it with slightly less diversity, as “good gifts,” “fine gifts” and “handsome gifts” (in the 1999 version there are no more “handsome gifts” and only one instance of “fine gifts”). There is no need for elegant variation in this case.

The saga contains many formulas and repeated phrases, like *Nú er þar til máls at taka, nú er ór vöndu at ráða, njóttú heill handa, eitt skal yfir okkr báða ganga* and *mál er komit í ónýtt efni*. A literal translator will feel the need to duplicate these repetitions, some of which may be aesthetically significant.

The noun *liðveizla* (“help”) is an important one in this saga where so much time is spent gathering forces. On two occasions in close proximity (65.162 and 66.164) *liðveizla* is joined with *atganga*, and though this repetition may not be significant, I have translated “help and backing” in both places; B-H, followed by MM-HP, have “help and support” in the first occurrence, and “support” in the second (1999: “help and support” in both).

Here is an example of a longer phrase, repeated once, which is more significant and should be translated the same way on each occasion: at the end of Ch. 42, Rannveig, Gunnarr’s mother, warns Sigmundur — who has killed Þórðr leysingjason — against taking any more orders from Hallgerðr:

“En ef Hallgerðr kemr annarri flugu í munn þér, þá verðr þat þinn bani” (42.109).

At the beginning of Ch. 44, when Gunnarr arrives home from the Alþingi, he speaks to Sigmundur using the same expression:

“En þó hefī ek nú gørvan þik sáttan, ok skyldir þú nú eigi annarri flugu láta koma í munn þér” (44.111).

A literal translation would highlight this repetition, but this is how it has been translated:

Dasent: “But if Hallgerda makes thee take another fly in thy mouth, then that will be thy bane” (Ch. 42); “But still I have made peace

for thee with Njal and his sons; and now, take care that thou **dost not let another fly come into thy mouth**" (Ch. 44).

B-H: "but if ever you **swallow Hallgerd's bait again**, it will be your death" (Ch. 42). "I have made a settlement for you with Njál, but never again **let yourself be tricked into doing such a thing**" (Ch. 44).

MM-HP: "but if you **ever take another of Hallgerd's baits**, it will cost you your life" (Ch. 42; 1999: "it will be your death"). "I have managed to make your peace with Njal and his sons this time, but you must **never allow yourself to be caught in this way again**" (Ch. 44; 1999: "I have now made a settlement for you with Njál and his sons, but you must never swallow another bait").

Cook: "but if you **rise to Hallgerd's bait again** it will be your death" (Ch. 42). "But still I've made a settlement for you, and you must never **rise to Hallgerd's bait again**" (Ch. 44).

Only the first and fourth of these reproduce the echo. Gunnarr's second use of the phrase is a deliberate repetition of the first, and deserves to be caught in translation.

4. Leaving unsaid what is unsaid

Another guide to literal translation involves keeping unsaid what is unsaid, leaving the reader to draw the appropriate conclusion. Ian Maxwell has commented on Schach's translation of *þótti mǫrgum verra úti, þegar er sólina lægði* as "it seemed to many that there was something uncanny out of doors as soon as the sun got low:" "The saga does not *say* ... that things seemed uncanny — the voice that here breaks in is that of the teacher making things clear to his class" (p. 390). In *Njáls saga*, at the beginning of Ch. 8, Hrútr returns from the West Fjords and discovers that his wife Unnr has left Hrútsstaðir:

Hrútr kom heim ok brá mjök í brún, er kona hans var í brautu (8.26).

This reaction has been translated two different ways. Dasent did it literally:

Hrut came home, and **knit his brows** when he heard his wife was gone.

The next two translations, on the other hand, described the emotion behind the reaction:

B-H: "When Hrút came home and learned that his wife was gone, **he was extremely put out.**"

MM-HP: "When Hrut came home, **he was shocked** to find his wife gone." (1999: "Hrút came home and was greatly taken aback to find his wife gone.")

Here again I have followed Dasent's sure lead, accepting the fact that emotional states in the saga are commonly described in terms of physical reactions.²⁰ I have thus translated: "Hrut came home, and **his brows shot up** when he learned that his wife was gone."

Another example:

Gunnarr lá mjök langa hríð ok varp síðan af sér skikkjunn, ok var honum varmt mjök. (62.155)

Dasent: Gunnar lay a very long while, and threw off his shield [following a different manuscript] from him, and he grew very warm.

B-H: Gunnar lay there for a rather long time; he tossed his shield aside, and he had become quite warm.

MM-HP: Gunnar lay sleeping a very long time. Then he became **uncomfortably hot** and threw off his cloak. (1999: Gunnar lay there for a long time. Then he threw off his cloak; he was very hot.)

Cook: Gunnar lay there for a long time and then threw off his cloak, and he was very warm.

MM-HP have reversed the sequence of clauses and created a smooth logical relationship: Gunnarr is first hot, and then he throws off the cloak. Fine and well (though unnecessary), but is it important to specify that the heat was "uncomfortable?"

Kári vildi þá taka hest sinn ok ríða í braut. (148.423)

²⁰ See for example Skarphedinn in Ch. 44. "Gaman þykkir kerlingunni at, móður várri," segir Skarphedinn ok glotti við, en þó spratt honum sveiti í enni, ok kómu rauður flekkar í kinnr honum, en því var ekki vant. ("The old lady enjoys all this," said Skarphedin and grinned, but sweat formed on his brow and red spots on his cheeks, and this was unusual for him.)

Dasent: Then Kári took his horse and was for riding away.

B-H: Kári took his horse and meant to ride away.

HP-MM: Then Kári wanted to **saddle** his horse and go away. (1999: Kári then wanted to take his horse and ride away.)

Cook: Then Kári wanted to take his horse and ride away.

We may guess that Kári puts a saddle on his horse — just as in the above example we may assume that Gunnarr was uncomfortably hot — but the saga does not tell us that.

I must confess, however, to neglecting this principle in at least one instance. After killing Lýtingr, Ámundi the Blind comes to Njáll, who tells him that his deed was understandable, *því at slíkt er mjök á kveðit, en viðvörðunarvert, ef slíkir atburðir verða, at stinga eigi af stokki við þá, er svá nær standa* (106. 274). I translated this “for such things are preordained, and when they occur they are a warning **not to decline the claims of** close kin.” “Decline the claims of” is needlessly explanatory and goes beyond the down-to-earth Icelandic phrase *at stinga af stokki við*, glossed by Cleasby-Vigfusson as “to prick one out of one’s seat.” The simple word “rebuff,” used by B-H and also by MM-HP, is preferable; “shove aside” might be even more in line with the original.

5. The historical present

A likely carry-over from the spoken language into saga style is the often disconcerting and illogical shifting between past tense and present tense: *Hann komsk út á ána undan þeim ok svá til hrossa ok hleypir, til þess er hann kemr í Ossabæ. Hoskuldr var heima, ok finnr hann þegar* (99.253: “He **fled** across the river to the horses and **gallops** off, until he **comes** to Ossabaer. Hoskuldr **was** at home, and Lyting **goes** to him at once.”) Dasent and Morris were literal translators in this regard, and George Johnston has been the main modern advocate of this approach, both in theory and in practice:

In my opinion the tenses of the Icelandic should be followed as closely as possible; their effect is startling and vivid, the events come before the eye of the reader as they seem to do in life, unpredictably and unceremoniously (1961:396; cf. 1973:13).

The argument in favor of preserving the tense shifts is that they preserve the flavor of oral narrative style. The claim is made that we shift our tenses in colloquial narrative today, but in fact (though there may be a class element here) most of us tell our stories strictly in the past tense, without relapses into "and so he says to me." Nothing is gained by such renderings as "And when Alfdís heard their noise she asks what thugs were on the move out there" (from George Johnston's *The Saga of Gisli*, p. 43). What was natural to saga style and to the oral tradition behind it is not natural to literary English today. This is one area in which the principle of strict literalism can be safely set aside.

6. The paratactic style

Njáls saga, like all of the *Íslendingasögur*, contains many dependent clauses — relative, temporal, causal, concessive, conditional — though far less often than we are accustomed to, and in fact independent clauses predominate. This style is usually called paratactic, as opposed to hypotactic; the latter makes extensive use of subordination in connecting the details of the narrative, whereas saga style places simple sentences and elements of sentences side by side, giving them all equal weight and foregoing subordinating conjunctions like "when," "if," "because," and "although." This is what we expect from oral narration, or a literature based on oral narration. It is the natural style for straightforward narration: *Eptir þat gengr hann í braut; tók þá at morgna* (88. 214). A translation which kept this style would read "After that he went away. The dawn was coming," rather than "Then he left the place as it began to dawn" (B-H) or "Dawn was breaking as he went away" (MM-HP; 1999: "After that he went away; dawn was breaking by then"); B-H and MM-HP employ smooth modern hypotaxis, combining an independent clause with a dependent clause. In the B-H version, Hrapp's leaving is foregrounded by means of the independent clause; in MM-HP the breaking of dawn is foregrounded. In the Icelandic the two events are given equal weight, each with an independent clause.²¹

²¹ The extensive use of independent clauses goes along with a tendency of this style to present information piecemeal. Maxwell (390) gives this example from *Eyrbyggja saga*: *fann hann Gunnlaug, son sinn, fyrir durum; lá hann þar ok var vitlauss*. Schach and Hollander translated this as "discovered his son Gunnlaug lying unconscious before the door," but "found his son Gunnlaug before the door; he was lying there senseless" would better preserve the syntax of the Icelandic.

Standing out against the predominantly paratactic background are the saga's many complex sentences, the most complex of which tend to be in direct speech:

[Flosi:] "*Sé ek þat gǫrla, þó at vér dræpim Njál eða sonu hans, þá eru þeir svá mikils háttar menn ok stórættaðir, at þar mun svá mikit eptirmál verða, at vér munum fyrir margs manns kné ganga verða ok biðja oss liðsinnis, áðr vér komim oss ór þessum vanda.*" (117.294)²²

[Bjarni Broddhelgason:] "*Ek vil ok spyrja þik, Flosi, hvárt nokkurr er allmikill lögmaðr í foruneyti yðru, því at yðr eru tveir kostir til: annat hvárt at biðja sætta, ok er sá allgóðr, hinn er annarr at verja mál með lögum, ef má ok sé varnir til, þótt þat þykki með kappi at gengit.*" (138.364)

To preserve the style of the Icelandic original, including the contrast between parataxis and hypotaxis, it is important to imitate the sentence structure. This involves resisting the tendency to follow the hypotactic style of modern written English.

Hann [Hrappr] var fǫrull mjök ok var aldri heima. (87.213)

Dasent: He was a great wanderer, and was never at home.

B-H: He was always on the go and never home.

MM-HP: But they saw little of him, for he was often away. (1999: But he was always on the move and never at home)

Cook: He was often on the move and was never at home.

MM-HP, in contrast to the other three translators, create a dependent clause which establishes a causal relationship between the elements: Hrappr's being away is the reason that his host and hostess see little of him. To justify the new causal clause — it would be tautological to say that Hrappr was not much there because he was always away — the independent clause is changed from "he was never at home" to "they saw little of him," another step away from literalness.

Here is another instance:

²² Flosi has some of the most complex sentences in the saga, perhaps reflecting his complex moral and legal situation. For other examples see 123.314 and 128.325.

hann [Guðleifr] *komsk í skotfæri við hann ok skýtr til hans* [Galdra-Heðins] *spjótinu ok í gegnum hann.* (102.260)

Dasent: and got within spearshot of him, **and** shoots a spear at him and through him.

B-H: And **when** he came within range he hurled his spear at him, and it pierced him.

MM-HP: **When** he came within range, Gudleif hurled a spear through him. (1999: When he came within range he hurled a spear at him and right through him.)

Cook: He came within range of him **and** threw his spear at him and through him.

In conformity with modern English style, B-H and MM-HP turn the first clause from an independent clause to a temporal dependent clause, with “when.” Their versions read well, but miss the steady, hammering effect of “this ... and this ... and this.”

On the evening of the burning at Bergþórshvoll, Njáll suddenly sees blood everywhere in the house:

Qllum fannsk þá mikit um qðrum en Skarphedni; hann bað þá ekki syrgja né láta qðrum herfiligum látum. (127.324)

Dasent: All thought this strange but Skarphedinn, he bade men not be downcast, nor to utter other unseemly sounds.

B-H: All were greatly perturbed except Skarphedin. He asked them not to put on a sad face or otherwise behave in unseemly fashion.

MM-HP: Everyone was greatly perturbed except Skarp-Hedin, **who** told them that they must not wail or do anything disgraceful. (1999: Everyone was much perturbed except Skarp-Heðin; he told them not to wail nor do anything unseemly.)

Cook: This seemed a big thing to everyone except Skarphedin. He asked them not to grieve or behave in an unseemly way.

MM-HP’s creation of a relative clause (“Skarp-Hedin, who”) substitutes hypotaxis for parataxis and thereby puts Skarphedinn’s important speech into a dependent or secondary clause.

7. The "ok — ok — ok — ok" construction

As these examples show, the paratactic style often takes the form of a string of independent clauses or clausal elements — like a series of verbs governed by the same subject — joined by the conjunctions *ok* and *en*, which must be among the most frequent words in the saga.²³ A close translation, in my view, will want to keep the *oks* and the *ens* and all the independent clauses.

This construction is used less commonly in direct speech than in narrative, where it can be an effective way of moving quickly through a series of events.

gerði þá margr sem vant var at fara til fundar vil Njál, en hann lagði þat til mála manna, sem ekki þótti líklegt, at eyddusk sóknir ok svá varnir, ok varð af því þræta mikil, er málin máttu eigi lúkask, ok riðu menn heim af þingi ósáttir. (97.242)

Hon [Hildigunnr] tók skikkjuna ok þerrði þar með blóðit allt ok vafði þar í blóðlifrnarnar ok braut svá saman skikkjuna ok lagði í kistu sína. (112.282)

Nú er þat til máls at taka, er Kári er, at um sumarit eptir fór hann til skips síns ok sigldi suðr um sæ ok hóf upp gøngu sína í Norðmandi ok gekk suðr ok þá lausn ok fór aptr ina vestri leið ok tók skip sitt í Norðmandi ok sigldi norðr um sjá til Dofra á Englandi. (159.462)

In the third instance, two of the translators break the passage into separate sentences — three sentences in B-H and two (one broken up by a semi-colon) in MM-HP. The other two translators keep all seven "ands" and thereby the breathlessness of this long sentence. Cook has:

To tell now about Kari: the following summer he went to his ship **and** sailed south across the Channel **and** began his pilgrimage in Normandy **and** walked south **and** received absolution **and** returned by the western route **and** took over his ship in Normandy **and** sailed north across the Channel to Dover in England.

²³ A modern writer who has made excellent use of the "and — and — and" device is Vladimir Nabokov: "He met five buses, and in each of them clearly made out Liza waving to him through a window as she and the other passengers started to file out, and then one bus after another was drained and she had not turned up." *Pnin* (London: Penguin Books, 1960): 44 — see also 112, 145.

Here is a shorter example of the typical use of *ok* in an action scene:

ríðr Otkell á hann ofan ok rekr sporann við eyra Gunnari ok rístr hann mikla ristu, ok blæddi þegar mjök. (53.134)

Dasent: Otkell rides down upon him, **and** drives one of the spears into Gunnar's ear, **and** gives him a great gash, **and** it bleeds at once much.

B-H: Otkel rode down upon him **and** grazed Gunnar's ear with one of his spurs. That produced a long gash which immediately began to bleed very much.

MM-HP: Otkel, who was wearing spurs, rode into him. His spur struck Gunnar's ear, making a deep gash that bled freely at once. (1999: Otkel rode into him; his spur struck Gunnar's ear and made a deep gash. Blood poured from it at once.)

Cook: Otkel rode at him **and** his spur struck against Gunnar's ear **and** made a big gash, **and** blood flowed at once.

Again, Dasent and Cook preserve the "ands" and the four separate staccato statements; B-H keep only one "and," and MM-HP manage to do without them entirely, creating a totally different structure: two sentences, one with a relative clause and the other with a participial phrase.

One of the most famous sentences in the saga, this time in direct discourse, uses the "and—and" device:

"Fögr er hlíðin, svá at mér hefir hon aldri jafnfögr sýnsk, bleikir akrar ok slegin tún, ok mun ek ríða heim aprt ok fara hvergi." (75.182)

Dasent: "Fair is the Lithe ; so fair that it has never seemed to me so fair; the corn fields are white to harvest, and the home meadow is mown ; **and** now I will ride back home, **and** not fare abroad at all."

B-H: "Fair is the slope, fairer it seems than I have ever seen it before, with whitening grain and the home field mown; **and** I shall ride back home **and** not go aboard [sic] at all."

MM-HP: "How lovely the slopes are," he said, "more lovely than they have ever seemed to me before, golden cornfields and new-mown hay. I am going back home, **and** I will not go away." (1999: "How lovely the hillside is — more lovely than it has ever seemed to me

before, golden fields and new-mown meadows. I am going back home. I am not going anywhere.”)

Cook: “Lovely is the hillside — never has it seemed so lovely to me as now, with its pale fields and mown meadows, **and** I will ride back home **and** not leave.”

Many comments could be made on this Icelandic sentence and its four translations, but our present concern is the syntax, where the two phrase-linking *oks* create a run-on effect, as though in Gunnarr’s mind the view of Hlíðarendi overflows into his decision to return home and then into the negative re-assertion of this decision, all in one continuous outpouring. The effect, like all such “ok — ok — ok” effects, deserves imitating.

8. Avoiding the present participle

The participial phrase, introduced by the present participle, is unknown in *Njáls saga* and in most of the family sagas, though quite common in the *riddarasögur*, for example. In Modern English it is an economical way to express simultaneity of action, by creating a kind of truncated subordinate clause. As churlish as it may seem to ban from saga translations such a common and natural device, I believe the attempt is worthwhile, as a further way of preserving the paratactic style.

Peir [Kári and Björn hvíti] riðu þá um daginn austr á fjall fyrir norðan jökul ok riðu aldri almannaveg ok ofan í Skaptártungu ok fyrir ofan bæi alla til Skaptár ok leiddu hesta sína í dæli nökkura, en þeir váru á njósn ok höfðu svá búit um sik, at eigi mátti sjá þá. (150.429)

Dasent: Now they rode that day east on the fell to the north of the Jokul, **but** never on the highway, **and** so down into Skaptartongue, **and** above all the homesteads to Skaptarwater, **and** led their horses into a dell, **but** they themselves were on the look-out, **and** had so placed themselves that they could not be seen.

B-H: That same day they rode east into the mountains, **but** never along the usual route, down into the region of the Skaptá River Junction, **skirting** the upper boundaries of all farms till they got to the Skaptá River. They led their horses into a depression, **but** they remained

on the lookout **and** posted themselves so that they could not be seen themselves.

MM-HP: They rode east that day into the mountains north of the glacier, never **using** the main track, **and** down to Skaptriver-tongue, **keeping** well above all the farms on the way to Skapt River. There they led their horses into a hollow **and** kept close watch **while remaining** out of sight themselves. (1999: no change in syntax)

Cook: That day they rode east into the mountains north of the glacier, **but** never rode on the common path, **and** then down into Skaftartunga **and** above all the farms as far as the Skafta river, **and** there they led their horses into a hollow **and** kept on the lookout **and** placed themselves so that no one could see them.

The Icelandic has six *oks* and *ens*, and Cook and Dasent have the same number, thus keeping the sentence structure of the original. B-H keep most of them, but replace one with the present participle "skirting," a convenient way of linking events in English, but quite out of keeping with saga style. MM-HP go even further than B-H in the use of the present participle, with not one but three: "using," "keeping" and "remaining." The result is fluent modern English, but the style is radically different.

Here is a shorter example, from the episode of the burning:

En er Helgi heyrdi þetta, kastaði hann skikkjunn; hann hafði haft sverð undir hendi sér ok hjó til manns, ok kom í skjöldinn, ok af sporðinn ok fótinn með. (129.329–30)

Dasent: But when Helgi heard that, he cast away the cloak. He had got his sword under his arm, **and** hewed at a man, **and** the blow fell on his shield **and** cut off the point of it, **and** the man's leg as well.

B-H: But when Helgi heard that he threw off the skirt. He had been holding a sword under his arm. He now struck at one of the men **and** the blow cut off the lower point of the shield, **and** with it, the man's leg.

MM-HP: When Helgi heard this, he threw off the cloak; he was carrying a sword under his arm, **and** now he struck at one of the men, **slicing** off the bottom of the shield and **severing** his leg. (1999: When Helgi heard this he threw off the cloak; he had been carrying a sword under his arm, and now he struck out at one of the men and

hit his shield; it sliced off the bottom of the shield and severed his leg.)

Cook: When Helgi heard this he threw off the cloak. He had been carrying a sword under his arm, **and** swung it at one of the men **and** hit his shield, **and** it cut off the lower part of the shield **and** the man's leg as well.

Again, Dasent and Cook have kept from the original the series of "ands," while B-H create separate sentences and also conflate two clauses into one ("and the blow cut off the lower point of the shield"). MM-HP resort to the present participle twice.

9. Shift from indirect to direct discourse

The sagas have a high percentage of reported speech, both indirect (*oratio obliqua*) and direct (*oratio directa*), as well as a striking number of instances in which indirect discourse leads, suddenly and without preparation, into direct.²⁴

Njáll sagði hann vera inn mesta afreksmann — "ok ert þú mjök reyndr, en þó munt þú meir síðar, því at margr mun þik ofunda." (32.84)

Hann [Njáll] kvezk sofit hafa til þessa, en kvezk þá vaka, — "eða hví ert þú hér kominn svá snemma?" (98.251)

hann [Njáll] segir, at þeir mundu fullu verði keypt hafa, — "ok hyggið at því, at þér launið eigi því, sem hann mun vilja." (108.276)

Flosi tók þá fésjóð af belti sér ok kvazk vildu gefa honum; hann [Hallbjörn sterki] tók við fénu, en kvezk þó ekki eiga gjafir at Flosa, — "en þó vil ek vita, hverju þú vill, at ek launa." (134.350)

Flosi tók lítt á þeirra ferð ok kvað þó eigi víst um, hvárt hér næmi staðar; — "er Kári engum manni líkr, þeim er nú er á landi váru." (151.435)

²⁴ Alfred Jakobsen has counted 109 instances of this shift in *Njáls saga*: "Om halvreplicker i norrønt", *Maal og minne* 1980:150-166, at 152.

The effect of this construction is to create a movement from the less vivid to the more vivid, to produce "a heightening of the tension; the indirect discourse leads up to the thing which is to be emphasized."²⁵

In a literal translation, indirect discourse should be kept in indirect discourse, likewise for direct discourse, and the shift from one to the other should be preserved. This has generally been observed by translators, but occasionally the temptation to choose the greater immediacy of direct discourse has not been resisted:

Höskuldr bað hann fyrir ráða, ok spurði, hvar hann mundi helzt á leita. (97.240)

MM-HP: "I leave it in your hands," said Höskuld. "Where are you thinking of seeking a match?" (1999: Höskuld bade him decide, and asked where he thought it best to look.)

The shift from indirect to direct has been variously handled:

Flosi segir henni bónorðit. Hon kvezk vera kona skapstór, — "ok veit ek eigi, hversu mér er hent við þat, er þar eru svá menn fyrir, en þat þó eigi síðr, at sjá maðr hefir ekki mannaforráð." (97.241)

Dasent: Flosi told her of the wooing, but she said she was a proud-hearted woman.

"And I know not how things will turn out between me and men of like spirit; but this, too, is not the least of my dislikes, that this man has no priesthood or leadership over men."

B-H: Flosi told her about the proposal, but she answered that she was a woman of very proud mind — "and I am not sure how I shall behave in the matter, seeing on the one hand, men of such importance, and what is still more significant, that this man has no position of leadership among men."

MM-HP: When she arrived Flosi told her of the proposal.

"I have my pride," said Hildigunn, "and I am not sure whether this proposal suits me, considering the kind of people involved — particularly since this is a man without authority."

²⁵ Margaret Jeffrey, *The Discourse in Seven Icelandic Sagas* (Bryn Mawr, 1933): 20. See also Irmgard Netter, *Die direkte Rede in den Isländersagas* (Leipzig, 1935): 27.

(1999: Flosi told her of the proposal. She said she was a proud woman, “and I do not know how it would suit me to have such people involved — especially since he is a man without authority.”)

Cook: Flosi told her of the proposal.

She said she was a proud woman — “and I don’t know how it would suit me to be involved with such people, especially since the man has no godord.”

Dasent obliterates the anacoluthon by putting Hildigunnr’s comment in a separate sentence. MM-HP turn the indirect remark (*Hon kvezk vera kona skapstór*) into a direct statement by Hildigunnr (“I have my pride”), creating dramatic boldness at the cost of fidelity to the original syntax.

Translators sometimes turn indirect discourse into direct, but it happens rarely that they do the opposite. In Ch. 3, however, there is an unusual case in which a character — not the narrator — uses direct speech to report the speech of another character.

Litlu síðar mættu þeir Ogmundi; hann sagði þeim kveðju Gunnhildar ok þat með, at hon myndi eigi bjóða þeim, fyrr en þeir hefði fundit konung, fyrir orðs sakir: — “at svá þykki, sem ek grípa gulli á við þá; en ek mun þó til leggja slíkt sem mér sýnisk; ok veri Hrútr djarfmæltr við konung ok biði hann hirðvistar.’ Hér eru ok tignarklæði, er hon sendi þér, Hrútr, ok skalt þú í þeim ganga fyrir konunginn.” (3.13)

Dasent: After that they met Augmund, and he brought them a greeting from Gunnhilda, saying, that she could not ask them to her house before they had seen the king, lest men should say, “I make too much of them.” Still she would do all she could for them, and she went on, “tell Hrut to be out-spoken before the king, and to ask to be made one of his body-guard;” “and here,” said Augmund, “is a dress of honour which she sends to thee, Hrut, and in it thou must go in before the king.”

B-H: Afterwards they met Ogmund who brought greetings from Gunnhild, adding that she could not invite them to her house before they had seen the king, because of the talk it might stir up — “and that it does not appear as though I were overeager to have them with me. But I shall put in a good word for them. Tell Hrút to speak up to the king and ask to be one of his retainers.”

“And here,” said Ogmund, “is a robe of state, which she sends you, Hrút, and in which you must appear before the king.”

MM-HP: A little later they met Ogmund, who brought them Gunnhild’s greetings and a message that she would not ask them to her house until they had been to see the king, in case people started saying that she was making too much fuss of them; but she would do all she could for them, and in the meantime Hrut was to speak up boldly before the king and ask to be admitted to his court.

“And here,” he added, “is a robe she sends you, Hrut, to wear when you go before the king.”

(1999: A little later they met Ögmund; he brought them Gunnhild’s greetings and a message that she would not ask them to her house until they had been to see the king, in case of gossip — “‘It would look as if I were heaping favours on them. But I shall give whatever help I please; and Hrút is to speak up boldly before the king and ask to be admitted to his court.’ And here is a ceremonial robe she sends you, Hrút; you are to wear it when you go before the king.”)

Cook: Soon after that they met Ogmund; he gave them Gunnhild’s greetings and added that for fear of gossip she would not invite them to come to her until they had met the king. “It mustn’t seem that I’m lavishing favours on them,” she had said, “and yet I will help him as I see fit. Hrut is to speak boldly to the king and ask to be one of his followers.”

“And here are some noble robes,” Ogmund went on, “which she has sent for you to wear when you come before the king.”

All of the translators have been uneasy about this passage, which would be obscure if translated with absolute literalness. Dasent changes the queen’s direct speech into indirect speech (“Still she would do all she could for them”) and adds the introductory “and she went on.” B-H give the closest rendition of the passage, adding only “said Ogmund” to clarify that last speech. Cook clarifies that speech and also Gunnhild’s (with “she had said”). MM-HP put all of the queen’s direct speech into indirect discourse. This is an unusually tricky passage; for the most part, however, straightforward translation of reported speech proves no difficulty.

10. Word order

This is an area in which the fundamentalist approach to translation must be tempered, simply because the inflectional system of Old Icelandic permitted greater flexibility than is possible in English. Where English has a strong preference for the subject-verb-complement order, the Icelandic sentence can begin with a verb (*Fóru menn þá heim til búða sinna*, 141.376), an object (“*þik eru vér komnir at finna, vinr;*” “*liðveizlu vilju vér þik biðja,*” both 138.367), an adjective (“*Torsóttir þótti yðr ek næstum vera, er ek vilda eigi taka undir vandræði yður,*” 139.370), or an adverb (“*Einu hverju sinni reið Njáll upp í Mörk,*” 93.236).

Apart from the common verbal fronting (*Fóru menn þá heim til búða sinna*, 141.376) or adverbial fronting (*Um haustit sendi Mörðr Valgarðsson orð ...* 76.185),²⁶ inversions occur especially in direct speech, where they often lend emphasis or proverbial force. In such cases it is sometimes possible to retain the order of the Icelandic:

“*Sjaldan hefí ek aðra haft at skildi fyrir mér.*” (5.17)

“Seldom have I used others as a shield for me.”

“*Fögr er hlíðin, ...*” (75.182)

“Lovely is the hillside — ...”

“*ok eru köld kvenna ráð*”. (116.292)

“Cold are the counsels of women.”

“*Berr er hverr at baki, nema sér bróður eigi.*” (152.436)

“Bare is the back of a brotherless man.”

More often, however, the inverted order is too jarring in modern English, though for Dasent in mid-nineteenth century it seems to have been less of a problem.

²⁶ Certain adverbial beginnings (“now,” “then,” “soon,” “later” and the like) are common in both Old Icelandic and English: *Litlu síðar fundusk þeir Njáll*, 60.152, “Shortly after, he met with Njal.” The difference is that in Icelandic the verb follows immediately, whereas in English the subject must follow.

"Af henni mun standa allt it illa, er hon kemr austr hingat," segir Njáll. (33.87)

Dasent: "Because from her," says Njal, "will arise all kind of ill if she comes hither east."

Cook: "Every kind of evil will come from her when she moves east," said Njal.

"Góðar eru gjafir þínar," segir Gunnarr. (47.122)

Dasent: "Good are thy gifts," says Gunnar.

Cook: "Your gifts are good," said Gunnar.

Hróðný mælti: "Þér fel ek á hendi, Skarphedinn, at hefna bróður þíns" (98.252)

Dasent: Then Rodny said, "into thy hands, Skarphedinn, I leave it to take vengeance for thy brother"

Cook: Hrodny spoke: "Skarphedin, I place in your hands the vengeance for your brother."

Þar bjó Hildir inn gamli. (101.258)

Dasent: There Hildir the old dwelt.

Cook: Hildir the Old lived there.

Flosi mælti: "Því vil ek heita Sigfússonum at skiljask eigi fyrr við þetta mál en aðrir hvárir hníga fyrir qðrum." (124.315)

Dasent: "This," said Flosi, "will I promise to you, ye sons of Sigfus, not to part from this quarrel before one of us bites the dust before the other."

Cook: Flosi spoke: "I will promise you Sigfussons not to give up until one side or the other perishes."

Hallr svarar: "Boðin mun honum sættin, sú er sæmilig er, ef hann vill sættask." (147.421-2)

Dasent: "A fitting atonement shall be offered him," says Hall, "if he will take it."²⁷

Cook: Hall said, "He will be offered honourable terms if he's willing to settle."

11. Understatement (litotes)

Lee Hollander, who was one of the translators of *Njáls saga* in 1955, published an excellent article on this subject in 1938, in which he stated:

I am decidedly not of the opinion that the litotic phrase of the original is invariably best rendered by the non-litotic equivalent; quite on the contrary, for English, as well as the other Germanic tongues themselves relish the device.²⁸

Hollander's opinion is worth heeding, since understatement is so much a part of saga style. The following instances of how the translators have dealt with understatement follow a three-part division suggested by Hollander's article.

a) The Denied Negative.

[Njáll to Gunnarr:] "*En þó er eigi órvænt, at ek hafa ámæli af konu minni eða sonum mínum fyrir þetta, því at þeim mun mjök mislíka.*" (43.110)

Dasent: "but yet it is to be looked for, that I shall have blame from my wife or from my sons for that, for it will mislike them much."

B-H: "I shall certainly be reproached by my wife and sons for doing so, for they will take it greatly amiss."

MM-HP: "even though I am sure to be reproached by my wife and my sons for doing so, as they will disapprove strongly." (1999: "But it is not unlikely that I shall be reproached by my wife and my sons for doing so, since they will take this very badly.")

²⁷ Notice that Dasent moved "says Hall" from its position in the Icelandic. I have made it a rule not to do so, though in some cases it seemed best to break that rule, as in Ch. 58: "'You women always think that no one is a match for Gunnar,' said the men, '...'"

²⁸ "Litotes in Old Norse," *PMLA* 53 (1938): 1-33, at 4.

Cook: "But **it is not unlikely that I will be blamed** for this by my wife and my sons, since they will take this very badly."

Only the last of these preserves the denied negative; the first three eliminate the understatement altogether.

Kolskeggr heyrdi ok mælti: "Þat mun eigi engra tíðenda vita." (54. 136)

Dasent: Kolskegg heard what she said, and spoke, "This betokens **no small tidings.**"

B-H: Kolskegg overheard this and said: "**Great tidings** are afoot, no doubt."

MM-HP: Kolskegg heard her. "That promises **big events,**" he said. (1999: Kolskegg heard this and said, "That means big events are on the way.")

Cook: Kolskegg heard this and spoke: "That means **no small news.**"

Only Dasent and Cook preserve the understatement, although B-H may be said to include it with the words "no doubt."

92.230: *en hann [Þráinn] kvezk aldri skyldu fé gjalda ok svaraði styggt ok kvezk hvergi þykkjask varbúinn við Njálssonum, hvar sem þeir fyndisk.*

Dasent: but he said he would never pay any money, and answered crossly, for he said **he thought himself quite a match** for Njal's sons wherever they met.

B-H: but he declared he would never pay them any money. He gave peevish answers and said that **he considered himself a match** for the sons of Njal wherever they should meet.

MM-HP: but Thrain said that he would never pay them anything. He was curt in his replies, and said that **he thought himself a match** for the Njalssons anywhere. (1999: but Thráin said he would never pay them a penny; he was curt in his replies, and said he was ready to take on the Njalssons wherever they met.)

Cook: but he answered sharply and said he would never pay them a

thing and that **he would never be unprepared** to take on the Njalssons, no matter where they met.

In this case only Cook preserves the understatement.

b) The Denied Positive. As distinct from the preceding, which is in effect a strong positive, the denied positive becomes a strong negative.

[Gunnarr to Sigmundur:] "*at hann sé þér engi skapbætir*" (41.106)

Dasent: "that he is no betterer of thy temper."

B-H: "that he is hardly the type of person to improve your disposition."

MM-HP: "he does little (1999: nothing) to temper your character."

Cook: "that he does not improve your character."

"*Eigi var Þórhalli frænda gott í hug, er hann var eptir í búðinni, ok eigi veit ek hvat hann tek til.*" (142.378)

Dasent: "**Our kinsman Thorhall was not easy in his mind** as we left him behind in the booth, and I know not what he will be at."

B-H: "**My son Thorhall was not in good spirits** as we left him behind in the booth. I do not know what he proposes to do now."

MM-HP: "**My kinsman Thorhall was not easy in his mind** when we left him behind (omitted in 1999) in the booth, and I do not know what he will do."

Cook: "**My son Thorhall was not in good spirits** back there in the booth, and I don't know what will be his next step."

In both cases, all four translators preserve the understatement.

Nú er frá þeim Katli at segja, at þeir riðu, sem mest máttu þeir, þar til er þeir kómu til Svínafells, ok sögðu sínar farar eigi sléttar. (146.419)

Dasent: Now it is to be told of Kettle, that they rode as they best might till they came home to Swinefell, **and told how bad their journey had been.**

B-H: To return to Ketil and those with him: they rode as fast as their horses could carry them until they got to Svínafell **where they reported how badly they had fared.**

MM-HP: Meanwhile, Ketil of Mork and the others rode as fast as they could all the way to Svinafell, **where they reported their misfortunes** (1999: and reported that their journey had not gone well),
 Cook: To return now to Ketil and the others: they rode as hard as they could until they reached Svinafell, **and they told that their journey had not been smooth.**

In this case only the fourth translation keeps the understatement; the other three have in effect re-written “not good” as “bad.”

c) Litotes effected without negation, but instead by a weak qualifier, resulting in a strong positive or negative statement.

[Hrútr to Høskuldr:] “**Ærit fōgr er mæx sjá, ...**” (1.7)

Dasent: “**Fair enough** is this maid, ...”

B-H: “**Beautiful** this maiden certainly is, ...”

MM-HP: “The child is **beautiful enough**, ...”

Cook: “The girl is **quite beautiful**, ...”

B-H lose the understatement; Cook’s “quite” is intended to give qualified assent, but unfortunately might also be taken as an intensifier.

“*Sjaldan hefí ek aðra haft at skildi fyrir mér.*” (5.17)

Dasent: “**Seldom** have I had others as a shield before me.”

B-H: “**Rarely** have I made use of others as a shield before me.”

MM-HP: “**I’m not in the habit of** using others as a shield.” (1999: “I have seldom used others as a shield.”)

Cook: “**Seldom** have I used others as a shield for me.”

MM-HP’s “I’m not in the habit of” keeps the understatement but puts it in other terms. The other three preserve the understated word “seldom / rarely” (meaning “never”).

“*Pat mun mér sízt í tauma ganga, er Hrútr segir mér.*” (12.36)

Dasent: “Hrut was not far wrong when he told me”

B-H: “Rarely has it happened that Hrútr was wrong in his predictions.”

MM-HP: "I can always rely on Hrut's predictions." (1999: "What Hrut tells me is seldom wrong.")

Cook: "Whatever Hrut tells me can be trusted."

MM-HP and Cook have lost the understatement. Better would be: "I'm never let down by what Hrut says," which captures the understatement, though it fails to duplicate the difficult metaphor of a horse getting entangled in the reins and being unable to move.

[Helgi Njálsson's response to Sigurður jarl's question as to whether he has the power of prophecy:] "*Lítt er þat reynt.*" (85.206)

Dasent: "That has been little proved."

B-H: "It has not yet been put to the test."

MM-HP: "It has never yet been tested." (1999: "It has not yet been tested much.")

Cook: "There's been little experience of that."

By emphasizing "not yet", B-H and MM-HP lose some of the bite of "little" for "never."

"*Flestir munu af manni þessum illt hljóta.*" (87.213)

Dasent: "Most men will get ill luck from this man."

B-H: "This man will bring bad luck to most people."

MM-HP: "That man will bring ill luck (1999 adds "to people") wherever he goes."

Cook: "Most people will have misfortune from this man."

The force of the litotes lies in "most" (*flestir*) for "all;" MM-HP lose this force by substituting "wherever he goes."

"*Optar hefir þú fyrr verit glaðari en nú.*" (115.288)

Dasent: "Often hast thou been more glad ... than thou art now."

B-H: "I have often seen you in a more cheerful mood than now."

MM-HP: "I have often seen you more cheerful."

Cook: "You have often been merrier than now."

B-H and MM-HP introduce the first person, quite unnecessarily, but all four translations preserve the understatement.

Pau [Björn hvíti og Valgerður] *áttu gnóttir í búi.* (148.424)

Dasent: and they had enough to spare in the house.

B-H: They had an abundance of everything at their farm.

MM-HP: There was plenty of everything at their farm.

Cook: They had enough of everything at their farm.

B-H and MM-HP replace the qualified "enough" with the unqualified "plenty."

Ketill svarar fá. (151.435)

Dasent: Kettle answers never a word.

B-H: Ketil made not much reply.

MM-HP: Ketil said nothing.

Cook: Ketil said nothing.

Only B-H preserve the understatement; the others "translate." Cook should have written "Ketil had little to say."

12. Sound features²⁹

The final topic to be considered moves into another area of style, the phonological, where the sagas present still more features worthy of consideration by translators. The most obvious of these, alliteration, is especially prominent in proverbial utterances.

"illt er þeim, er á ólandi er alinn." (6.20)

Dasent: "Ill goes it with those who are born on a barren land."

B-H: "unhappy the man who lives in a foreign land."

MM-HP: "Far from home is far from joy."

²⁹ The following discussion has been helped by the observations in *Íslensk stílfærði*, ed. by Þorleifur Hauksson (Reykjavík: Mál og menning, 1994): 280.

Cook: "it's difficult to dwell in a distant land."

The alliteration in the Icelandic is three-fold and vocalic. Dasent has a double alliteration ("born ... barren"), B-H none at all, and Cook a three-fold d-alliteration. MM-HP introduce anaphora ("far from ... far from").

"veldrat sá, er varar" (41.106)

Dasent: "His hands are clean who warns another."

B-H: "Forewarned is forearmed!"

MM-HP: "Warning wards off blame."

Cook: "Whoever warns is free of fault."

Dasent substitutes an iambic rhythm for the alliteration, which the other translators keep. Cook has, perhaps excessively, two alliterative pairs (w — w and f — f).

skamma stund verðr hönd höggvi fegin (42.109, 99.253, 134.349)

Dasent: "but a short while is hand fain of blow."

B-H: "Short is the hour of victory" / "short is the hour of triumph" / "a short time is the hand fain of the blow."

MM-HP: "the hand is soon sorry that it struck." (1999: "the hand is soon sorry for the blow" in Ch. 42, "the hand is soon sorry that it struck" in Chs. 99 and 134)

Cook: "the hand's joy in the blow is brief."

Again Dasent turns a deaf ear to the alliteration, as do B-H (who also translate the saying differently on each occasion). MM-HP have a three-fold s-alliteration, and Cook a twofold b-alliteration.

"Berr er hverr at baki, nema sér bróður eigi." (152.436)

Dasent: "Bare is back ... without brother behind it."

B-H: "Bare is the back without brother behind it."

MM-HP: "One's back is bare without a brother." (1999: "Bare is back without brother behind it.")

Cook: "Bare is the back of a brotherless man."

This one is easy, and all four translators make use of the three cognate b-words, "bare ... back ... brother."

Alliterating proverbs are to be expected in Germanic tradition, and also alliterating legal formulas, like *sannr at sǫkinni* and *neyta eða njóta þurfu þessa vættis* (both on 142.391) When alliteration occurs elsewhere, it is not always clear whether the effect is coincidental or not.

"*Margir eru þess vinir mínir makligir, at ek leggja til þat, sem heilt er.*" (21.58-9)

"*Þú hefir þó mest at gort,*" segir Gestr, "*þó at ǫðrum verði auðit í lög at leiða.*" (103.268-9)

[Hildigunnr] *gekk fyrir Flosa ok greiddi hárit frá augum sér ok grét.* (116.290)

Mǫrðr skipti þá skjótt skapi sínu. (135.356)

Only the first and third of these seem to me to be possibly deliberate, and I have accordingly made an effort to reproduce the effect:

"I have many friends for whom it is fitting that I give good counsel."

[Hildigunn] entered the room and went before Flosi and wiped the hair away from her eyes and wept.

The other translators have not attempted alliteration in these passages, perhaps wisely.

Apart from alliteration, *Njáls saga* makes use of other sound patterns which the translator would do well to imitate.

Anaphora (use of the same word at the beginning of successive clauses):

Flosa brá svá við, at hann var í andliti stundum rauðr sem blóð, en stundum fǫlr sem gras, en stundum blár sem hel. (116.292)

Dasent: Flosi was so stirred at this, that **sometimes** he was blood-red in the face, and **sometimes** ashy pale as withered grass, and **sometimes** blue as death.

B-H: Flosi was so agitated that his face was **now** as red as blood, **now** as wan as grass, and **again** as black as Hell itself.

MM-HP: He was so agitated that his face changed colour rapidly; **one moment** it was as red as blood, **then** pale as withered grass, **then** black as death. (1999: Flosi was so agitated that his face was in turns as red as blood, then pale as withered grass, then black as death.)

Cook: Flosi was so stirred that his face was, in turns, **as** red as blood, **as** pale as grass, and **as** black as Hel itself.

Dasent's treatment is the most effective, with its repetition of "sometimes." Cook's "as" is a weaker link. B-H and MM-HP both have broken sequences ("now ... now ... again" and "one moment ... then ... then").

"Stefni ek máli þessu til fimmtardóms, ...; stefni ek nú til sóknar ok til sektar fullrar; stefni ek lögstefnu; stefni ek í heyranda hljóði ..."
(144.395)

Dasent: "I **summon** this cause before the Fifth Court, ...; I **summon** it to be pleaded now and to full outlawry. I **summon** with a lawful summons. I **summon** in the hearing of all men at the Hill of Laws."

B-H: "I **call** this suit before the Fifth Court; I **call** this suit before the court and I demand complete outlawry; I **declare** this in accordance with the law, and I **declare** it in the hearing of all men at the Law-Mount."

MM-HP: "I **refer** this action to the Fifth Court, ... I **refer** this action for immediate trial and full sentence. I **refer** it lawfully, in public (1999: in the hearing of all), at the Law Rock."

Cook: "I **summon** this case before the Fifth Court, ... I **summon** it now for prosecution and full punishment. I **make this legal summons**; I **make this summons** in the hearing of all at the Law Rock."

Once again, Dasent is most consistent, repeating "summon" four times. B-H shift from "call" to "declare." MM-HP keep to the same verb, but conflate the last two statements into one, so that the repetition of "refer" is three-fold rather than four-fold. Cook repeats the word "summon" four times, but weakens the effect by shifting from the verb to a verbal phrase.

Epiphora (use of the same word or element at the end of successive words or clauses):

Gunnarr ... var bláeygr ok snareygr og roði í kinnunum. (19.53)³⁰

Dasent: He was **blue-eyed** and **bright-eyed**, and ruddy-cheeked.

B-H: He had **sharp blue eyes** and a ruddy complexion.

MM-HP: He had **keen blue eyes**, red cheeks, ... (1999: with ruddy cheeks)

Cook: He was **blue-eyed** and **keen-eyed** and ruddy-cheeked, ...

B-H and MM-HP eliminate the epiphora by combining two adjectives into a single phrase. Cook follows Dasent very closely, but the effect is a series of three hyphenated adjectives, when it would have been closer to the rhythm of the original to have something like "he was blue-eyed and keen-eyed and his cheeks were ruddy."

Skarphedinn ... var ... gagnorðr ok skjótorðr. (25.70)

Dasent: Skarphedinn ... had a great flow of words and quick utterance.

B-H: Skarphedin ... spoke trenchantly, [but often] rashly.

MM-HP: Skarp-Hedin ... was ... quick to speak and scathing (1999: pointed) in his words.

Cook: Skarphedin ... spoke to the point and was quick to do so.

None of the translators, it appears, has even tried to duplicate the epiphora here, illustrating — as often with scaldic poetry — the frequent impossibility of capturing both the precise meaning and the sound pattern.

"Ærit mun hann stórvirkr," segir Njáll, "en eigi veit ek, hvé góðvirkr hann er." (36.96)

Dasent: "He will be a **great worker** enough, I daresay," says Njal, "but I do not know whether he will be such a **good worker**."

³⁰ In *Íslensk stílfraði*, 280, this device is mentioned as characteristic of the descriptions in *Njáls saga*. Reference is made there to Lars Lönnroth, "Det litterära porträttet i latinsk historiografi och isländsk sagaskrivning," *Acta Philologica Scandinavica* 27 (1965): 68–117, who traces such descriptions to saints' lives and Latin writings.

B-H: "He is likely to accomplish a lot of work," said Njál, "but whether all will be good I don't know."

MM-HP: "His work will have vigour enough," said Njal. "But I'm not so certain of its value." (1999: "He will work hard enough," said Njál, "but I do not know how well he will work.")

Cook: "He'll be a **hard worker**, sure enough," said Njal, "but I don't know whether he'll be a **good worker**."

Dasent and Cook keep something of the effect, though less concisely, by opposing "great / hard worker" with "good worker". B-H ignore the sound pattern, and MM-HP replace it, reasonably enough, with an alliterating contrast, "vigour" vs. "[no] value".

Symploce (repetition of a word or phrase at the beginning, and another at the end, of successive clauses):

hann [Helgi Njálsson] var fríðr maðr sýnum ok hærðr vel; hann var sterkr maðr ok vígr vel; hann var vitr maðr ok stilltr vel. (25.70-1)

Dasent: He too was fair of face and had fine hair. He was a strong man and well-skilled in arms. He was a man of sense and knew well how to behave.

B-H: He was a man of handsome appearance with a fine head of hair. He was strong and well skilled in arms, sensible and even-tempered.

MM-HP: He too (omitted in 1999) was a handsome man, with a fine head of hair. He was strong and skilful with arms, intelligent and even-tempered.

Cook: He was a handsome man with a good head of hair; he was strong and a good fighter, clever and even-tempered.

Although the task is easy enough, only Dasent proves worthy here. The others ignore the device and combine the second and third clauses into a single clause with a series of adjectives.


In defining and advocating a rather conservative mode of translation, and moving the discussion into the areas of syntax and rhetoric (understatement) and phonology, these remarks have been a bit on the preachy side. My as-

sumption has been that in any work of art there is a harmony between form and content, and that a translation must therefore try to preserve that harmony as much as possible and avoid restructuring the form along modern lines. It has been embarrassing, however, to discover in the course of this writing a number of instances where I failed to live up to my own teachings — and many more remain unconfessed. Like the Bible-belt preacher caught in sin, I can only plead “Do as I say, not as I do!”

EFNISÁGRIP

Umræður um það hvernig þýða skuli Íslendingasögur á ensku hafa að miklu leyti snúist um orðaforða (hvort velja skuli fornleg orð af germönskum stofni eða orð sem töm eru nútímafólki), en öðrum atriðum sem koma til álita við nákvæmar þýðingar hefur að sama skapi verið lífllur gaumur gefinn. Í þessari grein eru bornar saman þær fjórar þýðingar á Njáls sögu sem út hafa komið á ensku (Dasent 1861, Bayerschmidt og Holland-er 1955, Hermann Pálsson og Magnus Magnusson 1960, Cook 2001) og þær notaðar til þess að ræða — auk orðaforðans — álitamál eins og samræmingu í orðalagi, orðaröð, sögulega nútíð, setningargerðina *ok – ok – ok – ok*, hæpna notkun lýsingarháttar nútíðar í nútímaensku, skipti úr óbeinni ræðu í beina, úrdrátt og stíleinkenni sem snúast um máhljóð, s.s. stuðlun og epifóru. Greinin segir fyrir um þann þýðingarstíl sem höfundur álfur við hæfi lesenda á öndverðri 21. öld.

Robert Cook
Enskuskor
Heimspékideild Háskóla Íslands
Árnagarði við Suðurgötu
101 Reykjavík
rcook@hi.is



KRISTJÁN JÓHANN JÓNSSON

ABRAHAM, NJÁLL OG BYRON¹

BRENNAN FRÆGA á Bergþórshvoli hefur ekki orðið seinni tíma mönnum að miklu ágreiningsefni. Lars Lönnroth segir í bók sinni frá 1976 að hana beri tvímælalaust að skilja sem friðþægingu fyrir þá synd að taka Höskuld af lífi.² Þar með er brennan tengd hreinsunareldinum og sett inn í röklegt samhengi glæps og refsingar. Atvikið er þá talið hliðstætt því þegar Kristur tók út refsingu fyrir syndir manna en orðið „atonement“, sem Lönnroth notar, er einmitt notað yfir friðþægingardauða Krists sem frá segir í Biblíunni. Lönnroth segir sína túlkun í meginatriðum samhljóða túlkun Einars Ól. Sveinssonar frá 1943 og að Maxwell (1957), Fox (1963) og Allen (1971) hafi tekið í sama streng. Aðrir hafa ekki túlkað brennuna á gagnlegan hátt svo að mér sé kunnugt. Allen nefnir að vísu einnig átök Guðs og djöfulsins og langar að tengja Loka og djöfulinn en virðist ótvírætt líta á brennuna sem hreinsunareld. Eftir hann á djöfullinn enga möguleika því hann ræður einungis stökum atvikum.³

Hin forna og helga bók, Biblían, er til í ýmsum gerðum; hefur verið skrifuð upp og síðar prentuð í þýðingum á fjölmörgum og ólíkum þjóðtungum þar sem textinn tengist mismunandi menningarheimum. Þessum þýðingum ber auðvitað ekki alveg saman og það er einnig munur á þýðingum milli alda, enda skilningur aldanna háður ýmiss konar breytingum og mismun, rétt eins og skilningur þjóðanna. Sagan af texta Biblíunnar á íslensku er auðvitað hluti af íslenskri málsögu og bókmenntasögu og ekki ástæða til að fara mjög langt út í þá sálma hér. Þó er rétt að minna á ritið Stjórn sem er safn þýðinga og endursagna úr fyrstu bókum Gamla testamentisins ásamt skýringum úr trúarritum miðalda, varðveitt í íslenskum safnritum frá 14. og 15. öld. Talið er að Hákon

¹ Grein þessi er að stofni til fyrirlestur sem haldinn var á Njálupingi á Hvolsvelli í ágúst 2001 á vegum Stofnunar Sigurðar Nordals og Sögusetursins á Hvolsvelli.

² „The burning must then be interpreted as an atonement for the sin of killing Höskuldr“ (Lönnroth 1976:129).

³ „In such a context Mqrðr's wish to burn Gunnarr within, the fire Flosi sets to Bergþórshváll, and the words of Njáll, “and trust in this, that God is merciful and he will not let us burn both in this world and the next” (ch. 129, p. 329), link themselves to the much greater drama contained in the Christian vision“ (Allen 1971:146).

konungur Magnússon hafi látið gera Stjórn skömmu eftir 1300 en ekki er þó víst að hann hafi látið gera allt ritið. Hluti þess kann að vera íslenskur.

Ekki þarf að tíunda áhrif Biblíunnar á öll svið mannglegrar tilveru á Vesturlöndum og víðar. Hún er eins og við vitum hin helga bók vestrænnar menningar. Mikilvægustu textum í sögu þjóða eða þjóðfélagshópa hefur stundum verið líkt við hana og þeir kallaðir helgaðir eða kanóníseraðir textar.

Trúarleg rit sem ekki hafa verið viðurkennd af kirkjulegum yfirvöldum hafa verið kölluð *apocrypha*, sem hefur verið tekið upp sem apokryf rit á íslensku eða einfaldlega fölsk.

Njála telst væntanlega að mati flestra bókmenntafræðinga til kanóníseraðra, eða helgaðra, íslenskra bókmennta. Mikilvægi Brennu-Njáls sögu í íslenskri menningu er óumdeilt og menn hætta ekki að takast á um merkingu hennar fremur en Biblíunnar sjálfrar. Hér verða líka leidd að því rök að Njálu hafi verið ætlað að verða Íslendingum dæmi um þá kosti sem maðurinn stendur frammi fyrir í lífi sínu, val hans og ábyrgð. Staða Njálu á Íslandi er að vissu leyti hliðstæð stöðu Biblíunnar meðal kristinna manna þó að Njála sé ekki beinlínis trúarrit.

Reyndar hafa merkir hugsuðir stundum tekið sig til og efast um helgi og réttmæti Biblíunnar. Einn þeirra var Daninn Søren Aabye Kierkegaard. Hann fór í guðfræðinám og var fullur efasemda. Þá, á sínum yngri árum, sýndist honum einna helst að inn í himnaríki, hina eilífu sælu fyrir handan, kæmst engir nema: „vatnsgreiddir geldingar í fermingarfötum“.⁴ Honum þótti því réttmætt að spyrja hvort Biblían væri ekki orðin úrelt og hvort sögur hennar, til dæmis af hinum trúarlega föður, Abraham, ættu við okkur eitthvert erindi í dag. Bók Sørenis Kierkegaard um Abraham heitir á frummálinu *Frygt og Bæven* en það er tilvitnun í Biblíuna og hefur í íslenskri þýðingu Jóhönnu Þráinsdóttur fengið titil samkvæmt íslenskri Biblíu: *Uggur og ótti* (Fl 2.12).

Ástæða þess að Søren fannst hann verða að skrifa um trúföðurinn Abraham var meðal annars sú að honum fannst sagan um fórn Abrahams fáránleg (absurd) og þverstæðukennd. Hann reyndi að umskrifa söguna nokkrum sinnum en alltaf var hún jafn ósannfærandi. Hvernig getur föður svo mikið sem dottið í hug að fórna syni sínum? Hvað myndum við segja í dag ef við heyrðum af föður sem slátraði syni sínum með hnífi vegna þess að rödd af hinnum segði honum að gera það?

Søren skrifar bókina *Uggur og ótti* undir nafninu Johannes de silentio (Jó-

⁴ „... forestillingen om det hinsidige, saligheden, som et område, hvortil kun vandkæmmede kastrater i konfirmationstøj har adkomst“ (Garff 2000:28).

hannes þögli) en eins og Kristján Árnason hefur réttilega bent á í formála sínum við bókina er þessi Jóhannes satt að segja óttaleg skrafskjóða, þrátt fyrir nafnið.

Johannes de silentio segir sögu af manni sem hafði heyrð söguna af því þegar Guð heimitaði að Abraham fórnaði Ísak. Maðurinn skildi ekki þessi sögu en hann dáði Abraham skefjalaust. Í viðleitni sinni til að skilja kjarna sögunnar sviðsetur hann fjórar gerðir af henni, frá fjórum sjónarhornum, en alltaf reynist hún jafn erfið og undarleg.

Sagan af fórninni hljóðar svo í *Stjórn*:⁵

Abraham reis upp þegar á náttartíma og sagði öngum manni sína fyrirætlan; klæddi meður reiða einn asna, kallandi meður sér tvo sveina og son sinn hinn þriðja. Og sem hann hafði höggvið sér þau tré sem hann þurfti til fórnfæringar að hafa, þá fór hann á þremur dögum þar til sem hann sá á hinum þriðja deginum þann stað langt fram fyrir sig sem Guð hafði boðið honum að hann skyldi til fara. Síðan talar hann til sveinanna: „Bíðið hér í hjá asnanum. Við smásveinninn förum skjótlega fram enn nökkuru lengra, og komum þegar aftur til ykkar, er við höfum beðist fyrir sem okkur líkar.“ Hann tók þá tréin og lagði upp á son sinn Ísak, en sjálfur hann bar sverð og eld sér í hendi. Og sem þeir fóru tveir samt, talaði sveinninn til síns feður: „Faðir minn“, sagði hann. „Hvað viltu, son minn?“ sagði Abraham. „Sé, faðir minn“, sagði sveinninn, „eldurinn og tréin eru hér til reiðu, en hvar er það sem offrast skal?“ Hann svaraði: „Guð sjálfur man sér sjá fórn til handa, son minn.“ Fóru síðan báðir samt til þess staðar sem guð hafði sýnt honum og til vísað. Gjörði hann þar eitt altari og lagði tréin þar á ofan og eldinn meður, eftir það sem hann hafði þeim svo skipað og hegðað sem honum líkaði. ... Eftir það batt Abraham son sinn og lagði hann upp á viðarbulung þann sem hann hafði yfir altarinu gjört, greip síðan sverðið og ætlaði að höggva hann. Þá kallaði Guðs engill af himni til hans svo segjandi: „Legg eigi þína hönd á sveininn, Abraham, svo að þú gjörir honum nökkuð grand. Eg sá það nú og prófaða að þú óttast Guð þar sem þú þyrmdir eigi þínum eingetnum syni fyrir hans skyld, því að eigi þyrsti Guð eður fýsti upp á sveinsins blóð, utan heldur að það prófaðist og væri vitað hversu mikillega er Abraham óttaðist Guð.“ Abraham sá þá einn hornóttan veður að baki sér milli þorna og klungra, svo sem hann litaðist um, tók hann og fórnfærði í stað sonar síns (bls. 131–132).

⁵ Stafsetning er færð til nútímahorfs.

Allir kannast væntanlega við framhald þessarar sögu. Abraham fékk allt margfalt til baka og bæði eiginkonur og hjákonur í ætt hans eignuðust fjölda sona og frá honum er mannkynið komið.

Søren Kierkegaard, í gervi hins þögla Jóhannesar, kemst að þeirri niðurstöðu að skelfilegt sé að fórna syni sínum og allt mæli gegn því, jafnvel þó að boð um það komi frá Guði. Abraham ákveður hins vegar að hlýða boði Guðs en sú ákvörðun byggist á trú en ekki skynsemi. Hún er fjarstæðukennd en engu að síður rétt. Í slíkri ákvörðun er fólgin sú vitneskja að eitthvað sé manninum æðra og þar með hafið yfir röklega hugsun. Því getum við einungis tengst með trúarlegri eða tilfinningalegri ákvörðun. Abraham er tilbúinn að fórna því sem honum er kærast og þar með sjálfum sér og eigin föðurhlutverki en í staðinn fá þeir feðgar föður á himnum. Eða eins og Jesús boðar lærisveinum sínum: „Hver sem hefur fundið líf sitt, mun týna því, en hver, sem hefir týnt lífi sínu mín vegna, mun finna það“ (Mt 10.39).

Kierkegaard túlkar fórnarsöguna þannig að Abraham hlýði Guði ekki í blindni heldur *velji* hann að treysta honum. Sú niðurstaða er afar mikilvæg vegna þess að í henni felst sá skilningur að trúin byggist ævinlega á vilja, vali og ákvörðunum sem hvíli á siðfræðilegum grunni. Handan góðs og ills, á úrslitastundum lífsins, endi rök og kennisetningar og styrinn standi um að trúa eða trúa ekki. Hið fullkomna trúnaðartraust í samskiptum manna byggist að hans mati einnig á vali og ákvörðun.

Kierkegaard átti svo eftir að skipta mannlegri tilvist í þrjú þroskastig: fagurfræðilegt, siðrænt og trúarlegt og til þess að ná því síðasta þarftu að *velja sjálfan þig og persónulegan sannleika þinn*. Kierkegaard hefur verið kallaður upphafsmaður að tilvistarstefnunni sem þekkt varð á tuttugustu öld og heyrst oftast nefnd í tengslum við Þjóðverjann Martin Heidegger og Frakkann Jean-Paul Sartre.

Hvernig í ósköpunum tengist þetta Brennu-Njáls sögu? Hvað er líkt með Abraham og Njáli Þorgeirssyni? Áður en hægt er að bera saman sögur af þeim tveimur þarf að líta yfir val og aðgerðir Njáls í sögunni og hafa sérstaklega í huga mannlega skynsemi, rökvísi og framsýni annars vegar og tilfinninga- eða trúarlegar afstöður hins vegar. Til þess þarf að rifja upp nokkur atriði sem eru öllum, sem hafa lesið bókina, meira og minna kunn. Þó held ég að sé þarflegt að fara yfir þau til þess að við sjáum þau fyrir okkur í samhengi.⁶

⁶ Njálutilvitnanir eru í *Vef Darraðar*, diskútúgáfu (Jón Karl Helgason o.fl. 2001) af Reykjabók (AM 468 4to), sem fylgdi bókinni *Höfundar Njálu*, en texti *Íslenzkra fornrita* er hafður til hliðsjónar í greininni (Brennu-Njáls saga).

Njáll er kynntur þannig að hann hafi verið lögmaður svo mikill að engi var hans jafningi, vitur og forspár, heilráður og góðgjarn. Síðan fær lesandinn að fylgjast með hinum ráðagóða lögmanni í margvíslegu málavafstri. Fyrsta ráðagerð Njáls í sögunni er ítarlegri en góðu hófi gegnir. Hér er átt við þann atburð þegar hann hjálpar Gunnari að ná aftur fénu af Hrúti. Ráðagerðin er tvímælalaust svona löng og ítarleg vegna þess að hér er verið að kynna Njál til sögunnar. Lesandinn á ekki að ganga að því gruflandi að Njáll er allra manna ráðsnjallastur. Þar að auki eru í þessari lýsingu atriði sem eru illskiljanleg en líklega til þess ætluð að gefa í skyn að innsæi Njáls sé ofar mannlegum skilningi. Njáll leggur til „sálfræðileg“ ráð um hvernig hægt sé að nálgast Hrút. Það er gert með því að stofna til vandræða á næsta bæ. Hrútur mun verða kallaður til og verður ekki tortrygginn vegna þess að hann lítur á sig sem foringja. Síðan leggur hann til að Hrútur verði dreginn inn í samræður um mál þeirra Marðar gígju með því að Merði sé hælt. Með því eru þeir Njáll og Gunnar að sjálfsgöðu að notfæra sér hégómaskap Hrúts og það á Njáll eftir að gera aftur, seinna í sögunni, þ.e. að höfða til hégómaskapar eða sjálfsálits til þess að eyða tortryggni.

Gunnar fær einnig fyrirsmáli um það hvernig hann á að vera klæddur, hvernig hesta hann á að hafa með sér og Njáll segir honum hvernig orðaskipti muni ganga:

Þú skalt kveðja Hrút. Hann mun vel svara þér. Þér mun skipað á hinn óæðra bekk gegnt öndugi Hrúts. Hann mun spyrja hvort þú sért norðlenskur. Þú skalt segja að þú sért eyfirskur maður. Hann mun spyrja hvort þar séu allmargir ágætir menn.

„Ærinn hafa þeir klækiskap,“ skalt þú segja.

„Er þér kunnigt um Reykjardal?“ mun hann segja.

„Kunnigt er mér um allt Ísland,“ skalt þú segja.

„Eru í Reykjardal kappar miklir?“ mun hann segja.

„Þjófar eru þar og illmenni,“ skalt þú segja.

Þá mun Hrútur hlæja og þykja gaman að.

(22. kafli)

Þetta samtal er mun lengra þó að það verði ekki allt rakið hér. Gunnari gengur að sjálfsgöðu vel með þetta mál í öllum gerðum sögunnar og hann leikur hlutverk sitt af öryggi enda sá eini sem er með handrit. Njáll getur séð viðbrögð manna fyrir.

Næsta ráðstöfun Njáls sem skiptir sköpum er sú að sækja kvonfang fyrir yngsta son sinn til höfðingja og í staðinn lætur hann syni höfðingjans dýrmæta lögfraeðipækkingu í té. Hér er að sjálfsögðu verið að tala um Ásgrím Elliða-Grímsson og börn hans, Þórhall og Þórhöllu. Enn og aftur er verið að sýna hvers Njáll er megnugur. Ráðsnilld hans bregst ekki og þekking hans er svo mikil að hún nægir honum til þess að hækka fjölskylduna í samfélagsstiganum.

Njáll ráðleggur Gunnari líka að fara utan. Sú utanferð heppnast prýðilega enda fer Gunnar þar eftir ráðum Njáls og Njáll tók við öllu fjárfari Gunnars eins og segir í sögunni og það fór allt vel. Njáll ráðleggur síðan Gunnari að fara ekki til þings, Gunnar fer ekki að ráðum Njáls og kynnist Hallgerði og Njáll spáir því að það dragi dilk á eftir sér.

Við fáum svo aftur að sjá ráðsnilld Njáls í brúðkaupi Gunnars og Hallgerðar þegar hann skilur að því er virðist á augabragði hættulegan leik Práins Sigfússonar sem skilur við Þórhildi og biður Þorgerðar. Hann bendir strax á efnahag hans og félagslega stöðu því það má ljóst vera að ef Práinn getur ekki fengið Þorgerðar getur Gunnar varla fengið Hallgerðar.

Í húskarlavíggunum verða ráð Njáls vandræðaleg. Hann sér hvað að fer og varar menn við en fær engu ráðið. Hann segir Gunnari að hann muni þurfa að láta Hallgerði eigi öllu fram koma, — en mætir með silfrið sem hann fékk frá Gunnari til þess að greiða fyrir mannvíg sem Bergþóra hefur til stofnað því Bergþóra kemur að því er virðist öllu fram sem henni þóknast. Sumt af því kemur honum meira að segja á óvart eins og til dæmis þáttur Þórðar leysingjasonar. Bergþóra sendir hann beint í dauðann og Njáll fær þar engu um ráðið.

Í húskarlavíggunum er sagan að sjálfsögðu líka að leika sér að lesendum, með því að slá úr og í. Þegar Njálssynir fara að drepa Sigmund virðist Njáll ekkert vita í sinn haus. Mannlýsingin sveiflast frá hinum alvísa Njáli og yfir í verulega fáfróðan Njál sem giskar á að þeir bræður séu ekki að fara í sauðaleit eða laxveiði um háttatíma við alvæpni, og getur sér þess til, eftir það sem á undan er gengið, að Bergþóra eigi einhvern hlut að máli. Sveiflan í þessari mannlýsingu er svo mikil að hún hlýtur að gefa lesendum í skyn að það sé klókindabragð hins skegglausa Njáls að þykjast ekkert vita á þessu stigi málsins. Hann kemur líka áleiðis því ráði sem aftur á eftir að heyrast að: „Vel væri þá ef svo væri að þá veiði bæri eigi undan“ (44. kafli).

Í þessari lotu sögunnar ver Njáll vináttu sína við Gunnar og ráðsnilldin dugir honum til þess, jafnvel þó að hann missi stjórn á aðstæðum um sinn. Hins vegar er það dálítið snúið atriði í sögunni þegar Bergþóra telur Njáli trú

um að upplagt sé að ábúendur á Bergþórshvoli gefi þeim á Hlíðarenda mat og hey. Það þarf engan vitring til þess að sjá að þetta er ekki rétta augnablikið til þess að gefa Hallgerði ölmusu enda er það í næsta kafla í sögunni sem Hallgerður sendir Melkólf þræl í Kirkjubæ. Þegar skerst í odda milli þeirra Skammkels og Otkels annars vegar og Gunnars hins vegar hefur Njáll bæði tögl og hagdir í viðskiptum við andstæðinga þeirra félaga. Hann segir Gunnari að hafa engar áhyggjur af þessu og þegar til þingsins kemur afhjúpar hann ráðagerð sem minnr á þá fyrstu. Njáll sýnir „sálfræðilegan“ skilning á frumhlaupi Skammkels, giskar á að Gissur hvíti viti ekki hvernig málum sé háttað og „lætur það fréttast“. Það gerir hann með því að senda Gunnar til þess að biðja Hrút um að taka málið að sér. Skynugri maður en Hrútur hefði spurt hvers vegna Njáll tæki málið ekki að sér sjálfur en hann gengur í gildruna vegna hégómaskapar. Hann er nokkuð vel fjáður, hraustur og ágætlega lögfróður. Hann veit sem er að hann gæti orðið skeinuhættur úr því að málsstaðurinn er góður og þá blasir frægðin og sæmdin við.

Hins vegar bera fylgismenn Gissurar það auðvitað til hans að nú beri hættu að höndum. Gissur fær tækifæri til þess að bregðast við og skella skuldinni á Skammkel. Vopnin snúast í höndum þeirra Otkels á hinn háðulegasta hátt. Skammkell er Njáli vissulega auðveld bráð vegna þess að draumur Skammkels um að láta til sín taka í málarekstri getur aldrei ræst. Engu að síður hefur Njáll í þessu atriði sögunnar sýnt innsæi og þjóðfélagslegan skilning.

Í eftirmálum eftir víg þeirra Otkels og Skammkels kemur svo að kunnu ráði Njáls um að vega aldrei tvisvar í sama knérunn og rjúfa ekki góðra manna sætt. Því er svo strax fylgt eftir af lagakrókum þar sem hóttað er gagnsókn og málum drepið á dreif.

Þegar kemur að hestaatinu er Njáll enn og aftur spurður hvernig þetta muni fara og hann spáir rétt um það eins og annað. Hér er viska Njáls greinilega orðin að eins konar frásagnarfyrrhyggju í sögunni, hann veit nóg um það sem á eftir að gerast til þess að við lesendur getum beðið spenntir eftir því að fréttu meira. Þessi spennu hvílir auðvitað líka á því að hann er ekki óskekull eins og sjá mátti í húskarlavígnum. Jafnframt leyfir sagan sér líka stundum að hafa speki Njáls mjög einfalda. Það er ekki flókið að átta sig á því að óheppilegt hlýtur að vera að vega tvisvar í sama knérunn og það er heldur ekki flókið ráð að gefa manni, sem á sér grimmynda hatursmenn, að rétt sé fyrir hann að láta engan vita þegar hann leggi af stað í veislu til Ásgríms Elliða-Grímssonar og bjóða honum að hafa Njálssyni með í för. Gunnar þiggur það ekki og eins og menn vita fer illa þegar hann fer ekki að ráðum Njáls. Það er

enn eitt af þeim brögðum sem hér er beitt til þess að sannfæra lesandann um ráðsnilld Njáls.

Eftir bardagann við Knafahóla hefur Njáll enn það ráð að versla með saka-mál eða verja eitt mál með því að sækja annað og skapa þannig eins konar þrátefli. Þeir sem réttlætinu framfylgja í Njálu virðast sjaldnast hafa hreinan skjöld sjálfir. Þetta veit lögspekingurinn Njáll og notar óspart. Hann er líka mjög fundvís á formleg öngstræti.

Það kemur meðal annars skýrt fram í viðskiptum hans við þá Þorgeir Starkaðarson og Þorgeir Otkelsson. Njáll kemur sér í lögfræðistörf fyrir þá til þess að geta haft af skjólstæðingum sínum nægilega mikið fé til þess að borga manngjöld fyrir annan hvorn þeirra. Viðskipti Njáls og þeirra nafnanna benda til þess að hann sé ekki með öllu laus við illkvittið skopskyn, sérstaklega þegar í hlut eiga menn með of hátt sjálfsmat.

Þegar Gunnar vegur síðan Þorgeir Otkelsson við Rangá bjargar Njáll mál-um enn í horn með lagakrókum. Gunnar rýfur sættina eins og við vitum, gengur þar með gegn seinni hlutanum af ráði Njáls og er þar með allur. Manngjöld-in voru þeir nafnar hins vegar búnir að greiða. Svipuð lausn verður uppi á ten-ingnum þegar Gunnars er hefnt og Mörður látinn greiða bætur sem duga í manngjöld fyrir Starkað og Þorgeir.

Lesendum hlýtur að virðast ráðvísi Njáls nægileg til þess að Gunnar hefði átt kost á að ná háum aldri ef hann hefði farið utan eins og Njáll vildi. Ráð Njáls hafa gengið upp nægilega oft til þess. Það staðfestist enn betur við utan-ferð Gríms og Helga. Þar gengur spá Njáls eftir.

Næsta stóráætlun er síðan vegna eftirmála utanferðarinnar. Þar er vandinn sá að erfitt er að taka á glæpnum. Hann er afar óbeinn og framinn í útlöndum og engin vitni tiltæk. Njáll býr þá til nýjan glæp:

... þóttust þeir sjá að erfiðlega horfði og spurðu föður sinn ráðs hversu með skyldi fara. Þeir kváðust eigi una að svo búíð stæði.

Njáll svaraði: „Eigi er slíkt svo óvant. Það mun þykja um sakleysi ef þeir eru drepnir og er það mitt ráð að skjóta að sem flestum um að tala við þá, að sem flestum verði heyrinkunnigt ef þeir svara illa. Þá skal Kári um tala því að hann er skapdeildarmaður. Mun þá vaxa óþokki með yður því að þeir munu hlaða illyrðum saman er menn eiga hlut að. Þeir eru menn heimskir. Það kann og vera að mælt sé að synir mínir séu seinir til aðgerða og skuluð þér það þola um stundarsakir því að allt orkar tvímælis þá er gert er. En svo fremi skuluð þér orði á koma er þér

ætlið nokkuð að að gera ef yðvar er illa leitað. En ef þér hefðuð við mig um ráðið í fyrstu þá mundi aldrei orði á hafa verið komið og mundi yður þá engi svívirðing að verða. En nú hafið þér af hina mestu raun og mun það þó svo aukanda fara um yðra svívirðing að þér munuð ekki fá að gert fyrr en þér leggið vandræði á yður og vegið með vopnum og er því langa nót að draga (91. kafli).

Grjótármenn eru með öðrum orðum gíntir til þess að viðhafa ósæmlegt orðalag til þess að Njálssynir geti klekkt á þeim án þess að fá almenningsálit-
ið upp á móti sér.

Næsta flétta Njáls er svo auðvitað sú þegar hann beitir Katli tengdasyni sínum fyrir sig til þess að ná sáttum, og til þess að ná Höskuldi í fóstur til sín. Hann lætur Ketil fyrst taka Höskuld í fóstur og tekur hann síðan af Katli. Bergþóra er þá orðin fóstura barnabarns Hallgerðar eins og við vitum og hugmyndin auðvitað sú að með því að tengja saman ættirnar náist friður. Hér er gengið út frá því að Njáll framkvæmi samkvæmt áætlun og það er gert vegna þess hve mikið sagan leggur upp úr gáfum hans. Það er ólíklegt að tilfinningar ráði gjörðum hans án þess að hann skilji hvað hann er að gera. Þannig skildi Einar Ól. Sveinsson þó söguna þegar hann skrifaði bók sína *Á Njálssbúð*. Það háir túlkun Einars að mínu mati hve trúr hann er samtíma sínum og vill afsaka Njál og gera hlut hans sem mestan. Einar hvíkar aldrei frá þeim forsendum sínum að Njáll sé góður og hjartahlýr sómamaður. Hann rekur það hvernig Njáll gefur ráð sem miða að því að: „afla sonum hans sakargifta á hendur þeim Þráni, fá óvinina sjálfa til að vinna verk, sem endist þeim til höfuðsbana“ (Einar Ól. Sveinsson 1943:137).

Síðan telur Einar að góðsemi Njáls blandist sjálfsbjargarhvöt hans og taki völdin af skynseminni.⁷ Hér hefur þjóðernisást Einars gert honum grikk að mínu mati. Hann vill að Njáll sé sannur Íslendingur og hetja og ekkert geti orðið honum að falli annað en togstreita milli jákvæðra eiginleika — í þessu tilviki milli gáfna og góðmennsku. Það er vissulega rétt hjá Einari að í sögunni er Njáll gerður að gáfuðum og góðum manni en þessir eiginleikar togast ekki á eða taka völdin hvor af öðrum. Richard Allen telur að Merði takist að rægja Höskuld og sannfæra Njálssyni vegna þess að innst inni trúi þeir því

⁷ „Eftir víg Þráins, sem Njáll hafði stutt að með mikilli slægð, þó að ekki væri það af fúsum vilja, hefst nýr þáttur í sögu hans: vilji hans til að bjarga sér og sonum sínum frá glötun blandast á kynlegan hátt góðvild hans, og að öllu samanlögðu ber góðvildin vízkuna ofurlíði. Það er þegar hann tekur Höskuld Þráinsson í fóstur“ (Einar Ól. Sveinsson 1943:139).

ekki að Höskuldur geti nokkru sinni fyrirgefið víg Þráins föður síns.⁸ Þetta er góð skýring meðal annars vegna þess að hún skýrir sjálfkrafa ýmislegt annað eins og til dæmis það hvers vegna Skarphéðinn hefur geymt jaxlana úr Þráni í þússi sínu. Allar persónur sögunnar hljóta að sjá að hér er teflt á tæpasta vað.

Þegar Höskuldur er tekinn í fóstur er það með öðrum orðum sagt bæði til þess að sýna vinsemd og virðingu og til þess að beita ættrækni fjölskyldunnar gegn heiftrækni fæðardeilunnar. Miðað við innsæið og rökvísina sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan þá ætti Njáll að gera sér grein fyrir þessu.

Hann þekkir Skarphéðin að minnsta kosti nægilega vel til þess að hann heldur honum alltaf frá atburðum þangað til ekki verður umflúið að beita vopnum. Ýmis dæmi fleiri eru um að hann geri sér glögga grein fyrir skapferli sinna heimilismanna. Hann gerir sér með öðrum orðum væntanlega grein fyrir því að það er hættuspil að taka Höskuld í fóstur og hann reynir að hækka hann í tign til þess að ná með því stjórn yfir þeim aðstandendum Höskulds sem ekki eru í fjölskyldu Njáls. Hinum hefur hann fram að þessu getað stjórnað, nema Bergþóru í húskarlavígunum. En þó að hún sé stórveldi er hún að öðru jöfnu hlynnt bónda sínum og ráðstöfunum hans.

Kvofang Höskuldar Þráinssonar er næsta tilefni Njáls til þess að móta atburðarás. Sá Njáll sem hér er sagt frá vilar ekki fyrir sér að ljúga alla vini sína fulla þetta sumar þegar þeir koma og biðja hann ráða — mál leysast ekki á þingi og það er að ráði Njáls tekinn upp fimmtardómur og ný goðorð. Hér telja sagnfræðingar öruggt að frásögn Njálu standist ekki en það skiptir ekki máli fyrir hugsun sögunnar (Ármann Jakobsson 1996:217–233, Íslendingabók:19). Einar Ól. Sveinsson segir um þetta að hér blandist saman heiðarlegur, en þó eigingjarn tilgangur, slægðarleg og ábyrgðarlaus aðferð og merkileg félagsleg endurbót (1943:137). Ef til vill er heppilegra að einfalda málið og segja að ráðagerðir Njáls og tilfæringar með fólk í fjölskyldunni færast með þessu atviki inn á svið þjóðlífsins og þar með segi sagan lesendum að þegar vel gangi séu engin endamörk á ráðsnilld Njáls.

Höskuldur Þráinsson fær brúði sína, lögum þjóðfélagsins er breytt til þess að það megi verða, Njáll hefur sitt fram. Hann er faðirinn sem hefur syni sína hjá sér og tengdasynirnir Kári og Ketill eru honum nánir. Skarphéðinn er Njáli erfiðastur af sonum, fóstursonum og tengdasonum.

Barnsmæður Njáls eru þó kræfastar í því að hafa lausnir hans og aðferðir

⁸ „Mörðr's success in turning the Njálssons against Höskuldr depends in part on their unstated reluctance to believe that Höskuldr can in truth forgive their slaying of his father, Þráinn“ (Allen 1971:122).

að engu. Þetta er svolítið skrítið því að Njáll er tvímælaust kvenlegri en þorri karlanna og fljótt á lítið virðist eðlilegt að konur sætti sig við friðsamlegar lausnir hans og ráðabrigg þar sem hermenska og annað karlmannlegt atferli telst til neyðarúrræða. Því er ekki þannig varið. Þegar Höskuldur Njálsson er drepinn snýr Hróðný móðir hans sér beint til Skarphéðins og biður um hefnd. Hún býst ekki við neinu af Njáli.

Á þessum stað í sögunni kemur kristnitakan og við það skiptir mjög um tón. Höskuldur Hvítanesgoði er felldur og Njáli vitrast að framundan er dauði hans, eiginkonu hans og sona.

Fram að þessu hafa öll ráð Njálsgengið upp. Þau hafa vissulega haft afleiðingar, bjargað einum og steypt öðrum í glötun, en Njáll hefur í öllum tilvikum náð að bregðast við ógnunum umhverfisins og stendur enn nokkuð keikur — það er að segja þangað til Höskuldur Hvítanesgoði er felldur. Eftir það gefur hann fá ráð og hefur sig lítið í frammi. Hann spyr Skarphéðin hvað þeir Kári ætlist fyrir á þingi — hann fer ekki með í liðsbón á Alþingi — og hann snýst beinlínis gegn sjálfum sér og ráðum sínum í eftirmálunum eftir Höskuld. Fyrst stendur hann að málinu eins og við má búast, lætur Þórhall spilla málinu með því að benda á þátt Marðar, nefnir síðan til virta og ábyrga gerðarmenn og það sama gerir Flosi og þegar allt bótaféð er saman komið, þá bætir Njáll, sem nú er orðinn kristinn maður, kvenbúningi við, hinum títt nefndu silkislæðum og bótum. Einar Ól. Sveinsson telur að um baugþak sé að ræða (1933:135). Baugþak virðist hafa verið aukagreiðsla sem stundum fylgdi mannbótum en lítið er vitað um framkvæmd þess máls. Finnur Jónsson var, að því er Einar segir, fyrstur til að nefna þá skýringu að Njáll ætli Hildigunni kvenbúninginn í sáttaskyni og það er auðvitað snjöll skýring. Hildigunnur er kvenmaður og má ekki semja opinberlega um vígsmál en hún er engu að síður mikilvirk í þessari atburðarás (Kristján Jóhann Jónsson 1998: 192–193).

Ég held að engin ástæða sé til annars en skilja tiltæki Njálsgengið sem yfirlýsingu. Karl hinn skegglaus hlýtur að vita hversu alvarlegt það er að bregða mönnum um ergi. Flosi skilur þetta einungis á einn hátt og það gera að því er virðist allir viðstaddir. Þá getur atriðið varla gengið gegn skilningi sögumanns og áheyrenda eða höfundar og lesenda. Það þýðir varla að reyna að halda því fram að saga sem er, frá bókmenntalegu sjónarmiði séð, jafn glæsilega skrifuð og Njála sé ekki markviss á slíku augnabliki. Eina leiðin sem mér sýnist fær til þess að túlka þetta atriði er að segja sem svo:

Þetta er annað af tveimur helstu ráðum Njálsgengið eftir að hann tekur kristni,

Höskuldur Práinsson fellur og hann segist sjá fyrir dauða sinn. Bæði ráðin miða að sama markmiði.

Hitt atvikið er þegar hann fær að ráða því að hans fólk gengur inn þegar brennumenn koma. Mannþekking Njáls og sálfræðilegt innsæi hefur margsinnis komið fram og verið sýnt í sögunni svo að við hljótum að reikna með því að honum sé ljóst að Bergþórshvoll verði brenndur. Rök hans um að seint hafi gengið að sækja Gunnar eru augljóslega fyrirsláttur. Gunnar er dauður þegar hér er komið sögu vegna þess að umsátursmönnum hans tókst það sem þeir ætluðu sér. Viðhorf Njáls staðfestast enn af þeirri kunnu athugasemd hans að Guð muni eigi láta fólk hans brenna bæði þessa heims og annars.

Hér komum við aftur að Abraham. Hann tekur þá fjarstæðukennda ákvörðun að drepa son sinn Guði til dýrðar. Þá ákvörðun kallaði Kierkegaard trúarlegt stökk. Þegar maðurinn yfirgefur hinar troðnu brautir skynsemi og rökhbyggju er því ekki líkjandi við annað en stökk fram af hengiflugi, ekkert er undir fótum, enginn getur vitað hvað gerist en áhættan er tekin vegna þess að því er trúað að þessi sé vilji Guðs sem hafi með honum eitthvert markmið. Það er ákvörðun eða val Abrahams sem máli skiptir, í þessu vali verður maður að vera heill og í því felst sjálfur kjarni trúarinnar. Persónuleiki okkar verður til í ákvörðunum sem krefjast alls sem við eigum og getum.

Sú ákvörðun Njáls að fórna ekki aðeins sér heldur allri fjölskyldu sinni sýnir að Njála er einmitt saga um slíkt stökk. Eins og Abraham í túlkun Kierkegaard — skilur Njáll að einungis með því að velja að ganga í brennuna og afsala sér þar með ábyrgð á sonum sínum og fjölskyldu sem er honum kærari en allt annað munu þau öll eignast samastað á hinnum hjá öðrum föður. Til þess að geta ofboðið bæði skynsemi sinni og tilfinningum á þennan hátt, til að geta fært slíka fórn, þarf manneskjan að skynja eitthvað sem er handan við hana sjálfa og einungis þannig getur hún ástundað siðferðilega breytni til ystu endamarka og axlað þannig ábyrgð á frjálsri tilvist sinni í heiminum. Einungis með því móti getur hún orðið guðdómleg sköpun. Um það hugsuðu menn margt á níttjándu öld, m.a. Hegel sem taldi að ef Guð væri fullkominn gæti hann ekki viljað það sem er ófullkomið.

Í bókinni *Lykillinn að Njálu* rökstuddi ég að Njála væri fyrst og fremst skrifuð til að berjast gegn því fæðardeilusamfélagi sem ógnaði bæði friði og farsælu kristnihaldi á þrettándu öld. Ég vildi ekki aðeins horfa á sögu Gunnars og sögu Njáls heldur á tenginguna þar á milli, kaflann um kristnitökuna sem skiptir verkinu í tvennt, í „áður og á eftir“, þar sem síðari hluti sögunnar end-

urtekur gjarna þemu og mynstur fyrri hlutans en nú með öðrum formerkjum vegna þess að nú vita menn betur (Kristján Jóhann Jónsson 1998:163–166). Skarphéðinn vill berjast eins og Gunnar Hámundarson forðum en ákvörðun Njáls um að ganga inn í bæinn á Bergþórshvoli og fórna þar með sér og fjölskyldu sinni er trúarlegt stökk þar sem föðurnum á himnum er afhent það æðsta vald um sannleika og réttlæti sem Njáli sjálfum hafði áður verið falið og hann tilskilið sér. Þannig og einungis þannig getur Brennu-Njáls saga orðið sú saga af kristnitökunni sem henni er ætlað að vera. Trúarlegt stökk þjóðarinnar inn í kristnina og Njáls inn í brennuna er eitt og hið sama. Skyldar hugmyndir má sjá víðar í bókmenntum þessa tíma.⁹

Þetta er eitt af því sem gerir Brennu-Njáls sögu að sígildu listaverki, laðar að henni kynslóð eftir kynslóð og tryggir henni stöðu meðal kanóniseraðra bókmennta. Hún fjallar um hin óþekktu lönd sem mannhugurinn einn getur unnið þegar rökhyggjunni og veruleikanum sleppir. Á slíkum augnablikum yfirstígur sjálfsbjargarhvötin sjálfa sig í von um að fá allt tvöfalt til baka.

En hvað með Byron? Hann átti enga syni eins og Abraham og Njáll og var enginn sérstakur trúmaður og einhver kynni að spyrja hvað hann væri að gera í þessari grein.

Byron var eitt ástsælasta og virtasta skáld nítjándu aldar, gott ef ekki fremstur meðal jafningja. Hann fór til Grikklands til þess að heyja frelssítríð og fórna lífi sínu fyrir frelsið og skáldskapinn. Öfugt við Abraham og Njál hefur Byron lávarður orðið fyrir því að um hann hafa verið skrifaðar margar bækur og margar ævisögur þar sem höfundarnir láta einskis ófreistað til að sanna hégómaskap hans, nautnasýki og ókristilegustu og óhettjulegustu ákvarðanir og framferði.

Grímur Thomsen skrifaði meistaraprófsritgerð um Lord Byron árið 1845, en ritgerðin var síðar tekin gild sem doktorsritgerð, líklega vegna breyttra prófkrafna við Kaupmannahafnarháskóla. Þegar Grímur skrifaði um Byron voru aðeins rúm tuttugu ár liðin frá dauða hans og aðeins nokkrar bækur höfðu þá verið skrifaðar um ævi hins fræga skálds. Grímur rekur sögu Byrons og telur að hann hafi á endanum fundið sannleikann í þeim skilningi að hann hafi ekki aðeins valið að styðja gott málefni í orði heldur einnig í verki. Hann velur og breytir samkvæmt vali sínu, kastar sér út í óvissuna og deyr fyrir málstað sinn. Í meðförum Gríms fær það nokkurt gildi að Byron vissi að hann kæmi aldrei aftur frá Grikklandi. Í sínum eigin skilningi og Gríms gekk hann

⁹ „Sæf þú guði blót lofs, ok gjaltu enum hæsta heit þín, enda kalla þú á degi kvalar“ *The Icelandic Homily Book*:100r (stafsetning samræmd).

í dauðann fyrir hugsjón sína. Hinn ungi Kierkegaard sem áður var nefndur lagði einmitt upp með þá hugmynd að ekki yrði neinu lífi lífað nema eitthvað væri svo mikilvægt að maður væri tilbúinn til þess að deyja fyrir það — eða að minnsta kosti fórn öllu. Í þess háttar skilningi lá kveikjan að áhuga hans á Abraham.

Í tilviki Byrons var Grikkland og grísk menning það sem hann kaus að falla fyrir. Frelsisstríð Grikkja gegn Tyrkjum var „heilagt stríð“ í augum rómantísku skáldanna af því að í Grikklandi stóð vagga vestrænnar menningar og þeirri menningu var ógnað í táknrænni merkingu af framandi þjóðum, annarrar trúar og menningar. Frelsið, lýðræðið og hinar fögru listir voru í hættu. Ég held að Grímur hafi haft rétt fyrir sér að því leyti að frægð Byrons eftir andlát-ið byggðist ekki síst á því að fólk trúði því að hann hefði fórnað lífi sínu fyrir gríska menningu og grískt frelsi sem felur í sér kjarna vestrænnar menningar og sögu og þar af leiðandi trúar.

Túlkun Gríms Thomsen á sögu Byrons byggir á mörgum bókmenntalegum minnum en helgisagan af Abraham er ekki lítilvægust af þeim. Sá Byron sem Grímur lýsir tekur hið trúarlega stökk. Vitandi að hann mun ekki snúa aftur kýs hann að fela sig Guði á vald af því að aðeins hann geti bjargað Grikklandi og endurheimt það sem Grikkland stóð fyrir í vestrænni menningu.

Rétt eins og Njáll, sem vissi að ekki yrði aftur snúið eftir að sáttaumleitunum hafði verið komið í sjálfheldu og gengið hafði verið inn á Bergþórshvoli og Abraham sem taldi að öllu væri lokið þegar hann hafði bundið Ísak á „viðarbulunginn“ og teygst sig eftir hnífnum til þess að slátra sínum elskaða syni, velur Byron að treysta orðum frelsarans: „Hver sem hefur fundið líf sitt, mun týna því, en hver, sem hefir týnt lífi sínu mín vegna, mun finna það“. (Mattheus, 10.39)

Tilvistarspeki Njáls á Bergþórshvoli gæti vel hafa átt þátt í auknum vinsældum Njálu um miðja níttjándu öld, öld þeirra Kierkegaards og Gríms Thomsen. Iðnbyltingin og breytingar í trúarlegum viðhorfum hafa um þær mundir þau áhrif að heillandi og hættulegt valfrelsi virðist blasa við hvert sem litið er. Auknu valfrelsi fylgir aukin ábyrgð einstaklingsins á sjálfum sér og persónuleika sínum. Auk þess hafði rómantíska stefnan í Evrópu lagt áherslu á að í sögu og tungumálum þjóðanna heimafyrir lægju ónýttir fjársjóðir. Njála var saga af norðurslóðum sem Englendingum, Þjóðverjum og Norðurlandabúum fannst vera úr sinni fortíð. Njáll er dæmi um einstakling sem velur og stendur og fellur með vali sínu.

Og nú getum við vikið aftur að helgum bókum. Ég held ef til vill að ekki verði fram hjá því gengið að Kierkegaard skrifaði um Abraham sem trúarlegan forföður, mann sem valdi að treysta og hlýða Guði þó að það virtist fjarstæðukennt.

Á sama hátt er Njála skrifuð um Brennu-Njál sem íslenskan ættföður sem síðar hefur fengið sömu fordæmisstöðu eða trúarlegt mikilvægi í íslenskrum menningu og Abraham. Hann valdi að færa sig og alla sína Guði sem „brenniförn“ og fól sig og syni sína Guði á vald rétt eins og Abraham.

Á sama hátt taldi Grímur Thomsen að Byron hefði fórnað sér fyrir endurreisn Grikklands, hins sanna og hins fagra því að aðeins í því getur hinn mikli og eilífi andi talað í gegnum menn.

Þannig tengir goðsögnin um Abraham þá Njál og Byron og sýnir okkur tengsl milli þrettánda og nítjándu aldar. Jafnframt hafa þessir þrír herra menn sitti að segja um það sem rómantíska stefnan sótti í miðaldirnar.

HEIMILDIR

- Allen, Richard F. 1971. *Fire and Iron*. Critical Approaches to *Njáls saga*. University of Pittsburgh Press, [Pittsburgh].
- Ármann Jakobsson. 1996. Skafti Þóroddsson og sagnaritun á miðöldum. *Árnesingur* 4:217–233.
- Biblían, það er heilög ritning*. Hið íslenska Biblíufélag, Reykjavík, 1969.
- Brennu-Njáls saga. Útg. Einar Ól. Sveinsson. *Íslensk fornrit* 12. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík, 1954.
- Einar Ól. Sveinsson. 1933. *Um Njálu*. Bókadeild Menningarsjóðs – Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, Reykjavík.
- Einar Ól. Sveinsson. 1943. *Á Njálsbúð*. Bók um mikið listaverk. Hið íslenska bókmenntafélag – Félagsprentsmiðjan H.F., Reykjavík.
- Garff, Joakim. 2000. *SAK*. Søren Aabye Kierkegaard. En biografi. Gads Forlag, København.
- The Icelandic Homily Book. Perg. 15 4° in the Royal Library, Stockholm. Útg. Andrea de Leeuw van Weenen. *Íslensk handrit*. Icelandic Manuscripts. Series in Quarto 3. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík, 1993.
- Íslendingabók. Útg. Jakob Benediktsson. *Íslensk fornrit* 1. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík, 1968.
- Jón Karl Helgason. 2001. *Höfundar Njálu*. Þræðir úr vestrænni bókmenntasögu. Heimskringla – Háskólaforlag Máls og menningar, Reykjavík.
- Jón Karl Helgason, Sveinn Yngvi Egilsson & Þórir Már Einarsson (útg.). 2001. *Vefur Darraðar* [geisladiskur]. Heimskringla – Háskólaforlag Máls og menningar, Reykjavík.
- Kierkegaard, Søren. 1961. *Frygt og bæven*. Indledning og noter ved Niels Thulstrup. Gyldendal, København.

- Kierkegaard, Søren. 2000. *Uggur og ótti*. Prætubókarljóð eftir Johannes de silentio. Pýð. Jóhanna Þráinsdóttir. Inngangur eftir Kristján Árnason. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Kristján Jóhann Jónsson. 1998. *Lykillinn að Njálu*. Vaka – Helgafell, Reykjavík.
- Lönnroth, Lars. 1976. *Njáls saga*. A Critical Introduction. University of California Press, Berkeley.
- Páll Valsson. 1999. *Jónas Hallgrímsson. Ævisaga*. Mál og menning, Reykjavík.
- Stjórn*. Gammelnorsk Bibelhistorie fra Verdens Skabelse til det babyloniske Fangenskab. Útg. C. R. Unger. Christiania, 1862.

SUMMARY

Attention is drawn to similarities among the figures of Abraham, Njáll and Byron as decision makers. Each of them takes what Kierkegaard refers to as a 'leap of faith;' and the turning point in each of their lives comes when the demands of logic are denied and choices are dictated by faith and emotion.

Kierkegaard wrote about Abraham's sacrifice in his book *Frygt og Bæven* (*Fear and Trembling*). He argues that if individuals feel obliged to violate an ethical law, no one can tell them whether this is a genuine decree of God or a mere temptation—such decisions have to be made in blind faith. This is Abraham's dilemma when he decides to offer up his son; and it is Njáll's dilemma when, firstly, he resolves to add an item of women's clothing to the pile of money intended as compensation for the killing of Höskuldur, and, later, when he urges his family to go inside in order to defend themselves against Flosi and his supporters. By these decisions, Njáll sacrifices his family and places his patriarchal role in the hands of God.

Alongside Kierkegaard's view of Abraham's sacrifice, Grímur Thomsen claimed in 1845 that Lord Byron had sacrificed himself for western culture. Such interpretations were not uncommon in the nineteenth century and may help to explain the popularity of *Njáls saga* during that period. Njáll's patriarchy may be seen as spiritually akin to that of both Abraham and Byron. Their personal freedom manifests itself not only in their apparent denial of reason and logic, but also in their respect for the dictates of their own emotions and beliefs. Many individuals in the nineteenth century identified with such dilemmas.

Kristján Jóhann Jónsson
 Barmahlíð 8
 105 Reykjavík
 kjj@simnet.is

KATRÍN AXELSDÓTTIR

NEITANIR, EDDUKVÆÐI OG RÚNARISTA

1.

ÞEGAR FJALLAÐ er um skýringar á fornum vísnum er stundum nokkuð óvíst hvernig skilja beri neitanir. Þar er einkum um að ræða neitunarviðskeytin *-a* og *-(a)t* og neitunarorðin *ne* og *né*. Ekki hefur verið til neitt yfirlit um notkunina. Skýrendur hafa haft við fátt að styðjast og skýringar hafa þá stundum verið grundvallaðar á ágiskunum eða tilfinningu. Úr þessu hefur verið reynt að bæta (Grönvik 1997, Katrín Axelsdóttir 2001).

Hér verða athugaðir fimm staðir í fornum textum. Þeir eru þessir:

Grípisspá 53
Atlamál 96
Rúnakefli frá bryggjunni í Björgvin, N B265
Grípisspá 49
Hamdismál 13

2. Grípisspá 53

Grípisspá, 53. vísa, hefst á þessa leið:¹

‘Sciliomc heilir!
Munat scōpom vinna,
nú hefir þú, Grípir, vel
gort, sem ec beiddac;

Orðið *mun-at* í annarri línu hefur oft verið túlkað sem 3.p. (t.d. *Edda* 1975: 150, *The Poetic Edda* 1996:150). En línan hefur einnig verið skýrð á þessa leið: ‘Non credo fata vinci’ (*Edda Sæmundar hinns fróða* 1818 II:147) og ‘ég

¹ Í þessari grein eru textar eddukvæða teknir úr *Edda* I 1962.

mun ekki sporna við örlögnum' (*Eddukvæði* 1976:318). Þarna hefur *mun-at* verið greint sem 1.p.

Þá er að líta á notkunina annars staðar. Í Konungsbók eddukvæða (GKS 2365 4to) eru 48 dæmi um 1.p. með neitunarviðskeyti, og persónuviðhengið *-k* er með í öllum dæmunum (Katrín Axelsdóttir 2001:36). Í dróttkvæðum er viðhengið einnig langoftast haft með. Í 63 dæmum um 1.p. er því aðeins sleppt tvisvar og þrjú dæmi bætast við ef lesbrigði eru talin með (Katrín Axelsdóttir 2001:55–56). Elsta dæmið um að viðhenginu sé sleppt er í handriti frá því upp úr miðri 13. öld, og hin dæmin fjögur eru frá 14. öld til um 1700. Enn fremur væri viðbúið að persónufornafnið *ek* eða viðhengið *-k* kæmi einnig næst á eftir sögn með neitunarviðskeyti, en þannig háttar til í yfirgnæfandi meirihluta dæma bæði í eddukvæðum og dróttkvæðum (Katrín Axelsdóttir 2001:36, 55).

Persónuviðhengið *-k* var nær alltaf haft með í 1.p. Í Grípisspá stendur *mun-at*, en ekki *munk-at*. Þarna er sennilega um að ræða 3.p. og ópersónulega setningargerð: 'ekki verður spornað við örlögnum'.

3. Atlamál 96

Atlamál, 96. vísa, hljóðar svo:

Léztu þér alt þiccia,
sem ecci væri,
meðan lǫnd þau lágo,
er mér leifði Buðli;
gróftu svá undir,
gerðirat hlut þiggia.
Sværo léztu þína
sitia opt grátna,
fanca ec í hug heilom
hióna vætr síðan.'

Orðið „gerðirat“ er leiðrétting í útgáfu. Í Konungsbók (43v.26) stendur „gerþit“.

Vísuorð 5 og 6 hafa verið skýrð þannig: 'þú grófst svo undan (velsæld minni), að ég uppskar ekkert' (*Eddukvæði* 1976:460). Samkvæmt þeirri skýringu er *gerði-t* 1.p.et. Það stenst ekki því að mynd fyrstu persónu með neitunarviðskeyti hefur nánast alltaf persónuviðhengi, sbr. Grípisspá 53. Myndin

ætti að vera *gerðig-a*. Enn fremur mætti búast við því að *ek* eða *-k* kæmi á eftir sögninni. Þetta stenst því ekki.

Önnur skýring er á þessa leið: „du brachtest es durch deine wühtarbeit dahin, daß man (d.h. ich) nichts erhielt“ (Sijmons & Gering 1927–1931 II:405). Þarna er orðmyndin *gerði-t* greind sem þriðja persóna ('maður gerði') en merkingin er talin vera 1.p. Kock (1922:290) lagfærði textann og taldi að myndin hefði verið *gerðir* (2.p.).² Dronke (1969 I:139, 96) tekur í sama streng en segir þó „the phrasing remains awkward“. Þýðing hennar á línunum tveimur er á þessa leið: „You undermined us so, you got your portion“. Að áliti Kock og Dronke er engin neitun í þessum línunum.

Hér má til samanburðar líta á myndirnar *kvelja-t* og *deili-t* í Völundarkviðu 33 og Sigurdrífumálum 24. Þær hafa jafnan verið taldar boðháttarmyndir.³ Engin ástæða er til annars en að telja að þar sé á ferðinni viðtengingarháttur nútíðar, sbr. samhengið í vísunum:

...
at þú qveliat
qván Völundar
né brúði minni
at bana verðir,

...
at þú þingi á
deilit við heimsca hali;

Í fyrri vísunni er önnur sögn, *verðir*, í viðtengingarhætti nútíðar. Fráleitt er að ætla að *kvelj-at* sé í öðrum hætti. Líklega hafa *kvelj-at* og *deili-t* verið taldar boðháttarmyndir því að þetta eru óvæntar myndir í viðtengingarhætti. Búast hefði mátt við *kvelir-at* og *deilir-at*.

Þá má gera ráð fyrir að reglan (eða þróunin) hafi verið þessi: **deilir-at* > **deili-at* > *deili-t*; **kvelir-at* > *kveli-at* > *kvelj-at*. Þarna fellur persónuendingin *-r* brott af einhverjum ástæðum. Nú má hugsa sér að sama leið hafi verið farin í orðmyndinni í Atlamálum: **gerðir-at* > **gerði-at* > *gerði-t*. Þessi mynd er þá ekkert frábrugðin myndunum *deili-t* og *kvelj-at*, og þetta rennir enn frek-

² Kock rekur skýringar ýmissa manna á því hvernig beri að túlka þessar línur en hafnar þeim öllum því hann telur sögnina hljóta að vera jákvæða.

³ Sjá t.d. Noreen 1923:365 og Iversen 1973:115.

ar stoðum undir þá tilgátu að þær myndir séu ekki boðháttarmyndir, því að *gerði-t* getur merkingarinnar vegna ekki talist boðháttarmynd. Sérkennilegar myndir sagnarinnar *þykja* í Helgakviðu Hundingsbana I 46 og Helgakviðu Hundingsbana II 24 eiga heima hér líka. Þar koma fyrir myndirnar *þykkj-at* og *þykki-t* í stað *þykkir-at* í 3.p.et.⁴

Í germynd, án neitunarviðskeytis, enda allar þessar sagnir á *-ir*, en þegar neitunarviðskeyti bætist við bólar ekkert á *r*-inu. Viðskeytið bætist þá aftan við sérhljóð og fær myndina *-t*: *deilir* > *deili+(a)t* > *deili-t*; eða aftan við hálfserhljóð og fær myndina *-at*: *kvelir* > *kveli+(a)t* > *kvelj-at*. Hin dæmin fara svo aðra hvora leiðina. *Gerði-t* og *þykki-t* fara sömu leið og *deil-it*, en *þykkj-at* sömu leið og *kvelj-at*.⁵

Myndin *gerði-t* er þá 2.p. með neitunarviðskeyti. Svo er einnig um leiðréttinguna sem getið var í upphafi. Hún getur staðist málfræðilega, en er óþörf.⁶

Merking 5. og 6. línu er samkvæmt þessu: 'þú varst svo svikul, þú þáðir ekkert'. Það kemur ágætlega heim við það sem á undan er komið í kvæðinu. Guðrún Gjúkadóttir hefur látið sér fátt finnast um ríkidæmi Atla, og þarna nýr hann henni því um nasir að hún hafi ekki viljað þiggja neitt.

4. Rúnakefli frá bryggjunni í Björgvin

Meðal rúnaristna, sem fundist hafa í bryggjunni í Björgvin, er rista á ferköntuðu kefli, mjög sködduðu, merkt N B265 (Liestøl 1964:35–37, *Rundata*). Hún er talin vera frá síðari hluta 13. aldar eða um 1300 (Liestøl 1964:37). Hluti

⁴ Vera má að myndin *þykkj-at* í Helgakviðu Hundingsbana I eigi að vera 3.p.ft. Það er reyndar frekar ósennilegt, því að ópersónulegar myndir eru oftast í 3.p.et. Þar að auki er nær samhljóða vísuorð í Helgakviðu Hundingsbana II og þar er greinilega eintala. Ef þetta er hins vegar fleirtala er ekkert athugavert við myndina.

⁵ Um þessar myndir og ástæðumær fyrir þeim, sjá Katrín Axelsdóttir 2001:41–42. Ekki var algilt að *r* félli brott. Í eddukvæðum eru sex dæmi um að *r* haldist á undan neitunarviðskeyti: *lifir-a* (Atlakviða 26 og Atlamál 61), *kveðir-a* (Lokasenna 16), *skyldir-a* (Lokasenna 22), *máttir-a* (Lokasenna 62) og *mæltir-a* (Völundarkviða 37). Í dróttkvæðum eru þrjú dæmi um *samir-a* (lesbrigðið *samir-at* kemur tvisvar fyrir) og eitt um *þykkir-a* (lesbrigðið *þykkj-at* kemur tvisvar fyrir) (Katrín Axelsdóttir 2001:51). Þarna er langofkast um viðskeytið *-a* að ræða. Hugsanlega má greina þarna einhvers konar mun á notkun *-a* og *-(a)t*. Ef *-(a)t* bætist við sögnina gat persónuendingin fallið brott, og gerði það oftast, en það var ekki hægt ef *-a* var valið.

⁶ Eins og fram kom í nmgr. 5 eru fá dæmi um endinguna *-ir* á undan *-at*. Leiðréttingin *gerðir-at* er því ekki aðeins óþörf. Hún er einnig fremur ósennileg.

ristunnar er undir ljóðahætti. Þetta er eina örugga dæmið sem fundist hefur um ljóðahátt utan Íslands.⁷ Vísan er þannig (*Rundata*):

**sæl.ekþapottomk.eruitsatomk.ihia.okkomatokkar:m.ameþal.iuirn
e.undir:sakaþaatek.umokat**

Þetta hefur verið umritað á þessa leið (*Rundata*, sbr. Liestøl 1964:35):⁸

Sæll ek þá þóttumk
er vit sátumk í hjá,
ok komat okkar maðr á meðal.
Yfir né undir
sakaðatk um okkart [ráð?]

Þarna kemur fyrir myndin *kom-at*. Hún er kunnugleg. Sérkennilegri mynd er í fimmta vísuorði, „sakaþaatek“. Hún hefur verið umrituð *sakaðatk*. Þarna hlýtur einnig að vera neitunarviðskeyti.⁹ Menn virðast hafa séð þarna sögnina *saka*, l.p.et. í þáttíð, viðskeytið *-at* og síðan persónuviðhengið *-k*. Reyndar stendur *ek* í ristunni, en ekki *-k*, en í umritun hefur ekki verið tekið tillit til þess. Þetta er með öllu ósennilegt. Í eddukvæðum er viðskeytið *-at* aldrei á undan viðhenginu *-k*. Í þeirri stöðu er alltaf myndin *-a* (Katrín Axelsdóttir 2001:36). Í öðru lagi kemur persónuviðhengið ævinlega á undan neitunarviðskeytinu, þótt það sé stundum endurtekið í lokin. Þarna ætti þá fremur að standa *sakaðigak*, en *-i* kemur í stað þáttíðarendingarinnar *-a* í myndum sem þessum. Í þriðja lagi kemur merkingin illa heim: ‘ég saka ekki

⁷ Bent hefur verið á orðalagslíkindi við rúnávísuna í Hamdismálum 21 og í lausavísu kenndri Gísla Súrssyni (Liestøl 1964:36). Fyrri dæmið er „Sæll ec þá þættomc“. Síðara dæmið er „komz þar maþr i milli/min eþa hans at vini“, og í öðru handriti „komz ei maþr a milli/min ne hans at vini“ (*Den norsk-islandske skjaldedigtning* 1912 A I:101). Við þetta má bæta að í Hávamálum 106 kemur fyrir „yfir oc undir“. Það er andstæða við *yfir né undir* á rúnakeflinu. Vísan á keflinu og Hávamál eru ort undir sama bragarhætti. *Yfir ok undir* í Hávamálum myndar heilt vísuorð. Því getur verið að *yfir né undir* á keflinu sé einnig heilt vísuorð.

⁸ Liestøl (1964:35) umritar fyrsta orðið *Sæl(t)*, enda óljóst hvort þarna er karlkyn eða kvenkyn.

⁹ Færa má rök fyrir því að þarna sé neitunarviðskeyti. Ef í vísunni er neitunin *né* af flokki 4 (sjá um Grípisspá 49 í 5. kafla) væri merking 4. línu ‘hvorki yfir né undir’ eins og búast mætti við. Flokkur 4 er hins vegar sárásjaldgæfur. Flokkur 2 kemur varla til greina. Merkingin væri þá ‘yfir en ekki undir’. Hér er því líklega um *né* af flokki 3 að ræða. Í honum er *né* ásamt öðru neitunarorði, t.d. neitunarviðskeyti. Merkingin væri ‘hvorki ... né’. Það er því mjög sennilegt að í 5. línu sé einhver neitun og þarna virðist ekkert annað koma til greina en neitunarviðskeytin *-a* eða *-(at)*.

um okkart ráð'. Orðið *okkart* er síðasta orðið í línunni.¹⁰ En *ráð* er skýringartilraun.

Sögnin *sjá* hefur líka komið til álita, sbr. norska þýðingu ristunnar í *Run-data*: „Ikke noe sted (verken over eller under) så jeg om vår [tilstand] at ...“. Þá væri engu líkara en viðskeytið væri tvítekið, *sák-at-at*. Það væri einsdæmi.¹¹

Þá má reyna aðra leið. Sögnin *sjá* kemur til greina ef það sem á eftir kemur er skýrt á annan hátt. Í ristunni stendur „sakaþaatek“. Giska má á að fyrst standi *sák-at*. Síðan má giska á að standi *átek*, og aftan á það vanti *t eða ð*. Orðið *átek*, *átekð* er þekkt: *átekja*, *átekt* „prop. touching; in pl. metaph. disposition for or against a thing, liking or disliking, ... cp. taka vel, illa á e-u“ (Cleasby & Vigfusson 1874:47, sbr. *Ordbog over det norrøne prosasprog* 1995 1:687). Í nútíma máli er orðið notað í sambandinu *að bíða átekt*.

Hér er að vísu ekki fleirtala en merkingin kemur vel heim: *sák-at átekt um okkart* 'ég sá ekki að okkar [málum, stöðu] væri andmælt'.¹² Fyrir fram hefði mátt búast við að merkingin væri eitthvað á þessa leið. Enginn sæi ljóð á ráði skötuhjúanna í vísunni. Ef þessi skýring stenst þarf ekki að bæta við neinu til þess að hrynjandinn verði rétt. Nú kemur einnig höfuðstafur á réttan stað í fimmta vísuorði.

Óvíst er hvort sjötta vísuorðið er á annarri hlið keflisins. En þar er textinn svo ólæsilegur að varla verður getið í eyðurnar.

Vísan er þá á þessa leið:

Sæl(1) ek þá þóttumk
er vit sátumk í hjá,
ok kom-at okkar maðr á meðal.
Yfir né undir
sák-at átekt um okkart
...

¹⁰ Verið getur að þetta eigi að lesa *okkat* eins og stendur í ristunni. Myndin *okkat* er þekkt, sjá Noreen 1923:222.

¹¹ Reyndar eru í dróttkvæðum nokkur dæmi um myndir sem fljótt á litíð virðast hafa tvítekin viðskeyti, fyrst *-at* og svo *-a* (Katrín Axelsdóttir 2001:60–61). Sennilegra er þó að þau séu til komin fyrir misskilning í afritum og flest eru í ritum sem eru mun yngri en ristan frá Björgvini.

¹² Nafnorð væri hér undanskilið, sbr. *una gláður við sitt, fá sínu framgengt*.

5. Grípisspá 49

Grípisspá, 49. vísa, hljóðar svo:

‘Mun fyr reiði
 ríc brúðr við þic
 né af oftrega
 allvel scipa;
 viðr þú góðri
 grand aldregi,
 þó ér víf konungs
 vélom beittoð.’

Vísan er svar Grípis við spurningu Sigurðar Fáfnisbana um hvort Brynhildur hafi logið á hann. Brynhildur er í vísunni kölluð *rík brúðr* og *víf konungs*. Orðaröðin í fyrri hlutanum hefur þótt nokkuð snúin. Þetta hefur verið tekið saman þannig: *rík brúðr mun fyr reiði af oftrega né allvel skipa við þik*: ‘hin volduga kona mun vegna reiði og mikillar sorgar ekki breyta vel við þig’ (*Eddukvæði* 1976:317). Þá er neitunin talin eiga við sögnina *skipa*. Þetta væri óvenjulega flókin setningafræði í kvæði með fornyrðislagi. Enn fremur vantaði samtengingu milli forsetningarliðanna í *fyr reiði af oftrega*. En fleira er við þetta að athuga.

Þá er að líta á neitunarorðin *ne* og *né*. Í íslenskum handritum er jafnan ritað „ne“ en í útgáfum er oftast prentað „né“. Talið er að um sé að ræða tvö orð með ólíkan uppruna, annars vegar setningarneitunina *ne* (< germ. **ni*, sbr. lat. *ne*) og hins vegar neitunartenginguna *né* (< **nih*, sbr. gotn. *nih*, lat. *nec*, *neque*). Í fyrra tilvikinu er talið að sérhljóðið hafi verið stutt því að neitunin *ne* var áherslulaus (sbr. flokk 1 hér á eftir) og sérhljóðið hefði því ekki getað lengst; auk þess er áhersluleysi forsenda breytingarinnar *ni* > *ne* (sbr. Grønvik 1997:16–17). Í síðara tilvikinu hlýtur sérhljóðið að hafa verið langt, því að við brottfall á *h* varð uppbotarlenging (Grønvik 1997:17).

Ne og *né* koma fyrir í fimm mismunandi stöðum, samkvæmt Grønvik (1997:11–16). Hér verður gerð stuttlega grein fyrir fjórum fyrstu flokkunum:

- (1) Áherslulaust *ne* stendur næst á undan sögn í persónuhætti og neitar þar með allri setningunni:

sól þat *ne* vissi, hvar hon sali átti (Völuspá 5)¹³

¹³ Í *Edda* I 1962 er prentað *né*.

- (2) *Né* stendur fremst í setningu eða setningarlið og gegnir tengihlutverki. Engin önnur neitun fer á undan, og það sem á eftir fer hefur því jákvæða merkingu. Neitunina má þýða með 'og ekki' eða 'en ekki':

hófo mic, *né* drecþo, hávar báror (Guðrúnarhvöt 13)

- (3) Hér er sams konar staða og í flokki 2, en í næstu setningu eða setningarlið á undan *né* er önnur neitun. Merkingin er þá 'ekki A og ekki B (heldur)', eða 'hvorki A né B'. Fyrri neitunin getur verið af hvaða gerð sem er. Stundum getur þurft að umorða. Fyrri neitunin kemur þá á eftir *né* en lendir fyrir framan við samantekt.

(a) *ne ... né*: mey hann *ne* grætir, *né* mannz kono (Lokasenna 37)¹⁴

(b) *-al-(a)t ... né*: segita meyiom *né* salþjóðom (Völundarkviða 22)

(c) *hvárki ... né*: unðir þú *hvárki* úti *né* inni (Guðrúnarkviða in fyrsta 17)

- (4) Formlega séð er þessi flokkur eins og flokkur 2, engin neitun í fyrri lið en síðari liður tengdur með *né*. Merking beggja liðanna er samt neikvæð:

scósmiðr þú verir *né* sceptismiðr (Hávamál 126)

Reglan er sú að neiti *ne* sögn (flokkur 1) þá stendur neitunin nánast alltaf næst á undan sögninni.¹⁵ Í Grípisspá 49 er þó ekki svo. Þarna væru því frávik á ferðinni.

Þá er að líta á aðra skýringarleið. Í flokki 2 var tengingin *né* á eftir jákvæðum fyrri lið, sbr. „hófo mic, *né* drecþo, hávar báror“ (Guðrúnarhvöt 13). Þarna kemur fram andstæða, aðeins síðari liðnum er neitað. Grønvik (1997:12) telur þessa neitun í Grípisspá til flokks 2 en skýrir vísuna ekki frekar enda varla tækifæri til þess. Ef neitunin telst til flokks 2 er samt nauðsynlegt að skýra hvernig vísan hangir saman. Ég tel að þarna eigi að taka saman: *Fyr reiði né af oftrega mun rík brúðr allvel skipa við þik*. Merking fimm fyrstu orðanna væri þá 'fyrir reiði sakir en ekki harms'. Enn fæst engin skynsamleg merking í vís-

¹⁴ Í *Edda* 1 1962 eru bæði dæmin rituð *né*.

¹⁵ Um undantekningu frá þessu í dróttkvæðum, sjá Katrín Axelsdóttir 2001:123.

una því að *allvel skipa við e-n* virðist hafa jákvæða merkingu, 'gera vel við' eða eitthvað í þá veru. Sijmons og Gering (1927–1931 II:158) segja sambandið *skipa við e-n* aðeins koma fyrir hér og þeir segja það merkja 'mit jemand verfahren, jemand behandeln'. En merkingin gæti verið önnur. Dæmi er um að sögnin *skipa* (reyndar *skipa upp*) merki 'udbetale' og í Sturlungu segir: *var þá upp skipat allri þeirri sekt, er Hrafn átti at gjalda Þorgils* (Fritzner 1883–1896 III:336).

Ef *skipa* hefur þessa merkingu í Grípisspá verður merking vísunnar ljós: 'Brynhildur endurgeldur þér (svikin) rækilega, ekki vegna harms heldur af heift.' Grípir heldur síðan áfram að spá og segir að Sigurður vinni Brynhildi á hinn bóginn aldrei mein þótt hann hafi beitt hana vélum. Með þessari skýringu koma í ljós hliðstæður í fyrri og síðari helmingi vísunnar: Brynhildur er reið en ekki buguð; Sigurður sveik hana en vann henni ekki mein.

6. Hamdismál 13

Í Hamdismálum, 13. vísu, segir:¹⁶

Svaraði inn sundrmæðri,
svá qvaz veita mundo
fulting fröndom,
sem fótr oðrom.
'Hvat megi fótr
fæti veita,
né holdgróin
hönd annarri?'

Hinn sundurmæðri er Erpur, hálfbróðir Hamdis og Sörla, sona Guðrúnar Gjúkadóttur. Erpur heitir bræðrunum fulltingi sínu í fyrri hluta vísunnar. Í síðari hlutanum tekur síðan annaðhvort Hamdir eða Sörli til máls. Skýrendur (sjá t.d. Sijmons & Gering 1927–1931 II:434 og Jón Helgason 1967:111) hafa talið að þarna sé eitthvað aflagað því að bæði er talað um hönd og fót.¹⁷ Erpur

¹⁶ Í útgáfum er þetta oftast talin 14. vísa.

¹⁷ Sumar skýringar þessarar vísu kunna að bera þess merki að skýrendur hafi reynt að samræma hana efnislega frásögnum af bræðrunum þremur í Skáldskaparmálum og Völsunga sögu. Um tengsl Hamdismála við þessi rit og fleiri, sjá Dronke 1969 I:199–202.

minntist aðeins á fót og að efni vísuhelminganna hefði átt að standast á. Svo þarf þó ekki að vera.

Hér má líta á merkingu tengingarinnar *né* í flokki 2, eins og hún var rakin hér að ofan, þ.e. 'og ekki', 'en ekki'. Þá má skilja vísuna: 'Hvað er það sem fótur getur veitt fæti en holdgróin hönd getur ekki veitt annarri hendi?' Holdgrónar hendur vísa hugsanlega til Hamdis og Sörla og hins nána skyldleika þeirra. Kannski er verið að spyrja hvað Erpur geti veitt Hamdi og Sörla, en Hamdir og Sörli geti ekki veitt hvor öðrum. Merking línanna er þá: 'Í hverju er fulltingi þitt fremra liðveislu okkar hvors við annan?'¹⁸

HEIMILDIR

- Dronke, Ursula. 1969. *The Poetic Edda* I. Heroic Poems. Oxford.
Edda. Herausgegeben von Gustav Neckel. I. Text. Dritte, umgearbeitete Auflage von Hans Kuhn. Heidelberg, 1962.
Edda. Erster Band. Heldendichtung. Übertragen von Felix Genzmer. Düsseldorf, 1975.
Edda Sæmundar hinns fróða II. Havnæ, 1818.
Eddukvæði. Ólafur Briem annaðist útgáfuna. Reykjavík, 1976.
 Grønvik, Ottar. 1997. Tanker omkring et etterlatt manuskript av Ingerid Dal: negasjonssystemet i eldste norrønt (eddadikt og skaldekvad). *Norsk Lingvistisk Tidsskrift* 15:3–30.
 Iversen, Ragnvald. 1973. *Norrøn grammatikk*. Oslo.
 Jón Helgason. 1967. *Kviður af Gotum og Húnum*. Hamdismál, Guðrúnarhvöt, Hliðskviða með skýringum. Reykjavík.
 Katrín Axelsdóttir. 2001. Nokkrar neitanir í forníslensku. Ritgerð til M.A.-prófs í íslenski málfræði. Háskóli Íslands.
 Kock, Ernst A. 1922. Bidrag til eddatolkningen. *Arkiv för nordisk filologi* 38:269–294.


¹⁸ Í skýringum við vísuna segir Jón Helgason (1967:111): „Með spurningunni er ætlat til neitandi svars, að fótur geti ekki veitt fæti; þessvegna er haldið áfram: *né* ...“. Sijmons og Gering (1927–1931 I:224) telja einnig að *né* sé til merkis um að vænst sé neikvæðs svars. Þeir þýða línurnar 'es kann doch wohl ein fuß dem andern nicht hilfe leisten noch eine hand der andern?' Dronke (1969 I:164) þýðir línurnar 'How can a foot help a foot, or a hand grown from the body's flesh help a hand?'. Samkvæmt þessu er ekki eiginleg neitunarmerking í vísunni sjálfri, heldur gefið í skyn að svarið verði neikvætt. Ef þessi notkun á *né* var til í raun og veru hefur hún verið sjaldgæf. Um hana virðist aðeins hafa fundist eitt annað dæmi, í Skírnismálum 17 (sjá Sijmons & Gering 1927–1931 I:224). Merkingin þar er þó ekki ótvíræð, frekar en í Hamdismálum. Samkvæmt skýringunni sem stungið var upp á hér að ofan er í vísunni tengingin *né* af algengri gerð. Merkingin stenst ágætlega svo framarlega sem menn leiða hjá sér aðrar gerðir sögunnar um Hamdi, Sörla og Erp og tengsl þeirra gerða við Hamdismál. Í þeim gerðum er mörgu lýst á annan veg en í Hamdismálum og tengsl frásagnanna eru á huldu. Í Skáldskaparmálum og Völsunga sögu eru Hamdir, Sörli og Erpur t.d. albræður. Hér hefur eingöngu verið litið á texta Hamdismála eins og hann er í Konungsbók.

- Liestøl, Aslak. 1964. Runer fra Bryggen. *Viking*. Tidsskrift for norrøn arkeologi XXVII:5–53.
- Noreen, Adolf. 1923. *Altisländische und altnorwegische grammatik*. Halle (Saale). *Den norsk-islandske skjaldedigtning* A I–II, B I–II. Udg. ved Finnur Jónsson. København og Kristiania, 1912–1915.
- The Poetic Edda*. Translated by Carolyne Larrington. Oxford, 1996.
- Rundata*. Samnordisk runtextdatabas. <http://www.nordiska.uu.se/forskn/samnord.htm>.
- Sijmons, B., H. Gering. 1927–1931. *Die Lieder der Edda* III. Kommentar I–II. Halle (Saale).

SUMMARY

1. The Old Icelandic system of negations, especially *-a*, *-(a)t*, and *ne*, *né*, has recently been the subject of detailed studies. On the basis of these studies interpretations are suggested for five texts. 2. *Grípisspá* 53, line 2, *mun-at* has been interpreted as 1st plural or 3rd plural. The latter is obviously correct. 'Fate can't be opposed.' 3. *Atlamál* 96, lines 5–6, are interpreted as follows: 'you were so deceitful, you didn't accept anything.' This fits the context. Guðrún Gjúkadóttir has shown contempt for Atli's wealth, and he accuses her of not having accepted anything. 4. A Norwegian runic inscription found in Bergen, N B265, is the only certain occurrence of *ljóðaháttir* outside Iceland. Line 5 is probably to be read as follows: *sák-at átekt um okkart* 'I didn't see that our [relationship] was objected to.' 5. *Grípisspá* 49, the first half of the verse. The following interpretation is suggested here: 'Brynhildr repays you [your deceit], not because of sorrow but because of anger.' According to this, there are parallels between the first and the second half of the verse. Brynhildr is angry, but not overcome; Sigurðr cheated her, but did her no harm. 6. *Hamdismál* 13 (14). The second half of the verse is probably to be interpreted as follows: 'In what way is your help better than the help we give to each other?'

Katrín Axelsdóttir
 Íslenskuskor
 Heimspekideild Háskóla Íslands
 Nýja-Garði við Sæmundargötu
 101 Reykjavík
 katax@hi.is



HARALDUR BERNHARÐSSON

SKRIFANDI BÆNDUR OG ÍSLENSK MÁLSAGA

Vangaveltur um málþróun og málheimildir

1. Inngangur

GJARNNA ER HAFT á orði að íslensk tunga hafi lítið breyst í aldanna rás. Sú skoðun er hreint ekki ný; Arngrímur Jónsson lærði getur þessa til að mynda þegar í *Crymogæu* sinni 1609 (1985:96–105). Víst er að íslensk málþróun hefur verið tiltölulega hæg, ef mið er tekið af frændtungunum, og fyrir því eru vafalaust ýmsar ástæður, eins og Helgi Guðmundsson (1977) hefur reifað í grein sinni um ytri aðstæður íslenskrar málþróunar. En þegar heimildir um íslenska málsögu eru skoðaðar verður ekki betur séð en greina megi nokkrar sveiflur í málþróuninni, einkum í hljóðsögunni. Eðlilegt er því að spyrja hvort þessar sveiflur séu raunverulegar og hve vel málheimildirnar endurspeglar íslenska málþróun. Hverjar eru þessar málheimildir og eru þær allar jafn-áreiðanlegar?¹

2. Hverjar eru málheimildirnar?

Allra fyrsta spurningin er auðvitað: Hverjar eru heimildirnar? Hvernig getum við fengið vitneskju um mál genginna kynslóða? Til þess eru fleiri en ein aðferð, en meginheimildir okkar eru að minnsta kosti fjórar (sbr. Hrein Benediktsson 1972:115–17; sjá einnig Kjartan G. Ottósson 1988): (1) Stafsetning fornra handrita. (2) Forn kveðskapur; þættir á borð við hrynjandi, rím og stuðlasetningu eru einkar drjúg heimild. (3) Samanburður: (i) annars vegar innri samanburður, þ.e. samanburður við önnur málstig sama tungumáls; (ii)

¹ Grein þessi er að stofni til fyrirlestur er ég flutti í málstofunni „Handritin og málsagan“ á Hugvísindáþingi í Háskóla Íslands 3. nóvember 2001. Þátttakendum þar, einkum Stefáni Karlsyni, þakka ég gagnlegar umræður. Enn fremur þakka ég Stefáni, Kjartani Ottóssyni, Kristjáni Árnasyni, og ritstjórum *Griplu*, þeim Guðvarði Má Gunnlaugssyni og Sverri Tómassyni, fyrir gagnlegar ábendingar og athugasemdir við eldri gerð greinar þessarar; þeir bera þó vitaskuld enga ábyrgð á göllum sem enn kunna að finnast. Verk þetta var styrkt af Vísindasjóði Rannsóknarráðs Íslands.

hins vegar ytri samanburður, þ.e. samanburður við skyld tungumál. (4) Samtímalýsing á fornu máli, en þar ber auðvitað hæst Fyrstu málfræðiritgerðina.

Af þessum fjórum tegundum heimilda er hin fyrsta langríkulegust og aðgengilegust. Allmikið hefur varðveist af rituðu máli fornu og stafsetning er góð heimild um málkerfið, einkum beygingarkerfið og setningagerð; hún er einnig drjúg heimild um hljóðkerfið þó að ekki sé bein samsvörun á milli rit-tákna og hljóða og stafsetning fornra handrita jafngildi vissulega ekki hljóðritun. Á hitt ber þó að líta að stafsetningarkennsla var engin með samræmdum hætti, svo að menn viti til; stafsetning var ekki samræmd, þó að einhverjar ritvenjur hafi vissulega verið til. Stafsetning elstu íslensku handritanna er því í mörgu tilliti nær mæltu máli en stafsetning okkar nú á dögum og því um margt betri málheimild en okkar stafsetning.²

3. Hljóðsagan

Þegar litið er yfir íslenska hljóðsögu verður ekki betur séð en þar megi greina bæði umbrotatíma og tíma líttilla breytinga eða stöðnunar (sjá yfirlit hjá Birni K. Þórólfsyni 1925, Hreini Benediktssyni 1962, Stefáni Karlssyni 1989 og í ritum sem þar er vísað til).³ Ef litið er til vitnisburðar stafsetningar sjáum við að þegar í elstu ritheimildum verður vart afkringingar \emptyset og um og upp úr aldamótunum 1200 sjáum við breytingar á kerfi sérhljóða þar sem hið opna, kringda og langa \emptyset byrjar að falla saman við \acute{a} eða \acute{o} og enn fremur fer að bila aðgreining hinna stuttu \emptyset og ϱ . Á þrettánda öld gerist það einnig að \acute{x} og $\acute{\phi}$ taka að renna saman og af stöðubundnum breytingum sem þá byrja má nefna breytinguna $v\acute{e} > v\acute{x}$ í fáeinum orðum þar sem l eða r fór á eftir ($v\acute{e}r > v\acute{x}e$,

² Skólapiltar hafa auðvitað fengið tilsoðgn í stafsetningu og vísast hafa þeir haft önnur handrit til fyrirmyndar þegar þeir voru að byrja að spreya sig á ritun; reglur um stafsetningu hafa þó hvergi nærri verið svo fastmótaðar sem nú á dögum. Ekki hafa menn þó verið hugsunarlausir um þessa hluti, enda segist höfundur Fyrstu málfræðiritgerðarinnar hafa ritað oss Íslendingum stafrof „til þess at hógra verði at rita ok lesa ...“ (sbr. Hrein Benediktsson 1972:208). Rök höfundarins fyrir stafsetningarreglum sínum eru ekki síst þau að ritað mál verði að vera skýrt og tvímælalaust og hann nefnir til að mynda lagaritun í því sambandi. Þess verður þó ekki vart í varðveittum handritum að tillögur höfundar Fyrstu málfræðiritgerðarinnar hafi fengið mikinn hlómgrunn, en stafsetningarreglum hans er hvergi fylgt til neinnar hlítar (Hreinn Benediktsson 1972:25–28; sjá einnig Stefán Karlsson 2002:834).

³ Í yfirliti því sem hér á eftir kemur er aðeins tæpt á helstu atriðum hljóðsögunnar og höfuðáhersla lögð á þær breytingar sem sjást í stafsetningu (þó að fáeinar aðrar séu nefndar). Yfirlitinu er ekki ætlað að vera tæmandi, en auk þeirra rita sem getið er að ofan má nefna mállýsingar eftir Jón Helgason (1929), Oskar Bandle (1956) og Stefán Karlsson (1982).

vélindi > *vælindi*), önghljóðunina *k* > *g* (*ek* > *eg*) og *t* > *ð* (*farit* > *farið*) í bakstöðu og lokhljóðun óraddaða, tannmæltá önghljóðsins *þ* á eftir *k* og *p* (*vakþa* > *vakta*, *kip(p)þi* > *kip(p)tí*). Þá tekur *g* að falla á eftir löngu sérhljóði eða tvíhljóði og á undan *j* (*fleygja* > *fleyja*) og um 1300 eða ef til vill lítið eitt fyrr fer stoðhljóðsinnkot að láta á sér bera (*fagr* > *fagur*, *fegrð* > *fegurð*). Þessar tímasetningar sem hér eru nefndar eiga við fyrstu dæmi um breytingarnar en vitaskuld hafa þær ekki gengið yfir landið allt í einu vefangi heldur hafa mjög margar þeirra ugglaut verið mállýskubundnar um lengri eða skemmri tíma. Mállýskumun er þó í flestum tilvikum afar erfitt að greina í málheimildum en þess er þó helst kostur í bréfum sem unnt er að staðsetja og tímasetja.

Á fjórtánda öld dregur enn frekar til tíðinda og þar kveður mest að staðbundnum breytingum ýmiss konar. Af sérhljóðabreytingum má nefna tvíhljóðun langra fjarlægra og miðlægra sérhljóða (sem sést að vísu aðeins að hluta í stafsetningu) og tvíhljóðun einhljóða á undan *ng* og *nk*. Þá tók hljóðasambandið *vá* að þróast í *vó* og síðar *vo* (*vád* > *vóð* > *vod*). Í fáeinum orðum einhljóðast *au* og verður *ö* (*sjau* > *sjö*, *tvau* > *tvö*, *lauðr* > *löðr*), en þessi einhljóðun *au* varð þó aldrei almenn. Á síðari hluta aldarinnar örlar einnig á afkringingu *y*, *y* og *ey*, en annars fór ekki að kveða verulega að afkringingu þessara hljóða fyrr en á ofanverðri fimmtánda öld. Fjöldi samhljóðabreytinga skýtur einnig upp kollinum: samfall *ll* + *rl* > *dl* (*allir*, *karl*) og *nn* + *rn* > *dn* (*einn*, *barn*) gerir vart við sig, einnig lokhljóðun önghljóðanna *f* og *g* á undan *l* og *n* (*efla*, *efna*; *sigla*, *rigna*) og væntanlega hefur samfara þessu orðið mállýskubundin lokhljóðun *g* á undan *ð* (*sagði*). Þá lokhljóðast hið raddaða *ð* á eftir *l*, *n* og *m* (*taldi* > *taldi*, *vandi* > *vandi*, *samði* > *samði*). Einnig lokhljóðast *f* á eftir *r* og *l* (*orf* > *orb*, *kálfar* > *kálbar*), í sumum mállýskum að minnsta kosti, og líklegt er að *ð* hafi einnig á þessum tíma verið farið að lokhljóðast sums staðar á landinu á eftir *r*, *f* og önghljóðinu *g* (*hardur* > *hardur*, *hafði* > *hafði*, *lagði* > *lagði*). Í framstöðu verður vart breytingarinnar *kn* > *hn* í sumum orðum (*kné* > *hné*, *knöttur* > *hnöttur*) og enn fremur á sér stað stytting langra samhljóða í bakstöðu, *rr* > *r* (*stórr* > *stór*), *ss* > *s* (*íss* > *ís*) og *nn* > *n* (*himinn* > *himin*), en einnig lenging *r* > *rr* í vissum beygingarmyndum (ef. ft. *blára* > *blárra*).

Á næstu öldum hægist mjög um. Á fimmtánda öld sjást merki um tvíhljóðun á undan *gjgi*, þá verður vart kringingar *ve* > *vö* í sumum orðum (*kveld* > *kvöld*, *tvafaldur* > *tvöfaldur*), önghljóðið *g* fellur brott á eftir stuttu sérhljóði og á undan *j* eða *i* (*segir* > *seiir*) og önghljóðin *g* og *f* falla brott á eftir *á*, *ó* eða *ú* (*lág* > *lá*, *lágú* > *láu*, *rófu* > *róu*). Hljóðdvalarbreytingin gengur yfir á sextánda öld en hennar sjást ekki merki í stafsetningu; á sautjándu öld sést af-

kringingin *jö* > *je* (*mjöǰ* > *mjeg*, *fjöǰur* > *fjegur*, *sjö* > *sje*) og á átjándu öld verður þess vart að *hv* verði *kv* í framstöðu (*hvítur* > *kvítur*).

Í þessari löngu þulu vekur athygli kúfur á fjórtándu öld. Á þrettándu öld sjáum við merki nokkurra breytinga, einkum á kerfi sérhljóða, en á fjórtándu öld kemur fram í heimildum mikil bylgja hljóðbreytinga; eftir það er lygnari sjór. Sú spurning hlýtur því að kvikna hvað gerst hafi á fjórtándu öld. Enda þótt ekki sé ástæða til að efast um að sveiflur séu eðlilegur þáttur í þróun tungumála er vert að velta því fyrir sér hvern þátt málheimildirnar sjálfar eiga í þeim sveiflum sem við sjáum í íslenskri hljóðsögu.

4. Hvað gerðist á fjórtándu öld?

Hverjar eru hugsanlegar ástæður fyrir þessari bylgju hljóðbreytinga á fjórtándu öld? Við því er ugglaut ekkert einhlítt svar en tína má til nokkra möguleika til umhugsunar:

(1) Kerfislegar ástæður? Í sérhljóðakerfinu kann að hafa verið keðjuverkun þar sem ein breyting kallaði á aðra; um þetta hefur Hreinn Benediktsson (1959, 1970) fjallað rækilega. Bent hefur verið á að yfirreglur („metarules“) kunni að eiga þátt í sumum samhljóðabreytingum; þannig hefur til að mynda Kristján Árnason (1990) viljað tengja saman ýmsar þeirra lokhljóðana í samhljóðaklösum sem getið var hér að ofan. En þótt hugsanlega megi á þennan hátt tengja einhverjar þessara breytinga saman, einkum breytingar á kerfi sérhljóða, nægir það ekki út af fyrir sig sem skýring á þessum fjölda hljóðbreytinga sem fram kemur á fjórtándu öld.⁴

(2) Erlend áhrif? Íslendingar skrifuðu bækur til útflutnings á síðari hluta þrettándu aldar og langt fram eftir fjórtándu öld. Nokkuð ber á norskuskotinni stafsetningu („norvagismum“) í þessum handritum en þetta hafði ekki varanleg áhrif á tungumálið; um þetta hefur Stefán Karlsson (1978, 1979, 1998) fjallað manna best. Meðal norskra einkenna í stafsetningu á íslenskum hand-

⁴ Kristján Árnason (1990) fjallar meðal annars um ríka tilhneigingu í íslensku til að mynda lokhljóð í rími atkvæðis („conspiracy for a stop in the rhyme“) og ekki vafi að ýmiss konar lokhljóðanir á fjórtándu öld eru náskyldar breytingar. Ekki er þó eðlilegt að líta á þær sem eina og sömu breytinguna er birtist í ýmiss konar umhverfi (enda gerir Kristján það ekki) því að þá væri með sömu rökum hægt að tengja saman íslenskar lokhljóðanir á fjórtándu öld og ýmsar lokhljóðanir sem urðu á frumgermönskum tíma eða fljótt eftir að frumgermanska brotnaði upp í dótturmálin, til dæmis lokhljóðun *ð og *g á eftir nefhljóði í frg. *landa- > gotn., físl., fhp., fe. land, *langa- > gotn. laggs, físl. langr, svo eitthvað sé nefnt (sjá Moulton 1954).

ritum má nefna 'gh' í stað 'g' fyrir gömmæltu önghljóðið í til dæmis 'sagha' (*saga*) (og að nokkru leyti einnig fyrir lokhljóðið), 'fu' í stað 'f' í innstöðu á undan sérhljóði í til dæmis 'hafua' (*hafa*), 'æ' í stað 'e', einkum í tákun tvíhljóðanna 'æi' og 'æy', og 'l' og 'r' í stað 'hl' og 'hr' í framstöðu orða eins og 'lutr' (*hlutr*) og 'ross' (*hross*) (Stefán Karlsson 1989:40–41). Hér er í öllum tilvikum um að ræða tísku í stafsetningu er ekki hefur átt sér neinar rætur í hljóðbreytingum í tungumálinu.⁵

Í sumum tilvikum er hægt að benda á sambærilegar hljóðbreytingar í nágrannamálunum, svo sem samfallið $ll + rl > dl$ og $nn + rn > dn$ sem verður um líkt leyti í íslensku, færeysku og vesturnorskum mállýskum (Bandle 1973:45–46). Ekki er þó einboðið að álykta að þarna sé um bein tengsl að ræða, frekar en þegar *hv*- verður *kv*- í framstöðu þegar um 1400 í færeysku en sést ekki fyrr en á átjándu öld í íslensku (Stefán Karlsson 1993:26).

Snúum okkur þá að málheimildunum sjálfum:

(3) Mikill fjöldi handrita frá fjórtándu öld? Þetta var blómaskeið íslenskrar bókagerðar á miðöldum; þá eru handrit ekki aðeins veglegust, fegurst og glæsilegust, heldur einnig gríðarlega mörg. Endurspeglar sá fjöldi málbreytinga sem við sjáum á fjórtándu öld aukinn fjöldi ritaðra heimilda? Þetta gæti skipt máli, en þó aðeins upp að vissu marki. Gildi magnsins minnkar eftir því sem blaðfjöldinn eykst; það er ekki víst að í tíu kvera handriti bæti síðari fimm kverin miklu við það sem við þegar gátum ráðið um mál skrifarans af fyrri fimm kverunum. Svarið er því ekki að finna nema að óverulegu leyti í meiri afköstum og stórhug skrifara og bókagerðarmanna á fjórtándu öld.

(4) Meiri breidd málheimilda? Þess væri helst að vænta að aukin bókagerð á fjórtándu öld sýndi aðra mynd af tungumálinu en við áður höfðum ef breiddin ykist jafnhliða magninu, ef aukin bókagerð hefði það í för með sér að fleiri tækju til við að skrifa og skrifuðu fleiri tegundir texta. Þessum þætti hefur ekki verið gefinn gaumur svo að neinu nemi en hann gæti einmitt vegið þungt. Áður en lengra verður haldið er þó rétt að huga að nokkrum atriðum er varða málbreytingar og málheimildir.

⁵ Norsk áhrif á beygingarkerfið birtast í notkun endingar þriðju persónu í fyrstu persónu eintölu í nútíð framsöguháttar, til dæmis *hefir ek* eða *segir ek*, en ekki eru allir á einu máli um hvort þessi notkun endurspeglar breytingar á beygingarkerfi íslensku eða einungis ritmálstísku. Stefán Karlsson (1978:98) telur að þetta beygingareinkenni hafi náð einhverri fötfestu í mæltu máli úr því að það sést í handritum eftir að norsk stafsetningareinkenni eru horfin. Kjartan G. Ottósson (1992:172–79) bendir á hinn bóginn á að notkun þriðju persónu endingarinnar í fyrstu persónu birtist aðallega í fáum algengum sögnum og það meðal annars bendi sterkelega til þess að þetta hafi verið ritmálstísku er ekki hafi náð til mæltis máls.

5. Málbreytingar og málheimildir

5.1 Eðli málbreytinga

Þekking okkar á eðli málbreytinga er um margt ófullkomin og fjölmargt óljóst er varðar bæði uppruna breytinga og útbreiðslu.⁶ Athygli hefur ekki hvað síst verið beint að máltökunni sjálfri því að tungumál erfist ekki í heilu lagi frá einni kynslóð til annarrar: á máltökuskeiði draga börn ályktanir af því máli sem þau heyra í kringum sig, mynda reglur og byggja þannig upp sínar málreglur eða málfræði. Sú málfræði er ekki alltaf nákvæmlega samhljóða málfræði næstu kynslóðar á undan og misræmið er þá málbreyting. Þetta rof á milli kynslóða er mikilvæg uppspretta málbreytinga, en ekki sú eina.⁷

Lengi hefur verið leitað svara við því hvernig málbreytingar breiðast út. Á það hefur þó verið bent að í raun sé ekki gerlegt að gera greinarmun á upphafi málbreytingar og útbreiðslu hennar (Labov 1994:310–11): mál einstaklings getur verið frábrugðið máli allra annarra málhafa án þess að um málbreytingu sé að ræða; ef þessi frávik hafa aftur á móti áhrif á mál annarra málhafa þá fyrst hefur átt sér stað málbreyting. Það er því ekki frávik eða nýjungin sjálf sem breytir málinu, heldur þau áhrif sem einstaklingurinn og málnýjungin hefur á mál annarra; upphaf málbreytingar og útbreiðsla hennar eru því í raun eitt og sama fyrirbærið.

Málbreyting er því öðru fremur vaxandi frávik frá viðmiði eða „normi“, hvort sem það hefur orðið til við máltöku eða af félagslegum ástæðum. Fjölmargir félagslegir þættir geta haft áhrif á málþróun. Meðal þeirra mætti nefna að ákveðin málbrigði breiðast út vegna þess að þau þykja eftirsóknarverð á einhvern hátt, hugsanlega vegna þess að þau finnast í máli þjóðfélagshóps sem nýtur mikillar virðingar í samfélaginu; þannig geta til að mynda þættir í máli valdastéttar eða menntamanna breiðst út. Í annan stað mætti nefna mismunandi málsnið: málnotkun er mismunandi eftir aðstæðum, svo sem eftir því

⁶ Um málbreytingar og eðli þeirra hefur vitaskuld mikið verið ritað. Meðal nýlegra skrifa má nefna McMahon 1994, rannsóknir Labovs 1994 og 2001 og Lightfoot 1999. Einnig er að finna umræðu hjá Kjartani G. Ottóssyni 1992:15–36.

⁷ Við máltöku leitast börn við að mynda eins einfaldar reglur og unnt er til að geta sjálf myndað setningar á borð við þær sem þau heyra í kringum sig (sjá um þetta hjá Chomsky 1986:51–52); ályktanir þeirra geta þá verið ólíkar þeim ályktunum sem foreldrar þeirra drógu þegar þeir voru sjálfir á máltökuskeiði. Meillet (1926:235–36) hefur fjallað um þetta og einnig Halle (1962:64–65) en Labov (1994:47, nmgr. 4) bendir á að mál barna sé aðeins ein af fleiri uppsprettum málbreytinga. Aðgengilega umfjöllun um máltöku er að finna hjá Pinker 1994:265–301.

hver viðmælandinn og viðfangsefnið er. Ákveðin málbrigði finnast aðeins í sumum málsniðum en ekki öðrum og sami einstaklingur velur þannig á milli ólíkra afbrigða í til dæmis framburði, beygingu, setningagerð eða orðaforða eftir því hvaða málsnið hann notar það sinnið.⁸

Rannsóknir Labovs á útbreiðslu málbreytinga í borgarsamfélagi nútímans hafa leitt í ljós að þjóðfélagshópar um miðbik tekjustigans eru í fararbroddi málbreytinga og enn fremur að konur eru alveg heilli kynslóð á undan körlum; þær eru mun fljóttari að tileinka sér málbreytingar en karlarnir. Þetta er ekki síst mikilvægt vegna þess að mál kvenna er í ríkara mæli en mál karla fyrirmynd barna á máltökuskeiði (Labov 2001:500–501). Auðvitað er engin leið að vita í hve miklum mæli þessar niðurstöður eiga við í einstökum atriðum um málsamfélög fyrri alda en þær eru þó áminning um mikilvægi þess að hafa yfirsýn yfir sem flesta hópa málsamfélagsins við rannsóknir á máli — sem er einmitt miklum vandkvæðum bundið þegar fengist er við eldri málstig.

5.2 Takmarkanir ritaðra málheimilda

Þekking okkar á eldri málstigum byggist að langmestu leyti á rituðum heimildum, á fornum textum sem varðveist hafa. Einn stærsti vandi sögulegra málfræðinga er fölginn í túlkun þessara heimilda sem eru í eðli sínu afar ófullkomnar. Tilvist þessara heimilda er háð ýmiss konar tilviljunum. Þar ber fyrst að nefna að þeir forntextar sem við höfum endurspegla ekki nema lítið brot af máli síns samtíma og eru því ófullkomið úrtak. Í annan stað er það að nokkru leyti tilviljun hverjir þessara texta hafa varðveist fram á okkar dag þannig að varðveittir textar gefa heldur ekki fullkomna mynd af þeim textum sem ritaðir voru. Verkefni sögulegra málfræðinga er því að reyna að gera heillega mynd úr mjög brotakenndum heimildum og við rannsóknir á máli fyrri alda verður að taka tillit til að minnsta kosti tvenns konar takmarkana ritaðra málheimilda (sjá til dæmis Kjartan G. Ottósson 1988:121–27):

(1) Efnisleg takmörkun. Þeir textar sem við höfum frá fyrri öldum eru oft fremur einsleitir og einskorðast gjarna við annaðhvort hátíðleg viðhafnar-skrif eða fræðileg skrif þar sem höfundur leggur sig fram um að vanda mál sitt. Lítið hefur varðveist af einkabréfum og dagbókum frá miðöldum en

⁸ Andersen (1973) fjallar nokkuð um þetta fyrirbæri og gerir ráð fyrir sérstökum aðlögunareglum („adaptive rules“) í málfræðinni (en gagnrýni á þá hugmynd má finna hjá Lightfoot 1999: 215–20).

vænata má að einmitt slíkar málheimildir gefi besta mynd af daglegu máli síns tíma.

(2) Þjóðfélagsleg takmörkun. Skrifandi menn var ekki að finna á öllum stigum þjóðfélagsins fyrir á öldum og því vandfundnar ritaðar heimildir frá óbreyttu alþýðufólki. Einnig hefur það verið fátítt að konur skrifuðu. Ef við höfum einungis ritaðar málheimildir frá körlum í læðri yfirstétt, veraldlegri eða kirkjulegri, gefur það ekki rétta mynd af máli þess tíma.

Málheimildir sem háðar eru þessum takmörkunum sýna fyrst og fremst málsnið sem er formlegt og „vandað“, ef svo má að orði komast. Þetta er hið „viðurkennda mál“ þar sem lítið er um frávik á borð við félagslegar mállýskur eða staðbundið málfar.⁹

5.3 Elstu dæmi seint á ferð?

Við rannsókn á málsögu þar sem búast má við takmörkunum af þessu tagi er þess að vænta að fyrstu merki málbreytingar í rituðum heimildum birtist ekki fyrir en málbreytingin telst vera hluti af hinu „viðurkennda máli“; það er að segja, þegar málbreytingin er hætt að brjóta í bága við viðmiðið („normið“) og orðin hluti af því. Tilhneigingin til að sporna gegn málbreytingum er gömul og hana er að finna í mörgum málsamfélögum, þó í mismiklum mæli sé (Labov 2001:6). Í flestum samfélögum þekkist það að elsta kynslóðin fagnar ýmiss konar nýjungum, ekki hvað síst í tækni og nútímaþægindum, en einnig í listum og lífsstíl. Á hinn bóginn þekkjum við ekki mörg dæmi þess að elsta kynslóðin dásami breytingar er orðið hafi á tungumálinu, hafi orð á því að unga kynslóðin tali svo miklu fegurra, betra eða frjálsslegra mál en áður tíðkaðist. Þvert á móti er það ríkjandi viðhorf að breytingar á tungumálinu teljist síst til framfara, heldur séu þær jafnan til hins verra.¹⁰

⁹ Landfræðilegar takmarkanir eru vitaskuld einnig alvarlegur vandi þegar kemur að fornum málheimildum: við höfum sjaldan ef nokkurn tíma jafna dreifingu málheimilda af málsvæði tiltekins tungumáls; jafnan verða fjölmörg svæði út undan (engar varðveittar málheimildir) og þar með er vitneskja okkar um staðbundnar mállýskur mjög ófullkomin. Þannig hagar til með svo mikilvægar málheimildir sem íslensk fornbréf, svo að dæmi sé tekið: fá bréf eru varðveitt frá Austurlandi og Suðurlandi og alveg fram á fimmtánda öld er mikill meirihluti fornbréfa frá Norðurlandi (Stefán Karlsson 1963:xviii–xxi, 1998:289, 1999:139).

¹⁰ Það viðhorf er býsna algengt að tungumálið sé sífellt að hrörna og hafi um langan aldur færst fjær þeirri fullkonnun sem það hafði einhvern tíma í fortíðinni. Labov (2001:6, 514) nefnir þetta „The Golden Age Principle“ og skilgreinir svo: „At some time in the past, language was in a state of perfection.“

Það málsnið sem við getum kallað „viðurkennt mál“ er mjög mótað af þessu viðhorfi — sem við gætum kallað gullaldartrega — og því líður óhjákvæmilega nokkuð langur tími frá því að málbreyting tekur að breiðast út og þangað til hún hefur öðlast þann þegnrétt í málinu að geta talist „viðurkennt mál“. Mest kveður væntanlega að þessu í málsamfélögum þar sem gullaldartreginn er ríkjandi viðhorf hjá menntastéttinni en hann er einmitt hornsteinn forskriftarmálfræðinnar. Röksemdafærslan er einföld þegar gera þarf upp á milli ólíkra málbrigða: hið eldra er rétt en hið yngra ber að forðast.¹¹

Gullaldartreginn er ekki nýtt fyrirbæri og við höfum enga ástæðu til efast um að hann hafi einnig verið ríkjandi í íslensku málsamfélagi fyrir á öldum. Hann var vissulega meginkrafturinn í málhreinsunarstefnunni og merki hans má sjá hjá lærdómsmönnum á sautjándu öld. Til að mynda ræðir Brynjólfur Sveinsson Skálholtsbiskup framburð langa sérhljóðsins *é* í bréfi til Ole Worm, dagsettu 28. júlí 1651, og segir að það skuli bera fram sem einhljóð; tvíhljóðsframburður ([ie]) sé röng venja nútíðarmanna, einkum Norðlendinga. Máli sínu til stuðnings vitnar Brynjólfur til rithátta fornra handrita og tekur dæmi um fornöfnin *mér* og *sér* (í lauslegri þýðingu):

Í öllum fornu skinnhandritunum eru slík orð ætíð táknuð án þessa óréttmæta norðlenska *i*, það er ekkert annað en ósiður að rita *mier* og *sier*.¹²

Það kemur í sjálfu sér ekki á óvart að sjá þetta viðhorf svo glögglega hjá lærdómsmanni á sautjándu öld þegar andi fornmenntastefunnar hafði náð til Íslands. En hve langt aftur skyldi þessi hugsun ná? Beina heimild um málfarslegan gullaldartrega er að finna mun fyrir í íslenskum heimildum: í þremur dróttkvæðum vísum frá þrettándu öld stillir ónafngreint skáld saman orðum með *á* og *æ* annars vegar og *ó* og *ø* hins vegar og verður ekki annað séð en fyrir honum vaki að skýra aðgreiningu *æ*-hljóðanna. Vísurnar eru nokkuð brenglaðar þar sem þær standa í AM 242 fol (Wormsbók) og líklegt að einhvers staðar í varðveislusögunni hafi skrifari ekki fyllilega skilið þær. Þær eru prentaðar hjá Birni M. Ólsen 1884:133–34, 265–70, Finni Jónssyni 1912–15

¹¹ Það sem hér er nefnt „viðurkennt mál“ er viðmið sem orðið hefur til á löngum tíma. Kristján Árnason (væntanlegt) hefur fært að því rök að íslenskt ritmál byggist á viðmiði sem er mun eldra en ritmálið sjálft og eigi sér langa sögu í „munnlegum bókmenntum“.

¹² „Omnes antiqvæ membranæ constanter absqve spurio hoc *i* Boreali tales voces omnes scriptas referunt, nihil est aliud *mier sier* qvam prava consuetudo“ (Jakob Benediktsson 1948:131, 134; leturbreytingar hér).

2A:215–17, 2B:233–34 og E.A. Kock 1946–49 2:121 og nú síðast hefur Jón Helgason (1970) skýrt þær rækilega.

- | | |
|---|---|
| <p>1. Því veldr ár at ærir
 akr búmanna spakra.
 Æra verðr með árum
 undan dólga fundi.
 Ræða gengr at* ráða
 runa systir* oflystug*.
 Órar dregr at órum
 ýtum skemmða flýtir.</p> | <p>Gott ár veldur því að akkrar viturra bú-
 manna spretta. Róa verður með árum
 til að forðast fjandmenn. Eðlunarfús
 (ræða lo.) gengur gyltan (runa systir)
 áköf til galtarins (ráða). Djöfullinn
 (skemmða flýtir) dregur órar (kvk.
 ft.) að ærum mönnum.</p> |
| <p>2. Óli telz þat'r ólu
 ósnotran mann gotnar.
 Ælir vatn þar* álar
 allstrangir fram hallaz.
 Heitir lór* á lóru;
 læringar kenningar.
 Kallaz mór(r)* á Móri
 en mæring ef gjöf tæriz.</p> | <p>Það er bjálfi (óli hk.) er vaskir menn
 ólu óvitran mann. Vatn leggst í ála
 (það ælir) þar sem allstrangir álar
 renna fram. Sagt er að slóðaskapur
 (lór* hk.) sé á ónytjungi (lóru); kenn-
 ingar heita öðru nafni læringar. Það
 heitir mór sem er á Mæri, en mæring
 ef maður er sæmdur gjöf.</p> |
| <p>3. Hætta verðr á háttu*
 hótting* ef þöl rötti*.
 Ást er nær at nóra
 nú vær konan færi.
 Skeind tekr æðrin* óðaz;
 æðr deyr þá'r [sjó?] bræðir*.</p> | <p>Ef orðaskak með hótunum (hótting)
 hefur látið illindi (þöl) festa rætur
 verður að hætta á hverra háttu muni
 von. Nú eru fáar blíðar konur nálægar
 að unna mönnum (nóra ást). Sködduð
 tekur blóðæð að æðast (blóðið streym-
 ir úr henni); æðarfugl deyr þegar sjó
 leggur.</p> |

Skáldið hagar máli sínu þannig að í hendingum séu aðeins *á* og *æ* (*ár* : *ærir*, *æra* : *árum*, *ræða* : *ráða* og svo framvegis) eða *ó* og *ó* (*órar* : *órum*, *óli* : *ólu*, *lór* : *lóru* og svo framvegis) og mætti helst hugsa sér að þessi kveðskapur væri til þess ætlaður að brýna fyrir mönnum þörfina á aðgreiningu *æ* og *ó* og færa fram dæmi er sýni ólíkan uppruna þeirra. Jón Helgason (1970:208) gat sér þess til að höfundur vísanna hefði verið fæddur um 1200 og kveðið þær á efri árum. Þá hafa *æ* og *ó* verið tekin að falla saman í máli ungu kynslóðarinnar og

„fhaldskarli“ þessum hefur gramist það kæruleysi unga fólksins að halda hljóðunum ekki aðgreindum. Vísurnar eru síðan teknar upp í Fjórdú málfræðiritgerðina í anda málræktarhefðar miðalda (*enarratio poetarum*; sjá til dæmis Sverri Tómasson 1996:9–20) með þeim ummælum að „æ þikkir hvarvetna lýta mál, nema þar sem skynsemi má fyrir gjalda, at þau orð, sem þat stendr í, dreifaz af þeim orðum sem á stendr í ...“ (Björn M. Ólsen 1884:133–34 [stafsetning samræmd hér]).¹³

Niðurstaðan hlýtur þá að vera sú að þess sé ekki að vænta að nýlegar mál-breytingar birtist í rituðum málheimildum sem háðar eru þeim efnislegu og þjóðfélagslegu takmörkunum sem að framan voru nefndar. Þegar fyrstu merki þeirra birtast í heimildum af þessu tagi má búast við að málbreytingin hafi þegar náð mikilli útbreiðslu. Við höfum enn fremur séð heimildir um að málfarslegs gullaldartrega gætti í íslensku málsamfélagi á þrettánda og fjórtánda öld. Hinu er aftur enn ósvarað að hve miklu leyti íslenskar málheimildir á elsta skeiði eru háðar þeim takmörkunum sem hér hafa verið ræddar og hve mikil ítök „fhaldskarlar“ hafa haft í ritun þeirra.

6. Íslenskar málheimildir á elsta skeiði

Hyggjum þá að heimildum um íslenskt mál á elsta skeiði (sjá einkum yfirlit hjá Hreini Benediktssyni 1965:13–14, Ólafi Halldórssyni 1989:68 og Stefáni Karlssyni 1998):

Frá upphafi ritunar og fram til upphafs þrettánda aldar hafa varðveist brot úr rösklega tuttugu handritum. Þarna er mikið af prédikunum: brot úr Kirkjudagsmálum og prédikun á Mikjálsmessu í AM 237 a fol, íslenska hómilíubókin í Stokkhólmi (Sth perg 15 4to) sem er veglegt safn prédíkana á 102 blöðum og fjöldi smærri prédikanabroti í AM 673 a II 2 4to, AM 686 b 4to, AM 686 c 4to og AM 696 XXIV 4to. Þá höfum við frásagnir af helgum konum og körlum: brot úr Maríu sögu, Nikulás sögu, Silvesters sögu (tvö brot), Erasmus sögu og Basilíus sögu í AM 655 II–VI 4to og Plácítusdrápu í AM 673 b 4to. Þýðingar á ýmsu fræðilegu efni, ekki síst guðfræðilegu, er að finna á þessum elstu handritum: *Elucidarius* er á AM 674 a 4to, *Physiologus* á bæði AM 673

¹³ Samfall æ og ø hefur auðvitað ekki gengið yfir landið allt í einni svipan. Það hefur uglaust verið mállyskubundið einhverja hríð og þótt elstu merki um samfallið sé að finna í heimildum um miðja þrettánda öld er víst að aðgreining hljóðanna hefur lifað að minnsta kosti í sumum héruðum landsins fram á fjórtánda öld (og eflaust byrjað fyrir miðja þrettánda öld). „fhaldskarlinn“ hefur því mögulega verið yngri en Jón Helgason lætur í veðri vaka.

a I 4to og AM 673 a II 1 4to; brot úr Heims ósómum og Spakmælum Prospers á AM 677 4to A og prédikanir og viðræður Gregors páfa er að finna á AM 677 4to B. Þá höfum við tímatafsfræði í Rímbeqlu á GKS 1812 IV 4to. Veraldarsaga er á AM 655 VII 4to og AM 655 VIII 4to og brot úr Grágás hafa varðveist í AM 315 d og c fol. Frá þessu tímabili eru enn fremur elstu greinar Reykjaholtsmáldaga.

Þetta er nokkurt textamagn, ekki færri en 230 blöð, og á þeim eru hendur yfir þrjátíu skrifara. En skyldi málið á þessum elstu textum vera háð þeim efnislegu og þjóðfélagslegu takmörkunum sem ræddar voru hér að framan? Ekki verður komist hjá að svara því játandi. Þetta eru skrif lærðrar yfirstéttar og drjúgur hluti er þýddur úr latínu eða að minnsta kosti ritaður að erlendri fyrirmynd. Þekkt eru þau ummæli Jóns Helgasonar (1958:16) um málfar prédikananna á hómilíubókinni að óvída flói lindir íslensks máls tærari en á þeirri gömlu bók. Því verður ekki andæft hér, en hinu er vert að velta fyrir sér hve vel mál hómilíubókarinnar endurspeglar mál íslenskrar alþýðu á áratugunum í kringum 1200. Nokkrar líkur eru á að í máli leikra áheyrenda hafi mátt finna sitthvað það í hljóðafari og beygingum er ræðumanni þótti ekki boðlegt og ekki rataði á bækur fyrr en löngu síðar.¹⁴

Frá upphafi þrettánda aldar og fram á miðja þá öld er varðveitt meira af sams konar efni: brot úr prédikunum á AM 655 I 4to og AM 655 XXIII 4to, heilagra manna sögur á AM 645 4to B, brot úr Maríu sögu á AM 655 XIX 4to, tímatafsfræði á GKS 1812 III 4to og postulasögur á AM 645 4to A og B og AM 655 XII–XIII 4to. Þá höfum við einnig Jarleinabók Þorláks helga á AM 645 4to A og svo koma hér á þessu tímabili elstu varðveittu brot konungasagna með Ágripi á AM 325 II 4to og Elstu sögu Ólafs helga Haraldssonar á NRA 52. Frá þessum tíma er einnig bréfið AM dipl isl fasc LXV 1, skipan Sæmundar Ormssonar, sem er háð sömu takmörkunum sem málheimild og aðrir efnisflokkar hér.

¹⁴ Ræður þær sem finnast á þessum elstu handritum hafa ugglaustr verið lesnar yfir alþýðu manna en málsniðið hefur verið hátíðlegt og skort ýmis einkenni alþýðumáls. Til samanburðar má leiða hugann að ólíkum málsniðum í nútímanum: drjúgur hluti íslensku þjóðarinnar notar þágufall fremur en þolfall í frumlagssæti sagna á borð við *langa* og *vanta* en samt heyrum við slíka notkun ekki í hátíðarræðum fyrirmanna þjóðarinnar; þessi þágufallsnotkun hefur verið nefnd „þágufallssýki“ og þykir ekki til fyrirmyndar. Ekki hefur heldur borið á því að neinu marki að embættismenn í æðstu stöðum hafi verið „flámæltir“ eða „hljóðvilltir“ eins og það var líka kallað. Við sjáum ritað „gleðilegt sömar“ á póstkorti til gamals vinar eða í sendibréfi en harla ósennilegt er að þessa gæti að ráði í rituðum stólræðum presta á Austurlandi þar sem mest kvað að þessu máleinkenni.

Það er ekki fyrr en kemur fram á síðari hluta þrettánda aldar að við fáum elstu brot úr Íslendingasögum: brot úr Egils sögu á AM 162 A θ fol og AM 162 A ζ fol og úr Laxdæla sögu á AM 162 D 2 fol; frá um 1300 fáum við svo brot úr Heiðarvíga sögu á Sth perg 18 4to I. Þá bætist hér við efnisskrána elsta biskupasagnabrotið, AM 383 I 4to með Þorláks sögu helga, og einnig brot úr lækningabók, AM 655 XXX 4to. Annars eru eldri efnisflokkar áfram ríkjandi: postulasögur og prédikun á AM 655 XIV, XVII, XXI 4to, brot úr Maríu sögu á AM 656 II 4to, postulasögur á AM 652 4to og heilagra manna sögur, viðræður Gregors og postulasögur á AM 655 X, XV, XVI, XXII, XXVIII a 4to. Lög eru einnig fyrirferðarmikil: Grágás á AM 315 b fol, GKS 1157 fol (Konungsbók) og AM 279 a 4to B (Þingeyrabók), Grágás og Járnsíða á AM 334 fol (Staðarhólsbók) og Jónsbók á AM 134 4to. Guðrækilegt efni og lög eru þarna enn í fyrirrúmi og blaðfjöldi í þeim flokkum að minnsta kosti átjánfaldur blaðfjöldi Íslendingasagnabrotanna. Konungasagnahandritum fer nú fjölgandi: Lbs frg 82 eða Kringla, Ólafs saga helga á Sth perg 2 4to, AM 325 VII 4to, AM 325 XI 2 e 4to og AM 325 XI 2 m 4to, Sverris saga og Hákonar saga Sverrissonar á AM 325 VIII 4 b 4to og svo Morkinskinna, GKS 1009 fol. Þá er Jómsvíkinga saga á AM 291 4to og þýðing á Alexanders sögu í AM 655 XXIX 4to og AM 519 a 4to. Frá þriðja fjórðungi þrettánda aldar er elsti hluti Þingeyrabókar, AM 279 a 4to A (Skipti á Spákonuarmi), og frá miðjum síðari hluta aldarrinnar er svo Konungsbók eddukvæða, GKS 2365 4to.¹⁵

Þetta eru í heild verk rétt rösklega eitt hundrað skrifara, að tali Hreins Benediktssonar (1965:14), og efnisflokkarnir benda mjög sterklega til að þarna hafi alls staðar lærðir menn og kirkjunnar þjónar haldið um penna, enda er kirkjulegt og fræðilegt efni ríkjandi. Fæst af þessu er líklegt til að endurspegla alþýðumál þessa tíma.

Á fjórtánda öld stendur íslensk bókagerð hvað hæst, á þeim tíma eru handrit hvað flest og einnig var þá efnað til allra hinna stærstu skinnbóka er varðveist hafa (sbr. Jón Helgason 1958:12; Stefán Karlsson 1998:282). Frá fjórtánda öld eru því augljóslega mun ríkulegri málheimildir en frá tólfstu og þrettánda öld

¹⁵ AM 623 4to (postulasaga og heilagra manna sögur), sem áður var talið ritað um eða upp úr miðri þrettánda öld (sjá meðal annarra Hrein Benediktsson 1965:xxxvii) er nú talið frá miðjum fyrri hluta fjórtánda aldar (c1325) (sjá *ONP Registre*, bls. 457). Elsti hluti Þingeyrabókar, AM 279 a 4to A (Skipti á Spákonuarmi) var áður talinn frá fyrstu árum þrettánda aldar (sjá til dæmis Hrein Benediktsson 1965:xviii) en nú er hann talinn yngri, eða frá þriðja fjórðungi aldarrinnar (*ONP Registre*, bls. 449–50). Heiðarvíga sögu brotið á Sth perg 18 4to I var áður talið frá síðari hluta þrettánda aldar (Hreinn Benediktsson 1965:xxvi) en nú mun það tímasett til um 1300 (*ONP Registre*, bls. 475).

í skinnblöðum talið, en mikilvægara er þó að á þeirri öld tekur efnisflokkum að fjölga. Auðvitað er kirkjulegt efni áfram ríkjandi en konungasögur eru hér líka og nú tekur að fjölga verulega handritum Íslendingasagna, hér eru líka annálar og samtíðarsögur, frá þessum tíma eru enn fremur elstu fornbréfin og — það sem kannski skiptir mestu máli: á fjórtánda öld fáum við líka elstu handrit fornaldar- og riddarasagna og elstu rímuna. Lítum á nokkur dæmi frá síðari hluta fjórtánda aldar: á AM 657 c 4to eru Mikjál's saga, Maríu saga egifsku, Eiríks saga víðförla, Guðmundar saga biskups, á AM 344 a 4to er Örvar-Odds saga; Göngu-Hrólf's sögu er að finna á AM 567 XI α 4to og Sigurðar sögu þögla á AM 596 4to. Á AM 567 XVI 4to höfum við bæði Gibbons sögu og Konráð's sögu keisarasonar og á AM 335 4to eru bæði sögur og ævintýri: Sturlaugs saga starfsama, Samsons saga fagra, Drauma-Jón's saga, Gibbons saga, Af þremur kumpánum, Af þremur þjófum í Danmörku og Af rómverska dáranum.¹⁶

Hér er um að ræða viðbót við kirkjulegt og fræðilegt efni og ekki er fjarska líklegt að kirkjan og klausturhaldarar hafi í miklum mæli látið festa á skinn ævintýri Örvar-Odds og Göngu-Hrólf's. Hitt er mun líklegra, að þegar hér er komið sögu hafi fleiri fengist við þá þrifnaðarsýslu að skrifa bækur, menn sem hvorki voru vígðir né helgað höfðu sig klausturlífi. Og það sem ekki er hvað síst mikilvægt: til texta af þessu tagi eru ekki gerðar sömu kröfur um „viðurkennt mál“ og gerðar eru til stólræðna, frásagna af helgum mönnum eða fræðilegra texta. Takmarkanir þessara nýju texta sem málheimilda eru til muna minni; hér færumst við nær hinu daglega máli.

7. Skrifandi bændur

7.1 Fleiri skrifarar en áður

Ályktanir um bókagerð á þessum fyrstu öldum ritmáls á Íslandi eru vitaskuld dregnar af vitnisburði varðveittra bóka, en ekki er víst að þær segi alla söguna. Á það var drepið hér að framan að ritaðar heimildir væru einatt mjög háðar duttlungum örlaganna; það sem fært væri í letur endurspegladi ekki nema lítið brot af tungumálinu og tilviljun réði að miklu leyti hvað af því varðveittist. Hinu er ekki að leyna að bækur kirkjunnar hafa að öllum líkindum varðveist

¹⁶ Riddarasögur sækja auðvitað efni sitt að nokkru leyti til franskra riddara- og hetjukvæða, en útbreiðsla þeirra hefur þó ekki takmarkast við lærða yfirstétt eins og megnið af þýddu fræðilegu og kirkjulegu efni; þetta sést glögglega af fjölda bæði riddarasagnahandrita og rímna er byggjast á efni riddarasagna.

betur en brúksbækur almúgamanna, eins og Ólafur Halldórsson (1989:68) hefur bent á. Skortur á varðveittum skrifum kotkarla frá tólfu og þrettánda öld er því ekki fullkomin sönnun þess að þeir hafi ekki sýslað við bókagerð á þeim tíma. Málsagan verður þó ekki byggð á öðru en varðveittum handritum og því verður ekki hjá því komist að leggja mat á þær heimildir sem fyrir hendi eru.¹⁷

Fjórtaða öldin var öld glæsibóka; Skarðsbók Jónsbókar (AM 350 fol) og Flateyjarbók (GKS 1005 fol), svo einhverjar séu nefndar, bera vitni stórum hug og miklum efnum. Verkaupar voru ekki einvörðungu innlendir efnamenn á borð við Jón Hákonarson í Víðidalstungu, heldur voru líka skrifaðar bækur til útflutnings, eins og Stefán Karlsson (1978, 1979) hefur sýnt fram á með sannfærandi hætti. Markaðssvæðið var gjörvallt Atlantsveldi Noregskonungs og skrifararnir íslensku hafa verið atvinnumenn.

Fjórtaða öldin var líka öld skrifandi stórbænda. Akrafeðgar í Blönduhlíð í Skagafirði, Brynjólfur Bjarnarson bóndi og synir hans Benedikt og Björn, skrifuðu bækur og bréf undir lok aldarinnar. Hönd Brynjólfs er að finna á tveimur bréfum árið 1378, Benedikt sonur hans hefur líklega skrifað bréf 1385, 1391 og 1394. Skriftin á þessum bréfum er æði lík skriftinni á bæði Reykjarfjarðarbók Sturlungu, AM 122 b fol, og AM 62 fol sem á er Ólafs saga Tryggvasonar. Skiptar skoðanir hafa verið um fjölda handa og handaskipti á Reykjarfjarðarbók, en Stefán Karlsson (1970:120–30) hefur leitt að því getum að hún hafi verið skrifuð af einum manni á allöngum tíma, hugsanlega Birni Brynjólfssyni á Ökrum. Meint handaskipti á Reykjarfjarðarbók endurspeglar þá nokkur þróunarstig í skrift sama manns og, eins og Stefán (1970:130) bendir á, er þá líklega að skrifari, sem hefur haft í ýmis önnur horn að líta, hafi gert hana handa sjálfum sér eða húsbónda sínum, heldur en atvinnuskrifari hafi gert hana eftir pöntun.¹⁸

¹⁷ Vitaskuld er ekki líklegt að fátækir kotbændur hafi fengist við bókagerð að neinu marki og því er hér átt við efnaða bændur þegar rætt er um skrifandi menn úr þeirri stétt. Einar Ól. Sveinsson (1944:196–97) taldi að í lok tólfu aldar hefði allur þorri höfðingja og hinna gildari bænda verið læs og skrifandi og á þrettánda öld hefði ritlist verið orðin almenn meðal leikmanna. Ýmsum hefur þótt þetta ofmælt hjá Einari en líklegt verður að teljast í ljósi mikillar bókagerðar á fjórtanda öld að þá hafi lestrarkunnátta verið orðin nokkur meðal gildra bænda og hugsanlega eitthvað verið farin að teygja sig til þeirra efnaminni (sjá Stefán Karlsson 1970:131–40 og 1998:294–95, einnig Loft Guttormsson 1989:121–26).

¹⁸ Fleiri hafa fjallað um Reykjarfjarðarbók og handrit með skyldum höndum, svo sem Peter Foote (1990), Ólafur Halldórsson (1993) og Svanhildur Óskarsdóttir (2001:79–81 ásamt tilvísunum). Foote (1990:38–42) komst að þeirri niðurstöðu að tveir skrifarar hefðu staðið að ritun hennar; það breytir því ekki að hluti hennar hefur líklega verið skrifaður af sama manni á löngum tíma.

Meginþróunin virðist vera sú að á fjórtánda öld taka fleiri þjóðfélagshópar að fást við bókagerð. Gerð bóka til útflutnings hefur smám saman fjarað út á síðari hluta aldarinnar og lagst alveg af um aldamótin 1400, ef marka má varðveitt íslensk handrit í Noregi og vitnisburð „norvagisma“ í íslenskri stafsetningu, en þeir sjást vart í íslenskum handritum eftir 1400.¹⁹ Um leið og dregur úr glæsileika bókanna sjáum við að efnisflokkum fjölgar og breiðara úrval handrita hefur varðveist; líklegt verður að teljast að það gerist samfara því að fleiri halda á penna en áður og Akrafeðgar bera vitni vaxandi bókagerð í bændastétt á fjórtánda öld.

7.2 Fjölbreyttara mál en áður

Fjölbreyttari handritaforði frá fjórtánda öld gefur fjölbreyttari mynd af málinu en handrit tólftu og þrettánda aldar. Hér eru fleiri málsnið en áður og því fáum við breiðari þverskurð af málinu og fleiri málbrigði birtast. Ólíkir textar gætu því virst misgamlir ef ekki kæmu til önnur aldursgreiningarrök en tungumálið: prestur sem skrifar hátíðlega stólræðu á „viðurkenndu“ og „vönduðu“ máli er líklegur til að skrifa fornlegri texta en lítið skólagenginn jafnaldri hans úr bændastétt er á sama tíma skrifar upp Örvar-Odds sögu handa sjálfum sér og sínu fólki, jafnvel svo að út frá málinu gætum við hæglega ályktað að áratugir greindu þessi handrit að.²⁰

Ekki er ósennilegt að ríkulegri handritaforði fjórtánda aldar feli í sér texta frá fleiri mállýskusvæðum en áður var; aukin handritaframleiðsla skýrist auð-

¹⁹ Mikil umskipti verða í íslenskri bókagerð í kringum 1400 og kann plágan mikla 1402–4 að eiga einhvern þátt í þeim. Norsk áhrif hverfa snögglega úr íslenskri stafsetningu og bókagerð fær annað yfirbragð. Stefán Karlsson hefur rannsakað þetta manna best:

Norvagismene i islandsk ortografi forsvinder næsten som ved et trylleslag omkring 1400. Islandsk bogproduktion fortsætter på traditionel vis helt op til reformationen. Den er stor, men den elegance over håndværket som er så karakteristisk for det 14. århundredes bogproduktion er forsvundet. Nu skrev man kun til hjemmebrug og ikke længere for et helt kongerige (Stefán Karlsson 1979:13).

²⁰ Til að mynda er ívið fornlegra mál á AM 54 fol þar sem æfð og atvinnumannsleg hönd skrifar Ólafs sögu Tryggvasonar í tveggja dálka fólfóhandrit (Ólafur Halldórsson 2000:lxix–lxxxvi) en á AM 575 a 4to með Dínus sögu drambláta og Flóres sögu og Blankiflúr (Jónas Kristjánsson 1960:vii–xvi); enda þótt þau séu bæði tvö talin frá síðasta fjórðungi fjórtánda aldar (c1375–1400, *ONP Registre*). Þannig sjást til dæmis hvergi dæmi um stoðhljóð í 54 en þau eru nokkur í 575, í 54 er langoftast ritað ‘ua’ fyrir eldra *vá* en í 575 er alls staðar ritað ‘uo’ nema í smáorðinu *svá*; í 575 hefur langt *-r* styst í bakstöðu en ekki munu vera dæmi um slíkt í 54. Varasamt er þó að draga of miklar ályktanir af dæmi sem þessu þar sem óvissa ríkir um upprunaslóðir handrita og skekkjumörk við aldursgreiningu eru einhverjir áratugir.

vitað ekki einvörðungu af meiri afköstum á grónum menntasetrum heldur hafa nú fleiri sveitir en áður átt skrifandi menn. Í handritum frá fjórtánda öld er því væntanlega að finna fleiri mállýskubundin málbrigði en í eldri handritum. Þetta er mikils virði því að málbreytingar breiddust auðvitað ekki um landið allt í einni hendingu heldur hafa óhjákvæmilega verið mállýskumörk um lengri eða skemmri tíma. Þetta á eflaust sinn þátt í því að svo margar málbreytingar birtast fyrst á fjórtánda öld.

7.3 Áhrif forrita

Þegar kemur fram á síðari hluta fjórtánda aldar og einkum þó á fimmtánda og sextánda öld eru menn farnir að skrifa upp eftir handritum sem voru nokkuð komin til ára sinna. Það var því nokkur munur vegna miseldris á máli forrits og máli skrifarans og því hlýtur sú spurning að vakna hvaða áhrif mál forritsins hafði. Samanburður á sautjándu aldar uppskriftum og varðveittum forritum þeirra leiðir í ljós að skrifararnir eru trúir sínu máli hvað varðar þær hljóðbreytingar er átt hafa sér stað (Haraldur Bernharðsson 1999, einkum bls. 123–86). Þeir hika til að mynda ekki við að rita stoðhljóð fullum fetum þótt þess sjáist engin merki í forriti, þeir rita alls staðar *vo* eða *vó* þó að í forriti sé *vá*, þeir rita *-ð* (þ.e. 'd') og *-g* í áherslulítili bakstöðu þó að *-t* og *-k* sé ríkjandi í forritum. Þetta eru sem sagt allt hljóðbreytingar er gengið hafa yfir frá því að forrit var skrifað og þar til þeir skrifa sjálfir.

Öðru máli gegnir aftur um breytingar á beygingum. Þar er ýmsu fornu haldið til haga sem ekki hefur verið hluti af virku málkerfi skrifaranna. Þannig héldu sautjándu aldar skrifararnir gjarna fornri beygingu *ia*-stofna, *r*-endingu í nefnifalli *ið*-stofna, *u*-endingu í þolfalli fleirtölu *u*-stofna og gömlum fornafnamyndum, svo eitthvað sé nefnt. Þessar breytingar eru líka annars eðlis, þetta eru áhrifsbreytingar, þær virðast lengur að breiðast út en hljóðbreytingar.

Við höfum ekki rökstudda ástæðu til að ætla að vinnubrögð skrifara fyrr á öldum hafi í neinum grundvallaratriðum verið frábrugðin vinnubrögðum starfsbræðra þeirra á sautjándu öld, að minnsta kosti ekki þeirra er ekki fyrna mál sitt vísvitandi, eins og fyrir kemur á síðari hluta þeirrar aldar, eða beita fíllólógískri nákvæmni við uppskriftir eins og Jón Erlendsson í Villingaholti reyndi fyrstur manna, að því er virðist. Þegar handrit frá fjórtánda og fimmtánda öld eru höfð til vitnis um hljóðbreytingar á þeim tíma er því ekki við umtalsverðri skekkju að búast vegna gamals forrits. Öðru máli kann þó að gegna um beygingarkerfið.

7.4 Betri málheimildir en áður

Þegar öllu er saman haldið verður ekki annað séð en handrit frá fjórtánu öld séu betri málheimildir en handrit frá tólftu og þrettánu öld. Við sáum að handrit frá tólftu og þrettánu öld báru þess öll merki að vera skrif lærðrar og kirkjulegrar yfirstéttar, skrif þar sem krafist var „viðurkennds máls“. Þessi handrit eru því öðru fremur heimild um hið „viðurkennda mál“ og ekki er ólíklegt að þar hafi gætt áhrifa „fhaldskarla“ sem töluðu um málbreytingar með þvílíku orðbragði sem prestur myndi viðhafa um syndina, svo notuð séu orð Jóns Helgasonar (1970:206). Í fjórtánu aldar handritum hafa þær takmarkanir sem ræddar voru mun minna vægi: fleiri eru þá teknir að skrifa og textagerðirnar eru fleiri, hlutfall „viðurkennds máls“ þar sem vísitandi er sneitt fram hjá ýmsum málbrigðum minnkar og við fáum jafnframt innsýn í alþýðumál og því raunsannari mynd af málinu en við höfum áður fengið.

Spurningin er þá þessi: Getur það átt einhvern þátt í þeim fjölda málbreytinga sem koma fram í fjórtánu aldar málheimildum? Það sem gerist þegar fleiri taka að skrifa er væntanlega að viðmiðið („normið“) eða kröfurnar til hins „viðurkennda máls“ breytast og minnka — ritað mál er ekki í sama mæli og áður listgrein hinna fáu — og þessar hljóðbreytingar, sem við þessa fjölgun skrifandi manna verða hluti af viðmiðinu, taka að birtast í rituðum málheimildum. Með því er ekki sagt að allar þessar breytingar hafi átt sér stað á fjórtánu öld; það eina sem við getum í raun fullyrt — því að það er það sem við sjáum beinlínis — er að þessar hljóðbreytingar koma upp á yfirborðið á fjórtánu öld, við vitum ekki hve lengi þeim hefur verið haldið niðri vegna þess að þessi frávik voru ótæk að dómi þeirra er áður réðu mestu meðal skrifandi manna. Að þessu leyti verður ekki betur séð en málheimildir fjórtánu aldar séu „betri“ en málheimildir tólftu og þrettánu aldar; auðvitað hvergi fullkomnar, en betri vegna þess að við því má búast að minna sé skilið út undan.

8. Lokaorð

Meginatriðin í þessum vangaveltum má þá draga saman:

(1) Við mat á rituðum málheimildum verður að gera ráð fyrir að minnsta kosti tvenns konar takmörkunum: (i) vegna takmarkaðs efnis heimildanna og (ii) vegna takmarkaðs þjóðfélagshóps sem þær eru fulltrúar fyrir.

(2) Þar sem málheimildir eru háðar þessum takmörkunum þannig að þær eru fyrst og fremst viðhafnarskrif lærðrar yfirstéttar má búast við að í þeim sé

mjög rækilega fylgt „viðurkenndu máli“ þar sem vísitandi er sneitt fram hjá ýmsum málbrigðum.

(3) Á fjórtánu öld verður vart heldur fleiri hljóðbreytinga en á öldunum á undan. Hér er auðvitað ekki um það að ræða í öllum tilvikum að breytingarnar gangi allar yfir á fjórtánu öld, heldur finnast fyrstu merki þeirra á fjórtánu öld.

(4) Á fjórtánu öld eru málheimildir ríkulegri en áður í að minnsta kosti þrennu tilliti: (i) handrit eru fleiri, (ii) textategundir eru fleiri og (iii) skrifarar eru fleiri.

(5) Á fjórtánu öld eru málheimildir því betri en áður vegna þessa; áður nefndar takmarkanir eru minni. Fjórtánu aldar málheimildir endurspeglar því betur daglegt mál en málheimildir frá tólftu og þrettánu öld.

(6) Þetta kann að eiga þátt í því að við sjáum svo margar hljóðbreytingar á fjórtánu öld. Um leið og handritaframleiðsla eykst, fleiri taka að skrifa og efnið verður fjölbreytilegra fáum við heimildir um fleiri málsnið en áður og mál fleira fólks; og jafnframt meiri breidd málheimilda er ekki óeðlilegt að ýmis máleinkenni taki að skjóta upp kollinum er ekki höfðu áður komist á skinn. Ekki er þó þar með sagt að allar þessar hljóðbreytingar hafi átt sér stað á þeirri öld; það eina sem við getum fullyrt er að þá koma þær upp á yfirborðið í málheimildunum — þær kunna að vera gamlar fréttir.

RITASKRÁ

- Andersen, Henning. 1973. Abductive and Deductive Change. *Language* 49:755–93.
- Arngrímur Jónsson. 1985. *Crymogæa*. Þættir úr sögu Íslands. Jakob Benediktsson þýddi og samdi inngang og skýringar. Sögufélag, Reykjavík.
- Bandle, Oskar. 1956. *Die Sprache der Guðbrandsbiblía*. Orthographie und Laute, Formen. Bibliotheca Arnarnagæana 17. Ejnar Munksgaard, Copenhagen.
- Bandle, Oskar. 1973. *Die Gliederung des Nordgermanischen*. Beiträge zur nordischen Philologie 1. Helbing & Lichtenhahn, Basel.
- Björn Magnússon Ólsen (útg.). 1884. *Den tredje og fjerde grammatisk afhandling i Snorres Edda*. Tilligemed de grammatisk afhandlingers prolog og to andre tillæg. Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur (STUAGNL) 12, København.
- Björn K. Þórólfsson. 1925. *Um íslenskar orðmyndir á 14. og 15. öld og breytingar þeirra úr forn málinu*. Með viðauka um nýjungar í orðmyndum á 16. öld og síðar. Reykjavík [Rit um íslenska málfræði 2. Endurprentun Málvísindastofnunar Háskóla Íslands, Reykjavík, 1987.]
- Chomsky, Noam. 1986. *Knowledge of Language: Its Nature, Origin, and Use*. Praeger, Westport, Connecticut.
- Einar Ól. Sveinsson. 1944. Lestrarkunnátta Íslendinga í fornöld. *Skírnir* 118:173–97.

- Finnur Jónsson (útg.). 1912–16. *Den norsk-isländske skjaldedigtning* 1–2. København.
- Footo, Peter. 1990. *A Saga of St Peter the Apostle*. Perg. 4:o nr 19 in The Royal Library, Stockholm. Early Icelandic Manuscripts in Facsimile 19. Rosenkilde and Bagger, Copenhagen.
- Frosti F. Jóhannsson (ritstj.). 1989. *Íslensk þjóðmenning* 6. Munnmenntir og bókmenn-ing. Bókaútgáfan Þjóðsaga, Reykjavík.
- Halle, Morris. 1962. Phonology in Generative Grammar. *Word* 18:54–72.
- Haraldur Bernharðsson. 1999. *Málblöndun í sautjándu aldar uppskriftum íslenskra miðaldahandrita*. Málfræðirannsóknir 11. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Helgi Guðmundsson. 1977. Um ytri aðstæður íslenzkrar málþróunar. [Einar G. Pétursson og Jónas Kristjánsson (ritstj.):] *Sjötú ritgerðir helgaðar Jakobi Benediktssyni 20. júlí 1977*. Fyrri hluti, bls. 314–25. Rit 12. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.
- Hreinn Benediktsson. 1959. The Vowel System of Icelandic: A Survey of Its History. *Word* 15:282–312.
- Hreinn Benediktsson. 1962. Íslensk språk. *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder fra vikingetid til reformationstid* 7:486–493. Bókaverzlun Ísafoldar, Reykjavík.
- Hreinn Benediktsson. 1965. *Early Icelandic Script as Illustrated in Vernacular Texts from the Twelfth and Thirteenth Centuries*. Íslenzk handrit – Icelandic Manuscripts, series in folio 2. The Manuscript Institute of Iceland, Reykjavík.
- Hreinn Benediktsson. 1970. Aspects of Historical Phonology. Hreinn Benediktsson (ritstj.): *The Nordic Languages and Modern Linguistics* [1]:87–142. Proceedings of the International Conference of Nordic and General Linguistics, University of Iceland, July 6–11, 1969. Vísindafélag Íslendinga, Reykjavík.
- Hreinn Benediktsson (útg.). 1972. *The First Grammatical Treatise*. University of Iceland Publications in Linguistics 1. Institute of Nordic Linguistics, Reykjavík.
- Jakob Benediktsson (útg.). 1948. *Ole Worm's Correspondence with Icelanders*. Bibliotheca Arnarnagæna 7. Ejnar Munksgaard, Copenhagen.
- Jón Helgason. 1929. *Málið á Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar*. Safn Fræðafjellsins um Ísland og Íslendinga 7. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. [Rit um íslenska málfæði 4. Endurprentun Málvísindastofnunar Háskóla Íslands, Reykjavík, 1999.]
- Jón Helgason. 1958. *Handritaspjall*. Mál og menning, Reykjavík.
- Jón Helgason. 1970. Þriðji íhaldskarl. *Fróðskaparrit – Annales Societatis Scientiarum Færoensis* 18:206–226.
- Jónas Kristjánsson (útg.). 1960. *Dínus saga drambláta Riddarasögur* 1. Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Kjartan G. Ottósson. 1988. Den isländska språkhistoriens primärkällor och deras användning eller Är historisk lingvistik möjlig utan filologi? Jan Svensson (ritstj.): *Nordistiken som vetenskap*. Artiklar om ämnets historia, teorier och metoder, bls. 120–55. Studentlitteratur, Lund.
- Kjartan G. Ottósson. 1992. *The Icelandic middle voice*. The morphological and phonological development. Department of Scandinavian Languages, Lund University, Lund.
- Kock, Ernst A. (útg.). 1946–49. *Den norsk-isländska skaldediktningen* 1–2. C.W.K. Gleerups förlag, Lund.

- Kristján Árnason. 1990. *Conflicting Teleologies: Drift and Normalization in the History of Icelandic Phonology*. Henning Andersen and Konrad Koerner (ritstj.): *Historical Linguistics 1987*. Papers from the 8th International Conference on Historical Linguistics, bls. 21–36. John Benjamins Publishing Co., Amsterdam/Philadelphia.
- Kristján Árnason. (Væntanlegt.) *Upptök íslensks ritmáls*. [Væntanlegt í *Íslensku máli*.]
- Labov, William. 1994. *Principles of Linguistic Change 1: Internal Factors*. Blackwell, Oxford.
- Labov, William. 2001. *Principles of Linguistic Change 2: Social Factors*. Blackwell, Oxford.
- Lightfoot, David. 1999. *The Development of Language: Acquisition, Change, and Evolution*. Blackwell, Oxford.
- Loftur Guttormsson. 1989. Læsi. Frosti F. Jóhannesson (ritstj.): 117–44.
- Meillet, A. 1926. *Linguistique historique et linguistique générale*. Deuxième édition. La société de linguistique de Paris, Paris.
- McMahon, April M.S. 1994. *Understanding Language Change*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Moulton, William G. 1954. The Stops and Spirants of Early Germanic. *Language* 30: 1–42.
- ONP Registre: Ordbog over det norrøne prosasprog*. Registre. 1989. Den arnamagnæanske kommission, København.
- Ólafur Halldórsson. 1989. Skrifafar bækur. Frosti F. Jóhannesson (ritstj.): 55–89.
- Ólafur Halldórsson. 1993. *The Saga of King Olaf Tryggvason*. AM 62 fol. Early Icelandic Manuscripts in Facsimile 20. Rosenkilde and Bagger, Copenhagen.
- Ólafur Halldórsson. 2000. *Óláfs saga Tryggvasonar en mesta*. Tredje bind. Editiones Arnarnagnæanæ A3. C.A. Reitzels Forlag, København.
- Pinker, Steven. 1994. *The Language Instinct*. Harper Collins, New York.
- Stefán Karlsson. 1963. *Íslandske originaldiplomer indtil 1450*. Text. Editiones Arnarnagnæanæ A7. Munksgaard, København.
- Stefán Karlsson. 1970. Ritun Reykjarfjarðarbókar. *Excursus: Bókagerð bænda. Opuscula* 4: 120–140. Bibliotheca Arnarnagnæana 30. Munksgaard, København. [Endurprentun: Stefán Karlsson 2000: 310–29.]
- Stefán Karlsson. 1978. Om norvágismar í íslandske hándskrifer. *Maal og Minne 1978*: 87–101. [Endurprentun: Stefán Karlsson 2000: 173–87.]
- Stefán Karlsson. 1979. Íslandsk bogeksport til Norge í middelalderen. *Maal og Minne 1979*: 1–17. [Endurprentun: Stefán Karlsson 2000: 188–204.]
- Stefán Karlsson. 1982. Uppruni og ferill Helgastaðabókar. *Helgastaðabók – Nikulás saga*. Perg. 4to nr. 16, Konungsbókhöfðu í Stokkhólmi, bls. 42–89. Íslensk miðaldahandrit – Manuscripta Islandica medii aevi 2. Lögberg og Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.
- Stefán Karlsson. 1989. Tungan. Frosti F. Jóhannesson (ritstj.): 1–54. [Endurprentun: Stefán Karlsson 2000: 19–74.]
- Stefán Karlsson. 1993. Samanburður á færeysku og íslensku máli. Magnús Snædal og Turið Sigurðardóttir (ritstj.): *Frændafundur*. Fyrirlestrar frá íslensk-færeyskri ráðstefnu í Reykjavík 20.–21. ágúst 1992, bls. 20–31. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Stefán Karlsson. 1998. Íslensk bókagerð á miðöldum. Guðmundur J. Guðmundsson og Eiríkur K. Björnsson (ritstj.): *Íslenska söguþingið 28.–31. maí 1997*. Ráðstefnurit

- I, bls. 281–95. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Sagnfræðingafélag Íslands, Reykjavík. [Endurprentun: Stefán Karlsson 2000:225–41.]
- Stefán Karlsson. 1999. The Localisation and Dating of Medieval Icelandic Manuscripts. *Saga-Book* 25:138–58.
- Stefán Karlsson. 2000. *Stafkrókar*. Ritgerðir eftir Stefán Karlsson gefnar út í tilefni af sjötugsafmæli hans 2. desember 1998. Ritstjóri: Guðvarður Már Gunnlaugsson. Rit 49. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.
- Stefán Karlsson. 2002. The Development of Latin Script II: in Iceland. Oskar Bandle (main editor), Kurt Braunmüller, Ernst Håkon Jahr, Allan Karker, Hans-Peter Naumann & Ulf Teleman (ritstj.): *The Nordic Languages*. An International Handbook of the History of the North Germanic Languages I, bls 832–40. Walter de Gruyter, Berlin/New York.
- Svanhildur Óskarsdóttir. 2001. The Book of Judith. A Medieval Icelandic Translation. *Gripla* 11:79–124.
- Sverrir Tómasson. 1996. Nýsköpun eða endurteking? Íslensk skáldmennt og Snorra Edda fram til 1609. Sverrir Tómasson (ritstj.): *Guðamjöldur og arnarleir*. Safn ritgerða um eddulist, bls. 1–64. Háskólaútgáfan, Reykjavík.

SUMMARY

This paper discusses the evidence provided by sources for the historical development of the Icelandic language. Section 2 briefly outlines four principal categories of linguistic sources available to the modern investigator. Of these, the orthography of medieval manuscripts is the most abundant and most accessible. Section 3 offers a brief overview of the phonological development of Icelandic from the twelfth century down to the eighteenth century, as witnessed by the orthography. It becomes apparent that in the fourteenth century there is a clear increase in the appearance of new sound changes. This, of course, calls for an explanation. What happened in the fourteenth century? Four possibilities are entertained in section 4, and it is suggested that the answer may be found partly within the sources themselves: the preserved texts and their varying ability to reflect the language at the time of their writing.


For the purpose of linguistic inquiry, the written documents handed down to us from medieval times come with limitations of at least two kinds, as discussed in section 5. On the one hand, there is a textual limitation in that a vast majority of the material committed to writing in this early period is of a highly formal nature, such as sermons, laws, or other learned texts. On the other hand there is a social limitation, since writing was largely confined to men (only very rarely women, it seems) of higher education. Language change typically appears as a deviation from a standard, and thus it tends to meet some resistance in the more formal kinds of writing. Consequently, linguistic sources with these limitations are not likely to reveal language change until long after it has begun, perhaps not until the change has itself become part of the standard language. A verse included in the so-called Fourth Grammatical Treatise shows that the concept of language standard or language preservation was known in Iceland in the thirteenth and fourteenth centuries.

Turning to the sources themselves, in section 6, we see that the manuscripts pre-

served from the earliest period of writing in Iceland, in the twelfth and thirteenth centuries, are predominantly learned writings. Most of these texts are of clerical provenance, such as homilies, lives of saints or lives of the apostles, but there is also legal and historical material. The fourteenth century, by contrast, brought not only a flourishing manuscript production, where the sheer number of preserved manuscript pages rises significantly from previous centuries, but also a clear change in the composition of the corpus of texts. From this period there are, in addition to the earlier categories, a growing number of manuscripts containing the sagas of Icelanders, contemporary sagas, as well the *fornaldarsögur* and sagas of chivalry—texts that are not likely to require as strict adherence to the language standard as the more formal types of literature that earlier dominated the corpus.

This suggests that the linguistic sources from the fourteenth century are not affected to the same degree by the aforementioned limitations as those from the twelfth and thirteenth centuries. This new freedom contributes to the increase in the appearance of new sound changes in the fourteenth century sources: a larger corpus representing a greater number of scribes and a broader selection of texts is likely to reflect the language of the time more accurately. The reduced importance of the formal language allows for the emergence of language features that earlier would have been filtered out.

Haraldur Bernharðsson
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands
Nýja-Garði við Sæmundargötu
101 Reykjavík
haraldr@hi.is



SVERRIR TÓMASSON

ER NÝJA TEXTAFRÆÐIN NÝ?

*Pankar um gamla fræðigrein**

I

PEGAR VEGUR samfélagslegrar bókmenntafræði var einna mestur á 8. áratug síðustu aldar, komu fram ný viðhorf, viðtökurannsóknir og túlkunarfræði (hermeneutisk greining) sem áttu eftir að hafa áhrif á textafræði. Sú fræðigreinin hafði reyndar að mestu orðið viðskila við nýjar stefnur í bókmenntafræðum. Viðtökurannsóknir reyna einkum að komast eftir því hvernig lesendur á ákveðnum tímum hafa brugðist við texta; eftir að höfundurinn hefur sent frá sér verkið er hann ekki lengur skapandi þess heldur lesandinn eða áheyrandinn, en túlkunarfræði reyna að brúa bil milli skilnings fortíðar og nútíðar, færa gamla texta nær lesendum nú á dögum og spyrja ýmissa áleitinna spurninga eins og t.d.: Er rétt fyrir okkur sem nú lifum að nota hugtök nútíma fræðigreina á forna texta? Væri ekki réttara að reyna að komast að skilningi á gömlum textum með því að grafast fyrir um aðferðir þeirra sem hann sömdu fyrir öndverðu? (sbr. Dronke 1974:13).

Textafræðilegar rannsóknir á fornislenskum bókmenntum hafa með örfáum undantekningum hvorki fært sér í nyt hermeneutískar aðferðir né reynt að grafast eftir viðtökum einstakra verka. Í könnun minni á Bandamanna sögu (1977) reyndi ég þó að sýna fram á að munur tveggja aðalgerðanna, Möðruvallabókar (AM 132 fol, frá miðri 14. öld) og Konungsbókar (GKS 2845 4to, frá öndverðri 15. öld), væri þess eðlis að gera þyrfti ráð fyrir að Konungsbók hefði verið umsamín fyrir nýjan áheyrendahóp og á skrifara þess handrits (eða forrits þess) yrði að líta sem skapandi afl, verkið í þeim búningi væri gert til að þóknast áheyrendum annars konar samfélags en því er speglaðist í gerð Möðruvallabókar sem ætti sennilega rætur sínar að rekja til síðustu áratuga 13. aldar. Með öðrum orðum sagt, ég hafði nálgast viðfangsefnið í anda viðtökurannsókna, — og unnið að nokkru leyti eftir aðferðum nýju textafræðinnar, en án þess að vita það.¹

* Grein þessi er unnin upp úr fyrirlestri fluttum í málstofu Stofnunar Árna Magnússonar 3. maí 2002.

¹ Líta má svo á að ritgerð Jóns Böðvarssonar, Munur eldri og yngri gerðar Þorláks sögu (1968), sé einnig angi af þessari rannsóknaraðferð.

II

En hvað er þá hin nýja textafræði og að hvaða leyti er hún frábrugðin eldri aðferðum? Á öndverðri 19. öld var sá maður uppi í Þýskalandi sem Karl Lachmann (1793–1851) hét. Hann vann sér það til frægðar að gefa út helstu miðaldaverk Þjóðverja, þar á meðal Niblungenklage (*Der Niblungen Not mit der Klage* 1826), og beitti þá þeirri aðferð við útgáfuna sem síðan er við hann kennd, enda þótt fleiri menn, og þar á meðal einn sem nákominn var Íslendingum á 19. öld, Johan Nicolai Madvig (1804–1886), prófessor í klassískum fræðum við háskólann í Kaupmannahöfn, ættu einnig töluverðan hlut að máli.² Aðferð Lachmanns við útgáfu texta eftir handritum var í stuttu máli sú að hann dró þau handrit saman í dilk sem hann taldi skyld, bæði þau sem hann taldi að hefðu gildi fyrir þann texta sem hann ætlaði að ganga frá til prentunar og þau sem hann taldi að hefðu ekki textagildi. Hann skipaði þeim síðan saman í ættarskrá, þar sem eitt var stofnrit; það var þá forfaðir eða formóðir allra handritanna, en milli þess og frumrits gat verið einn liður eða fleiri. Á grundvelli lesbrigðanna, þeirra sem sameiginleg voru einum flokki og þekktust ekki í öðrum, en fengu stuðning af þriðja flokki, taldi hann að unnt væri að endurgera stofnrit sem færi mjög nálægt frumritinu. Jón Helgason (1958:106–110) og Jakob Benediktsson (1981:19–37) hafa gert ágæta grein fyrir þessum aðferðum og verður ekki nánar um þær fjallað hér. Aftur á móti hefur mér vitanlega enginn þeirra ágætu fræðimanna sem lagt hafa okkur lið með útgáfum sínum á textum og hafa í meginatriðum fylgt aðferðum hans, gert fræðilega grein fyrir því hvers vegna þeir hafa valið aðferðina eða tíundað kosti hennar og galla. Saga norrænnar textafræði er því miður enn ósögð.

Í þessu viðfangi er rétt að víkja örfáum orðum að frönskum fræðimanni, Joseph Bédier (1864–1937), en segja má að hann hafi verið fyrstur til að gagnrýna aðferð Lachmanns enda þótt hann beindi spjótum sínum fremur að löndum sínum, Gaston Paris og Henri Quentin. Bédier taldi að með aðferðum Lachmanns væri ekki unnt að finna frumtexta og lagði því til að besti textinn yrði valinn ef um var að ræða mörg handrit og hann síðan gefinn út; enginn útgefandi á síðari öldum væri fær um að endurskapa bókmenntaverk fyrri alda; menn yrðu að láta sér nægja ófullkomna mynd þeirra verka sem væru ekki lengur til í frumriti. Og hvort sem texti handrits væri verk eins höfundar eða eftirrit, væri sá texti þó fulltrúi ákveðins tímabils.³

² Sjá um þetta efni Michael Lapidge 1994:56–57 og þar tilv. rit.

³ Ágæt greinargerð fyrir skoðunum Bédiers er eftir Mary B. Speer (1995:394–400).

Aðferð Bédiers er aðeins *val* byggt á *mati*, þar sem forsendurnar eru oftast nær smekkur útgefandans. Kostirnir við aðferð Lachmanns eru hins vegar þeir, að lesenda getur strax verið ljóst samband handrita af sama texta; hann á að geta séð um leið hvort útgefandinn hefur rétt fyrir sér í vali einstakra lesbrigða í textanum, sé um endurgerðan frumtexta eftir stofnriti að ræða. Þetta kostar að vísu að hann verður að kynna sér ættarskrá handritanna í inngangi og röksemdir útgefandans fyrir henni, — og það hefur reynst mörgum fræðimanninum fjötur um fót. Gallar aðferðarinnar eru hins vegar augljósir: upphaflegt verk sem útgefandinn hugðist sýna með því að endurgera stofnrit, verður að skoðast sem hugarfóstur hans, það verður aldrei annað en endurgerð, ekki frumgerð og síður en svo að unnt sé að tala um slíka smíði sem höfundarverk. Hugsunin á bak við slíka aðgerð á sér rætur í hugmyndaheimi 19. aldar þegar menn leituðust við að rekja saman líkt og ólíkt, og finna upprunann, hvort sem um var að ræða tungumál eða jurtategundir.

Aðferðir Lachmanns og Bédiers eiga einnig að bakhjarli hugmyndafræði 19. og 20. aldar um einingu textans; höfundarverk geti staðið eitt og óstutt, verið sígilt og sé óháð samfélagi því sem elur það af sér. Að þessu leyti eiga báðar aðferðirnar samleið með *nýrýninni*, þeirri bókmenntafræði 20. aldar, sem lítur helst ekki út fyrir sjálfan textann, lítur á hann sem eina afmarkaða sjálfstæða heild. Með aðferð Lachmanns er þó fremur reynt að sýna *langue* textans, þar sem Bédier reynir að fanga *parole* hans (sbr. Hult 1991:120–123). Og því má heldur ekki gleyma að þegar textafræðingur gefur út ritverk stendur hann í sömu sporum og bókmenntafræðingur; hann verður að velja og hafna — og síðast en ekki síst, útgáfa hans getur aldrei orðið annað en túlkun eða jafnvel þýðing ef hann færir textann frá einu tímabili tungumáls yfir á annað, jafnvel þótt um svo lítilfjórlegan mun sé að ræða og bilið milli forníslensku og nútímaritháttar eða á hinn bóginn ef hann færir texta miðaldahandrits í búning samræmdrar stafsetningar fornrr.⁴

III

Um leið og fræðimenn fóru að gefa gaum að því að bókmenntaverk yrði ekki skilið nema gerð væri grein fyrir því samfélagi sem það er sprottið úr, fóru menn að efast um aðferðir Lachmanns og Bédiers. Um þær efasemdir

⁴ Með túlkun á ég einnig við minniháttar lagfæringar við færslu textans frá handriti yfir á prentað mál, eins og þegar leyst er upp úr böndum, stöfum eins og / er breytt í s o.s.frv.

sem fram komu einkum í lok 8. áratugs 20. aldar og þeim 9. hafa menn notað nafnið, *nýja textafræðin*, en margt af því sem þar kemur fram á sér eldri rætur.⁵

Hin svokallaða nýja textafræði byggir að nokkru leyti á kenningum franska bókmenntafræðingsins Rolands Barthes um hlutverk lesandans eftir að höfundurinn hefur skilið við; hann deyr um leið og verkið kemst á legg, lesendurnir halda því síðan á lífi og það mótast áfram í huga þeirra — og ef til vill síðar í endursögn eða einhvers konar annarri miðlun. Þetta veldur því að texti (bók eða handrit) er *síbreytileg* stærð. Höfundurinn er að álitum Barthes löngu dauður, hann er orðinn hugtak sem einkum gagnrýnendur notaast við, einhvers konar fortíð í bókmenntasögum. Hugtakið skýrgreinir Barthes svo:

Höfundurinn er nútímafyrirbæri, afurð samfélags okkar að svo miklu leyti sem það uppgötvaði orðstír einstaklingsins, þess sem á hátíðlegra máli kallast „manneskjan“, er kom fram undir lok miðalda með enskri raunhyggju, franskrri rökhyggju og persónulegri trú siðaskiptanna. Það er því rökrétt að í bókmenntum sé það pósitívisminn, meginkjarni og hápunktur kaptítalískrar hugmyndafræði, sem hefur lagt mesta áherslu á „persónu“ höfundarins (Barthes 1991:174).

Að flestu leyti hygg ég að taka megí gildar skoðanir Barthes um endursköpun lesandans á ákveðnu verki, en hugmyndir hans um höfundinn og þátt hans í verkinu eru um of byggðar á athugunum bíógrafískrar bókmenntagreiningar á hlutverki hins svokallaða höfundar og hvernig kalla megí fram persónu hans með lestri á verkinu. Og þó að fallist væri á skoðanir hans um þessi efni, þá vaknar enn sú spurning, hvort þær eigi ekki eingöngu við nútímaverk; önnur lögmál gildi um verk sem sett voru saman á miðöldum. Kemur þá aftur að því sem ég varpaði fram hér fyrr, hvort rétt væri að leggja miðaldaverk undir ok nútímabókmenntafræði. Þetta hafa fræðimenn séð og mun ég nú lítils háttar fjalla um það efni.

⁵ Nafnið á rætur sínar að rekja til nokkurra greina sem birtust í tímaritinu *Speculum* 65 (1990) eftir Stephen G. Nichols, Gabrielle M. Spiegel og Lee Patterson. Peter A. Jorgensen (1993) og Kirsten Wolf (1993) hafa aðeins minnst á þessa rannsóknaradferð en án þess að fjalla um bókmenntalegar forsendur hennar. Kirsten Wolf telur og að Evelyn Scherabon Firchow og Kaaren Grimstad hafi orðið fyrstar meðal þeirra sem fást við norræn fræði til að beita þessari aðferð í útgáfu sinni á *Elucidarius* (1989), en það er ekki rétt. Í höfuðatriðum var stuðst við þessa rannsóknarhefð í útgáfum *Íslendinga sagna I–II* (1985–1986) og í *Sturlungu* (1988).

Enski fræðimaðurinn A. J. Minnis gaf út árið 1984 bókina *Medieval Theory of Authorship* (2. útg. 1988). Eins og nafnið bendir til ræðir hann þar um helstu kenningar sem miðaldamenn höfðu um höfund, höfundarferil og höfundarverk. Hann takmarkar verk sitt við tímabilið 1100–1400 en fer að vísu fram og aftur í tíma. Bók hans fjallar nær eingöngu um verk sem samin eru á latínu, að mestu leyti á sama svæði, Bretlandseyjum, Frakklandi eða Ítalíu. Hann ræðir hvorki um verk samin í Pýskalandi eða á útjöðrum Evrópu. Enn fremur er sá hængur á bók hans að hann hefur nær eingöngu unnið upp úr formálum höfunda er styðjast við rökfræðilega aðferð skólastíkurinnar og hafa þess vegna fastmótaðar hugmyndir um það sem hver bók ætti að geyma. Formálar þessir eru upphaflega byggðir á spurningunum *circumstantiae* í mælskufræði en eru nánar færðir út eftir rökhyggju Aristótelesar. Slíkir formálar sem eingöngu byggjast á þessum spurningum eru ekki til í norrænum ritum. Aðferðin kemur reyndar fram, m.a. í formála Heimskringlu, en í mjög knöppu formi (*persona, locus, tempus*). Gæta verður þess og að margar bókmenntagreinar á miðöldum láta skólastík, aðferðir hennar og hugmyndir eiga sig — fræðigreinin á einkum heima í skólum og lærdómssetrum. Minnis bendir hins vegar á að einmitt á þeim stöðum komi fram hugmyndir sem síðar skjóta rótum meðal þeirra er skrifa á þjóðtungunum.

Kjarninn í bók Minnis snýst um hugtakið *auctor* og annað nafnorð því tengt, *auctoritas*. Eins og vel er þekkt, þá merkir orðið á miðöldum alls ekki höfund í nútíma skilningi heldur er það sérstaklega haft um ‘óbilugan heimildarmann’, og *auctoritas* þá ‘óbiluga heimild’. Minnis rekur síðan í löngu máli hvernig orðið fer að merkja ákveðinn texta og þann sem upphaflega skrifaði hann og loks undir lok 14. aldar fær það þá merkingu sem það hefur nú í mörgum evrópskum tungumálum, og tákna þá persónuna sem samdi textann.

Ljóst er af þeim verkum sem Minnis vitnar í, að menn hafa snemma tekið að greina ákveðna verkþætti við bókagerð. Hann tekur sem dæmi lítinn póst eftir betlimunkinn Bonaventura sem fæddur er 1217 eða 1218 og deyr 1274. Þegar árið 1975 hafði Malcolm Parkes rætt rækilega um hugmyndir hans þegar hann fjallaði um hugtökin *nidurröðun* (‘ordo’) og *compilatio* í handritum miðalda (Parkes 1991:56–59). Bonaventura vinnur mjög í aristótélískum anda og höfuðverk hans eru athugasemdir um sentensúr (*Questiones disputatae de scientia Christi, Breviloquium*). Hann greinir bókagerð svo í formála fyrstu bókar sinnar um sentensúr Petrus Lombardi (1095–1160):

... quadruplex est modus faciendi librum. Aliquis enim scribit aliena, nihil addendo vel mutando; et iste mere dicitur scriptor. Aliquis scribit aliena addendo, sed non de suo; et iste compilator dicitur. Aliquis scribit et aliena et sua, sed aliena tamquam principalia, et sua tamquam annexa ad evidentiam; et iste dicitur commentator non auctor. Aliquis scribit et sua et aliena, sed sua tamquam principalia, aliena tamquam annexa ad confirmationem et debet dici auctor (Bonaventura 1882–1902 I:14.2).⁶

Eins og sjá má, er munurinn milli *höfundar* ('auctor') og *ritstjóra* ('commentator') óljós, en hin hlutverkin eru greinilega afmörkuð. Augljóst er einnig að *auctores* Bonaventura eru lærdómsmenn miðalda sem telja verður óbilugar heimildir, einkum við túlkun biblíunnar. Af þessum skrifum má sjá að miðaldamenn hafa hugsað sér að einhver væri sá sem unnið hefði verkið. Um skáld eða rithöfund í nútíma skilningi er ekki rætt, og hér er eingöngu átt við lærdómsiðju og ekki eiginlega sjálfstæða sköpun, ritstörf.

Athugasemdir Minnis um iðju skólaspekinga hafa meðfram kenningum Barthes orðið til þess að fræðimenn hafa tekið að vega textafræði miðaldaverka á nýrri vog. Þeir hafa m.a. spurt hvort eðlilegt sé að gera ráð fyrir frumtexta, verkþættir margra manna grípi hver inn í annan og greinarmunur sé ekki gerður á vinnu og sköpun, og í mörgum tilfellum verði að endurmeta þá vinnu sem fræðimenn hafi hingað til eignað skrifurum; þeir séu alls ekki ósjálfstæðir þjónar sem einatt skrifi beint upp eftir annarra manna verkum.

Þegar ég tala um fræðimenn, þá á ég við erlenda fræðimenn einkum þá sem hafa fengist við miðháþýskar eða miðenskar bókmenntir. Þeir sem hafa gefið út norræna texta hafa yfirleitt ekki reynt að skýra á hvern hátt þeir nálgast viðfangsefnið, þeir hafa tekið því sem sjálfsögðum hlut að lesendur áttuðu sig á meira en aldargamalli aðferð Karls Lachmanns — og reyndar líka leiðréttingum í anda Madvig.

⁶ ... bók er sett saman með fernum hætti. Sá sem skrifar efni annarra, bætir engu við eða breytir, er eingöngu *skrifari* „SCRIPTOR“. Sá sem skrifar efni annarra, bætir við en engu frá eigin brjósti verður að kallast *safnandi* „COMPILATOR“. Sá sem bæði skrifar efni annarra manna og eigið efni í viðbót og aðalefnið er eftir aðra menn, en eigið efni er til að skýra verður að kallast *ritstjóri* „COMMENTATOR“ en ekki *höfundur* „AUCTOR“. Sá sem skrifar bæði eigin efni og annarra, en eigið efni er aðalefnið og annarra efni er bætt við í því skyni að staðfesta eigið efni, verður að kallast *höfundur* „AUCTOR“ (þýð. greinarhöf. sbr. Parkes 1991:58, Minnis 1988:94).

IV

Áður en lengra er haldið er rétt að huga að því hvernig eða hvort íslenskir eða norskir menn á miðöldum hafi lagt eitthvað af mörkum til að skýra fyrir okkur verkþætti bókagerðar. Aðeins á örfáum stöðum má sjá að lagður er sá skilningur í, að einn maður hafi samið verkið. Fyrsta dæmið sem ég tek er úr Íslendingabók:

Íslendingabók gørða ek fyrst byskupum órum, Þorláki ok Katli, ok sýndak bæði þeim ok Sæmundi presti. En með því at þeim líkaði svá at hafa eða þar viðr auka, þá skrifaða ek þessa of et sama far, fyr útan áttartölu ok konunga ævi, ok jókk því es mér varð síðan kunnara ok nú es gerr sagt á þessi en á þeiri (*ÍF* I:3).

Ef tekið væri mið af skrifti Bonaventura, þá er ljóst að Ari gæti að vísu kallast *scriptor*. Hann nefnir sjálfan sig ekki á nafn í formálanum eins og algengast var formálum skólaspekinga, en með því að velja sagnorðið *gera*, þá virðist einsýnt að telja að hann hafi gert textann. Eftir þeirri mælistiku mætti reyndar kalla hann *commentator* þar sem hann notfærir sér verk eða frásögn annarra en lýsir líka atburðunum frá eigin sjónarhóli. Vafasamt er hvort kalla megi hann *auctor*, þó að fyrir komi að latneska orðið *auctor* sé þýtt með 'görfvari' (Sverrir Tómasson 1988:183) og sögnin að *gera* sé höfð um að 'skapa', sbr. þau orð sem höfð er um sköpun heimsins í lok Malcus sögu að guð „gerði í upphafi himin ok jörð“ (*Heilagra manna sögur* I:472).⁷ Mér þykir hins vegar einsýnt að það hafi verið ætlun Snorra að gera Ara að *auctor* og verk hans að *auctoritatem*, ef við á annað borð eignum honum formála Heimskringlu. Þar segir svo:

Á bók þessi lét ek rita fornar frásagnir um höfðingja þá, er ríki hafa haft á Norðrlöndum ok á danska tungu hafa mælt, svá sem ek hefi heyrt fróða menn segja, svá ok nokkurar kynslóðir þeira eptir því, sem mér hefir kennt verit, sumt þat, er finnsk í langfeðgatali, ... (*ÍF* XXVI:3).

Á sama hátt og í Íslendingabók hygg ég að glöggst megi hér sjá verkþættina: sá sem gert hefur, skrifar ekki textann upp, það hefur annar maður unnið, en eins

⁷ Stafsetning er samræmd í flestum tilvitnunum hér á eftir.

og heimildirnar eru taldar upp í formálanum, mætti e.t.v. með réttu kalla þann sem fyrirskipaði verkið *commentator*.

Hlutdeild manna í verki er ekki skýrar orðuð. Það kemur greinilega fram að oft hefur sami maður bæði samið verkið og skrifað en um eiginlega lýsingu á sköpunarferli er ekki ræða; skilin milli heimildarmanns og þess manns sem við mundum kalla höfund eru óglögg, en ljóst virðist að ákveðin verk eru eignuð ákveðnum mönnum. En hvernig ber þá að líta á hlutdeild skrifara? Kemur nokkurs staðar fram að þeir séu álitnir jafnokar þeirra sem við köllum höfund? Ég skal taka hér nokkur dæmi:

Hann ritaði bók ok orti um dýrlegt lífi hennar ... En svá líkaði sælli Marie sú bókargerð, at hon vitraðiz honum ok hafði bókina í hendi sér, ... (*Maríu saga*:78).

Í þessu dæmi úr þýddu verki kemur greinilega fram að sá maður sem skrifaði er einnig sá sem samdi. Annað dæmi hef ég tekið úr Augustinus sögu: „Ok því ritaði hann tvær bækur, þær er þess háttar titull er fyrir De recensione librorum, þat er sem bóka rannsakan eða réttung“ (*Heilagra manna sögur* I:145). Augustinus saga er reyndar náma af dæmum um bókagerð og nefni ég enn þetta dæmi af sömu bls.:

Heilagr byskup Augustinus lét til sín bera, ... bækur þær, er hann hafði dikta(t), at hann mætti þær glöggliga skynja ok rannsaka ok rétta, þar sem honum þótti þurfa, bæði þær er hann hafði í fyrstu diktat ... ok hvat sem hann þekkti sig annan veg diktat hafa eða ritat, en kristilig regla hefir ... færði hann þat í lag ok gerði rétt. ... Hann harmaði ok nøkkurar bækur frá sér teknar ok braut bornar af nøkkurum bræðrum, áðr en hann hefði þelat eða emendat ...

Í miðaldalatínu þýðir sögnin *dictare* ekki beinlínis að ‘semja’ heldur að ‘færa í stílinn’ en mér virðist af íslensku dæmunum sem ég hef um hana, þ.e. so. að *dikta*, að hún geti einmitt merkt hvorttveggja, það að ‘semja’ og einnig að ‘færa í stílinn’, sbr þessi sýnishorn úr Maríu sögu:

En ef nøkkurir ifa um þessa jartegn, segir sá er diktat hefir, ... (84–85).

ok stendr sú líkneskja enn með sama blóma, eptir því sem sá sagði, er diktat hefir Maríu jartegnir (115).

En í Magnúss sögu lengri er greinilegt að sögnin er í sömu merkingu og miðaldalatínu: „Meistari Roðbert, er sögu ins heilaga Magnúss jarls hefir samt ok diktat í látínu, byrjar svá Prologum sem hér má heyra“ (*ÍF XXXIV:336*). Þessi dæmi segja okkur lítið um sjálfstæða sköpun skrifarans, þau eru ekki til marks um það að hann hafi getað gripið inn í og bætt við frá eigin brjósti. En lítum nú á eftirfarandi pósta úr þekktum íslenskum verkum. Verður þá fyrst fyrir Jóns saga baptista eftir Grím Hólmsteinsson:

Vil ek nú biðjandi vera, at þér takið þenna samanlestr til skoðanar ok umbótar, eigi fyrir annat en þat er þér buðuð mér þetta at gera, ok mér sýndiz, sem þér séð sakir ástar ok góðvilja ok vísdóms á mannligar bókklistir ok guðligar röksemðir til þessa starfs øruggir, ... (*Postola sögur:850*).

Augljóst er af setningunum að Grímur vill að Runólfur ábóti Sigmundsson lagfæri eða betrubæti, en einnig má skilja orðin sem venjubundið skjall til ritbeiðanda. Athyglisvert er að starf sitt kallar Grímur *samanlestur*. Það gæti bent til þess að hann hafi einungis litið á sig sem *compiler* en í lýsingunni kann að vera fólgið tilgerðarlegt líttillæti; hann hafi þrátt fyrir allt verið *commentator*.

Í Sverris sögu standa þessi orð:

En vera kann þat ef þeir menn sjá þessa bók er allkunnigt er um, at þeim þykki skyndiliga yfir farit í mǫrgum stöðum ok mart þat eptir liggja er frásagnar myndi vert þykkja, ok megu þeir þat enn vel láta r[íta ef] þeir vilja (*Sverris saga:1*).

Ég hef tekið klausuna úr formála sögunnar í útgáfu Indrebøs frá árinu 1920 en hann gaf út textann eftir AM 327 4to. Sagan er þar varðveitt í sérstakri gerð og hefur efni umfram önnur handrit af sömu gerð. Eftirtektaerverð eru síðust orðin: *mart þat eptir liggja er frásagnar myndi vert þykkja, ok megu þeir þat enn vel láta r[íta ef] þeir vilja*. Í Sverris sögu Flateyjarbókar hefur skrifarinn þessi orð um hlutverk sitt:

Hér hefr upp at segja frá þeim tíðendum er gjörz hafa í þeira manna minnum sjálfra er þessa bók hafa í fyrstu saman sett ok eptir þeiri bók <er> ritaði Karl ábóti Jónsson með fullu vitorði sjálfs Sverris konungs ok hann fyrir sagði hve rita skyldi eðr hvernig setja skyldi, en eptir

þeiri bók skrifaði Styrmir prestur hinn fróði. En þessa Sverris sögu ritaði þar eftir þeiri bók Magnús prestur Þórhallsson. Má því eigi þetta mál í munni gengiz hafa (*Flateyjarbók* II:533).

Greinilegur munur er á sögunni í handritunum. Indrebø skipaði 327 með Skálholtsbók yngstu (AM 81 a fol) og Eirspennli (AM 47 fol), en taldi Flateyjarbókartextann (F) vera sér á báti. Hann taldi og að í Eirspennli væri sagan styttr. Lárus H. Blöndal var að mestu leyti sömu skoðunar og Indrebø. Hann benti og á að Flateyjarbókartextinn væri styttr og hugði að Magnús Þórhallsson hefði haft fyrir sér tvö handrit „annað með alla söguna, þ.e. forrit A (327), en hitt með fyrra hluta hennar aðeins (1.–100. kap.), þ.e. forrit F að þeim hluta“ (1982:53).

Nú er greinilegt af Flateyjarbókargerðinni að textinn þar hefur sætt breytingum og vaknar þá sú spurning, hvort Magnús Þórhallsson hafi bætt þar við eða breytt; ekki þarf annað en skoða formálann þar sem greinilega kemur fram önnur hugmyndafræði en í AM 327 4to og álitamál, hvort textabreytingarnar séu fengnar úr forriti eins og Lárus H. Blöndal hugsaði sér. Mér sýnist að illgerlegt sé að sýna fram á það og ætla verði að Magnús Þórhallsson hafi breytt textanum; hann megi telja ofar ritstjóra, e.t.v. mætti kalla hann túlkanda sögunnar um leið og hann skrifar hana upp.

Í Hungurvöku er orðalagið um umbætur með nokkrum öðrum hætti:

En þeim sýnisk mér þat bezt sóma er bæta vilja um þat er áðr þykkir hér ómerkilega sagt vera, ok þeir vitu annat sannara, heldr en þeir fœri þetta eða hafi at spotti, en vili eigi eða hafi eigi fong á um at bæta (*Byskupa sǫgur* I:74).

Á sams konar hugsun bólar og í Ólafs sögu Tryggvasonar eftir Odd Snorrason, umbóta sé þörf en því aðeins að frásögnin sé færð til sannara máls:

en kunna þökk þeim er um má bæta, en ef menn verða til at lasta en eigi um at bæta, ok kunni öngar sǫnnunar á sitt mál at fœra, at annat sé réttara, þá þykkir oss lítills verð þeira tillög ok ómerkilig ... (*Saga Ólafs Tryggvasonar*:2).

Við líkan tón kveður í Jóns sögu helga:

Biðjum vér alla þá, sem þessa frásögn heyra, at fyrir vörn ólistugan framburð ok ósnjallt orðatiltæki fyrirdjarfi þeir eigi svá háleitt efni,

sem vér munum fram flytja, heldr umbæti meðr ást ok elsku þar sem þeir sjá þess með þurfa (*Biskupa sögur* I:216).

Þessi þrjú síðustu dæmi hef ég valið hér sökum þess að þau eru angi af evrópskri rithefð, — eru mjög algeng ritklif. Þau hafa bæði af mér og öðrum verið túlkuð svo að þau sýni tilgerðarlegt lítillæti, sá sem skrifi þau láti sem á verki sínu séu gallar, en telji í raun að þeir séu engir (Sverrir Tómasson 1988: 155–163). Þetta má til sanns vegar færa, en á hinn bóginn má líka líta svo á að þeir sem lesið hafi klausurnar, hafi tekið mark á þeim og bætt við eða leiðrétt eins og lagt var til við þá.

Hér að framan hef ég reynt að tína til dæmi sem geta sýnt fram á að skrifiari hefði vel getað rjálað við textann; það megi ekki í öllum tilvikum álíta að hann sé ósjálfstæður uppskrifari líkt og fram kemur í klausu Bonaventura. Mér sýnist því einsýnt, að um leið og útgáfa á handritum þvífkra texta er gerð, að athuga verði leshættina ekki einungis með tilliti til flokkunar handrita eftir aðferð Lachmanns heldur verði að flokka út frá merkingu og mögulegu hugmyndafræðilegu samhengi.

V

Ég hef valið hér dæmi úr hagiógrafískum og pólitískum ritum sem sökum hlutverks síns í samfélagi miðalda taka oft efnislegum breytingum; þau eru með öðrum orðum *sibreytilegur texti* sem margir menn koma að og þess vegna mjög varhugavert að reyna að endurgera frumtexta. Útgefendur á 19. öld virðast hafa gert sér nokkra grein fyrir þessu. Ekki reynir Guðbrandur Vigfússon að endurgera Þorláks sögu eða Jóns sögu helga. Hann hefur líklega ekki treyst sér til að endurgera frumrit, hann hefur séð að munur gerðanna var svo mikill að hyggilegast væri að gefa þær út sérstakar. Hið sama gerir Unger oft. Nú er mér ekki ljóst hvort Guðbrandur eða Unger hafa þekkt eitthvað til hugmynda Lachmanns en það kæmi mér ekki á óvart að svo hafi verið. Reyndar virðist mér Jón Sigurðsson hafa kynnt sér þessi fræði en hann átti eins og Guðbrandur vini í Þýskalandi. Finnur Jónsson gerir einna fyrstur íslenskra manna tilraun til að gefa út eftir þessum aðferðum og mun ég nú víkja að vinnubrögðum hans og reyndar að annarri tegund af *sibreytilegum textum*: — skólabókum.

Í upphafi Snorra Eddu í Uppsalaabók standa þessi orð sem alltaf hafa verið tekin sem heimild um höfundinn:

Bók þessi heitir Edda. Hana hefir saman setta Snorri Sturluson eptir þeim hætti sem hér er skipat. Er fyrst frá ásum ok Ymi, þar næst Skáldskaparmál ok heiti margra hluta. Síðast Háttatal er Snorri hefir ort um Hákon konung ok Skúla hertuga (*Snorre Sturlasons Edda*:1).

Ekki er ljóst af þessum orðum hvort Snorri hafi gert alla bókina eða hvort hann hafi safnað hlutunum saman, hann sé með öðrum orðum *compiler* í skilningi Bonaventura, og sé þá aðeins höfundur Háttatals. Það er síður en svo ætlun mín að skera úr um þetta hér, en þegar lítið er á varðveislu Snorra Eddu kemur í ljós, að þessir þrír partar hafa ekki alltaf orðið samferða í handritum. Fyrir nokkrum árum, þegar ég var að kanna viðtökur skáldskaparmáls í kveðskap á seinni öldum, lék mér hugur á að vita hvort miðaldamenn eða útgefendur hefðu alltaf lítið á hana sem eitt verk. Ég athugaði helstu heimildir um verkið og rakst þar á eftirfarandi klausu úr *Íslandslýsingu* Odds Einarssonar:

Collecta enim sunt ab ipsis duo uolumina, quibus et præcepta et usus hujus poësis prolixè inculantur. Alterum eorum uocatur *Skaldæda*, quod de rebus poëticis tractet, alterum, nescio quali notatione, *Edda* dicitur (Oddur Einarsson 1928:85).⁸

Oddur talar hér annars vegar um Eddu og hins vegar um Skáldu og hnýtir því svo við að bækurnar hafi verið svo mikið lesnar að blöð þeirra hafi verið orðin slitin. Sú spurning hlýtur að vakna hvers vegna Oddur Einarsson skiptir Snorra Eddu svo. Og hversu gamalt er nafnið Skálda? Er það eldra en frá 16. öld? Það kemur einnig fyrir í bréfi hjá Arngrími Jónssyni (1952:316) í *Specimen Islandiæ historicum*, en Arngrímur átti, eins og kunnugt er, Wormsbók. Þegar dregur fram á 18. öld eru menn þó ekki vissir um þessa skiptingu. Í þýðingu Þorsteins Péturssonar á Staðarbakka á ummælum Páls Vídalíns um Magnús Ólafsson í Laufási segir svo:

að hans historíustíl dáist eg minna, sem þó er heppilegri í Eddu fabulum en það ósnotra gamla efni lætur til vænta; um hans mælskukonst vitnar huggunarbréf til síra Arngríms aftan við Apotriben Calumniarum ... Hann meina eg fyrst hafi skipt Snorra Eddu í tvo parta eftir ráðum

⁸ En þeir [þ.e. Íslendingar] settu saman tvö rit, þar sem mönnum eru í ýtarlegu máli kenndar reglur og venjur þessa skáldskapar. Annað þeirra er nefnt *Skálda* og fjallar um skáldskaparmál, en hitt er kallað *Edda*, og veit ég ekki hvað það heiti merkir (Oddur Einarsson 1971:157).

Síra Arngríms; þar áður hafi skáldakenningar allar verið samslengdar við fabúlurnar sem gáfu orsök til þeirra (Páll Vídalín 1985:94–95).

Niðurskipan efnis er ekki með sama hætti í aðalhandritum Snorra Eddu þó að segja megi reyndar að höfuðdrættimur séu þeir sömu. Í Konungsbók og Trektarbók er fyrst Prologus síðan Gylfaginning, Skáldskaparmál og loks Háttatal, en milli þess og Skáldskaparmála er skotið þulum. Í Wormsbók er röð efnis í upphafi eins, en málfræðiritgerðunum fjórum er skotið inn á milli Skáldskaparmála og Háttatals og fyrir þeim fer sérstakur formáli. Enn fleiri frávik eru á niðurröðun textans í Uppsalabók. Þar er, að því er virðist, alls óskyldu efni skotið inn í Skáldskaparmál á milli tilvísunar í Þórsdrápu í 36. kafla og upphafs hins 37., en á undan Háttatali fer Önnur málfræðiritgerðin. Hér við bætist að efni Skáldskaparmála er skipað niður á annan veg í þessum tveimur handritum en í Konungsbók og Trektarbók (Finnur Jónsson 1898:283–357). Í handritabrotunum, AM 748 I b 4to (A) og AM 757 a 4to (B) er ekki að sjá að Gylfaginning og Prologus hafi staðið, aðeins Skáldskaparmál; líklegt er að textinn hafi fyrir öndverðu verið fleygaður af málfræðiritgerðum enda er ritgerð Ólafs hvítaskálds fyrir framan þau í A (bl. 7r–14v) og þar reyndar enn fyrir framan (bl. 7r) brot úr ritgerð sem ég hef leyft mér að kalla Fimmtu málfræðiritgerðina (Sverrir Tómasson 1997:190–193).

Rannsóknir á handritum Snorra Eddu má rekja allt aftur til Jóns Grunnvíkings sem efnaði til útgáfu hennar. Rask sá reyndar um fyrstu fræðilegu útgáfu hennar í Stokkhólmi 1818 og vil ég vitna til formála hans hér:

Það er þá fyrst at Snorra-edda er augsjáanliga samantekin af mörgum rithöfundum. Hafi Snorri raunar átt nockurn þátt i henni þá þykir mér líkast, að hann hafi eptir sig látið nockurskonar uppkast af *Gylfaginningu*, enn ecki endzt til at gefa það út sjálfr. Þetta uppkast hefir þá flækt í ættinni, og hefir hvörr bætt við af sínum forða eðr af gömlum brotum án þess þó að nefna sig, svo að nú er nærri ómöguligt að greina ámilli þeirra, ... (Rask 1818:5).

Þessi orð eru skrifuð átta árum fyrir en Lachmann gefur fyrst út Niflunganaud. Svo er að sjá að aðalútgefendur Snorra Eddu fyrir Árnanevnd, Jón Sigurðsson og Sveinbjörn Egilsson, hafi gefið þessum orðum gaum, því að þeir hafa valið að prenta texta allra handrita og handritabrota nema Wormsbókar. Finnur Jónsson segir ástæðuna vera þá að þeir töldu texta hennar vera svo náskyldan Konungsbók að ónauðsynlegt hefði þótt að prenta hann (Finnur Jónsson 1924:i).

Ekki veit ég hvort Finnur fer rétt með og ef til vill er ástæðulaust að rengja hann. Hinu er ekki að leyndu að mér sýnist svo að þeir Sveinbjörn og Jón hafi gert sér grein fyrir því að verkið var kennslubók og enginn einn texti var fulltrúi fyrir upphaflegt verk. En eins og mönnum er kunnugt, þá vildi Finnur Jónsson ekki una þessu; hann, W. van Eeden og R. C. Boer gerðu hver með sínum hætti umfangsmiklar athuganir á handritunum sem segja má að hafi leitt til útgáfu Finns 1931. Hann beitir þar í aðalatriðum aðferð Lachmanns en segja verður honum til hróss að hann gefur Snorra Eddu ekki út eftir stofnriti, endurgerir textann ekki í samræmi við eigin ættarskrá handrita heldur leggur texta Konungsbókar til grundvallar með orðamun úr hinum handritunum. Hann er trúr þeirri vinnuaðferð sem hann lýsir í ævisögu sinni með þessum orðum:

Við útgáfur af sögum hef jeg fylgt þeirri reglu að fylgja sem næst einu og þá því elsta og besta, en aðeins leiðrjetta það eftir öðrum handritum, þar sem þau voru til; en að blanda saman textunum og búa til úr þeim aðaltexta, hef jeg álititð alveg rángt (1936:171).

Orð Finns eru vísbending um að hann hafi fylgst með í umræðu textafræðinga á öndverðri 20. öld, þekkt gagnrýni Bédiers á aðferðir Lachmanns. Annað mál er svo hvort við eigum að skilja orð Uppsalabókar eins og Rask.

Ég hef rakið þetta efni hér því að fyrri útgefendur norrænna texta hafa glögglega séð að aðferðafræði Lachmanns dugði ekki í öllum tilvikum. En þeir töldu sig ekki vera að gefa út eftir neinni nýrri textafræði.

VI

En nú vísur sögunni til Þýskalands. Árið 1996 kom út mikil bók um Niblungenklage eftir sagnafræðinginn Joachim Bumke. Hann réðist til atlögu við aldagamlar skoðanir á texta kvæðisins sem hann skipti síðan niður í fjórar gerðir, enda heitir bók hans *Die vier Fassungen der Niblungenklage*. Í stuttu máli sagt þá olli bókin miklu uppnámi meðal filólóga Þýskalands og einn kunnasti fræðimaður Þjóðverja, Werner Schröder skrifaði hvassyrta grein í *Mittellateinisches Jahrbuch* (1998) þar sem hann spurði hvort útgefendum miðháþýskra texta væri ekki óhætt að hætta öllu útgáfumstri, þar sem Bumke hefði varpað 150 ára vinnu þýskra textafræðinga fyrir róða. Schröder vék réttilega að öfgunum í málflutningi Bumke og benti á að hann hefði tekið of mikið mark á Bernard Cerquiglini (1989) sem hélt því fram að enginn væri höfundurinn á

miðöldum, hugtakið væri óþekkt; — sem sagt, það hefði ekki þurft að ganga út frá því sem vísu að hann væri dauður. Schröder (1998:171) tekur að vísu of djúpt í árinna þegar hann fullyrðir að Bumke og hans nótar hafi ætlað sér að kasta gömlu textafræðinni fyrir róða. Hin svokallaða nýja textafræði hvílir á gömlu textafræðinni, án þeirra rannsókna sem lúsiðnir filólógar hafa gert um tveggja alda skeið væri nýja textafræðin ekki til. Enga ályktun um gildi mismunandi gerða, sjálfstæði skrifara eða sköpunarkraft þeirra er unnt að draga án þess að á undan hafi farið nákvæm sundurliðun, greining og flokkun þeirra handrita sem koma við sögu. Við þá vinnu losnar enginn textafræðingur hvort sem hann ætlar að draga upp stemma í anda Lachmanns og endurgera stofnrit eða birta textann eftir því eða þeim handritum sem hann hyggur að hafi gildi. Í rauninni eru báðar aðferðir huglægar; þær haldast í hendur við huglæga bókmenntalega túlkun. Munurinn á aðferðunum er hins vegar sá, að sá sem fylgir nýrri aðferðinni gerir miklu viðameiri rannsóknir á því samfélagi sem textinn er sprottinn upp úr: hann kannar markað og hugsanlega áheyrendur og lesendur, útbreiðslu handrita og eigendur þeirra, leggur drög að flokkun leshátta eftir hugsanlegu hugmyndafræðilegu gildi, hvernig ritstjórn hefur verið háttáð eða hvar textinn stendur í handriti og með hvaða öðru efni. Í útgáfustörfum eru þetta allt sjálfsgæðir hlutir og stundum vikið að þeim í inngangsorðum útgefenda fornislenskra texta. Greinargerðir um samfélag og væntanlega viðtakendur textans á því tímabili sem handritið var skrifað mættu þó vera rækilegri og meira í anda hinnar gömlu filólógíu, sem gerði ráð fyrir að textafræðingar kynnu jafngóð skil á sögu, málfræði og bókmenntum.⁹ Og nú ætti mönnum að reynast auðveldara en fyrir að nálgast miðaldertexta út frá þeim lögmálum sem ríktu á miðöldum við samningu bókmennta; iðni gömlu filólóganna og rannsóknir reistar á verkum þeirra hefur skilað þeim árangri að slíkt er gerlegt í allflestum tilvikum.

Að lokum kem ég að spurningunni í titli greinarinnar: Er nýja textafræðin ný? Ég svara því neitandi. Aðferðin er gömul og hún hefur einatt verið stunduð meðfram aðferð Lachmanns og sporgöngumanna hans allt frá fyrri hluta 19. aldar. En þær efasemdir sem fram hafa komið um ágæti ættrakningar í hans stíl hafa orðið til þess að menn eru nú varkárari í leiðréttingum, og útgáfur eftir stofnriti, reistar á samanburði handrita, eru ekki jafnmikils metnar og áður.

⁹ Sbr. orð Jakobs Benediktssonar: „Textafræði (filólógía) í víðari skilningi fjallar um (eldri) texta, lestur þeirra og frágang öðrum til nota, skilning og skýringu á orðfæri þeirra, málfræðilega og efnislega“ (1981:19).

HEIMILDIR

- Armgrímur Jónsson. 1952. Specimen Islandiæ historicum. Opera latine conscripta III: 167–361. Útg. Jakob Benediktsson. *Bibliotheca Arnarnagæana* XI. Ejnar Munksgaard, København.
- Barthes, Roland. 1991. Dauði höfundarins. Þýð. Kristín Birgisdóttir og Kristín Viðarsdóttir. *Spor í bókmenntafræði 20. aldar*. Frá Shklovskíj til Foucault: 173–180. Ritstj. Garðar Baldvinsson, Kristín Birgisdóttir og Kristín Viðarsdóttir. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Biskupa sögur* I. Útg. Guðbrandur Vigfússon og Jón Sigurðsson. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn, 1858.
- Bonaventura. 1882–1902. *Opera omnia*. Quaracchi.
- Brewer, Charlotte. 1992. Introduction. *Crux and Controversy in Middle English Textual Criticism*: ix–xiv. Ritstj. A. J. Minnis & Charlotte Brewer. D. S. Brewer, Cambridge.
- Bumke, Joachim. 1996. *Die vier Fassungen der ‚Nibelungenklage‘*. Untersuchungen zur Überlieferungsgeschichte und Textkritik der höfischen Epik im 13. Jahrhundert. Walter de Gruyter, Berlin.
- Byskupa sögur* I. Útg. Jón Helgason. Det kongelige nordiske Oldskriftselskab. Ejnar Munksgaard, København, 1938. [= *Editiones Arnarnagæanæ* A 13,1.]
- Cerquiglini, Bernard. 1989. *Éloge de la variante*. Histoire critique de la philologie. Seuil, Paris.
- Dronke, Peter. 1974. *Fabula*. Explorations Into the Uses of Myth in Medieval Platonism. E. J. Brill, Leiden.
- Finnur Jónsson. 1898. Edda Snorra Sturlusonar, dens oprindelige form og sammensætning. *Aarbøger for Nordisk Oldkyndighed og Historie* 13:283–357.
- Finnur Jónsson (útg.). 1924. *Edda Snorra Sturlusonar*. Codex Wormianus. AM 242, fol. Kommissionen for det Arnarnagæanske Legat. Gyldendal, København.
- Finnur Jónsson (útg.). 1931. *Edda Snorra Sturlusonar udgivet efter håndskrifterne*. Kommissionen for det Arnarnagæanske Legat. Gyldendal, København.
- Finnur Jónsson. 1936. *Ævisaga Finns Jónssonar eftir sjálfan hann*. *Safn Fræðafjelagsins um Ísland og Íslendinga* X. Kaupmannahöfn.
- Flatleyjarbók* II. Útg. Guðbrandur Vigfússon og C. R. Unger. Christiania, 1862.
- Heilagra Manna sögur* I. Útg. C.R. Unger. Christiania, 1877.
- Hult, David F. 1991. Reading It Right. The Ideology of Text Editing. *The New Medievalism*: 113–130. Ritstj. Marina S. Brownlee, Kevin Brownlee & Stephen G. Nichols. The Johns Hopkins University Press, Baltimore.
- ÍFI = Íslendingabók. Útg. Jakob Benediktsson. *Íslensk fornrit* I. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík, 1968.
- ÍF XXVI = Heimskringla I. Útg. Bjarni Aðalbjarnarson. *Íslensk fornrit* XXVI. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík, 1941.
- ÍF XXXIV = Magnúss saga lengri. Útg. Finnboði Guðmundsson. *Íslensk fornrit* XXXIV. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík, 1965.
- Íslendinga sögur* I–II. Útg. Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson. Svart á hvítu, Reykjavík, 1985–1986.
- Jakob Benediktsson. 1981. Textafræði. *Mál og túlkun*. Safn ritgerða um mannleg fræði: 19–37. Ritstj. Páll Skúlason. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

- Jorgensen, Peter A. 1993. Producing the Best Text Edition. Herculan and Sisyphian. *Scandinavian Studies* 65(3):329–337.
- Jón Böðvarsson. 1968. Munur eldri og yngri gerðar Þorláks sögu. *Saga* 6:81–94.
- Jón Helgason. 1958. *Handritaspjall*. Mál og menning, Reykjavík.
- Lapidge, Michael. 1994. On the Emendation of Old English Texts. *The Editing of Old English*. Papers from the 1990 Manchester Conference:53–67. Ritstj. D. G. Scragg & Paul E. Szarmach. D. S. Brewer, Cambridge.
- Lárus H. Blöndal. 1982. *Um uppruna Sverrissögu*. Rit 21. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík.
- Machan, Tim William .1992. Middle English Text Production and Modern Textual Criticism. *Crux and Controversy in Middle English Textual Criticism*:1–18. Ritstj. A. J. Minnis & Charlotte Brewer. D. S. Brewer, Cambridge.
- Mariu saga* I. Útg. C. R. Unger. Christiania, 1871.
- Minnis, A. J. 1988. *Medieval Theory of Authorship*. Scholastic Literary Attitudes in the Later Middle Ages. Scolar Press, London.
- Moffat, Douglas (with Vincent P. McCarren). 1998. A Bibliographical Essay on Editing Methods and Authorial and Scribal Intention. *A Guide to Editing Middle English*:25–57. Ritstj. Vincent P. McCarren & Douglas Moffat. The University of Michigan Press, Ann Arbor.
- Nichols, Stephen G. 1990. Introduction. Philology in a Manuscript Culture. *Speculum* 65:1–10.
- Oddur Einarsson. 1928. *Qualiscunque descriptio Islandiae*. Útg. Fritz Burg. Selbstverlag der Staats- und Universitäts- Bibliothek, Hamburg.
- Oddur Einarsson. 1971. *Íslandslýsing*. Qualiscunque descriptio Islandiae. Sveinn Pálsson þýddi. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
- Ólafur Halldórsson. 1988. Tanker om tekstkritiske udgaver. *Tekstkritisk teori og praksis*. Ritstj. Bjarne Fidjestøl, Odd Einar Haugen, Magnus Rindal. Novus forlag, Oslo.
- Parkes, Malcolm B. 1975. The Influence of the Concepts of Ordinatio and Compilatio on the Development of the Book. *Medieval Learning and Literature*. Essays presented to R. W. Hunt:115–141. Ritstj. J. J. G. Alexander and M.T. Gibson. Oxford University Press, Oxford. [Endurpr. *Scribes, Scripts and Readers*. Studies in the Communication, Presentation and Dissemination of Medieval Texts:35–71. The Hambledon Press, London, 1991.]
- Patterson, Lee. 1990. On the Margin. Postmodernism, Ironic History, and Medieval Studies. *Speculum* 65:59–86.
- Páll Vídalín. 1985. *Recensus poetarum et scriptorum Islandorum hujus et superioris seculi*. Viðauki séra Þorsteins Péturssonar. I. Texti. Útg. Jón Samsonarson. Rit 29. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.
- Postola sögur*. Útg. C. R. Unger. Christiania, 1874.
- Rask, R. Kr. (útg.). 1818. *Snorra-Edda ásamt Skáldu og þar með fylgjandi ritgjörðum*. Stockhólmi.
- Saga Óláfs Tryggvasonar af Oddr Snorrason munk*. Útg. Finnur Jónsson. København, 1932.
- Schröder, Werner. 1998. Bumke contra Lachmann oder: wie die 'Neue Philologie' die mittelhochdeutschen Dichter enteignet. *Mittellateinisches Jahrbuch* 33:171–183.
- Snorre Sturlassons Edda*. Uppsala-handskriften DG 11. II. Útg. Anders Grape, Gottfrid Kallstenius & Olof Thorell. Almqvist & Wiksell, Uppsala, 1977.

- Speer, Mary B. 1995. Old French Literature. *Scholarly Editing. A Guide to Research*: 382–416. Ritstj. D. C. Greetham. The Modern Language Association of America, New York.
- Spiegel, Gabriella M. 1990. History, Historicism, and the Social Logic of the Text in the Middle Ages. *Speculum* 65:59–86.
- Sturlunga saga* I–II. *Skýringar og fræði*. Útg. Bergljót Kristjánsdóttir, Bragi Halldórsson, Gísli Sigurðsson, Guðrún Ása Grímsdóttir, Guðrún Ingólfssdóttir, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson (ritstj.). Svart á hvítu, Reykjavík, 1988.
- Sverrir Tómasson. 1977. Bandamanna saga og áheyrundur á 14. og 15. öld. *Skírnir* 151:97–117.
- Sverrir Tómasson. 1988. *Formálar íslenskra sagnaritara á miðöldum*. Rit 33. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík.
- Sverrir Tómasson. 1997. Skáldskapur og fræði fyrir stökk innan. *Frejas psalter*. En psalter i 40 afdelinger til brug for Jonna Louis-Jensen:190–192. Ritstj. Bergljót S. Kristjánsdóttir, Peter Springborg, Britta Orlík Frederiksen & Aðalsteinn Eyþórsson. Det arnamagnæanske Institut, København.
- Sverris saga etter Cod. AM 327 4º*. Útg. Gustav Indrebø. Den Norske Historiske Kildeskriftkommission, Kristiania, 1920.
- Wolf, Kirsten. 1993. Old Norse – New Philology. *Scandinavian Studies* 65(3):338–347.

SUMMARY

In this paper the writer discusses some features of the so-called New Philology. He explains how medieval Icelandic manuscripts try to distinguish between scribes, authors, compilers and commentators. In the opinion of the author it should be remembered that the so-called New Philology brings very little as a method to trained editors of Old Norse texts if they have been faithful to the principles of classical philology and if they have taken into account that each text should be put into its correct social and historical place.

Sverrir Tómasson
 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi
 Árnagardi við Sudurgötu
 101 Reykjavík
 sverrir@am.hi.is

MÁR JÓNSSON

FYRSTU LÍNUR Á BLAÐSÍÐUM SKINNHANDRITA: FYRIR OFAN EÐA NEÐAN EFSTA STRIK?

Manuscripts exhibit constant change not
only in script and decoration, but in all the
processes which go to make a book ...
Neil Ripley Ker 1960

1. Inngangur


ÚTLIT HANDRITA má rannsaka á ýmsa vegu og meðal áhugaverðra atriða er það hvernig blaðsíður eru settar upp. Það viðfangsefni heitir á frönsku *mise en page* en *layout* á ensku. Nú á dögum er mikil vinna lögð í vandaða uppsetningu prentaðra bóka, tímarita og dagblaða. Sérhæft starfsfólk stritar við það verk með stuðningi af forritum á borð við QuarkXPress. Ein uppsetning er betri en önnur, ein læsilegri en önnur, ein myndrænni en önnur, og þar fram eftir götum. Á miðöldum voru handrit sett upp af sömu kostgæfni og almennilegar bækur núna. Handritagerðarmenn vönduðu til verksins og hugsuðu fyrir öllu þegar bókfell var búið undir skrift. Opnur voru til að mynda hafðar með þeim hætti að sama hlið á skinni sneri fram, holdrosi eða hárahlið — það er svonefnd regla Gregorys. Áferð og litur voru þá eins á báðum blaðsíðum svo að augu lesenda skynjuðu opnuna sem þægilega heild. Þá voru spássíur hafðar rúmar svo að ekki yrði of þröngt um leturflötinn. Æskilegt þótti líka að hafa jafnmargar og jafnháar línur á hverri síðu eða því sem næst. Meðal mikilvægustu verkefna þeirra manna sem bjuggu til handrit var að merkja fyrir spássíum og línunum þannig að skrifari vissi hvar hann átti að stinga niður penna sínum og gæti haldið skriftinni beinni og reglulegri. Göt eða rifur voru þá gerð á spássíu (*foratura* á ítölsku), jafnmörg væntanlegum línunum til viðmiðunar við línustrikun (*rigatura*), ýmist með þurrum oddi (*a secco*) eða lit (*a colore*), yfirleitt þá með bleki (*a inchiostro*) eða blýi (*alla mina di piombo*). Þessar aðferðir gátu nýst saman í einu handriti, til dæmis þannig að dregið var fyrir línunum með oddi en fyrir spássíum með bleki (*técnica mista*). Hér verður einungis

hugað að láréttum strikum sem mörkuðu fyrir línunum: *rettrici* í fleirtölu en *rettrice* í eintölu (Maniaci 1998:147–155). Að þessum verkþætti loknum gat skrifari tekið til við að skrifa á blaðsíðurnar, en hvar nákvæmlega setti hann fyrsta bókstafinn, fyrsta orðið, fyrstu línuna?

2. Hugmyndin

Fyrir fjórum áratugum vakti enski handritafræðingurinn Neil R. Ker máls á því að á 13. öld hefði formskynjun skrifara í Englandi breyst í veigamiklu at-riði. Áður nýttu þeir efsta strik sem undirstöðu fyrir fyrstu línu skriftar, en smám saman varð línustrikin í heild að ramma sem skriftinni var komið fyrir í. Það þýddi að fyrsta lína skriftar var sett undir efsta strik. Hugtökin sem Ker notar eru „above top line“ um eldra fyrirkomulagið en „below top line“ um hið yngra. Í örstuttri grein getur hann sér til að hugmyndin um línustrikin sem ramma utan um skrift sé komin frá skrifurum sem unnu að Biblíuhandritum með skýringum (glósum), en þær umluku textann og voru með smærra lettri. Aðeins í slíkum handritum gætir þess að skrifað sé neðan við efsta strik fyrir lok 12. aldar, en var fátítt. Ker lýsir síðan tíu enskum handritum frá 13. öld og dregur þá ályktun af athugun sinni að atvinnuskrifarar hafi snemma á 13. öld tekið upp þann sið að skrifa fyrir neðan efsta strik, en áhugaskrifarar í vaxandi mæli fyrst eftir miðja öldina. Hann lýkur greininni á því að segja að nokkuð sé um handrit frá 15. öld þar sem skrifað er fyrir ofan efsta strik en telur það vera meðvitaða ákvörðun manna sem hermdu eftir mun eldri handritum (Ker 1960:16).

Mikið hefur verið vitnað til greinar Kers síðan hún birtist en minna gert af því að kanna hvort hann hafi haft á réttu að standa. Sjálfur tók hann fram neðanmáls að hann liti svo á að breytingin hefði orðið í allri Evrópu en að munur væri á löndum, án þess að lýsa því nánar. Belgíski handritafræðingurinn Jacques Lemaire hefur mótmælt þeirri fullyrðingu, sem hann segir að fái ekki staðist þótt hún sé áhugaverð sem slík: „Pour intéressante qu'elle soit, cette théorie ne résiste pas au contrôle de l'expérience“. Máli sínu til stuðnings vísar hann til þriggja handrita frá lokum 9. aldar til 12. aldar þar sem skrifað er undir efsta strik og annarra frá 14. og 15. öld þar sem þessu er öfugt farið (Lemaire 1989:163–164). Hollendingurinn J. P. Gumbert (2002) segir hins vegar í tölvuskeyti á Apilist að þetta sé einfaldlega rangt: „Mais c'est du non-sens. ... Les remarques de Lemaire sont simplement erronées.“ Gumbert kveðst þekkja handritin þrjú og staðhæfir að í tveimur þeirra sé yfirleitt skrifað



Mynd 1. Skyggðu svæðin sýna leturflötinn miðað við efsta strik. Myndirnar eru gerðar eftir mynd í Ornato og Maniaci 1997:464.

fyrir ofan efsta strik og aðeins í því þriðja megi líta svo á að á fáeinum stöðum sé skrifað undir efsta strik, en þær blaðsíður séu óvenjulegar í uppsetningu að öðru leyti og engan veginn hafandi til marks um vinnubrögð eða hugmyndir skrifarans almennt. Um yngri undantekningarnar segir Gumbert að þær auki aðeins dæmum við handrit sem Ker nefndi sjálfur, enda hafi ítalskir húanistar og sporgöngumenn þeirra norðan Alpafjalla tekið ýmislegt eftir ævafornum handritum, þar á meðal þetta, ekki síst þegar þeir skrifuðu léttskrift. Hann getur þess líka að á 14. og 15. öld komi fyrir að fyrsta línan sé hreinlega skrifuð ofan í efsta strikið.¹

Ítalski handritafræðingurinn Marco Palma tók meðal annars þetta atriði fyrir í erindi haustið 1987 og í tímaritsgrein ári síðar. Hann athugaði 95 ítölsk handrit frá 12. og 13. öld og komst að þeirri niðurstöðu að um miðja 13. öld hefði sú breyting orðið á Ítalíu sem Ker skrifaði um, nefnilega að skrifarar fóru að setja fyrstu línu fyrir neðan efsta strik (Palma 1988:124–125). Í tölvuskeyti á Apilist skýrði Elena Rodríguez Díaz (2002) við háskólann í Huelva á Spáni frá því að af 25 tímasettum handritum frá héruðunum León og

¹ Ég spurðist fyrir um rannsóknir á þessu atriði á Apilist (apilist@cnrs-orleans.fr), póstlista um handritafræði sem er rekinn á vegum Association paléographique internationale - culture, écriture, société (APICES) og Institut de recherche et d'histoire des textes (IRHT) í Orléans og París (sjá APICES). Gumbert svaraði því sem hér er tilgreint og að auki bárust gagnlegar ábendingar um lestrarefni frá Denis Muzerelle í París, Marilenu Maniaci í Montecassino og Consuelo Dutschke í New York.

Castilla á 13. öld væru fimm skrifuð fyrir ofan línu, öll frá fyrri helmingi aldarinnar. Ekkert dæmi er um slíkt frá 14. öld en fáein frá 15. öld. Segja má að hugmynd Kers um breytta formskynjun skrifara njóti nú almennrar viðurkenningar og má til dæmis sjá það af orðum handritafræðingsins Ezio Ornatos í nýlegu yfirlitsriti á þá leið að meðal þess merkasta sem þróaðist í handritagerð á 13. öld væri að farið var að skrifa fyrstu línu undir efsta strik: „l'abbasamento della scrittura al disotto della prima rettrice“ (2000:80). Athuganir Ornatos og Mariu Antoniettu Casagrande Mazzoli á ítölskum handritum frá 14. og 15. öld sýna líka að í níu af hverjum tíu handritum sem voru gerð í klaustrum á því tímabili var fyrsta lína skrifuð fyrir neðan efsta strik, en aftur á móti aðeins í rúmlega helmingi handrita sem unnin voru á vegum húmanista — að meðaltali 71 af hundraði. Athuguð voru 94 handrit af fyrri gerðinni en 133 af þeirri síðari (Busonero o.fl. 1999:238).² Þær takmörkuðu athuganir sem hafa verið gerðar til þessa styðja því hugmynd Kers. Við vitum ekki betur en að fram undir lok 12. aldar hafi almennt verið skrifað ofan á efstu línustrikun. Á 13. öld færðist skriftin niður fyrir strikið og var þar eitthvað fram á 15. öld að minnsta kosti. Eftir miðja 14. öld tóku ítalskir húmanistar upp eldri síði en nýjungin entist lengur í klaustrum.

Ekki liggur fyrir hvort eða hvernig íslensk og norsk handrit falla að þessu munstri. Þetta atriði hefur ekki vakið athygli fræðimanna, að minnsta kosti ef marka má innganga að ljósprentuðum útgáfum eða rannsóknir sem til að mynda stefna að því að aldursgreina handrit. Má nefna ummæli Christopher Sanders um Sth perg 7 fol: „Traces of dry-lining are often to be found“. Hann gefur dæmi um það en ræðir ekki afstöðu efsta striks til fyrstu línu skrifrar (2000:16). Við skoðun kemur í ljós að skrifað er undir efsta strik — sjá mynd af bl. 3v. Raunar er algengt í evrópskum handritafræðum, þrátt fyrir grein Kers, að lýst er nokkuð nákvæmlega aðferðum við línustrikun og síðan skriftinni sjálfri en ekki getið um það hvernig þetta tvennt tengist efst á blaðsíðum (Cohen-Muzlin 1983:17–18). Í því sem á eftir fer verða kynntar fyrstu niðurstöður um það atriði að því er lýtur að íslenskri og norski handritagerð.

² Um handritagerð ítalskra húmanista að þessu leyti, sjá Derolez 1984 I:83. Því miður eru engar tölur um þetta atriði gefnar upp í grein eftir Ezio Ornatos og Marilenu Maniaci (1997:463–65) þar sem rætt er af miklu kappi um það hvort miða beri mælingar á leturfleti við efstu línustrikun eða hæstu bókstafi. Einungis er sagt að ýmist sé skrifað undir eða yfir efsta strik í handritum frá 15. öld: „periodo nel quale le due opzioni „above“ e „below top line“ sono entrambe diffusamente rappresentate“.


3. Athuginin

Fyrir styrk sem ég fékk úthlutað úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og jafnframt forverkefnisstyrk frá Rannsóknaráði Íslands (sem hér með er þakkað fyrir!) unnu meistaranemarnir Drífa Kristín Prastardóttir og Karl Óskar Ólafsson ötullega að handritamælingum á Stofnun Árna Magnússonar í Reykjavík um sumar og haust árið 2001. Meðal þess sem þau gáfu gaur var hvort skrifað væri undir eða yfir efsta strik. Athuginin náði til 80 skinnhandrita. Magnús Lyngdal Magnússon, einnig meistaranemi, athugaði þetta atriði eitt og sér í 120 handritum til viðbótar á Det arnamagnænske institut í Kaupmannahöfn vorið 2002. Handrit voru skoðuð en ekki ljósmyndir. Samanlagt eru þetta 200 handrit og sést skipting á aldir í töflu 1. Í úrtakinu eru 29 norsk handrit, svo sem til samanburðar, 25 þeirra með landslögum Magnúsar konungs Hákonarsonar frá 1274. Aldursákvörðun handrita fram um miðja 16. öld miðast við skrá Orðabókar Árnaneftndar í Kaupmannahöfn (*Ordbog*:432–494). Um handrit frá síðari hluta 16. aldar er byggt á viðteknum handritaskrá. Í lok greinarinnar er skrá yfir handritin sem voru athuguð. Niðurstöður urðu nokkuð flóknari en ég bjóst við.

Tafla 1. Aldursdreifing og uppruni handrita í úrtaki.

Aldir	Íslensk	Norsk	Alls
1201–1300	18	8	26
1301–1400	71	19	90
1401–1500	50	2	52
1501–1600	32	0	32
<i>Samtals</i>	<i>171</i>	<i>29</i>	<i>200</i>

Línustrikun sést ekki alltaf vel í handritum og í mörgum mótar aðeins fyrir strikum á fáeinum blaðsíðum. Í allnokkrum íslenskum handritum sem voru skoðuð sjást hreint engin ummerki um aðferð, hvort sem það er vegna þess að strikin eru horfin eða að skrifað var beint á síðurnar — *in campo aperto* á ítölsku (Maniaci 1998:158). Í mörgum handritum er líka aðeins fyrir að fara götum eða rifum á spássíum en engin merki línustrikunar eru sjáanleg eða þau eru svo ógreinileg að vonlítið er að segja með vissu hver aðferðin er. Nákvæmari athuganir, til dæmis með smásjá, þarf til að ákvarða hvort líklegra sé að blek, blý eða þurr línustrikun hverfi fremur en önnur. Eins kemur til greina að göt og rifur hafi verið látin nægja sem viðmiðun fyrir augað, þótt ekki sé það líklegt. Loks er þess að geta að stundum er fleiri en einni aðferð beitt í einu handriti og er hér miðað við það sem meira er um.




Mynd 2. Handrit strikað með þurrum oddi og skrifað yfir efsta strik: AM 279 a 4to, 3r. Stafrænt handritasafn. <http://am.hi.is>. Ljóm. Jóhanna Ólafsdóttir.

Tafla 2. Aðferðir við línustrikun: fjöldi handrita.

Aðferð	Íslensk	Norsk	Alls
Blek	21	27	48
Blý	10	2	12
Oddur	53	0	53
Göt	52	0	52
Sést ekki	35	0	35
Samtals	171	29	200

Athygli vekur að meðal handrita sem eru strikuð með bleki er ríflega helmingurinn norskur og aðeins í tveimur norskum handritum er beitt annarri aðferð. Í íslenskum handritum á heildina litið var línustrikun með þurrum oddi algengasta aðferðin og jafnmikið er um að einungis sjáist göt eða rifur á spássíum, en engin strik. Næst kemur merking með bleki en blý rekur lestina. Ekki er unnt að skera úr um aðferð í 35 handritum, af ástæðum sem þegar er getið. Til samanburðar má geta þess að í ofangreindum ítölskum klausturhandritum frá 14. og 15. öld voru 65 af hundraði handrita línustrikuð með bleki og 32 af hundraði með blýi en þrjú af hundraði voru án ummerkja. Handrit húmanista gefa tölurnar 57 af hundraði með bleki, fjögur af hundraði með blýi og 39 af hundraði með þurrum oddi (Busonero o.fl. 1999:223). Þurr oddur var algengust aðferða í handritum í Evrópu á 9. og 10. öld, sem húmanistar síðan hermdu eftir eins og svo mörgu öðru. Íslensk handrit eru þar af leiðandi býsna langt frá venjulegum handritum úr evrópskum klaustrum og sama gildir þegar litið er



Mynd 3. Handrit strikað með þurrum oddi og skrifað undir efsta strik: AM 641 4to, 11v. Stafrænt handritasafn. <http://am.hi.is>. Ljósm. Jóhanna Ólafsdóttir.


til þess hvort fyrsta lína er skrifuð fyrir ofan eða neðan efsta strik, svo sem sjá má í töflu 3. Þar verða aðeins 19 handrit útundan vegna þess að í 16 handritanna í flokknum „Sést ekki“ í töflu 2 mótast fyrir strikum sem hægt er að taka mið af en ekki alveg víst hvernig voru unnin.

Tafla 3. Efsta lína miðað við línustrikun í hundraðshlutum.

Handrit	Undir	Yfir	Alls	Fjöldi
Íslensk	41	59	100	152
Norsk	62	38	100	29
Meðaltal	44	56	100	181

Þessar tölur vekja grun um að íslenskir og jafnvel norskir handritagerðarmenn hafi ekki verið hallir undir tískusveiflur erlendis frá. Nærri 60 af hundraði íslenskra handrita frá byrjun 13. aldar til loka 16. aldar eru skrifuð fyrir ofan efsta strik og næstum því 40 af hundraði norskra handrita. Aftur eru norsk handrit samt nær evrópskum viðmiðum og 17 af 29 eru skrifuð með þeim hætti sem á 14. öld var algengastur á Bretlandseyjum og meginlandi Evrópu, nefnilega línustrikuð með bleki og fyrsta lína skrifuð innan rammans. Norskir handritagerðarmenn fylgdust samkvæmt þessu nokkuð sémilega með en íslenskir miklu síður.

Í því sem fylgir verður aðeins rætt um íslensku handritin og má byrja á því að nefna að lítill sem enginn munur er á handritum með ólíkum ritverkum ef miðað er við grófa flokkun í lög, fræði og sögur. Til fræða teljast þá handrit




Mynd 4. Handrit strikað með bleki og skrifað undir efsta strik: AM 227 fol. 110v. Stafrænt handritasafn. <http://am.hi.is>. Ljósmynd Jóhanna Ólafsdóttir.

með Konungsskuggsjá, Elúsíðarúsi, heimsöldrum, guðfræði, annálum og því-umlíku, en sagnaflokkurinn tekur til Íslendingasagna, konungasagna, riddarasagna, fornaldarsagna, biskupasagna, heilagra manna sagna og postulasagna. Langflest lagahandritanna eru Jónsbók og kristinréttur Árna Þorlákssonar, en bæði Grágásarhandritin eru með (og Járnsíða í öðru þeirra). Undanskilin í töflunni eru sex handrit úrtaksins með kveðskap og fjögur með skjölum, en litúrgísk handrit voru vísvitandi ekki höfð með í úrtakinu í þessari umferð vegna ýmissa sérkenna í uppsetningu þeirra.

Tafla 4. Efsta lína miðað við línustrikun eftir innihaldi í hundradshlutum.

Tegund	Undir	Yfir	Alls	Fjöldi
Fræði	32	68	100	28
Lög	44	56	100	41
Sögur	45	55	100	77
Meðaltal	42	58	100	146

Næst má spyrja um íslensk handrit hvort tiltekin aðferð línustrikunar tengist því umfram aðrar að skrifað var undir eða yfir efsta strik. Ekki er munurinn mikill en þó má segja að blek til línustrikunar og skrift undir efsta strik fari saman, líkt og í Noregi. Það má kalla „nútfmalegustu“ aðferðina miðað við þróun mála á helstu menningarsvæðum í Evrópu á 13. og 14. öld. Örfá handrit voru strikuð með blýi og í langflestum þeirra er skrifað fyrir ofan efsta



Mynd 5. Handrit þar sem eru göt og skrifað undir: GKS 3268 4to, 12r. Stafrænt handritasafn. <http://am.hi.is>. Ljósmynd Jóhanna Ólafsdóttir.

strik. Á milli þessara öfgra er línustrikun með oddi og merking með götum (sem hugsanlega bendir til að í flestum tilvikum þegar einungis eru göt á spássíum hafi handritin verið línustrikuð með oddi en strikin síðan máðst af). Í báðum tilvikum eru handrit skrifuð yfir efsta strik eða efsta gat í meirihluta.

Tafla 5. Fyrsta lína skriftar miðað við línustrikunaraðferð í hundraðshlutum.

Aðferð	Undir	Yfir	Alls	Fjöldi
Blek	62	38	100	21
Blý	20	80	100	10
Göt	44	56	100	52
Oddur	36	64	100	53
Meðaltal	42	58	100	136

En urðu breytingar á tímabilinu sem hér er til athugunar og þar af leiðandi einhver framvinda í þessu atriði líkt og í Evrópu? Ef aðeins er litið á afstöðu skriftar til efsta striks má leggja tölurnar í töflu 6 út á þá leið að á 13. öld hafi íslenskir skrifarar hugsað og unnið á svipaðan hátt og skrifarar í Evrópu á 10. og 11. öld. Þeir skrifuðu fyrstu línu oftast nær yfir efsta strik. Á 14. öld gætir sömu þróunar og utanlands í því að hlutfall handrita þar sem skrifað er undir efsta strik nærri tvöfaldast og á við yfir 60 af hundraði handrita. Á 15. öld snerist þetta aftur við og hlutföll urðu þau sömu og á 13. öld. Á 16. öld hélt sú þróun áfram og næstum því níu af hverjum tíu handritum eru þá skrifuð yfir efsta striki.

Tafla 6. Fyrsta lína skrifar eftir öldum í hundraðshlutum.

Aldir	Undir	Yfir	Alls	Fjöldi
1201–1300	35	65	100	17
1301–1400	63	38	101	64
1401–1500	30	70	100	43
1501–1600	11	89	100	28
<i>Meðaltal</i>	<i>41</i>	<i>59</i>	<i>100</i>	<i>152</i>

Ef litið er til aldarhelminga, líkt og gert er í töflu 7, virðist sem þróun í átt til þess að skrifað var undir efsta strik eigi upphaf sitt á síðari hluta 13. aldar og að afturhvarf til skrifar yfir strik hefjist vart fyrir en um miðja 15. öld. Reyndar eru æði fá handrit til frá fyrri hluta 13. aldar og líka frá fyrri hluta 15. aldar, en vart verður því samt neitað að þetta er áhugaverðari niðurstaða en hin sem aðeins tekur til heilla alda. Hér verður þó að hafa nokkurn fyrirvara og rétt er að fara varlega í túlkun á þessum tölum vegna þess að aldursákvörðun skinnhandrita er ekki alltaf nógu nákvæm. Í þeim tilvikum að handriti er í *Ordbog* skipað niður á heila öld er það sett á síðari helming hennar hér í ljósi þess að tilhneiging síðustu áratugi hefur heldur verið að yngja handrit en að gera þau eldri.

Tafla 7. Fyrsta lína skrifar eftir aldarhelmingum í hundraðshlutum.

Tímabil	Undir	Yfir	Alls	Fjöldi
1201–1250	17	83	100	6
1251–1300	45	55	100	11
1301–1350	63	38	101	32
1351–1400	64	36	100	33
1401–1450	54	46	100	13
1451–1500	18	82	100	28
1501–1550	8	92	100	13
1551–1600	13	88	101	16
<i>Meðaltal</i>	<i>41</i>	<i>59</i>	<i>100</i>	<i>152</i>

Til útskýringar á þessari þróun kemur ýmislegt til greina, svo sem að breytingar á aðferðum við línustrikun hafi ráðið ferðinni. Athugun leiðir í ljós að það fær ekki staðist — sjá töflu 8. Notkun á blýi jókst reyndar verulega á 16. öld en handritin eru það fá að þau skipta ekki sköpum fyrir heildina. Línustrikun með oddi var ráðandi á 13. öld en hnignaði síðan líkt og víðast í Evrópu. Staða hennar styrktist aftur á 16. öld. Innan flokka var þróunin nokkurn veginn samstiga í þá átt á 15. og 16. öld að æ fleiri skrifarar byrjuðu fyrstu línu ofan við efsta strik og hurfu þar með frá því formskyni sem varð allsráðandi í Evrópu á 13. öld og náði nokkrum tókum á Íslandi og enn frekar í Noregi á 14. öld.

Tafla 8. Línustrikunaraðferðir eftir öldum í hundraðshlutum.

Aldir	Blek	Blý	Oddur	Göt	Alls	Fjöldi
1201–1300	7	0	67	27	101	15
1301–1400	19	5	38	38	100	58
1401–1500	14	6	23	57	100	35
1501–1600	14	18	46	21	99	28
<i>Meðaltal</i>	<i>15</i>	<i>7</i>	<i>39</i>	<i>38</i>	<i>99</i>	<i>136</i>

Önnur skýring gæti falist í þróun dálkaskipunar í íslenskum handritum. Miðað við úrtakið er greinilegt að handrit í tveimur dálkum, að jafnaði stærri og veglegri en hin, áttu sitt blómaskeið hérlendis á 13. og 14. öld, en fækkaði eftir það eins og fram kemur í töflu 9. Ekki fer á milli mála að frekar var skrifað undir efsta strik í tveggja dálka handritum heldur en þar sem leturflötur var óskiptur, sjá töflu 10.

Tafla 9. Dálkaskipting eftir öldum í hundraðshlutum.

Aldir	Einn	Tveir	Alls	Fjöldi
1201–1300	65	35	100	17
1301–1400	59	41	100	71
1401–1500	88	12	100	50
1501–1600	84	16	100	32
<i>Meðaltal</i>	<i>73</i>	<i>27</i>	<i>99</i>	<i>170</i>

Tafla 10. Fyrsta lína skriftar miðað við dálkaskiptingu í hundraðshlutum.

Dálkar	Undir	Yfir	Alls	Fjöldi
Einn	36	64	100	127
Tveir	65	35	100	52
<i>Meðaltal</i>	<i>45</i>	<i>55</i>	<i>100</i>	<i>179</i>

Vart kemur þó til greina að bein orsakastengsl hafi verið milli þessara tveggja atriða, heldur er líklegra að þau haldist í hendur við enn fleiri atriði sem eru ókönnuð.

4. Niðurstöður

Óhugsandi er að á Íslandi á 15. og 16. öld hafi gætt minnstu áhrifa frá ítölskum húmanistum um það hvort fyrsta lína var skrifuð fyrir ofan eða neðan efsta strik, nú eða það að farið var að beita línustrikun með þurrum oddi af krafti að nýju. Frægt er að íslensk skrift staðnaði á þeim tíma á meðan örur breytingar urðu í Evrópu, ekki síst fyrir tilstilli ítalskra skrifara sem einmitt litu til hand-

rita frá karlungatímanum og hönnuðu nýja skrift í svipuðum stíl. Þar fór fram markviss hönnun og handrit breyttust á margvíslegan hátt að öðru leyti, til dæmis á þann hátt að spássúr urðu stærri. Ekkert af þessu gerðist á Íslandi og mér sýnist helst koma til greina að þær niðurstöður um línustrikun sem nú hefur verið lýst megi túlka sem merki um stöðnun í handritagerð, sem þá svipar til stöðunar í skrift. Verkkunnátta og hugmyndir sem bárust til landsins á 13. og 14. öld, þegar íslensk handrit urðu hvað glæsilegust, fjaraði smám saman út og handritagerðarmenn tóku upp eldri hætti sem hugsanlega voru fljótlegrí eða einfaldari í framkvæmd. Þetta þarf vitaskuld að athuga betur í samhengi við ótal atriði önnur, ekki síst með nákvæmri skoðun á línustrikun almennt og uppsetningu blaðsíðna, meðal annars með tilliti til spássfustærðar og línubils. Kveragerð, blaðabykkt og blaðastærð þurfa líka rannsóknna við og margt fleira sem lýtur að því hværmig handrit voru búin til í landinu frá upphafi bókgagerðar og þangað til innfluttur pappír varð allsráðandi á markaði.

RITASKRÁ

- APICES. <http://www.irht.cnrs.fr/cipl/apices.htm>.
- Busonero, Paola, Maria Antonietta Casagrande Mazzoli, Luciana Devoti og Ezio Ornato. 1999. *La fabbrica del codice*. Materiali per la storia del libro nel tardo medioevo. Róm.
- Cohen-Mushlin, Aliza. 1983. *The Making of a Manuscript*. The Worms Bible of 1148. Wiesbaden.
- Derolez, Albert. 1984. *Codicologie des manuscrits en écriture humanistique sur parchemin*. I–II. Turnhout.
- Gumbert, J. P. 2002. Tölvubréf á póstlistann Apilist, apilist@cnrs-orleans.fr, 11. júní.
- Ker, Neil R. 1960. From „above top line“ to „below top line“: a change in scribal practice. *Celtica* 5:13–16. [Endurpr. í Neil R. Ker. 1985. *Books, Collectors and Libraries*. Studies in the Medieval Heritage, bls. 71–74. Ritstj. A.G. Watson. London.]
- Lemaire, Jacques. 1989. *Introduction à la codicologie*. Louvain-la-Neuve.
- Maniaci, Marilena. 1998. *Terminologia del libro manoscritto*. Róm.
- Ordbog over det norrøne prosasprog*. Registre. Kaupmannahöfn, 1989.
- Ornato, Ezio. 2000. *Apologia dell'apogeo*. Divagazioni sulla storia del libro nel tardo medioevo. Róm. [Íslensk þýðing er væntanleg.]
- Ornato, Ezio og Marilena Maniaci. 1997. Intorno al testo. Il ruolo dei margini nell'impaginazione. *La face cachée du livre médiéval*. L'histoire du livre vu par Ezio Ornato, ses amis et ses collègues, bls. 457–471. Róm.
- Palma, Marco. 1988. Modifiche di alcuni aspetti materiali della produzione libraria latina nei secoli xii e xiii. *Scrittura e civiltà* 12:119–133.
- Rodríguez Díaz, Elena. 2002. Tölvubréf á póstlistann Apilist, apilist@cnrs-orleans.fr, 10. júlí.
- Sanders, Christopher (útg.). 2000. *Tales of Knights*. Perg. fol. nr 7 in The Royal Library of Stockholm. Kaupmannahöfn.

SUMMARY

In a celebrated article from 1960, N.R. Ker identifies an interesting change in scribal habits in thirteenth-century England. Whereas it had been common practice to write the first line of text above the frame defined by the ruling of the manuscript, or, in Ker's terminology, 'above top line', by the end of the century most scribes were writing the first line below the uppermost ruling, or, in Ker's words, 'below top line'. In this article Ker's insight is applied to 200 Icelandic and Norwegian medieval manuscripts. It transpires that fourteenth-century Norwegian manuscripts fit quite well into the European pattern defined by Ker and a few other scholars, whereby the first line is generally written below top line and ruled with ink. Icelandic manuscripts show a more complicated pattern, with more than 60% written above top line and a majority ruled with dry ruling. However, in fourteenth-century Icelandic manuscripts we can identify a tendency similar to that revealed in Norwegian manuscripts, with more than 60% written above top line. In the fifteenth century and, to an even greater extent, in the sixteenth century Icelandic scribes reverted to older habits, with respectively 70% and 89% of the manuscripts being written below top line. This represents yet another indication of trends in the making of Icelandic manuscripts differing significantly from the situation in European countries.

HANDRITASKRÁ

13. öld

AM 39 fol	AM 56 4to	AM 325 VII 4to	AM 680 a 4to
AM 75 a fol	AM 78 4to	AM 327 4to	GKS 1157 fol
AM 243 b α fol	AM 134 4to	AM 619 4to	GKS 2365 4to
AM 302 fol	AM 291 4to	AM 645 4to	GKS 2870 4to
AM 305 fol	AM 310 4to	AM 652 4to	NKS 1640 4to
AM 322 fol	AM 325 I 4to	AM 677 4to	
AM 334 fol	AM 325 II 4to	AM 679 4to	

14. öld

AM 45 fol	AM 228 fol	AM 343 fol	AM 68 4to
AM 47 fol	AM 229 I fol	AM 344 fol	AM 69 4to
AM 53 fol	AM 230 fol	AM 346 fol	AM 71 4to
AM 54 fol	AM 231 I fol	AM 347 fol	AM 72 4to
AM 61 fol	AM 232 fol	AM 350 fol	AM 74 4to
AM 62 fol	AM 233 a fol	AM 351 fol	AM 126 4to
AM 66 fol	AM 234 fol	AM 57 4to	AM 127 4to
AM 68 fol	AM 240 IX fol	AM 58 4to	AM 133 4to
AM 75 c fol	AM 242 fol	AM 60 4to	AM 135 4to
AM 132 fol	AM 304 fol	AM 61 a 4to	AM 154 4to
AM 225 fol	AM 307 fol	AM 62 4to	AM 156 4to
AM 226 fol	AM 309 fol	AM 63 4to	AM 168 a 4to
AM 227 fol	AM 323 fol	AM 65 4to	AM 169 4to

AM 325 V 4to	AM 580 4to	AM 657 a-b 4to	AM 194 8vo
AM 325 X 4to	AM 595 a-b 4to	AM 657 c 4to	AM 428 a 12mo
AM 335 4to	AM 623 4to	AM 671 4to	GKS 1005 fol
AM 382 4to	AM 625 4to	AM 675 4to	GKS 3268 4to
AM 396 4to	AM 646 4to	AM 678 4to	GKS 3269 b 4to
AM 468 4to	AM 649 a 4to	AM 748 I a 4to	GKS 3270 4to
AM 519 a 4to	AM 651 I 4to	AM 764 4to	GKS 3271 4to
AM 561 4to	AM 655 XXXII 4to	AM 31 8vo	NKS 1642 4to
AM 567 II 4to	AM 656 I 4to	AM 48 8vo	SÁM 1
AM 575 a 4to			

15. öld

AM 75 e 5 fol	AM 137 4to	AM 621 4to	AM 902 b I 4to
AM 81 a fol	AM 148 4to	AM 626 4to	AM 39 8vo
AM 180 a fol	AM 151 4to	AM 639 4to	AM 41 8vo
AM 180 b fol	AM 186 4to	AM 641 4to	AM 42 a-b 8vo
AM 180 c fol	AM 309 4to	AM 647 4to	AM 50 8vo
AM 239 fol	AM 471 4to	AM 661 4to	AM 84 8vo
AM 243 a fol	AM 489 4to	AM 672 4to	AM 429 12mo
AM 243 e fol	AM 533 4to	AM 674 b 4to	AM 432 12mo
AM 243 f fol	AM 551 a 4to	AM 681 a 4to	AM 434 a 12mo
AM 243 k fol	AM 556 a-b 4to	AM 684 4to	AM 434 b 12mo
AM 243 l fol	AM 567 V 4to	AM 685 d 4to	AM 435 12mo
AM 128 4to	AM 570 a 4to	AM 688 a 4to	AM 456 12mo
AM 132 4to	AM 577 4to	AM 902 a 4to	GKS 2845 4to

16. öld

AM 152 fol	AM 150 4to	AM 420 c 4to	AM 55 8vo
AM 243 c fol	AM 153 4to	AM 529 4to	AM 433 c 12mo
AM 243 i fol	AM 160 4to	AM 548 4to	AM 458 12mo
AM 129 4to	AM 161 4to	AM 617 4to	AM 461 12mo
AM 140 4to	AM 170 a-b 4to	AM 1035 I 4to	NKS 1923 4to
AM 147 4to	AM 191 4to	AM 1056 VIII 4to	NKS 1924 4to
AM 149 4to	AM 357 4to	AM 43 8vo	Thott 596 8vo

Már Jónsson
Sagnfræðiskor
Heimspékideild Háskóla Íslands
Nýja-Garði við Sæmundargötu
101 Reykjavík
marj@hi.is

ADALGEIR KRISTJÁNSSON

TÍMARITIÐ ÍSLAND

Í HANDRITASAFNI Árna Magnússonar er að finna handrit, bréf og önnur gögn sem prófessor Konráð Gíslason arfleiddi safnið að. Í safnmarkinu KG 30 er fimm blaða grein sem er lýst svo í handritaskrá Árnasafns: „„**Ísland**““. *Prospectus for et påtænk tidsskrift af dette navn*“ (KatAM II:603).

Víst má telja að Tómas Sæmundsson sé höfundurinn, enda kemur það fram í bréfi hans til Konráðs Gíslasonar 29. júlí 1840 að hann hefir gert uppkast að formála ofangreinds rits. Ekki er ljóst hvernig stendur á ferðum handritsins að formálanum til Hafnar, þar sem því var ætlað að vera formáli tímarits sem koma átti út á Íslandi. Einnig er athyglisvert að handritið virðist ekki með hendi Tómasar Sæmundssonar. Þessi formáli er það eina sem varðveist hefir af því efni sem vitað er til að átti að birtast í ritinu, en hann tekur af öll tvímæli um hvers konar tímariti átti að hleypa af stokkunum.

Segja má að útgáfa tímarita á Íslandi hafi verið nokkuð samfelld á 19. öld. Sum voru að vísu prentuð og gefin út í Kaupmannahöfn eins og *Íslensk sagna-blöð*, en Magnús Stephensen festi útgáfu innlendra tímarita í sessi með útgáfum Landsuppfræðingarfélagsins. Þegar útgáfu *Klausturpóstsins* lauk árið 1827 varð nær áratugar hlé á útgáfu innlendra tímarita, en sama ár hóf *Skírnir* göngu sína í Kaupmannahöfn og Baldvin Einarsson fylgdi á eftir með *Ármani á Alþingi*, en hans naut einungis við um skamma hríð. Árið 1835 hófu tvö ný tímarit, *Fjölnir* og *Sunnanpósturinn*, göngu sína sitt hvoru megin Atlantsála. Að *Fjölni* stóðu íslenskir Hafnarstúdentar, en að *Sunnanpóstinum* embættismenn í ædstu stöðum á suðvesturhorni Íslands. Þessi tímarit bárust lengst af á bana-spjót meðan bæði komu út. Útgáfa *Sunnanpóstsins* varð ekki samfelld og hann kom síðast út árið 1838. Ritstjórar hans voru Árni Helgason stiftprófastur og Þórður Sveinbjarnarson dómari og síðar dómstjóri í Landsyferréttinum.

Tómas Sæmundsson var einn þeirra fjögurra sem stóð að útgáfu *Fjölnis* og ritaði þeirra mest í fjóra fyrstu árgangana. Hann kom heim til Íslands sumar- ið 1834 og vígðist til Breiðabólstaðar í Fljótshlíð. Fyrr en varði kom upp al- varlegur ágreiningur milli hans og útgefendanna í Höfn, þar sem Konráð Gíslason fór fyrir og svo lauk að Tómas sleit samstarfinu árið 1838. Ekki tókst

að koma *Fjölni* út í tíma það ár, en árið 1839 kom bæði fjórði og fimmti árgangur út og var Tómas einn höfundur að þeim síðari.

Jónas Hallgrímsson fór heim til Íslands árið 1839, en Konráð Gíslason og Brynjólfur Pétursson urðu eftir í Höfn. Þeir virðast hafa haft forgöngu um að stofna félag í Kaupmannahöfn til að halda áfram útgáfu *Fjölnis* og félagið virðist hafa náð til manna sem flust höfðu heim til Íslands. Að öðru leyti ganga fáar sögur af starfsemi þess (sjá Aðalgeir Kristjánsson 1972:74–75).

Tómas Sæmundsson víkur að stofnun félagsins í bréfi til Konráðs Gíslasonar 29. júlí 1840 og fagnar því þegar hann segir (1907:267):

... ég kem til þess kaflans í bréfi þínu, sem víkur á samtök ykkar til að halda *Fjölni* áfram; ég varð því næsta feginn, því það sýnir, að hugsjónin lifir, sem lá til grundvallar fyrir *Fjölni*, þó sjálfur hann sé að dauða kominn og ég er enn sömu meiningar og ég var í öndverðu um það, að hún sé góð og að annað eins rit og *Fjölnir* sé nauðsynlegt á Íslandi, ...

Ekki er laust við að lesandann gruni að Tómas hafi ekki haft mikla trú á framkvæmdasemi þessa félags og þeirra sem að því stóðu, enda varð raunin sú meðan hann var ofar moldu, enda sótti hann á önnur mið til að koma hugðarfennum sínum í framkvæmd.

Í bréfi sem Tómas skrifaði Jónasi Hallgrímssyni 12. maí 1840 komst hann svo að orði (1907:259):

Það er hráparlegt, að þeir þar syðra skuli ekki hafa mannrænu á að gefa út fréttablað, þar sem þó er »svo margt, ef að er gáð, sem um er þörf að ræða«.

Í bréfi Tómasar til Konráðs Gíslasonar 29. júlí 1840 kemur fram að hann lét sig dreyma um að *Fjölnismenn* myndu hefja útgáfu nýs tímarits þegar þeir væru allir komnir heim til Íslands og því hafi hann haldið að sér höndum fram til þessa. Síðan heldur hann áfram og segir (1907:270–71):

Nú þykir mér ekki mega lengur svo búið vera, því meinlaust *fréttarit* þurfum við að eiga, sem kæmi út kvartaliter; því er ekki ofaukið þó *Fjölnir* sé öðrumegin, og slík rit gætu einmitt verið hvort öðru til styrktar. Ég réði því af nú á dögumum að bjóða Secretéranum að forleggja þetta rit, — einn árgang fyrir það fyrsta, — nú frá nýári, sem

verða mundi í hæsta lagi 24 arkir í 4 heftum og stóru broti, og hét hann að gefa 10 dali í honorar fyrir örkina, sem ég antók. Ég hefi tekist á hendur að kasta upp formálanum, og ætla að reyna til að laga þetta blað í sumu að efninu til, eins og ég vildi hafa Fjölni, til að gera hann útgengilegri, en þið hafið altaf hamlað. Hér hefi ég hér um bil æðstu völdin, þó ég geti ekki beitt þeim nærri eins og með þarf, eins og ég er við kominn.

Tómas vék einnig að verkaskiptingunni eins og hann hugsaði sér hana og hverjir skyldu leggja ritinu lið. Þar kemur fram að hann hyggur á samstarf við þá sem áður stóðu að *Sunnanpóstinum* því að hann heldur áfram og segir (1907:271):

Þú getur meðal annars nærri hvernig málið verði, þar sem við erum allir: jeg, assessor Johnsen með löggjöfina, Sveinbjörnsen með dómana, Melsted með relation af aðgerðum þeirra í fyrra í commissioninni, Magnús Hákonarson með ýmiskonar samtíning úr blöðum etc.; ef Jónas verður hér í Reykjavík í vetur, tek ég hann inn í félagið.

Ekki er hægt að skilja þessi orð með öðrum hætti en að einhvers konar útgáfufélag hafi verið stofnað.

Assessor Johnsen hét réttu nafni Jón Jónsson frá Stóra-Ármóti og var dómari í Landsyfirréttnum þegar þetta var, Þórður Sveinbjarnarson var dómstjóri við sömu stofnun. Þórður var einn af stofnendum *Sunnanpóstsins* og annaðist um útgáfu hans í upphafi. Páll Þórðarson Melsted var þá sýslumaður í Árnes-sýslu og einn þeirra sem sat í embættismannanefndinni, en hún kom saman í fyrra skiptið 17. júní 1839. Magnús Hákonarson hafði verið við guðfræðinám í Höfn og skrifaði fréttirnar í *Skírni* 1837 ásamt Jóni Sigurðssyni. Jónas Hallgrímsson hafði komið til Íslands vorið 1839 og fékkst við rannsóknir á Íslandi þegar bréfið er skrifað.

Ekki er hægt að tímasetja nákvæmlega hvenær þreifingar um stofnun þessa nýja tímarits hófust, þar sem fyrrverandi ritstjórar *Fjölnis* og *Sunnanpóstsins*, Tómas og Þórður Sveinbjarnarson, tóku höndum saman. Tómas fór til Reykjavíkur á synodus sumarið 1840, en ekki er að skilja á bréfi hans til Konráðs 29. júlí þ. á. að verulegir kærleikar hafi kviknað þeirra í milli við samfundi. Að auki var Secretérinn — Ólafur Stephensen í Viðey og ritari við landsyfirréttninn — með í ráðum. Ólafur hafði meðgjörð með Viðeyjarprentsmiðju, og ætlunin var að láta prenta þar hið fyrirhugaða rit.

Jón Jónsson lektor Bessastaðaskóla segir í bréfi til Finns Magnússonar að Tómas sé frumkvöðullinn að stofnun ritsins og „Jónas Hallgrímsson er sjálf-sagt með“ (Privat arkiver 5943). Fleiri heimildir nefna Jónas einnig í röðum útgefanda og ritið eigi að heita Ísland og eigi að koma út ársfjórðungslega.

Á skammri stund skipast veður í lofti og sama varð raunin með ritið sem Tómas dreymdi um að gefa út. Í bréfi til Konráðs 4. febrúar 1841 segir hann (1907:280):

Pegar ég eftir aftali bjóst við að farið væri að prenta Viðeyjar-ritið, skrifa þeir mér þar syðra »Medarbejderne« núna eftir nýárið, að þeir séu gengnir aftur úr skaftinu. Eg heimta nú reyndar af Sekretéra, [að hann] haldi áfram ritinu samt, því hann hefir samið við mig, — en ég get látið hann fá nóg efni núna fyrir það fyrsta.

Í síðasta varðveitta bréfi Tómasar til Jónasar Hallgrímssonar sem dagsett er 25. mars 1841 vék hann enn að þessum útgáfumálum og endalyktum þeirra með þessum orðum (1907:284):

Þeir höfðu hátíðlega lofað mér, Sveinbjörnsen og Johnsen, að láta mér vísan sinn þáttinn hvor, — um lagasetninguna og dómama, — en vildu ekkert hafa með redactiónina; með þessum efnum fór ég til Sekretérans, og samdi við hann, ekki um eitt hefti, heldur einn *árgang* í 4 heftum, sem skyldu prentast á jafnstóran pappír og Fjöltnir. Upp á þetta tókum við *höndum saman*. En af því ég hafði ekki annan redacteur að bjóða en Magnús Hákonarson, kaus hann að hafa redactiónina sjálfur, sem ég gaf eftir, því ég sá, [að] ég gat hér um bil raðað niður efninu í hendur hans. Nú skrifar Johnsen mér eftir nýárið, að þeir hafi gert nýan samning við Sekretéra, en Sekretéri að sínu leytnu þykist laus allra mála, fyrst hann fái ekki þættina frá þeim. Ég skrifa Johnsen aftur á þá leið, að þeir Sveinbjörnsen muni verða að láta sér nægja með að hafa gert sig að svikurum við mig, þó þeir ekki rjúfi samninga *mína* við Sekretéra líka, ... en Sekretéra bið ég halda áfram ritinu eftir samningnum, ...

Tómas rekur einnig í bréfinu hvernig þeir, sem höfðu ætlað að standa að ritinu, hefðu brugðist hver með sínum hætti. Ekki liggur ljóst fyrir hvað bar til að menn sneru svo snögg við blaðinu og hættu við. Sveinbjörn Egilsson skrifaði Jóni Sigurðssyni 28. febrúar 1841 og vék þar að þessum sinnaskiptum (*Bréf til Jóns Sigurðssonar* 1:31):

Ekki vill ganga greitt með að koma út tímariti hérna; og það gerir sameiníngarleysið og fyrir sumum efnaleysið. Það var komið svo langt, að Sra Tómas, Justit. Sveinbjörnсен, Ass. Jonsen og Secr. í Viðey ötluðu að verða í því; ritið átti að heita Ísland og innihalda allt statistískt, pólitískt, eðkonomískt, philosophískt, moralia, spekulationir og smásögur. En yfirrétturinn gekk úr skaptinu, því Sra Tómas sendi inn ræðu, haldna á Trinitatis hátíð um alþing, hvarí hann vildi afsetja landsyfírréttinn og innsetja apr lögréttumenn niðrí Öxará; en þá var hinum lokið.

Ef marka má orð Sveinbjarnar þá hafa gagnstæðar skoðanir séra Tómasar annars vegar og Þórðar Sveinbjarnarsonar hins vegar á alþingismálinu gert útslagið, auk þess að menn vildu ekki hætta fjármunum sínum í útgáfustarfsemina.

Þorsteinn Jónsson Kúld var skólabróðir útgefenda *Fjölnis*. Hann brautskráðist frá Bessastaðaskóla 1831, en hugði ekki á frekara nám að svo komnu, en hóf bókaútgáfu þess í stað. Haustið 1836 sigldi Þorsteinn til Hafnar og þar urðu kynni hans og Jóns Sigurðssonar. Lítið varð úr námi hjá Þorsteini og sneri hann fljótlega stöfnum á ný til Íslands.

Þorsteinn tók sér penna í hönd og skrifaði Jóni Sigurðssyni 27. febrúar 1841 og vék þar að útgáfu tímaritsins. Þar má einnig lesa að ritið átti að verða ársfjórðungsrit og fyrsta heftið skyldi liggja fyrir í marsmánuði s. á. áður en ferðir féllu frá Íslandi til Hafnar. Síðan heldur Þorsteinn áfram og segir (Lúðvík Kristjánsson 1977:560):

En þegar til kom og ritgjörðir komu frá séra Tómasi í ritið, *sem heita skyldi Ísland*, þá gengu allir úr skaftinu, og er mælt þeir hafi borið það fyrir, að þar í mundi vera ritgjörð um Alþing, en þar um bæri engum að dæma (máske líka að þenkja), nema þeim einum, sem í ráðinu ættu að verða. Það er þess vegna líkast til, að ekkert verði úr því, að tímaritið komi út, því allt fer hér að einu.

Eftir þessum orðum að dæma virðist alþingismálið hafa verið skerið sem útgáfa tímaritsins steytti á. Eftir að hún var sigld í strand bauðst Þorsteinn til að bera kostnaðinn af henni, en allt fór líkt og áður (Lúðvík Kristjánsson 1977: 562).

Eftir að þessi tímaritsútgáfa sigldi í strand leið meira en hálfur áratugur þar til efnt var til slíkrar útgáfu á nýjan leik innan lands. Hið nýja tímarit hlaut nafnið *Reykjavíkurlósturinn* og kom út mánaðarlega. Það hóf göngu sína haustið 1846 og lauk henni haustið 1849. Útgefendur þess voru Þórður Jónas-

sen, sem þá var dómari í landsyfirréttinum, og bræðurnir Páll og Sigurður Melsteð.

Sama ár og Tómas andaðist birtust þrjár greinar eftir hann á prenti. Haustið 1840 hafði hann sent Konráði „[þ]áttinn um verzlunina“ til birtingar í *Fjölni* (Tómas Sæmundsson 1907:274), og hann fól Jónasi Hallgrímssyni að koma greininum „*um alþing og um hugvekju Johnsens*“ til Hafnar, en þær áttu að koma í *Fjölni* (Tómas Sæmundsson 1907:280). Þar sem útgáfa *Fjölnis* dróst á langinn var sú leið farin að gefa ritgerðirnar þrjár úr sem sérstakt rit. Í bréfi til Jóns Péturssonar 10. maí 1843 er svo að skilja sem Fjölnisfélagið hafi annast útgáfuna: „Ár 1841 ljetum vjer prenta þrjár Ritgjörðir eftir sjera Tómas heftinn“ stendur í bréfinu (Aðalgeir Kristjánsson 1972:74 nmgr.) Ritgerðirnar voru gefnar út í Kaupmannahöfn og á titilsíðu hlutu þær heitið *Þrjár ritgjörðir ... kostaðar og út gjefnar af 17 íslendingum* en ekki af Fjölnisfélaginu.

Vel má hugsa sér að þessi inngangur sem hér fylgir á eftir, hafi verið sendur Konráði í því augnamiði að prenta hann með áður nefndum greinum fremur en í *Fjölni*. Hann ber heitið Ísland og er með svipaðri stafsetningu og þeirri sem kennd er við *Fjölni*. Ritgerðin er greinilega hugsuð sem inngangur að tímaritinu sem rætt hefir verið um hér að framan. Fullvíst má telja að hér sé kominn formálinn sem Tómas kastaði upp og nefnir í bréfi til Konráðs 29. júlí 1840 og vitnað er til hér að framan. Ekki þarf lengi að lesa til að sjá samhengið milli formálans og hugmynda Tómasar um hið væntanlega tímarit eins og þær birtast í bréfum hans. Margt er áþekkt í þessum inngangi og inngangi Tómasar í *Fjölni* 1835. Orðfæri og efnistöð eru næsta sviplík þó að hálfur áratugur sé á milli.

Island.

Flestir munu í því samdóma, að Jsland gjeti ekki leíngur án verid tímarita. Eígi oss að verda nokkurra framfara audid, þá er nausinn á, að menn fari að gjeta talad við þjóðina, og að hún veíti því eptirtekt og læri að þekkja ástand sitt og þarfir sínar, og til þess eru tímaritin eínka medalid.- Það er þeirra ætlunarverk að seígja mönnum af því, sem vidber og að koma þeim í skilníng um það; og þarsem menn ekki hafa þau að stídjast við, verda þeir utan við tímann, sem þeir lifa á og jafnframt utan við þá þekkingu í veraldlegum efnun, sem þeim er ómissanlegust og best sæmandi.- Það er ófróðlegt að vita ekki að seígja af því, sem vidber og vottar heímsku að vilja ekki hugsa um það nje veíta því eptirtekt, sem um það er rædt.- Það er ósk vor, að hvurugt þetta gjeti átt heíma hjá landsmönnum vorum, og í þeim tilgáangi dírfustum vjer enn að bjóða þeim nítt¹ *tímarit*, er þeim mætti gjeta ordíd til nítseni, fróðleíks og skjemtunar.- Það er eínkum ætlad til að vera *frjettarit*, því mönnum er edlilegt að gágangast firir tídíndum, og það er óvídurkvæmilegt, að ekkjert rit sje til í landinu, sem gjörir þeim kost á að heíra þau. Enn reíndar eru það allt tídíndi, sem mönnum er nítt og óheírt ádur.- Þessvegna þíkír ogso hlíða að seígja frá mörgu, sem almenníngi gjæti ordíd til fróðleíksauka og til leídrjettíngar, eða að mínsa kosti til íhugunar, því að vísu verdur við það leítast eínsog kostur er á, að láta rit þetta samsvara almenníngs þörfum; enn slíkar þarfir eru ekki eínúngis fólgnar í² að heíra frjettímar, heldur og líka að mönnum lærist að *skilja í því*, sem tímarímir leíða í ljós og að þeir ödílist uppfædíng um marga þá hluti, sem þeir ennþá ekki bera skínbragd á, eða þeir hafa rángt álít um. —

Vjer látum þetta rit heíta "Island,, bædí afþví að Jsland og efní þess verda helsta umtalsefníð eínsog skíldugt er, enn það er líka, að af þeim efnun, sem ekki snerta Jsland, verdur þó ekki annad tekid í ritíð enn það, sem ísleníngum að álítí útgjefendanna er þörf að vita.- Hvad nú Jsland áhrærir, þá er það ennþá so ókunnugt sjálfum oss, að líklegt er það mætti fá sjer nærri sanni umtalsefní núna first um sinn, þó ekki væri faríð út firir það.- Island er enn ekki hálfskodad, það er enn ekki hálfkunnugt þeim, sem í því búá. Eínn fjórúngurinn er að míklu leítí ókunnugur þeim, sem í hínun fjórúngunum eru; og þó hefur fjöldi manna mestu skjemtun af að heíra sagt frá *landslagi og háttum* fjarlæggra hjerada landsíns. Á Jslandi hagar bigdum næsta margvísléga, og það má so að ordí kveda, að sinn háttur sje í hvurri bigd.- Það má því ætla á, að lísíngum

¹ *Leíðrétt úr eítt.*

² *Á efitir í stendur því, sem tímarímir leíða í ljós en stríkað út.*

eínstakra sveíta eda sísslana, sem gjætu leíðbeínt mönnum til glöggari hugminda um sköpulag landsins ad ósjudu, enn þeir nú gjeta haft, irdi tekid með þökkum, og ad þær irdu lesnar með athigli. Slíkar lísingar eru undireíns til gagns, skjemtunar og fróðleíks og ritinu gjefst þar umtalsefni ad verdi, sem ekki er ridid vid stadi nje tíma eíngöngu.— Þad er margt í *náttúrunni* hjá oss, sem ennþá hefur lítt sætt athigli manna, eda ad minsta kosti almenníngur þarf ad frædast um, sosem vidvíkjandi steínum og jardartegundum, edlisháttum grasa og díra á sjó og landi, vidvíkjandi loptslagi, veduráttufari o. s. fr. — Hvad margar *menjar fornímannna* verda firir mönnum til og frá um bigdimar ífir jördu og á, sem þeim hefur enn ekki lærst ad skeíta um, og af hvarjum þó má lesa framtakssemi, ráddeíld og mentun forfedrana. Allt þessháttar á skilid, ad því sje líst grandgjæfilega, ad þad sje ransakad og borid saman vid sögumar, sosem til ad minda gardlög, virki, bæir og bæjarstædi, sem helst hafa farid sögur af, fornmanna haugar, legsteínar, þíngstadir og slíkt; með eínu ordi: allt sem aukid gjæti þekkinguna um fornöld landsins.— Þá er og ad líta á sögumar sjálfar og fornrit vor, sem almenníngi eru enn so lítt kunnug og sem so margra útskírínga þurfa vid bædi ad ordfæri og efni.— Enn sje mönnum nú gjert ljóst bædi þad, sem landid hefur til ad bera ad náttúrunni til, og þad sem vjer höfum tekid í arf eptir fedur vora, þá er nú eptir þad, sem mestu varðar: ad komast nidur á, hvursu vjer med mestum hagnadi gjetum *fært oss í nit gjædi náttúrunnar* hjer í landi og *reínslu umlíðnu tímanna*; þad er med öðrum ordum: ad virda firir sjer landsfólkið og háttu þess; og hjer ber þá aptur firir sjónir so margt íhugunarverdt, ad um þad verður seínt úttalad:— Hjer er þá first ad líta á bjargrædisvegu og búnadarháttu vora til lands og sjáfar, grenslast um, hvurt þeir eru í framför eda hnignun, leíta ráda þeim til eblíngar, halda því á lopti, sem ordid gjetur, öðrum til firirmindar, rekja lífsferil merkismanna landsins, sem burtkallast. Hjer er ad líta á handidnir og kaupverslan, heílsufar manna og fólksfjölgun, uppheldi og hússtjórn, sveíta og hjeradsstjórn, löggjöf og landstjórn. Hjer er ad líta á uppfrædíng og uppfrædíngar meðöl, vanþekking, hjátrú og hleípídóma manna, þeirra andlega ástand og sidferdis ásigkomulag. —

Þad er í áformi, ad ritid komi út í heftum, fjögur hefti á ári, ad stærð eptir því sem kaupendur verda margir og á efni stendur; enn vidleítni verður á því höfd, ad flest hefti hafi í förum leíngri edur skjemri frumritlínga þess efnis eínhvurs, sem ad framan er tilnefnt og almenníngi mætti verda helst til nitsemi, eda tímarnir gjefa helst tilefni til í hvurt sinn.— Hjeradauki þikir hlída ad verja jafnan nokkrum hluta ritsins til ad gjeta þeirra *helstu bóka*, sem á íslenska

túngu birtast á prenti, eda sem með einhverjum hætti snerta Jsland, þó á öðrum málum sje, eda þá í einhverju tilliti þikja umtalsverdar. Bækurnar eru jafnan einhver eptirtektaverdasti ávögsturinn mannlegs anda og framkvæmdar; þær eru glöggasti spefgill mansins, er þær hefur tilbúid, þjóðarinnar, er þær eru búnar til hjá og tímans, er þær eru búnar til á. Aptur ad hinu lefitinu gjeta afleíðingar þeirra ordid margháttadar og næsta eptirtektaverdar. Ritin eru þannig ætíð frásögu efni. Ber hjer first og fremst ad seígja frá efninu, einsog rithöfundurinn hefur komid því firir, enn leffilegt er sögumanninum jafnframt ad seígja dóm sinn um slík rit einsog hvad annad, sem vidber, efad hann ad eíns veít ad finna ordum sínum stad; er þá slík bókafragn ordin meír enn frásaga eínsömul.- Þad gjefur ad öðru leíti ad skilja, ad frjettaritum er ekki gjefandi sök á því, þó bækurnar, sem þau eru ad þilja frá, eígi ekki vid almennings gjed; þeirra er ad lesa einsog skrifad er, ad seígja frá bókunum einsog þær eru. Mönnum er stundum önnur eíns forvitni á, önnur eíns þörf á ad heíra um þad, sem íllt er, einsog um hid góða; og ad gjeta ekki eíns illu ritanna, sem mikid ber á, þegar þau eínusinni eru komin á prent, væri vidlíka fjarstædt edli og tilgáangi frjettarita, einsog ad seígja frá þeim einum tíðindum, sem góð eru, enn fella öll hin tíðindin undan, og væru á slíkri adferd mikil missmíði.- Þad er ekki um skör fram, ad á þetta er minnst; þad er t.a. m. mörgum í minni, hvad mikla óvild hjá almenníngi þad bakadi Fjölmi, ad hann gjörði íslendíngum kunnugt, þad sem Müller var búinn ad láta prenta um okkur á dönsku, af því lesendurnir gáfu útgjefendunum sökina firir þad, sem þeir þóttust finna ofaukid í ritgjörd þessari.- Nú er þó audsjed, ad ef tímaritid á, einsog tilgáangur þess er, ad seígja lesendunum so mikid af frjettum, sem þad er fært um, þá ber þó hjer ad því líka, ad til verdi tínt í frásöguna so mikid sem verður af því, sem um Jsland er talad í dagblöðum, tímaritum og öðrum níum bókum, því þad er ófróðlegt, að íslendíngar viti ekki ad seígja af því; enda er þad opt næsta íhugunarverdt. Þegar t. a. m. útlendíngar, sem hjer hafa verid á ferd, eptir á gjefa á prent ferdasögur, þá má oss þó físa ad vita, hvurnig þeir bera okkur söguna, og tímaritunum stendur næst ad gjeta þess og, ef til vill, leíða í ljós sínishorn nokkurt af slíkum ritum, þegar þad þikir vid eíga; og gjeta þau ekki ad því gjört, þó slík sínishorn dragi dóm af bókunum, sem þau eru tekin úr. Enn þad sem mönnum kinni ad mislíka, verður þá ad bitna á þeim, sem bækurnar hafa ritad í öndverdu, enn ekki þeim, sem gjöra þær heírum kunnar, og má slíkt verda oss ní uppörfan til ad hrinda af oss óhróðri, þarsem hann er loginn, enda til ad lagfæra ráð vort, þarsem hann kinni reínast sannur; so hvurt sem er, má oss þikja gott ad vita, hvada álit menn leggja á efni vor. —

Med því tímarit þetta er einkum ætlað til að vera *frjettarit*, þá er sjálfsgagt, að útgjefendurnir leggja fremstu stundun á að fá sem greiðilegasta vitneskju um allt það, sem í frásögu er færandi af því, sem vidber innanlands, og að driúgum hluta ritsins verður jafnan varið til að veita vidtöku slíkum niúngum. Mun so verða umbúid, að ritid eígi menn vísa til og frá um landid, sem tíni til í briefum smátt og smátt það helsta, sem adber á hvarjum stad; og verða tíðindi þessi prentud nafnlaus (nema naudsin beri til annars) með mánaðardeígi og ári fyrir framan, eínsog tíðkanlegt er í frjettablöðum og undir ifirskrift þeirrar sísslu, sem briefid er úr. Verður þannig hvor síssla látin eíga rúm nokkurt í ritinu.- Það væri meðal annars næsta vel tilfallid, að sísslumenn, hvor í sinni sísslu, gjæfu ritinu skírteíni þau um ástand sísslna sinna, sem þeir semja handa Rentukammerinu árlega, eínsog líka að læknarar gjördu slíkt hid sama með skírteíni þau, er þeir senda heílbrigdisráðinu, hvor úr sínu umdæmi. Sama er að seígja um búnaðarskírslur, fæddra og daudra skírslur og adrar þesskonar embættis skírslur, að amtmenn og biskup mundu líúfir að láta þær af hendi til slíkrar brúkunar.- Þá skal og gjetid embætta og brauda veítínga, sagt frá lögum, sem út verða gjefin, helstu dómum, sem fram fara og öðrum atgjörðum embættismanna, sem helst kvedur að, og með eínu ordi: öllu því, sem tíðindi þikja í vera og ritinu berast fregnir af.- Útlend tíðindi verða ekki tekin nema að skornum skamti, meðan þau flitjast híngad með öðrum íslenskum ritum; þó skal jafnan stuttlega víkja á það, sem híngad berst með skipaferðum, þegar önnur rit gjeta ekki ordid jafnfljót til að skíra frá því. —

Hvad nú að síðustu þeim hluta efnisins, er í ritid verður tekid, vidvíkur, sem ekki snertir beínlínis Jsland, þá verður í þessum flokknum jafnt og í hinum innlenda, jafnan litid til, hvad íslendíngar hafi þörf á að fræðast um, eda til skjemtunar og fróðleíks sje fallid. Það er ædi margt í háttum og nidurskipan annara þjóða, sem íslendíngar bera enn ekki skinbragd á, margar uppgötvanir, sem skjemtun er að hefra um; enn eínkum vantar oss að komast í skilníng um ímisleg vísinda efni, sem aungum mentudum manni ættu að vera með öllu ókunnug. Ritid mun því eptir mætti leggja stundun á að bæta úr þessu bædi með því að leíða fyrir sjónir í smáfrumritgjörðum, það sem af vísindamönnum er fundid og fyrir satt haft, og líka með því að íslenska eínstök sínishorn, sem eptirtektaverd þikja, úr þeim helstu ritum, sem fara ordum um slík efni. —

Af öllu þessu má sjá, að tímaritum, sem allt þetta hafa til að velja úr, þarf ekki að verða efnisskortur, enda þó ekki sje litid léíngra, enn til Jslands, ef að eíns kunnáttuna ekki vantar til að fara með það. Enn meðferdin á efninu hlítur að verða margvísleg, þarsem margir eíga hlut að, eptir því sem hvarjum er

helst lagid. Enn alltaf verður það gjört sjer ad skildu ad fara so vel med málid — þennann dírgríp vorn — eínsog hvur er fær um, og ad láta efnid verda sem skiljanlegast almenníngi, nitsamlegast og fródlegast. Þó er vidbúid menn verdi leidir á ad líta eíngöngu nidur firir sig, og ad þeim verdi stundum ad líta upp firir eda í kríngum sig, til ad komast í skilníng um, hvad sannast sje. Þad þikur ekki heldur adfinnisverdt, þó medferdin á efninu verdi margbreítt eínsog efnid sjálft, því hvad sem lídur, þikur meíga gjöra rád firir so miklum skilníngi hjá lesendunum, ad þeir hatist ekki strags vid ritgjördir firir það, þó þær ad efnid eda ordatiltækjum sjeu ekki allstadar samkvæmar áliti sjálfra þeirra, heldur læri ad virda á hægra veg annara góða tilgáng og sannfæríng; því fari menn villt, sem ekki á sídur heíma hjá þeim sem lesa, enn hinum sem skrifa, þá liggur ekki annat vid því, enn leídrjetta þá med því í ritgjördum(>) líka ad leída almenníngi firir sjónir það sem sannara er; þar er bókanna löglega varnarþíng, og sá sem ekki er fær til ad flitja mál sitt firir þessum dómstóli, hann má ekki leífa sjer ad fella áfellsidóm um bækur.- Enn ad hinu leítinu gjefur ritid öllum meíníngum rúm og tekur ámóti allskonar ritgjördum til prentunar, sem eptir dómi útgjefendanna er so frá geíngid ad efnid og lögun, ad þær eígi skilid ad verda heírum kunnar, eda ad öðru leíti sjeu samsvarandi tilgáangi og ásigkomulagi ritsins. Þess innilegasta ósk er, ad sem flestir fari að hugsa, ad tala og ad skrifa, og ad landid hafi sem mest not þess; enn það er aptur audskilid, ad landinu sje ekki hollast, ad þeir eínir náí ad tala, sem seíggja eínsog Þórólfur, ad hjer driúpi smjör af hvorju stráí, heldur hitt — ad dæmi Herjólfis — ad sagdur sje kostur og löstur á landinu. Og líkast er, þegar fram lída stundir, ad med þessum hætti verdi flestir, sem leggja skjerf til ritsins; því þess ædstu vidburdir skulu jafnan, ad leída í ljós sannleíkann, hvad sem öðru lídur, og mun það öllum best henta. —

HEIMILDIR

Handrit

KG 30 (Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi)
Privat arkiver 5943 (Rigsarkivet)

Prentuð rit

Aðalgeir Kristjánsson 1972. *Brynjólfur Pétursson ævi og störf*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

Bréf til Jóns Sigurðssonar. Úrval. 1. bindi. Bréfritarar: Sveinbjörn Egilsson, Gísli Hjálmarsson, Sigurður Guðnason, Þorsteinn Pálsson. Bókaútgáfa Menningarsjóðs og Þjóðvinafélagsins, Reykjavík, 1980.

KatAM = *Katalog over den Arnamagnæanske håndskriftsamling*. II. Kommissionen for det Arnamagnæanske Legat. København, 1894.

Lúðvík Kristjánsson 1977. *Fjölismenn og Þorsteinn J. Kúld. Sjöttu ritgerðir helgaðar Jakobi Benediktssyni 20. júlí 1977*. Síðari hluti, bls. 556–567. Rit 12. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík.

Tómas Sæmundsson. 1907. *Bréf Tómasar Sæmundssonar gefin út á hundrað ára afmæli hans 7. júní 1907*. Búið hefir til prentunar Jón Helgason. Reykjavík.

Þrjár ritgjörðir: 1. um hina íslensku kaupverslun, 2. um alþing, 3. um Hugvekju hra. Johnsens, kostaðar og út gjefnar af 17 íslendingum. Kaupmannahöfn, 1841.

SUMMARY

Tómas Sæmundsson found it hard to accept that *Skírnir* was the only journal being published in Iceland after the demise of *Sunnanpósturinn* and *Fjölirnir* (whose final issue was in 1839). He contacted the former publisher of *Sunnanpósturinn* and other influential individuals in Reykjavík, and he wasted no time in producing a draft Introduction that set forth the contents and policy of the proposed new journal, which in many respects he saw as a continuation of *Fjölirnir*. In the event, nothing came of these initiatives, for Tómas died in the summer of 1841. All that remains of the ill-fated journal is Tómas's draft Introduction, now printed as part of the present article.

Aðalgeir Kristjánsson
Hamrahlíð 33
105 Reykjavík

MÁLSTOFA

Andmælaræður við

*doktorsvörn Aðalheiðar Guðmundsdóttur 21.6. 2002**

I

RÆÐA JÜRGS GLAUSER**

I

DOKTORSRITGERÐIN, sem hér er fjallað um, ber heitið *Úlfhams saga*. Að baki þessa einfalda heitis leynist vísindalegt starf sem er mun meira en vísindaleg textaútgáfa. Doktorsefnið skýrir ekki eingöngu alla mikilvæga þætti handritanna, eins og vera ber, í yfirgripsmiklum inngangi (269 bls.), heldur bætir hún verulega við textafræðilegu kaflana með því að skoða söguna sem bókmenntasögulegt rit í víðtækri merkingu út frá bæði sagnfræðilegu og kerfisbundnu sjónarhorni (sérstaklega í fimmta kafla, lengsta kafla ritgerðarinnar). Ný aðferð er notuð í doktorsritgerðinni, þar sem allir þættir varðveisluflerlis ákveðins texta eru skoðaðir. Þetta hefur hingað til aldrei verið gert á svo víðtækan og nákvæman hátt. Þessi aðferð er sérstaklega athyglisverð í ljósi hinnar heitu umræðu sem hefur átt sér stað undanfarin ár um stefnu og takmörk textafræðinnar. Með ritgerð sinni blandar doktorsefnið sér inn í og tekur nokkra afstöðu í þessari umræðu.


Hér á eftir mun ég leitast við að fjalla um hvernig verkefnið er unnið og hvort það hefur náð settu takmarki. Ég lít ekki á mig sem textafræðing, heldur skoða ég efnið frá sjónarhorni bókmenntasögunnar, bókmenntafræðinnar og að hluta til út frá þjóðsagnafræði (folkloristics) og menningarfræði (cultural studies). Annar andmælandi mun fjalla um textafræðina og taka afstöðu til hennar. Sem bókmenntafræðingur fjalla ég þó einnig um nokkur deiluatríði í sambandi við hina svokölluðu nýju textafræði, en hún skiptir bókmenntasögu og bókmenntafræði miklu máli.

* Aðalheiður Guðmundsdóttir (útg.). 2001. *Úlfhams saga*. Rit 53. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.

** Orðalagi upphaflegrar ræðu hefur hér sums staðar verið vikið lítils háttar við.

II

Eins og fram hefur komið er rit Aðalheiðar Guðmundsdóttur útgáfa íslenskrar frásagnar sem var líklega rituð á 14. öld. Hún var að hluta til byggð á gömlum germönskum arfsögnum og minnum og telst til svokallaðra fornaldarsagna (sbr. mynd, bls. cvii):



① Upphafleg saga

② Rímur

③ Prósatexti, saminn eftir rímum

④ Munnmæli

⑤ Prósatexti, skráður eftir munnmælum

* Glataður texti

Frásögnin er glötuð í óbundnu máli. Innihaldið hefur varðveist í rímum, hinum svokölluðu Vargstökum, sem voru líklega einnig ortar á 14. öld. Allt frá 17. til 19. aldar voru þessar rímur endurritaðar á ýmsan veg. Þær voru endursagðar í óbundnu máli og þá settu líka munnmæli svip sinn á þær. Á þennan hátt sáu þrjár lausamálsgerðir til viðbótar við rímurnar dagsins ljós.

Þessir textar — Vargstökur (S, Þ) og sögugerðirnar Efnið úr Úlfhams rímum (A), Saga af Úlfham (B), Sögupáttur af Úlfham Hálfðánarsyni (C) — eru uppistaða frásagnarinnar sem Aðalheiður Guðmundsdóttir kallar *Úlfhams sögu*.

Þessi frásögn hefur varðveist í samtals níu handritum (sbr. bls. ciii). Hið elsta — AM 604 h 4to, hin svokallaða Staðarhólsbók (S) — er eitt hið mikilvægasta og elsta rímnahandrit 16. aldar (Sverrir Tómasson í prentun). Hin handritin eru AM 561 4to, frá um 1400 (Þ), en þar er V. ríman skrifuð á 17. öld, AM Acc 22 (að mestu leyti ritað árið 1695) (Ó), Lbs 2033 4to skrifað á bilinu 1880–98 (brot úr Vargstökum), AM 601 a 4to frá í kringum 1700 (A¹),

Lbs 3128 4to frá 1884–85 (A³), Kall 613 4to frá 1750–51 (B), Lbs 4485 4to frá 1895–96 (C), Lbs 1940 4to frá 1820 (A²). Handritin sem varðveist hafa, voru rituð á 450 ára tímabili. Þetta er ytri hlið sögunnar, varðveislufærli hennar, sem má rannsaka án hliðsjónar af viðfangsefni ákveðins texta. En um hvað fjallar þessi saga?

Í stuttu máli má segja að Úlfhams saga reki sögu Hildar, konu Hálfðáns konungs. Hún drepur mann sinn en hann var undir álögum skjaldmeyjar sem Vörn hét. Hún lét hann reika um skóga að vetrarlagi í úlfshami. Hildur hyggst ganga að eiga Úlfham, son þeirra hjóna, eftir að hún drepur Hálfðán. En Úlfhamur flýr móður sína út í skóg og reisir sér þar virki. Eftir bardaga milli móður og sonar býður Hildur Úlfhami til veislu. Þar beitir hún kyngikrafti sínum, sendir hann og hans menn í Varnarhaug og mælir svo um að aðeins gullbúin kona geti leyst hann úr þrúundinni. Dóttir Hildar beitir nú líka sínum brögðum og móðirin deyr. Úlfhamur fer í Varnarhaug en sleppur þaðan að lokum þegar Ótta tekur hans stað. Hann hefur ekki fyrr yfirgefið hauginn en hann gleymir henni. Seinna tekst honum þó að frelsa hana úr Varnarhaugi og frásögninni lýkur með fjórföldu brúðkaupi (sbr. efniságrip á bls. cxlv o.áfr.).

Þetta er hroðaleg saga, sannkölluð hryllingssaga. En um leið er hún mjög áhugaverð. Frásögnin, eins og hún hefur varðveist í hinum ýmsu formum, er sérkennilega einföld og frumstæð á yfirborði, stundum allt að því fornaldarleg. Hún snýst um hamskipti, ofbeldi, dráp, galdra og sífjaspell. Sagan gæti vel verið kölluð Hildar saga, af því að frá sjónarhorni frásagnarfræðinnar séð er Hildur mun áhugaverðari sögupersóna en Úlfhamur og aðrir þeir sem getið er í sögunni. Sagan snýst að mörgu leyti um hana, að minnsta kosti í fyrra hluta verksins, en þar er hún miðdepill frásagnarinnar.

En fyrst í stað er rétt að fara nokkrum orðum um uppbyggingu og úrvinnslu. Ritgerðin er vel skipulögð. Í stuttum formála er fjallað um þema rannsóknarverkefnisins í víðu og almennu samhengi og athygli vakin á spurningum í sambandi við hina svokölluðu *nýju textafræði* (New Philology). Í fyrsta kafla, *Gerðir Úlfhams sögu* (bls. xiii–xxx), er gerð skýr grein fyrir rímunum og prósatextunum. Þar er einnig að finna upplýsingar um skáldskaparmál, bragarhætti, aldurseinkenni, uppruna Vargstakna og ritara/höfunda lausamálstextanna. Í öðrum kafla, *Handrit* (bls. xxxi–lxvii), er stafsetningu, málein-kennum, styttingum, skrift og frágangi handritanna, sem voru notuð fyrir þessa útgáfu, nákvæmlega lýst. Í þriðja kafla, *Tengsl handrita* (bls. lxviii–cvi), er fjallað um muninn á sögunum í hinum mismunandi handritum. ‘Tengsl mismunandi handrita sama verks (rímna, A-gerðar)’ og ‘tengsl mismunandi gerða

af rímum og sögum um Úlfham' (bls. lxxxviii o.áfr.) eru nákvæmlega skráð. Þessi samburður myndar tengslatré sem er unnið á grundvelli textarýni (sjá tengslatré á bls. ciii).

Ég mun ekki fjalla nánar um þessi efni, en vil þó segja að ég tel annan og þriðja kafla unna af mikilli vandvirkni, en þeir fjalla báðir um textafræðilega hlið handritavarðveislunnar. Efnið er sett vel og skipulega fram. Doktorsefnið hefur lagt sig fram um að flokka hinn mikla fjölda smáatriða. Það hefur að vísu óumflýjanlegar endurtekningar í för með sér. Formbreytingunum sem frásögnin tók í hinum mismunandi textum í gegnum tíðina er lýst í fjórða kafla, *Efnislegur samburður: Áhrif formbreytinga* (bls. cvii–cxliv). Þar er einnig sagt skilið við textafræðina sem 2. og 3. kafla fjölluðu um og jarðvegurinn undirbúinn fyrir umfangsmesta kafla bókarinnar, fimmta kafla, þar sem þema sögunnar er tekið fyrir. Kaflinn *Um Úlfhams sögu* (bls. cxlv–ccxlv) er eiginlega sérstök ritgerð. Í þessari rannsókn er gerð grein fyrir sögunni í ljósi hefðar og sem fornaldarsögu. Frásagnargerðin og hin fjölmörgu minni eru rannsökuð og skýrð frá þessu nýja sjónarhorni. 'Skyldleiki og tengsl við aðrar sögur' eru einnig tekin fyrir í kaflanum og túlkun fylgir í lokin. Stutt, að mínu áliti of stutt, samantekt á ensku (2 bls.) er að finna í sjötta kafla. Þar á eftir fylgja kaflar með heimildum (14 bls.), myndaskrá, handritaskrá og nafnaskrá inngangs (13 bls.).

Útgáfan sjálf skiptist í tvo hluta: Vargstökur eru á bls. 3–37; aðaltextinn er tekinn úr S, en lesbrigði úr Ó og P. Gerðirnar A, B og C Úlfhams sögu er að finna á bls. 39–61. Verkinu lýkur á nafnaskrá Úlfhams sögu á bls. 63.

III

Aðalheiður Guðmundsdóttir rannsakar Úlfhams sögu frá ýmsum hliðum, hún rannsakar textafræðilegu atriðin niður í kjölinn, skoðar söguna bæði frá sögulegu og kerfisbundnu sjónarhorni. Hún grandskoðar öll vafaatriði og fer mörgum sinnum yfir textann. Hún fer líka ótroðnar slóðir í vinnslu viðfangsefnisins, eins og ég nefndi hér í upphafi. Aldrei hefur ein afmörkuð frásögn af þessu tagi verið rannsökuð svo gaumgæfilega. Ég mun hér fjalla um nokkur atriði á mínu sviði en læt annan andmælanda ræða önnur fagleg efni. Til að forðast endurtekningar mun ég taka þessi atriði hvert fyrir sig óháð því hvar þau koma fyrir í bókinni. Að sjálfsgöðu verð ég að stikla á stóru og get ekki fjallað um hvert smáatriði fyrir sig.

Textinn sem er brotinn til mergjar í doktorsritgerðinni er flestum að öllu ókunnur. Margar ástæður eru fyrir því en aðalástæðan er sú að Úlfhams saga

er fornaldarsaga og efnið eða frásagan sem slík varðveittist þar að auki aðeins í rímnaformi. Fornaldarsögur féllu í gleymsku sem bókmenntategund um langt árabíl. Rannsóknarstarf Aðalheiðar Guðmundsdóttur er liður í rannsókn-um sem hafa átt sér stað á undanförunum árum og áratugum á þessum gleymdu bókmenntum. Fræðimenn eins og Stephen Mitchell, Marianne Kalinke, Sverrir Tómasson, Torfi Tulinius og Matthew Driscoll eru meðal þeirra sem hafa fengist við þær. Starf þeirra hefur leitt til þess að fornaldarsögur, þýddar og frumsamdar riddarasögur, rómönsur, lygisögur, ævintýrasögur og fleiri fornsögur af því tagi, sem áður þóttu mjög ómerkilegar og jafnvel vondar bókmenntir, eru nú teknar alvarlega og rannsakaðar sem sérstakt bókmenntafyrirbæri. Doktorsefnið fjallar í upphafi fimmta kafla (5.1. 'Sagan í ljósi hefðar', bls. cxlvi o.áfr.) um spurningar sem vakna í sambandi við þessa bókmenntategund og mismunandi heiti sagnanna í sambandi við hana. Hún fjallar sérstaklega ítarlega um bókmenntategundina. Hún reynir að greina tegundina nánar, þótt henni sé ljóst að Úlfhams saga er „ein þeirra sagna sem tilheyrja jaðarsvæðum hefðbundinnar tegundargreiningar“ (bls. cliv). Hún flokkar Úlfhams sögu sem unga fornaldarsögu eða ævintýrafornaldarsögu¹ og rökstyður það með því að íslensku sögurnar hafi þróast frá raunsæi til óraunsæis á miðöldum (sjá bls. clvii–clix). Fræðimenn eru þó hvorki sammála um þessa flokkun né hvort sögurnar hafi í raun og veru þróast svo greinilega og beint frá raunsæi til óraunsæis í aldanna rás. Viðar Hreinsson benti t.d. á í umfjöllun um bókina *Fortælling og ære* eftir Preben Meulengracht Sørensen að þessi kenning eigi ekki lengur við rök að styðjast (sbr. Viðar Hreinsson 1992, 1994:239–241). Það er langt í frá að allar eldri sögur séu raunsæjar og allar yngri óraunsæjar. Doktorsefni bendir enda réttilega á að Úlfhams saga sé samin úr eldra og yngra efni og hún sé samansett úr heimildum frá ýmsum tímum (sbr. bls. clix). Í þessu sambandi hefði doktorsefnið að mínum dómi getað fjallað ítarlegar um þetta grundvallarvandamál í greiningu miðaldabókmennta yfirleitt og íslensku sagnanna sérstaklega. Fjöldi heita bendir t.a.m. til þess að textarnir hafi tekið fjölda breytinga og ekki fengið ákveðið form sem hélst óbreytt í gegnum aldirnar, heldur hafi textarnir verið fljóttandi, ef svo mætti að orði komast. Textafræðileg rannsókn doktorsefnis sýnir hversu miklum breytingum texti Úlfhams sögu hefur tekið. Það er ekki hægt að tala um óbreytilegan texta í sambandi við sögu á borð við Úlfhams sögu, ekki einu sinni þótt sagan fylgi reglum bókmenntategundarinnar eins og doktorsefnið sýnir vel fram á. Það væri þess virði að velta því fyrir sér hvort það megi samþykkja að Úlfhams

¹ 'Ævintýrafornaldarsaga' er skemmtilegt heiti fyrir 'Abenteuersagas', sbr. Schier 1970:77.

saga sé ung fornaldarsaga eða ævintýrafornaldarsaga frá 14. öld. En það má líka spyrja eða setja spurningarmerki við það hvort rétt sé að láta yngri form sögunnar frá 17., 18. og 19. öld tilheyra sömu tegund. Það er tími til kominn að velta því fyrir sér í alvöru hvort nútímaheiti sem tekin eru upp eftir Carl Christian Rafn (1829–30) séu nógu opin og breytileg til að geta lýst þessum textum, sem eru svo ósamstæðir og breytilegir. Tillögur eins og tillaga Marianne Kalinke um að afnema mörkin á milli riddarasagna og fornaldarsagna og tillaga Torfa Tulinius um að nefna allar þessar sögur í heild rómönsur eru dæmi sem sýna að umræður um tegundargreiningu geta enn verið frjóar og munu halda áfram (Kalinke 1985, 1990:7–15, Torfi H. Tulinius 1993).

Mér sýnist doktorsefnið hafa rétt fyrir sér þegar hún óskar eftir nákvæmari og skýrari greiningu með tilliti til þeirrar sögu sem hún tekur fyrir. En mér finnst að slík ósk geti líka verið svolítið hættuleg, ef hún verður til þess að einfalda hlutina um of. Þar með fullyrði ég ekki að greiningaraðferðin sé röng; ég vek aðeins athygli á því að hún gæti verið of þröngsýn. Það kemur hér vel í ljós að enn þarf mikilla rannsókna við til að komast að traustari niðurstöðum. Fornaldarsögur eru einmitt kjörið dæmi til að fjalla um í sambandi við greiningu miðaldabókmenntategunda. Það er einstaklega erfitt að ná tökum á þeim. Þær eru þess vegna flóknari en aðrar íslenskar sögur frá miðöldum. Ein ástæðan er sú að það má reikna fastlega með því að efnið og minnin í textunum séu mismunandi gömul. Suma þessara texta má rekja til germanskrar, þ.e.a.s. norrænnar menningar, eins og doktorsefnið bendir á (t.d. bls. cliv). Þeir eru einskonar „goðsögulegar ævintýrasögur um forfeður norrænna manna“ (bls. clv) og voru skráðar sem slíkar á 13. öld. Önnur tímabil sem skipta máli hér eru íslenskar síðmiðaldir og tímabilið frá 17. öld til loka 19. aldar. Á þessu varðveislutímabili tóku textarnir miklum breytingum, eins og Aðalheiður Guðmundsdóttir sýnir vel fram á. Í fimmta kafla er þó ekki alltaf eins augljóst um hvaða tímabil er verið að ræða og í 2., 3. og 4. kafla. Er t.d. í sambandi við berserki og önnur minni verið að fjalla um hin óskráðu munnmæli eða tímenn, þegar frásagnirnar voru skráðar í fyrsta skipti, um 16. eða 18. öld? Doktorsefnið tekur reyndar fram (á bls. cxlv) að kaflinn fjalli um söguna eins og hún er sögð í rímunum, elsta varðveisluforminu. Þó eru fullyrðingar hennar í næstu köflum um aldur, t.d. í sambandi við bókmenntategundir, frásagnargerðina, byggingu textans, en einnig um minnin (kafla 5.1.3.), ekki alltaf nógu vel rökstuddar. Það hefði verið athyglisvert ef aðferðin sem var notuð með svo góðum árangri við aldursgreiningu í kafla 2–4 hefði einnig verið notuð til að greina innihald sögunnar eða hluta af því.

Aðalheiður Guðmundsdóttir talar t.d. í Innganginum á bls. xiii um fornar, norrænar arfsagnir, og þetta er alveg rétt. Mér leikur forvitni á að vita hvort nota mætti þessa niðurstöðu með tilliti til bókmenntafræðilegrar rannsóknar á seinni formum sögunnar, til dæmis á 14. eða 18. öld. Voru þetta þá gömul atriði, úrelt minni í augum höfunda og lesenda yngri texta? Þóttu þessir þættir kannski sérstakir og forvitnilegir, einmitt vegna þess að þeir voru gamlir og hefðbundnir eða skipti aldur þeirra kannski engu máli og var litið á þá sem samtíðarbókmenntir?² Ég viðurkenni að þetta eru erfiðar spurningar, ekki síst vegna þess að sagan í sínu upprunalega formi frá 14. öld er glötuð.

Í þessu sambandi má einnig spyrja hvort einhverjar vísbendingar séu til um enn eldri Úlfhams sögur, aðrar en þær sem eru geymdar í rímunum. Dæmin sem eru gefin í kafla 5.2. um „skyldleik[a] og tengsl við aðrar sögur“ (bls. ccxvi) benda frekar á minni og hliðstæður í frásagnarefninu, eiginlega á texta-tengsl (intertextuality) við Úlfhams sögu, en ekki um leifar eða spor sögunnar sjálfra í íslenskri bókmenntasögu.

Það er athyglisvert að Aðalheiður Guðmundsdóttir tekur fyrir rímur, en allt of fáir hafa hingað til tekist á við þær. Hún notar þær ekki aðeins sem efni í stað glatads söguefnis eins og yfirleitt var gert í byrjun 20. aldar, heldur lítur hún á rímurnar í ljósi flutnings og þess tímabils er þær voru kveðnar, áhrif áheyrendanna og smekk hvers tíma, notkun hljóms og tóns fyrir áhrif rímnanna. Sverrir Tómasson hefur meðal annars tekið þessi atriði fyrir í rannsóknum sínum og doktorsefni vísar til þeirra. Það hefið mátt nefna grein Gísla Sigurðssonar í þessu sambandi (Gíslí Sigurðsson 1986). Aðalheiður veur athygli á því mikilvæga hlutverki sem upplestur sagna og rímna gengdi á kvöldvökum. Mér datt þó í hug á einum stað hvort röksemdafærsla hennar sé e.t.v. ekki alveg rétt, þegar hún notar þá staðreynd, að mansöngva vantar í Vargstökur til að skýra hinn háa aldur rímnanna (bls. xviii):

Framangreind dæmi benda þó sterklega til þess að mansöngurinn muni hafa verið í mótnun um það leyti sem Vargstökur voru ortar og þ.a.l. má telja líklegt að þær séu frá frumskeiði rímnakveðskapar.

Er hér kannski um hringrök að ræða?

Verkið leggur einnig sitt af mörkum í sambandi við sögu seinni viðtaka og seinni varðveislu miðaldafrásagna, en hingað til hefur þeim verið alltof lítið sinnt í rannsóknum. Norrænufræðingarnir Matthew Driscoll, Andrew Wawn

² Sverrir Tómasson varpaði eitt sinn fram þeirri spurningu hvort líta bæri á Konungsbókargerð (GKS 2845 4to) Bandamanna sögu sem samtíðarverk á 14. og 15. öld (Sverrir Tómasson 1977).

og Jón Karl Helgason hafa fengist við þetta mjög svo áhugaverða fyrirbæri nýsköpunar á síðustu árum. Þrátt fyrir að það komi efninu ekki beint við er leitt að doktorsefni skuli hvorki nefna rit Huberts Seelow um íslenskar almúgabækur né rannsóknir Jóns Karls Helgasonar á Njáls sögu í þessu samhengi (Seelow 1989, Jón Karl Helgason 1999).

Það kemur vel fram í kafla 5.1.–2. 'Um frásagnargerð og byggingu' að doktorsefnið er vel heima í hefðbundinni frásagnarfræði sagna og munnlegs kveðskapar. Hún nefnir t.d. þekktu framsetningu rússneskra undraævintýra Vladimirs Propp frá þriðja áratug síðustu aldar. Hér hefði hún mátt fara meira inn á nútímalegri aðferðir frásagnarrannsókna. Bengt Holbek gefur nokkur góð dæmi um það (Holbek 1987).

Aðalheiður Guðmundsdóttir segir á bls. xx o.áfr. að sögur sem hafa gengið í munnmælum séu yfirleitt þáttakenndari en ritaðar sögur og síbreytileiki sé eitt helsta einkenni munnmælasögunnar. Hún notar þetta til að sýna fram á að rímur 14. aldar séu byggðar á bóksögu en ekki munnlegum flutningi. Það verður þó að taka fram að ævintýri geta einnig haft mjög flóknar formgerðir með flóknu táknakerfi og að ritaðir textar geta verið mjög staðlaðir. Doktorsefnið reynir í nokkrum samböndum að tengja formúlur ritarans í upphafi og lok frásagnar við áheyrendur (t.d. bls. xxiii: karlmenn sem aðalviðtakendur, þ.e. karlkyns áheyrendur í verbúðum; bls. cxv: textabreytingar gerðar af konu). Hér er hætt á því að venjubundin klif séu tekin of bókstaflega. Þess háttar formúlur eru algengar og koma fyrir í ýmsum myndum, og það er ekki svo einfalt að nota þær sem dæmi um félagslega merkingu textans og stöðu hans í samfélaginu. En það er mikilvægt að athygli er vakin á þessu efni.

Það er rétt að bæta við enn einu atriði í þessu samhengi. Höfundur skoðar samskipti milli ritaðra og munnlegra frásagna, milli afritunar og nýsköpunar prósatexta, rímna, nýrra lausamálstexta, stundum jafnvel danskvæða mjög ítarlega og á skemmtilegan hátt. Það væri þó hægt að ætlast til að hún tæki nánara mið af nýjustu alþjóðlegu rannsóknum sem ekki fjalla sérstaklega um íslenskar bókmenntir (sjá t.d. Pasternack 1995).

Doktorsefnið hefur unnið mikið verk og safnað saman mjög áhugaverðu efni í sambandi við einstök mótíf eins og kemur fram í kafla 5.1.3. Þess vegna þykir kannski óréttlátt að benda á nokkra veika hlekki og sakna eftirheimilda. Það verður að segja að Aðalheiður Guðmundsdóttir hafi unnið þjóðsagnafræðilega efnið yfirleitt mjög vel.³ Hið sama gildir þó ekki um gelískar heim-

³ Athaganir þessar um þjóðsagnaefni eru komnar frá einum dómnefndarmanni um hæfi ritismiðarinnar sem doktorsrits, Terry Gunnell.

ildir. Þar styðst hún eingöngu við eftirheimildir, yfirleitt íslenskar, í stað þess að skoða upprunalegu textana (eða í þýðingu ef með þarf). Hún hefði til dæmis líka getað notað meira af verkum Bos Almqvist og Alans Bruford og þýðingar úr írskum og skoskum sögnum. Í þeim gegna úlfar til dæmis engu hlutverki svo að það er ekki mjög líklegt að hægt sé að rekja varúlfssögnina þangað. Í þessu sambandi er rétt að taka fram að munurinn á gelísku og keltnesku er ekki nógu ljós í framsetningu Aðalheiðar. Það gæti þó verið að varúlfaminnið kæmi af keltnesku (en ekki gelísku) svæði eða úr franskri rómönsu. Á Írlandi er hins vegar oft talað um svokallaða 'dog men', kempur, sem eru hvorki geltir, birnir né úlfar heldur hundar. Þar gegnir hundur hlutverki Úlfhéðins/berserks.⁴

Athyglisverðu efni hefur verið safnað saman í kaflanum um berserki.⁵ Ég er þó ekki alveg sáttur við hversu mjög hér er stuðst við kenningar Ottos Höfler um svo kölluð „Geheimbünde der Germanen“ (bls. ccxii o.áfr.). Höfler er eins og kunnugt er mjög umdeildur fræðimaður, og það er vanráðið að taka of mikið tillit til þessarar bókar, ekki einungis vegna efnis heldur þó einkum vegna þess að hún kom út árið 1934. Það hefði verið rétt að fara varlegar inn á svið þessara erfiðu rannsókna.⁶

Kafli 5.3.1. ber heitið 'Túlkun' og eru lok 5. kafla. Þetta er mjög áhuga- verður þáttur þar sem augljóst er að doktorsefnið hefur kynnt sér fjölda bókmenntafræðilegra kenninga og aðferða.

Mér finnst ritgerðin sérstaklega sannfærandi í sambandi við notkun sálfræðilegrar og sálrænnar túlkunar á Úlfhams sögu. Hér megnar Aðalheiður að sýna merkingarmið textans. Þó verður niðurstaða slíkrar túlkunar nokkuð almenns eðlis þegar hún segir t.d. (bls. ccxlv):

Gervöll Úlfhams saga er í raun byggð upp sem leikur gagnstæðra afla og er — þegar upp er staðið — átakasaga kynja og kynslóða og þar með fólks af andstæðum eða ólíkum heimum.

Slík átök einkenna í raun texta margra ævintýrakenndra frásagna. Sem niðurstöðukafli verður þessi kafli 5.3. að teljast of rýr, sé hann borinn saman við

⁴ Sjá til dæmis Bruford 1966 og Almqvist 1991. Aðalheiður styðst um of við heldur gömul verk Einars Ólafs Sveinssonar frá 1929, 1932 og 1940, en notar þó einnig skrá Inger M. Boberg (1966) og nýja rannsókn Gísla Sigurðssonar (1988) um gelísk áhrif á íslenskar bókmenntir.

⁵ Það er kannski líka við hæfi hér að benda á langa ritgerð doktorsefnisins um berserki sem birtist í *Skírni* (Aðalheiður Guðmundsdóttir 2001).

⁶ Sjá til dæmis Mees 2000.

aðra hluta verksins. Æskilegt hefði verið að doktorsefni hefði gefið sér betra tórn til þess að tengja rækilegar saman þá þræði sem hún rekur í 5.3.1.1–5.3.1.6 og jafnframt styðja niðurstöður sínar með fyllri umræðu um túlkunarfræðilegar forsendur og umfangsmeiri tilvísun til bókmenntafræðirannsókna. Sem dæmi má nefna að sum þeirra grundvallarrita sem hún tekur mið af, eru umdeild og úrelt. Ég á þá aftur við verk Ottos Höfler (sjá bls. ccxxxix) og Carls Gustav Jung um sálfræðilegar túlkanir bókmennta, goðsagna og ævintýra. Á þessu sviði bókmenntafræðinnar hefur sem kunnugt er gerst mikið á undanförmum árum og áratugum bæði í alþjóðlegri umræðu og hjá íslenskum fræðimönnum, t.d. Helgu Kress og Dagnýju Kristjánsdóttur, og hefði mátt fjalla um valdbeitingu og sifjaspell í Úlfhams sögu út frá þessum sálfræðilegu og mannfræðilegu rannsóknum. En samt eru bókmenntafræðilegar niðurstöður 5. kafla mjög áhugaverðar.

IV

Doktorsefnið getur þess á nokkrum stöðum að texti Úlfhams sögu sé kjörið rannsóknarefni á formbreytingum af því að þar koma margar gerðir frá mismunandi tímum fyrir. Það má einnig segja að sagan sé kjörin fyrir slíkar rannsóknir af því að hún er stutt og þar af leiðandi auðveld yfirsýnar. Til eru fá handrit af henni og þar að auki er varðveislusvæði Úlfhams sögu ekki stórt (sbr. bls. xcix–c; bls. lxxviii). Aðalheiði Guðmundsdóttur tekst t.d. mjög vel í 3. og 4. kafla að laga sitt rit að rannsóknum Matthews Driscoll og Peters Jorgensen sem fjalla um lausamálsumritanir rímna. Í því felst einn af aðalkostum þessarar ritgerðar.

Sem bókmenntafræðingur verð ég þó að taka fram að mér finnst doktorsefnið e.t.v. ekki taka nógu afgerandi afstöðu til umræðna um hina nýju textafræði. Höfuðtakmark hennar er að sjálfsgöðu að leggja grundvöll að útgáfu textans. Þess vegna kemur oft fyrir orðalag og skoðanir í rannsókninni sem mér finnst mótast mjög af hefðbundinni textafræði. Doktorsefnið ræðir t.d. þó nokkuð oft um villur (sjá kafla 3.5.), eða um að texti hafi aflagast og sé úr lagi færður (t.d. í sambandi við munnmæli, bls. lxxviii). En orðalag eins og „ruglingur af þessu tagi“ (bls. lxxxiv), einnig í sambandi við munnmæli, er vissum vandkvæðum bundið. Ég tók sérstaklega eftir því í sambandi við ræðu doktorsefnis um langa munnlega varðveislu C-gerðarinnar (bls. lxxxiii) að flokkar eða hugtök eins og *upphaflegt* = ‘gott’, *ungt* = ‘aflagað, vont’ eru notuð. Aðalheiður Guðmundsdóttir tekur reyndar fram í neðanmálsgrein 131 (bls. lxxxii), að hugtakið misskilningur feli

ekki í sér fordóma, hvorki til höfundar *C-gerðar*, þess fólks sem varðveitti söguna í minni sínu og flutti, sér og öðrum, til skemmtunar, né *C-gerðar* sjálftrar, þ.e. Úlfhams sögu eins hún er varðveitt þar.

Hugtak eins og misskilningur bendir einmitt til þess að ekki hafi verið farið með texta frá orði til orðs eins og heilagt verk, heldur hafi verið hann endursagður á skapandi hátt í gegnum aldirnar. Vegna þessa hefði mér fundist rétt að forðast jafnvel enn frekar orðræðu hefðbundinnar textafræði. Mér finnst einnig heldur oft talað um „réttari leshætti“ (t.d. bls. xxv). Þó nýtur frammistaða seinni ritara, endursemjenda og höfunda nýrra gerða ávallt fullrar virðingar í ritgerðinni (t.d. bls. xxiv). Aðalheiður Guðmundsdóttir tekur ritara seinni sagnanna alvarlega; það kemur meðal annars fram í því að hún kallar þá höfunda og viðurkennir þá þar með sem skapandi listamenn.⁷ Þetta er mjög jákvæð og hvetjandi hlið rannsóknarinnar. Rannsókn doktorssefnisins á þessum málum er þó ekki byggð á kenningum í mjög ríkum mæli. Rannsóknir vísindamanna eins og Jerome J. McGann, D. C. Greetham, Stephen G. Nichols eða Bernard Cerquiglini og margra annarra koma ekki við sögu.⁸ Með tilliti til þess fjölda eftirheimilda sem Aðalheiður Guðmundsdóttir studdist við er ekki hægt að gagnrýna hana fyrir að hafa ekki lesið fleiri bækur. Þó hefði það ekki komið að sök ef hún hefði kynnt sér, þó ekki væri nema að litlu leyti, rannsóknir þessara fræðimanna. Það hefði getað gefið röksemdum hennar aukið vægi. Í *Formála* er reyndar vísað til umræðunnar um stefnu textafræðinnar og bókmenntafræðinnar eins og ég hef þegar nefnt. Aðalheiður Guðmundsdóttir fer þó mjög varlega út í þá sálma. Ég gæti nefnt hér, til að nefna eitthvað, að hinn ríkulega efnivið sem hún hefur rannsakað, samband og samspil mismunandi texta, hefði mátt kanna út frá sjónarmiði nýjustu kenninga bókmenntafræðinnar, eins og t.d. hugtaki Juliu Kristeva um textatengsl. Aðalheiður Guðmundsdóttir segir á bls. lxxv að „prósagerðirnar [tengjast] hver annarri í gegnum glataða sögu“. Hún ætlar sér hér fyrst og fremst að sýna fram á hvernig prósatextinn hafi verið unninn úr rituðum rímum eða munnlegum flutningi þeirra.

En skoðun Juliu Kristeva um textatengsl er sú að einstaka textar geti verið tengdir án þess að lýsa verði tengslunum þannig að ein frásögn (einn texti) hafi einatt haft bein áhrif á aðra (annan texta) og þau hin sömu áhrif geti

⁷ Stephen Tranter kallaði höfund Sturlunga safnsins eitt sinn ‘the creative compiler’, sbr. Tranter 1987.

⁸ Til dæmis Cerquiglini 1989, Nichols 1990, McGann 1992; sjá um þetta Glauser 1998, Jørgensen 2002.

breiðst út til annarra textategunda án þess að rekja megi að einn ákveðinn texti sé háður öðrum. Hið sama gildir um hina svokölluðu *nýju söguhyggju* (New Historicism) sem Stephen Greenblatt er m.a. í forsvari fyrir. Þeir sem hana aðhyllast sjá samband eins texta við annan sem þéttriðinn möskva. Og í þessu sambandi hefði mátt taka tillit til skýrgreiningar Gerhards Genette um uppskafning. Í þessu viðfangi segir Aðalheiður Guðmundsdóttir um handritið Þ á bls. xlix réttilega: „Meðferð handritsins vekur upp spurningar um viðhorf 17. aldar manna til Íslendingasagna og gamalla skinnbóka.“ Dæmið um þetta handrit þar sem textinn var að hluta skafinn burt og ritaður að nýju er einmitt tákn fyrir fyrirbrigði sem þessi bók snýst um: Stöðugan málflutning um hvernig eigi að skýrgreina bókmenntir fyrri tíða, hvernig gömul arfleifð menningar og gamall texti lagar sig sumpart að nýjum texta. Í rannsóknum á sambandi munnlegrar og ritaðrar varðveislu texta, á úrvinnslu sama efnis í mismunandi formum (rímum, prósa), á flutningi textans við ákveðnar félagslegar og menningarlegar aðstæður, á meðferð mismunandi formúlna, sem eru notaðar í textunum með sama efni (bls. xciv) og á hinum mismunandi háttum að skrá og varðveita gamlar frásagnir hefur þessi ritgerð upp á mjög áhugavert efni að bjóða. Hér er fjallað um ekkert minna en grundvallaratriði varðveisluferlis sem varða um leið líf bókmenntanna yfirleitt, en þau vekja upp spurningar eins og: Hvað er bókmenntalegur texti? Er texta takmörk sett? Hvenær verður texti að öðrum texta, hvenær má kalla að tveir textar séu eins, svo að segja einn og hinn sami texti? Hvað er samsemd texta? Er aðeins hægt að segja til um það í sambandi við aðra texta og með tilliti til þeirra?

V

Ritgerð doktorsefnisins svarar ekki öllum þessum spurningum. En bókin er þess eðlis að lesendur geta hafið eigin rannsóknir, leitað eigin svara í sama anda og doktorsritgerðin er unnin. Ég er sannfærður um að rannsóknir sem varða hugtök eins og texta, bókmenntategundir og varðveislusögu handrita munu verða unnar á grundvelli þessarar ritgerðar í framtíðinni. Það er sannarlega mikils virði þegar vísindaleg rannsókn ryður veginn fyrir frekari rannsóknir.

Að lokum langar mig til að þakka heimspekideild og Háskóla Íslands fyrir þá virðingu og traust sem mér hefur verið sýnd með því að fá tækifæri til að halda ræðu andmælanda við þessa hátíðlegu athöfn. Mér var falið mjög áhugavert og spennandi verkefni þegar ég var beðinn um að fást við ritgerð Aðalheiðar Guðmundsdóttur. Ég er ýmsu fróðari eftir að hafa kynnt mér hana. Ég féllst á

að lesa doktorsritgerðina fegins hendi þrátt fyrir mikinn tímaskort af því að rannsóknarefnið snýst um mikilvægar spurningar í norrænni textafræði og bókmenntasögu, spurningar sem ég hef sjálfur velt lengi fyrir mér og hafa meðal annars verið hluti af rannsóknarverkefni um varðveislufurli skandinavískra bókmennta 15.–18. aldar. Með tilliti til míns eigin áhugasviðs var það einstaklega ánægjulegt að uppgötva að ung íslensk vísindakona er að velta svipuðum spurningum og aðferðum fyrir sér. Það ber að óska doktorsefninu til hamingju með sannfærandi vísindalegt afrek. Hún hefur lagt sitt af mörkum í þróun norrænnar textafræði og bókmenntasögu með vel skipulögðu verki og víðtækum, sjálfstæðum vinnubrögðum. Hún og Háskóli Íslands geta verið stolt af þessu framtaki.

HEIMILDIR

- Aðalheiður Guðmundsdóttir. 2001. Um berserki, berserksgang og *amantia muscaria*. *Skírnir* 175:317–353.
- Almqvist, Bo. 1991. Irish migratory legends on the supernatural. Sources, studies and problems. *Béaloideas. The Journal of the Folklore of Ireland Society* 59:1–43.
- Boberg, Inger M. 1966. *Motif-Index of Early Icelandic Literature*. Bibliotheca Arnamagnæana XXVII. Munksgaard, Copenhagen.
- Bruford, Alan. 1966. Gaelic Folktales and Mediæval Romances. *Béaloideas. The Journal of the Folklore of Ireland Society* 34.
- Cerquiglini, Bernard. 1989. *Éloge de la variante*. Histoire critique de la philologie. Éditions du Seuil, Paris.
- Einar Ól. Sveinsson 1929. *Verzeichnis isländischer Märchenvarianten mit einer einleitenden Untersuchung*. FF Communications 83. Academia Scientiarum Fennica, Helsinki.
- Einar Ól. Sveinsson 1932. Keltnesk áhrif á íslenskar ýkjusögur. *Skírnir* 106:100–123.
- Einar Ól. Sveinsson. 1940. *Um íslenskar þjóðsögur*. Sjóður Margrétar Lehmann-Filhés, Reykjavík.
- Gísli Sigurðsson. 1986. Ástir og útsaumur. Umhverfi og kvenleg einkenni hetjukvæða Eddu. *Skírnir* 160:126–152.
- Gísli Sigurðsson. 1988. *Gaelic Influence in Iceland*. Historical and Literary Contacts. A Survey of Research. *Studia Islandica* 46. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
- Glauser, Jürg. 1998. Textüberlieferung und Textbegriff im spätmittelalterlichen Norden: Das Beispiel der Riddarasögur. *Arkiv för nordisk filologi* 113:7–27.
- Holbek, Bengt. 1987. *Interpretation of Fairy Tales*. Danish Folklore in a European Perspective. FF Communications 239. Academia Scientiarum Fennica, Helsinki.
- Jón Karl Helgason. 1999. *The Rewriting of Njáls Saga*. Translation, Ideology and Icelandic Sagas. Topics in Translation 16. Multilingual Matters Ltd, Clevedon, Buffalo, Toronto, Sydney.
- Jørgensen, Jon Gunnar. 2002. Sagalitteratur som forskningsmateriale. Utgaver og utnyttelse. *Maal og Minne* 2002:1–14.

- Kalinke, Marianne E. 1985. Riddarasögur, fornaldarsögur, and the problem of genre. *Les Sagas de Chevaliers (Riddarasögur)*. Actes de la Ve Conférence Internationale sur les Sagas. (Toulon. Juillet 1982). Útg. Régis Boyer. Civilisations 10. Presses de l'Université de Paris-Sorbonne, Paris, bls. 77–91.
- Kalinke, Marianne E. 1990. *Bridal-Quest Romance in Medieval Iceland*. *Islandica* XLVI. Cornell UP, Ithaca, London.
- McGann, Jerome J. 1992. *A Critique of Modern Textual Criticism*. University Press of Virginia, Charlottesville, London.
- Mees, Bernard. 2000. Völkische Altnordistik: The Politics of Nordic Studies in the German-Speaking Countries, 1926–45. *Old Norse Myths, Literature and Society*. Proceedings of the 11th International Saga Conference 2-7 July 2000, University of Sydney, bls. 316–326. Centre for Medieval Studies, University of Sydney, Sydney.
- Nichols, Stephen G. (ritstj.). 1990. The New Philology. *Speculum* 65(1):1–108.
- Pasternack, Carol Braun. 1995. *The Textuality of Old English Poetry*. Cambridge Studies in Anglo-Saxon England 13. Cambridge University Press, Cambridge, New York, Melbourne.
- Schier, Kurt. 1970. *Sagaliteratur*. Sammlung Metzler 78. J. B. Metzlersche Verlagsbuchhandlung, Stuttgart.
- Seelow, Hubert. 1989. *Die isländischen Übersetzungen der deutschen Volksbücher*. Handschriftenstudien zur Rezeption und Überlieferung ausländischer unterhalten-der Literatur in Island in der Zeit zwischen Reformation und Aufklärung. Rit 35. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.
- Sverrir Tómasson. 1977. Bandamanna saga og áheyrundur á 14. og 15. öld. *Skírnir* 151:97–117.
- Sverrir Tómasson. [Í prentun.] The Function of Rímur in Iceland during the Late Middle Ages. *Balladen-Stimmen*. Vokalität als theoretisches und historisches Phänomen der skandinavischen Balladentransmission. Útg. Jürg Glauser, Barbara Sabel. Beiträge zur Nordischen Philologie 37. A. Francke, Tübingen, Basel.
- Torfi H. Tulinius. 1993. Íslenska rómansan – fornaldarsögur og frumsamdar riddarasögur. *Íslensk bókmenntasaga* II, bls. 218–244. Ritstj. Vésteinn Ólason. Mál og menning, Reykjavík.
- Tranter, Stephen Norman. 1987. *Sturlunga Saga*. The rôle of the Creative Compiler. European University Studies. Series I. German Language and Literature 941. Peter Lang, Frankfurt am Main, Bern, New York.
- Viðar Hreinsson. 1992. Hver er þessi Grettir? *Skáldskaparmál* 2:77–106.
- Viðar Hreinsson. 1994. Ritdómur um *Fortælling og ære*. *Studier i islændingesagaerne* eftir Preben Meulengracht Sørensen. *Skáldskaparmál* 3:232–241.

Jürg Glauser
 Abteilung für Nordische Philologie
 Deutsches Seminar
 Universität Zürich
 Schönberggasse 9
 CH-8001 Zürich
 Sviss
 jglauser@ds.unizh.ch

II

RÆÐA SVANHILDAR ÓSKARSDÓTTUR

I

ÚLFHAMS SAGA er í ýmsu nýstárlegt verk og öðrum þræði ávöxtur þeirrar frjóu umræðu sem farið hefur fram á undanförmum árum og áratugum innan textafræði, þjóðfræði og bókmenntafræði um eðli og eigindir textans, um þátt munnlegrar geymdar og endursköpunar í þróun hans, um þátt skrifara handrita, lesenda og tilheyrenda í varðveislu og túlkun. Miklar breytingar hafa orðið á hugmyndum manna um textann. Það hefur afleiðingar fyrir þær aðferðir sem beitt er við að búa forna texta til prentunar og jafnframt má halda því fram að það hafi áhrif á það hvaða textar eru gefnir út. Að minnsta kosti hafa ýmsar bókmenntagreinir, sem lengi nutu lítillar hylli hjá fræðimönnum, nú reynst hafa aðráttarafi fyrir þá sem vilja hugsa um þessi mál á nýjan hátt. Það rit sem hér er til umræðu er að þessu leyti barn okkar tíma — það kynnis okkur rímur sem lengi þóttu lítillar athygli verðar, og e.t.v. síst ef sagan sem að baki þeim býr reynist ekki vera tiltæk í einhverju sem kalla mætti upphafleg mynd. En til viðbótar við þessar miðaldarímur (sem áður höfðu komið á prent) hefur doktorsefni rannsakað og gefið út þær varðveittu lausamálsgerðir sem samdar voru upp úr rímunum á síðari öldum og athugað allt þetta efni með hliðsjón af hugmyndum þjóðfræða og bókmenntafræða um sagnaskemmtun og félagslegt hlutverk bókmennta, um ólíkar túlkunarleiðir og samspil sköpunar, viðtöku og túlkunar.

Það er kostur við þetta verkefni að það er hæfilega umfangsmikið og afmörkun doktorsefnis er skýr. Rímurnar eru ekki langar, sex rímur, 40–59 erindi hver. Þær eru varðveittar heilar í tveimur handritum og brot úr þeim í öðrum tveimur. Prósagerðirnar eru taldar þrjár, og þar koma alls fimm handrit við sögu. Á hinn bóginn er verkefnið fjölfaglegt og krefst yfirgripsmikillar þekkingar og færni á nokkrum sviðum. Þegar svo margvíslegur lærdómur er samandreginn getur reynst erfitt að gæta jafnvægis milli efnisþátta; gera öllu því skil sem nauðsynlegt er til þess að birta viðfangsefnið frá ólíkum hliðum en drekkja þó ekki lesanda í smáatriðum. Ég tel að Aðalheiði Guðmundsdóttur hafi í meginatriðum tekist þetta. Hún dregur upp mynd af lífi söguefnisins um Úlfham sem yfirleitt er sannfærandi og hún rökstyður mál sitt með nákvæmum vitnisburði sem er skipulega fram settur. Þó er óhjákvæmilegt að við gagn-

rýnan lestur rits sem þessa geti menn greint á við höfundinn og fundist sem í einhverju sé ofgert, í öðru van og að sitthvað sé missagt eða orki tvímælis. Fyrri andmælandi hefur einkum gert bókmenntafræðilega og bókmenntasögulega þætti bókarinnar að umtalsefni. Það fellur í minn hlut að ræða um fyrsta hluta verksins, þ.e. könnun doktorsefnis á handritum og venslum þeirra, sem og um sjálfa útgáfu textanna.

Áður en ég sný mér að því koma þó nokkur orð um frágang verksins í heild. Fyrst er þar að nefna hnökra sem lítilfjörlegir mega kallast þótt venja sé að tífunda þá við próf sem þetta. Nokkrar prentvillur eru í bókinni — flestar saklausar í þeim skilningi að þær valda ekki misskilningi, og fjölyrði ég ekki um þær heldur afhendi doktorsefni lista þar um. Þá eru dæmi um smáslys eins og á bls. 184 þar sem gríska orðið *lykanthropos* er sagt latneskt og í neðanmálsgrein 311 þar sem varúlfatrú Norðmanna er sögð lifa vel fram á 20. öld og það byggt á tilvitnun sem sýnir að höfundurinn sem í hlut á, á þar við 19. öld.

Formlegur frágangur tilvísana, bæði millivísana og neðanmálsgreina, sem og heimildaskrár og annarra skráa í bókarlok er góður. Eilítið sérkennilegur er sá háttur Aðalheiðar að tiltaka fæðingarár (og dánarár þar sem það á við) þeirra fræðimanna sem hún vitnar til. Reglan virðist vera sú að birta ártalið þar sem fræðimanns er fyrst getið í meginmáli, þrátt fyrir að stundum hafi verið vísað nokkuð ítarlega til þeirra áður í neðanmálsgreinum. Nú er það svo að lesandinn hefur ekki sérlega mikið gagn af þessum upplýsingum en hins vegar er þægilegt að sjá að bragði hvenær það rit birtist sem vísað er til. Þær upplýsingar verður lesandinn hins vegar að sækja í heimildaskrána, því slík ártöl rita er hvorki að finna í meginmáli né neðanmáls. Seint verður þetta þó talið úrslitaatriði um notagildi bókarinnar. Meiru skiptir að á tilvísunum eru stundum þeir annmarkar að Aðalheiður vitnar í eftirheimildir eða handbækur þar sem gera verður þær kröfur að vísað sé til frumheimilda. Einfalt dæmi um þetta er á bls. xlviii þegar hún vitnar til handritaskrár Kálunds um athugasgreinar Árna Magnússonar um handrit hans, en venja er að vísa þar til útgáfu frumheimildarinnar, *Arne Magnussons i AM 435 A–B, 4to indeholdte håndskriftfortegnelser*. Bagalegri dæmi er einkum að finna í fimmta kafla verksins, til dæmis í þeim undirkafla sem fjallar um varúlfsminnið. Þar er sagt, á bls. clxxxvii, að elsta fullmótaða varúlfasagan sé varðveitt innan skáldsögunnar *Satýrikon* eftir Petróníus og sú saga er síðan notuð til samanburðar við Strengleikasöguna af Bisclaret í nmgr. 288 tveimur blaðsíðum síðar. Enga beina tilvísun til *Satýrikon* er þó að finna í bók Aðalheiðar (og er verkið þó vel aðgengilegt í nýlegri íslenski þýðingu) og Petróníus er heldur ekki nefndur í heimildaskrá. Eingöngu er vitnað til verksins gegnum eftirheimildir.

Pá má nefna meðferð óprentaðra heimilda. Aðalheiður vitnar í þrígang í óprentaða fyrirlestra. Ekkert er við það að athuga að nota slíkar heimildir þegar fram kemur í tilvísuninni hvað var sagt í fyrirlestrinum. Því er hins vegar ekki að heilsa í nmgr. 273 þegar Aðalheiður vísar lesanda á frekari fróðleik um varúlfsminnið í óprentuðum fyrirlestri eftir sjálfa sig. Skipti efni fyrirlestrarins sköpum fyrir röksemdafærslu á þessum stað hefði doktorsefni átt að reifa það stuttlega, ellegar sleppa vísuninni.

Beinar tilvitnanir eru teknar upp af nákvæmni og sama er að segja um allan þann vitnisburð sem dreginn er fram með samanburði handrita. Hann er vandlega flokkaður og öll dæmi virðast tekin upp af mikill natni. Framsetning efnisins er því að þessu leyti skýr og skipulögð. Ekki er alveg sömu sögu að segja um málfar og stíl sem víða er ábótavant. Segja má að það komi ekki að sök í fræðiriti nema auðvitað þegar svo er komið að ekki er lengur ljóst hvað höfundur er að fara. Um þetta eru því miður nokkur dæmi og sum mun ég tífunda síðar í máli mínu. Í bili nefni ég einungis skammstöfunaráttu sem verður hvítleið þegar orðasambönd eins og *til dæmis, þar á meðal, með tilliti til, svo sem, ef til vill, um það bil* og *ad minnsta kosti* eru nánast aldrei skrifuð fullum stöfum.

II

En þá að veigameiri málefnum, útgáfu textanna og umfjöllun um handritin og tengsl þeirra. Of langt mál yrði að ræða ítarlega um öll þau handrit sem Aðalheiður fjallar um og hef ég kosið að draga þrjú þeirra fram. Hið fyrsta er Staðarhólsbók, það handrit sem Aðalheiður leggur til grundvallar útgáfu sinni á Vargstökum.

Texti Vargstakna í Staðarhólsbók var gefinn út af Finni Jónssyni í *Rímna-safni II* (Finnur Jónsson 1913–22:133–169) en uppskrift Aðalheiðar er nákvæmari og frágangur textans yfirleitt til fyrirmyndar. Á bls. xxxv telur Aðalheiður upp nokkur dæmi þar sem þau Finn greinir á og fellst ég á það með henni að lestur hennar sé þar yfirleitt betri. Þó er ekki gott að sjá að lestur hennar á 4. línu í V.19 sé framför frá Finni. Aðalheiður les annað orð línunnar „hirda“ en Finnur „hrida“ og hefur sá lestur t.d. stuðning af sams konar les-hætti í IV.37.3. Ég nefni einnig 3. línu 20. erindis 1. rímu: „kemur af skogi kongurinn h⟨r⟩einn“. Þar stendur í handriti „heĩ“. Það les Finnur „heim“, og miðar þá við að skrifari hafi gert villu sem er mjög skiljanleg þegar samhengið er haft í huga. Villuna leiðréttir Finnur síðan í „hveinn“. Aðalheiður fer flóknari leið, og að líkindum óþarflega flókna. Hún gerir ráð fyrir að *r* hafi fallið

niður fyrir misgáning og að nefhljóðsbandið standi fyrir *nn*. Í umfjöllun sinni á bls. xxxv gleymir hún að vísu að skáletra *n*-in til þess að gefa upplausnina til kynna. (Og þar sem rímnatextinn sjálfur er prentaður síðar í bókinni er einungis annað *n*-ið skáletrað og þar með gefið til kynna að skrifari hafi skrifað eitt *n* með lengdarmerki. Tvö önnur dæmi um slíkar misfellur í upplausn banda hef ég fundið en það eru smávægilegar yfirsjónir í annars mjög áreiðanlegri uppskrift.)

Meiri ástæða er ef til vill til að finna að þeirri ákvörðun Aðalheiðar að leysa titullinn sem líkist tölunni 2 ofan línu alls staðar upp með stoðhljóðinu *u*, þannig að upplausnin verður *-ur*. Þetta gerir hún einnig í síðustu orðum stýfðra vísuorða með þeim afleiðingum að braglínurnar verða óstýfðar, þ.e. síðasta orðið, sem við upplausn bandsins hefur fengið stoðhljóð, er orðið tvíkvætt og bragurinn raskast. Dæmin um þetta eru flest í 2. og 5. rímu. Aðalheiður vísar til ritgerðar eftir Stefán Karlsson (1964) og segir (í 11. nmgr.):

Stefán Karlsson er þeirrar skoðunar að stoðhljóðið hafi í raun ekki verið atkvæðisbært og því sé rétt að telja þannig samsetta bragliði stýfða. Með þessu gerir hann ráð fyrir að tónkvæði („musikalsk akcent“) hafi enn verið í málinu og hafi haft áhrif á framburð orða.

Þetta er ekki nægilega skýrt hjá doktorsefni því að hér er eiginlega um tvennt að ræða. Annars vegar höfum við hér vísbendingu um reglu (skáldaleyfi) sem heimilar skáldunum að nota orð sem ættu að hafa stoðhljóð sem endaorð í stýfðum vísuorðum. Hins vegar er svo það, að til þess að skáld gætu fylgt þessari reglu urðu þau að vita í hvaða orðum *u*-ið var upprunalegt og í hvaða orðum það var stoðhljóð enda þótt í máli þeirra væri stoðhljóðið komið inn. Tónkvædistilgátan skýrir þetta síðarnefnda.

En í framhaldi af þessu má spyrja? Ef skáldin litu á þessi stoðhljóðsorð sem væru þau einkvæð, þ.e. notuðu þau til þess að fylla stýfðan braglið — hvaða ástæða er þá til að prenta stoðhljóðið þegar leyst er upp úr böndunum? Doktorsefni virðist gefa þá ástæðu eina að með því sé gætt samræmis því stoðhljóð annars staðar en í stýfðu liðunum hafa atkvæðisgildi og eru því leyst upp með *-ur*. En með þessari samræmingu raskast bragurinn, ef við gerum ráð fyrir því að rímnaskáldin og áheyrendur þeirra hafi tekið stýfða liðinn hátféllega og ekki borið stoðhljóðið fram þar. Það mælir með því að svo hafi verið að á einum stað í Vargstökum í Staðarhólsbók er ending stýfðs liðar af þessu tagi skrifuð út. Það er í 25. erindi 2. rímu þar sem 3. lína hljóðar svo: „*herin kemur þar harlla prudr*“, síðasta orðið skrifað án stoðhljóðsins. Ekkert dæmi

er um að skrifari skrifi sambærileg orð út með stoðhljóði — þau eru alls staðar bundin. Hér má því spyrja: Gengur ekki sú túlkun sem felst í upplausninni lengra en efni standa til? Er hér bragnum fórnað á altari samræmis í frágangi?

Lítum næst á umfjöllun um handritið, á bls. xxxi–xlvi. Þar byggir doktors-efni á skrifum annarra fræðimanna sem eðlilegt er, því allnokkrir hafa um Staðarhólsbók fjallað. Ljósprentun handritsins var gefin út árið 1938 en í inn-gangi Williams Craigie að þeirri útgáfu er einkum fjallað um rímur sem kveð-skapargrein en handritinu sjálfu einungis lýst stuttlega (Craigie 1938:5–7). Ítarlegri umfjöllun um handritið er að finna í grein eftir Jón Helgason, sem birtist í *Skírni* árið 1932, og um feðga þá sem ætlað er að skrifað hafi handritið hafa auk þess fjallað Stefán Karlsson (1970:139–140) og Ólafur Halldórsson (1966:25–27). Þrátt fyrir að úr ýmsu sé að moða finnst mér doktorsefni skammta lesendum sínum fróðleikinn fullnaumt. Þannig á t.d. flest af því sem Aðalheiður tilfærir í nmgr. 36, um blaðsíðumerkingar og efnisyfirlit, betur heima í meginmáli. Í staðinn hefði mátt telja í neðanmálsgrein allar þær rímur sem varðveittar eru í handritinu en um slíkar upplýsingar vísar Aðalheiður til ljósprentuðu útgáfunnar. Þær hljóta þó að vera áhugaverðar fyrir lesendur *Úlfhams sögu*, ekki síst í ljósi þess að Aðalheiður beinir í verki sínu mjög sjónum að viðtökum rímna og prósa. Það er fróðlegt í því sambandi að athuga hvaða rímur skrifarar Staðarhólsbókar festu á bók og í hvaða röð. Í lýsingum sínum á aðalhandritum A- og B-gerðar *Úlfhams sögu* getur Aðalheiður um annað efni í handritunum. A-gerðin er þar í flokki með efniságripum af Orm-ars rímum, Rímum Gríms og Hjálmars og Rímum af Sigurði Fornasyni en tvennar þær fyrrnefndu eru í Staðarhólsbók. Af tólf sögum sem er að finna í handriti B-gerðar geymir Staðarhólsbók rímnagerðir fjögurra, þ.e. Sigurðar rímur þögla, Dámusta rímur og Rímur frá Sálus og Níkanór auk Vargstakna. Það hefði því bæði verið til samræmis og áhugavert fyrir lesendur að fá yfirlit um efni Staðarhólsbókar í kafla 2.1.

Upplýsingar um skrifara handritsins og ritunartíma hefur doktorsefni frá þeim Kristian Kálund, Jóni Helgasyni og Ólafi Halldórssyni en rannsóknir þeirra leiddu í ljós að bókinn hefði verið skrifuð af Ara Jónssyni, sonarsyni Sol-veigar Björnsdóttur Þorleifssonar, og sonum hans tveimur Jóni og Tómasi. Aðalheiður fer fljótt yfir þá sögu og rekur t.a.m. ekki nákvæmlega þau rök sem þeir Jón og Ólafur hafa fyrir því að tímasetja ritun bókarinnar til miðrar 16. aldar eða laust fyrir það. Þó nefnir hún það einkenni handritsins sem Jón Helgason benti á að bæri vott um að bókinn væri skrifuð í kaþólsku. Hún segir:

Rítarar *S* hafa verið kaþólskir, ef marka má bænaáköll á spássíum, dýrlinganöfn og ekki síst þá venju að binda nafn Jesú efst á hverja síðu ... Þetta gæti styrkt aldursgreiningu handritsins ..., þ.e. að það sé skrif- að um siðaskipti, því að ekki mun hafa tíðkast að rita nafn Jesú á spássíur handrita fyrir þann tíma (um 1550), þótt nöfn dýrlinga komi víða fyrir með sama hætti. (xxxiii)

Í grein Jóns kemur ekkert fram um það að menn hafi fyrst tekið að rita nafn Jesú á spássíur um siðaskipti og engin frekari heimild er tilgreind — æskilegt hefði verið að Aðalheiður gerði betri grein fyrir því hvaðan hún hefur þetta.

III

Næst skal vikið að handriti því sem geymir B-gerð Úlfhams sögu, Kall 613 4to. Umfjöllun sína um það byggir doktorsefni að verulegu leyti á eigin athugunum og færir sannfærandi rök fyrir því að handritið hafi Jón Ólafsson úr Grunnavík skrifað sem kennslukver fyrir frænku sína Ragnheiði Einarsdóttur, sem síðar varð húsfreyja að Reynistað og móðir þeirra Reynistaðarbræðra.

Umræðu um handritið tengir Aðalheiður athugun á þeim breytingum sem söguefni Úlfhams sögu tekur í meðförum Jóns. Hún sýnir í kafla 4.2. t.d. fram á hvernig Jón heldur fram vaskleik karlmanna í sögunni og gerir heldur meira úr afrekum þeirra en gert er í rímunum, jafnframt því sem hann dregur úr hreysti og glæsileik kvenpersónanna. Einnig leitast Jón við að fella söguna að stöðluðu formi stjúpúsagna og gerir því Hildi drottningu að stjúpu Úlfhams en í rímunum er hún móðir hans. Aðalheiður telur að breytingar Jóns megi skýra út frá uppeldissjónarmiðum; að hann hafi búið sögunni það form sem hann áleit að hefði ungrí heimasætu og með breytingum sínum ýtt undir þá túlkun á söguefninu sem féll að hans hugmyndum um hlutverk karla og kvenna, hugmyndum sem ætla má að hann telji æskilegt að Ragnheiður til- einki sér. Þessi umræða um umsköpun Jóns á Úlfhams sögu er vel rökstudd og áhugaverð.

Doktorsefni hefur einnig skoðað athugasemdir og útleggingar Jóns við aðra sögu í handritinu, söguna um Laurins dvergakóng, og bendir á að athugun á öðru efni handritsins geti rennt frekari stoðum undir þá kenningu að hlutverk bókarinnar hafi stýrt því hvaða sögur völdust í hana og hvernig búningur þeim var búinn. Aðalheiður segir:

Með nákvæmri rannsókn á handritinu sem heild mætti varpa fram þeirri spurningu hvort Úlfhams saga í Kall 613 4to sé hugsanlega hluti af stærra verki, þ.e. sagnasafni, þar sem textar hafa verið lagaðir að hlutverki bókarinnar. (Ixiii)

Hér er reyndar klaufalega að orði komist því að með rannsókn á handritinu mætti fremur svara slíkri spurningu en spyrja hennar. En spurningin er mjög áhugaverð út frá viðtökusjónarmiðum og ekki laust við að manni finnist að doktorsefni hefði átt að gera veigameiri tilraun til þess að svara henni í þessu verki. Hún kaus að takmarka rannsókn sína að þessu leyti en leggja meiri áherslu á aðrar hliðar handritakönnunarinnar. Ég held að nánari athugun á innra samhengi handritanna hefði að sumu leyti orðið gjöfulli nálgun en um aðferðafræði handritakönnunarinnar mun ég segja fleira hér á eftir.

IV

Þriðja handritið sem ég tek til umræðu hér er það handrit sem doktorsefni leggur til grundvallar útgáfu A-gerðar Úlfhams sögu, AM 601 a 4to, frá um 1700 sem Aðalheiður nefnir A¹. Hún hefur þann háttinn á í verkinu að takmarka stafsetningar-, mál- og skriftarlýsingar við aðalhandrit hvers texta og ennfremur lýsir hún einungis skrift og máleinkennum texta Vargstakna eða Úlfhams sögu í þessum handritum. Þetta er skynsamleg ráðstöfun og kemur í veg fyrir að þessi hluti bókarinnar þenjist um of út. Lýsingar á aðalhandritum skiptast í stuttan inngang, mállýsingu, kafla um styttingar og bönd og annan um skrift og frágang.

Á lýsingu AM 601 a 4to eru nokkrir hnókrar sem flestir eru smávægilegir en þó dæmigerðir fyrir þá galla í framsetningu sem ég nefndi fyrir, þ.e.a.s. hér gætir ruglandi og orðalag er stundum óskýrt eða villandi. Þannig segir á bls. li: „Broddur eða depill yfir /y/ kemur aldrei fyrir, enda er táknið sjaldgæft.“ Hvaða tákni er hér átt við? brodd, depil, y með broddi og/eða y með depli? Í framhaldinu segir: „Þess í stað er ýmist notað *i* eða *j*. ... Hér er afkringingin því greinilega löngu um garð gengin.“ Þetta hljómar eins og öll kringd hljóð í íslensku hafi afkringst, að ein allsherjar afkringing hafi gengið yfir. Svo er þó vitaskuld ekki; hér er um afkringingu /y/ að ræða og það ber að taka fram.

Í lok mállýsingarinnar er póstur um einstök máleinkenni. Hann er stuttur og vekur þá spurningu hvort Aðalheiður miði mállýsingu sína helsti mikið við þær hefðir sem mótast hafa í útgáfu miðaldertexta. Hún nefnir annars vegar rit-

un stoðhljóðs og hins vegar þá staðreynd að samtengingin *og* er ávallt rituð með *g*-i og aldrei skammstöfuð. Spyrja má hvort ekki séu önnur einkenni á máli eða orðaforða, e.t.v. dæmigerð fyrir yngri handrit, sem vert væri að nefna. Hvað með þann hátt skrifara að rita *hönum* fyrir *honum*, eða samtengingarsambandið *inn til* sem notað er í merkingunni *þar til*? Er ekki æskilegt að handritið sjálft gefi tóninn um hverju skuli lýsa?

Þar sem fjallað er um skrift AM 601 a 4to kemur enn fyrir ruglandi í framsetningu. Þar segir:

Handritið er skrifað með nýgotneskri léttiskrift, eldri gerð, en þó er skrifað hálfsett. Þessi skrift ruddi sér til rúms á Norðurlöndum á 16. öld. Skriftn er engu að síður nauðalík fljótaskrift sem barst til Íslands á fyrri hluta 17. aldar og var orðin ráðandi um 1700. (lii–liii)

Hér stendur lesandi á gati. Hvort er handritið með nýgotneskri léttiskrift, eldri gerð, eða fljótaskrift og ef þessar tvær skriftartegundir eru nauðalíkar hvernig er þá hægt að greina þær í sundur? Ekki auðveldast málið þegar borið er saman við lýsingu Aðalheiðar á skrift Kall 613 4to því hún er sögð hefðbundin, nýgotnesk „léttiskrift, þ.e.a.s. fljótaskrift“ (lix).

V

Í 2. kafla bókarinnar — handritakaflanum — er umfjöllun um handrit raðað þannig niður að fyrst er fjallað um handrit rímnanna, fyrst aðalhandrit, svo önnur, og síðan um aðalhandrit A-gerðar, B-gerðar og C-gerðar. Aftast kemur svo umfjöllun um lesbrigðahandrit A-gerðar, Lbs 1940 4to, sem Aðalheiður nefnir A². Eðlilegra hefði verið að A-handritin fylgdust að þannig að á eftir umfjöllun um A¹, kæmi umfjöllun um A² og einnig að mínum dómi um A³. Engin sjálfstæð umfjöllun er hins vegar um hið síðasttalda í verkinu. Það handrit, Lbs 3128 4to, er skrifað 1884 af Jónasi Jónassyni dyraverði Alþingis eins og fram kemur á bls. xxv–xxvi. Þetta handrit er að mestu samhljóða A¹ að sögn Aðalheiðar en þó hefur Jónas breytt textanum „samkvæmt eigin smekk með hliðsjón af rímnatexta Staðarhólsbókar“ (xxvi). Texti Jónasar fær ekki rúm í útgáfu Aðalheiðar á Úlfhams sögu — hún skilur semsé eitt handrit eða eina úrvinnslu söguefnisins eftir í þessari útgáfu sem samkvæmt formála tekur til allra varðveittra gerða sögunnar. Rökstuðningur hennar fyrir því er á þessa leið:

Orðalagsbreytingar þriðja og fjórða kafla auk erindainnskota koma tæpast til greina sem lesbrigði neðanmáls vegna umfangs. Þótt uppskriftin geti vitaskuld haft gildi sem sjálfstæður texti, varpar hún engu ljósi á varðveislu eldri texta. Breytingarnar eru ófrumlegar og umfang þeirra minna en svo að hægt sé að tala um nýja gerð. Útgáfa textans þjónar ekki eiginlegum tilgangi, því að með eftirfarandi útgáfu á sögu-gerðum Úlfhams sögu verður athyglinni einkum og sér í lagi beint að skyldleika milli rímna og sagnauppskrifta eftir þeim. (xxvi)

Í fyrsta lagi er athyglisverð sú yfirlýsing að í útgáfu á Úlfhams sögu verði athyglinni beint að skyldleika milli rímna og sagnauppskrifta. Uppsetning textanna í útgáfunni gengur þvert á þetta því þar eru rímurnar prentaðar sér en prósatextarnir saman á síðu á þremur „hæðum“. Þessi uppsetning gefur lesanda bókarinnar ósjálfrátt til kynna að nánara samband sé milli prósagerðanna innbyrðis en milli rímnanna annars vegar og hvernar einstakrar lausamálsgerðar hins vegar. Útlit útgáfunnar þjónar að þessu leyti ekki vel markmiði útgefandans.

Þá er einnig áhugavert að bera rökstuðning Aðalheiðar fyrir því að gera gerð Jónasar ekki skil saman við þau orð hennar í formála verksins að

[v]arðveislufერილი, þ.e.a.s. hin sífellda endursköpun, [krefjist] þess að Úlfhams sögu beri að nálgast sem lifandi sagnaefni fremur en ákveðinn texta“ (v),

og þá hugmyndafræði sem liggur til grundvallar rannsókn hennar að líta beri á hverja birtingarmynd söguefnisins um Úlfham í ljósi umhverfis og viðtakenda. Um uppskrift Jónasar segir hún að breytingarnar séu ófrumlegar en rökstyður það ekki frekar. Hún hafnar uppskriftinni vegna þess að hún telur hana ekki sérstaka gerð en útskýrir ekki hversu breyttur textinn þurfi að vera til að teljast sérstök gerð. Uppskrift Jónasar er sú eina af prósagerðunum sem bætir erindum úr rímunum inn í textann — er það ekki fréttæmt í þessu samhengi? Síðast en ekki síst er texta Jónasar úthýst fyrir það að hann varpi engu ljósi á varðveislu eldri texta. En eftir því sem ráða má af formála bókarinnar eru yngri textar ekki prentaðir hér í þeim tilgangi að varpa ljósi á varðveislu eldri texta heldur sem vitnisburður endursköpunar söguefnisins. Hvers vegna er endursköpun Jónasar dyravarðar, þar sem hann blandar saman prósa og rímunum, ómerkilegri en aðrar eldri útfærslur söguefnisins?

Ég held að hér komi fram togstreita milli viðhorfa sem kenna má við hefð-

bundna textafræði annars vegar og það sem nefnt hefur verið nýja fílóloógían hins vegar. Aðalheiður víkur stuttlega að þessum ólíku stefnum innan textafræðinnar í formála sínum en án þess að vísa til neinnar af þeim fjölmörgu greinum sem skrifaðar hafa verið á undanförunum árum um þessi efni. Til dæmis má nefna að eitt hefti tímaritsins *Speculum* var helgað umræðu um nýju textafræðina (og þar mun raunar hugtakið „New Philology“ hafa komið einna fyrst fram, sjá Nichols 1990). Premur árum síðar birtust í *Scandinavian Studies* tvær greinar um sama efni en miðaðar við norræn fræði (Jorgensen 1993 og Wolf 1993), og norræn fræði og nýja fílóloógían eru líka til umræðu í nýlegu ráðstefnuriti frá háskólanum í Gautaborg (sjá Kristinn Jóhannesson o.fl. 2000). Ekkert þessara rita er að finna í heimildaskrá *Úlfhams sögu* sem ef til vill kæmi ekki að sök nema fyrir það að Aðalheiður segir í formála sínum að viðfangsefni hennar kalli á „sameiningu hinnar hefðbundnu „norrænu textafræði“ og þeirrar nýju“ (vii). Útgáfa hennar er m.ö.o. tilraun til þess að nýta sér í senn gömul og ný viðhorf og aðferðir. Það er því ekki óeðlilegt að búast við að hún setti aðferð sína með skýrari hætti í samhengi við nýjustu umræðu innan fræðasviðsins.

Sú útgáfuáðferð sem Aðalheiður kennir við norræna textafræði er fólgin í því að gefa texta verks út eftir einu handriti, sem útgefandi telur, eftir nákvæma könnun allra handrita, geyma bestan texta. Leshætti sem taldir eru hafa brenglast í þessu aðalhandriti má hins vegar leiðrétta með því að taka upp (upprunalegr) leshætti úr handritum skyldum aðaltexta. Þessi aðferð hefur sætt ýmis konar gagnrýni, m.a. nú í seinni tíð fyrir það að líta svo á að til sé óbreytanlegur eða „fixed“ texti og gera of lítið úr þýðingu þeirra látlausu breytinga textans sem handritageymdin vitnar um. Þeir sem fara fram undir merkjum nýju textafræðinnar vilja beina sjónum að einstökum handritum, oft og tíðum með áherslu á það umhverfi sem skóp þau. Aðalheiður fylgir þeim að málum að því leyti að hún vill með útgáfu sinni sýna ólíka texta sama söguefnis. Hins vegar virðist hún fylgja hugmyndafræði gömlu textafræðinnar þegar hún lokar Jónas dyravörð úti.

Hefðbundna textafræðin leiðir hana líka út í all flókna stemmagerð þar sem hún reynir að sýna fram á hvernig öll varðveitt handrit Vargstakna og Úlfhams sögu tengjast, sumpart gegnum glataða milliliði. Sumt af því erfiði, sem teygir sig yfir tæpar 40 síður í bókinni, skilar litlu; einkum hef ég efasemdir um tilraunir doktorsefnis til þess að hneppa A-gerð Úlfhams sögu saman við hinar prósagerðirnar með því að gera ráð fyrir að allar gerðirnar byggji á nú glataðri frumgerð C-textans. Hafa ber í huga að hvað prósagerðunum viðvíkur er beinlínis um ólíka texta að ræða en ekki nokkur handrit texta sem segja

má að sé í stórum dráttum hinn sami. Svo er hins vegar um rímurnar. Í glímu við þær beitir Aðalheiður hefðbundinni textafræði með góðum árangri til þess að sýna fram á vensl handritanna og sýnir þar að hún hefur góð tök á þessari aðferðafræði. Hefbundin textafræði kemur henni líka að notum ásamt með ytri upplýsingum um skrifara og umhverfi þeirra, þegar hún fjallar um vensl B- og C-gerða Úlfhams sögu. Hún víkkar þær aðferðir textafræðinnar, sem beinast að því að finna sameiginleg lesbrigði eða villur, út, í leit að því sem hún nefnir textatengsl. Orðið textatengsl er óheppilegt í þessu samhengi vegna þess að það hefur nú um allnokkurt skeið verið haft um það hugtak í bókmenntafræði sem á ensku og frönsku heitir *intertextuality* eða *intertextualité* (sjá t.d. Ástráður Eysteinnsson 1993). Aðalheiður virðist ekki eiga við það hugtak eins og það er notað innan bókmenntafræði, heldur hefur hún orðið textatengsl um skyldleikavensl mismunandi gerða af rímum og sögum um Úlfham, þ.e. um vensl sem ekki verða rakin til þess að eitt handrit sé t.d. skrifað eftir hinu. Það hefði verið þörf á því að hún skilgreindi hugtakið, eins og hún notar það, betur; að hún afmarkaði það með tilliti til notkunar hugtaksins í bókmenntafræði og gerði betri grein fyrir því hvernig textatengslahugtak hennar víkur frá ritengslahugtakinu en um þetta fjallar hún á bls. Ixix.

Textatengslafræðilegu aðferðirnar, sem Aðalheiður nefnir svo, felast öðrum þræði í samanburði leshátta. Eins og hún bendir réttilega á vega leshættirnar misþungt þegar meta á skyldleika og að þegar um er að ræða samanburð á mismunandi gerðum verða tengsl ekki rakin svo óyggjandi sé út frá sameiginlegum villum og lesbrigðum. Aðalheiður tekur því það ráð að gera tæmandi lesháttaskrár yfir allar hugsanlegar paranir gerðanna til þess að sjá með skýrum hætti hvað er líkt og hvað ólíkt með þeim. Þessi samanburður virðist mér allur unninn af mikilli nákvæmni og þolinmæði og má segja að með þessu liggi fyrir nákvæmt kort af varðveislu Úlfhamsefnis í þeim handritum sem lögð eru undir. Á þessu korti byggir Aðalheiður svo ályktanir sínar um skyldleika gerðanna. Og af því ég hafði uppi efasemdir um árangurinn að því er lýtur að A-gerðinni ber mér að færa rök fyrir máli mínu.

VI

A-gerðin er, eins og víða er tekið fram í bók Aðalheiðar, eins konar ágríp af rímunum. Titill sögunnar í aðalhandriti hennar, Efnid úr Úlfhams rímum, endurspeglar þetta. Titillinn bendir ennfremur til þess að rímurnar hafi legið þessari sögugerð til grundvallar. Samanburður textans við rímurnar staðfestir

Þetta og sýnir ennfremur að A-gerðin er skyldari þeim texta rímnanna sem varðveittur er í AM Acc 22 en texta Staðarhólsbókar.

Þegar A-gerð er síðan borin saman við B- og C-gerðir koma nokkur samkenni í ljós sem verða Aðalheiði tilefni til að gera ráð fyrir að sá eða sú sem samdi efniságripnið úr rímunum hafi einnig haft prósagerð fyrir sér. Þessi samkenni eru af þrennum toga ef ég hef skilið röksemdafærsluna rétt:

1) Orðalagslíkindi. Nokkuð er um orðalagslíkindi með A- og B-gerð annars vegar og A- og C-gerð hins vegar. Þegar kemur að því að draga ályktanir af þeim slær Aðalheiður varnagla og byrjar á að vitna í Matthew Driscoll sem bent hefur á hversu algengt er að þeir eða þær sem snúi rímum í prósa noti formúlukennt orðfæri sem þarf þó alls ekki að eiga upptök sín í rímnatextanum (Driscoll 1997:219). Síðan segir Aðalheiður:

Vafalaust mætti rekja sumt, ef ekki flest, af orðalagslíkingum A- og B-gerðar til formúlukennnds orðfæris og þar með efast um sönnunargildi þeirra fyrir textatengslum. En varla er það einber tilviljun sem ræður því að berserkir rímnanna eru nefndir víkingar í prósagerðunum tveimur og að bjarkirnir eru orðnar að eikum ... (xciv)

Auðvitað fæst seint óbyggjandi svar við þessu en þessi dæmi (sem eru þau bestu sem bjóðast) eru ekki sterk rök fyrir sameiginlegri heimild í viðbót við rímurnar. Ef lýsa á illskeyttum bardagamönnum á skipi í einu orði hlýtur *víkingur* að vera augljós kostur og A-gerðin notar raunar orðin *berserkir* og *víkingar* jöfnum höndum. Sömuleiðis er orðið *eik* tíðum notað sem samheiti yfir tré eins og Aðalheiður bendir raunar á (bls. cxiii) og sýnir þar sem víðar að hún er vandaður fræðimaður og dregur ekki undan það sem fellur síður að röksemdafærslu hennar.

2) Í öðru lagi nefnir Aðalheiður að í A- og B-gerð séu kaflaskil V. og VI. rímu færð eilítið aftur. Þar er komið sögunni að þeir félagar Atram og Úlfhamur hafa fundið tvær sofandi meyjar í jarðhýsi og liggja hjá þeim trönuhamir þeirra. Í rímunum vakna meyjarnar í lok 5. rímu en höfundar A- og B-gerðar láta báðir 6. kafla hefjast á þessu atriði. Hver ríma hefst á mansöng og því gilda dálítið önnur frásagnarlögmál þar eða í lausamálsfrásögn. Rímurnar eru að þessu leyti eins og bandarískar sápuóperur þar sem hver þáttur er látinn enda á eins konar spennupunkti (í þessu tilfelli þegar draumadísirnar opna augun). Næsti þáttur hefst svo á upprifjun sem e.t.v. má segja að sé ígildi mansöngs áður en tekið er til þar sem frá var horfið. Í lausamálstextum, byggðum á rímum, er tilhneigingin hins vegar sú að kaflaskil falli saman við þáttaskil í sögunni.

Þegar búið er að klippa mansöngsefnið burtu virðist næsta eðlilegt að hafa kaflaskil á undan því að meyjarnar vakna: nýr kafli hefst í sögunni við að þær fá málið og segja sögu sína. Þetta atriði — að skil milli kafla færast til þegar rímum er breytt í prósa — er eitt af einkennum slíkrar formbreytingar (úr rímum í prósa).¹ Hér þarf því ekki að vera um bein tengsl prósagerðanna að ræða.

3) Þriðja röksemdin fyrir sameiginlegu forriti allra prósagerðanna er frávik í lok sögunnar í bæði A- og C-gerð þar sem sagt er frá því að *brotnar* séu fernar dyr á haug hinnar afturgengnu skjaldmeyjar Varnar. Í rímum segir að fernar dyr finnist á haugnum og í B-gerð opnast dyrnar hins vegar sjálfkrafa. Enda þótt Aðalheiði finnist þetta benda til þess að A- og C-gerð styðjist þarna við sömu heimild segir hún á öðrum stað svo um vinnubrögð höfundar A-gerðar:

Misskilningur við lok sögunnar má að einhverju leyti rekja til *C-gerðar ... en m.t.t. þess að höfundur A-gerðar styðst einnig við rímurnar, mætti jafnvel álykta sem svo að skilningi hans á skáldamáli þeirra hafi verið ábótavant. Vafalaust mætti líka kenna óvandvirkni eða fljótfærni um ... (cviii–cix)

Þetta er lóðið. Það eru ekki knýjandi rök til þess að álíta að höfundur A-gerðar hafi haft neitt fyrir sér annað en rímurnar þegar hann samdi efniságrip sitt. Altént eru ekki rök til þess að fullyrða eins og Aðalheiður gerir að

[þ]ótt A-gerð sé fyrst og fremst efniságrip, [sé] ljóst að höfundur hennar [hafi] viðað að sér tiltækum heimildum áður en hann hófst handa við gerð ágrípsins. (xcvi)

Hins vegar er ekki ólíklegt að rímurnar hafi hann eða hún þekkt bæði af bók og í munnlegri geymd.

VII

Þetta er nú orðið mikið mál um atriði sem einhverjum kunna að finnast skipta litlu máli. En þau eru dregin hér fram til þess að sýna að sú aðferð sem doktorsefni notar við að rekja vensl gerðanna nýtist misvel eftir því hvers eðlis gerðirnar eru. Hún hentar A-gerðinni ekki vel og gerir meira úr líkindum

¹ Matthew J. Driscoll, *viva voce*.

hennar við hinar gerðirnar en efni standa til. Jafnframt útilokar hún einn texta A-gerðar (þann sem Jónas Jónsson skrifaði) frá umfjölluninni. Miðað við hefðbundna textafræði ríkir hér gott samræmi, lausir endar hafa verið hnýttir og allt virðist ganga upp í fögru stemma. Séð frá sjónarhóli nýju flólógiunnar er þessi mynd af lífi textans of einfölduð, tilbrigði hans hafa verið smættuð niður í líkindi sem talin eru byggjast á venlum handrita meðan hin nýju viðhorf mundu skýra þau með sameiginlegu viðhorfi sagnamanna til efnis og notkunar þeirra á föstum formúlum.

Þar með er ekki sagt að tilraun Aðalheiðar til að sameina ólíka straua innan textafræði hafi mistekist. Því fer fjarri. Hún gengur í marga staði þrýðilega vel upp og gildi þessa verks liggur m.a. einmitt í þessari tilraun. Aðalheiður hefur að nokkru leyti smíðað sér eigin aðferð eða nálgun á grundvelli bæði eldri hefðar og nýrri viðhorfa. Hún fylgir þeirri aðferð kerfisbundið og með því kemur í ljós að aðferðin hentar ekki öllu efninu sem til grundvallar liggur jafn vel, eins og ég tel mig hafa leitt rök að. Aðferðin afhjúpar semsé takmarkanir sínar þegar henni er beitt. Þetta kann að hljóma þversagnakennt, en þannig m.a. bætir *Úlfhams saga* heilmiklu við það sem við vissum áður um útgáfur og aðferðafræði tengda þeim, Hún er frjótt og frumlegt innlegg í þá umræðu sem stöðugt þarf að fara fram um það hvernig við gerum gömlum textum viðunandi skil. Til viðbótar er verkið mikilvægt framlag til rannsókna á vanræktri bókmenntagrein. Mér gefst því miður ekki tóm til þess að ræða margt það sem umhugsunarvert er í síðari hluta verksins — ég hef hér einungis reifað atriði og álitamál sem tengjast þeirri miklu og góðu vinnu sem doktorsefni hefur lagt í að búa textana til útgáfu, vinnu sem skilar sér í ítarlegum fróðleik um handritin, skrifara þeirra og lesendur. Útgáfan, handritakönnunin, umræðan um uppruna og tengsl handritanna og hin bókmennta- og þjóðfræðilegu umræða sem fyrri andmælandi gerði skil, allt myndar þetta sterka og áhugaverða heild. Í sem stystu máli sagt: *Úlfhams saga* er góður pakki. Um leið og ég óska Aðalheiði til hamingju með verkið leyfi ég mér að láta í ljós þá von að hún eigi eftir að senda okkur fleiri slíka.

HEIMILDIR

- Arne Magnussons i AM 435 A–B, 4to indeholdte håndskriftfortegnelser med to tillæg. Kommissionen for det Arnamagnæanske Legat, København, 1909.
- Ástráður Eysteinnsson. 1993. Mylluhjólið. Um lestur og textatengsl. *Tímarit Máls og menningar* 4:73–85.
- Craigie, William A. (útg.). 1938. *Early Icelandic rímur*. MS No. 604 4^{to} of the Arnamagnæan Collection in the University Library of Copenhagen (CCI XI), Copenhagen.
- Driscoll, Matthew J. 1997. The Oral, the Written, and the In-between: Textual instability in the post-reformation *lygisaga*. *Medieval Insular Literature between the Oral and the Written*. II, bls 193–220. Ritstj. Hildegard L. C. Tristram. Tübingen.
- Finnur Jónsson (útg.). 1913–22. *Rímnasafn*. Samling af de ældste islandske rimer. II. (STUAGNL XXXV), København.
- Jorgensen, Peter A. 1993. Producing the Best Text Edition: Herculean and Sisyphæan. *Scandinavian Studies* 65(3):329–337;
- Jón Helgason. 1932. Nokkur íslenzk handrit frá 16. öld. *Skírnir* 106:143–168.
- Kristinn Jóhannesson, Karl G. Johansson & Lars Lönnroth (ritstj.). 2000. *Den forn-nordiska texten i filologisk och litteraturvetenskaplig belysning*. Studier och diskussionsinlägg. (Gothenburg Old Norse Studies 2), Göteborg.
- Nichols, Stephen G. 1990. Introduction: Philology in a Manuscript Culture. *Speculum* 65(1):1–10.
- Ólafur Halldórsson. 1966. *Helgafellsbækur fornar*. (Studia Islandica 24), Reykjavík.
- Petróníus, Gajus. 1997. *Satýrikon: Grallarasögur*. Erlingur E. Halldórsson þýddi. Reykjavík.
- Stefán Karlsson. 1964. Gömul hljóðdvöl í ungum rímum. *Íslenzk tunga* 5:7–29.
- Stefán Karlsson. 1970. Ritun Reykjarfjarðarbókar. Excursus: Bókagerð bænda. *Opuscula* IV, bls. 120–140. (Bibliotheca Arnamagnæana. XXX), Copenhagen.
- Wolf, Kirsten. 1993. Old Norse – New Philology. *Scandinavian Studies* 65(3):338–348.

Svanhildur Óskarsdóttir
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi
Árnagarði við Suðurgötu
101 Reykjavík
salta@am.hi.is

III

SVÖR AÐALHEIÐAR GUÐMUNDSDÓTTUR

ÉG VIL ÞAKKA ritstjórn *Griplu* fyrir að gefa mér kost á að birta svör við ræðum andmælanda við doktorsvörn mína. Vörn minni var settur ákveðinn tímarammi, svo sem venja er, og gafst mér ekki færi á að svara öllum þeim atriðum sem andmælendur mínir töldu til. Svör mín eru því nokkuð aukin.

Svar við ræðu 1. andmælanda

Ræða 1. andmælanda, dr. Jürgs Glauser, var um margt áhugaverð og fræðandi. Andmælum hans kýs ég að skipta í fimm hluta, sem eru að mestu óháðir kaflaskiptingu hans sjálfs. Þeir eru: 1) viðbætur við efni bókar minnar, 2) athugasemdir um umfjöllun mína um bókmenntagreinar miðalda og tegundagreiningu, þar með talda flokkun mína og skilgreiningu á Úlfhams sögu, 3) álitamál er varða rannsókn mína (og rannsóknaraðferðir) á Úlfhams sögu, 4) athugasemdir um meðferð þjóðfræðaeftis og 5) athugasemdir við túlkunarkafli. Ég mun fjalla um athugasemdirnar í þessari röð.

1

Fyrst ber að nefna ábendingar um áhugaverðar leiðir sem gætu hafa reynst gagnlegar við greiningu sögunnar, t.d. telur andmælandi minn að gjarna hefði mátt beita frásagnarfræði meira en gert er (sbr. bls. 250). Inngangur *Úlfhams sögu* er umfangsmikill, enda margar leiðir færar við rannsóknir á söguefninu og þeirri sagnahefð sem þar er tekin til umfjöllunar. Strax frá upphafi varð mér ljóst að bráðnaðsynlegt yrði að afmarka ákveðna stefnu. Til greina hefði komið að beita frásagnarfræðilegum rannsóknum til meiri muna, en slíkt hefði þó orðið fyrirferðarmikil viðbót við innganginn. Eftir á að hyggja tel ég óvíst að slíkar rannsóknir hefðu varpað skýrara ljósi á þau álitamál sem tekin voru til umræðu, en get þó fallist á að þær gætu hafa orðið skemmtileg viðbót, en hið sama gildir að sjálfsögðu um aðrar leiðir sem ekki voru farnar.

Þá bendir andmælandi minn á erlendar rannsóknir skyldar umfjöllunarefni mínu (bls. 253). Ég mun ekki efast um réttmæti eða gagnsemi slíkra ábendinga, en leyfi mér þó að minna á hversu margþættur inngangur *Úlfhams sögu* er; í honum er beitt aðferðum handrita- og textafræða, bókmenntafræða, við-

tökufraeða og þjóðfraeða (þ.m.t. minnarannsóknna og túlkunarfraeða). Full yfirsýn á umræddum sviðum felur í sér gríðarlega efnisöflun og mikinn lestur, enda er um að ræða gróskumikil fræðasvið, þar sem nýjar rannsóknir koma stöðugt fram í dagsljósið og blanda sér þannig í umræðu síðustu áratuga — og jafnvel alda, í sumum tilvikum. Þekking á erlendum rannsóknum, eða eftir atvikum tilvitnanir í þær, hlýtur því að nokkru leyti að grundvallast á umfangi rannsókna hverju sinni. Engu að síður vil ég þakka andmælanda mínum fyrir ábendingar um frekara lesefni í trausti þess að það komi að góðum notum við rannsóknir mínar síðar.¹

2

Hér má fyrst nefna að andmælandi minn saknar fyllri umræðu um þróun miðaldabókmennta, eða telur a.m.k. að fjalla hefði mátt ítarlegar um hana (bls. 247). Einkum á þetta við um þá skoðun mína að í miðaldabókmenntum okkar — og þá sérstaklega fornaldarsögnum, sem hér eru til umræðu — megi greina stefnu frá raunsæi til óraunsæis. Í ritgerð minni er því hins vegar hvergi haldið fram að stefna þessi sé ófrávikjanleg, enda eru sögurnar oftar en ekki samsettar úr eldra og yngra efni, eða heimildum frá ýmsum tímum. Engu að síður tel ég þessa meginstefnu greinilega og kemur hún til af því að ýkjur verða æ fyrirferðarmeiri sem sögurnar yngjast. Ýkjur tel ég í raun rökréttan þátt í þróun sagna (sbr. bls. clvii), þar sem nýjar sögur urðu að segja frá fræknari köppum, stærri afrekum og hafa almennt stórkostlegri lýsingar; að öðrum kosti hefðu þær ekki fært sagnabyrstum og sagnavönum áheyrendum neina nýjung. Andmælandi minn bendir hins vegar á að menn séu ekki sammála um að sögurnar hafi þróast með þessum hætti og vitnar í ritdóm Viðars Hreinssonar um bókina *Fortælling og ære* eftir Preben Meulengracht Sørensen því til stuðnings (sbr. 1994:239–241, sjá andmælaræðu bls. 247). Þó snýst umræðan þar að mestu leyti um aðra og stærri spurningu, þ.e. hvort sagnaritunin hafi þróast frá raunsæjum sögum, s.s. Íslendingasögum (sem umræðan snýst um) og konungasögum yfir í fmyndaðar skáldaðar sögur, þ.e. fornaldarsögur, riddarasögur og rímur. Um þetta segir Viðar (1994:241):

¹ Jürg Glauser telur að ég hefði m.a. mátt kynna mér rit eftir D.C. Greatham (heimild ekki tilgreind, bls. 253). Ég vitna reyndar á bls. lxxiii í bók hans *Textual Scholarship*, sem mér fannst ekki ástæða til að nota frekar.

Þessi bókmenntasögulega einföldun er úrelt og það er beinlínis rangt að greinin hafi orðið ófrjó fljótlega eftir fall þjóðveldisins. Það er heldur alls ekki útilokað að elstu fornaldarsögur hafi mótast samhliða hinum sígildu Íslendingasögum.

Hér er ekki verið að tala um sama hlutinn, því að sú þróun sem ég þykist greina er innan einstakra sagnaflokka, t.d. þykja mér fornaldarsögurnar aukast að ýkjum eftir því sem þær yngjast. Eins og sjá má í k. 5.1.1 geri ég ráð fyrir að fornaldarsögurnar séu gamlar og þ.a.l. er ég ósammála þeim sem halda því fram að línan hafi legið frá konungasögum og Íslendingasögum yfir í óraunsærri bókmenntir, þ.e. fornaldar- og riddarasögur. Í ritgerð minni held ég því hvergi fram að allar eldri sögur séu raunsæjar og allar yngri óraunsæjar; með því að gera ráð fyrir slíku mætti allt eins ætla að sagnaritarar miðalda hefðu unnið eftir fyrirfram ákveðinni forskrift, sem kvæði á um umsaminn niðurskurð á raunsæi við hverja nýsköpun. Hefð okkar er rík af skapandi sagnafólki, en í stórum dráttum fylgir það þó straumum og stefnum hverju sinni. Ég hlýt hins vegar að taka undir þau orð andmælanda míns að spurningin um þróun miðaldabókmennta er grundvallaratriði, en hvort fyllri umræða þar að lútandi hefði rúmast í inngangi *Úlfhams sögu* er svo annað mál.

Að jafnaði helst umræða um þróun sagnategunda í hendur við umræðu um tegundagreiningu. Tegundagreiningin hefur löngum verið grundvöllur lífflegrar umræðu sem virðist hvergi að lyktum leidd, enda er ég sammála andmælanda mínum þar sem hann telur að enn þurfi „mikilla rannsókna við til að komast að traustari niðurstöðum“ (bls. 248). Í þessu tilliti veltir hann fyrir sér skilgreiningu minni á *Úlfhams sögu* sem ungri fornaldarsögu, sem og „hvort rétt sé að láta yngri form sögunnar frá 17., 18. og 19. öld tilheyra sömu tegund“ (bls. 248). Hvað skilgreiningu mína á *Úlfhams sögu* varðar læt ég nægja að benda á röksemdir í k. 5.1, en eftir situr spurningin hvort sögur flytjist milli tegunda á leið sinni gegnum sagnahefðina (sbr. bls. 248). Hér er stórt spurt, enda virðist mér andmælandi minn ekki ætlast til þess að ég hafi hér svör á reiðum höndum. Í rauninn snýst þetta um alveg sérstaka rannsókn; rannsókn sem best væri að flétta inn í heillega umfjöllun um sagnahefðina og tegundagreiningu miðaldabókmennta. Í bili getum við því látið nægja að tala um fornaldarsagnaefni, en spurningin um form og tegundir í aldanna rás er þá annar handleggur.

Af sama tagi eru hugleiðingar andmælanda míns um hinar fornu, norrænu arfsagnir sem liggja að baki *Úlfhams sögu*, þar sem hann veltir því fyrir sér hvaða augum höfundar og lesendur síðari alda litu þær. Hvaða hlutverk hafa

slíkar sagnir í hugum þessa fólks og hvert var viðhorf þess til þeirra? Jürg Glauser viðurkennir að hér eru lagðar fram erfiðar spurningar (sbr. bls. 249) og sjálf tel ég þær stærri en svo að þær eigi óumdeilanlega heima í inngangi *Úlfhams sögu*. En hugleiðingin er athyglisverð, engu að síður.

Á bls. xxii, þar sem fjallað er um aldur Vargstakna, er bent á að rímurnar séu að mestu án mansöngs, svo sem talið er að hinar elstu rímur hafi verið. Þetta atriði er meðal annars notað við aldursgreiningu rímnanna sem eru taldar ortar á 14. öld, eða ekki síðar en um 1400. Andmælandi minn spyr hvort hér sé hugsanlega um hringrök að ræða, þar sem ég benti jafnframt á að Vargstökur beri vott um að mansöngurinn muni hafa verið í mótun um það leyti sem þær voru ortar (bls. 249). Í ritgerð minni sýndi ég hvernig rímurnar fela í sér áþekkar samlíkingar við upphaf og endi hverrar rímu (sjá bls. xviii) og taldi að hér gæti verið á ferðinni ófullkominn mansöngur eða mansöngur í mótun. Eins og ég benti á (bls. xxi) er aldursgreining rímnna langt frá því að vera fullkannað rannsóknarefni, þótt meginlínur liggi ljósar fyrir. Þróunarkenning Björns K. Þórolfssonar (1934:35–51, 258–261) hefur reynst lang áhrifamest, en samkvæmt honum mun ferskeyttur háttur vera upphaflegastur, jafnframt því sem hann telur að elstu rímur hafi verið stuttar og mansöngur þeirra ýmist stuttur eða enginn. Segja má að hinn lítt mótaði mansöngur Vargstakna falli vel að þessari þróunarkenningu, jafnframt því að styrkja hana. En öllu heilli er aldursgreining rímnanna ekki háð þessu eina atriði, heldur byggir hún á fleiri þáttum sem allir benda til 14. aldar.

3

Í kafla 5.2 er fjallað um skyldleika og tengsl við aðrar sögur. Hér hef ég leitast við að benda á sögur sem virðast spröttnar úr sama farvegi og *Úlfhams saga*, en söguna rek ég þó ekki beint til neinna þeirra. Í sumum þessara sagna er um að ræða mikil líkindi í persónunöfnum, en í öðrum eru sambærileg efnisatriði eða hvort tveggja. Andmælandi minn bendir á að hvergi í þessum sögum sé að finna leifar af *Úlfhams sögu* (sbr. bls. 249) og tek ég undir það. Í þeim er hins vegar að finna arfleifð, sagnaefni sem myndar grunn umræddra sagna og að mörgu leyti þeirrar hefðar sem fornaldarsögur byggja á. Með samánburðinum er *Úlfhams saga* sett inn í ákveðið samhengi í íslenskri sagnaritun og efni hennar þar með „staðsett“ innan hefðarinnar.

Þar sem hugleiðingar mínar um viðtakendur sögunnar/rímnanna ber á góma segir andmælandi minn (bls. 250):

Doktorsefnið reynir í nokkrum samböndum að tengja formúlur ritarans í upphafi og lok frásagnar við áheyrendur (t.d. bls. xxiii: karlmenn sem aðalviðtakendur, þ.e. karlkyns áheyrendur í verbúðum; bls. cxv: texta-breytingar gerðar af konu).

Hér telur hann hættu á að venjubundin klif séu tekin of bókstaflega. Ég vil benda á að umrædd dæmi eru sitt af hvoru taginu. Í fyrra tilvikinu er bent á tuttugu dæmi þar sem rímnaskáldið ávarpar karlkyns áheyrendur sérstaklega, þrátt fyrir að það sé algengara alla tíð að konur séu ávarpaðar, hvort heldur sem er í mansöng eða við upphaf rímna eða rímnalok. Ég gæti því vel fallist á að kalla ávarp til kvenna klif, en ætla má að öðru máli gegni um umrædd dæmi. Af þessu dreg ég afar varlega ályktun, þar sem ég segi að þetta „gæti bent til þess að Vargstökur hafi verið ortar í verbúð eða þar sem karlmenn voru sérstaklega saman komnir“ (bls. xxiii). Frekari fyrirvarar fylgja í kjölfarið. Í síðara tilvikinu snýst málið um meðvitaðar breytingar prósa höfundar, sem allar virðast miðast við að auka hlut kvenhetjanna, en greina sem minnst frá afrekum karlanna. Í framhaldi af því spyr ég hvort A-gerð gæti hugsanlega verið skráð af konu (sbr. bls. cxv). Vissulega er það hugsanlegt og tel ég spurninguna vel þess virði að henni sé varpað fram, þótt ekki nema til annars en að vekja athygli á þessum möguleika. Ég á hins vegar erfitt með að fallast á að hafa tekið meðferð þessara tveggja höfunda, rímnanna og A-gerðar, of bókstaflega, þar sem fyrirvarar eru augljósir.

Í formála að bók minni fer ég nokkrum orðum um aðferðir við útgáfu handrita í þeim tilgangi að marka útgáfu minni á hinum mismunandi textum Úlfhams sögu ákveðna stefnu. Í þessu tilliti fjalla ég lítilsháttar um hefðbundna textafræði og svonefnda „nýja textafræði“, en útgáfa mín ber merki þeirra beggja. Við þetta hefur andmælandi minn tvennt að athuga; honum finnst ég „e.t.v. ekki taka nógu afgerandi afstöðu til umræðna um hina nýju textafræði“ (sbr. bls. 252), auk þess sem honum þykir orðalag mitt um leshætti hinna mismunandi gerða helst til of mótað af hefðbundinni textafræði.

Textar Úlfhams sögu voru gefnir út eftir þeim leiðum sem þóttu skynsamlegastar miðað við eðli rannsóknarefnisins og tilgang rannsóknarinnar. Hér kom fræið á undan eikinni, ef svo má segja; hin sjálfsagða aðferð var mótuð án tillits til þess hvort hún félli inn í ákveðna hefð eða stefnu í textafræði. Miðað við tilgang rannsóknarinnar, sem frá upphafi var ætlað að beina sjónum sérstaklega að hefðinni og yfirfærslu sagnaefnisins úr einu formi í annað, var einfaldlega rökrétt að gefa hverja gerð út fyrir sig og leggja áherslu á samspil

textanna. Varðveisluferrill sögunnar markaði þær spurningar sem lagt var upp með: hvaða áhrif hafa umræddar formbreytingar á efnið? Nú vill svo til að þessi sjálfsagða útgáfuaðferð og þar með viðhorf mitt til umræddra texta fellur að mörgu leyti vel undir fyrrnefnda stefnu sem nefnd hefur verið ný textafræði. Undanfarin ár hafa menn leitast við að skilgreina þessa útgáfuaðferð og benda á kosti hennar og galla, svo sem m.a. má sjá af þeim heimildum sem andmælandi minn bendir á. Umræða þessi verður þó að teljast um margt sundurleit og er óhætt að segja að skrif textafræðinga einkennist oftast en ekki af áköfum skoðanaskiptum og jafnvel heitum ágreiningi. Þar að auki má í sjálfu sér deila um það hvort þau viðhorf sem kallast „ný textafræði“ séu yfir höfuð ný, og jafnvel hvort hér sé um eiginlega textafræði að ræða. Það var því að yfirlögðu ráði sem mér þótti þessi umræða, a.m.k. að því leyti sem hún var mér kunn, ekki eiga erindi í formála eða inngang *Úlfhams sögu*. Til greina hefði þó komið að benda lesendum á undirstöðurit til frekari fróðleiks og framhaldslesningar.

Hins vegar má spyrja: er hin sjálfsagða útgáfuaðferð *Úlfhams sögu* háð kenningum? Verður aðferð til með kenningum eða vegna sjálfsagðrar notkunar? Hefði fræðileg umfjöllun annarra um hina nýju textafræði á einhvern hátt styrkt umfjöllun mína eða réttlætt umrædda útgáfuaðferð? Þvert á móti held ég að efnið sjálft, hinar mismunandi gerðir sögunnar og þær spurningar sem vakna við samanburð efnisins, standi fyllilega undir umræddri aðferð. Með þessu vil ég benda á að fræðimenn geta valið rannsóknnum sínum skynsamlegan farveg án þess að vitna til umræðu annarra því til sönnunar.

Andmælandi minn gerir ennfremur athugasemd við textafræðilega hugtakanotkun og bendir á að notkun orða/hugtaka eins og *villa*, *ruglingur*, *misskilningur*, *réttari lesháttur*, að texti hafi *aflagast* eða sé *úr lagi færður* sé vandkvæðum bundin og um of mótuð af hefðbundinni textafræði (bls. 252). Orðið *villa* er einkum notað í k. 3.5: „Villur í AM 604 h 4to“ og kann ég ekki annað hugtak betra um þá leshætti sem þar er greint frá. Önnur hugtök eru einkum notuð í umfjöllun um C-gerð *Úlfhams sögu*, sem ég rek að hluta til munnmæla. Hér bendir Jürg Glauser á að rétt sé að forðast þessi hugtök, enda hafi verk á borð við C-gerð verið endursögð á skapandi hátt (bls. 253). Í ritgerð minni eru ofangreind hugtök þó notuð af ásettu ráði og í ákveðnum tilgangi og í neðanmálgrein 181 á bls. lxxxii er lítillega fjallað um hugtakið *misskilningur*, einmitt í þeim tilgangi að koma í veg fyrir *misskilning* á notkun þess í umræddum kafla (3.2.3.3). Þar segir m.a. (bls. lxxxii):

Í eftirfarandi umfjöllun er orðið *misskilningur* notað um breytingar á efni sem hefur aflagast á þann hátt að merking sögunnar eða samhengi hefur tekið breytingum sem rýra upphaflegt táknaðskerfi hennar. Slíkar breytingar geta leitt til ósamræmis innan sögunnar og jafnvel skaðað merkingu hennar.

Það er vandasamt að fjalla um texta á borð við C-gerð, en eitt af því sem hafa þarf í huga er að endursköpunin sé vegin og metin með hlutlausum hætti: Hvað ber vott um lifandi sköpunargleði og hvað ber vott um misskilning eða annars konar aflögun á söguefninu? Ég tel það hvorki bera vott um gagnrýni, né góð vinnubrögð, að fara eins og köttur í kringum heitan graut með því að forðast notkun á þeim hugtökum sem þó gefa hvað skýrasta mynd af því sem gerst hefur. Virðing fyrir textanum og hinni skapandi hefð felst m.a. í því að taka textana alvarlega; reyna að átta sig á eðli mismunandi áhrifaþátta og þar með að viðurkenna að merkingarbreytingar geta að hluta til byggst á misskilningi, ekki síður en meðvitaðri nýsköpun.

4

Í kafla um sagnaminni Úlfhams sögu og tengsl þeirra við gelískar bók- og munnmenntir, fannst andmælanda mínum sem munurinn á hugtökunum *gelískur* og *keltneskur* væri ekki nógu ljós (bls. 251).

Í inngangi eru framangreind hugtök skilgreind með eftirfarandi hætti: „Umræddar sögur koma frá afmörkuðu menningarsvæði, þ.e. hinum keltneska hluta Evrópu (Írlandi, Englandi, Wales, Bretóníu og Frakklandi)“ (bls. clxxxviii). Hér er hugtakið *keltneskur* ekki skilgreint nánar, en nefnd eru þau lönd sem máli skipta í þessu samhengi. Ég get ekki neitað því að nánari skilgreining gæti hafa verið til bóta, en sjálf taldi ég að ofangreint hugtak skírskotaði til nokkuð almennrar vitneskju, þótt keltnesk tungumál séu ekki lengur töluð í öllum þessum löndum. Á bls. clxx er hugtakið *geltískur* skilgreint svo: „... ýmis þjóðsagna- og ævintýraminni sem þekkjast hér eru algeng meðal Íra og Skota, Gela“. Lengst af hafði þó staðið í handriti að innganginum: „... ýmis þjóðsagna- og ævintýraminni sem þekkjast hér eru algeng meðal Gela (þ.e. Íra og afkomenda þeirra í öðrum löndum, s.s. Skotlandi)“. Þessu var hins vegar breytt á lokastigi, enda taldi ég knappari skilgreininguna nægja (e.t.v. má segja að hún hefði orðið skýrari ef ég hefði skotið „þ.e.“ inn á undan „Gela“). Af þessu má sjá að hugtökin tvö eru skilgreind, en e.t.v. má til sanns vegar færa

að munurinn sé þrátt fyrir það ekki nógu ljós. Á það skal þó bent að þau eru að öllu leyti notuð í samræmi við það sem almennt tíðkast.

Í ræðu andmælanda míns kom ennfremur fram sú gagnrýni að í k. 5.1.3 (þ.e. á bls. clxv–ccxvi), þar sem fjallað er um minni sögunnar, væri um of treyst á eftirheimildir er varða gelískt efni — og þá einkum íslenskra fræðimanna. Hér hefði sem sagt verið betra að athuga upprunalega texta eða þýðingar þeirra (sem er líklega farsælla, þar sem um er að ræða gelískar heimildir). Er mér bent á að ég hefði m.a. getað haft gagn af rannsóknum Bos Almqvist og Alans Bruford (bls. 251).

Að jafnaði leitast ég við að nota frumheimildir, eins og sjálfsagt þykir við fræðastörf. Ég hef þó óneitanlega fundið fyrir því, sérstaklega í rannsóknum mínum á bókmenntum og þjóðfræðum annarra þjóða, að bókakostur Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns er tiltölulega rýr í þessum efnum, að undanskildum grundvallaritum og handbókum. Með þessu er ég hvorki að kasta rýrð á safnið né vísa frá mér ábyrgð, enda oft um að ræða bæði gömul og sjaldgæf rit. — Og sé um gömul rit að ræða eru þau að jafnaði ekki lánuð milli landa; a.m.k. hefur mér ekki tekist að fá að láni rit sem gefin voru út fyrir 1900, og reglur erlendra safna banna þar að auki að ljósritað sé úr þeim. Af þessu leiðir að nánast ómeðvitað hef ég þróað hjá mér þá vinnureglu að meta mikilvægi heimildanna áður en ég ræðst í að fá þær að láni erlendis frá. Notkun eftirheimilda um gelískt þjóðfræðaeefni kemur því til af tveimur ástæðum; annað hvort mat ég heimildagildi eftirheimildanna nógu traust, eða að mér tókst ekki að útvega mér tiltekna heimild.

Ég hef nokkuð kynnt mér rannsóknir Bos Almqvist, og vitna til eins verka hans í umræddum kafla. Ég get viðurkennt að fleiri tilvitnanir í verk hans, s.s. greinarnar „Fípan fagra och Drósin á Girtlandi“ frá 1994 og „Gaelic/Norse folklore contacts“ frá 1996 hefðu verið riti mínu til sóma, þótt áhrif þeirra á umfjöllunarefni mitt hefðu hvergi verið teljandi, en gott hefði einmitt verið að vitna til þeirrar síðarnefndu varðandi skýra afmörkun á þeim hugtökum sem um var rætt hér að framan, þ.e. *keltneskur* og *gelískur*, sem Almqvist fjallar nokkuð um í þessari grein sinni og notar svo með sambærilegum hætti og ég hef gert í riti mínu. Að sama skapi hefði ég mátt vitna til bókar Alans Bruford, *Gaelic Folktales and Mediaeval Romances*, bls. 157–159, þar sem hann ber saman írskar og skoskar miðaldasagnir um varúlfa.

Í framhaldi af þessu bendir andmælandi minn á að úlfar gegni engu hlutverki í írsku og skosku þjóðfræðaeefni, og þ.a.l. sé það ekki mjög líklegt að hægt sé að rekja varúlfsminnið þangað, eða til gelískra sagna (bls. 251). Ég

leyfi mér hins vegar að benda á að í riti mínu fjalla ég lítilsháttar um nokkrar tiltekna miðaldasögur, sem koma frá hinum keltneska hluta Evrópu (— sem var afmarkaður nánar hér að framan). Sögur þessar voru skráðar á 12. og 13. öld, þótt gera megi ráð fyrir að rætur þeirra liggi enn dýpra í menningu þeirra þjóða sem þessi lönd byggja. Tiltekna sögur hef ég nálgast í útgáfum eða þýðingu eftir frumheimild, þar sem það á við. Með tilliti til þessara miðaldasagna vitnaði ég til rita, að vísu eftirheimilda, þar sem getið er um varúlfatrú á Englandi og Írlandi á 12. og 13. öld.

Við rannsóknir mínar á tilteknu sagnaminni hafði ég m.a. komist að því að úlfa sé afar sjaldan getið í þjóðsögnum Íra, þ.e. munnmælaefni frá síðari öldum, enda séu þeir þar útdauðir fyrir margt löngu. Varúlfsminnið kemur hins vegar fyrir í nokkrum fornírskum heimildum, eða frá 7.–13. öld, svo sem John Reinhard og Vernan Hull rekja í fræðigreini sem birtist í *Speculum* 1936. Í minnaskrá sinni *Motif-Index of Early Irish Literature* vitnar Tom Pete Cross til allmargra heimilda (þá bæði frum- og eftirheimilda) þar sem minnið kemur fyrir í írskum miðaldabókmenntum, eða þar sem fjallað er um það, eins og fram kemur í neðanmálgreini í inngangi *Úlfhams sögu* á bls. clxxxviii. Nokkrar þessara tilvísana hef ég náð að staðfesta með því að útvega mér þýðingar þeirra frumheimilda sem þar er vitnað til.²

Fyrr á öldum stóð íbúum Bretlandseyja mikil ógn af úlfum, sem m.a. verður séð af því að Aðalsteinn Englakonungur hinn sigursæli, sem ríkti 925–40, lét reisa sérstakt skjól þeim ferðalöngum sem urðu fyrir árásum þeirra. Eins og viðurnefni Aðalsteins gefur til kynna var hann sigursæll konungur og m.a. sigraði hann lið Walesbúa, sem urðu skattþegnar Englakonungs. Játgeir Aðalráðsson (Edgar), sem ríkti í Englandi 959–75, breytti hins vegar fyrirkomulagi þess skatts sem forveri hans hafði komið á og bauð Walesbúum nú að greiða skatt sinn með 300 úlfsskinnum, í stað peninga og annarrar vöru. Tilgangur hans var að fækka úlfum og má segja að hafi verið fyrsta skrefið í skipulagðri útrýmingu úlfa á Bretlandseyjum. Í kjölfar þessa snarfækkaði úlfum á Englandi og í Wales, og þetta snilldarráð Játgeirs konungs varð umfjöllunarefni skálda allt fram á 18. öld (sbr. *Camden's Britannia* 1695 1971:655 og 742, Summers 1934:180–181). Talið er að úlfar hafi þó ekki dáíð út á Englandi fyrr en á 16. öld, og á Skotlandi tveimur öldum síðar. Þá voru úlfar ekki minni plága á Írlandi, þar sem menn gripu til þess ráðs að þjálfa sérstaka tegund

² Sbr. t.d. *The Voyage of Bran Son of Febal to the Land of the Living*, bls. 24 o.áfr., og Reinhard og Hull 1936 (þýðingar). Ennfr. er vitnað til *Konungs skuggsiár* og *Topography of Ireland* eftir Giraldus Cambrensis í nmgr. 309, *Úlfhams saga*, bls. cxcv.

hunda, sem nefndir voru írskir úlf-hundar, til að elta þá uppi. Menn töldu að enn væri talsvert um þá á 17. öld og heimildir geta um að úlfar hafi verið felldir í Wexfordsýslu á árunum 1730–40 og í Wicklow fjöllum var úlfur felldur árið 1770. Hvort tveggja er á suð-austur Írlandi (sbr. *Camden's Britannia 1695*:645, 655, 947 og 965, Summers 1934:180–185).³ Mér er ekki kunnugt um að heimildir geti um úlfa á Írlandi eftir þetta, en þó má finna a.m.k. tvær varúlfasögur í írskum þjóðsagnasöfnum frá 19. öld, m.a. safni Williams Larminie, *West Irish Folk-tales and Romances* (1898:17–29, sbr. ennfr. John R. Reinhard og Verman E. Hull 1936:43) þar sem varúlfsminnið ber svip af þeim keltnesku miðaldasögum sem um er rætt í riti mínu.

Þessi saga um úlfa á Bretlandseyjum og útrýmingu þeirra, og þar með fjarveru þeirra í írsku og skosku þjóðfræðæfni, fannst mér hvorki koma umræddum kafla um varúlfsminnið við, né hafa áhrif á niðurstöður mínar, enda nær samanburðarefni mitt einungis til miðaldasagna. Þá er því hvergi haldið fram að varúlfar þessara sagna byggi á raunverulegri þjóðtrú; íslenskar varúlfasögur sýna, svo að ekki verður um villst, að úlfar þurfa hvorki að vera landlægir né koma fyrir í þjóðfræðæfni síðari alda, til að skjóta upp kollinum í sagnahefð miðalda. Þótt ekki verði séð að athugasemd andmælanda míns hafi áhrif á umfjöllun mína um varúlfsminnið gefur hún engu að síður tilefni til frekari rannsókna á hinu gelíska (og keltneska) efni.

Í framhaldi af umræðu sinni um varúlfa benti andmælandi minn á svokallaða „mannhunda“ (‘dog men’ — kempur), sem koma fyrir í írskum sögnum og eru e.k. hermenn sem bregða sér í hlutverk varðhunda og gegna álíka hlutverki og úlfhéðnar eða berserkir (bls. 251). Ég er þess fullviss að það kynni að vera gagnlegt að bera slíkar sagnir saman við hið norræna efni, sérstaklega með tilliti til úlfhéðna, berserkja og annars konar dýrahermanna. Um berserki hef ég nýlega fjallað á öðrum vettvangi (Aðalheiður Guðmundsdóttir 2001) og á hvorutveggja minnst ég ennfremur í inngangi mínum að *Úlfhams sögu* (bls. cxcí og ccxí–ccxv). En eins og þar kom fram (bls. clxxxí, nmgr. 262) reyndist efni tengt varúlfsminninu það umfangsmikið, að réttast þótti að gera hluta þess skil annars staðar. Nánari umfjöllun um dýrahermenn er meðal þess sem klippt var úr umræddum kafla og bíður frekari úrvinnslu.

³ Við samningu svara þessa reyndist mér alls ómögulegt að afla allra þeirra frumheimilda sem Summers (eftirheimild) vitnar til, enda oftast um að ræða gömul rit (bæði skjöl og bækur). Leitað var til erlendra safna, auk Háskólabókasafns Íslands - Landsbókasafns.

Ég vil þakka fyrir þau ummæli andmælenda míns að ritgerðin sé „sérstaklega sannfærandi í sambandi við notkun sálfræðilegrar og sálrænnar túlkunar“ (bls. 251). Í þessu samhengi er þó bent á að k. 5.3, þ.e. kafli um gildi fyrr og nú, verði að teljast of rýr sem niðurstöðukafli, sé hann borinn saman við aðra hluta verksins.

Umræddur kafli um merkingu er 19 bls., en hvað sem því líður tel ég að samanburður á lengd ákveðinna kafla sé ekki rétt viðmiðunaraðferð, þar sem hinar ólíku hliðar sögunnar geta kallað á misfjarlega umfjöllun. Eðli málsins samkvæmt er inngangur útgáfunnar ekki byggður upp eins og ritgerð, þar sem niðurstöður, byggðar á rannsóknum sem miðast við einhverja ákveðna grundvallarspurningu (— eða spurningar), eru dregnar saman í sérstökum niðurstöðukafli. Bygging inngangsins fylgir þó engu að síður ákveðinni stefnu; hann hefst á kynningarkafli, þar sem fjallað er um helstu einkenni rímnanna og sögugerðanna þriggja, þ.e.a.s. ytri einkenni, þá koma ítarlegar handrita- og málfarslýsingar og loks textafræðilegur samanburður, sem leiðir til tengslatrés. Eftir þetta kemur hinn efnislegi samanburður, sem byggir á þeim textafræðilega, þ.e. stefnan liggur frá tiltölulega þröngum yfirborðsrannsóknum á tilteknum textum yfir í bókmenntafræðilega umfjöllun í víðara samhengi. Sú stefna víkkar svo enn frekar í 5. kafla með umfjöllun um hefðina, sagnaminnin og tengsl sögunnar út á við og endar svo á kafla um gildi sögunnar fyrr og nú, þar sem leitast er við að ráða í merkingu hennar. Leiðin liggur með öðrum orðum frá hlutlægum rannsóknum yfir í sífellt huglægari. Lokakaflinn tengist svo þeirri umfjöllun sem á undan er komin, þar sem ég leita m.a. í hefðina sjálfa og viðtökur fólks frá fyrri öldum þegar ég velti fyrir mér hugsanlegri merkingu sögunnar. Kaflinn er hins vegar ekki niðurstöðukafli fyrir innganginn í heild sinni. Sjálfri finnst mér túlkunin gegna mikilvægu hlutverki og tilgangurinn með umræddum kafla var fyrst og fremst sá að varpa ljósi á þá fjölbreytni sem lestur sögunnar býður upp á, — eða hvaða möguleika hún gefur til nálgunar. Hins vegar get ég ekki fallist á að túlkunarkafllinn eigi að veða neitt þyngra en aðrir kaflar, bara af því að hann rekur lestina. Sagan hefur marga fleti, — og jafnvel mætti líkja henni við tening að því leyti. Parna er einungis verið að fjalla um einn ákveðinn flöt teningsins, rétt eins og fjallað er um aðra fleti hans í öðrum köflum.

Í köflum 5.3.1.1.–5.3.1.6 er Úlfhams saga túlkuð á nokkra mismunandi vegu, en sameiginleg, undirliggjandi merking þessara kafla er dregin saman í

k. 5.3.2. Andmælandi minn telur að þræði þessara kafla hefði mátt tengja enn betur saman og að niðurstöðurnar hefði mátt styðja með fyllri umræðu um túlkunarfræðilegar forsendur og umfangsmeiri tilvísun til bókmenntafræðirannsóknna (bls. 252). Enn fremur telur hann tveimur heimildum ofaukið í heimildanotkun minni, á meðan hann saknar tilvísunar í nýrri rannsóknir, svo sem þeirra Helgu Kress og Dagnýjar Kristjánsdóttur (bls. 252).

Varðandi tilvísanir í túlkunarfræði þótti mér nægja að vitna til þriggja heimilda sem koma inn á umrætt svið, þ.e. „Nokkur hugtök og úrlausnarefni í túlkunarfræði“ eftir Pál Skúlason, *Samræður við söguöld* eftir Véstein Ólason og *Interpretation of Fairy Tales* eftir Bengt Holbek, en við síðastnefnda tilvísun tek ég fram að í viðkomandi riti megi finna gott yfirlit um fræðileg viðhorf og aðferðir túlkunarfræðinga (en í riti sínu gerir Holbek grein fyrir öllum helstu kenningum í túlkunarfræði fram á sína daga, eða fram á 9. áratug síðustu aldar). Í einstökum túlkunarköflum vísa ég svo í sérhæfðari rit, s.s. sem í fyrirlestra Sigmunds Freud, táknfræðileg uppsláttarit, nokkur sérfræðirit, svo sem um merkingu einstakra fyrirbæra, auk þess sem ég vitna til innlendra fræðimanna sem hafa fjallað um táknræna merkingu persónunafna. Svo ber þó að skilja sem andmælanda mínum þyki ég ekki einungis fullsparsöm á tilvísanir í þessum kafla, heldur ennfremur að ég hefði mátt styðja niðurstöður mínar enn frekar með fyllri umræðu um túlkunarfræðilegar forsendur (bls. 252).

Hugsanlega hefði ítarlegri umræða um túlkunarfræði orðið til þess fallin að styrkja umfjöllunina. Ég vil þó minna á að umræddur kafli í riti mínu hefst einmitt á umræðu um túlkun (á bls. ccxxix), þar sem ég velti fyrir mér álitamála þar að lútandi, s.s. við hvern túlkun skuli miðast og hvaða leiðir sé best að fara til að nálgast merkingu sagna. Segja má að þetta séu forsendur sjálftrar túlkunarinnar. Að umræðu þessari lokinni var valin sú leið að túlka söguna á nokkra ólíka vegu og tengja svo þær hugmyndir sem þar komu fram í e.k. heildartúlkun í lokin. Túlkunin má því heita huglæg, og í raun samræmist hún ekki nema að litlu leyti hugmyndum annars staðar frá.

Af fenginni reynslu tel ég það tvennt að kynna sér túlkunarhugmyndir annarra og að nota þær. Túlkunarfræðilegar forsendur eru breytilegar, hvort sem gengið er út frá túlkanda eða viðfangsefni, líkt og túlkunin sjálf. Túlkunarhugmyndir annarra samræmast því ekki endilega hugmyndum manns sjálfs, þegar til kastanna kemur. Hér er ekki ætlunin að gagnrýna einstakar aðferðir og þær forsendur sem liggja að baki aðferðum annarra, heldur þótti mér þær kenningar, sem ég þekkti til, í raun ekki bjóða betri lausnir til að ljúka upp merkingu Úlfhams sögu, en þær hugmyndir sem ég hafði sjálf fram að færa.

Aðferð mín fellur m.ö.o. ekki undir neina ákveðna kenningu í túlkunarfræðum, enda er ég kannski frekar að lesa í einstök tákni sögunnar, með nokkrum mismunandi leiðum, og í því tilliti styðst ég við og vitna til táknafræðiuppflettrita og annarra gagnlegra heimilda.

Andmælandi minn telur þó að túlkun mín taki í mörgu mið af sálfræðilegri túlkunaraðferð, og benti mér í því tilliti á tvo fræðimenn, sem líklega hefði verið gott að vitna til, svo sem áður segir (bls. 252). Því ber ekki að neita stundum heimfæri ég lýsingar og tákna myndir upp á sálrænt ástand aðalsöguhetjunnar, Úlfhams, þar sem sem mér þykir samsvörunin augljós. Þetta þarf þó ekki að þýða að túlkunin falli undir sérstaka eða fyrirfram mótaða aðferðafræði, aðra en þá sem upphaflega var gengið út frá og lýst var hér að framan. En vissulega má hugsa sér að umræddan kafla hefði mátt styrkja enn frekar með hugmyndum þeirra sem helst hafa fengist við sálfræðitúlkana og langar mig þá sjálfa til að bæta nafni bandaríska þjóðfræðingsins Alans Dundes við tillögur andmælanda míns. Engu að síður tel ég að aðferðir hans, og þeirra túlkenda sem ég þekki til, hefðu í engu breytt niðurstöðunum, sem eru huglæggar, eins og áður segir. Varðandi kröfu um umfangsmeiri heimildatilvísanir vil ég minna á orð Jürgs Glauser nokkru framar í umfjöllun sinni um umræddan kafla (5.3.1), en þar segir: „Þetta er mjög áhugaverður þáttur þar sem það er augljóst að doktorsefnið hefur kynnt sér fjölda bókmenntafræðilegra kenninga og aðferða“ (bls. 251).

Að lokum langar mig til að þakka Jürg Glauser fyrir sanngjarna umfjöllun um ritgerð mína og athugasemdir sem varða ekki einungis *Úlfhams sögu*, heldur íslenskar miðaldabókmenntir í víðara samhengi. Andmæli hans voru á margan hátt hugvekjandi. Ennfremur vil ég þakka dr. Terry Gunnell fyrir gagnlegar athugasemdir um þjóðfræðaefni, sbr. neðanmálgrein Glauers á bls. 250.

Svar við ræðu 2. andmælanda

Ræðu 2. andmælanda, dr. Svanhildar Óskarsdóttur, þykir mér rétt að skipta í þrjá hluta: 1) álitamál um forsendur útgáfunnar og aðferðir, 2) athugasemdir er varða umfjöllun mína um handrit og niðurstöður handritasamanburðar og 3) athugasemdir við frágang. Fjallað er um efnisatriðin í þessari röð.

I

Eins og fyrri andmælandi minn telur Svanhildur Óskarsdóttir að þörf hefði verið að tengja útgáfuáðferð þá sem notuð er í *Úlfhams sögu* „með skýrari hætti í samhengi við nýjustu umræðu innan fræðasviðsins“ (bls. 266). Í framhaldi af því bendir hún á rit og ritgerðir sem birst hafa á undanförunum árum, þar sem fjallað er um þá svonefndu „nýju textafræði“. Meðan á útgáfu *Úlfhams sögu* stóð las ég flestar þær heimildir sem þarna er bent á, líkt og fjölda annarra rita sem reyndust, að mínu mati, ekki eiga brýnt erindi í inngang ritsins. Gott hefði verið að fá nákvæmari dæmi um það hvað það er í þessum ritum sem hefði skapað einhvers konar grundvöll eða réttlætingu fyrir útgáfuáðferð mína. Í svörum mínum við andmælum Jürgs Glauser geri ég stuttlega grein fyrir þeim skoðunum mínum sem máli skipta í þessu samhengi, og leyfi ég mér að vísa til þeirra hér (bls. 276–277).

Textafræðilegar aðferðir urðu andmælanda mínum að nokkru umhugsunarefni. Í útgáfu minni eru fjórir mismunandi textar *Úlfhams sögu* prentaðir, þ.e. rímnurnar og prósagerðirnar þrjár, A-, B- og C-gerð. Textunum er raðað á þann hátt að elsti textinn, rímurnar, er prentaður fyrst, en að þeim loknum taka lausamálsgerðirnar við og eru þær prentaðar á þremur „hæðum“; A-gerð efst, þá B-gerð og loks C-gerðin neðst á síðu. Andmælanda mínum virðist sem uppsetning þessi gangi þvert á þá yfirlýsingu mína að í útgáfunni sé athyglinni einkum beint að skyldleika milli rímna og sagnauppskrifta eftir þeim (bls. xxvi, sbr. andmælaræða bls. 265): Finnst með öðrum orðum að þarna sé ég að gefa til kynna að prósagerðirnar eigi fleira sameiginlegt innbyrðis en þær eiga hver um sig með rímunum, þ.e. að líta megi á allar prósagerðirnar sem afbrigði eins texta. Ber þetta vott um árekstur hefðbundinnar textafræði og annars konar nálgunar?

Það get ég með engu móti séð. Í þessu sambandi langar mig til að nefna aðra möguleika. Til greina hefði komið að prenta alla textana sér og líklega hefði ekki verið hægt að setja neitt út á slíka útgáfu. Það hefði undirstrikað að hver gerð sögunnar er í raun einstök og að á hana beri að líta sem heild. Í öðru lagi hefði mátt klippa rímnatextann niður til jafns við prósagerðirnar, t.d. með því að prenta rímnatextann á vinstri síðu hvernar opnu, og samsvarandi kafla úr lausamálsgerðunum á hina hægri. Þennan möguleika verður fyrst og fremst að útiloka vegna lengdarmunar, þar sem rímurnar eru talsvert lengri en prósagerðirnar; rímnakafla sem samsvararar hverri af hinum þremur „hæðum“ prósagerðanna efnislega kæmist einfaldlega ekki fyrir á einni blaðsíðu. Þriðji

möguleikinn er sá sem varð fyrir valinu: Þrátt fyrir að varðveisla og tilurð lausamálsgerðanna þriggja sé flóknari en svo að þær verði eingöngu raktar til eins tiltekins rímnatexta, verða þær allar með óyggjandi hætti á einhvern hátt raktar til Vargstakna; það eiga þær sameiginlegt. Þær eru ekki afbrigði eins texta, en hins vegar verða þær raktar til sama verks. — Og einmitt til að varpa skýrara ljósi á séreinkenni hverrar gerðar notaði ég þessa aðferð; uppsetningin sjálf varpar ljósi á þann mun gerðanna þriggja sem um er rætt í inngangi. Sem dæmi má nefna að á bls. 41 eru prentaðar tvær línur úr texta A-gerðar; sambærilegur kafli úr B-gerð tekur 19 línur, en átta línur í C-gerð. Þarna sjá lesendur hinn mikla lengdarmun gerðanna svart á hvítu. Það er einmitt mjög skemmtilegt að lesa *Úlfhams sögu* m.t.t. þessara mismunandi afbrigða og bera saman hin ólíku vinnubrögð sem einkenna textana. Ég mat það svo að uppsetning sem þessi gæti auðveldað lesendum að setja sig inn í þessa skapandi og skemmtilegu endursköpunarhefð, því að hér gefst þeim kostur á að bera hin ólíku vinnubrögð prósahöfundanna saman án þess að fletta blaðsíðum og eyða löngum tíma í að finna þær línur sem vekja áhuga þeirra í það og það skiptið.

Í andmælum sínum leggur Svanhildur áherslu á meinta togstreitu milli eldri og nýrri viðhorfa í textafræðum, sem henni sýnist ekki alltaf fara saman. Í því tilliti segir hún (bls. 270) að ég hafi að nokkru leyti smíðað mér

eigin aðferð eða nálgun á grundvelli bæði eldri hefðar og nýrri viðhorfa. Hún fylgir þeirri aðferð kerfisbundið og með því kemur í ljós að aðferðin hentar ekki öllu efninu ... Aðferðin afhjúpar semsé takmarkanir sínar ...

Þetta eru stór orð miðað við þau rök sem til grundvallar liggja og mun ég koma nánar að þessu álitamáli í 2. lið svara minna.

Í inngangi *Úlfhams sögu* er rík áhersla lögð á hina skapandi hefð, þar sem sjónum er beint að samspili þeirra ólíku texta sem varðveita söguefnið. Í umfjöllun þessari styðst ég nokkuð við hugtakið „textatengsl“, sem andmælandi minn gerir athugasemd við, þar sem umrætt hugtak hefur um nokkurt skeið verið notað í bókmenntafræði sem þýðing á hugtakinu *intertextualité* (franska) eða *intertextuality* (enska). Með tilliti til þess er mér bent á að ég hefði mátt skilgreina hugtakið, eins og ég nota það, betur (sbr. bls. 267). Í inngangi *Úlfhams sögu* (bls. lxix) segir svo:

Hugtakið „textatengslafræði“ er því ekki notað í merkingunni „rit-tengslafræði“, sem nokkuð hefur verið stunduð, t.d. við útgáfu *Íslenzkra fornrita* og miðast við að draga fram allar hugsanlegar heimild-

ir sem söguhöfundur gat haft á borði sínu, heldur er einungis ætlunin að sýna fram á hvernig mismunandi útfærslur sama söguefnis tengjast innbyrðis.

Þótt skilgreining þessi sé vissulega stutt hlýtur hún að mega teljast skýr og ekki ætti að orka tvímælis á hvern hátt umrætt hugtak er notað. — Og þar sem hugtakið er skilgreint og notað innan textafræðilegrar umræðu, hljóta að vera hverfandi líkur á því að hugtakinu sé ruglað saman við notkun þess innan bókmenntafræði. Hugtakið „textatengsl“ er gegnsætt, og hér notað um tengsl texta. Hugsanlega gæti óheppilegur hugtakaárekstur átt sér stað, tækju textafræðingar að tileinka sér framangreint hugtak til æ meiri muna og án þess að skilgreina notkun þess. En taki menn að rannsaka tengsl texta á líkan hátt og hér hefur verið gert, hlýtur hugtakið ekki einungis að teljast heppilegt, heldur nauðsynlegt. Í þessu tilliti er vert að benda á að þýðing hugtaksins *intertextuality* með 'textatengsl' er ekki gegnsæ.

Í formála að *Úlfhams sögu* segir: „Í eftirfarandi útgáfu gefur að líta allar varðveittar gerðir Úlfhams sögu og Vargstakna ...“ Þetta telur andmælandi minn að standist ekki, þar sem uppskrift Jónasar Jónssonar, dyravarðar Alþingis, sé ekki meðal útgefinna texta og spyr annars vegar hvers vegna endursköpun hans sé „ómerkilegri en aðrar eldri útfærslur“ og hins vegar hvort ekki þyki frétt næmt að „uppskrift Jónasar [sé] sú eina af prósagerðunum sem bætir erindum úr rímunum inn í textann“ (bls. 265).

Í inngangi er umrædd uppskrift nefnd A³, enda er hér tæpast um að ræða nýja gerð, og í stórum dráttum er þetta uppskrift eftir A¹; sem sagt: afbrigði Agerðar. Að vísu hefur skrifari breytt orðalagi sem nokkru nemur í þriðja kafla og byrjun þess fjórða, auk þess sem einstakar setningar eru felldar út, en öðrum bætt við, samkvæmt efni rímnanna, en að eigin sögn hefur Jónas haft Staðarhólsbók (S) nærtæka. Uppskrift Jónasar er m.ö.o. ekki ný gerð og það viðbótarefni sem hann sækir í rímnatextann getur varla talist nýsköpun. Hún er dagsett 27. desember 1884 og mun því að öllum líkindum gerð í Árnasafni í Kaupmannahöfn, þar sem S og AM 601 a 4to, handrit A¹, voru í vörslu. Í stuttu máli sagt: A³ er ungun texti; honum er steipt saman af alþýðufræðimanni sem situr við vinnu sína á handritasafni. Uppskriftin er ekki hluti af þeirri sagnahefð sem inngangur *Úlfhams sögu* snýst um og felst í viðtöku sagna fyrr á öldum, og sér í lagi rannsóknum á formbreytingum hennar; rímum og sagnauppskriftum eftir þeim. A³ er eftirrit sem vissulega hefur orðið fyrir nokkrum breytingum frá hendi skrifara, en breytingar hans mega teljast

ófrumlegar að því leyti að þær eru sóttar til rímnatextans. Þær örfáu breytingar sem rekja má til skrifarans sjálfs og skipt geta máli eru tífundaðar á bls. xxvi.

Eins og Svanhildur Óskarsdóttir bendir á er uppskrift Jónasar sú eina sem er aukin rímnæringum og spyr hún hvort slíkt þyki ekki fréttæmt. Ég hlýt að svara spurningu hennar játandi, enda er þess getið á bls. xxvi, þar sem þau sjö erindi sem Jónas hefur valið viðeigandi staði innan uppskriftarinnar eru talin upp; annað efni handritsins er ennfremur rakið á bls. xxv. Það álitamál sem Svanhildur vekur máls á með athugasemdum sínum (bls. 265–266) er hins vegar ekki einfalt og ákvörðun mín um meðferð uppskriftarinnar hvorki „rétt“ né „röng“. Spurningin snýst um grundvallaratriði í varðveislufurli texta, eins og Jürg Glauser benti á hér að framan (bls. 247–248), og því er við hæfi að spyrja: Hvenær verður texti að gerð? Texta Jónasar mat ég svo að nóg væri að fjalla um þær örfáu breytingar sem máli skipta fyrir ferli Úlfhams sögu í stuttu máli á bls. xxvi. Hefðu breytingarnar gefið tilefni til ítarlegri umfjöllunar, hefði hún einfaldlega orðið ítarlegri. Umfjöllun um texta Jónasar í Lbs 3128 4to er því knöpp, en hið sama má einnig segja um umfjöllun uppskriftanna í Lbs 2033 4to (bls. xiv) og Lbs 1940 4to (bls. lxvi–lxvii og xciii) sem hvorar um sig fela í sér óverulegar breytingar.

2

Umfjöllun minni um einstök handrit, önnur en Staðarhólsbók — AM 604 4to (S), fylgir efnisyfirlit og af því má sjá með hvers konar efni umræddir textar standa. Andmælandi minn saknar sams konar yfirlits um efni S og telur að það hefði „bæði verið til samræmis og áhugavert fyrir lesendur að fá yfirlit um efni Staðarhólsbókar í kafla 2.1“ (bls. 261). Hér skal bent á þann reginmun að slíkt yfirlit er þegar prentað í útgefinni bók sem vitnað er til í inngangi (bls. xxxi, nmgr. 36); efnisyfirlit annarra handrita hefur aftur á móti hvergi verið prentað áður. Ekki þótti ástæða til að endurtaka þessa upptalningu á efni S hér, en í nmgr. 37 eru taldar upp rímur sem gefnar hafa verið út eftir umræddu handriti, alls 24 rímnaflokkar af 33 (samantekt sem hvergi hefur birst áður). Andmælandi minn telur að þetta hefði engu að síður verið þarft, sérstaklega í ljósi þess hve rannsókn mín beinist að viðtökum rímnna og prósa. Hér skal á það bent að prósaгерðir Úlfhams sögu verða ekki raktar til S, svo sem fram kemur í k. 3.2, og því er það spurning hvort annað efni S varpi nokkru ljósi á varðveislu efnisins.

Sambærileg krafa um að endurtaka efni eða umræðu sem þegar hefur birst

annars staðar kemur fram í ræðu Svanhildar Óskarsdóttur þar sem hún saknar fyllri umfjöllunar um skrif þeirra Jóns Helgasonar, Stefáns Karlssonar og Ólafs Halldórssonar um Staðarhólsbók. Hér telur hún vera úr ýmsu að moða; fróðleik sem ég hefði betur mátt skammta lesendum mínum af meira örlæti (bls. 261). Í ritgerð minni er látið nægja að greina frá niðurstöðum umræddra fræðimanna og vitna til viðeigandi heimilda (bls. xxxi–xxxiv). Almennt var gengið út frá þeirri reglu að forðast málalengingar og á það sérstaklega við um fróðleik sem áhugasamir lesendur geta hæglega nálgast annars staðar á grundvelli heimildatilvísana. Hér má líka hafa í huga að vinnubrögð þau sem andmælandi minn óskar eftir eru líkleg til að kalla á talsvert lengri inngang og að mínu mati, langdregnari að óþörfu.

Í sama anda er beið um nákvæm rök þeirra Jóns og Ólafs fyrir aldursgreiningu Staðarhólsbókar (bls. 261–262). Hér gildir þó hið sama; lesendum ætti að nægja að lesa tilvitnuð rit þessara fræðimanna, þar sem umrædd aldursgreining er hvergi dregin í efa í ritgerð minni. Öðru máli gegndi ef aldursgreining handritsins væri véfengd og væri þá bæði sjálfsagt og nauðsynlegt að rekja röksemdir annarra fræðimanna, svo að á henni mætti byggja. Um það er einfaldlega ekki að ræða hér. Í framhaldi af þessari umræðu saknar andmælandi minn tilvísunar í heimild þar sem ég tel að sú venja skrifara Staðarhólsbókar að binda nafn Jesú efst á hverja síðu gæti einmitt styrkt aldursgreiningu handritsins, þ.e. að það sé skrifað um siðaskipti. Nefni ég í þessu sambandi að ekki muni hafa tíðkast að rita nafn Jesú á spássíur handrita fyrir þann tíma (um 1550), þótt nöfn dýrlinga komi víða fyrir með sama hætti. Mér er ekki kunnugt um að nokkur hafi birt rannsóknir af þessu tagi, en heimildamaður minn var Ólafur Halldórsson handritafræðingur (munnleg heimild).

Svanhildur Óskarsdóttir telur uppskrift mína á rímum og sögugerðum Úlfhams sögu mjög áreiðanlega og fellst á að þar sem okkur Finn Jónsson greinir á um lestur rímnatextans sé lestur minn yfirleitt betri (bls. 259). Þó nefnir hún tvö dæmi, þar sem ekki sé gott að sjá að lestur minn sé framför frá Finni: 'hrida' (FJ) > 'hirda' V 19.4 og 'heim' leiðrétt í 'hreinn' (FJ) > 'h(r)einn' I 20.3 (sbr. bls. xxxv). Umrædd erindi hljóða svo:

V 19

*Skotnvm huerfur skyia glod.
skriott hefur natt sinn tima.
huildar vitiar heidurs þiod.
en hirda vnda brima*

I 20

*Hennar briost er hartt sem steinn.
hun uar grimm sem uargar.
kemur af skogi kongurinn h(r)einn
kempur fylgia ei margar.*

Í fyrra tilvikinu er álitamál hvort band skuli leyst upp sem 'ri' eða 'ir'. Eins og fram kemur á bls. xlv er umrætt ták (hlykkjótt strik ofan línu) notað fyrir eftirfarandi hljóð og hljóðasambönd: *ri, ir, di, id, i, igi, ik, il, itt* og *ui*. Bandið eitt og sér sker því ekki úr um upplausnina. Hvað merkir þá umrætt vísuorð með leshætti Finns? Því er ekki gott að svara, enda fékk Finnur ekki botn í það sjálfur. Í rímnaorðabók hans er einungis eitt dæmi um umrætt orð, þ.e. *hriða* (sbr. 1926–28:185 — „sambærilegt“ dæmi sem Svanhildur bendir á er reyndar orðið *hríð*, sbr. sama heimild, bls. 186). Um það segir Finnur: „*U V, 19 er uforstæligt, stár máskje for hrjóða, der dog ikke er synderlig godt, det skulde bet. 'nedlægge'.*“ Lesháttur minn felur ekki einungis í sér merkingu með stuðning af öðrum dæmum, samkvæmt rímorðabókinni (sbr. *hriða*: 1926–28:171), heldur fær hann einnig stoð í leshætti AM Acc 22: 'hirder', svo sem fram kemur í lesháttaskrá neðst á blaðsíðu 27 í útgáfu minni á Vargstökum. Merkingin felst í því að menn *hriða sverð* sín að lokinni orrustu þeirri sem um ræðir.

Í síðara dæminu telur andmælandi minn að ég hafi farið óþarflega flókna leið við lesturinn og gerir þá ráð fyrir að leið Finns, sem les 'heim' og leiðréttir í 'hreinn' sé einfaldari. Ég tel þó að mun skynsamlegra sé að lesa umrætt orð (bandrétt: heī) 'h(r)einn' (hér læddist inn sú leiða villa að einungis seinna *n*-ið var skáletrað í uppskrift minni). Í AM 604 4to er alvanalegt að nefhljóðsbandið standi fyrir *nn*, svo sem um er rætt í nmgr. 58 og getur sú upplausn ekki talist flókin, heldur sjálf sögð og í fullu samræmi við upplausn annarra nefhljóðsbanda. Með tilliti til þess er eðlilegast að gera ráð fyrir að *r* hafi fallið niður hjá skrifara eða verið óskýrt í forriti hans, enda fær leshátturinn *hreinn* ekki einungis stuðning af rímorðinu *steinn* (I 20.1), heldur einnig AM Acc 22 sem hefur 'hreinn'.

Upplausn banda er enn til umræðu þegar andmælandi minn spyr hvort bragarhætti Vargstakna sé „fórnað á altari samræmis í frágangi“ (sbr. bls. 261). Í AM 604 h 4to er *-ur* endingin alla jafna falin í bandi. Sé hún hins vegar stafsett, er stoðhljóðið *u* oftast en ekki skrifað og samkvæmt því er það prentað við upplausn banda í útgáfu Vargstakna. Hér hefur samræming við frágang textans verið höfð að leiðarljósi, svo sem jafnan hefur tíðkast við útgáfu miðaldarita. Í útgáfu sinni á Íslensku hómilíubókinni segir Andrea de Leeuw van Weenen: „Abbreviations are as much as possible expanded to fixed rule, even when this leads to a few irregular forms“ (1993:193). Þessi samræming við upplausn banda á jafnt við um ritun stoðhljóðs og annarra hljóða/hljóðasambanda, hvort sem er við útgáfu texta í bundnu máli eða óbundnu, enda

hafa aðrir útgefendur haft sama háttinn á, t.d. prentar Ólafur Halldórsson umrætt stoðhljóð í endingum í útgáfu sinni á *Íslenskum miðaldarímum* (1973–1975). Segja má að athugasemd andmælanda míns snúist í raun um að brjóta í bága við ríkjandi útgáfuhefð með því að gera útgefanda að e.k. bragtúlki. Ég tel hins vegar að í þessu tilfelli liggi það nær starfi útgefanda að búa textann vel og skilmerkilega í hendur þeim sem fást við bragfræði eða sýna bragnum sérlegan áhuga. — Og gæti ekki einmitt verið að bragfræðingum þætti útgefandi farinn að grípa fullmikið inn í textann með þeim vinnubrögðum sem Svanhildur mælir með? Ég gæti skilið athugasemdina ef stafsetning rímnanna hefði verið samræmd og upplausn banda hvergi sýnd, en hér kemur greinilega fram að stoðhljóðið er falið í bandi. Í k. 2.1.2 um styttingar og bönd í Staðarhólsbók geta lesendur svo séð nánar hvers konar band liggur að baki upplausninni (sbr. bls. xlíii). Í þeirri textafræðilegu útgáfuhefð sem hér er tekið mið af hefur verið leitast við að túlka texta ekki um of, t.d. með því að samræma ekki stafsetningu. Hið sama má gilda um framangreint ágreiningsmál.

Ég vil þakka ummæli andmælanda míns þar sem hann telur umræðu mína um endursköpun Jóns Ólafssonar á Úlfhams sögu vel rökstudda og áhuga-verða (bls. 262). Umfjöllunin snýst um þær breytingar sem Jón gerði á Úlfhams sögu og tel ég að þær beri að sumu leyti vott um hugmyndir hans um hlutverk karla og kvenna og vera gerðar í uppeldissjónarmiði, þar sem handritið Kall 613 4to var ætlað ungri heimasætu, Ragnheiði Einarsdóttur á Söndum. Andmælandi minn vitnar í inngang *Úlfhams sögu* á bls. lxiii, þar sem ég tel að áhugavert gæti verið að skoða handritið sem heild og athuga þar með hvort Úlfhams saga Jóns geti hugsanlega verið hluti af stærra verki, þar sem textar hafa verið lagaðir að hlutverki bókarinnar. Andmælandi telur þetta sérlega áhugavert og finnst að ég hefði „átt að gera veigameiri tilraun til að svara“ þessari spurningu, sem hefði „að sumu leyti orðið gjöfulli nálgun“ en sú aðferðafræði sem beitt er við handritakönnun (bls. 263). En þetta er þó tvennt ólíkt. Rannsókn á Kall 613 4to, hversu áhugaverð sem hún kann að vera, gæti aldrei komið í staðinn fyrir ítarlega rannsókn á Úlfhams sögu í því handriti (þ.e. þeirri sögu sem rannsóknin snýst um). Þar að auki er athugun af þessu tagi umfangsmikil og stærri en svo að hún rúmist í inngangi *Úlfhams sögu*, enda felur hún í sér samanburð á öllum öðrum sögum handritsins (11 talsins) við aðra varðveitta texta (sem eru fjölmargir). Þeim mun meira verk yrði að vinna slíka rannsókn þar sem umrætt handrit er óútgefið, en svo að efni þess mætti koma að notum við samanburðarrannsóknir, þyrfti fyrst að slá það inn á tölvutækt form (efni upp á rúmlega 400 þéttskrifaðar blaðsíður).

Skref í átt að nánari rannsókn hefur þegar verið stigið og kynnt á málþingi um menntun og uppeldi á 18. öld (Aðalheiður Guðmundsdóttir 2002). Frekari rannsókn bíður hins vegar betri tíma — og nægs. Umrædd athugasemd sver sig í ætt við athugasemdir 1. andmælanda, sem benti á nokkrar áhugaverðar leiðir til nálgunar (sbr. bls. 250). Afmörkun inngangs á borð við þann sem hér um ræðir felst hins vegar í því að velja, hafna og leggja línur, og eins og Svanhildur bendir á annars staðar þykir henni afmörkun mín skýr og verkefnið hæfilega umfangsmikið (bls. 257).

Handritasamanburður er margflókinn og skilar samkvæmt því mörgum niðurstöðum, sem dregnar eru saman í ættartré handrita. Þarna eru m.a. færð rök fyrir því að lausamálsgerðirnar styðjist allar við efni sem kemur úr glataðri frumgerð C-textans, svo sem sjá má í ættartrénu á bls. ciii. Hér telur andmælandi minn fyrirbyggjandi röksemdir ekki nógu sannfærandi og að gert sé meira úr líkindum A-gerðar við B- og C-gerð en efni standa til. Með því gerir Svanhildur ráð fyrir að sameiginleg einkenni A- og B-gerðar (þau sem ég ætla að sótt séu til *C-gerðar) mætti allt eins skýra „með sameiginlegu viðhorfi sagnamanna til efnis og notkunar þeirra á föstum formúlum“ (bls. 270).

Þessi möguleiki var að sjálfsögðu skoðaður, rétt eins og allar hugsanlegar leiðir um tengsl textanna. Í k. 3.3.2.2 á bls. xciv segir orðrétt:

Vafalaust mætti rekja sumt, ef ekki flest, af orðalagslíkingum A- og B-gerðar til formúlukennds orðfæris og þar með efast um sönnunargildi þeirra fyrir textatengslum.

Hér legg ég sem sagt upp með álíka möguleika og andmælandi minn bendir á. Hins vegar eru nokkur atriðið sem mér finnst mæla gegn þessari einföldu lausn.

1) Í fyrsta lagi er um að ræða nokkuð sterk lesbrigði sem sögugerðinar tvær hafa sameiginleg gagnvart öðrum textum; t.d. eru kapparnir Bölsóti og Snækollur nefndir víkingar, en berserkir í rímum, og bjarkir þær sem rímurnar segja frá verða að eikartjárm í sögugerðunum. Að vísu getur hér verið um tilviljanir að ræða, enda dugar þetta ekki eitt og sér.

2) Í öðru lagi skera skil 5. og 6. kafla sig frá samsvarandi rímnaskilum, þ.e. þau eru færð eilítið aftar í báðum prósagerðunum og skera sig þar með lítilsháttar frá öllum varðveittum rímnatextum. Andmælandi minn hefur fyrir því munnlega heimild að það sé einmitt eitt af einkennum formbreytinga (úr rímum í prósa) að skil milli kafla færast til með slíkum hætti og hér um ræðir (bls. 269). Þetta er í sjálfu sér ekki ósennilegt, en umrædd kaflaskil þykja mér engu

að síður benda til tengsla af einhverju tagi, þar sem ekki verður séð að hin nýju skil hæfi efninu betur (þótt segja megi að þau hæfi efninu allt eins vel). Þar að auki mætti kalla það allmikla tilviljun ef prósa höfundarnir tveir hefðu verið svo samtaka um að hreyfa við einmitt umræddum kaflaskilum (og engum öðrum) án sameiginlegrar fyrirmyndar.

3) Í þriðja lagi fela A- og C-gerð í sér sams konar frávik við sögulok, þar sem rímurnar geta þess að fernar dyr finnist á Varnarhaugi hverja nótt (VI 34.1–2). Í samræmi við það segir höfundur B-gerðar að haugurinn opnist hverja nótt með fernum dyrum (bls. 59.11). Í A- og C-gerð er haugbrotið hins vegar talsvert erfiðara, þar sem menn þurfa nú að hafa fyrir því að *brjóta* á hauginn fernar dyr (bls. 59.2 og 59.23–24). Auk þessa fela B- og C-gerð í sér annars konar sameiginleg frávik sem rekja má til misskilnings tiltekinna kenningar úr rímnatextanum (sbr. bls. xcix). A- og B-gerð, hvor í sínu lagi, hljóta því að sækja fyrirmynd sína í hina baklægu *C-gerð.

4) Síðast en ekki síst eru orðalagslíkingar A- og B-gerðar í heild sinni (með öllum möguleikum, þ.e. AB]RímurC, ABC]Rímur, ABRímur]C og ABC Rímur) það *fyrirferðamiklar* að þær hljóta að styðja tilgátu um baklæga sögu-gerð enn frekar. Andmælanda mínum hefur láðst að taka tillit til þessa mikilvæga þáttar.

Það verður því að teljast líklegt að þennan augljósa skyldleika gerðanna tveggja, sem ekki verður rakinn til rímnatextans, megi rekja til glataðrar sögu sem mun hafa falið í sér sameiginlega leshætti og kaflaskil prósa-gerðanna. En þrátt fyrir þessi augljósa líkindi A- og B-gerðar telur andmælandi minni engin „knýjandi rök til þess að álíta að höfundur A-gerðar hafi haft neitt fyrir sér annað en rímurnar“ (bls. 269) og skoðunum sínum til sönnunar vitnar hann í framangreindar breytingar við lok Úlfhams sögu, sem og í eftirfarandi athugasemd mína í inngangi (bls. cviii–cix):

Misskilning við lok sögunnar má að einhverju leyti rekja til *C-gerðar (sjá k. 3.3.3), en m.t.t. þess að höfundur A-gerðar styðst einnig við rímurnar, mætti jafnvel álykta sem svo að skilningi hans á skáldamáli þeirra hafi verið ábótavant. Vafalaust mætti líka kenna óvandvirkni eða fljótfærni um ...

Í inngangi mínum lýkur málsgreininni svo: „... því að umræddur rímnakafli, u.þ.b. VI 40–45, er hvorki strembnari en aðrir hlutar, né torskilinn yfirleitt með vandlegum lestri“.

Getur þetta tvennt ekki farið saman? Höfundur A-gerðar fer eftir *C-gerð

Þegar hann ákveður að láta hersinguna brjótast inn í hauginn, og hefur þá líklega jafnframt sést yfir að í rímunum eru dýrnar umræddu þegar opnar. En hvernig sem því er háttað er staðreyndin sú að lesháttur rímnanna hefur farið fram hjá honum, á meðan texta hans ber saman við C-gerð. Lausn Svanhildar felst í að líta á A-gerð út frá sjónarhóli „nýju flólólgíunnar“ og skýra framan- greind líkindi með sameiginlegu viðhorfi sagnamanna. En hvað með sameiginlega leshætti, sbr. fjórða lið hér að framan? — ég tel nauðsynlegt að taka tillit til þeirra líka. Með þessu er ég ekki að segja að hugmyndir Svanhildar séu úr lausu lofti gripnar, en á hinn bóginn finnst mér ekki laust við að þær feli í sér eilíftið of fögur fyrirheit um lausnir „nýrra“ hugmynda.

Framangreindar aðfinnslur um hvort rekja megi A-gerð að hluta til hinnar baklægu *C-gerðar eða ekki standa engan veginn undir þeim orðum andmælanda míns að samanburðaraðferðin henti A-gerð ekki vel og afhjúpi þar með takmarkanir sínar (sbr. tilvitnun í 1. hluta hér að framan). Hér þarf meira til.

3

Andmælandi minn gerir nokkrar athugasemdir varðandi frágang ritsins og telur m.a. að sá háttur minn að prenta fæðingar- og dánarár fræðimanna sé sérkennilegur og hefði verið „þægilegra“ m.t.t. lesenda að sýna „hvenær það rit birtist sem vísað er til“ (bls. 258). Hér kemur tvennt til. Í fyrsta lagi valdi ég að styðjast við svonefnt MLA-tilvísanakerfi, sem einkennist af því að tilvísanir eru hafðar í neðanmálgreinum, en ekki innan sviga í meginmáli. Samkvæmt þessari aðferð er vitnað til höfundar, titils og blaðsíðutals neðanmáls. Ég tel að þetta kerfi henti riti mínu mun betur en hið svonefnda APA-kerfi, þar sem vitnað er í höfund, útgáfuár tiltekens rits og blaðsíðutal innan sviga (sbr. Gibaldi og Achtert 1988 og Einar Guðmundsson og Júlíus K. Björnsson 1995: 69–78). Það getur verið gott að grípa til neðanmálgreina þegar þörf er á að dýpka umfjöllunina með umræðu sem ekki á með góðu móti heima í meginmáli, — eða myndi a.m.k. oft á tíðum hafa slæm áhrif á samhengi textans. Í inngangi *Úlfhams sögu* hefur þessi leið óspart verið notuð; neðanmálgreinar eru því algengar og viðbótarupplýsingum gjarnan bætt aftan við heimildatilvísanir. Sjálfri þykir mér betra að lesa texta án svigatilvísana, séu þær fyrirferðamiklar, og þ.a.l. þótti mér fara betur á því að hafa tilvísanir neðanmáls og innan um aðrar neðanmálgreinar, sem hvort eð er fylgja textanum.

Samkvæmt MLA-kerfinu er ekki getið um útgáfuár rita í tilvísunum. Hins vegar get ég um fæðingar- og dánarár fræðimanna innan sviga, sem mér þótti

reyndar alveg nauðsynlegt. Efni ritsins samkvæmt vitna ég til fræðimanna og viðhorfa langt aftur í aldir, en þegar kenningar einstakra manna eru skoðaðar og settar í stærra samhengi, getur það skipt miklu máli hvenær viðkomandi kenningasmiður eða fræðimaður var uppi. Þetta dýpkar sýn okkar á viðfangs-efnið og við skiljum viðhorf manna betur m.t.t. þess hvort þeir voru uppi á 18., 19. eða 20. öld. Með 20. aldar fræðimenn getur það jafnvel skipt máli hvort þeir voru að störfum á fyrri hluta aldarinnar eða hvort um samtímamenn er að ræða, því að viðhorf manna fylgja óneitanlega ákveðnum tíðaranda. Elstu fræðimenn sem ég vitna til eru fæddir í kringum Kristsburð, en sá yngsti á 8. áratug liðinnar aldar. Sjálf hef ég dáðst að fólki sem leggur á sig þessa ósjálf-sögðu upplýsingaþjónustu og gerir mér, sem lesanda, kleift að staðsetja mig í réttum tíðaranda hverju sinni.

Aðferðin er þó ekki gallalaus, eins og andmælandi minn benti á, og kemur til af því að gert er ráð fyrir að megintexti, þ.e. texti án neðanmálsgreina, geti staðið og fallið með sjálfum sér og að lesendur geti látið nægja að lesa þann texta. Sú umfjöllun sem fram fer í neðanmálsgreinum er hins vegar oftast en ekki hugsuð sem ítarefni fyrir þá sem vilja vita enn meira. Upphaflega ákvað ég því að láta nægja að setja ártöl við menn sem voru nefndir í meginmáli og miðaði við að þær upplýsingar kæmu fram í fyrsta skipti sem hver maður væri nefndur. Eftir nánari umhugsun snerist mér hugur og þótti mér þessi aðferð jafn mikilvæg neðanmáls sem í meginmáli. Þá stóð ég hins vegar frammi fyrir „tæknilegu vandamáli“. Átti ég halda fyrrnefndri reglu og skeyta ártalinu aftan við viðkomandi fyrst þegar nafn hans birtist, þótt það væri í neðanmálsgrein? Hvað þá með það sjónarmið að megintextinn ætti að geta staðið einn og sér? Eftir nokkrar vangaveltur ákvað ég að láta meginmálið ráða ferðinni, skeyta ártalinu aftan við nafn þegar það kemur þar fyrst fyrir, jafnvel þótt sama nafn hefði áður komið fyrir í neðanmálsgrein. Mönnum sem einungis eru nefndir neðanmáls fylgja að sjálf-sögðu ártöl við fyrstu tilvitnun.

En þá að alvarlegri athugasemdum. Andmælandi minn fullyrðir að stundum séu þeir annmarkar á heimildartilvísun að vitnað sé til handbóka eða eftirheimilda, „þar sem gera verður þær kröfur að vísað sé til frumheimilda“ (bls. 258). Þessu til stuðnings fylgja tvö dæmi. Í fyrra tilvikinu vitna ég í handritaskrá Kálunds (*KatAM* I:713) þar sem ég tel upp efni AM 561 4to, auk þess sem ég get um athugasgrein Árna Magnússonar í sama veffangi (hún er prentuð aftan við handritslýsingu Kálunds á sömu blaðsíðu). Umrædd athugasgrein er ennfremur prentuð í *Arne Magnussons i AM 435 A–B, 4to in delholdte håndskrifffortegnelser* (bls. 27) og telur andmælandi minn að eðlilegra hefði verið að vitna í það rit. Hins vegar er sú klausa, sem vitnað er til, ekki einungis

efnislega eins upp tekin í báðum ritunum, heldur einnig af sama manni, Kr. Kálund. Þar að auki er hún prentuð 20 árum fyrir í handritaskrá hans, þeirri heimild sem ég vísa til. Gerir það tilvísun í síðarnefnda ritið ekki óþarfa, þrátt fyrir „venju“?

Hitt dæmið sem ég fæ bággt fyrir er að geta þess, á bls. clxxxvii, að elsta fullmótaða varúlfasagan sé varðveitt innan skáldsögunnar Satýrikon, en vitna svo ekki til bókarinnar sjálftrar í þýðingu, heldur fræðirits um varúlfsminnið, þar sem fjallað er um hana (sbr. nmgr. 283, sbr. andmæli bls. 258). Hér er hvergi um að ræða beinar tilvitnanir í umrædda sögu, heldur er einungis fjallað um hana sem forna, þekktu skáldsögu og þótti mér við hæfi að vitna til umfjöllunar um ritið, þar sem efni hennar er sett í samhengi við efni umrædds kafla, þ.e. varúlfsminnið. Ég get vel fallist á að aukatilvísun, lesendum til frekari fróðleiks, um að tiltekið rit fengist nú í íslenskri þýðingu hefði verið til bóta. En að nefna þetta „bagalegt dæmi“ um tilvísun í eftirheimild held ég að sé fullmikið sagt.

Undir athugasemdir um frágang falla aðfinnslur um framsetningu, sem andmælandi minn telur að geti verið óskýr eða ruglandi (bls. 263). Sem dæmi um slíkt nefnir hann eftirfarandi klausu úr stafsetningarlýsingu AM 601 a 4to á bls. li:

Broddur eða depill yfir /y/ kemur aldrei fyrir, enda er táknið sjaldgæft. Þess í stað er ýmist notað *i* eða *j*: ‘vargynja’ 43.4; ‘mei’ 53.6; ‘mejunne’ 60.5. Hér er afkringingin því greinilega löngu um garð gengin.⁴

Fyrst er bent á setninguna „Broddur eða depill yfir /y/ kemur aldrei fyrir, enda er táknið sjaldgæft.“ Spurt er: „Hvaða tákn er hér átt við? brodd, depil eða *y* með broddi eða *y* með depli?“ (bls. 263). Nú er tiltekin klausa undir fyrrisögninni „Sérhljóðar“, og má þá teljast líklegt að verið sé að tala um /y/ og varla er átt við að *y* með broddi eða *y* með depli séu sjaldgæf, því að í setningunni felst að þau koma alls ekki fyrir. Í framhaldi fyrrgreindar setningar segir: „Þess í stað er ýmist notað *i* eða *j*: ... Hér er afkringingin því greinilega löngu um garð gengin.“ Hér bendir andmælandi minn á að þetta hljómi

eins og öll kringd hljóð í íslensku hafi afkringst, að ein allsherjar afkringing hafi gengið yfir. Svo er þó vitaskuld ekki; hér er um afkringingu /y/ að ræða og það ber að taka fram.

⁴ Aðeins eitt dæmi finnst um *ey*, en þar er *y* leiðrétt úr *i* (af Árna Magnússyni).

Að sjálfsgöðu er hér um afkringingu /y/ að ræða. Umfjöllun um /y/ er afmörkuð með greinaskilum og orðin „[h]ér er afkringingin“ gætu bókstaflega ekki átt við um annan sérhljóða, hvað þá allsherjar afkringingu.⁵ Setningunni fylgir þar að auki neðanmálsgrein, þar sem enn frekar má sjá að verið er að tala um /y/ og ekkert annað. Ofangreindar setningar geta varla talist góð dæmi um ruglandi og óskýrt orðalag.

Annað dæmi um ruglandi í framsetningu að sögn Svanhildar Óskarsdóttur (bls. 264) er eftirfarandi klausa um skrift AM 601 a 4to á bls. lii–liii):

Handritið er skrifað með nýgotneskri léttiskrift, eldri gerð, en þó er skrifað hálfsett. Þessi skrift ruddi sér til rúms á Norðurlöndum á 16. öld (sbr. Björn K. Þórólfsson: 139; Kroman: 29 og 33). Skriftin er engu að síður nauðalík fljótaskrift sem barst til Íslands á fyrri hluta 17. aldar og var orðin ráðandi um 1700 (Björn K. Þórólfsson: 141–143).

Andmælandi minn telur að hér standi lesandi á gati og geti vart áttað sig á því hvort handritið sé með nýgotneskri léttiskrift, eldri gerð, eða fljótaskrift. Ekki telur hann málið auðveldast þegar klausan er borin saman við lýsingu á skrift Kall 613 4to, sem „er sögð hefðbundin, nýgotnesk léttiskrift, þ.e.a.s. fljótaskrift“ (bls. lix). En liggur ekki í augum uppi að ...

- a) AM 601 a 4to er skrifað með nýgotneskri léttiskrift, eldri gerð, þó hálfsett?
- b) að skriftin er engu að síður lík fljótaskrift?
- c) að Kall 613 4to er skrifað með fljótaskrift (sem er það sama og hefðbundin, nýgotnesk léttiskrift, — þ.e. hvorki eldri gerð né hálfsett)?

Eftirfarandi prentvillur hafa fundist í bók minni og komu þær m.a. í ljós við yfirllestur Svanhildar Óskarsdóttur.

Inngangur:

- Bls. vi.12: úgáfa, rétt: útgáfa.
 Bls. viii.16 og lxii.5: Úlfhams, rétt: Úlfhams.
 Bls. xix, nmgr. 13: Stepens rétt: Stephens.
 Bls. xxxii, nmgr. 42: fegða, rétt: feðga.
 Bls. li.7: 7r8, rétt: 7r7.
 Bls. li.18: 60.5, rétt: 60.3.
 Bls. lxiv, nmgr. 119: á Tjaldanesi, rétt: í Tjaldanesi.
 Bls. cxxx.28: 5. sögur, rétt: 5 sögur.
 Bls. cxlv.16: morgunn, rétt: morgun.

⁵ Afkringing á y, ý og ey er þekkt fyrirbæri, þótt afkinging á ø og ö hafi líka átt sér stað; hér er því greinilega átt við afkringingu á /y/.

- Bls. clviii.13: fornhetjum-, *rétt*: fornhetjum.
 Bls. clxxxi.13: ýmslu, *rétt*: ýmsu.
 Bls. clxxxix, nmgr. 289: Hrófs, *rétt*: Hrolfs.
 Bls. cxcv.3: kristniboði, *rétt*: kristniboð.
 Bls. cxcv, nmgr. 311: 20. öld, *rétt*: 19. öld.
 Bls. cci, nmgr. 325: laga, *rétt*: saga.
 Bls. ccxix.33: nokkurar, *rétt*: nokkurrar.
 Bls. ccxxvi.7: konum, *rétt*: honum.
 Bls. ccxli.13: tefldar, *rétt*: tefldrar.
 Bls. ccxlvii.22: fljótarskriftarstíls, *rétt*: fljótaskriftarstíls.

Vargstökur:

- I 20.3: h⟨r⟩einn, *rétt*: h⟨r⟩einn
 III 18.1 og IV 38.3: en, *rétt*: enn


Ég vil að lokum þakka Svanhildi Óskarsdóttur andmæli sín og ábendingar. Því ber ekki að neita að stundum þótti mér fullsterkt til orða tekið miðað við til-efni, og vonast því til að svör mín hér að framan hafi í nokkru orðið til að milda annars ágætt álit, enda mega athugasemdirnar flestar heita álitamál.

HEIMILDIR

- Aðalheiður Guðmundsdóttir. 2001. Um berserki, berserksgang og *amanita muscaria*. *Skírnir* 175(2):317–353.
- Aðalheiður Guðmundsdóttir. 2002. Barnshugur við bók – um uppeldishugmyndir Jóns Ólafssonar. Óprentaður fyrirlestur haldinn í Reykjavík, 27. apríl. [Væntanlegur í *Vefni*. Tímariti Félags um átjándu aldar fræði. <http://www.bok.hi.is/vefnir/>]
- Almqvist, Bo. 1994. Fípan fagra och Drósin á Girtlandi. *Fróðskaparrit* 42:85–102.
- Almqvist, Bo. 1996. Gaelic/Norse folklore contacts. Some reflections on their scope and character. *Irland und Europa im früheren Mittelalter*, bls. 139–172. Ritstj. Próinséas Ní Chatháin og Michael Richter. Klett-Cotta.
- Arne Magnussons i AM. 435 A–B, 4to indeholdte håndskriftfortegnelser med to tillæg. [Útg. Kr. Kålund.] Kommissionen for det Arnamagnæanske Legat, København, 1909.
- Björn K. Þórólfsson. 1934. *Rímur fyrir 1600*. Safn fræðafjeldagsins um Ísland og Íslendinga IX. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn.
- Björn K. Þórólfsson. 1950. Nokkur orð um íslenskt skrifletur. *Landsbókasafn Íslands*. Árbók 1948–1949, bls. 116–152. Reykjavík.
- Bruford, Alan. 1966. Gaelic Folktales and Mediaeval Romances. *Béaloides*. The Journal of the Folklore of Ireland Society 34.
- Camden's Britannia 1695*. A Facsimile of the 1695 edition. Útg. Edmund Gibson. David & Charles Reprints, Devon, 1971.
- Cross, Tom Peete. 1952. *Motif-Index of Early Irish Literature*. Indiana University Publications – Folklore Series No. 7. Bloomington.

- Einar Guðmundsson og Júlíus K. Björnsson. 1995. *Handbók sálfræðiritisins*. Sálfræðingafélag Íslands, Reykjavík.
- Finnur Jónsson. 1926–1928. *Ordbog til de af Samfund til udg. af gml. nord. litteratur udgivne rímur samt til de af dr. O. Jiriczek udgivne Bósarimur*. STUAGNL LI. København.
- Gibaldi, Joseph og Walter S. Achtert. 1988. *MLA Handbook for Writers of Research Papers*. [3. útg.] The Modern Language Association of America, New York.
- Greetham, D. C. 1994. *Textual Scholarship*. An Introduction. Garland Reference Library of the Humanities, vol. 1417. Garland Publishing, New York – London.
- Holbek, Bengt. 1987. *Interpretation of Fairy Tales*. FF Communications, No. 239. Academia Scientiarum Fennica, Helsinki.
- Jón Helgason. 1932. Nokkur íslensk handrit frá 16. öld. *Skírnir* 106:143–168.
- KatAM = *Katalog over den Arnamagnæanske håndskriftsamling*. I–II. [Útg. Kr. Kálund.] Kommissionen for det Arnamagnæanske Legat, København, 1889–1894.
- Kroman, E. 1975. *Skriftens historie i Danmark fra reformationen til nutiden*. Dansk historisk fællesforening, Viborg.
- Larminie, William. 1898. *West Irish Folk-tales and Romances*. Elliot Stock, London.
- de Leeuw van Weenen, Andrea (útg.). 1993. *The Icelandic Homily Book*. Perg. 15 4° in the Royal Library, Stockholm. Íslensk handrit. Icelandic Manuscripts. Series in Quarto III. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.
- Ólafur Halldórsson. 1966. *Helgafellsbækur fornar*. Studia Islandica 24. Heimspeki-deild Háskóla Íslands og Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
- Ólafur Halldórsson (útg.). 1973–1975. *Íslenskar miðaldarímur* I–IV. Rit 3–6. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.
- Páll Skúlason. 1981. Nokkur hugtök og úrlausnarefni í túlkunarfræði. *Mál og túlkun*. Safn ritgerða um mannleg fræði með forspjalli eftir Pál Skúlason, bls. 175–200. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík.
- Reinhard, John R. og Vernan E. Hull. 1936. Bran and Sceolang. *Speculum* 11:42–58.
- Rímnasafn*. 1905–1922. Útg. Finnur Jónsson. STUAGNL XXXV. København.
- Stefán Karlsson. 1970. Ritun Reykjarfjarðarþókar. Excursus: Bókagerð bænda. *Opuscula*. IV, bls. 120–140. Bibliotheca Arnamagnæana. XXX. Ejnar Munksgaard, København.
- Summers, Montague. 1934. *The Werewolf*. E. P. Dutton & Company, New York.
- Vésteinn Ólason. 1998. *Samræður við söguöld*. Frásagnarlist Íslendingasagna og fortíðarmynd. Heimskringla – Háskólaforlag Máls og menningar, Reykjavík.
- Viðar Hreinsson. 1994. Ritdómur um *Fortælling og ære i íslendingesagaerne* eftir Preben Meulengracht Sørensen. *Skáldskaparmál* 3:232–241.
- The Voyage of Bran Son of Febal to the Land of the Living*. I. Útg. Kuno Meyer. London, 1895.

Adalheiður Guðmundsdóttir
Hjarðarhaga 54
107 Reykjavík
adalh@am.hi.is



VÉSTEINN ÓLASON

NÝTT RIT UM KRINGLU¹

DET TAPTE HÁNDSKRIFTET KRINGLA er doktorsrit Jons Gunnars Jørgensen við Óslóarháskóla, og útgáfan á Ynglinga sögu er eins konar fylgi- eða stuðningsrit. Segja má að viðfangsefnið sé fremur þröngt, þ.e. að varpa ljósi á Heimskringluhandritið Kringlu, sem er glatað að einu blaði undanskildu. Sem betur fer eru til nokkur eftirrit sem gerð voru meðan bókin var heil. Verkefnið hefur þó krafist mikillar vinnu, rækilegrar athugunar og samanburðar handrita og leitar í fjölbreytilegum heimildum. Útgáfan sem fylgir er mikilvægt sýnishorn af því hvernig Kringlu-textanum er komið til skila á grundvelli þessara rannsókna. Ynglinga saga er sérstaklega mikilvæg við endurgerð Kringlu vegna þess að Árni Magnússon hefur borið uppskrift Ásgeirs Jónssonar saman við forritið og gert margvíslegar leiðréttingar í handrit hans. Þá hefur Árni einnig skrifað Ynglingatal, sem er hryggjarstykkið í sögunni, beint eftir Kringlu. Útgáfan sjálf er nær því að vera stafbrigðarétt en tíðast er í útgáfum Árnastofnana (sbr. þó t.d. *Elucidarius* 1989), en við doktorsvörn tók útgefandinn fram að í hinni fyrirhuguðu útgáfu Kringlutexta, sem unnið er að í Ósló, muni ekki verða lögð sama áhersla á að gefa nákvæma mynd af handriti Ásgeirs Jónssonar en á hinn bóginn gengið lengra í því að endurgera Kringlutextann, þ.e. leiðrétta aðaltextann þegar þess er kostur.

Útgáfan sjálf er mjög nákvæm en að sama skapi sparsöm á upplýsingar um annað en það sem lesið verður úr þeim handritum sjálfum sem unnið er með. Hins vegar er þar auðvitað ekki að finna lesbrigði úr öðrum handritum hvað þá leiðréttingar eftir þeim. En af því að þetta verður um skeið mikilvæg útgáfa Ynglinga sögu, hefði það óneitanlega verið gagnlegt fyrir lesendur ef útgefandi hefði í athugasemdum gert grein fyrir helstu stöðum þar sem textinn er frábrugðinn útgáfum þeirra Finns Jónssonar og Bjarna Aðalbjarnarsonar, sem stundum taka upp leiðréttingar eftir öðrum gerðum Heimskringlu eða jafnvel leiðréttingar sem enginn fótur er fyrir í handritum. Fyrir þann sem ætlar að

¹ Jon Gunnar Jørgensen. 2000. *Det tapte håndskriftet KRINGLA*. Det historisk-filosofiske fakultet. Universitetet i Oslo. 253 bls. — *Ynglinga saga etter KRINGLA (AM 35 fol)*. Utgitt av Jon Gunnar Jørgensen. Det historisk-filosofiske fakultet. Universitetet i Oslo, 2000. x1+71 bls.

gera lestrarútgáfu Ynglinga sögu eða þýða hana væri gagnlegt að fá skýringar á því þegar munur er á texta þessarar útgáfu og hinna fyrr nefndu. Þar er vissulega aldrei um annað en smámuni að ræða.

Hin eiginlega doktorsritgerð er grundvöllur útgáfu á Kringlu allri með lýsingu sinni á handritunum, könnun á sögu þeirra og venslum. Ritgerð þessi er einnig í raun framlag til bókmennta- og menningarsögu Norðurlanda á seytjándu og átjándu öld.

Eftir að höfundur hefur gert skipulega grein fyrir handritum Heimskringlu og venslum þeirra, í samræmi við það sem best er vitað, vísar hann að nöfnunum *Kringla* og *Heimskringla*, og er freistandi að bæta nokkrum athugasemdum við ábendingar hans. Heimskringla er auðvitað skrátið nafn á konungakröniku og mundi hæfa betur landalýsingu, en þetta er fallett nafn og virðulegt og nú um langt skeið órjúfanlega tengt þessu ágæta verki. En það er Kringla sem kemur fyrst fram og þá sem nafn á því handriti sem ritið fjallar um. Höfundur vitnar til Ole Worm. Í inngangi sínum að þýðingu Peder Clausson segir hann um verkið: „som de kaldis Kringlu Heimsens, aff de to første Ord i bogen ...“ Sá sem fyrst gerði eftirrit eftir Kringlu, Jón Eggertsson, þekkti auðvitað þetta nafn. Það kemur fram í kvæði sem hann lét fylgja handriti sínu til Svíþjóðar. Þar kveður hann: „Kaldalendskan kusu til / Kringlu heims út skrifa“, og er þá auðvitað að segja að þeir, þ.e. Svíar, hafi fengið Íslending til að skrifa upp texta Kringlu, en í öðru erindi, sem stendur frammar í kvæðinu, er röð liðanna snúið við. Þar yrkir Jón:

Heims er kringla hripuð út,
höfugleikinn veldur,
fékk ei vandað fjaðra lút,
fór af laginu heldur.

Jón þekkti nafnið Kringla heimsins, en eins og fjöldi skálda fyrr og síðar breytir hann röð orða í eignarfallssambandi til að fá fram öflugri stuðlasettingu og betri hrynjandi. Í útgáfu Peringskiölds 1697 og í öllum síðari útgáfum á frummálinu heitir verkið síðan Heimskringla (í einu eða tveimur orðum), enda aðalregla sænsku og dönsku að eignarfallsliður standi frammar í slíkum samböndum. Til að skilja hve mikla þýðingu gott heiti getur haft fyrir bókmenntaverk þurfum við ekki annað en minnast þeirrar konungakröniku sem líklega kemst næst Heimskringlu að listrænu gildi. Hún hefur alveg óverðskuldað fengið nafnið Morkinskinna, og etv. á það einhvern þátt í því hve fræðimenn hafa gefið henni lítinn gaum fram á síðustu ár. Nafnið Kringla eða

Kringla heimsins hefði verið talið kyndugt á síðari öldum og reyndar ólíklegt að það hefði tollað við verkið. Jón Eggertsson er sem sagt ekki aðeins upphafsmaður elstu Kringluuppskriftar, sem er rækilega rannsökuð í þessu riti, heldur líklega einnig nafnsins Heimskringla.

Eitt af þeim almennu bókmenntasögulegu viðfangsefnum sem höfundur vísar að, og hefur reyndar áður fjallað um í ritgerðum sem líta má á sem undirbúning þessa verks, er spurningin um það hvaðan Laurents Hanssøn hafi haft vitneskju sína um það að Snorri sé höfundur Heimskringlu, en Laurents nefnir þetta á tveimur stöðum í þýðingu sinni á formálanum. Hingað til hafa menn yfirleitt verið sammála um að Laurents hljóti að hafa haft þessar upplýsingar úr glötuðu Heimskringluhandriti sem hann hafi haft undir höndum þegar hann fékkst við að þýða fyrsta hluta verksins. Höfundur hefur hins vegar haldið því fram að óvíst sé að þetta hafi staðið í nokkru handriti, gerir fremur ráð fyrir að Norðmenn sem þekktu vel til handrita íslenskra konungasagna sem voru í Noregi á siðbreytingaröld eigi hugmyndina.² Hann er með í huga menn eins og Jón Símonarson lögmann og telur að þeir hafi getið sér þess til að Snorri væri höfundur vegna tilvísana til hans í miðaldaritum, eins og þeirra sem bæði Gustav Storm og Ólafur Halldórsson hafa bent á og talið til meginröksemda fyrir því að Snorri sé höfundurinn. Ég er sammála höfundi og fleiri fræðimönnum um að ekkert bendi til að formáli Heimskringlu hafi staðið í Kringlu þegar menn byrjuðu að rannsaka þetta handrit í Noregi á sextánda öld, og það er heldur ekki nein ástæða til að ætla að Laurents hafi notað Kringlu við þýðingu sína. En það er mjög ólíklegt að nokkur önnur ástæða hafi verið til þess að hann nefnir Snorra en sú að það hafi staðið í einhverju handriti sem hann þekkti og sem Peder Claussøn hefur síðar haft undir höndum. Fornmenntamenn hafa ekki haft jafnmikinn áhuga á nöfnum höfunda og síðari tíma menn, og varla er hægt að gera ráð fyrir að þeir hafi rannsakað tilvísanir í handritum kerfisbundið í leit að höfundinum eins og þeir Storm og Ólafur Halldórsson gerðu síðar. Nútímamenn hafa líka þá ástæðu til að leita að röksemdum fyrir því að Snorri sé höfundur, að Laurents Hanssøn og Peder Claussøn héldu því fram. Mjög líklegt er að nafn Snorra hafi verið nefnt í formála Heimskringluhandrits og þá sennilega verið sett þar í staðinn fyrir fornafn fyrstupersónu af einhverjum sem þóttist vita hver þar talar. Eiginlega segir Laurents ekki annað en að Snorri sé höfundur formálans, en það felur þó auðvitað í sér að hann sé höfundur þess verks sem á eftir fylgdi.

² Sjá Jon Gunnar Jørgensen, „Snorre Sturlesøns fortale paa sin chrønিকে“, *Gripla IX* (1995), 45–62.

Jonna Louis-Jensen hefur nýlega sett spurningarmerki við það hvort Snorri muni vera höfundur allrar Heimskringlu.³ Allar götur síðan Gustav Storm gaf út grundvallarrit sitt, *Snorre Sturlassøns historieskivning*, árið 1873 hafa fáir efast um að Snorri sé höfundur Heimskringlu í þeirri gerð sem varðveittist í Kringlu, og raunar á það við fyrri kynslóðir einnig, allt frá því að þýðing Peders Claussøns var birt með formála Laurents Hanssøns. Mönnum hefur vitaskuld verið það ljóst að sem heild er Heimskringla aðeins varðveitt í Kringlu, af því að í öðrum handritum er aðeins fyrsti hluti eða fyrsti og þriðji hluti, og stundum hefur Ólaf sögu helga hinna sérstöku verið skeytt inn á milli þessara þriðjunga. Jonna Louis-Jensen telur vel hugsanlegt að Kringlugerð Ólafssögu helga sé alls ekki verk Snorra heldur síðari ritstjóra, t.d. frænda hans Ólafs Þórðarsonar hvítaskálds. Þetta tekur höfundur heilshugar undir og bætir nokkrum röksemdum við. Mér kæmi ekki á óvart þótt þessi kenning ætti eftir njóta hylli um nokkra hríð. Það þykir alltaf ánægjulegt í fræðum, ekki síst þar sem langt er milli stórtíðinda, þegar haggað er við því sem menn hafa lengi haft fyrir satt. Heimskringla má gjarnan vera eitt verk eða fleiri fyrir mér. Þó er sjálfsagt að leita mótraka áður en samþykkt er að þessi tilgáta sé sennilegri eða betur rökstudd en eldri tilgáta, því að tilgátur verða þetta ætíð.

Ef gert er ráð fyrir að Snorri hafi fyrst samið Ólafs sögu helga hina sérstöku og síðan Heimskringlu I og III, hlýtur hann, þegar hann skrifaði eða sagði fyrir I og III, að hafa hugsað sér að Saga Ólafs helga, löguð að heildinni, ætti að koma þar inn á milli. Fráleitt hefði verið að hlaupa yfir söguna af hinum heilaga og ævarandi konungi Noregs, þótt til væru eldri sögur um hann eins og fleiri af þeim konungum sem sagt er frá í Heimskringlu. Óhugsandi er hins vegar að hann hafi ætlað Ólafs sögu hinna sérstöku stað þar á milli óbreyttri. Það er varla heldur ástæða til að ætla að hann hafi hugsað sér að sérstaka Ólafs sagan kæmi þarna inn mjög mikið styt, þannig að hlutföllin yrðu svipuð og í Fagurskinnu, amk. hafa engin spor fundist eftir slíka gerð. Þess vegna verður að gera ráð fyrir að í áætlun Snorra um „Noregs konunga sögur“ hafi hann gert ráð fyrir Ólafs sögu helga, lagaðri að því sem á undan og eftir kom. Er þá ekki sennilegra að hann hafi sjálfur samið nýja gerð af Ólafs sögu í beinu framhaldi af Heimskringlu I en að hann hafi byrjað vinnu sína með því að fella ákveðna kafla úr sérstöku sögunni inn í Heimskringlu I, meira eða minna stytta eða lengda, og síðan byrjað Heimskringlu III með efni úr sérstöku sögunni, án þess að hafa haft mótaða áætlun um það sem átti að koma

³ Jonna Louis-Jensen, „Heimskringla – Et værk af Snorri Sturlyson?“ *Nordica Bergensia* 14 (1997), 230–245.

inn á milli? Ef Snorri er höfundur Heimskringlu I og III hefur hann amk. haft skýra hugmynd um stytta og aðlagða Ólafs sögu. Það er almennt viðurkennt að Snorri hafi sett svip á stíl og byggingu allrar Heimskringlu, þótt oft megi sjá þar menjar um eldri texta, og efnisval og skipan er að jafnaði vel fgrundað. Þessi skoðun kemur meðal annars fram í útgáfunni sem hér er fjallað um, en þar segir (bls. III): „forfatterens stilistiske og redaksjonelle grep og hans kritiske holdning til stoffet setter verket i en særstilling i forhold til forgjengerne“. Vitaskuld er fyllsta ástæða til að taka slíkum viðurkenndum sannindum með tortryggni og gagnrýni, og þótt talað sé um sérstakan svip Heimskringlu þarf það ekki að fela í sér að hún sé endilega ‘betri’ eða ‘verri’ en rit sem byggjast á öðrum hugmyndum, eins og t.d. Morkinskinna, þar sem stíll og bygging er í meira samræmi við það sem algengt var í sagnaritun miðalda. En Heimskringla hefur sérstöðu, og vegna hennar verður að líta svo á að líklegast sé að sú gerð Ólafs sögu helga sem best fellur að heildinni, þ.e. Kringlugerðin, sé felld inn í verkið af Snorra sjálfum eða í fullu samræmi við hugmyndir hans. Þetta verður vitaskuld ekki sannað, og hugsanlegt er að hann hafi ekki fengið tíma eða frið til að ganga frá verkinu eins og hann vildi hafa það.

Við vitum að handritið Kringla er skrifað og því að einhverju leyti ritstýrt eftir dauða Snorra. Vel má vera að Ólafur hvítaskáld hafi komið að því verki. Þá getur líka vel verið að Ólafur hafi breytt einhverju, sérstaklega ef hann taldi sig vita betur. Þannig er vel hugsanlegt að hann hafi breytt ættartölu Rúðujarla, ef hann taldi sig kunna betri skil á henni en Snorri. Hann hefði líka vel getað séð ástæðu til að gera breytingar til að Ólafs saga félli betur inn í heildina en áður var. Þetta eru auðvitað hreinar ágiskanir en svo er væntanlega um allar kenningar um þetta. Við getum ekki vitað neitt af þessu með fullri vissu.

Saga Kringlu er í þessu riti rakin rækilega og bent á hvenær hún hefur verið notuð sem heimild í ritmiðum og þýðingum á sextánda og seytjándu öld. Þar hefur höfundur dregið fram nýja vitneskju og röksemdir. Hann sýnir fram á að Kringla hefur verið í Bergen og notuð þar í nokkrum ritum á sextánda öld, og þá er vitaskuld trúlegast að hún hafi verið þar síðan hún fyrst barst til Noregs, etv. á dögum Magnúsar lagabætis, og verið geymd í kastalanum („Bergens hus“). Mattis Størssøn hefur notað hana í þýðingu sinni. Meiri óvissa er um hvort Laurents Hanssøn hafi notað Kringlu. Í kafla sem um þetta fjallar virðist höfundur hallast að þeirri skoðun Stefáns Karlssonar að hugsanlegt sé að Laurents hafi kynnst henni eftir að hann lauk konungasagnaþýðingu sinni, en að hún sé „ikke brukt til Laurents Hanssøns oversettelese“ (32), en í

niðurstöðukafla segir hann að Laurents muni hafa notað Kringlu (228); þar er sennilega um yfirsjón að ræða.

Texti Kringlu er varðveittur í eftirriti Jóns Eggertssonar í Sth papp 18 fol og í eftiritum Ásgeirs Jónssonar. Eitt eftirrita Ásgeirs, varðveitt í þrennu lagi sem AM 35–36 & 63 fol, spannar Kringlu alla, eins og Sth 18, en Hkr I og Hkr II eru til í öðrum uppskriftum hans. Höfundur hefur rannsakað þessi eftirrit Kringlu mjög rækilega. Upphaf Sth 18 glataðist strax eftir að það var skrifað, og annar samtímaskrifari hefur fyllt í það skarð. Hér er sýnt fram á það með sannfærandi rökum að sá skrifari hafi verið Þórður Þorkelsson Vídalín. Þótt eftirrit Kringlu séu ekki mörg er saga þeirra ekki einföld, m.a. vegna ýmissa eyðufyllinga, en allt er það hér mjög nákvæmlega skýrt og rakið. Merkilegur samanburður er gerður á eftiritum Ásgeirs. Hann leiðir í ljós að nákvæmnin eykst eftir því sem tímar líða, og einkum telur höfundur að áhrif Árna Magnússonar á vinnubrögð hans hafi aukist eftir dvöl Ásgeirs í Kaupmannahöfn 1697–98. Besta eftirritið telur hann vera uppskrift Ásgeirs í AM 35–36 & 63 fol, en álíka nákvæm er uppskrift Þórðar Vídalín á upphafinu í Sth 18. Þá sýnir höfundur fram á að öll eftirrit Ásgeirs eru gerð beint eftir Kringlu og þau því óháð hvert öðru. Höfundur færir góð rök fyrir því að heildaruppskrift Ásgeirs hafi ekki verið gerð fyrir en um 1700, en menn hafa yfirleitt talið hana eldri. Nákvæmur samanburður á eftiritunum gerir höfundi kleift að setja upp leiðbeinandi reglur um hvernig beri að nota þau við endurgerð Kringlutexta. Óhætt er að segja að með þessari rannsókn sé lögð svo traust undirstaða að útgáfu Kringlutextans sem kostur er.

Við rannsókn sína hefur höfundur ekki eingöngu stuðst við athuganir á rithöndum og texta, heldur styður hann niðurstöður með athugunum á efnislegum einkennum handritanna, t.d. vatnsmerkjum, og hann rannsakar söguna í kringum þau rækilega og dregur þar margt fróðlegt fram úr lítt rannsökuðum heimildum. Þannig er könnun á sögu eftirritunarinnar, einkum það sem tengist Jóni Eggertssyni, oft eins og spennandi reyfari, því að þar blandast stríð Dana og Svía inn í sögu af þeim lærðu og oftast öldungis auralausu Íslendingum sem höfðu ofan af fyrir sér með því að skrifa upp og þýða íslenska texta í Svíþjóð og Danmörku. Þessir skrifarar voru oft litríkir menn sem rötuðu í margvísleg vandræði og ævintýri utan lands. Höfundur hefur staðist þá freistingu að rekja ýmis kostuleg atvik og kringumstæður sem koma í ljós þegar saga þessara manna er rannsökuð. Hann hefur þó ekki getað neitað sér um að vitna til andlátsorða Þórðar Þorkelssonar Vídalín, sem hann hefur nú skipað í fremstu röð skrifara á þessum tíma, en um þau segir gömul heimild: „Hann


beiddi um brennivín í banalegunni, his verbis usus: Guttam per dominum nostrum Jesum Christum, en fekk ekki og dó“.⁴

Bókaskrá ritsins er óvenjulega stutt miðað við að þetta er doktorsritgerð. Þar eru um það bil 130 titlar, nærri 80 frá því fyrir 1950 og aðeins um það bil tuttugu frá síðustu tuttugu og fimm árum. Þetta sýnir að efnið sem hér er tekið til umræðu hefur ekki notið mikillar hylli fræðimanna í hálfra öld. Þegar hugað er að aðferðafræði í þessu riti, kemur strax í ljós að höfundur er meira fyrir að taka beint á efniinu en smíða fræðikenningar eða vitna til þeirra. Á bls. 90–96 eru samt áhugaverðar hugleiðingar um þann eðlismun sem getur verið milli vinnubragða skrifara á miðöldum og þeirra sem fræðimenn og skrifarar þeirra stunduðu á þeim tíma sem eftirrit Kringlu urðu til. Vinnubrögð höfundar eru yfirleitt í góðu samræmi við þá aðferðafræði sem lengi hefur tíðkast í norrænni textafræði. Lesandi kann þó að undrast að höfundur skuli komast hjá að vitna í þá umræðu sem á síðari árum hefur farið fram um grundvöll textafræðinnar og aðferðir hennar. Ef til vill fannst honum þess engin þörf eins og efnið lá fyrir, og víst er það dyggð að forðast að slá um sig með óviðkomandi lærdómi. Óneitanlega virðist þó hafa verið fullt tilefni til að ganga nokkru lengra í því að draga almennar ályktanir af þessari afar nákvæmu og traustu rannsókn í ljósi almennrar umræðu um textafræði.

Það verk sem Jon Gunnar Jørgensen hefur unnið er etv. vanþakklátt og verður ekki metið til fulls af mörgum. Það breytir ekki mynd okkar af verkinu Heimskringlu, skilningi okkar á því eða mati á stíl og frásagnarlist. En það er samt sem áður grundvallarrit af því að það útrýmir margs konar óvissu og svarar með fullnægjandi hætti þeim spurningum sem fræðimenn verða að spyrja um sambandið milli Kringlu og eftirritanna. Þessi eftirrit hafa nú verið svo nákvæmlega rannsókuð að ekki þarf að vinna það verk aftur.

Vésteinn Ólason
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi
Árnagarði við Sudurgötu
101 Reykjavík
vesteinn@am.hi.is

⁴ Vísað er í Lbs 936 4to.



SAMTÍNINGUR

SAGA HEILAGRAR ÖNNU

Handritaskrá inngangs

SKRÁIN FÉLL niður við prentun *Sögu heilagrar Önnu*¹ og birtist því hér. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.

Handritasafn Árna Magnússonar: Den arnamagnæanske samling, København. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík:

AM 232 fol. xxix
AM 234 fol. xxix
AM 238 fol. III xl, lxii–lxxii, lxxxvi–cx, cxii–cxiv, cxvi–cxxxiii, cxxv–ccxxvii, cxxix–cxxxiv, cxxxvi–cxxxix, clii, cliv
AM 238 fol. XXIX xlvii
AM 240 fol. I xxix
AM 240 fol. II xxix
AM 240 fol. X xxix
AM 240 fol. XI xxix
AM 240 fol. XIV xxix
AM 153 4to lxiv–lxv, clii
AM 622 4to xliii
AM 633 4to xxix
AM 634 4to xxix
AM 667 4to V xli
AM 667 4to X xli
AM 667 4to XI xli
AM 667 4to XV lviii
AM 696 4to XVII xlvii
AM 696 4to XXVII xxxvi, xlvii
AM 711b 4to xlv

AM 82 8vo xl, lxii–lxiv, lxxii–cxxxix, clii, cliv
AM 83 8vo lxxiii
AM 104 8vo xlv
AM 194 8vo xxxi
AM 416 12mo xxxv
AM 431 12mo xlv

Det kongelige bibliotek, København. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík:

GkS 1157 fol. xxxiv

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Reykjavík:

Lbs. 953 4to xlv
Lbs. 1197 8vo xlv
JS 265 8vo xlv

Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík:

ÞÍ Leyndarskjs I 24 lxiv

Rigsarkivet, København:

Isl. & Fær. no. 23 lxiv

Riksarkivet, Oslo:

NRA 78 xxix

¹ *Saga heilagrar Önnu*. Kirsten Wolf útg. Rit 52. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík, 2001.

Kungliga biblioteket, Stockholm:

Stock. Perg. fol. no. 3 (Reykjahólabók)

xli–xliii, xlvi, lii–liv, lxi, cli

Stock. Perg. 4to no. 1 xxix

Stock. Perg. 4to no. 11 xxix–xxx, cli

Stock. Perg. 4to no. 15 xxx

Stock. Papp. 4to no. 24 lxiv, clii

British Library, London:

Add. 4895 xlvii

Handritanöfn:

Reykjahólabók, sjá Stock. Perg. fol. no. 3

THE ICELANDIC HOMILY BOOK¹

Errata

Introduction:

p. 7 last line:	CC 56CC	→	CC Continuation Mediaevalis 56C
p. 8 l. 17	MacDougall	→	McDougall
p. 9 l. 36	Salomo	→	Solomon
p. 15 l. 2	or	→	of
p. 15 l. 4	de	→	the
p. 15 l. 24	continuation	→	continuation
p. 17 l. 5	of	→	or
p. 18 l. 20	existence	→	existence
p. 37 l. 36	occur	→	occurs
p. 54 l. 1	<i>delete</i> , and in the Latin word <i>Sextuf</i> 1r8		
p. 55 l. 14	<i>delete</i> and in the Latin word <i>uox</i> 1r4		
p. 144 l. 30	sofar	→	so far
p. 166 note 13	synchronical	→	synchronic
p. 167 l. 32	coming up	→	emergence
p. 168 l. 9	etymological	→	etymologically
p. 172 l. 14	lacks	→	is lacking
p. 172 l. 18	<i>and elsewhere</i> conjunctive	→	subjunctive
p. 191 l. 4	Paging and alignment	→	Pagination and lineation
p. 191 l. 13	digressing	→	diverging
p. 193 l. 28	abbreviatons	→	abbreviations
p. 193 l. 36	isalways	→	is always
p. 195 l. 15	as long that	→	as long as
p. 195 l. 20	amount	→	number
p. 196 l. 1	way	→	ways
p. 204 l. 1	GUÐMUNDSSON	→	GUÐMUNDSSON
p. 207 l. 24	och	→	ock
p. 210 l. 8	master	→	master's

In section 3.2.2 and in Chapter 6 some handwritten characters have been omitted:

p. 69 l. 8	ı
p. 193 l. 3	twice lc
p. 196 l. 33	p

Transcript and notes:

1r4	uox	→	uox
1r8	Sęxtuf	→	Sextuf

¹ *The Icelandic Homily Book*. Perg. 15 4° in the Royal Library, Stockholm. Ed. Andrea de Leeuw van Weenen. Íslensk handrit. Icelandic Manuscripts. Series in Quarto. III. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík, 1993.

2v27	oc	→	ok
17v33	<i>add Mt 10.38</i>		
22v9	fem	→	fem
23v20	er	→	Er
26r26	men	→	men
37v10	fýnde	→	fýnde
37v16	of	→	af
39r36	<i>magdalene</i>	→	<i>magdalena</i>
43r1	ef ₂	→	ef
48r13	oc	→	ok
48r23	oc ₂	→	ok
48v22	<i>add Lk 6.31</i>		
49r23	béinfeme	→	béinfeme
49r27n	ér	→	sér
51v1n	mine	→	< mine
52r34	monopfamlect	→	munopfamlect
53r1	þat	→	þat
53v2	monop	→	munop
53v28	facar	→	facar
57v22	Alz	→	alz
58r1	a tælom	→	atælom
61v16	holdo	→	holde
62r17	er	→	er
64v24	fcyldi	→	fkyldi
65r5	<i>criftnir</i>	→	<i>criftnir</i>
65v2n	iafngar	→	iafngiar
67r14n	<i>hanf</i>	→	o: <i>hanf</i> (W)
68r1n	ofdirfþ	→	o: ofdirfþ
69r21n	hugþefc	→	o: hugþefc (W)
71v20	at ₂	→	af
72v34	fçyl-di	→	fkyldi
73v1	<i>necyrom</i>	→	<i>nøcyrom</i>
73v24n	<i>W vinr</i>	→	o: <i>vinr</i> (W)
75v33	sex	→	lex
84r9	oc ₁	→	ok
95v22	febafte	→	febafte

VÉSTEINN ÓLASON

Preben Meulengracht Sørensen
dr. phil. 1. 3. 1940 – 21. 12. 2001

PREBEN MEULENGRACHT SØRENSEN var fæddur á Fjóni, en stundaði háskólanám sitt í Árósum. Hann fékk snemma áhuga á fornum íslenskum fræðum, og árið 1966 varð hann lektor í dönsku við Háskóla Íslands. Því starfi gegndi hann í fjögur ár af kostgæfni og tókst þrátt fyrir ungan aldur að lyfta greininni úr nokkurri lægð sem hún hafði verið í. Árið 1968 lauk hann kandidatsprófi í dönsku við Árósháskóla með íslensku sem aukagrein. Árið 1970 varð hann lektor í Norðurlandamálum við Árósháskóla, en hafði á árunum 1977–1980 orlof til að gegna rannsóknastöðu í miðaldabókmenntum við háskólann í Óðinsvém. Árið 1994 tók hann svo við prófessorstöðu í norrænum málum og bókmenntum við Óslórháskóla og gegndi því starfi fram til ársins 1999, þegar hann fluttist aftur heim til Danmerkur, m.a. vegna sjúkdóms sem tekinn var að herja á hann, og varð þá prófessor í sínum gamla háskóla í Árósum. Árið 2001 var Preben kjörinn heiðursdoktor við Háskóla Íslands og kom hingað til að taka við nafnbótinni í októberbyrjun. Sjúkdómurinn illvígi hafði þá brotið niður líkamsþrekið, en andinn var óbugaður.

Preben kunnir vel íslensku og hafði djúpstæða þekkingu á íslensku þjóðfélagi, sögu og menningu. Bókmenntirnar stóðu þó hjarta hans næst. Sem fræðimaður sinni hann einkum rannsóknum á fornþekkingu og fornum trúarbrögðum, en hann var einnig víðlesinn og ágætur bókmenntagagnrýnandi og skrifaði um áratuga skeið um bókmenntir í *Jyllandsposten*. Þar gerði hann íslenskum nútímabókmenntum ágæt skil þegar tilefni gafst, en lagði þeim einnig lið með því að þýða verk þriggja sagnameistara á dönsku, þeirra Guðbergs Bergssonar, Svövu Jakobsdóttur og Tryggva Emilssonar. Hann var einnig meðhöfundur *Íslandsk-dansk ordbog* sem kom út árið 1976.

Preben kom mjög ungur í það þrönga háskólaumhverfi sem hér var á sjöunda tug aldarinnar, en eignaðist vini sem voru allt annað en þröngsýnir, Jakob Benediktsson og Grethe konu hans. Þess gat hann oft hve ómetanlegt það hefði verið. Sú vinátta hélst og var nán meðan öll lifðu. Margir fleiri áttu áreiðanlega þátt í því að skapa djúpan skilning hans á íslensku þjóðfélagi og menningu, sem gerði það að verkum að í hópi Íslendinga var hann frekar einn af okkur en 'Íslandsvinur'.

Pegar Preben tók að leggja stund á íslensk eða norræn fræði var textafræðin allsráðandi á því sviði í dönskum háskólum, þótt bókmenntamenn stýngju stundum niður penna um Íslendingasögur eða eddukvæði. Preben vildi fara aðra leið, og það hefur sjálfsagt valdið því að hann gerðist ekki samverkamaður Christian Westergård-Nielsen á Vestnordisk institut í Árósum og átti ekki heldur mikla samvinnu við Árnstofnun í Kaupmannahöfn, að ég hyggt. Árin þrjú sem Preben gegndi rannsóknastöðu við miðaldastofu í nýstofnuðum háskóla í Óðinsvéum í þrjú ár í lok áttunda áratugarins voru honum án efa mikilvæg. Þar var á því skeiði frjótt umhverfi og mikil áhersla lögð á fræði sprottin af rótum munnlegrar geymdar í samstarfi manna úr ýmsum greinum: þjóðsagnafræði, miðaldabókmenntum og sagnfræði.

Meðal fyrstu fræðiritgerða sem Preben birti, og sú fyrsta sem hann tekur upp í greinaúrval sitt, *At fortælle historien* (2001), er „Sagan um Ingólf og Hjörleif. Athugasemdir um söguskoðun Íslendinga á seinni hluta þjóðveldisaldar“, sem birtist í *Skírni* 1974. Þetta er athyglisverð grein, þar sem lagt er út af ættfærslu Ingólfs og spurt hvað valdi stöðu frásagnar af landnámi hans í Sturlubók Landnámu. Preben talar hér, eins og margir hafa gert síðan, um „þörf íslendinga á miðöldum að skipa sjálfum sér, ætt sinni og samfélagi í samhengi stærri heildar“. Hann talar þar líka um að hann ætli ekki að fella neina dóma um sannleiksgildi landnámsfrásagnanna, og bætir við:

Öll sagnaritun, og þá ekki síst sagnaritun miðalda, felur í sér túlkun ósamstæðs efniviðar. Og túlkun efnisins hlítir forsendum sagnaritarans og lýsir samtíð hans engu síður en þeim tíma sem um er fjallað. Sagnaritin lýsa fyrst og fremst hugmyndum samtíðar um fortíðina, söguskoðun samtíðarinnar — en þau eru annað og meira en endurspeglun ríkjandi hugsunarháttar og félagslegra kringumstæðna samtíðarinnar, enda þótt þau séu um leið hluti hugmyndafræði hennar. Fortíðin verður fyrst og fremst forsenda og skýring þess sem er.

Þessi orð hefðu átt erindi til ýmissa fræðimanna, sem síðan hafa skrifað um íslenskar fornbókmenntir sem mannfræðilegar heimildir, og eru fyrirboði um þau viðhorf sem Preben rökstuddi rækilega síðar. Þessi viðhorf búa undir efnisskipan í fyrstu bók hans, handbókinni *Saga og samfund. En indføring i oldislandsk litteratur* (1977). Þessi inngangur að íslenskum fornbókmenntum einkennist af ríkri áherslu á hið samfélagslega og menningarlega samhengi bókmenntanna, og þar kemur skýrt fram íhuguð heildarsýn sem tekur mið af



mannfræði og trúarbragðasögu, ekki síður en þekkingu höfundar á nýjustu fræðikenningum um varðveislu sagna og kvæða í munnlegri geymd.

Andófið gegn íslenska skólanum og eldri 'germönskum' skóla þróaðist hratt á sjöunda og áttunda áratugnum, og sú þróun varð ekki til að efla áhuga á hetjum og sæmd þeirra: áherslan var á áhrif evrópsks hugmyndaheims og á gagnrýni á hetjuskap. Trúarbragðasöguleg og mannfræðileg nálgun Prebens beindi honum aftur að sæmdinni sem hornsteini eða ef til vill fremur hjólás í

heimi sagnanna sem ekki væri hægt að komast fram hjá. Ég veit ekki nákvæmlega hvenær Preben fór að líta á hugtakið sæmd eða virðing, 'ære', sem þvílíkt lykilhugtak fyrir skilning á Íslendingasögum sem það er í doktorsriti hans. Í nafna- og hugtakaskrá *Saga og samfund* er það ekki að finna, og þar er heldur ekkert sérstaklega um það fjallað, eftir því sem mér sýnist við fljótlega upprifjun, enda þurfti að víkja að mörgu í þessari afar gagnlegu bók sem veitti mörgum nýjum sjónarmiðum inn í umræðu um fornþókmenntir okkar og þjóðfélag á Norðurlöndum. Preben stefndi alltaf að heildarskilningi á þeirri menningu sem hann var að rannsaka og það leiddi hann inn í trúarbragðasögu og goðsagnir í eiginlegri og óeiginlegri merkingu. Um þau efni skrifaði hann margt athyglisvert sem ekki verður fjallað um hér. Upp úr árunum í Óðinsvé-um spratt bókin *Norrønt nid* (1980), sem er ekki nema þunnt kver, en gerir afar góða grein fyrir efninu, eins og það birtist í frásögnum. Áður höfðu menn einkum fjallað um niðkveðskap, en þessi bók gengur út frá sögum. Lengsti kafli í þeirri bók fjallar um Gísla sögu og heitir „Fred og ære“. Að tengja þessi hugtök saman skírskotar eiginlega beint til rits Vilhelms Grønbech, *Lykkelmand og niding* (1. útg. 1909), þótt ekki sé til þess vísað eða vitnað. Það gerði Preben seinna og fjallaði sérstaklega um hann í doktorsritgerðinni. Í *Norrønt nid* kemur vel í ljós að sæmdin, sæmdarvitundin og óttinn við vansæmdina, er forsenda niðsins, forsenda þess að það bitur svo sárt í heimi sagnanna, og verður þar með drifkraftur frásagna. Jafnframt verður mat samfélagsins, virðingin, prófsteinn manngildisins. Gera má ráð fyrir að athugun á niðinu hafi vísað Preben veginn að þessum kjarna og orðið til þess að hann lagði út í sína miklu rannsókn sem varð doktorsrit hans, ef hann hefur ekki þá þegar haft í huga þetta stærra verkefni.

Árið 1993 kom út meginrit Prebens, doktorsritið *Fortælling og ære. Studier i islændingesagaerne*. Þetta er ein mesta rannsókn á Íslendingasögnum í heild, sem birst hefur í einni bók. Það er mikilvægt að *fortælling* stendur á undan *ære* í titli bókarinnar. Víða er tekið fram að lýsingar hennar og niðurstöður eigi við heim textanna en ekki samfélagið að baki,

mit emne er teksterne, ikke samfundet bag dem ... Mit synspunkt er, at den tekstvidenskabelige og litterære analyse af teksterne må gå forud for enhver anvendelse af dem som kilde til virkeligheden,

stendur í innganginum (bls. 15). Það er fyrst á grundvelli slíkrar rannsóknar á textunum að hægt er að nota þá sem sagnfræðilegar heimildir af einhverju

tagi. Eins og fram kom í andmælum og svörum Prebens við doktorsvörn, sem birst hafa á prenti, átti hann þó í nokkrum erfiðleikum með að sannfæra lesendur um að rannsóknin sé bókmenntafræðileg og fjalli um textana eina, þrátt fyrir þá miklu áherslu á samfélagslega hugmyndafræði sem er í ritinu.¹ Hann svaraði slíkum aðfinnslum vel í þeirri umræðu og skýrði mál sitt. Fjölmörg grundvallarhugtök, sem varða sögurnar og samfélagið sem þær lýsa eru ræki-lega könnuð, og meginhugmyndir sínar styður höfundur með greiningum á einstökum sögum og söguköflum. Hin almenna greining á 'sæmd' og tengdum hugtökum og á ólíkum kröfum til kynjanna á bls. 187–248 í *Fortælling og ære* er mjög rækileg og gagnleg, blæbrigðaríkari en annað sem ég þekki um sama efni. Hún sýnir vel að þarna er eiginlega um að ræða flókið merkingarsvæði fremur en eitt hugtak, og einmitt þess vegna eru einfaldar skilgreiningar alveg ófullnægjandi nema sjónarhornið sé mjög þröngt.

Fortælling og ære er ekki sérstaklega auðlesin bók sem heild, þótt einstakir hlutar hennar séu oft mjög skýrir. Þetta stafar auðvitað af því að efnið er torvelt viðfangs og ekkert var Preben fjær en að stytta sér leið að nýstárlegum niðurstöðum. Rannsóknin heldur sig í nálægð textanna sem um er fjallað og greinir einstaka texta vandlega, þótt erindið við þá sé auðvitað alltaf að láta greininguna varpa ljósi á viðfangsefnið undir víðara sjónarhorni. Þótt margt sé af eðlilegum ástæðum umdeilanlegt í *Fortælling og ære*, ekki síst í sumum þessara textagreininga, mun ritið án efa standa sem eitt merkasta framlag til rannsókna á Íslendingasögum á síðari hluta tuttugustu aldar.

Preben birti margar merkar greinar um forn trúarbrögð og goðsagnaminni í forníslenskum bókmenntum auk greina um Íslendingasögur. Úrval þessara greina var gefið út í Trieste árið 2001, og eru þar greinar á íslensku, dönsku, ensku og þýsku. Hann var einnig meðhöfundur bóka um norræna trúarbragðasögu, og má sérstaklega nefna *Før kristendommen. Digting og livssyn i vikingetiden* (1990) og *Menneske og makter i vikingenes verden* (1994).

Preben Meulengracht Sørensen var glettinn og gamansamur í viðræðu og hlýr í viðmóti, en fræðin voru honum alvörumál, og hann fylgdi skoðunum sínum fast eftir. Viðhorf hans voru þó aldrei einstrengingsleg heldur mótuðust af gagnrýninni íhygli og skýrri meðvitund um þann túlkunarvanda sem ævinlega er við að glíma þegar leitað er skilnings á fjarlægri fortíð. Hann var eftir-

¹ Andmælin og svörin birtust í dálitlu kveri: *Fortælling og ære. Oppositionen ved Preben Meulengracht Sørensens disputats den 4. juni 1993 og præses' svar*. Litteratur Æstetik Sprog. Skriftserie fra Institut for nordisk sprog og litteratur. Aarhus universitet. Nr. 16 (11. Årgang) 1994.

sóttur fyrirlesari á málþingum og ráðstefnum um forníslenskar bókmenntir og norræna trúarbragðasögu. Hann var líka mjög góður kennari, eins og stúdentar í íslenskum fræðum fengu að sanna þegar hann dvaldist hér eitt misseri fyrir nokkrum árum og tók þátt í að kenna stórt námskeið um Íslendingasögur á meistarasígi. Síðustu árin í Árósum söfnuðust að honum stúdentar til rannsóknna á Íslendingasögum, og hann sinni þeim af alúð þótt dauðsjúkur væri. Skarð hans sem kennara stendur nú ófyllt og opið, og hið sama má segja um það skarð sem hann skilur eftir í röðum fræðimanna sem fást við könnun íslenskra miðaldabókmennta. Minning hans hlýtur að verða kær okkur sem eftir lifum og fyrirmynd um vönduð vinnubrögð og þá skaphöfn sem ekki lætur bugast af neinni hindrun.

Vésteinn Ólason
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi
Árnagarði við Suðurgötu
101 Reykjavík
vesteinn@am.hi.is

HANDRIT

- Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi,*
Reykjavík:
- AM 122 b fol (Reykjarfjarðarbók) 189
AM 132 fol (Möðruvallabók) 77, 199,
229
AM 152 fol 77, 230
AM 162 A θ fol 187
AM 162 A ζ fol 187
AM 162 C fol 61, 78
AM 162 D 2 fol 187
AM 227 fol 224, 229
AM 237 a fol 185
AM 238 III fol 309
AM 239 fol 230
AM 315 b fol 187
AM 315 c fol 186
AM 315 d fol 186
AM 334 fol (Staðarhólsbók Grágásar) 10,
20, 22, 24, 187, 229
AM 343 fol 229
AM 344 fol 229
AM 346 fol 229
AM 347 fol 229
AM 350 fol (Skarðsbók Jónsbókar) 189,
229
AM 351 fol 229
AM 127 4to 229
AM 128 4to 230
AM 129 4to 230
AM 132 4to 230
AM 133 4to 229
AM 134 4to 187, 229
AM 135 4to 229
AM 137 4to 230
AM 140 4to 230
AM 147 4to 230
AM 148 4to 230
AM 149 4to 230
AM 150 4to 230
AM 151 4to 230
AM 153 4to 230, 309
AM 154 4to 229
AM 156 4to 229
AM 160 4to 230
AM 168 a 4to 229
AM 169 4to 229
AM 170 a 4to 230
AM 170 b 4to 230
AM 186 4to 230
AM 191 4to 230
AM 279 a 4to (Þingeyrabók) 187, 222
AM 335 4to 188, 230
AM 344 a 4to 188
AM 382 4to 230
AM 383 I 4to 187
AM 396 4to 230
AM 420 c 4to 230
AM 471 4to 230
AM 489 4to 230
AM 529 4to 230
AM 548 4to 230
AM 551 4to 78
AM 551 a 4to 230
AM 551 c 4to 64
AM 556 a 4to 230
AM 556 b 4to 230
AM 561 4to (P) 230, 244, 246, 254, 295
AM 562 a 4to 79
AM 567 XI α 4to 188
AM 567 XVI 4to 188
AM 577 4to 230
AM 596 4to 188
AM 601 a 4to (A¹) 244, 263, 264, 287,
296, 297
AM 604 a–h 4to (Staðarhólsbók rímna,
S) 244, 246, 259–262, 264, 268,
277, 287–291
AM 622 4to 309
AM 625 4to 230
AM 641 4to 223, 230
AM 649 a 4to 230

- AM 651 I 4to 230
 AM 657 c 4to 188, 230
 AM 667 V 4to 309
 AM 667 XI 4to 309
 AM 673 a I 4to 185–186
 AM 673 a II 1 4to 186
 AM 673 a II 2 4to 185
 AM 679 4to 229
 AM 696 XXVII 4to 309
 AM 711 b 4to 309
 AM 748 I b 4to (A) 211
 AM 757 a 4to (B) 211
 AM 1035 I 4to 230
 AM 39 8vo 230
 AM 41 8vo 230
 AM 42 a 8vo 230
 AM 42 b 8vo 230
 AM 43 8vo 230
 AM 48 8vo 230
 AM 50 8vo 230
 AM 55 8vo 230
 AM 82 8vo 309
 AM 84 8vo 230
 AM 104 8vo 309
 AM 431 12mo 309
 AM 432 12mo 230
 AM 435 12mo 230
 AM 456 12mo 230
 AM 458 12mo 230
 AM 461 12mo 230
 AM dipl isl fasc LXV 1 186
 AM Acc 22 (Ó) 244, 246, 268, 290
 KG 30 231
 GKS 1005 fol (Flateyjarbók, F) 66, 189, 207, 208, 230
 GKS 1157 fol (Konungsbók Grágásar, Codex Regius) 10, 187, 229, 309
 GKS 1812 4to 186
 GKS 2365 4to (Konungsbók eddukvæða) 33, 60, 164, 172, 187, 229
 GKS 2367 4to (Konungsbók Snorra Eddu) 211, 212
 GKS 2845 4to (Konungsbók) 199, 230, 249
 GKS 2870 4to 229
 GKS 3268 4to 225, 230
 GKS 3269 b 4to 230
 GKS 3270 4to 230
 GKS 3271 4to 230
 SÁM 1 230
Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Reykjavík:
 Lbs 357 4to 79
 Lbs 936 4to 307
 Lbs 953 4to 309
 Lbs 1489 4to 79
 Lbs 1940 4to (A²) 245, 264, 288
 Lbs 2033 4to 244, 288
 Lbs 3128 4to (A³) 245, 264, 287, 288
 Lbs 4485 4to (C) 245
 Lbs 1197 8vo 309
 Lbs frg 82 (Kringla) 187, 301–307
 JS 434 4to 78
 JS 265 8vo 309
Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík:
 ÞÍ Leyndarskjs I 24 309
 ÞÍ. Skjalasöfn presta og prófaste. Reykholt. AA.2 skjöl varðandi stað og kirkju. Reykholtsmáldagi frumrit 186
Den arnamagnæanske samling, Københavns Universitet, København:
 AM 35–36 & 63 fol 306
 AM 39 fol 229
 AM 45 fol 229
 AM 47 fol (Eirspennill) 208, 229
 AM 53 fol 229
 AM 54 fol 190, 229
 AM 61 fol 229
 AM 62 fol 189, 229
 AM 66 fol 229
 AM 68 fol 229
 AM 75 a fol 229
 AM 75 c fol 229
 AM 75 e 5 fol 230
 AM 81 a fol (Skálholtsbók yngsta) 208, 230
 AM 180 a fol 230
 AM 180 b fol 230
 AM 180 c fol 230
 AM 225 fol 229
 AM 226 fol 229
 AM 228 fol 229

- AM 229 I fol 229
 AM 230 fol 229
 AM 231 I fol 229
 AM 232 fol 229, 309
 AM 233 a fol 229
 AM 234 fol 229, 309
 AM 238 XXIX fol 309
 AM 240 I fol 309
 AM 240 II fol 309
 AM 240 IX fol 229
 AM 240 X fol 309
 AM 240 XI fol 309
 AM 240 XIV fol 309
 AM 242 fol (Wormsbók) 183, 210, 211,
 229
 AM 243 a fol 230
 AM 243 b α fol 229
 AM 243 c fol 230
 AM 243 e fol 230
 AM 243 f fol 230
 AM 243 i fol 230
 AM 243 k fol 230
 AM 243 l fol 230
 AM 302 fol 229
 AM 304 fol 229
 AM 305 fol 229
 AM 307 fol 229
 AM 309 fol 229
 AM 322 fol 229
 AM 323 fol 229
 AM 56 4to 229
 AM 57 4to 229
 AM 58 4to 229
 AM 60 4to 229
 AM 61 a 4to 229
 AM 62 4to 229
 AM 63 4to 229
 AM 65 4to 229
 AM 68 4to 229
 AM 69 4to 229
 AM 71 4to 229
 AM 72 4to 229
 AM 74 4to 229
 AM 78 4to 229
 AM 126 4to 229
 AM 161 4to 230
 AM 291 4to 187, 229
 AM 309 4to 230
 AM 310 4to 229
 AM 325 I 4to 229
 AM 325 II 4to (Ágrip) 186, 229
 AM 325 V 4to 230
 AM 325 VII 4to 187, 229
 AM 325 VIII 4 b 4to 187
 AM 325 X 4to 230
 AM 325 XI 2 e 4to 187
 AM 325 XI 2 m 4to 187
 AM 327 4to 207, 208, 229
 AM 357 4to 230
 AM 468 4to (Reykjabók) 150, 230
 AM 519 a 4to 187, 230
 AM 533 4to 230
 AM 544 4to (Hauksbók) 85
 AM 567 II 4to 230
 AM 567 V 4to 230
 AM 570 a 4to 230
 AM 575 a 4to 190, 230
 AM 580 4to 230
 AM 595 a–b 4to 230
 AM 617 4to 230
 AM 619 4to 96, 229
 AM 621 4to 230
 AM 623 4to 187, 230
 AM 626 4to 230
 AM 633 4to 309
 AM 634 4to 309
 AM 639 4to 230
 AM 645 4to 186, 229
 AM 646 4to 230
 AM 647 4to 230
 AM 652 4to 187, 229
 AM 655 I 4to 186
 AM 655 II 4to 185
 AM 655 III 4to 185
 AM 655 IV 4to 185
 AM 655 V 4to 185
 AM 655 VI 4to 185
 AM 655 VII 4to 186
 AM 655 VIII 4to 186
 AM 655 X 4to 187
 AM 655 XII–XIII 4to 186
 AM 655 XIV 4to 187
 AM 655 XV 4to 187
 AM 655 XVI 4to 187
 AM 655 XVII 4to 187
 AM 655 XIX 4to 186

- AM 655 XXI 4to 187
 AM 655 XXII 4to 187
 AM 655 XXIII 4to 186
 AM 655 XXVIII a 4to 187
 AM 655 XXIX 4to 187
 AM 655 XXX 4to 187
 AM 655 XXXII 4to 230
 AM 656 I 4to 230
 AM 656 II 4to 187
 AM 657 a-b 4to 230
 AM 661 4to 230
 AM 667 X 4to 309
 AM 667 XV 4to 309
 AM 671 4to 230
 AM 672 4to 230
 AM 673 b 4to 185
 AM 674 a 4to 185
 AM 674 b 4to 230
 AM 675 4to 230
 AM 677 4to 186, 229
 AM 678 4to 230
 AM 680 a 4to 229
 AM 681 a 4to 230
 AM 684 4to 230
 AM 685 d 4to 230
 AM 686 b 4to 185
 AM 686 c 4to 185
 AM 688 a 4to 230
 AM 696 II 4to 90
 AM 696 XVII 4to 309
 AM 696 XXIV 4to 185
 AM 748 I a 4to 230
 AM 764 4to 230
 AM 902 a 4to 230
 AM 902 b I 4to 230
 AM 1056 VIII 4to 230
 AM 31 8vo 230
 AM 83 8vo 309
 AM 194 8vo 230, 309
 AM 416 12mo 309
 AM 428 a 12mo 230
 AM 429 12mo 230
 AM 433 c 12mo 230
 AM 434 a 12mo 230
 AM 434 b 12mo 230
- Det kongelige bibliotek, København:*
 GKS 1009 fol (Morkinskinna) 187
 NKS 1640 4to 229
 NKS 1642 4to 230
 NKS 1923 4to 230
 NKS 1924 4to 230
 Kall 613 4to (B) 245, 262-264, 291, 297
 Thott 596 8vo 230
- Rigsarkivet, København:*
 Isl. & Fær. no. 23 309
 Privat arkiver 5943 234
- Riksarkivet, Oslo:*
 NRA 52 186
 NRA 78 309
- Kungliga biblioteket, Stockholm:*
 Sth perg 3 fol (Reykjahólabók) 310
 Sth perg 7 fol 220
 Sth perg 1 4to 310
 Sth perg 2 4to 187
 Sth perg 11 4to 310
 Sth perg 15 4to (Íslenska hómilfubókin)
 185, 186, 290, 310
 Sth perg 18 4to 187
 Sth papp 18 fol 306
 Sth papp 24 4to 310
- Uppsala Universitetsbibliotek, Uppsala:*
 UppsUB DG 11 (Uppsalabók) 209, 211,
 212
- British Library, London:*
 BLAdd 4895 310
- Universiteitsbibliotheek, Rijksuniversiteit te Utrecht:*
 Traj 1374 (Trektarbók) 211

Handritanöfn:

Ágrip, sjá AM 325 II 4to

Codex Regius, sjá Konungsbók eddukvæða

Eirspennill, sjá AM 47 fol

Flateyjarbók, sjá GKS 1005 fol

Hauksbók, sjá AM 544 4to

Íslenska hómiliubókin, sjá Sth perg 15
4to

Konungsbók, sjá GKS 2845 4to

Konungsbók eddukvæða, sjá GKS 2365
4to

Konungsbók Grágásar, sjá GKS 1157 fol

Konungsbók Snorra Eddu, sjá GKS 2367
4to

Kringla, sjá Lbs frg 82

Morkinskinna, sjá GKS 1009 fol

Möðruvallabók, sjá AM 132 fol

Reykjabók, sjá AM 468 4to

Reykholtsmáldagi, sjá ÞÍ. Skjalasöfn
presta og prófasta

Reykjahólabók, sjá Sth perg 3 fol

Reykjarfjarðarbók, sjá AM 122 b fol

Skarðsbók Jónsbókar, sjá AM 350 fol

Skálholtsbók yngsta, sjá AM 81 a fol

Staðarhólsbók Grágásar, sjá AM 334 fol

Staðarhólsbók rímna, sjá AM 604 a–h
4to

Trektarbók, sjá Traj 1374

Uppsala bók, sjá UppsUB DG 11

Wormsbók, sjá AM 242 fol

Þingeyrabók, sjá AM 279 a 4to

